1. Ríkisborgarar samningsríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu samningsríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður, sérstaklega að því er varðar heimilisfesti. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem ekki eru heimilisfastir í öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum.

2. Ríkisfangslausir aðilar heimilisfastir í samningsríki skulu í hvorugu samningsríkinu sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi en ríkisborgarar viðkomandi ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður.

3. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams konar starfsemi með höndum. Þetta ákvæði skal ekki skýra þannig að það skyldi samningsríki til að veita aðilum

tracting State, the first-mentioned State shall allow:

a) as a deduction from the tax on the income of that resident, an amount equal to the income tax paid in that other State;

b) as a deduction from the tax on the capital of that resident, an amount equal to the capital tax paid in that other State.

Such deduction in either case shall not, however, exceed that part of the income tax or capital tax, as computed before the deduction is given, which is attributable, as the case may be, to the income or the capital which may be taxed in that other State.

2. Where in accordance with any provision of the Convention income derived or capital owned by a resident of a Contracting State is exempt from tax in that State, such State may nevertheless, in calculating the amount of tax on the remaining income or capital of such resident, take into account the exempted income or capital.

Article 24
Non-Discrimination

1. Nationals of a Contracting State shall not be subjected in the other Contracting State to any taxation or any requirement connected therewith, which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which nationals of that other State in the same circumstances, in particular with respect to residence, are or may be subjected. This provision shall, notwithstanding the provisions of Article 1, also apply to persons who are not residents of one or both of the Contracting States.

2. Stateless persons who are residents of a Contracting State shall not be subjected in either Contracting State to any taxation or any requirement connected therewith, which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which nationals of the State concerned in the same circumstances are or may be subjected.

3. The taxation on a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State shall not be less favourably levied in that other State than the taxation levied on enterprises of that other State carrying on the same activities. This provision shall not be construed as

heimilisföstum í hinu samningsríkinu nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnanir og lækkun skatta vegna hjúskaparstöðu eða fjölskyldu framfærslu sem það veitir þeim aðilum sem þar eru heimilisfastir.

4. Vextir, þóknanir og aðrar greiðslur, sem fyrirtæki í samningsríki greiðir til aðila heimilisfasts í hinu samningsríkinu skulu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskylds hagnaðar fyrirtækisins með sömu skilyrðum og ef þær hefðu verið greiddar til aðila heimilisfasts í fyrrnefnda ríkinu nema ákvæði 1. mgr. 9. gr., 7. mgr. 11. gr. eða 6. mgr. 12. gr. eigi við. Á sama hátt skulu allar skuldir fyrirtækis í samningsríki við aðila heimilisfastan í hinu samningsríkinu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra tekna fyrirtækisins með sömu skilyrðum og ef til þeirra hefði verið stofnað við aðila heimilisfastan í fyrrnefnda ríkinu.

5. Þótt fjármagn fyrirtækja í samningsríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða undir stjórn eins eða fleiri aðila sem eru heimilisfastir í hinu samningsríkinu skulu þau þó ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum kröfum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar sem heimilisföst eru í fyrrnefnda ríkinu sæta eða unnt er að láta þau sæta.

6. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu ákvæði þessarar greinar gilda um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

25. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Þegar aðili telur að ráðstafanir sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarúrræði sem lög þessara ríkja kveða á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því samningsríki þar sem hann er heimilisfastur eða, falli mál hans undir ákvæði 1. mgr. 24. gr., í því samningsríki þar sem hann á ríkisfang. Mál verður að leggja fyrir innan þriggja ára frá því að fyrsta tilkynningin berst um

obliging a Contracting State to grant to residents of the other Contracting State any personal allowances, reliefs and reductions for taxation purposes on account of civil status or family responsibilities which it grants to its own residents.

4. Except where the provisions of paragraph 1 of Article 9, paragraph 7 of Article 11, or paragraph 6 of Article 12, apply, interest, royalties and other disbursements paid by an enterprise of a Contracting State to a resident of the other Contracting State shall, for the purpose of determining the taxable profits of such enterprise, be deductible under the same conditions as if they had been paid to a resident of the first-mentioned State. Similarly, any debts of an enterprise of a Contracting State to a resident of the other Contracting State shall, for the purpose of determining the taxable capital of such enterprise, be deductible under the same conditions as if they had been contracted to a resident of the first-mentioned State.

5. Enterprises of a Contracting State, the capital of which is wholly or partly owned or controlled, directly or indirectly, by one or more residents of the other Contracting State, shall not be subjected in the first-mentioned State to any taxation or any requirement connected therewith which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which other similar enterprises of the first-mentioned State are or may be subjected.

6. The provisions of this Article shall, notwithstanding the provisions of Article 2, apply to taxes of every kind and description.

Article 25

Mutual Agreement Procedure

1. Where a person considers that the actions of one or both of the Contracting States result or will result for him in taxation not in accordance with the provisions of this Convention, he may, irrespective of the remedies provided by the domestic law of those States, present his case to the competent authority of the Contracting State of which he is a resident or, if his case comes under paragraph 1 of Article 24, to that of the Contracting State of which he is a national. The case must be presented within three years from the first notification of the action resulting in taxation not

aðgerðir sem leiða til skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.

2. Ef hið bæra stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.
3. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samningsins.
4. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta haft beint samband sín á milli, þar á meðal í sameiginlegri nefnd sem skipuð er þeim eða fulltrúum þeirra, í því skyni að ná samkomulagi í samræmi við undanfarandi málsgreinar.

in accordance with the provisions of the Convention.

2. The competent authority shall endeavour, if the objection appears to it to be justified and if it is not itself able to arrive at a satisfactory solution, to resolve the case by mutual agreement with the competent authority of the other Contracting State, with a view to the avoidance of taxation which is not in accordance with the Convention.
3. The competent authorities of the Contracting States shall endeavour to resolve by mutual agreement any difficulties or doubts arising as to the interpretation or application of the Convention.
4. The competent authorities of the Contracting States may communicate with each other directly, including through a joint commission consisting of themselves or their representatives, for the purpose of reaching an agreement in the sense of the preceding paragraphs.

26. gr.
Skipti á upplýsingum.

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum sem máli skipta fyrir framkvæmd ákvæða þessa samnings eða laga samningsríkjanna varðandi skatta sem þessi samningur tekur til að því leyti sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við ákvæði samningsins. Skipti á upplýsingum takmarkast ekki við ákvæði 1. gr. Með allar upplýsingar sem mótteknar eru af samningsríki skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum þess ríkis og skulu eingöngu gerðar kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og stjórnsýsluaðilum) sem hafa með höndum álagningu eða innheimtu á þeim sköttum sem samningurinn tekur til eða fullnustu- eða ákæruvald varðandi þá skatta eða úrskurði um kærur vegna þeirra skatta. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í greindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.
2. Ákvæði 1. mgr. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi skyldur á samningsríki til að:
   a) framkvæma stjórnsýsluráðstafanir sem víkja frá lögum eða stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;

Article 26
Exchange of Information

1. The competent authorities of the Contracting States shall exchange such information as is necessary for carrying out the provisions of this Convention or of the domestic laws of the Contracting States concerning taxes covered by the Convention insofar as the taxation thereunder is not contrary to the Convention. The exchange of information is not restricted by Article 1. Any information received by a Contracting State shall be treated as secret in the same manner as information obtained under the domestic laws of that State and shall be disclosed only to persons or authorities (including courts and administrative bodies) concerned with the assessment or collection of, the enforcement or prosecution in respect of, or the determination of appeals in relation to, the taxes covered by the Convention. Such persons or authorities shall use the information only for such purposes. They may disclose the information in public court proceedings or in judicial decisions.
2. In no case shall the provisions of paragraph 1 be construed so as to impose on a Contracting State the obligation:
   a) to carry out administrative measures at variance with the laws and administrative practice of that or of the other Contracting State;

b) veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða eðlilegum stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
c) veita upplýsingar sem myndu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðiþekkingar eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn almannareglu (ordre public) ef þær væru gerðar opinberar.

b) to supply information which is not obtainable under the laws or in the normal course of the administration of that or of the other Contracting State;
c) to supply information which would disclose any trade, business, industrial, commercial or professional secret or trade process, or information, the disclosure of which would be contrary to public policy (ordre public).

27. gr.
Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisstofnana.

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á skattaívilnanir sem sendiráðsmenn eða starfsmenn ræðisstofnana njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

Article 27
Members of Diplomatic Missions and Consular Posts

Nothing in this Convention shall affect the fiscal privileges of members of diplomatic missions or consular posts under the general rules of international law or under the provisions of special agreements.

28. gr.
Gildistaka.

1. Ríkisstjórnir samningsríkjanna skulu tilkynna hvor annarri um að stjórnskipuleg skilyrði fyrir gildistöku þessa samnings hafi verið uppfyllt.
2. Samningurinn skal öðlast gildi þrjátíu dögum eftir dagsetningu þeirrar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. sem síðar berst og skal ákvæðum hans beitt í samningsríkjunum:

a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, þegar það atvik sem leiðir til þeirra á sér stað 1. janúar eða síðar á því ári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi;
b) að því er varðar aðra skatta, á tekjur sem myndast og á eignir sem til staðar eru, á skattári sem byrjar 1. janúar eða síðar á því ári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi.

Article 28
Entry into Force

1. The Governments of the Contracting States shall notify each other that the constitutional requirements for the entry into force of this Convention have been complied with.
2. The Convention shall enter into force thirty days after the date of the later of the notifications referred to in paragraph 1 and its provisions shall have effect in both Contracting States:
   a) in respect of taxes withheld at source, the fact giving rise to them appearing on or after the first day of January of the year next following the year in which the Convention enters into force;
   b) in respect of other taxes, as to income arising or capital owned in any fiscal year beginning on or after the first day of January in the year next following the year in which the Convention enters into force.

29. gr.
Uppsögn.

Samningur þessi skal gilda þar til honum er sagt upp af samningsríki. Hvort samningsríkjanna um sig getur sagt upp samningnum eftir diplómatískum leiðum með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok hvers almanaksárs. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt í samningsríkjunum:

Article 29
Termination

This Convention shall remain in force until terminated by a Contracting State. Either Contracting State may terminate the Convention, through diplomatic channels, by giving notice of termination in writing at least six months before the end of any calendar year. In such event, the Convention shall cease to have effect in both Contracting States:

a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, þegar það atvik sem leiðir til þeirra á sér stað 1. janúar eða síðar á því ári sem fylgir næst á eftir þeim degi þegar það tímabil sem greinir í framangreindri tilkynningu um uppsögn er liðið;
b) að því er varðar aðra skatta, á tekjur sem myndast og á eignir sem til staðar eru, á skattári sem byrjar 1. janúar eða síðar á því ári sem fylgir næst á eftir þeim degi þegar það tímabil sem greinir í framangreindri tilkynningu um uppsögn er liðið.

a) in respect of taxes withheld at source, the fact giving rise to them appearing on or after the first day of January next following the date on which the period specified in the said notice of termination expires;

b) in respect of other taxes, as to income arising or capital owned in the fiscal year beginning on or after the first day of January next following the date on which the period specified in the said notice of termination expires.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Lissabon hinn 2. ágúst 1999 á íslensku, portúgölsku og ensku og skulu allir textarnir jafngildir. Ef vafi leikur á túlkun samningsins skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands
Geir H. Haarde

Fyrir hönd lýðveldisins Portúgals
António Luciano Pacheco
de Sousa Franco

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done in duplicate at Lisbon on this 2nd day of August, 1999 in the Portuguese, Icelandic and English languages, the three texts being equally authentic. In the case there is any divergence of interpretation, the English text shall prevail.

For the Republic of Iceland
Geir H. Haarde

For the Portuguese Republic
António Luciano Pacheco
de Sousa Franco

BÓKUN

Við undirritun samnings þess sem í dag hefur verið gerður milli lýðveldisins Íslands og lýðveldisins Portúgals til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir hafa undirritaðir orðið ásáttir um eftirfarandi viðbótarákvæði sem skulu vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.

Við 2. gr.

Ef Portúgal leggur á skatt sem sambærilegur er við íslenska eignarskattinn skulu samningsríkin ráðgast sín á milli til að ná samkomulagi um hvort víkka eigi gildissvið samningsins þannig að hann taki einnig til þessa skatts eður ei. Ef Portúgal lýsir því yfir að það geti ekki fellt þennan skatt undir gildissvið samningsins getur Ísland, án tafar og með samskiptum eftir diplómatískum leiðum, fellt úr gildi ii- og iii-liði

PROTOCOL

At the moment of signature of the Convention for the Avoidance of Double Taxation and the Prevention of Fiscal Evasion with respect to Taxes on Income and on Capital concluded this day between the Portuguese Republic and the Republic of Iceland, the undersigned have agreed upon the following additional provisions, which form an integral part of the Convention:

Ad Article 2

Should Portugal introduce a tax comparible to the Icelandic net wealth tax, the Contracting States shall consult each other to reach an agreement on whether or not to extend the scope of the Convention to include this tax. If Portugal declares itself unable to include this tax in the scope of the Convention, Iceland may, without delay and by way of a communication to be sent through diplomatic channels, terminate sub-para-

a-liðar 3. mgr. 2. gr. og kveðið á um að frá og með þeim degi þegar hinn nýi portúgalski skattur er lagður á skuli samningurinn ekki lengur hafa gildi að því er varðar hinn íslenska eignarskatt.

graphs (ii) and (iii) of paragraph 3 a) of Article 2, stipulating that with effect from the date of introduction of the new Portuguese tax the Convention shall cease to have effect in respect of the Icelandic net wealth tax.

Við 10. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. skulu bær stjórnvöld ráðgast sín á milli til að endurskoða skatthlutfall sem kveðið er á um í a-lið 2. mgr. verði skattlagningu í Portúgal breytt til samræmis við skattareglur Evrópubandalagsins, þó að því tilskildu að viðeigandi skatthlutfall skal ekki vera lægra en 5 af hundraði.

2. Hugtakið „ágóðahlutir" skal í Porgúgal taka til tekna sem aflað er með samningi um þátttöku í hagnaði (associação em participação) eins og kveðið er á um í portúgölskum lögum.

Ad Article 10

1. Notwithstanding the provisions of paragraph 2 a), in case of modification of the level of Portuguese taxation in the framework of the European Community tax law, the competent authorities shall consult with each other in order to revise the tax rate laid down in paragraph 2 a), provided, however, that the applicable rate shall not be less than 5 per cent.
2. In the case of Portugal, the term "dividends" shall be understood to include any income derived under an arrangement for participation in profit (associação em participação) as laid down by the Portuguese law.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Gjört í tvíriti í Lissabon hinn 2. ágúst 1999 á íslensku, portúgölsku og ensku og skulu allir textarnir jafngildir. Ef vafi leikur á túlkun bókunarinnar skal enski textinn ráða.

Done in duplicate at Lisbon on this 2nd day of August, 1999 in the Portuguese, Icelandic and English languages, the three texts being equally authentic. In the case there is any divergence of interpretation, the English text shall prevail.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands
Geir H. Haarde

Fyrir hönd lýðveldisins Portúgals
António Luciano Pacheco
de Sousa Franco

For the Republic of Iceland
Geir H. Haarde

For the Portuguese Republic
António Luciano Pacheco
de Sousa Franco

AUGLÝSING

um tvísköttunarsamning við Spán.

Samningur milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Spánar til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, sem gerður var í Madríd 22. janúar 2002, öðlaðist gildi 2. ágúst 2002.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. ágúst 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Spánar til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir.

Lýðveldið Ísland og konungsríkið Spánn,

sem óska að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.
Aðilar sem samningurinn tekur til.

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum samningsríkjunum.

2. gr.
Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi tekur til skatta af tekjum og eignum sem eru lagðir á vegna samningsríkis, sjálfstjórnarhéraða eða sveitarstjórna þess, án tillits til þess á hvern hátt þeir eru á lagðir.

2. Til skatta af tekjum og eignum teljast allir skattar sem lagðir eru á heildartekjur, á heildareignir eða á hluta tekna eða eigna, þar með taldir skattar af hagnaði af sölu lausafjár eða fasteigna, svo og skattar af verðmætisaukningu.

CONVENTION
between the Republic of Iceland and the Kingdom of Spain for the Avoidance of Double Taxation and the Prevention of Fiscal Evasion with Respect to Taxes on Income and on Capital

THE REPUBLIC OF ICELAND and THE KINGDOM OF SPAIN,

DESIRING to conclude a Convention for the avoidance of double taxation and the prevention of fiscal evasion with respect to taxes on income and on capital,

HAVE AGREED as follows:

Article 1
Persons Covered

This Convention shall apply to persons who are residents of one or both of the Contracting States.

Article 2
Taxes Covered

1. This Convention shall apply to taxes on income and on capital imposed on behalf of a Contracting State or of its political subdivisions or local authorities, irrespective of the manner in which they are levied.
2. There shall be regarded as taxes on income and on capital all taxes imposed on total income, on total capital, or on elements of income or of capital, including taxes on gains from the alienation of movable or immovable property, as well as taxes on capital appreciation.

3. Gildandi skattar, sem samningurinn tekur til, eru einkum þessir:
   a) á Íslandi:
      (i) tekjuskattur til ríkisins;
      (ii) eignarskattur til ríkisins;
      (iii) sérstakur eignarskattur til ríkisins; og
      (iv) útsvar til sveitarfélaga;
      (hér eftir nefndir „íslenskur skattur“);
   b) á Spáni:
      (i) tekjuskattur á einstaklinga *(Impuesto sobre la Renta de las Personas Físicas);*
      (ii) tekjuskattur á fyrirtæki *(Impuesto sobre Sociedades);*
      (iii) tekjuskattur á aðila með heimilisfesti erlendis *(Impuesto sobre la Renta de no Residentes);*
      (iv) eignarskattur *(Impuesto sobre el Patrimonio);* og
      (v) tekjuskattar til sveitarfélaga;
      (hér eftir nefndir „spænskur skattur“).
4. Samningurinn skal einnig taka til allra þeirra skatta, sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar, sem lagðir eru á eftir undirritunardag hans til viðbótar við eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu gefa hvort öðru upplýsingar um allar verulegar breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum ríkjanna.

3. gr.
Almennar skilgreiningar.

1. Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:
   a) „Ísland“ merkir lýðveldið Ísland og, þegar notað í landfræðilegum skilningi, landsvæði lýðveldisins Íslands, þar með talið landhelgin og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur samkvæmt þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum, og náttúruauðlindir þeirra;
   b) „Spánn“ merkir spænska ríkið og, þegar notað í landfræðilegum skilningi, landsvæði spænska ríkisins, þar með talið sér-

3. The existing taxes to which the Convention shall apply are in particular:
   a) in Iceland:
      (i) the national income tax (tekjuskattur til ríkisins);
      (ii) the national net wealth tax (eignarskattur til ríkisins);
      (iii) the extraordinary national net wealth tax (sérstakur eignarskattur til ríkisins); and
      (iv) the municipal income tax (útsvar til sveitarfélaga);
      (hereinafter referred to as "Icelandic tax");
   b) in Spain:
      (i) the income tax on individuals *(Impuesto sobre la Renta de las Personas Físicas);*
      (ii) the corporation tax *(Impuesto sobre Sociedades);*
      (iii) the income tax on non-residents *(Impuesto sobre la Renta de no Residentes);*
      (iv) the capital tax *(Impuesto sobre el Patrimonio);* and
      (v) the local taxes on income;
      (hereinafter referred to as "Spanish tax").
4. The Convention shall apply also to any identical or substantially similar taxes, which are imposed after the date of signature of the Convention in addition to, or in place of, the existing taxes. The competent authorities of the Contracting States shall notify each other of any significant changes which have been made in their respective taxation laws.

Article 3
General Definitions

1. For the purposes of this Convention, unless the context otherwise requires:
   a) the term "Iceland" means the Republic of Iceland and, when used in a geographical sense, means the territory of the Republic of Iceland, including its territorial sea, and any area beyond the territorial sea within which Iceland, in accordance with international law, exercises jurisdiction or sovereign rights with respect to the sea bed, its sub-soil and its superjacent waters, and their natural resources;
   b) the term "Spain" means the Spanish State, and when used in a geographical sense, means the territory of the Spanish

hvert það svæði utan landhelginnar þar sem spænska ríkið hefur eða getur haft, í samræmi við þjóðarétt og innlenda löggjöf, lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum, og náttúruauðlindir þeirra;

c) „aðili“ merkir mann, félag og sérhver önnur samtök aðila;

d) „félag“ merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra einingu sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;

e) „fyrirtæki í samningsríki“ og „fyrirtæki í hinu samningsríkinu“ merkja fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í samningsríki, og fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, eftir því sem við á;

f) „samningsríki“ og „hitt samningsríkið“ merkja Ísland eða Spán eftir því sem samhengið gefur til kynna;

g) „flutningar á alþjóðaleiðum“ merkir flutninga með skipi eða loftfari sem rekið er af fyrirtæki sem hefur raunverulega framkvæmdastjórn í samningsríki, nema því aðeins að skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í hinu samningsríkinu;

h) „bært stjórnvald“ merkir:
   (i) á Íslandi, fjármálaráðherra eða fulltrúa hans;

   (ii) á Spáni, fjármálaráðherra eða fulltrúa hans;

i) „ríkisborgari“ merkir:
   (i) hvern þann mann sem á ríkisfang í samningsríki;
   (ii) sérhvern lögaðila, sameignarfélag eða samtök sem byggja réttarstöðu sína sem slík á gildandi lögum samningsríkis.

2. Við framkvæmd samningsríkis á ákvæðum þessa samnings á hverjum tíma skulu öll hugtök sem ekki eru skilgreind í samningnum, nema annað leiði af samhenginu, hafa sömu merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi ríkis að því er varðar þá skatta sem samningurinn tekur til. Sú merking sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigandi

State including any area outside the territorial sea upon which, in accordance with international law and on application of its domestic legislation, the Spanish State exercises or may exercise jurisdiction or sovereign rights with respect to the seabed, its subsoil and superjacent waters, and their natural resources;

c) the term “person” includes an individual, a company and any other body of persons;

d) the term “company” means any body corporate or any entity which is treated as a body corporate for tax purposes;

e) the terms “enterprise of a Contracting State” and “enterprise of the other Contracting State” mean respectively an enterprise carried on by a resident of a Contracting State and an enterprise carried on by a resident of the other Contracting State;

f) the terms “a Contracting State” and “the other Contracting State” mean Iceland or Spain as the context requires;

g) the term “international traffic” means any transport by a ship or aircraft operated by an enterprise that has its place of effective management in a Contracting State, except when the ship or aircraft is operated solely between places in the other Contracting State;

h) the term “competent authority” means:
   (i) in the case of Iceland, the Minister of Finance or his authorised representative;
   (ii) in the case of Spain, the Minister of Finance or his authorised representative;

i) the term “national” means:
   (i) any individual possessing the nationality of a Contracting State;
   (ii) any legal person, partnership or association deriving its status as such from the laws in force in a Contracting State.

2. As regards the application of the Convention at any time by a Contracting State, any term not defined therein shall, unless the context otherwise requires, have the meaning that it has at that time under the law of that State for the purposes of the taxes to which the Convention applies, any meaning under the applicable tax laws of that State prevailing

skattalögum þess ríkis skal ganga framar þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess ríkis.

4. gr.
Heimilisfastur aðili.

1. Í þessum samningi merkir hugtakið „aðili heimilisfastur í samningsríki“ sérhvern þann aðila sem samkvæmt lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna búsetu, heimilisfesti, aðseturs stjórnar eða af öðrum svipuðum ástæðum, og felur einnig í sér það ríki og sjálfstjórnarhéruð eða sveitarstjórnir þess. Hugtakið felur þó ekki í sér neinn þann aðila sem eingöngu er skattskyldur í þessu ríki af tekjum sem eiga uppruna sinn í því ríki eða af eignum sem þar eru staðsettar.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum samningsríkjunum samkvæmt 1. mgr. skal ákvarða stöðu hans með eftirfarandi hætti:

   a) maður telst einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á fast heimili. Eigi maður fast heimili í báðum ríkjunum telst hann einungis heimilisfastur í því ríki sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);

   b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru ríkinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á fast heimili í hvorugu ríkinu, telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann dvelst að jafnaði;

   c) ef maður dvelst að jafnaði í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem hann á ríkisfang;

   d) ef maður á ríkisfang í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra skulu bær stjórnvöld í samningsríkjunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Þegar aðili annar en maður telst eiga heimilisfesti í báðum samningsríkjunum samkvæmt 1. mgr. telst hann einungis heimilisfastur í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur aðsetur.

5. gr.
Föst atvinnustöð.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst

over a meaning given to the term under other laws of that State.

Article 4
Resident

1. For the purposes of this Convention, the term “resident of a Contracting State” means any person who, under the laws of that State, is liable to tax therein by reason of his domicile, residence, place of management or any other criterion of a similar nature, and also includes that State and any political subdivision or local authority thereof. This term, however, does not include any person who is liable to tax in that State in respect only of income from sources in that State or capital situated therein.
2. Where by reason of the provisions of paragraph 1 an individual is a resident of both Contracting States, then his status shall be determined as follows:
   a) he shall be deemed to be a resident only of the State in which he has a permanent home available to him; if he has a permanent home available to him in both States, he shall be deemed to be a resident only of the State with which his personal and economic relations are closer (centre of vital interests);
   b) if the State in which he has his centre of vital interests cannot be determined, or if he has not a permanent home available to him in either State, he shall be deemed to be a resident only of the State in which he has an habitual abode;
   c) if he has an habitual abode in both States or in neither of them, he shall be deemed to be a resident only of the State of which he is a national;
   d) if he is a national of both States or of neither of them, the competent authorities of the Contracting States shall settle the question by mutual agreement.
3. Where by reason of the provisions of paragraph 1 a person other than an individual is a resident of both Contracting States, then it shall be deemed to be a resident only of the State in which its place of effective management is situated.

Article 5
Permanent Establishment

1. For the purposes of this Convention, the term

atvinnustöð“ fasta starfsstöð þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. Hugtakið „föst atvinnustöð“ tekur einkum til:

   a) aðseturs framkvæmdastjórnar;
   b) útibús;
   c) skrifstofu;
   d) verksmiðju;
   e) verkstæðis; og
   f) námu, olíu- eða gaslindar, grjótnámu eða annars staðar þar sem náttúruauðlindir eru nýttar.

3. Byggingarsvæði eða byggingar- eða uppsetningarframkvæmd telst því aðeins föst atvinnustöð að það sé til staðar eða hún standi yfir lengur en tólf mánuði.

4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:

   a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins;
   b) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til geymslu, sýningar eða afhendingar;
   c) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;
   d) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð í sambandi við kaup á vörum eða varningi eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;
   e) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;
   f) fastrar starfsstöðvar sem nýtt er eingöngu til að reka hvers konar starfsemi sem samsett er úr þáttum sem falla undir a- til e-lið, enda felist öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu starfsstöð vegna þessarar samsetningar í undirbúnings- eða aðstoðarstörfum.

5. Ef aðili, sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt ákvæðum 6. mgr., hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild í samningsríki til að gera samninga fyrir fyrirtækið og beitir þessari heimild að jafnaði, telst fyrirtæki þetta - þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. - hafa fasta atvinnustöð í því ríki að því er varðar hvers konar starfsemi sem aðil-

"permanent establishment" means a fixed place of business through which the business of an enterprise is wholly or partly carried on.

2. The term "permanent establishment" includes especially:

   a) a place of management;
   b) a branch;
   c) an office;
   d) a factory;
   e) a workshop; and
   f) a mine, an oil or gas well, a quarry or any other place of extraction of natural resources.

3. A building site or construction or installation project constitutes a permanent establishment only if it lasts more than twelve months.

4. Notwithstanding the preceding provisions of this Article, the term "permanent establishment" shall be deemed not to include:

   a) the use of facilities solely for the purpose of storage, display or delivery of goods or merchandise belonging to the enterprise;
   b) the maintenance of a stock of goods or merchandise belonging to the enterprise solely for the purpose of storage, display or delivery;
   c) the maintenance of a stock of goods or merchandise belonging to the enterprise solely for the purpose of processing by another enterprise;
   d) the maintenance of a fixed place of business solely for the purpose of purchasing goods or merchandise or of collecting information, for the enterprise;
   e) the maintenance of a fixed place of business solely for the purpose of carrying on, for the enterprise, any other activity of a preparatory or auxiliary character;
   f) the maintenance of a fixed place of business solely for any combination of activities mentioned in subparagraphs a) to e), provided that the overall activity of the fixed place of business resulting from this combination is of a preparatory or auxiliary character.

5. Notwithstanding the provisions of paragraphs 1 and 2, where a person - other than an agent of an independent status to whom paragraph 6 applies - is acting on behalf of an enterprise and has, and habitually exercises, in a Contracting State an authority to conclude contracts in the name of the enterprise, that enterprise shall be deemed to have a perma-

inn gegnir fyrir fyrirtækið. Þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. mgr. og sem myndi ekki, þótt innt væri af hendi frá fastri starfsstöð, gera þessa föstu starfsstöð að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þeirrar málsgreinar.

6. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í samningsríki eingöngu vegna þess að það rekur þar viðskipti fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar þeirra.

7. Þótt félag, sem er heimilisfast í samningsríki, stjórni eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í hinu samningsríkinu eða rekur viðskipti í síðarnefnda ríkinu (annaðhvort frá fastri atvinnustöð eða á annan hátt) leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

nent establishment in that State in respect of any activities which that person undertakes for the enterprise, unless the activities of such person are limited to those mentioned in paragraph 4 which, if exercised through a fixed place of business, would not make this fixed place of business a permanent establishment under the provisions of that paragraph.

6. An enterprise shall not be deemed to have a permanent establishment in a Contracting State merely because it carries on business in that State through a broker, general commission agent or any other agent of an independent status, provided that such persons are acting in the ordinary course of their business.

7. The fact that a company which is a resident of a Contracting State controls or is controlled by a company which is a resident of the other Contracting State, or which carries on business in that other State (whether through a permanent establishment or otherwise), shall not of itself constitute either company a permanent establishment of the other.

6. gr.

Tekjur af fasteign.

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði og skógarnytjum) sem staðsett er í hinu samningsríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Hugtakið „fasteign“ skal hafa þá merkingu sem það hefur samkvæmt lögum þess samningsríkis þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttar, afnotarétt af fasteign og rétt til breytilegrar eða fastrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu á eða rétt til hagnýtingar á námum, lindum og öðrum náttúruauðlindum. Skip, bátar og loftför teljast ekki til fasteigna.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.
4. Þegar eignarhald á hlutabréfum eða öðrum

Article 6

Income from Immovable Property

1. Income derived by a resident of a Contracting State from immovable property (including income from agriculture or forestry) situated in the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. The term "immovable property" shall have the meaning which it has under the law of the Contracting State in which the property in question is situated. The term shall in any case include property accessory to immovable property, livestock and equipment used in agriculture and forestry, rights to which the provisions of general law respecting landed property apply, usufruct of immovable property and rights to variable or fixed payments as consideration for the working of, or the right to work, mineral deposits, sources and other natural resources; ships, boats and aircraft shall not be regarded as immovable property.
3. The provisions of paragraph 1 shall apply to income derived from the direct use, letting or use in any other form of immovable property.
4. Where the ownership of shares or other rights

réttindum veitir eiganda slíkra hlutabréfa eða réttinda beint eða óbeint rétt til afnota af fasteign má skattleggja tekjur af beinum afnotum, leigu eða annarri notkun á slíkum afnotarétti í því samningsríki þar sem fasteignin er staðsett.

5. Ákvæði 1., 3. og 4. mgr. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis og um tekjur af fasteign sem hagnýtt er til að veita sjálfstæða persónulega þjónustu.

directly or indirectly entitles the owner of such shares or rights to the enjoyment of immovable property, the income from the direct use, letting or use in any other form of such right to the enjoyment may be taxed in the Contracting State in which the immovable property is situated.

5. The provisions of paragraphs 1, 3 and 4 shall also apply to the income from immovable property of an enterprise and to income from immovable property used for the performance of independent personal services.

7. gr.
Hagnaður af atvinnurekstri.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki skal einungis skattlagður í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíkan atvinnurekstur með höndum má skattleggja hagnað þess í síðarnefnda ríkinu, en þó einungis að því marki sem rekja má hagnaðinn til nefndrar fastrar atvinnustöðvar.
2. Þegar fyrirtæki í samningsríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar skal hvort samningsríki um sig, nema annað leiði af ákvæðum 3. mgr., telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað sem ætla má að komið hefði í hennar hlut ef hún væri sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi að öllu leyti sjálfstætt fram í skiptum við það fyrirtæki sem hún er föst atvinnustöð fyrir.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld sem stofnað er til af hálfu föstu atvinnustöðvarinnar, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og almenna stjórnun, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í samningsríki að ákvarða hagnað sem talinn er fastri atvinnustöð á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins milli hinna ýmsu hluta þess skal ekkert í 2. mgr. útiloka það samningsríki frá því að ákvarða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu sem tíðkast hefur. Aðferð sú, sem notuð er við skiptinguna, skal samt sem áður vera þannig

Article 7
Business Profits

1. The profits of an enterprise of a Contracting State shall be taxable only in that State unless the enterprise carries on business in the other Contracting State through a permanent establishment situated therein. If the enterprise carries on business as aforesaid, the profits of the enterprise may be taxed in the other State but only so much of them as is attributable to that permanent establishment.
2. Subject to the provisions of paragraph 3, where an enterprise of a Contracting State carries on business in the other Contracting State through a permanent establishment situated therein, there shall in each Contracting State be attributed to that permanent establishment the profits which it might be expected to make if it were a distinct and separate enterprise engaged in the same or similar activities under the same or similar conditions and dealing wholly independently with the enterprise of which it is a permanent establishment.
3. In determining the profits of a permanent establishment, there shall be allowed as deductions expenses which are incurred for the purposes of the permanent establishment, including executive and general administrative expenses so incurred, whether in the State in which the permanent establishment is situated or elsewhere.
4. Insofar as it has been customary in a Contracting State to determine the profits to be attributed to a permanent establishment on the basis of an apportionment of the total profits of the enterprise to its various parts, nothing in paragraph 2 shall preclude that Contracting State from determining the profits to be taxed by such an apportionment as may be customary; the method of apportion-

að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur sem felast í þessari grein.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna kaupa hennar á vörum eða varningi fyrir fyrirtækið.

6. Við beitingu ákvæða undanfarandi málsgreina skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema ríkt og fullnægjandi ástæða sé til annars.
7. Þegar hagnaður felur í sér tekjur, sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum þessa samnings, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.
Siglingar og loftferðir.

1. Hagnaður af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem raunverulega framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.
2. Ef aðsetur raunverulegrar framkvæmdastjórnar útgerðarfyrirtækis er um borð í skipi skal hún teljast hafa aðsetur í því samningsríki þar sem heimahöfn skipsins er eða, ef ekki er um slíka heimahöfn að ræða, í því samningsríki þar sem útgerðarmaður skipsins er heimilisfastur.
3. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig eiga við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu („pool"), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

9. gr.
Tengd fyrirtæki.

1. Þegar
   a) fyrirtæki í samningsríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis í hinu samningsríkinu, eða á, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þess, eða
   b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis í samningsríki, svo og fyrirtækis í hinu samningsríkinu, eða eiga, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þeirra,

   og hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða setja í öðru hvoru tilvikinu skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu, sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru óháð hvort öðru, má allur hagnað sem þannig hefur myndast reikna til tekna hjá hvoru þeirra og leggja á þau gjöld í samræmi við þær reglur sem gilda í hvoru samningsríki fyrir sig, að teknu tilliti til annarra ákvæða samningsins.
2. Ef samningsríki hefur í hyggju að leiðrétta hagnað sem hefur myndast hjá fyrirtæki í því ríki og leggja á hann gjöld í samræmi við það sem hefur myndast hjá fyrirtæki í hinu samningsríkinu og hagnaðurinn sem þannig hefur myndast hjá fyrirtæki í fyrra ríkinu hefur verið talinn til tekna hjá fyrirtæki í því ríki og gjöld lögð á hann í samræmi við það, og hagnaðurinn sem þannig hefur verið talinn til tekna er hagnaður sem hefði myndast hjá fyrirtæki í fyrra ríkinu ef skilmálarnir sem gilda milli fyrirtækjanna hefðu verið þeir sem gilda hefðu milli óháðra fyrirtækja, skal hitt ríkið gera viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð gjalda sem lögð hafa verið á hagnaðinn í því ríki. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal taka tillit til annarra ákvæða samningsins og samningsríkin skulu, ef nauðsyn krefur, hafa samráð hvort við annað.

ment adopted shall, however, be such that the result shall be in accordance with the principles contained in this Article.

5. No profits shall be attributed to a permanent establishment by reason of the mere purchase by that permanent establishment of goods or merchandise for the enterprise.
6. For the purposes of the preceding paragraphs, the profits to be attributed to the permanent establishment shall be determined by the same method year by year unless there is good and sufficient reason to the contrary.
7. Where profits include items of income which are dealt with separately in other Articles of this Convention, then the provisions of those Articles shall not be affected by the provisions of this Article.

Article 8
Shipping and Air Transport

1. Profits from the operation of ships or aircraft in international traffic shall be taxable only in the Contracting State in which the place of effective management of the enterprise is situated.
2. If the place of effective management of a shipping enterprise is aboard a ship, then it shall be deemed to be situated in the Contracting State in which the home harbour of the ship is situated, or, if there is no such home harbour, in the Contracting State of which the operator of the ship is a resident.
3. The provisions of paragraph 1 shall also apply to profits from the participation in a pool, a joint business or an international operating agency.

Article 9
Associated Enterprises

1. Where
   a) an enterprise of a Contracting State participates directly or indirectly in the management, control or capital of an enterprise of the other Contracting State, or
   b) the same persons participate directly or indirectly in the management, control or capital of an enterprise of a Contracting State and an enterprise of the other Contracting State,

   and in either case conditions are made or imposed between the two enterprises in their commercial or financial relations which differ from those which would be made between independent enterprises, then any profits

aður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins, en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast til hagnaðar þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

2. Þegar samningsríki telur til hagnaðar fyrirtækis í því ríki - og skattleggur samkvæmt því - hagnað fyrirtækis í hinu samningsríkinu sem hefur verið skattlagður í því ríki, og hagnaðurinn sem þannig er innifalinn er hagnaður sem hefði runnið til fyrirtækisins í fyrrnefnda ríkinu ef skilmálarnir sem samið var um milli þessara tveggja fyrirtækja hefðu verið þeir sömu og samið hefði verið um milli óháðra fyrirtækja, má síðarnefnda ríkið gera viðeigandi leiðréttingu á fjárhæð þess skatts sem lagður er þar á þennan hagnað. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal fullt tillit tekið til annarra ákvæða þessa samnings og bær stjórnvöld samningsríkjanna, ef nauðsyn krefur, ráðgast sín á milli.

which would, but for those conditions, have accrued to one of the enterprises, but, by reason of those conditions, have not so accrued, may be included in the profits of that enterprise and taxed accordingly.

2. Where a Contracting State includes in the profits of an enterprise of that State - and taxes accordingly - profits on which an enterprise of the other Contracting State has been charged to tax in that other State and the profits so included are profits which would have accrued to the enterprise of the first-mentioned State if the conditions made between the two enterprises had been those which would have been made between independent enterprises, then that other State may make an appropriate adjustment to the amount of the tax charged therein on those profits. In determining such adjustment, due regard shall be had to the other provisions of this Convention and the competent authorities of the Contracting States shall if necessary consult each other.

10. gr.
Ágóðahlutir.

1. Ágóðahluti, sem félag heimilisfast í samningsríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Slíka ágóðahluti má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé raunverulegur eigandi ágóðahlutanna heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en:
   a) 5 af hundraði af vergri fjárhæð greiddra ágóðahluta ef raunverulegi eigandinn er félag (sameignarfélag þó undanskilið) sem á að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem ágóðahlutina greiðir;
   b) 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna í öllum öðrum tilvikum.

   Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi setja nánari reglur um framkvæmd þessara takmarkana.

   Þessi málsgrein skal engin áhrif hafa á skattlagningu félagsins að því er varðar þann hagnað sem ágóðahlutirnir eru greiddir af.
3. Hugtakið „ágóðahlutir“ merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum, ágóðahlutaskírteinum eða ágóðahlutaréttindum, námuhlutabréfum,

Article 10
Dividends

1. Dividends paid by a company which is a resident of a Contracting State to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. However, such dividends may also be taxed in the Contracting State of which the company paying the dividends is a resident and according to the laws of that State, but if the beneficial owner of the dividends is a resident of the other Contracting State, the tax so charged shall not exceed:
   a) 5 per cent of the gross amount of the dividends if the beneficial owner is a company (other than a partnership) which holds directly at least 25 per cent of the capital of the company paying the dividends;
   b) 15 per cent of the gross amount of the dividends in all other cases.

   The competent authorities of the Contracting States shall by mutual agreement settle the mode of application of these limitations.

   This paragraph shall not affect the taxation of the company in respect of the profits out of which the dividends are paid.
3. The term "dividends" as used in this Article means income from shares, "jouissance" shares or "jouissance" rights, mining shares,

stofnbréfum eða öðrum réttindum sem ekki eru skuldakröfur er veita rétt til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur af öðrum félagsréttindum sem farið er með við skattlagningu á sama hátt og tekjur af hlutabréfum samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem félagið sem framkvæmir úthlutunina er heimilisfast.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi ágóðahlutanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast, eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

5. Ef félag sem er heimilisfast í samningsríki fær hagnað eða tekjur frá hinu samningsríkinu getur síðarnefnda ríkið ekki skattlagt ágóðahlutina sem félagið greiðir nema að því leyti sem ágóðahlutirnir eru greiddir aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stöð í síðarnefnda ríkinu né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað félagsins. Þetta gildir jafnt þótt ágóðahlutirnir sem greiddir eru eða óúthlutaði hagnaðurinn sé að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

11. gr.
Vextir.

1. Vexti, sem myndast í samningsríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíka vexti má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem vextirnir myndast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé raunverulegur eigandi vaxtanna hins vegar heimilisfastur í hinu samningsríkinu skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en 5 af hundraði af vergri fjárhæð vaxtanna. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi setja nánari reglur um framkvæmd þessarar takmörkunar.

founders´ shares or other rights, not being debt-claims, participating in profits, as well as income from other corporate rights which is subjected to the same taxation treatment as income from shares by the laws of the State of which the company making the distribution is a resident.

4. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply if the beneficial owner of the dividends, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State of which the company paying the dividends is a resident, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the holding in respect of which the dividends are paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

5. Where a company which is a resident of a Contracting State derives profits or income from the other Contracting State, that other State may not impose any tax on the dividends paid by the company, except insofar as such dividends are paid to a resident of that other State or insofar as the holding in respect of which the dividends are paid is effectively connected with a permanent establishment or a fixed base situated in that other State, nor subject the company's undistributed profits to a tax on the company's undistributed profits, even if the dividends paid or the undistributed profits consist wholly or partly of profits or income arising in such other State.

Article 11
Interest

1. Interest arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.

2. However, such interest may also be taxed in the Contracting State in which it arises and according to the laws of that State, but if the beneficial owner of the interest is a resident of the other Contracting State, the tax so charged shall not exceed 5 per cent of the gross amount of the interest. The competent authorities of the Contracting States shall by mutual agreement settle the mode of application of this limitation.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu vextir sem myndast í samningsríki og greiddir eru aðila sem er heimilisfastur í hinu samningsríkinu eingöngu vera skattlagðir í því ríki ef móttakandinn er raunverulegur eigandi vaxtanna og vextirnir eru raunverulega í eigu samningsríkis, sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess.
4. Hugtakið „vextir" merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum hvort sem þær eru tryggðar með veði í fasteign eða ekki og hvort sem þeim fylgir réttur til hlutdeildar í hagnaði skuldunautar eða ekki. Hugtakið tekur sérstaklega til tekna af ríkisverðbréfum og tekna af skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og vinningar tengdir slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum. Dráttarvextir vegna greiðsludráttar teljast ekki vextir samkvæmt þessari grein.
5. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi vaxtanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem vextirnir myndast, eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.
6. Vextir skulu taldir myndast í samningsríki þegar greiðandinn er heimilisfastur í því ríki. Þegar sá aðili, sem vextina greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í samningsríki og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er tengd hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, og vextirnir eru gjaldfærðir hjá hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, skulu þeir þó taldir myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stöð er staðsett.
7. Þegar vaxtafjárhæðin er hærri, miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, en sú vaxtafjárhæð sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir

3. Notwithstanding the provisions of paragraph 2, interest arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State shall be taxable only in that other State if the recipient is the beneficial owner of the interest and the interest is beneficially owned by a Contracting State, a political subdivision or a local authority thereof.
4. The term "interest" as used in this Article means income from debt-claims of every kind, whether or not secured by mortgage and whether or not carrying a right to participate in the debtor's profits, and in particular, income from government securities and income from bonds or debentures, including premiums and prizes attaching to such securities, bonds or debentures. Penalty charges for late payment shall not be regarded as interest for the purpose of this Article.
5. The provisions of paragraphs 1, 2 and 3 shall not apply if the beneficial owner of the interest, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State in which the interest arises, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the debt-claim in respect of which the interest is paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.
6. Interest shall be deemed to arise in a Contracting State when the payer is a resident of that State. Where, however, the person paying the interest, whether he is a resident of a Contracting State or not, has in a Contracting State a permanent establishment or a fixed base in connection with which the indebtedness on which the interest is paid was incurred, and such interest is borne by such permanent establishment or fixed base, then such interest shall be deemed to arise in the State in which the permanent establishment or fixed base is situated.
7. Where, by reason of a special relationship between the payer and the beneficial owner or between both of them and some other person, the amount of the interest, having regard to the debt-claim for which it is paid, exceeds the amount which would have been agreed upon by the payer and the beneficial owner

hendi, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

12. gr.
Þóknanir.

1. Þóknanir, sem myndast í samningsríki og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Slíkar þóknanir má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem þær myndast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé raunverulegur eigandi þóknananna hins vegar heimilisfastur í því ríki skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en 5 af hundraði af vergri fjárhæð þóknananna.
3. Hugtakið „þóknanir" merkir í þessari grein hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til afnota af hvers konar höfundarrétti á verkum á sviði bókmennta, lista eða vísinda, þar með töldum kvikmyndum, filmum, böndum og öðrum mynd- eða hljóðendurgerðum, hvers konar einkaleyfi, vörumerki, mynstri eða líkani, áætlun, leynilegri formúlu eða framleiðsluaðferð, eða fyrir afnot eða rétt til afnota af iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaði, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.
4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi þóknananna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem þóknanirnar myndast, eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og réttindin eða eignin sem þóknanirnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.
5. Þóknanir skulu taldar myndast í samningsríki þegar greiðandinn er heimilisfastur í því ríki. Þegar sá aðili, sem þóknanirnar greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í

in the absence of such relationship, the provisions of this Article shall apply only to the last-mentioned amount. In such case, the excess part of the payments shall remain taxable according to the laws of each Contracting State, due regard being had to the other provisions of this Convention.

Article 12
Royalties

1. Royalties arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. However, such royalties may also be taxed in the Contracting State in which they arise, and according to the laws of that State, but if the beneficial owner of the royalties is a resident of the other Contracting State, the tax so charged shall not exceed 5 per cent of the gross amount of the royalties.
3. The term "royalties" as used in this Article means payments of any kind received as a consideration for the use of, or the right to use, any copyright of literary, artistic or scientific work including cinematograph films or films, tapes, and other means of image or sound reproduction, any patent, trade mark, design or model, plan, secret formula or process, or for the use of, or the right to use, industrial, commercial or scientific equipment, or for information concerning industrial, commercial or scientific experience.
4. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply if the beneficial owner of the royalties, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State in which the royalties arise, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the right or property in respect of which the royalties are paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.
5. Royalties shall be deemed to arise in a Contracting State when the payer is a resident of that State. Where, however, the person paying the royalties, whether he is a resident of a Contracting State or not, has in a

samningsríki og skyldan til að greiða þóknanirnar er tengd hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, og þóknanirnar eru gjaldfærðar hjá hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, skulu þær þó taldar myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stöð er staðsett.

6. Þegar fjárhæð þóknananna er hærri, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem þær eru greiðsla fyrir vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

13. gr.
Söluhagnaður af eignum.

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af sölu fasteignar sem getið er um í 6. gr. og staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stöð sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur til þess að veita sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stöð.

3. Hagnaður, sem hlýst af sölu skipa eða loftfara sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum, eða lausafjár sem tengt er notkun slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.
4. Söluhagnað af hlutabréfum (annarra en þeirra sem skráð eru í viðurkenndri kauphöll) eða öðrum þátttökuréttindum í félagi, ef eignir

Contracting State a permanent establishment or a fixed base in connection with which the liability to pay the royalties was incurred, and those royalties are borne by such permanent establishment or fixed base, then such royalties shall be deemed to arise in the State in which the permanent establishment or fixed base is situated.

6. Where, by reason of a special relationship between the payer and the beneficial owner or between both of them and some other person, the amount of the royalties, having regard to the use, right or information for which they are paid, exceeds the amount which would have been agreed upon by the payer, and the beneficial owner in the absence of such relationship, the provisions of this Article shall apply only to the last-mentioned amount. In such case, the excess part of the payments shall remain taxable according to the laws of each Contracting State, due regard being had to the other provisions of this Convention.

Article 13
Capital Gains

1. Gains derived by a resident of a Contracting State from the alienation of immovable property referred to in Article 6 and situated in the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. Gains from the alienation of movable property forming part of the business property of a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State or of movable property pertaining to a fixed base available to a resident of a Contracting State in the other Contracting State for the purpose of performing independent personal services, including such gains from the alienation of such a permanent establishment (alone or with the whole enterprise) or of such fixed base, may be taxed in that other State.
3. Gains from the alienation of ships or aircraft operated in international traffic, or movable property pertaining to the operation of such ships or aircraft, shall be taxable only in the Contracting State in which the place of effective management of the enterprise is situated.
4. Gains from the alienation of company shares (other than shares listed on an approved stock exchange) or other participation rights in a

félagsins samanstanda, beint eða óbeint, aðallega af fasteignum sem staðsettar eru í samningsríki, má skattleggja í því ríki.

Hagnað af sölu hlutabréfa eða annarra réttinda, sem beint eða óbeint veita eiganda slíkra hlutabréfa eða réttinda afnotarétt af fasteign sem staðsett er í samningsríki, má skattleggja í því ríki.

5. Hagnað af sölu hlutabréfa eða sambærilegra réttinda, sem mynda umtalsverða hlutdeild í eignum fyrirtækis sem hefur heimilisfesti í öðru hvoru samningsríkinu, má skattleggja í því samningsríki. Aðili telst eiga umtalsverðan hlut í fyrirtæki þegar hann á, einn eða með tengdum aðilum, beint eða óbeint, hlutabréf eða önnur réttindi sem samtals eru 25% eða meira af hlutafé fyrirtækisins eða öðrum sambærilegum réttindum í fyrirtækinu, eða á rétt til 25% eða meira af hagnaði fyrirtækisins.

6. Hagnaður, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í undanfarandi málsgreinum þessarar greinar, skal einungis skattlagður í því samningsríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

14. gr.
Sjálfstæð persónuleg þjónusta.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur af sérfræðiþjónustu eða öðru sjálfstæðu starfi, skulu einungis skattlagðar í því ríki nema hann hafi að jafnaði fasta stöð í hinu samningsríkinu til þess að leysa af hendi störf sín. Ef hann hefur slíka fasta stöð má leggja skatt á tekjurnar í hinu ríkinu, en þó einungis á þann hluta þeirra sem rekja má til þessarar föstu stöðvar.

2. Hugtakið „sérfræðiþjónusta“ merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, uppeldis- eða kennslumála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.
Launað starf.

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16., 18. og 19. gr., skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki, nema starfið sé

company, the property of which consists, directly or indirectly, mainly of immovable property situated in a Contracting State, may be taxed in that State.

Gains from the alienation of shares or other rights, which directly or indirectly entitle the owner of such shares or rights to the enjoyment of immovable property situated in a Contracting State, may be taxed in that State.

5. Gains from the alienation of shares or comparable interests forming part of a substantial participation in the capital of an enterprise with its residence in one of the Contracting States, may be taxed in that Contracting State. A person is considered to have a substantial participation when he owns, alone or with associated persons, directly or indirectly, shares or other rights, the totality of which gives the right to 25 per cent or more of the share capital or comparable interest in that company or has the right to 25 per cent or more of the profits of that company.

6. Gains from the alienation of any property other than that referred to in the preceding paragraphs of this Article shall be taxable only in the Contracting State of which the alienator is a resident.

Article 14
Independent Personal Services

1. Income derived by a resident of a Contracting State in respect of professional services or other activities of an independent character shall be taxable only in that State unless he has a fixed base regularly available to him in the other Contracting State for the purpose of performing his activities. If he has such a fixed base, the income may be taxed in the other State but only so much of it as is attributable to that fixed base.

2. The term "professional services" includes especially independent scientific, literary, artistic, educational or teaching activities as well as the independent activities of physicians, lawyers, engineers, architects, dentists and accountants.

Article 15
Dependent Personal Services

1. Subject to the provisions of Articles 16, 18 and 19, salaries, wages and other similar remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment shall be taxable only in that State unless

leyst af hendi í hinu samningsríkinu. Ef starfið er leyst þar af hendi má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í hinu samningsríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef:

   a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili sem hefst eða lýkur á viðkomandi skattári, og

   b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu, og
   c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stöð sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu.
3. Þrátt fyrir undanfarandi ákvæði þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir starf unnið um borð í skipi eða loftfari sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum í því samningsríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

16. gr.
Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir setu í stjórn í félagi sem heimilisfast er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.
Listamenn og íþróttamenn.

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja tekjur aðila heimilisfasts í samningsríki sem hann aflar í hinu samningsríkinu með persónulegum störfum sem skemmtikraftur, svo sem leikari í leikhúsi eða kvikmyndum, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi, eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.
2. Þegar tekjur af persónulegu starfi, sem leyst er af hendi af skemmtikrafti eða íþróttamanni sem slíkum, renna ekki til skemmtikraftsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7., 14. eða 15. gr., skattleggja tekjurnar í því samningsríki þar

the employment is exercised in the other Contracting State. If the employment is so exercised, such remuneration as is derived therefrom may be taxed in that other State.

2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1, remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment exercised in the other Contracting State shall be taxable only in the first-mentioned State if:
   a) the recipient is present in the other State for a period or periods not exceeding in the aggregate 183 days in any twelve month period commencing or ending in the fiscal year concerned, and
   b) the remuneration is paid by, or on behalf of, an employer who is not a resident of the other State, and
   c) the remuneration is not borne by a permanent establishment or a fixed base which the employer has in the other State.
3. Notwithstanding the preceding provisions of this Article, remuneration derived in respect of an employment exercised aboard a ship or aircraft operated in international traffic, may be taxed in the Contracting State in which the place of effective management of the enterprise is situated.

Article 16
Directors' Fees

Directors' fees and other similar payments derived by a resident of a Contracting State in his capacity as a member of the board of directors of a company which is a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.

Article 17
Artistes and Sportsmen

1. Notwithstanding the provisions of Articles 14 and 15, income derived by a resident of a Contracting State as an entertainer, such as a theatre, motion picture, radio or television artiste, or a musician, or as a sportsman, from his personal activities as such exercised in the other Contracting State, may be taxed in that other State.
2. Where income in respect of personal activities exercised by an entertainer or a sportsman in his capacity as such accrues not to the entertainer or sportsman himself but to another person, that income may, notwithstanding the provisions of Articles 7, 14 and

sem starfsemi skemmtikraftsins eða íþróttamannsins fer fram.

18. gr.
Eftirlaun.

Með þeim undantekningum sem um ræðir í 2. mgr. 19. gr. skulu eftirlaun og annað svipað endurgjald sem greitt er aðila heimilisföstum í samningsríki vegna fyrri starfa hans einungis skattlögð í því ríki.

19. gr.
Opinbert starf.

1. a) Starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, að undanskildum eftirlaunum, sem greidd eru af samningsríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar, skulu einungis skattlögð í því ríki.
   b) Slík starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef starfið er leyst þar af hendi og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:
      (i) er ríkisborgari þess ríkis; eða
      (ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.
2. a) Eftirlaun, sem greidd eru af eða úr sjóðum stofnuðum af samningsríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar, skulu einungis skattlögð í því ríki.
   b) Slík eftirlaun skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef maðurinn er heimilisfastur þar og er jafnframt ríkisborgari þess ríkis.
3. Ákvæði 15., 16., 17. og 18. gr. skulu gilda um starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald og um eftirlaun sem greidd eru fyrir störf leyst af hendi í tengslum við atvinnurekstur á vegum samningsríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess.

20. gr.
Námsmenn.

Námsmaður eða starfsnemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til samningsríkis heimilis-

15, be taxed in the Contracting State in which the activities of the entertainer or sportsman are exercised.

Article 18
Pensions

Subject to the provisions of paragraph 2 of Article 19, pensions and other similar remuneration paid to a resident of a Contracting State in consideration of past employment shall be taxable only in that State.

Article 19
Government Service

1. a) Salaries, wages and other similar remuneration, other than a pension, paid by a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof to an individual in respect of services rendered to that State or subdivision or authority shall be taxable only in that State.

   b) However, such salaries, wages and other similar remuneration shall be taxable only in the other Contracting State if the services are rendered in that State and the individual is a resident of that State who:
      (i) is a national of that State; or
      (ii) did not become a resident of that State solely for the purpose of rendering the services.
2. a) Any pension paid by, or out of funds created by, a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof to an individual in respect of services rendered to that State or subdivision or authority shall be taxable only in that State.
   b) However, such pension shall be taxable only in the other Contracting State if the individual is a resident of, and a national of, that State.
3. The provisions of Articles 15, 16, 17, and 18 shall apply to salaries, wages and other similar remuneration, and to pensions, in respect of services rendered in connection with a business carried on by a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof.

Article 20
Students

Payments which a student or business apprentice who is or was immediately before visiting a

fastur í hinu samningsríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal undanþeginn skattlagningu í því ríki á greiðslur sem hann fær til að standa straum af kostnaði við framfærslu sína, nám eða þjálfun, enda stafi slíkar greiðslur frá aðilum utan þess ríkis.

21. gr.
Aðrar tekjur.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki aflar og ekki er fjallað um í fyrri greinum þessa samnings, skulu einungis skattlagðar í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.
2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um tekjur, að undanskildum tekjum af fasteign eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 6. gr., ef viðtakandi teknanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð sem þar er staðsett eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu ríkinu frá fastri stöð sem þar er staðsett, og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

22. gr.
Eignir.

1. Eign, sem fólgin er í fasteign sem getið er í 6. gr. sem er í eigu aðila heimilisfasts í samningsríki og staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Eign, sem samanstendur af hlutabréfum, réttindum eða sambærilegum hagsmunum í félagi, öðrum lögaðila eða sameignarfélagi, ef eignir þess eru aðallega fasteignir eða réttindi tengd fasteignum sem eru staðsettar í samningsríki eða hlutabréf eða önnur réttindi sem veita eiganda þeirra rétt til afnota af fasteign sem staðsett er í samningsríki, má skattleggja í því samningsríki þar sem fasteignin er staðsett.
3. Eign, sem fólgin er í lausafé sem er hluti atvinnurekstrareigna fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu eða í lausafé sem tilheyrir fastri stöð sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur til þess að veita sjálfstæða per-

Contracting State a resident of the other Contracting State and who is present in the first-mentioned State solely for the purpose of his education or training receives for the purpose of his maintenance, education or training shall not be taxed in that State, provided that such payments arise from sources outside that State.

Article 21
Other Income

1. Items of income of a resident of a Contracting State, wherever arising, not dealt with in the foregoing Articles of this Convention shall be taxable only in that State.

2. The provisions of paragraph 1 shall not apply to income, other than income from immovable property as defined in paragraph 2 of Article 6, if the recipient of such income, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the right or property in respect of which the income is paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

Article 22
Capital

1. Capital represented by immovable property referred to in Article 6, owned by a resident of a Contracting State and situated in the other Contracting State, may be taxed in that other State.
2. Capital constituted by shares, rights or comparable interest in a company, in any other legal person or in a partnership, the assets of which consist principally of, or of rights in, immovable property situated in a Contracting State or by shares or other rights which entitle its owner to a right of enjoyment of immovable property situated in a Contracting State, may be taxed in the Contracting State in which the immovable property is situated.
3. Capital represented by movable property forming part of the business property of a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State or by movable property pertaining to a fixed base available to a resident

sónulega þjónustu í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

4. Eign, sem samanstendur af hlutabréfum eða sambærilegum réttindum sem mynda umtalsverða hlutdeild í heildareignum fyrirtækis sem hefur heimilisfesti í öðru hvoru samningsríkinu, má skattleggja í því ríki. Aðili er talinn eiga umtalsverða hlutdeild þegar hann á, einn eða með tengdum aðilum, beint eða óbeint, 25% eða meira af hlutafé eða sambærilegum réttindum í því fyrirtæki eða á rétt til 25% eða meira í hagnaði þess fyrirtækis.

5. Eign, sem fólgin er í skipum eða loftförum sem notuð eru í flutningum á alþjóðaleiðum, svo og í lausafé sem tengt er rekstri slíkra skipa og loftfara, skal einungis skattlögð í því samningsríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

6. Allar aðrar eignir aðila heimilisfasts í samningsríki skulu einungis skattlagðar í því ríki.

23. gr.

Aðferðir til að komast hjá tvísköttun.

Í samræmi við ákvæði og með fyrirvara um takmarkanir löggjafar samningsríkjanna (eins og henni kann að verða breytt á hverjum tíma án þess þó að meginreglum hennar sé breytt):

a) Þegar aðili heimilisfastur í samningsríki hefur tekjur eða á eignir, sem samkvæmt ákvæðum þessa samnings má skattleggja í hinu samningsríkinu, skal fyrrnefnda ríkið heimila:

   (i) að dregin sé frá tekjuskatti þessa heimilisfasta aðila fjárhæð sem svarar til þess tekjuskatts sem greiddur hefur verið í hinu samningsríkinu;

   (ii) að dregin sé frá eignarskatti þessa heimilisfasta aðila fjárhæð sem svarar til þess eignarskatts sem greiddur hefur verið í hinu samningsríkinu;

   (iii) frádrátt vegna „reiknaðs“ tekjuskatts á fyrirtæki í samræmi við innlenda löggjöf í hvoru samningsríki fyrir sig.

   Frádráttur þessi skal þó ekki vera hærri en sá hluti tekjuskattsins eða eignarskattsins, reikn-

of a Contracting State in the other Contracting State for the purpose of performing independent personal services, may be taxed in that other State.

4. Capital constituted by shares or comparable interests forming part of a substantial participation in the capital of a company which is resident in one of the States, may be taxed in that State. A person is considered to have a substantial participation when he owns, alone or with associated persons, directly or indirectly, 25 per cent or more of the share capital or comparable interests in that company or has the right to 25 per cent or more of the profits of that company.

5. Capital represented by ships and aircraft operated in international traffic and by movable property pertaining to the operation of such ships and aircraft, shall be taxable only in the Contracting State in which the place of effective management of the enterprise is situated.

6. All other elements of capital of a resident of a Contracting State shall be taxable only in that State.

Article 23

Elimination of Double Taxation

In accordance with the provisions and subject to the limitations of the laws of the Contracting States (as may be amended from time to time without changing the general principle thereof):

a) Where a resident of a Contracting State derives income or owns elements of capital which, in accordance with the provisions of this Convention, may be taxed in the other Contracting State, the first-mentioned State shall allow:

   (i) as a deduction from the tax on the income of that resident, an amount equal to the income tax paid in the other Contracting State;

   (ii) as a deduction from the tax on the capital of that resident, an amount equal to the capital tax paid in the other Contracting State on the elements of capital;

   (iii) the deduction of the underlying corporation tax shall be given in accordance with the internal legislation of each of the Contracting States.

   Such deduction shall not, however, exceed that part of the income tax or capital tax, as

aður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á þær tekjur eða þær eignir, eftir því sem við á, sem skattleggja má í hinu samningsríkinu.

b) Þegar aðili heimilisfastur í samningsríki hefur tekjur eða á eignir, sem eru undanþegnar skattlagningu í því ríki samkvæmt ákvæðum samningsins, er því ríki þó heimilt við ákvörðun skatta á aðrar tekjur eða eignir þessa heimilisfasta aðila að taka tillit til þeirra tekna eða eigna sem undanþegnar eru skattlagningu.

24. gr.

Bann við mismunun.

1. Ríkisborgarar samningsríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu samningsríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður, sérstaklega að því er varðar heimilisfesti. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem ekki eru heimilisfastir í öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum.

2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams konar starfsemi með höndum. Þetta ákvæði skal ekki skýra þannig að það skyldi samningsríki til að veita aðilum heimilisföstum í hinu samningsríkinu nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnanir og lækkun skatta vegna hjúskaparstöðu eða fjölskyldu framfærslu sem það veitir þeim aðilum sem þar eru heimilisfastir.

3. Vextir, þóknanir og aðrar greiðslur, sem fyrirtæki í samningsríki greiðir til aðila heimilisfasts í hinu samningsríkinu, skulu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskylds hagnaðar fyrirtækisins með sömu skilyrðum og ef þær hefðu verið greiddar til aðila heimilisfasts í fyrrnefnda ríkinu nema ákvæði 1. mgr. 9. gr., 7. mgr. 11. gr. eða 6. mgr. 12. gr. eigi við. Á sama hátt skulu allar skuldir fyrirtækis í samningsríki við aðila heimilisfastan í hinu samningsríkinu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra eigna fyrirtækisins

computed before the deduction is given, which is attributable, as the case may be, to the income or the same elements of capital which may be taxed in the other Contracting State.

b) Where in accordance with any provision of the Convention income derived or capital owned by a resident of a Contracting State is exempt from tax in that State, that State may nevertheless, in calculating the amount of tax on the remaining income or capital of such resident, take into account the exempted income or capital.

Article 24

Non-Discrimination

1. Nationals of a Contracting State shall not be subjected in the other Contracting State to any taxation or any requirement connected therewith, which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which nationals of that other State in the same circumstances, in particular with respect to residence, are or may be subjected. This provision shall, notwithstanding the provisions of Article 1, also apply to persons who are not residents of one or both of the Contracting States.

2. The taxation on a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State shall not be less favourably levied in that other State than the taxation levied on enterprises of that other State carrying on the same activities. This provision shall not be construed as obliging a Contracting State to grant to residents of the other Contracting State any personal allowances, reliefs and reductions for taxation purposes on account of civil status or family responsibilities which it grants to its own residents.

3. Except where the provisions of paragraph 1 of Article 9, paragraph 7 of Article 11, or paragraph 6 of Article 12, apply, interest, royalties and other disbursements paid by an enterprise of a Contracting State to a resident of the other Contracting State shall, for the purpose of determining the taxable profits of such enterprise, be deductible under the same conditions as if they had been paid to a resident of the first-mentioned State. Similarly, any debts of an enterprise of a Contracting State to a resident of the other Contracting

með sömu skilyrðum og ef til þeirra hefði verið stofnað við aðila heimilisfastan í fyrrnefnda ríkinu.

4. Þótt fjármagn fyrirtækja í samningsríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða undir stjórn eins eða fleiri aðila sem eru heimilisfastir í hinu samningsríkinu skulu þau þó ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum kröfum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar sem heimilisföst eru í fyrrnefnda ríkinu sæta eða unnt er að láta þau sæta.

5. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu ákvæði þessarar greinar gilda um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

25. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Þegar aðili telur að ráðstafanir sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarúrræði sem lög þessara ríkja kveða á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því samningsríki þar sem hann er heimilisfastur eða, falli mál hans undir ákvæði 1. mgr. 24. gr., í því samningsríki þar sem hann á ríkisfang. Mál verður að leggja fyrir innan þriggja ára frá því að fyrsta tilkynningin berst um aðgerðir sem leiða til skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.
2. Ef hið bæra stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda óháð öllum tímatakmörkunum sem í gildi eru samkvæmt lögum samningsríkjanna.

3. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samningsins. Þau geta einnig ráðgast sín á milli í því skyni að kom-

State shall, for the purpose of determining the taxable capital of such enterprise, be deductible under the same conditions as if they had been contracted to a resident of the first-mentioned State.

4. Enterprises of a Contracting State, the capital of which is wholly or partly owned or controlled, directly or indirectly, by one or more residents of the other Contracting State, shall not be subjected in the first-mentioned State to any taxation or any requirement connected therewith which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which other similar enterprises of the first-mentioned State are or may be subjected.
5. The provisions of this Article shall, notwithstanding the provisions of Article 2, apply to taxes of every kind and description.

Article 25

Mutual Agreement Procedure

1. Where a person considers that the actions of one or both of the Contracting States result or will result for him in taxation not in accordance with the provisions of this Convention, he may, irrespective of the remedies provided by the domestic law of those States, present his case to the competent authority of the Contracting State of which he is a resident or, if his case comes under paragraph 1 of Article 24, to that of the Contracting State of which he is a national. The case must be presented within three years from the first notification of the action resulting in taxation not in accordance with the provisions of the Convention.
2. The competent authority shall endeavour, if the objection appears to it to be justified and if it is not itself able to arrive at a satisfactory solution, to resolve the case by mutual agreement with the competent authority of the other Contracting State, with a view to the avoidance of taxation which is not in accordance with the Convention. Any agreement reached shall be implemented notwithstanding any time limits in the domestic law of the Contracting States.
3. The competent authorities of the Contracting States shall endeavour to resolve by mutual agreement any difficulties or doubts arising as to the interpretation or application of the Convention. They may also consult together

ast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum.

4. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að ná samkomulagi í samræmi við undanfarandi málsgreinar.

26. gr.

Skipti á upplýsingum.

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum sem máli skipta fyrir framkvæmd ákvæða þessa samnings eða laga samningsríkjanna varðandi skatta sem þessi samningur tekur til að því leyti sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við ákvæði samningsins. Skipti á upplýsingum takmarkast ekki við ákvæði 1. gr. Með allar upplýsingar sem mótteknar eru af samningsríki skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum þess ríkis og skulu eingöngu gerðar kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og stjórnsýsluaðilum) sem hafa með höndum álagningu eða innheimtu á þeim sköttum sem samningurinn tekur til eða fullnustu- eða ákæruvald varðandi þá skatta eða úrskurði um kærur vegna þeirra skatta. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í greindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.
2. Ákvæði 1. mgr. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi skyldur á samningsríki til að:
   a) framkvæma stjórnsýsluráðstafanir sem víkja frá lögum eða stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
   b) veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða eðlilegum stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
   c) veita upplýsingar sem myndu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðiþekkingar eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn almannareglu (ordre public) ef þær væru gerðar opinberar.

for the elimination of double taxation in cases not provided for in the Convention.

4. The competent authorities of the Contracting States may communicate with each other directly for the purpose of reaching an agreement in the sense of the preceding paragraphs.

Article 26

Exchange of Information

1. The competent authorities of the Contracting States shall exchange such information as is necessary for carrying out the provisions of this Convention or of the domestic laws of the Contracting States concerning taxes covered by the Convention insofar as the taxation thereunder is not contrary to the Convention. The exchange of information is not restricted by Article 1. Any information received by a Contracting State shall be treated as secret in the same manner as information obtained under the domestic laws of that State and shall be disclosed only to persons or authorities (including courts and administrative bodies) concerned with the assessment or collection of, the enforcement or prosecution in respect of, or the determination of appeals in relation to, the taxes covered by the Convention. Such persons or authorities shall use the information only for such purposes. They may disclose the information in public court proceedings or in judicial decisions.
2. In no case shall the provisions of paragraph 1 be construed so as to impose on a Contracting State the obligation:
   a) to carry out administrative measures at variance with the laws and administrative practice of that or of the other Contracting State;
   b) to supply information which is not obtainable under the laws or in the normal course of the administration of that or of the other Contracting State;
   c) to supply information which would disclose any trade, business, industrial, commercial or professional secret or trade process, or information, the disclosure of which would be contrary to public policy (ordre public).

27. gr.
Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisstofnana.

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á skattaívilnanir sem sendiráðsmenn eða starfsmenn ræðisstofnana njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

28. gr.
Gildistaka.

1. Ríkisstjórnir samningsríkjanna skulu tilkynna hvor annarri um að innlendri málsmeðferð, sem nauðsynleg er vegna gildistöku þessa samnings samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig, sé lokið. Samningurinn skal öðlast gildi á móttökudegi þeirrar tilkynningar sem síðar berst.
2. Ákvæði þessa samnings skulu koma til framkvæmda:
   a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, varðandi þær upphæðir sem hafa verið greiddar eða veittur skattafrádráttur gagnvart hinn 1. janúar eða síðar á því ári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi; og
   b) að því er varðar aðra skatta, á skattári sem byrjar 1. janúar eða síðar á því ári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningurinn öðlast gildi.

29. gr.
Uppsögn.

1. Samningur þessi skal gilda þar til honum er sagt upp af samningsríki. Hvort samningsríkjanna um sig getur sagt upp samningnum eftir diplómatískum leiðum með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok hvers almanaksárs að loknu 5 ára tímabili eftir gildistöku samningsins.

2. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt:

   a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta af upphæðum sem eru greiddar eða veittur frádráttur gagnvart eftir lok þess almanaksárs þegar framangreind tilkynning er gefin; og
   b) að því er varðar aðra skatta, á skattári sem byrjar næst á eftir því almanaksári þegar tilkynnt er um uppsögn.

Article 27
Members of Diplomatic Missions and Consular Posts

Nothing in this Convention shall affect the fiscal privileges of members of diplomatic missions or consular posts under the general rules of international law or under the provisions of special agreements.

Article 28
Entry into Force

1. The Governments of the Contracting States shall notify each other that the internal procedures required by the law of each Contracting State for the entry into force of this Convention have been complied with. The Convention shall enter into force on the date of receipt of the later of these notifications.
2. The provisions of the Convention shall have effect:
   a) with regard to taxes withheld at source, in respect of amounts paid or credited on or after the first day of January next following the date upon which the Convention enters into force; and

   b) with regard to other taxes, in respect of taxable years beginning on or after the first day of January next following the date upon which the Convention enters into force.

Article 29
Termination

1. This Convention shall remain in force until terminated by a Contracting State. Either Contracting State may terminate this Convention, through the diplomatic channel, by giving written notice of termination at least six months before the end of any calendar year after the period of five years from the date on which the Convention enters into force.
2. In such event, the Convention shall cease to have effect:
   a) with regard to taxes withheld at source, in respect of amounts paid or credited after the end of the calendar year in which such notice is given; and

   b) with regard to other taxes, in respect of taxable years beginning after the end of the calendar year in which such notice is given.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Madríd hinn 22. janúar 2002 á íslensku, spænsku og ensku og skulu allir textarnir jafngildir. Ef upp kemur ágreiningur um túlkun samningsins skal hann leystur í samræmi við enska textann.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands
Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

Fyrir hönd konungsríkisins Spánar
Josep Piqué i Camps
utanríkisráðherra

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorized thereto, have signed this Convention.

Done in duplicate at Madrid on this 22nd day of January 2002 in the Icelandic, Spanish and English languages, all texts being equally authentic. In case of any divergence of interpretation, it shall be resolved in accordance with the English text.

For the Republic of Iceland
Halldór Ásgrímsson
Minister for Foreign Affairs

For the Kingdom of Spain
Josep Piqué i Camps
Minister of Foreign Affairs

BÓKUN

Við undirritun samnings milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Spánar til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir hafa undirritaðir orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði sem skulu vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.

I. Við 3. mgr. 10. gr.
Það er sameiginlegur skilningur samningsaðila að hugtakið „arður“ nái til hagnaðar við upplausn félags.

II. Með vísan til 10., 11., 12. og 13. gr. er það sameiginlegur skilningur samningsaðila að:

a) Þrátt fyrir ákvæði þessa samnings skal félag, sem er heimilisfast í samningsríki þar sem hluthafar að meira en 50% af hlutafé beint eða óbeint eru aðilar sem ekki eru heimilisfastir í því ríki, ekki eiga rétt á þeim ívilnunum sem samningurinn veitir varðandi arð, vexti, þóknanir og söluhagnað sem er upprunninn í hinu samningsríkinu. Þetta ákvæði á ekki við ef fyrrnefnt félag stundar veruleg viðskipti, önnur en eignarhald á hlutabréfum eða eignum, í því samningsríki þar sem það hefur heimilisfesti.

b) Félag, sem samkvæmt undanfarandi lið ætti ekki rétt á ívilnunum samkvæmt

PROTOCOL

At the moment of signing the Convention between the Republic of Iceland and the Kingdom of Spain for the avoidance of double taxation and the prevention of fiscal evasion with respect to taxes on income and on capital, the undersigned have agreed upon the following provisions which shall be an integral part of the Convention.

I. Ad Article 10, paragraph 3
It is understood that the term "dividends" includes profits on the liquidation of a company.

II. With reference to Articles 10, 11, 12 and 13, it is understood that:

a) Notwithstanding the provisions of this Convention, a company resident in a Contracting State in which persons who are not residents of that State hold, directly or indirectly, a participation of more than 50 per cent of the share capital, shall not be entitled to the reliefs or benefits provided for by the Convention in respect of dividends, interest, royalties and capital gains arising in the other Contracting State. This provision shall not apply where the said company is engaged in substantive business operations, other than the mere holding of shares or property, in the Contracting State of which it is a resident.

b) A company which under the preceding subparagraph would not be entitled to the

samningnum varðandi fyrrgreindar tekjur, getur samt sem áður öðlast slíkar ívilnanir ef bær stjórnvöld samningsríkjanna koma sér saman um á grundvelli 25. gr. samningsins að stofnun félagsins og starfsemi þess sé byggð á traustum viðskiptalegum grunni og það hafi ekki að meginmarkmiði að öðlast slíkar ívilnanir.

III. Við 24. gr.

Það er sameiginlegur skilningur samningsaðila að ákvæði 24. gr. hindri ekki samningsríki í því að beita innlendri löggjöf um lága eiginfjármögnun.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í tvíriti í Madríd hinn 22. janúar 2002 á íslensku, spænsku og ensku og skulu allir textarnir jafngildir. Ef upp kemur ágreiningur um túlkun bókunarinnar skal hann leystur í samræmi við enska textann.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands
Halldór Ásgrímsson
utanríkisráðherra

Fyrir hönd konungsríkisins Spánar
Josep Piqué i Camps
utanríkisráðherra

reliefs or benefits of the Convention in respect of the afore-mentioned items of income, may still be granted such benefits if the competent authorities of the Contracting States agree under Article 25 of the Convention that the establishment of the company and the conduct of its operations are founded on sound business reasons and thus do not have as a primary purpose the obtaining of such benefits.

III. Ad Article 24

It is understood that the provisions of Article 24 shall not prevent the application by a Contracting State of its domestic law concerning thin capitalisation.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, duly authorised thereto, have signed this Protocol.

DONE in duplicate at Madrid on this 22nd day of January 2002 in the Icelandic, Spanish and English languages, all texts being equally authentic. In case of any divergence of interpretation, it shall be resolved in accordance with the English text.

For the Republic of Iceland
Halldór Ásgrímsson
Minister for Foreign Affairs

For the Kingdom of Spain
Josep Piqué i Camps
Minister of Foreign Affairs

Nr. 4 31. desember 2002

AUGLÝSING

um tvísköttunarsamning við Grænland.

Samningur milli Íslands og Grænlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, sem gerður var í Nuuk 5. júlí 2002, öðlaðist gildi 23. desember 2002.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Grænlands til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir.

Ísland og Grænland, sem óska að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

1. gr.
Aðilar sem samningurinn tekur til.

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum samningslöndunum.

2. gr.
Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi tekur til skatta af tekjum og eignum sem eru lagðir á fyrir hönd samningslands, sjálfstjórnarhéraða eða sveitarstjórna þess, án tillits til þess á hvern hátt þeir eru á lagðir.
2. Til skatta af tekjum og eignum teljast allir skattar sem lagðir eru á heildartekjur, á heildareignir eða á hluta tekna eða eigna, þar með taldir skattar af hagnaði af sölu lausafjár eða fasteigna, svo og skattar af verðmætisaukningu.
3. Gildandi skattar, sem samningurinn tekur til, eru einkum þessir:
   a) á Íslandi:
      i) tekjuskattar ríkissjóðs;
      ii) eignarskattar ríkissjóðs; og
      iii) útsvar sveitarfélaga;

      (hér á eftir nefndir „íslenskur skattur“);

   b) á Grænlandi:
      i) heimastjórnarskattur *(nuna tamakkerlugu akileraarut)*;
      ii) sérstakur heimastjórnarskattur *(nuna tamakkerlugu akileraarut immikkut ittoq)*;
      iii) útsvar sveitarfélaga *(kommuninut akileraarut)*;

CONVENTION
between Iceland and Greenland for the Avoidance of Double Taxation and the Prevention of Fiscal Evasion with Respect to Taxes on Income and on Capital.

Iceland and Greenland, desiring to conclude a Convention for the avoidance of double taxation and the prevention of fiscal evasion with respect to taxes on income and on capital,

HAVE AGREED as follows:

Article 1
Persons Covered

This Convention shall apply to persons who are residents of one or both of the Contracting Countries.

Article 2
Taxes Covered

1. This Convention shall apply to taxes on income and on capital imposed on behalf of a Contracting Country or of its political subdivisions or local authorities, irrespective of the manner in which they are levied.
2. There shall be regarded as taxes on income and on capital all taxes imposed on total income, on total capital, or on elements of income or of capital, including taxes on gains from the alienation of movable or immovable property, as well as taxes on capital appreciation.
3. The existing taxes to which the Convention shall apply are in particular:
   a) In Iceland:
      (i) the income taxes to the central government *(tekjuskattar ríkissjóðs)*;
      (ii) the net wealth taxes to the central government *(eignarskattar ríkissjóðs)*; and
      (iii) the income tax to the municipalities *(útsvar sveitarfélaga)*;

      (hereinafter referred to as "Icelandic tax");
   b) in Greenland:
      (i) the home rule tax *(nuna tamakkerlugu akileraarut)*;
      (ii) the special home rule tax *(nuna tamakkerlugu akileraarut immikkut ittoq)*;
      (iii) the municipal tax *(kommuninut akileraarut)*;

iv) sameiginlegur skattur sveitarfélaganna *(kommuninut immikkut akileraarut)*;
v) skattur á félög *(selskabit akileraarutaat)*; og
vi) skattur af arði *(iluanaarutisianit akileraarut)*;
(hér á eftir nefndir „grænlenskur skattur").

4. Samningurinn skal einnig taka til allra þeirra skatta, sömu eða að verulegu leyti svipaðrar tegundar, sem lagðir eru á eftir undirritunardag hans til viðbótar við eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Bær stjórnvöld í samningslöndunum skulu tilkynna hvort öðru um allar verulegar breytingar sem gerðar hafa verið á skattalögum þeirra.

3. gr.
Almennar skilgreiningar.

1. Í þessum samningi merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:
a) „Ísland" merkir lýðveldið Ísland og, þegar notað í landfræðilegum skilningi, landsvæði lýðveldisins Íslands, þar með talið landhelgin og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur samkvæmt þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum, og náttúruauðlindir þeirra;

b) „Grænland" merkir landsvæði Grænlands, þar með talið landhelgin og landgrunnið, og náttúruauðlindir þeirra;

c) „land" og „hitt landið" merkja Ísland eða Grænland eftir því sem samhengið gefur til kynna;
d) „aðili" merkir mann, félag og sérhver önnur samtök aðila;

e) „félag" merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra einingu sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;
f) „fyrirtæki" merkir rekstur hvers konar starfsemi;
g) „fyrirtæki í samningslandi" og „fyrirtæki í hinu samningslandinu" merkja fyrirtæki sem rekið er af aðila heimilisföstum í samningslandi, og fyrirtæki sem rekið er

(iv) the intermunicipal tax *(kommuninut immikkut akileraarut)*;

(v) the company tax *(selskabit akileraarutaat)*; and
(vi) the dividend tax *(iluanaarutisianit akileraarut)*;
(hereinafter referred to as "Greenlandic tax").

4. The Convention shall apply also to any identical or substantially similar taxes that are imposed after the date of signature of the Convention in addition to, or in place of, the existing taxes. The competent authorities of the Contracting Countries shall notify each other of any significant changes that have been made in their taxation laws.

Article 3
General Definitions

1. For the purposes of this Convention, unless the context otherwise requires:

a) the term "Iceland" means the Republic of Iceland and, when used in a geographical sense, means the territory of the Republic of Iceland, including its territorial sea, and any area beyond the territorial sea within which Iceland, in accordance with international law, exercises jurisdiction or sovereign rights with respect to the sea bed, its subsoil and its superjacent waters, and their natural resources;
b) the term "Greenland" means the territory of Greenland, including its territorial sea and continental shelf, and their natural resources;
c) the terms "a Country" and "the other Country" mean Iceland or Greenland as the context requires;
d) the term "person" includes an individual, a company and any other body of persons;
e) the term "company" means any body corporate or any entity that is treated as a body corporate for tax purposes;

f) the term "enterprise" applies to the carrying on of any business;
g) the terms "enterprise of a Contracting Country" and "enterprise of the other Contracting Country" mean respectively an enterprise carried on by a resident of

af aðila heimilisföstum í hinu samningslandinu, eftir því sem við á;

h) „flutningar á alþjóðaleiðum“ merkir flutninga með skipi eða loftfari sem rekið er af fyrirtæki sem hefur raunverulega framkvæmdastjórn í samningslandi, nema skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í hinu samningslandinu;

i) „bært stjórnvald“ merkir:
   i) á Íslandi, fjármálaráðherra eða viðurkenndan fulltrúa hans;
   ii) á Grænlandi, fjármálaráðherra (Aningaasaqarnermut Naalakkersuisoq) eða viðurkenndan fulltrúa hans;

j) „starfsemi“ felur meðal annars í sér sérfræðiþjónustu og aðra sjálfstæða starfsemi.

2. Við framkvæmd samningslands á ákvæðum þessa samnings á hverjum tíma skulu öll hugtök sem ekki eru skilgreind í samningnum, nema annað leiði af samhenginu, hafa sömu merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi lands að því er varðar þá skatta sem samningurinn tekur til. Sú merking, sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigandi skattalögum þess lands, skal ganga framar þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess lands.

a Contracting Country and an enterprise carried on by a resident of the other Contracting Country;

h) the term “international traffic” means any transport by a ship or aircraft operated by an enterprise which has its place of effective management in a Contracting Country, except when the ship or aircraft is operated solely between places in the other Contracting Country;

i) the term “competent authority” means:
   (i) in the case of Iceland, the Minister of Finance (fjármálaráðherra) or his authorised representative;
   (ii) in the case of Greenland, the Minister of Finance (Aningaasaqarnermut Naalakkersuisoq) or his authorised representative;

j) the term “business” includes the performance of professional services and of other activities of an independent character.

2. As regards the application of the Convention at any time by a Contracting Country, any term not defined therein shall, unless the context otherwise requires, have the meaning that it has at that time under the law of that Country for the purposes of the taxes to which the Convention applies, any meaning under the applicable tax laws of that Country prevailing over a meaning given to the term under other laws of that Country.

4. gr.

Heimilisfastur aðili.

1. Í þessum samningi merkir hugtakið „aðili heimilisfastur í samningslandi“ sérhvern þann aðila sem samkvæmt lögum þess lands er skattskyldur þar vegna búsetu, heimilisfesti, skráningar, aðseturs stjórnar eða af öðrum svipuðum ástæðum, og felur einnig í sér það land og sjálfstjórnarhéruð eða sveitarstjórnir þess. Hugtakið felur þó ekki í sér neinn þann aðila sem eingöngu er skattskyldur í því landi af tekjum sem eiga uppruna sinn þar eða af eignum sem þar eru.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum samningslöndum samkvæmt 1. mgr. skal ákvarða stöðu hans með eftirfarandi hætti:

Article 4

Resident

1. For the purposes of this Convention, the term “resident of a Contracting Country” means any person who, under the laws of that Country, is liable to tax therein by reason of his domicile, residence, registration, place of management, or any other criterion of a similar nature, and also includes that Country and any political subdivision or local authority thereof. This term, however, does not include any person who is liable to tax in that Country in respect only of income from sources in that Country or capital situated therein.

2. Where by reason of the provisions of paragraph 1 an individual is a resident of both Contracting Countries, then his status shall be determined as follows:

a) maður telst einungis heimilisfastur í því landi þar sem hann á fast heimili; eigi maður fast heimili í báðum löndunum telst hann einungis heimilisfastur í því landi sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);

b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru landinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á fast heimili í hvorugu landinu, telst hann einungis heimilisfastur í því landi þar sem hann dvelst að jafnaði;

c) ef ekki er unnt að ákvarða í hvaða landi maður dvelst að jafnaði skulu bær stjórnvöld í samningslöndunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Þegar aðili annar en maður telst heimilisfastur í báðum samningslöndum samkvæmt ákvæðum 1. mgr. telst hann heimilisfastur í því landi þar sem skráningarstaður hans er. Ef skráningarstaður þessa aðila er hins vegar í öðru hvoru landanna og aðsetur raunverulegrar framkvæmdastjórnar í hinu landinu skulu bær stjórnvöld í samningslöndunum ákvarða með gagnkvæmu samkomulagi í hvoru landinu aðilinn telst vera heimilisfastur að því er þennan samning varðar. Ef gagnkvæmt samkomulag er ekki fyrir hendi, að því er þennan samning varðar, skal hvorugt samningslandið telja aðilann heimilisfastan í hinu samningslandinu.

a) he shall be deemed to be a resident only of the Country in which he has a permanent home available to him; if he has a permanent home available to him in both Countries, he shall be deemed to be a resident only of the Country with which his personal and economic relations are closer (centre of vital interests);

b) if the Country in which he has his centre of vital interests cannot be determined, or if he has not a permanent home available to him in either Country, he shall be deemed to be a resident only of the Country in which he has an habitual abode;

c) if the Country in which he has an habitual abode cannot be determined, the competent authorities of the Contracting Countries will settle the question by mutual agreement.

3. Where by reason of the provisions of paragraph 1 a person other than an individual is a resident of both Contracting Countries, then it shall be deemed to be a resident of the Country in which its place of registration is situated. However, where such person has its place of registration in one of the Countries and its place of effective management in the other Country, then the competent authorities of the Contracting Countries shall determine by mutual agreement the Country of which the person shall be deemed to be a resident for the purposes of this Agreement. In the absence of such mutual agreement, for the purposes of this Agreement, the person shall in each Contracting Country be deemed not to be a resident of the other Contracting Country.

5. gr.
Föst atvinnustöð.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð“ fasta starfsstöð þar sem starfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram.
2. Hugtakið „föst atvinnustöð“ tekur einkum til:

a) aðseturs framkvæmdastjórnar;
b) útibús;
c) skrifstofu;
d) verksmiðju;
e) verkstæðis; og
f) námu, olíu- eða gaslindar, grjótnámu eða annars staðar þar sem leitað er náttúru-

Article 5
Permanent Establishment

1. For the purposes of this Convention, the term “permanent establishment” means a fixed place of business through which the business of an enterprise is wholly or partly carried on.
2. The term “permanent establishment” includes especially:

a) a place of management;
b) a branch;
c) an office;
d) a factory;
e) a workshop; and
f) a mine, an oil or gas well, a quarry or any other place of extraction or exploration of

auðlinda eða þær nýttar, þar með talið ís og vatn.

3. Byggingarsvæði eða byggingar- eða uppsetningarframkvæmd, eða starfsemi sem í felst skipulagning, eftirlit, ráðgjöf eða hvers konar aðstoðarvinna í tengslum við slíka framkvæmd, telst því aðeins föst atvinnustöð að hún standi yfir lengur en sex mánuði.
4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:
   a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins;
   b) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til geymslu, sýningar eða afhendingar;
   c) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;
   d) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð í sambandi við kaup á vörum eða varningi eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;
   e) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;
   f) fastrar starfsstöðvar sem nýtt er eingöngu til að reka hvers konar starfsemi sem samsett er úr þáttum sem falla undir a- til e-lið, enda felist öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu starfsstöð vegna þessarar samsetningar í undirbúnings- eða aðstoðarstörfum;
5. Ef aðili, sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt ákvæðum 6. mgr., hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild í samningslandi til að gera samninga fyrir fyrirtækið og beitir þessari heimild að jafnaði, telst fyrirtæki þetta – þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. – hafa fasta atvinnustöð í því landi að því er varðar hvers konar starfsemi sem aðilinn hefur með höndum fyrir fyrirtækið. Þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. mgr. og sem myndi ekki, þótt innt væri af hendi frá fastri starfsstöð, gera þessa föstu starfsstöð að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þeirrar málsgreinar.

natural resources, including ice and water.

3. A building site or construction or installation project or an activity consisting of planning, supervising, consulting, or any auxiliary work in connection with such project, constitutes a permanent establishment only if it lasts more than 6 months.
4. Notwithstanding the preceding provisions of this Article, the term "permanent establishment" shall be deemed not to include:
   a) the use of facilities solely for the purpose of storage, display or delivery of goods or merchandise belonging to the enterprise;
   b) the maintenance of a stock of goods or merchandise belonging to the enterprise solely for the purpose of storage, display or delivery;
   c) the maintenance of a stock of goods or merchandise belonging to the enterprise solely for the purpose of processing by another enterprise;
   d) the maintenance of a fixed place of business solely for the purpose of purchasing goods or merchandise or of collecting information, for the enterprise;
   e) the maintenance of a fixed place of business solely for the purpose of carrying on, for the enterprise, any other activity of a preparatory or auxiliary character;
   f) the maintenance of a fixed place of business solely for any combination of activities mentioned in subparagraphs a) to e), provided that the overall activity of the fixed place of business resulting from this combination is of a preparatory or auxiliary character.
5. Notwithstanding the provisions of paragraphs 1 and 2, where a person – other than an agent of an independent status to whom paragraph 6 applies – is acting on behalf of an enterprise and has, and habitually exercises, in a Contracting Country an authority to conclude contracts in the name of the enterprise, that enterprise shall be deemed to have a permanent establishment in that Country in respect of any activities which that person undertakes for the enterprise, unless the activities of such person are limited to those mentioned in paragraph 4 which, if exercised through a fixed place of business, would not make this fixed place of business a permanent establishment under the provisions of that paragraph.

6. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í samningslandi eingöngu vegna þess að það hefur með höndum starfsemi fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar þeirra.

7. Þótt félag, sem er heimilisfast í samningslandi, stjórni eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í hinu samningslandinu eða hefur með höndum starfsemi í hinu landinu (annaðhvort frá fastri atvinnustöð eða á annan hátt) leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

6. An enterprise shall not be deemed to have a permanent establishment in a Contracting Country merely because it carries on business in that Country through a broker, general commission agent or any other agent of an independent status, provided that such persons are acting in the ordinary course of their business.

7. The fact that a company which is a resident of a Contracting Country controls or is controlled by a company which is a resident of the other Contracting Country, or which carries on business in that other Country (whether through a permanent establishment or otherwise), shall not of itself constitute either company a permanent establishment of the other.

6. gr.
Tekjur af fasteign.

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í samningslandi hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði eða skógarnytjum) sem staðsett er í hinu samningslandinu má skattleggja í hinu landinu.
2. Hugtakið „fasteign" skal hafa þá merkingu sem það hefur samkvæmt lögum þess samningslands þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttar, afnotarétt af fasteign og rétt til breytilegrar eða fastrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu á eða rétt til hagnýtingar á námum, lindum og öðrum náttúruauðlindum. Skip, bátar og loftför teljast ekki til fasteigna.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.
4. Ákvæði 1. og 3. mgr. eiga einnig við um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis.

Article 6
Income from Immovable Property

1. Income derived by a resident of a Contracting Country from immovable property (including income from agriculture or forestry) situated in the other Contracting Country may be taxed in that other Country.
2. The term "immovable property" shall have the meaning which it has under the law of the Contracting Country in which the property in question is situated. The term shall in any case include property accessory to immovable property, livestock and equipment used in agriculture and forestry, rights to which the provisions of general law respecting landed property apply, usufruct of immovable property and rights to variable or fixed payments as consideration for the working of, or the right to work, mineral deposits, sources and other natural resources; ships, boats and aircraft shall not be regarded as immovable property.
3. The provisions of paragraph 1 shall apply to income derived from the direct use, letting or use in any other form of immovable property.
4. The provisions of paragraphs 1 and 3 shall also apply to the income from immovable property of an enterprise.

7. gr.
Hagnaður af atvinnurekstri.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningslandi skal einungis skattlagður í því landi nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu samningslandinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíkan atvinnurekstur með

Article 7
Business Profits

1. The profits of an enterprise of a Contracting Country shall be taxable only in that Country unless the enterprise carries on business in the other Contracting Country through a permanent establishment situated therein. If the

höndum má skattleggja hagnað þess í hinu landinu en þó einungis að því marki sem rekja má hagnaðinn til nefndrar fastrar atvinnustöðvar.

2. Þegar fyrirtæki í samningslandi hefur með höndum atvinnurekstur í hinu samningslandinu frá fastri atvinnustöð þar skal hvort samningsland um sig, nema annað leiði af ákvæðum 3. mgr., telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað sem ætla má að komið hefði í hennar hlut ef hún væri sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi að öllu leyti sjálfstætt fram í skiptum við það fyrirtæki sem hún er föst atvinnustöð fyrir.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld sem stofnað er til af hálfu föstu atvinnustöðvarinnar, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og almenna stjórnun, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því landi þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í samningslandi að ákvarða hagnað sem talinn er fastri atvinnustöð á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins milli hinna ýmsu hluta þess skal ekkert í 2. mgr. útiloka það samningsland frá því að ákvarða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu sem tíðkast hefur. Aðferð sú sem notuð er við skiptinguna skal samt sem áður vera þannig að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur sem felast í þessari grein.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna kaupa hennar á vörum eða varningi fyrir fyrirtækið.

6. Við beitingu ákvæða undanfarandi málsgreina skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema ríkar og fullnægjandi ástæða sé til annars.

7. Þegar hagnaður felur í sér tekjur, sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum þessa samnings, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

enterprise carries on business as aforesaid, the profits of the enterprise may be taxed in the other Country but only so much of them as is attributable to that permanent establishment.

2. Subject to the provisions of paragraph 3, where an enterprise of a Contracting Country carries on business in the other Contracting Country through a permanent establishment situated therein, there shall in each Contracting Country be attributed to that permanent establishment the profits which it might be expected to make if it were a distinct and separate enterprise engaged in the same or similar activities under the same or similar conditions and dealing wholly independently with the enterprise of which it is a permanent establishment.

3. In determining the profits of a permanent establishment, there shall be allowed as deductions expenses which are incurred for the purposes of the permanent establishment, including executive and general administrative expenses so incurred, whether in the Country in which the permanent establishment is situated or elsewhere.

4. Insofar as it has been customary in a Contracting Country to determine the profits to be attributed to a permanent establishment on the basis of an apportionment of the total profits of the enterprise to its various parts, nothing in paragraph 2 shall preclude that Contracting Country from determining the profits to be taxed by such an apportionment as may be customary; the method of apportionment adopted shall, however, be such that the result shall be in accordance with the principles contained in this Article.

5. No profits shall be attributed to a permanent establishment by reason of the mere purchase by that permanent establishment of goods or merchandise for the enterprise.

6. For the purposes of the preceding paragraphs, the profits to be attributed to the permanent establishment shall be determined by the same method year by year unless there is good and sufficient reason to the contrary.

7. Where profits include items of income which are dealt with separately in other Articles of this Convention, then the provisions of those Articles shall not be affected by the provisions of this Article.

8. gr.
Siglingar og loftferðir.

1. Hagnaður af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því samningslandi þar sem raunverulega framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.
2. Ef aðsetur raunverulegrar framkvæmdastjórnar útgerðarfyrirtækis er um borð í skipi skal hún teljast hafa aðsetur í því samningslandi þar sem heimahöfn skipsins er eða, ef ekki er um slíka heimahöfn að ræða, í því samningslandi þar sem útgerðarmaður skipsins er heimilisfastur.
3. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig eiga við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu („pool"), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

9. gr.
Tengd fyrirtæki.

1. Þegar
   a) fyrirtæki í samningslandi tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis í hinu samningslandinu, eða á, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þess, eða
   b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis í samningslandi, svo og fyrirtækis í hinu samningslandinu, eða eiga, beint eða óbeint, hluti af fjármagni þeirra,

   og hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða setja í öðru hvoru tilvikinu skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu, sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru óháð hvort öðru, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins, en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast til hagnaðar þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.
2. Þegar samningsland telur til hagnaðar fyrirtækis í því landi, og skattleggur samkvæmt því, hagnað fyrirtækis í hinu samningslandinu sem hefur verið skattlagður í því landi, og hagnaðurinn, sem þannig er innifalinn, er hagnaður sem hefði runnið til fyrirtækisins í fyrrnefnda landinu ef skilmálarnir, sem samið var um milli fyrirtækjanna tveggja, hefðu verið þeir sömu og samið hefði verið um milli óháðra fyrirtækja, skal hitt landið gera við-

Article 8
Shipping and Air Transport

1. Profits from the operation of ships or aircraft in international traffic shall be taxable only in the Contracting Country in which the place of effective management of the enterprise is situated.
2. If the place of effective management of a shipping enterprise is aboard a ship, then it shall be deemed to be situated in the Contracting Country in which the home harbour of the ship is situated, or, if there is no such home harbour, in the Contracting Country of which the operator of the ship is a resident.
3. The provisions of paragraph 1 shall also apply to profits from the participation in a pool, a joint business or an international operating agency.

Article 9
Associated Enterprises

1. Where
   a) an enterprise of a Contracting Country participates directly or indirectly in the management, control or capital of an enterprise of the other Contracting Country, or
   b) the same persons participate directly or indirectly in the management, control or capital of an enterprise of a Contracting Country and an enterprise of the other Contracting Country,

   and in either case conditions are made or imposed between the two enterprises in their commercial or financial relations which differ from those which would be made between independent enterprises, then any profits which would, but for those conditions, have accrued to one of the enterprises, but, by reason of those conditions, have not so accrued, may be included in the profits of that enterprise and taxed accordingly.
2. Where a Contracting Country includes in the profits of an enterprise of that Country - and taxes accordingly - profits on which an enterprise of the other Contracting Country has been charged to tax in that other Country and the profits so included are profits which would have accrued to the enterprise of the first-mentioned Country if the conditions made between the two enterprises had been those which would have been made between

eigandi leiðréttingu á fjárhæð þess skatts sem lagður er þar á þennan hagnað, ef það telur að réttlæta megi leiðréttinguna að meginreglu til og með hliðsjón af fjárhæðinni. Við ákvörðun slíkrar leiðréttingar skal fullt tillit tekið til annarra ákvæða þessa samnings og skulu bær stjórnvöld samningslandanna hafa samráð ef nauðsyn krefur.

10. gr.
Arður.

1. Arð, sem félag heimilisfast í samningslandi greiðir aðila heimilisföstum í hinu samningslandinu, má skattleggja í síðarnefnda landinu.

2. Slíkan arð má þó einnig skattleggja í því samningslandi þar sem félagið, sem greiðir arðinn, er heimilisfast og samkvæmt lögum þess lands. Sé raunverulegur eigandi arðsins heimilisfastur í hinu samningslandinu skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en:
   a) 5 af hundraði af vergri fjárhæð arðsins ef raunverulegi eigandinn er félag (annað en sameignarfélag) sem á beint að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem greiðir arðinn;

   b) 15 af hundraði af vergri fjárhæð arðsins í öllum öðrum tilvikum.

   Bær stjórnvöld í samningslöndunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi setja nánari reglur um framkvæmd þessara takmarkana.
   Þessi málsgrein skal engin áhrif hafa á skattlagningu félagsins að því er varðar þann hagnað sem arður er greiddur af.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., og svo lengi sem arður greiddur af félagi heimilisföstu á Grænlandi er samkvæmt grænlenskum lögum frádráttarbær frá skattskyldum hagnaði eða er yfirfæranlegur sem rekstrartap félagsins við ákvörðun tekjuskatts, má einnig skattleggja á Grænlandi arð samkvæmt grænlenskum lögum sem er greiddur af félaginu til aðila sem er heimilisfastur á Íslandi, en sé raunverulegur eigandi arðsins heimilisfastur á Íslandi skal skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærri en 35 hundraðshlutar af þeim hluta arðsins sem er frádráttarbær frá skattskyldum hagnaði félagsins eða er yfirfæranlegur sem rekstrartap félagsins.

independent enterprises, then that other Country shall make an appropriate adjustment to the amount of the tax charged therein on those profits, if that Country considers that the adjustment is justified both in principle and as regards the amount. In determining such adjustment, due regard shall be had to the other provisions of this Convention and the competent authorities of the Contracting Countries shall if necessary consult each other.

Article 10
Dividends

1. Dividends paid by a company which is a resident of a Contracting Country to a resident of the other Contracting Country may be taxed in that other Country.
2. However, such dividends may also be taxed in the Contracting Country of which the company paying the dividends is a resident and according to the laws of that Country, but if the beneficial owner of the dividends is a resident of the other Contracting Country, the tax so charged shall not exceed:
   a) 5 per cent of the gross amount of the dividends if the beneficial owner is a company (other than a partnership) which holds directly at least 25 per cent of the capital of the company paying the dividends;
   b) 15 per cent of the gross amount of the dividends in all other cases.

   The competent authorities of the Contracting Countries shall by mutual agreement settle the mode of application of these limitations.
   This paragraph shall not affect the taxation of the company in respect of the profits out of which the dividends are paid.
3. Notwithstanding the provisions of paragraph 2, as long as according to the laws of Greenland dividends paid by a company which is a resident of Greenland may be deducted from the taxable profits or may be carried forward as an operating loss of such company for income tax purposes, dividends paid by such company to a resident of Iceland may also be taxed in Greenland and according to the laws of Greenland, but if the beneficial owner of the dividends is a resident of Iceland, the tax so charged shall not exceed 35 per cent on such part of the dividends which is deductible from the company's taxable profits or can be carried forward as an operating loss of the company.

4. Hugtakið „arður“ merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum, stofnbréfum eða öðrum réttindum sem ekki eru skuldakröfur er veita rétt til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur af öðrum félagsréttindum sem farið er með við skattlagningu á sama hátt og tekjur af hlutabréfum samkvæmt löggjöf þess lands þar sem félagið sem framkvæmir úthlutunina er heimilisfast.
5. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi arðsins, sem er heimilisfastur í samningslandi, hefur með höndum atvinnurekstur frá fastri atvinnustöð í hinu samningslandinu þar sem félagið sem greiðir arðinn er heimilisfast og hlutareignin sem arðurinn er greiddur af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. gilda.
6. Ef félag, sem er heimilisfast í samningslandi, fær hagnað eða tekjur frá hinu samningslandinu getur síðarnefnda landið ekki skattlagt arðinn sem félagið greiðir nema að því leyti sem arður er greiddur aðila heimilisföstum í síðarnefnda landinu eða að því leyti sem hlutareignin sem arðurinn er greiddur af er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð í síðarnefnda landinu né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað félagsins, jafnvel þótt arðurinn sem greiddur er eða óúthlutaði hagnaðurinn sé að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda landinu.

4. The term "dividends" as used in this Article means income from shares, founders' shares or other rights, not being debt-claims, participating in profits, as well as income from other corporate rights which is subjected to the same taxation treatment as income from shares by the laws of the Country of which the company making the distribution is a resident.
5. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply if the beneficial owner of the dividends, being a resident of a Contracting Country, carries on business in the other Contracting Country of which the company paying the dividends is a resident, through a permanent establishment situated therein and the holding in respect of which the dividends are paid is effectively connected with such permanent establishment. In such case the provisions of Article 7 shall apply.
6. Where a company which is a resident of a Contracting Country derives profits or income from the other Contracting Country, that other Country may not impose any tax on the dividends paid by the company, except insofar as such dividends are paid to a resident of that other Country or insofar as the holding in respect of which the dividends are paid is effectively connected with a permanent establishment situated in that other Country, nor subject the company's undistributed profits to a tax on the company's undistributed profits, even if the dividends paid or the undistributed profits consist wholly or partly of profits or income arising in such other Country.

11. gr.
Vextir.

1. Vexti, sem myndast í samningslandi og greiddir eru aðila heimilisföstum í hinu samningslandinu, má aðeins skattleggja í síðarnefnda landinu ef aðilinn er raunverulegur eigandi vaxtanna.
2. Hugtakið „vextir“ merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum hvort sem þær eru tryggðar með veði í fasteign eða ekki og hvort sem þeim fylgir réttur til hlutdeildar í hagnaði skuldunautar eða ekki. Hugtakið tekur sérstaklega til tekna af ríkisverðbréfum og tekna af skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og vinningar tengdir slíkum verðbréfum, skulda-

Article 11
Interest

3. Where by reason of the provisions of paragraph 1 a person other than an individual is a resident of both Contracting States, then it shall be deemed to be a resident of the State in which its place of registration is situated. However, where such person has its place of registration in one of the States and its place of effective management in the other State, then the competent authorities of the Contracting States shall determine by mutual agreement the State of which the person shall be deemed to be a resident for the purposes of this Agreement. In the absence of such mutual agreement, for the purposes of this Agreement, the person shall in each Contracting State be deemed not to be a resident of the other Contracting State.

5. gr.

Föst atvinnustöð.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð“ fasta starfsstöð þar sem starf-

Article 5

Permanent Establishment

1. For the purposes of this Agreement, the term “permanent establishment” means a fixed

semi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. Hugtakið „föst atvinnustöð“ tekur einkum til:

a) aðseturs framkvæmdastjórnar;
b) útibús;
c) skrifstofu;
d) verksmiðju;
e) verkstæðis;
f) námu, olíu- eða gaslindar, grjótnámu eða annars staðar þar sem náttúruauðlindir eru nýttar;
g) mannvirkis eða tækja sem notuð eru til rannsókna á náttúruauðlindum undan ströndum.

3. Hugtakið „föst atvinnustöð“ tekur einnig til:

(a) byggingarsvæðis, byggingarframkvæmdar, samsetningarvinnu eða uppsetningarframkvæmdar eða eftirlitsstarfsemi í tengslum við slík verkefni, en aðeins þegar slíkt svæði, framkvæmd eða starfsemi er til staðar eða stendur yfir lengur en sex mánuði;
(b) þjónustustarfa, þar á meðal ráðgjafarþjónustu, sem veitt er af starfsmönnum fyrirtækis eða öðru starfsliði sem fyrirtæki fær til þeirrar starfsemi, en aðeins þar sem slík starfsemi stendur yfir (vegna sama eða tengds verkefnis) innan landsins samtals lengur en 6 mánuði á hverju 12 mánaða tímabili.

4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:
a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu eða sýningu á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins;
b) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til geymslu eða sýningar;

c) birgðahalds á vörum eða varningi í eigu fyrirtækisins sem eingöngu er ætlaður til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;

d) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð í sambandi við kaup á vörum eða varningi eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;
e) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undir-

place of business through which the business of the enterprise is wholly or partly carried on.

2. The term “permanent establishment” includes especially:
(a) a place of management;
(b) a branch;
(c) an office;
(d) a factory;
(e) a workshop;
(f) a mine, an oil or gas well, a quarry or any other place of extraction of natural resources;
(g) an installation structure, or equipment used for the exploration of offshore natural resources.

3. The term “permanent establishment” likewise encompasses:
(a) a building site, construction, assembly or installation project or supervisory activities in connection therewith, but only where such site, project or activities continue for a period of more than six months;

(b) the furnishing of services, including consultancy services, by an enterprise through employees or other personnel engaged by the enterprise for such purpose, but only where activities of that nature continue (for the same or a connected project) within the country for a period or periods aggregating more than six months within any 12-month period.

4. Notwithstanding the preceding provisions of this Article, the term “permanent establishment” shall be deemed not to include:
(a) the use of facilities solely for the purpose of storage or display of goods or merchandise belonging to the enterprise;
(b) the maintenance of a stock of goods or merchandise belonging to the enterprise solely for the purpose of storage or display;
(c) the maintenance of a stock of goods or merchandise belonging to the enterprise solely for the purpose of processing by another enterprise;
(d) the maintenance of a fixed place of business solely for the purpose of purchasing goods or merchandise or of collecting information for the enterprise;
(e) the maintenance of a fixed place of business solely for the purpose of carrying on,

búnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;

f) fastrar starfsstöðvar sem nýtt er eingöngu til að reka hvers konar starfsemi sem samsett er úr þáttum sem falla undir a- til e-lið, enda felist öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu starfsstöð vegna þessarar samsetningar í undirbúnings- eða aðstoðarstörfum.

5. Ef aðili, sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt ákvæðum 7. mgr., hefur á hendi starfsemi í samningsríki fyrir fyrirtæki í hinu samningsríkinu telst fyrirtæki þetta, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., hafa fasta atvinnustöð í fyrrnefnda samningsríkinu að því er varðar hvers konar starfsemi sem aðilinn gegnir fyrir fyrirtækið, ef aðilinn:

a) hefur heimild í því ríki til að gera samninga fyrir fyrirtækið og beitir þessari heimild að jafnaði. Þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. mgr. og sem myndi ekki, þótt innt væri af hendi frá fastri starfsstöð, gera þessa föstu starfsstöð að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þeirrar málsgreinar; eða

b) hefur ekki slíka heimild en heldur að jafnaði birgðir í fyrrnefnda ríkinu og afhendir vörur eða varning úr þeim birgðum reglulega fyrir fyrirtækið.

6. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar telst vátryggingafélag í samningsríki hafa fasta atvinnustöð í hinu samningsríkinu, nema hvað varðar endurtryggingar, ef það innheimtir iðgjöld á landsvæði þess ríkis eða tryggir áhættu þar í gegnum aðila sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt ákvæðum 7. mgr.

7. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í samningsríki eingöngu vegna þess að það rekur þar viðskipti fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar þeirra. Þegar störf slíks umboðsaðila eru eingöngu eða nærri eingöngu í þágu þess fyrirtækis telst hann þó ekki óháður umboðsaðili samkvæmt þessari málsgrein.

for the enterprise, any other activity of a preparatory or auxiliary character;

(f) the maintenance of a fixed place of business solely for any combination of activities mentioned in subparagraphs a) to e), provided that the overall activity of the fixed place of business resulting from this combination is of a preparatory or auxiliary character.

5. Notwithstanding the provisions of paragraphs 1 and 2, where a person - other than an agent of an independent status to whom paragraph 7 applies - is acting in a Contracting State on behalf of an enterprise of the other Contracting State, that enterprise shall be deemed to have a permanent establishment in the first-mentioned Contracting State in respect of any activities which that person undertakes for the enterprise, if such a person:

(a) has and habitually exercises in that State an authority to conclude contracts in the name of the enterprise, unless the activities of such person are limited to those mentioned in paragraph 4 which, if exercised through a fixed place of business, would not make this fixed place of business a permanent establishment under the provisions of that paragraph; or

(b) has no such authority, but habitually maintains in the first-mentioned State a stock of goods or merchandise from which he regularly delivers goods or merchandise on behalf of the enterprise.

6. Notwithstanding the preceding provisions of this Article, an insurance enterprise of a Contracting State shall, except in regard to re-insurance, be deemed to have a permanent establishment in the other Contracting State if it collects premiums in the territory of that other State or insures risks situated therein through a person other than an agent of an independent status to whom paragraph 7 applies.

7. An enterprise shall not be deemed to have a permanent establishment in a Contracting State merely because it carries on business in that State through a broker, general commission agent or any other agent of an independent status, provided that such persons are acting in the ordinary course of their business. However, when the activities of such an agent are devoted wholly or almost wholly on behalf of that enterprise, he will not be

8. Þótt félag sem er heimilisfast í samningsríki stjórni eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í hinu samningsríkinu eða rekur viðskipti í síðarnefnda ríkinu (annaðhvort frá fastri atvinnustöð eða á annan hátt) leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

6. gr.
Tekjur af fasteign.

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði eða skógarnytjum) sem staðsett er í hinu samningsríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Hugtakið „fasteign" skal hafa þá merkingu sem það hefur samkvæmt lögum þess samningsríkis þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttar, afnotarétt af fasteign og rétt til breytilegrar eða fastrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu á eða rétt til hagnýtingar á námum, lindum og öðrum náttúruauðlindum. Skip og loftför teljast ekki til fasteigna.
3. Ákvæði 1. mgr. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.
4. Ákvæði 1. og 3. mgr. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis og um tekjur af fasteign sem hagnýtt er til að veita sjálfstæða persónulega þjónustu.

7. gr.
Hagnaður af atvinnurekstri.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki skal einungis skattlagður í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíkan atvinnurekstur með höndum má skattleggja hagnað þess í síðarnefnda ríkinu, en þó einungis að því marki sem rekja má hagnaðinn til:

considered an agent of an independent status within the meaning of this paragraph.

8. The fact that a company which is a resident of a Contracting State controls or is controlled by a company which is a resident of the other Contracting State, or which carries on business in that other State (whether through a permanent establishment or otherwise), shall not of itself constitute either company a permanent establishment of the other.

Article 6
Income from Immovable Property

1. Income derived by a resident of a Contracting State from immovable property (including income from agriculture or forestry) situated in the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. The term "immovable property" shall have the meaning which it has under the law of the Contracting State in which the property in question is situated. The term shall in any case include property accessory to immovable property, livestock and equipment used in agriculture and forestry, rights to which the provisions of general law respecting landed property apply, usufruct of immovable property and rights to variable or fixed payments as consideration for the working of, or the right to work, mineral deposits, sources and other natural resources; ships and aircraft shall not be regarded as immovable property.
3. The provisions of paragraph 1 shall apply to income derived from the direct use, letting, or use in any other form of immovable property.
4. The provisions of paragraphs 1 and 3 shall also apply to the income from immovable property of an enterprise and to income from immovable property used for the performance of independent personal services.

Article 7
Business Profits

1. The profits of an enterprise of a Contracting State shall be taxable only in that State unless the enterprise carries on business in the other Contracting State through a permanent establishment situated therein. If the enterprise carries on business as aforesaid, the profits of the enterprise may be taxed in the other State but only so much of them as is attributable to:

a) nefndrar fastrar atvinnustöðvar;
b) sölu í því ríki á vörum eða varningi sömu eða svipaðrar tegundar og vörur eða varningur sem seldur er af þeirri föstu atvinnustöð; eða
c) annarra viðskipta sem fram fara í því ríki sem eru sama eða svipaðs eðlis og þau sem stunduð eru frá þeirri föstu atvinnustöð.

2. Þegar fyrirtæki í samningsríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð þar, skal hvort samningsríki um sig, nema annað leiði af ákvæðum 3. mgr., telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað sem ætla má að komið hefði í hennar hlut ef hún væri sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi að öllu leyti sjálfstætt fram í skiptum við það fyrirtæki sem hún er föst atvinnustöð fyrir.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld sem stofnað er til vegna föstu atvinnustöðvarinnar, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og almenna stjórnun, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar. Slíkan frádrátt skal þó ekki leyfa hvað varðar fjárhæðir, ef um það er ræða, sem fasta atvinnustöðin greiðir (nema um sé að ræða endurgreiðslu á raunverulegum kostnaði) til aðalskrifstofu fyrirtækisins eða til annarra skrifstofa þess sem þóknanir, gjöld eða aðrar svipaðar greiðslur fyrir afnot af einkaleyfum eða öðrum réttindum, eða sem umboðslaun fyrir tiltekna veitta þjónustu eða fyrir stjórnun, eða, nema um lánastofnun sé að ræða, sem vexti af fé sem lánað er föstu atvinnustöðinni. Sömuleiðis skal við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar ekki tekið tillit til fjárhæða (nema um sé að ræða endurgreiðslu á raunverulegum kostnaði) sem fasta atvinnustöðin gjaldfærir hjá aðalskrifstofu fyrirtækisins eða öðrum skrifstofum þess sem þóknanir, gjöld eða aðrar svipaðar greiðslur fyrir afnot af einkaleyfum eða öðrum réttindum, eða sem umboðslaun fyrir tiltekna veitta þjónustu eða fyrir stjórnun, eða, nema um lánastofnun sé að ræða, sem vexti af fé sem lánað er aðalskrifstofunnni eða öðrum skrifstofum þess.

(a) that permanent establishment;
(b) sales in that other State of goods or merchandise of the same or similar kind as those sold through that permanent establishment; or
(c) other business activities carried on in that other State of the same or similar kind as those effected through that permanent establishment.

2. Subject to the provisions of paragraph 3, where an enterprise of a Contracting State carries on business in the other Contracting State through a permanent establishment situated therein, there shall in each Contracting State be attributed to that permanent establishment the profits which it might be expected to make if it were a distinct and separate enterprise engaged in the same or similar activities under the same or similar conditions and dealing wholly independently with the enterprise of which it is a permanent establishment.

3. In determining the profits of a permanent establishment, there shall be allowed as deductions expenses which are incurred for the purposes of the business of the permanent establishment, including executive and general administrative expenses so incurred, whether in the State in which the permanent establishment is situated or elsewhere. However, no such deduction shall be allowed in respect of amounts, if any, paid (otherwise than towards reimbursement of actual expenses) by the permanent establishment to the head office of the enterprise or any of its other offices, by way of royalties, fees or other similar payments in return for the use of patents or other rights, or by way of commission for specific services performed or for management, or, except in the case of a banking enterprise, by way of interest on moneys lent to the permanent establishment. Likewise, no account shall be taken, in the determination of the profits of a permanent establishment, of amounts charged (otherwise than towards reimbursement of actual expenses) by the permanent establishment to the head office of the enterprise or any of its other offices, by way of royalties, fees or other similar payments in return for the use of patents or other rights, or by way of commission for specific services performed or for management, or, except in the case of a banking enterprise, by way of interest on moneys

4. Ekkert í þessari grein skal hafa áhrif á beitingu laga samningsríkis er lúta að ákvörðun skattskyldu aðila í þeim tilvikum þegar upplýsingar sem bært stjórnvald þess ríkis hefur eru ekki nægar til að ákvarða hagnað sem telja skal fastri atvinnustöð, að því tilskildu að þeim lögum sé beitt í samræmi við meginreglur þessarar greinar að því marki sem upplýsingar sem hið bæra stjórnvald hefur gera það kleift.

5. Að því leyti sem venja hefur verið í samningsríki að ákvarða hagnað sem talinn er fastri atvinnustöð á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins milli hinna ýmsu hluta þess skal ekkert í 2. mgr. útiloka það samningsríki frá því að ákvarða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu sem tíðkast hefur. Aðferð sú sem notuð er við skiptinguna skal samt sem áður vera þannig að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur sem felast í þessari grein.

6. Við beitingu ákvæða undanfarandi málsgreina skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema rík og fullnægjandi ástæða sé til annars.
7. Þegar hagnaður felur í sér tekjur, sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum þessa samnings, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.
Siglingar og loftferðir.

1. Hagnaður fyrirtækis í samningsríki af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því samningsríki.
2. Ákvæði 1. mgr. skulu einnig eiga við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu („pool"), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

9. gr.
Tengd fyrirtæki.

Þegar

a) fyrirtæki í samningsríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis

lent to the head office of the enterprise or any of its other offices.

4. Nothing in this Article shall affect the application of any law of a Contracting State relating to the determination of the tax liability of a person in cases where the information available to the competent authority of that State is inadequate to determine the profits to be attributed to a permanent establishment, provided that law shall be applied, so far as the information available to the competent authority permits, consistently with the principles of this Article.
5. Insofar as it has been customary in a Contracting State to determine the profits to be attributed to a permanent establishment on the basis of an apportionment of the total profits of the enterprise to its various parts, nothing in paragraph 2 shall preclude such Contracting State from determining the profits to be taxed by such an apportionment as may be customary; the method of apportionment adopted shall, however, be such that the result shall be in accordance with the principles contained in this Article.
6. For the purposes of the preceding paragraphs, the profits to be attributed to the permanent establishment shall be determined by the same method year by year unless there is good and sufficient reason to the contrary.
7. Where profits include items of income which are dealt with separately in other Articles of this Agreement, then the provisions of those Articles shall not be affected by the provisions of this Article.

Article 8
Shipping and Air Transport

1. Profits derived by an enterprise of a Contracting State from the operation of ships or aircraft in international traffic shall be taxable only in that Contracting State.
2. The provisions of paragraph 1 shall also apply to profits from the participation in a pool, a joint business or an international operating agency.

Article 9
Associated Enterprises

Where

(a) an enterprise of a Contracting State participates directly or indirectly in the manage-

í hinu samningsríkinu, eða á, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þess, eða

b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn eða yfirráðum fyrirtækis í samningsríki, svo og fyrirtækis í hinu samningsríkinu, eða eiga, beint eða óbeint, hluta af fjármagni þeirra,

og hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða setja í öðru hvoru tilvikinu skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru óháð hvort öðru, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins, en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast til hagnaðar þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

ment, control or capital of an enterprise of the other Contracting State, or

(b) the same persons participate directly or indirectly in the management, control or capital of an enterprise of a Contracting State and an enterprise of the other Contracting State,

and in either case conditions are made or imposed between the two enterprises in their commercial or financial relations which differ from those which would be made between independent enterprises, then any profits which would, but for those conditions, have accrued to one of the enterprises, but, by reason of those conditions, have not so accrued, may be included in the profits of that enterprise and taxed accordingly.

10. gr.
Ágóðahlutir.

1. Ágóðahluti, sem félag heimilisfast í samningsríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Slíka ágóðahluti má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé viðtakandinn hins vegar raunverulegur eigandi ágóðahlutanna skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en:
   a) 10 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna ef raunverulegi eigandinn er félag (annað en sameignarfélag) sem á beint að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem greiðir ágóðahlutina;
   b) 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna í öllum öðrum tilvikum.

   Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi setja nánari reglur um framkvæmd þessara takmarkana.

   Þessi málsgrein skal engin áhrif hafa á skattlagningu félagsins að því er varðar þann hagnað sem ágóðahlutirnir eru greiddir af.

3. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr., og svo lengi sem ágóðahlutir greiddir af félagi heimilisföstu í samningsríki eru samkvæmt lögum þess ríkis frádráttarbærir frá skattskyldum hagnaði eða eru yfirfæranlegir sem rekstrartap félagsins við ákvörðun tekjuskatts, má

Article 10
Dividends

1. Dividends paid by a company which is a resident of a Contracting State to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. However, such dividends may also be taxed in the Contracting State of which the company paying the dividends is a resident and according to the laws of that State, but if the recipient is the beneficial owner of the dividends the tax so charged shall not exceed:

   a) 10 per cent of the gross amount of the dividends if the beneficial owner is a company (other than a partnership) which holds directly at least 25 per cent of the capital of the company paying the dividends;
   b) 15 per cent of the gross amount of the dividends in all other cases.

   The competent authorities of the Contracting States shall by mutual agreement settle the mode of application of the limitations.

   This paragraph shall not affect the taxation of the company in respect of the profits out of which the dividends are paid.

3. Notwithstanding the provisions of paragraph 2, subparagraph a), as long as according to the laws of a Contracting State dividends paid by a company which is a resident of that State may be deducted from the taxable profits or may be carried forward as an operating

einnig skattleggja í fyrrnefnda ríkinu og samkvæmt lögum þess ríkis ágóðahluti sem greiddir eru af félaginu til aðila heimilisfasts í hinu samningsríkinu. Sé viðtakandinn hins vegar raunverulegur eigandi ágóðahlutanna skal skatturinn, sem þannig er á lagður, eigi vera hærri en 15 hundraðshlutar af þeim hluta ágóðahlutanna sem er frádráttarbær frá skattskyldum hagnaði fyrirtækisins eða er yfirfæranlegur sem rekstrartap félagsins.

4. Hugtakið „ágóðahlutir" merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum eða öðrum réttindum til hlutdeildar í hagnaði sem ekki eru skuldakröfur, svo og tekjur af öðrum félagsréttindum sem farið er með við skattlagningu á sama hátt og tekjur af hlutabréfum samkvæmt löggjöf þess ríkis þar sem félagið sem framkvæmir úthlutunina er heimilisfast.
5. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi ágóðahlutanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast, eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

6. Ef félag sem er heimilisfast í samningsríki fær hagnað eða tekjur frá hinu samningsríkinu getur síðarnefnda ríkið ekki skattlagt ágóðahlutina sem félagið greiðir nema að því leyti sem ágóðahlutirnir eru greiddir aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stöð í síðarnefnda ríkinu né heldur skattlagt óúthlutaðan hagnað félagsins. Þetta gildir jafnt þótt ágóðahlutirnir sem greiddir eru eða óúthlutaði hagnaðurinn sé að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

loss of such company for income tax purposes, dividends paid by such company to a resident of the other Contracting State may also be taxed in the first-mentioned State and according to the laws of that State, but if the recipient is the beneficial owner of the dividends, the tax so charged shall not exceed 15 per cent, on such part of the dividends which is deductible from a company's taxable profits or can be carried forward as an operating loss of the company.

4. The term "dividends" as used in this Article means income from shares or other rights not being debt-claims, participating in profits, as well as income from other corporate rights which is subjected to the same taxation treatment as income from shares by the laws of the State of which the company making the distribution is a resident.
5. The provisions of paragraphs 1, 2 and 3 shall not apply if the beneficial owner of the dividends, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State of which the company paying the dividends is a resident through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the holding in respect of which the dividends are paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.
6. Where a company which is a resident of a Contracting State derives profits or income from the other Contracting State, that other State may not impose any tax on the dividends paid by the company, except insofar as such dividends are paid to a resident of that other Contracting State or insofar as the holding in respect of which the dividends are paid is effectively connected with a permanent establishment or a fixed base situated in that other State, nor subject the company's undistributed profits to a tax on the company's undistributed profits, even if the dividends paid or the undistributed profits consist wholly or partly of profits or income arising in such other State.

11. gr.
Vextir.

1. Vexti, sem myndast í samningsríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.
2. Slíka vexti má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem vextirnir myndast og samkvæmt lögum þess ríkis. Sé viðtakandinn hins vegar raunverulegur eigandi vaxtanna skal skatturinn sem þannig er á lagður eigi vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð vaxtanna. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi setja nánari reglur um framkvæmd þessarar takmörkunar.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu

   a) vextir sem myndast í Víetnam undanþegnir víetnömskum skatti ef vextirnir eru greiddir:
      (i) íslenska ríkinu, sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess;
      (ii) Seðlabanka Íslands;
      (iii) Iðnlánasjóði eða Iðnþróunarsjóði eða öðrum sambærlegum stofnunum sem bær stjórnvöld samningsríkjanna kunna að gera samkomulag um að falli undir þetta ákvæði; eða

      (iv) öðrum stofnunum sambærilegum þeim stofnunum sem nefndar eru í iii-lið sem bær stjórnvöld samningsríkjanna kunna að gera samkomulag um að falli undir þetta ákvæði;
   b) vextir sem myndast á Íslandi undanþegnir íslenskum skatti ef vextirnir eru greiddir:

      (i) ríkisstjórn Víetnam, sjálfstjórnarhéraði, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess;
      (ii) Ríkisbanka Víetnam; eða
      (iii) opinberri stofnun eða annarri stofnun sem bær stjórnvöld í samningsríkjunum kunna að gera samkomulag um að falli undir þetta ákvæði, sé hlutafé hennar að öllu eða mestu leyti í eigu ríkisstjórnar Víetnam.
4. Hugtakið „vextir" merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum, hvort sem þær eru tryggðar með veði í fasteign eða ekki, og hvort sem þeim fylgir réttur til hlutdeildar í hagnaði skuldunautar eða ekki. Hugtakið tekur sérstaklega til tekna af ríkisverð-

Article 11
Interest

1. Interest arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. However, such interest may also be taxed in the Contracting State in which it arises, and according to the laws of that State, but if the recipient is the beneficial owner of the interest the tax so charged shall not exceed 10 per cent of the gross amount of the interest. The competent authorities of the Contracting States shall by mutual agreement settle the mode of application of this limitation.

3. Notwithstanding the provisions of paragraphs 1 and 2,
   (a) interest arising in Vietnam shall be exempt from Vietnamese tax if the interest is paid to:
      (i) the State of Iceland, a political subdivision, a local authority or a statutory body thereof;
      (ii) the Central Bank of Iceland;
      (iii) the Industrial Loan Fund or the Industrial Development Fund, or any other similar institution, as may be agreed from time to time between the competent authorities of the Contracting States; or
      (iv) any other institution similar to those mentioned in subparagraph (iii), as may be agreed from time to time between the competent authorities of the Contracting States;
   (b) interest arising in Iceland shall be exempt from Icelandic tax if the interest is paid to:
      (i) the Government of Vietnam, a political subdivision, a local authority or statutory body thereof;
      (ii) the State Bank of Vietnam; or
      (iii) a statutory body, or any other institution the capital of which is wholly or mainly owned by the Government of Vietnam, as may be agreed from time to time between the competent authorities of the Contracting States.
4. The term "interest" as used in this Article means income from debt-claims of every kind, whether or not secured by mortgage, and whether or not carrying a right to participate in the debtor's profits, and in particular, income from government securities and

bréfum og tekna af skuldabéfum eða skuldaviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og vinningar tengdir slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum. Dráttarvextir og kostnaður vegna greiðsludráttar teljast ekki vextir samkvæmt þessari grein.

5. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi vaxtanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem vextirnir myndast, eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við a) slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð, eða við b) viðskipti sem vísað er til í c-lið 1. mgr. 7. gr. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

6. Vextir skulu taldir myndast í samningsríki þegar greiðandinn er það ríki sjálft, sjálfstjórnarhérað, sveitarstjórn eða aðili heimilisfastur í því ríki. Þegar sá aðili sem vextina greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í samningsríki og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð, og vextirnir eru gjaldfærðir hjá hinni föstu atvinnustöð eða föstu stöð, skulu slíkir vextir þó taldir myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stöð er staðsett.

7. Þegar vaxtafjárhæðin er hærri, miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, en sú vaxtafjárhæð sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

income from bonds or debentures, including premiums and prizes attaching to such securities, bonds or debentures. Penalty charges for late payment shall not be regarded as interest for the purpose of this Article.

5. The provisions of paragraphs 1, 2 and 3 shall not apply if the beneficial owner of the interest, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State in which the interest arises, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the debt-claim in respect of which the interest is paid is effectively connected with (a) such permanent establishment or fixed base, or with (b) business activities referred to under (c) of paragraph 1 of Article 7. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

6. Interest shall be deemed to arise in a Contracting State when the payer is that State itself, a political subdivision, a local authority or a resident of that State. Where, however, the person paying the interest, whether he is a resident of a Contracting State or not, has in a Contracting State a permanent establishment or a fixed base in connection with which the indebtedness on which the interest is paid was incurred, and such interest is borne by such permanent establishment or fixed base, then such interest shall be deemed to arise in the State in which the permanent establishment or fixed base is situated.

7. Where, by reason of a special relationship between the payer and the beneficial owner or between both of them and some other person, the amount of the interest, having regard to the debt-claim for which it is paid, exceeds the amount which would have been agreed upon by the payer and the beneficial owner in the absence of such relationship, the provisions of this Article shall apply only to the last-mentioned amount. In such case, the excess part of the payments shall remain taxable according to the laws of each Contracting State, due regard being had to the other provisions of this Agreement.

12. gr.
Þóknanir.

1. Þóknanir, sem myndast í samningsríki og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda samningsríkinu.
2. Slíkar þóknanir má þó einnig skattleggja í því samningsríki þar sem þær myndast og samkvæmt lögum þess ríkis, en sé móttakandinn raunverulegur eigandi þóknananna skal skatturinn sem þannig er á lagður ekki vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð þóknananna.
3. Hugtakið „þóknanir" merkir í þessari grein hvers konar greiðslur, sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til afnota af hvers konar höfundarrétti á verkum á sviði bókmennta, lista eða vísinda þar með töldum kvikmyndum, mynd- eða hljóðsegulböndum fyrir útvarps- eða sjónvarpssendingar, hvers konar einkaleyfum, vörumerkjum, mynstri eða líkani, áætlun, leynilegri formúlu eða framleiðsluaðferð, tölvukerfi eða hugbúnaði fyrir tölvunet, eða fyrir afnot eða rétt til afnota af hvers konar iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaði eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.
4. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar raunverulegur eigandi þóknananna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi frá fastri atvinnustöð í hinu samningsríkinu þar sem þóknanirnar myndast, eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu frá fastri stöð í síðarnefnda ríkinu, og réttindin eða eignin sem þóknanirnar stafa frá er raunverulega bundin við a) slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð eða við b) viðskipti sem vísað er til í c-lið 1. mgr. 7. gr. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.
5. Þóknanir skulu taldar myndast í samningsríki þegar greiðandinn er það ríki sjálft, sjálfstjórnarhérað, sveitarstjórn eða aðili heimilisfastur í því ríki. Þegar sá aðili, sem þóknanirnar greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í samningsríki eða ekki, hefur fasta atvinnustöð eða fasta stöð í samningsríki og skyldan til að greiða þóknanirnar er bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð, og þóknanirnar eru gjaldfærðar hjá hinni föstu atvinnu-

Article 12
Royalties

1. Royalties arising in a Contracting State and paid to a resident of the other Contracting State may be taxed in that other Contracting State.
2. However, such royalties may also be taxed in the Contracting State in which they arise, and according to the laws of that State, but if the recipient is the beneficial owner of the royalties, the tax so charged shall not exceed 10 per cent of the gross amount of the royalties.
3. The term "royalties" as used in this Article means payments of any kind received as a consideration for the use of, or the right to use, any copyright of literary, artistic or scientific work including cinematograph films, or films or tapes used for radio or television broadcasting, any patent, trade mark, design or model, plan, secret formula or process, computer system or networking software or for the use of, or the right to use, industrial, commercial or scientific equipment or for information concerning industrial, commercial or scientific experience.
4. The provisions of paragraphs 1 and 2 shall not apply if the beneficial owner of the royalties, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting State in which the royalties arise, through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the right or property in respect of which the royalties are paid is effectively connected with (a) such permanent establishment or fixed base or with (b) business activities referred to under (c) of paragraph 1 of Article 7. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.
5. Royalties shall be deemed to arise in a Contracting State when the payer is that State itself, a political subdivision, or a local authority or a resident of that State. Where, however, the person paying the royalties, whether he is a resident of a Contracting State or not, has in a Contracting State a permanent establishment or fixed base in connection with which the liability to pay the royalties was incurred, and such royalties are

stöð eða föstu stöð, skulu slíkar þóknanir þó taldar myndast í því ríki þar sem hin fasta atvinnustöð eða fasta stöð er staðsett.

6. Þegar fjárhæð þóknananna er hærri, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem þær eru greiðsla fyrir vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs eiganda eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur eigandi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er skattlögð samkvæmt lögum hvors samningsríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða þessa samnings.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum.

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af sölu fasteignar sem getið er um í 6. gr. og staðsett er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stöð sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur til þess að veita sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda samningsríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stöð.

3. Hagnaður, sem hlýst af sölu skipa eða loftfara sem fyrirtæki í samningsríki notar í flutningum á alþjóðaleiðum eða lausafjár sem tengt er notkun slíkra skipa eða loftfara, skal einungis skattlagður í því samningsríki.

4. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hlýtur af sölu hluta eða sambærilegra réttinda í félagi og eignir félagsins felast að öllu eða mestu leyti í fasteignum sem staðsettar eru í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

borne by such permanent establishment or fixed base, then such royalties shall be deemed to arise in the State in which the permanent establishment or fixed base is situated.

6. Where, by reason of a special relationship between the payer and the beneficial owner or between both of them and some other person, the amount of the royalties, having regard to the use, right or information for which they are paid, exceeds the amount which would have been agreed upon by the payer and the beneficial owner in the absence of such relationship, the provisions of this Article shall apply only to the last-mentioned amount. In such case, the excess part of the payments shall remain taxable according to the laws of each Contracting State, due regard being had to the other provisions of this Agreement.

Article 13

Gains from the Alienation of Property

1. Gains derived by a resident of a Contracting State from the alienation of immovable property referred to in Article 6 and situated in the other Contracting State may be taxed in that other State.
2. Gains from the alienation of movable property forming part of the business property of a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State or of movable property pertaining to a fixed base available to a resident of a Contracting State in the other Contracting State for the purpose of performing independent personal services, including such gains from the alienation of such a permanent establishment (alone or with the whole enterprise) or of such fixed base, may be taxed in that other State.
3. Gains from the alienation of ships or aircraft operated by an enterprise of a Contracting State in international traffic, or movable property pertaining to the operation of such ships or aircraft, shall be taxable only in that Contracting State.
4. Gains derived by a resident of a Contracting State from the alienation of shares or comparable interests in a company, the assets of which consist wholly or principally of immovable property situated in the other Contracting State, may be taxed in that other State.

5. Hagnað, sem hlýst af sölu hluta í félagi sem er heimilisfast í samningsríki, annarra en þeirra sem getið er um í 4. mgr., má skattleggja í því ríki.
6. Hagnað, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í 1., 2., 3., 4. og 5. mgr., skal einungis skattleggja í því samningsríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

14. gr.
Sjálfstæð persónuleg þjónusta.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki hefur af sérfræðiþjónustu eða öðru sjálfstæðu starfi, skulu einungis skattlagðar í því ríki nema í eftirgreindum tilvikum þegar slíkar tekjur má einnig skattleggja í hinu samningsríkinu:

   a) ef hann hefur að jafnaði fasta stöð í hinu samningsríkinu til þess að leysa af hendi störf sín; í því tilviki má leggja skatt á tekjurnar í hinu samningsríkinu, en þó einungis á þann hluta þeirra sem rekja má til þeirrar föstu stöðvar; eða

   b) ef hann dvelur í hinu samningsríkinu í eitt eða fleiri skipti, sem samtals eru 183 dagar eða lengur á tólf mánaða tímabili sem hefst eða lýkur á viðkomandi skattári; í því tilviki má leggja skatt á tekjurnar í síðarnefnda ríkinu, en þó einungis á þann hluta teknanna sem rekja má til starfa hans í því ríki.

2. Hugtakið „sérfræðiþjónusta“ merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, uppeldis- eða kennslumála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.
Launað starf.

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 16., 18., 19., 20. og 21. gr. skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki, nema starfið sé leyst af hendi í hinu samningsríkinu. Ef starfið er leyst þar af hendi má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgjald,

5. Gains from the alienation of shares other than those mentioned in paragraph 4 in a company which is a resident of a Contracting State may be taxed in that State.
6. Gains from the alienation of any property other than that referred to in paragraphs 1, 2, 3, 4 and 5 shall be taxable only in the Contracting State of which the alienator is a resident.

Article 14
Independent Personal Services

1. Income derived by an individual who is a resident of a Contracting State in respect of professional services or other activities of an independent character shall be taxable only in that State except in the following circumstances, when such income may also be taxed in the other Contracting State:
   (a) If he has a fixed base regularly available to him in the other Contracting State for the purpose of performing his activities; in that case, only so much of the income as is attributable to that fixed base may be taxed in that other Contracting State; or
   (b) If his stay in the other Contracting State is for a period or periods amounting to or exceeding in the aggregate 183 days in any twelve month period commencing or ending in the fiscal year concerned; in that case, only so much of the income as is derived from his activities performed in that other State may be taxed in that State.
2. The term "professional services" includes especially independent scientific, literary, artistic, educational or teaching activities as well as the independent activities of physicians, lawyers, engineers, architects, dentists and accountants.

Article 15
Dependent Personal Services

1. Subject to the provisions of Articles 16, 18, 19, 20 and 21, salaries, wages and other similar remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment shall be taxable only in that State unless the employment is exercised in the other Contracting State. If the employment is so exercised, such remuneration as is derived therefrom may be taxed in that other State.
2. Notwithstanding the provisions of paragraph

sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir starf sem hann leysir af hendi í hinu samningsríkinu, einungis skattlagt í fyrrnefnda ríkinu ef:

a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili sem hefst eða lýkur á viðkomandi skattári, og

b) endurgjaldið er greitt af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem er ekki heimilisfastur í hinu ríkinu, og

c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stöð sem vinnuveitandinn hefur í hinu ríkinu.

3. Þrátt fyrir undanfarandi ákvæði þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir starf unnið um borð í skipi eða loftfari sem fyrirtæki í samningsríki notar í flutningum á alþjóðaleiðum í því ríki.

1, remuneration derived by a resident of a Contracting State in respect of an employment exercised in the other Contracting State shall be taxable only in the first-mentioned State if:

(a) the recipient is present in the other State for a period or periods not exceeding in the aggregate 183 days in any twelve month period commencing or ending in the fiscal year concerned, and

(b) the remuneration is paid by, or on behalf of, an employer who is not a resident of the other State, and

(c) the remuneration is not borne by a permanent establishment or a fixed base which the employer has in the other State.

3. Notwithstanding the preceding provisions of this Article, remuneration derived in respect of an employment exercised aboard a ship or aircraft operated in international traffic by an enterprise of a Contracting State may be taxed in that State.

16. gr.
Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki fær fyrir setu í stjórn eða stjórnarígildi í félagi sem heimilisfast er í hinu samningsríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

Article 16
Directors' Fees

Directors' fees and other similar payments derived by a resident of a Contracting State in his capacity as a member of the board of directors or other similar organs of a company which is a resident of the other Contracting State may be taxed in that other State.

17. gr.
Skemmtikraftar og íþróttamenn.

1. Þrátt fyrir ákvæði 15. og 16. gr. má skattleggja tekjur aðila heimilisfasts í samningsríki sem hann aflar í hinu samningsríkinu með persónulegum störfum sem skemmtikraftur, svo sem leikari í leikhúsi eða kvikmyndum, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi, eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.

2. Þegar tekjur af persónulegu starfi, sem leyst er af hendi af skemmtikrafti eða íþróttamanni sem slíkum, renna ekki til skemmtikraftsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila má, þrátt fyrir ákvæði 7., 15. og 16. gr., skattleggja tekjurnar í því samningsríki þar sem starfsemi skemmtikraftsins eða íþróttamannsins fer fram.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu tekjur, sem skemmtikraftar eða íþróttamenn heimilisfastir í samningsríki afla með störfum sem

Article 17
Entertainers and Sportsmen

1. Notwithstanding the provisions of Articles 15 and 16, income derived by a resident of a Contracting State as an entertainer, such as a theater, motion picture, radio or television artiste, or a musician, or as a sportsman, from his personal activities as such exercised in the other Contracting State, may be taxed in that other State.

2. Where income in respect of personal activities exercised by an entertainer or a sportsman in his capacity as such accrues not to the entertainer or sportsman himself but to another person, that income may, notwithstanding the provisions of Articles 7, 15 and 16, be taxed in the Contracting State in which the activities of the entertainer or sportsman are exercised.

3. Notwithstanding the provisions of paragraphs 1 and 2, income derived by entertainers or sportsmen who are residents of a Contracting

leyst eru af hendi í hinu samningsríkinu samkvæmt samkomulagi milli ríkisstjórna beggja samningsríkjanna um menningarskipti, undanþegnar skatti í síðarnefnda samningsríkinu.

18. gr.
Eftirlaun.

1. Með þeim undantekningum sem um ræðir í 2. mgr. 19. gr. skulu eftirlaun og annað svipað endurgjald sem greitt er aðila heimilisföstum í samningsríki vegna fyrri starfa hans einungis skattlögð í því ríki.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., og ákvæði 2. mgr. 19. gr., má skattleggja eftirlaun og aðrar svipaðar greiðslur, hvort sem um er að ræða reglubundnar greiðslur eða eingreiðslu, sem greiddar eru samkvæmt almannatryggingalöggjöf samningsríkis, eða samkvæmt öðrum opinberum kerfum samningsríkis sem komið er á fót til að tryggja velferð almennings, í því ríki.

19. gr.
Opinbert starf.

1. a) Starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, að undanskildum eftirlaunum, sem greidd eru af samningsríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarahéraðs eða sveitarstjórnar, skulu einungis skattlögð í því ríki.
   b) Slík starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef starfið er leyst þar af hendi og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:
      (i) er ríkisborgari þess ríkis; eða
      (ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að leysa þetta starf af hendi.
2. a) Eftirlaun, sem greidd eru af eða úr sjóðum stofnuðum af samningsríki eða sjálfstjórnarhéraði eða sveitarstjórn þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þess ríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess, skulu einungis skattlögð í því ríki.
   b) Slík eftirlaun skulu þó einungis skattlögð í hinu samningsríkinu ef maðurinn er heimilisfastur þar og er jafnframt ríkisborgari þess ríkis.
3. Ákvæði 15., 16. og 18. gr. skulu gilda um

State from activities in the other Contracting State under a plan of cultural exchange between the Governments of both Contracting States shall be exempt from tax in that other Contracting State.

Article 18
Pensions

1. Subject to the provisions of paragraph 2 of Article 19, pensions and other similar remuneration paid to a resident of a Contracting State in consideration of past employment shall be taxable only in that State.
2. Notwithstanding the provisions of paragraph 1, and the provisions of paragraph 2 of Article 19, pensions paid and other benefits, whether periodic or lump-sum compensation, granted under the social security legislation of a Contracting State or under any public scheme organized by a Contracting State for social welfare purposes may be taxed in that State.

Article 19
Government Service

1. (a) Salaries, wages and other similar remuneration, other than a pension, paid by a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof to an individual in respect of services rendered to that State or subdivision or authority shall be taxable only in that State.

   (b) However, such salaries, wages and other similar remuneration shall be taxable only in the other Contracting State if the services are rendered in that State and the individual is a resident of that State who:
      (i) is a national of that State; or
      (ii) did not become a resident of that State solely for the purpose of rendering the services.
2. (a) Any pension paid by, or out of funds created by, a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof to an individual in respect of services rendered to that State or subdivision or authority shall be taxable only in that State.
   (b) However, such pension shall be taxable only in the other Contracting State if the individual is a resident of, and a national of, that other State.
3. The provisions of Articles 15, 16 and 18 shall

starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald og um eftirlaun sem greidd eru fyrir störf leyst af hendi í tengslum við atvinnurekstur á vegum samningsríkis eða sjálfstjórnarhéraðs eða sveitarstjórnar þess.

20. gr.
Námsmenn og starfsnemar.

Námsmaður eða starfsnemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til samningsríkis heimilisfastur í hinu samningsríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal undanþeginn skattlagningu í því ríki á greiðslur sem hann fær til að standa straum af kostnaði við framfærslu sína, nám eða þjálfun, enda komi slíkar greiðslur frá aðilum utan þess ríkis.

21. gr.
Kennarar, prófessorar og rannsóknarmenn.

1. Maður sem er, eða var rétt fyrir komu sína til samningsríkis, heimilisfastur í hinu samningsríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda samningsríkinu í þeim megintilgangi að kenna, halda fyrirlestra eða stunda rannsóknir við háskóla, framhaldsskóla, skóla eða menntastofnun eða rannsóknarstofnun á sviði vísinda sem viðurkennd er af ríkisstjórn fyrrnefnda samningsríkisins skal í tvö ár frá þeim degi þegar hann kemur fyrst til fyrrnefnda samningsríkisins undanþeginn skattlagningu í fyrrnefnda samningsríkinu á endurgjald fyrir slíka kennslu, fyrirlestra eða rannsóknir.

2. Þessi grein skal einungis gilda um tekjur af rannsóknum ef slíkar rannsóknir eru stundaðar af manni í þágu almennings og ekki aðallega til hagsbóta fyrir annan tiltekinn eða aðra tiltekna einkaaðila.

22. gr.
Aðrar tekjur.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í samningsríki aflar og ekki er fjallað um í fyrri greinum þessa samnings, skulu einungis skattlagðar í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.
2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um tekjur, að undanskildum tekjum af fasteign eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 6. gr., ef viðtakandi teknanna er heimilisfastur í samningsríki og hann rekur starfsemi í hinu samningsríkinu frá fastri atvinnustöð sem þar er staðsett

apply to salaries, wages and other similar remuneration and pensions in respect of services rendered in connection with a business carried on by a Contracting State or a political subdivision or a local authority thereof.

Article 20
Students and Apprentices

Payments which a student or business apprentice who is or was immediately before visiting a Contracting State a resident of the other Contracting State and who is present in the first-mentioned State solely for the purpose of his education or training receives for the purpose of his maintenance, education or training shall not be taxed in that State, provided that such payments arise from sources outside that State.

Article 21
Teachers, Professors and Researchers

1. An individual who is, or immediately before visiting a Contracting State was, a resident of the other Contracting State and is present in the first-mentioned Contracting State for the primary purpose of teaching, giving lectures or conducting research at a university, college, school or educational institution or scientific research institution accredited by the Government of the first-mentioned Contracting State shall be exempt from tax in the first-mentioned Contracting State, for a period of two years from the date of his first arrival in the first-mentioned Contracting State, in respect of remuneration for such teaching, lectures or research.
2. This Article shall only apply to income from research if such research is undertaken by an individual for the public interest and not primarily for the benefit of some other private person or persons.

Article 22
Other Income

1. Items of income of a resident of a Contracting State, wherever arising, not dealt with in the foregoing Articles of this Agreement shall be taxable only in that State.

2. The provisions of paragraph 1 shall not apply to income, other than income from immovable property as defined in paragraph 2 of Article 6, if the recipient of such income, being a resident of a Contracting State, carries on business in the other Contracting

eða hann veitir sjálfstæða persónulega þjónustu í hinu ríkinu frá fastri stöð sem þar er staðsett, og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stöð. Í því tilviki skulu ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda, eftir því sem við á.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má einnig skattleggja tekjur aðila heimilisfasts í samningsríki sem stafa frá hinu samningsríkinu og ekki er fjallað um í fyrri greinum þessa samnings, í síðarnefnda ríkinu.

23. gr.

Aðferðir til að komast hjá tvísköttun.

1. Í Víetnam skal komast hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:
   Hafi aðili heimilisfastur í Víetnam tekjur, hagnað eða ágóða, sem samkvæmt íslenskum lögum og samkvæmt þessum samningi má skattleggja á Íslandi, skal Víetnam heimila sem frádrátt frá skatti þess á tekjur, hagnað eða ágóða fjárhæð sem svarar til þess skatts sem greiddur hefur verið á Íslandi. Fjárhæð frádráttarins skal þó ekki vera hærri en sem nemur víetnömskum skatti á þær tekjur, þann hagnað eða ágóða reiknaðs samkvæmt víetnömskum skattalögum og reglugerðum fyrir slíkan frádrátt.
2. Á Íslandi skal komist hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:
   a) Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi hefur tekjur, sem samkvæmt ákvæðum þessa samnings skulu einungis skattlagðar eða má skattleggja í Víetnam, skal Ísland heimila, ef það brýtur ekki í bága við ákvæði b-liðar þessarar málsgreinar, sem frádrátt frá íslenskum tekjuskatti þann hluta íslenska tekjuskattsins sem svarar til teknanna sem rekja má til Víetnam og reiknaður er með sama hætti og með sama skatthlutfalli og íslenskur tekjuskattur annar sem lagður er á aðrar tekjur en þær sem rekja má til Víetnam.
   b) Þegar aðili heimilisfastur á Íslandi hefur tekjur, sem samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 12. gr., 4. og 5. mgr. 13. gr., 1. og 3. mgr. 15. gr., 16. gr., 1. og 2. mgr. 17. gr., 2. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 22. gr. má skattleggja í

State through a permanent establishment situated therein, or performs in that other State independent personal services from a fixed base situated therein, and the right or property in respect of which the income is paid is effectively connected with such permanent establishment or fixed base. In such case the provisions of Article 7 or Article 14, as the case may be, shall apply.

3. Notwithstanding the provisions of paragraphs 1 and 2, items of income of a resident of a Contracting State not dealt with in the foregoing Articles of this Agreement and arising in the other Contracting State may also be taxed in that other State.

Article 23

Methods for Elimination of Double Taxation

1. In Vietnam, double taxation shall be eliminated as follows:
   Where a resident of Vietnam derives income, profits or gains which under the law of Iceland and in accordance with this Agreement may be taxed in Iceland, Vietnam shall allow as a credit against its tax on the income, profits or gains an amount equal to the tax paid in Iceland. The amount of credit, however, shall not exceed the amount of the Vietnamese tax on that income, profits or gains computed in accordance with the taxation laws and regulations of Vietnam before the credit is given.
2. In Iceland, double taxation shall be eliminated as follows:
   a) Where a resident of Iceland derives items of income which, in accordance with the provisions of this Agreement, shall be taxable only or may be taxed in Vietnam, Iceland shall, subject to the provisions of subparagraph b) of this paragraph, allow as a deduction from the Icelandic income tax that part of the Icelandic income tax which is applicable to the income derived from Vietnam which is calculated in the same manner and at the same tax rate as of other Icelandic income tax imposed on the income other than from Vietnam.
   b) Where a resident of Iceland derives items of income which, in accordance with the provisions of paragraphs 2 and 3 of Article 10, paragraph 2 of Article 11, paragraph 2 of Article 12, paragraphs 4 and 5 of Article 13, paragraphs 1 and 3

Víetnam, skal Ísland heimila að dregin sé frá íslenskum tekjuskatti þessa heimilisfasta aðila fjárhæð sem svarar til þess skatts sem greiddur hefur verið í Víetnam. Frádráttur þessi skal þó ekki vera hærri en sá hluti skattsins, reiknaður fyrir slíkan frádrátt, sem lagður er á þær tekjur sem rekja má til Víetnam.

c) Hvað b-lið þessarar málsgreinar varðar skal víetnamskur skattur í hverju tilviki talinn nema 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahluta, vaxta og þóknana sem rekja má til Víetnam. Ákvæðum þessarar málsgreinar skal beita í 15 ár frá gildistökudegi samningsins.

of Article 15, Article 16, paragraphs 1 and 2 of Article 17, paragraph 2 of Article 18 and paragraph 3 of Article 22 may be taxed in Vietnam, Iceland shall allow as a deduction from the tax on income of that resident an amount equal to the tax paid in Vietnam. Such deduction shall not, however, exceed that part of the tax, as computed before the deduction is given, which is attributable to such items of income derived from Vietnam.

c) For the purpose of subparagraph b) of this paragraph, the tax paid in Vietnam in any case shall be deemed to be 15 per cent of the gross amount of dividends, interests and royalties derived from Vietnam. The provisions of this subparagraph shall be applied for a period of 15 years from the date the Agreement shall have effect.

24. gr.
Bann við mismunun.

1. Ríkisborgarar samningsríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu samningsríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða unnt er að láta þá sæta við sömu aðstæður, sérstaklega að því er varðar heimilisfesti.

2. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í samningsríki hefur í hinu samningsríkinu, skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams konar starfsemi með höndum. Þetta ákvæði skal ekki skýra þannig að það skyldi samningsríki til að veita aðilum heimilisföstum í hinu samningsríkinu nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnanir og lækkun skatta vegna hjúskaparstöðu eða fjölskyldu framfærslu sem það veitir þeim aðilum sem þar eru heimilisfastir.

3. Þótt fjármagn fyrirtækja í samningsríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða undir stjórn eins eða fleiri aðila sem eru heimilisfastir í hinu samningsríkinu skulu þau ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum kröfum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar sem heimilisföst eru í fyrrnefnda ríkinu sæta eða unnt er að láta þau sæta.

Article 24
Non-discrimination

1. Nationals of a Contracting State shall not be subjected in the other Contracting State to any taxation or any requirement connected therewith which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which nationals of that other State in the same circumstances, in particular with respect to residence, are or may be subjected.

2. The taxation on a permanent establishment which an enterprise of a Contracting State has in the other Contracting State shall not be less favorably levied in that other State than the taxation levied on enterprises of that other State carrying on the same activities. This provision shall not be construed as obliging a Contracting State to grant to residents of the other Contracting State any personal allowances, reliefs and reductions for taxation purposes on account of civil status or family responsibilities which it grants to its own residents.

3. Enterprises of a Contracting State, the capital of which is wholly or partly owned or controlled, directly or indirectly, by one or more residents of the other Contracting State, shall not be subjected in the first-mentioned State to any taxation or any requirement connected therewith which is other or more burdensome than the taxation and connected requirements to which other similar enterprises of the first-mentioned State are or may be subjected.

4. Ákvæði 2. og 3. mgr. skulu ekki eiga við um víetnamskan afdráttarskatt á hagnað sem hvað sem öðru líður skal ekki vera hærri en 10 af hundraði af vergri fjárhæð hagnaðar sem greiddur er né um víetnamska skattlagningu á starfsemi tengda landbúnaðarframleiðslu.
5. Þóknanir og aðrar greiðslur, aðrar en vextir, sem greiddar eru af fyrirtæki í samningsríki til aðila heimilisfasts í hinu samningsríkinu, skulu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskylds hagnaðar fyrirtækisins með sömu skilyrðum og ef þær hefðu verið greiddar til aðila heimilisfasts í fyrrnefnda ríkinu, nema ákvæði 1. mgr. 9. gr. eða 6. mgr. 12. gr. eigi við.
6. Ekkert í þessari grein skal skýra þannig að það skyldi samningsríki til að veita mönnum sem ekki eru heimilisfastir í því ríki nokkurn þann persónufrádrátt, ívilnanir og lækkun skatta sem það veitir þeim mönnum sem þar eru heimilisfastir.
7. Svo lengi sem Víetnam veitir fjárfestum leyfi samkvæmt lögum um erlenda fjárfestingu í Víetnam, sem tilgreina þá skattlagningu sem fjárfestirinn skal sæta, skal slík álagning ekki talin brjóta gegn skilmálum 2. og 3. mgr. þessarar greinar, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar.
8. Ákvæði þessarar greinar skulu einungis gilda um þá skatta sem þessi samningur tekur til.

25. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Þegar aðili heimilisfastur í samningsríki telur að ráðstafanir sem gerðar eru af hæru stjórnvaldi í öðru hvoru eða báðum samningsríkjunum leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt þau réttarúrræði sem lög þessara ríkja kveða á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því samningsríki þar sem hann er heimilisfastur. Málið verður að leggja fyrir innan þriggja ára frá því að fyrsta tilkynningin berst um aðgerðir sem leiða til skattlagningar sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins.
2. Ef hið bæra stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst

4. The provisions of paragraphs 2 and 3 of this Article shall not apply to the Vietnamese profit remittance tax which in any case shall not exceed 10 per cent of the gross amount of profit remitted and the Vietnamese taxation in respect of agricultural production activities.
5. Except where the provisions of paragraph 1 of Article 9 or paragraph 6 of Article 12, apply, royalties and other disbursements other than interest paid by an enterprise of a Contracting State to a resident of the other Contracting State shall, for the purpose of determining the taxable profits of such enterprise, be deductible under the same conditions as if they had been paid to a resident of the first-mentioned State.
6. Nothing contained in this Article shall be construed as obliging either Contracting State to grant to individuals not resident in that State any of the personal allowances, reliefs and reductions for tax purposes which are granted to individuals so resident.
7. Notwithstanding the provisions of this Article, for so long as Vietnam continues to grant to investors licenses under the Law on Foreign Investment in Vietnam, which specify the taxation to which the investor shall be subjected, the imposition of such taxation shall not be regarded as breaching the terms of paragraphs 2 and 3 of this Article.
8. The provisions of this Article shall apply only to the taxes which are the subject of this Agreement.

Article 25

Mutual Agreement Procedure

1. Where a person who is a resident of a Contracting State considers that the actions of the competent authority of one or both of the Contracting States result or will result for him in taxation not in accordance with the provisions of this Agreement, he may, irrespective of the remedies provided by the domestic law of those States, present his case to the competent authority of the Contracting State of which that person is a resident. The case must be presented within three years from the first notification of the action resulting in taxation not in accordance with the provisions of the Agreement.
2. The competent authority shall endeavour, if the objection appears to it to be justified and

málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu samningsríkinu í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samningsins. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda óháð öllum tímatakmörkunum sem í gildi eru samkvæmt lögum samningsríkjanna.

3. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu sameiginlega leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi beitingu samningsins. Þau geta einnig ráðgast sín á milli í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum.

4. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að ná samkomulagi í samræmi við undanfarandi málsgreinar. Bær stjórnvöld skulu með samráði ákveða tvíhliða málsmeðferð, skilmála, leiðir og starfsaðferðir við beitingu þess gagnkvæma samkomulags sem þessi grein kveður á um.

26. gr.
Skipti á upplýsingum.

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum sem máli skipta fyrir framkvæmd ákvæða þessa samnings eða laga samningsríkjanna varðandi skatta sem þessi samningur tekur til að því leyti sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við ákvæði samningsins, einkum til að koma í veg fyrir svik eða undanskot varðandi slíka skatta. Með allar upplýsingar sem mótteknar eru af samningsríki skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum þess ríkis og skulu eingöngu gerðar kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og stjórnsýsluaðilum) sem hafa með höndum álagningu eða innheimtu á þeim sköttum sem samningurinn tekur til, fullnustu- eða ákæruvald varðandi þá skatta eða úrskurði um kærur vegna þeirra skatta. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í greindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.

if it is not itself able to arrive at a satisfactory solution, to resolve the case by mutual agreement with the competent authority of the other Contracting State, with a view to the avoidance of taxation which is not in accordance with this Agreement. Any agreement reached shall be implemented notwithstanding any time limits in the domestic law of the Contracting States.

3. The competent authorities of the Contracting States shall jointly endeavour to resolve any difficulties or doubts arising as to the application of the Agreement. They may also consult together for the elimination of double taxation in cases not provided for in the Agreement.

4. The competent authorities of the Contracting States may communicate with each other directly for the purpose of reaching an agreement in the sense of the preceding paragraphs. The competent authorities, through consultations, shall develop appropriate bilateral procedures, conditions, methods and techniques for the implementation of the mutual agreement procedure provided for in this Article.

Article 26
Exchange of Information

1. The competent authorities of the Contracting States shall exchange such information as is necessary for carrying out the provisions of this Agreement or of the domestic laws of the Contracting States concerning taxes covered by the Agreement insofar as the taxation thereunder is not contrary to the Agreement, in particular for the prevention of fraud or evasion of such taxes. Any information received by a Contracting State shall be treated as secret in the same manner as information obtained under the domestic laws of that State and shall be disclosed only to persons or authorities (including courts and administrative bodies) involved in the assessment or collection of, the enforcement or prosecution in respect of, or the determination of appeals in relation to, the taxes covered by the Agreement. Such persons or authorities shall use the information only for such purposes. They may disclose the information in public court proceedings or in judicial decisions.

2. Ákvæði 1. mgr. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi skyldur á samningsríki til að:
   a) framkvæma stjórnsýsluráðstafanir sem víkja frá lögum og stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;

   b) veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða eðlilegum stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
   c) veita upplýsingar sem myndu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðiþekkingar eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn almannareglu ef þær væru gerðar opinberar.

2. In no case shall the provisions of paragraph 1 be construed so as to impose on a Contracting State the obligation:
   (a) to carry out administrative measures at variance with the laws and administrative practice of that or of the other Contracting State;
   (b) to supply information which is not obtainable under the laws or in the normal course of the administration of that or of the other Contracting State;
   (c) to supply information which would disclose any trade, business, industrial, commercial or professional secret or trade process, or information, the disclosure of which would be contrary to public policy.

27. gr.

Sendiráðsmenn og starfsmenn ræðisstofnana.

Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á skattaívilnanir sem sendiráðsmenn eða starfsmenn ræðisstofnana njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

Article 27

Diplomatic Agents and Consular Officers

Nothing in this Agreement shall affect the fiscal privileges of diplomatic agents or consular officers under the general rules of international law or under the provisions of special agreements.

28. gr.

Gildistaka.

1. Hvort samningsríki um sig skal tilkynna hinu skriflega eftir diplómatískum leiðum þegar málsmeðferð, sem krafist er í löggjöf þess fyrir gildistöku þessa samnings, er lokið. Samningurinn skal öðlast gildi þann dag sem síðari tilkynningin er dagsett.

2. Ákvæði samningsins skulu koma til framkvæmda:
   a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna skattskyldra fjárhæða sem greiddar eru frá og með 1. janúar sem fylgir næst á eftir því almanaksári þegar samningurinn öðlast gildi, og á síðari almanaksárum;
   b) að því er varðar aðra skatta, vegna tekna, hagnaðar eða ágóða sem myndast á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári þegar samningurinn öðlast gildi, og á síðari almanaksárum.

Article 28

Entry into Force

1. Each of the Contracting States shall notify to the other in writing through diplomatic channels the completion of the procedures required by its legislation for the entry into force of this Agreement. This Agreement shall enter into force on the date of the latter of these notifications.
2. This Agreement shall have effect:

   (a) in respect of taxes withheld at source, in relation to taxable amount paid on or after 1 January following the calendar year in which the Agreement enters into force, and in any subsequent calendar years;

   (b) in respect of other taxes, in relation to income, profits or gains arising in the calendar year following the calendar year in which the Agreement enters into force, and in any subsequent calendar years.

29. gr.
Uppsögn.

Samningur þessi skal gilda þar til honum er sagt upp af öðru samningsríkjanna. Hvort samningsríkjanna um sig getur sagt upp samningnum eftir diplómatískum leiðum með skriflegri tilkynningu til hins samningsríkisins um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok hvers almanaksárs sem hefst eftir að fimm ár eru liðin frá gildistöku samningsins. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt:

a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna skattskyldra fjárhæða sem greiddar eru frá og með 1. janúar sem fylgir næst á eftir því almanaksári þegar tilkynnt er um uppsögn, og á síðari almanaksárum;
b) að því er varðar aðra skatta, vegna tekna, hagnaðar eða ágóða sem myndast á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því almanaksári þegar tilkynnt er um uppsögn, og á síðari almanaksárum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Hanoi hinn 3. apríl 2002 á íslensku, víetnömsku og ensku og skulu allir textarnir jafngildir. Ef vafi leikur á túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands
Ólafur Egilsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
alþýðulýðveldisins Víetnam
Nguyen Sinh Hung

Article 29
Termination

This Agreement shall remain in force until terminated by one of the Contracting States. Either Contracting State may terminate the Agreement, through diplomatic channels, by giving to the other Contracting State written notice of termination at least six months before the end of any calendar year beginning after the expiry of five years from the date of entry into force of the Agreement. In such event, the Agreement shall cease to have effect:

(a) in respect of taxes withheld at source, in relation to taxable amount paid on or after 1 January following the calendar year in which the notice of termination is given, and in any subsequent calendar years;
(b) in respect of other taxes, in relation to income, profits or gains arising in the calendar year following the calendar year in which the notice of termination is given, and in any subsequent calendar years.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Agreement.

DONE in duplicate at Hanoi on 3 April 2002 in the Icelandic, Vietnamese and English languages, all texts being equally authentic. In case of divergence of interpretation, the English text shall prevail.

FOR THE GOVERNMENT OF
THE REPUBLIC OF ICELAND
Ólafur Egilsson

FOR THE GOVERNMENT OF THE
SOCIALIST REPUBLIC OF VIETNAM
Nguyen Sinh Hung

BÓKUN

Við undirritun samnings milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar alþýðulýðveldisins Víetnam til þess að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur hafa undirritaðir orðið ásáttir um að eftirfarandi ákvæði skuli vera óaðskiljanlegur hluti samningsins:

PROTOCOL

At the moment of signing the Agreement between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the Socialist Republic of Vietnam for the avoidance of double taxation and the prevention of fiscal evasion with respect to taxes on income, the undersigned have agreed upon the following provision which shall constitute an integral part of the Agreement:

Aðilar eru sammála um að 2. mgr. 2. gr. samningsins taki ekki til hins íslenska tryggingagjalds sem notað er til að fjármagna almannatryggingakerfið á Íslandi samkvæmt lögum nr. 113/1990.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

Gjört í tvíriti í Hanoi hinn 3. apríl 2002 á íslensku, víetnömsku og ensku og skulu allir textarnir jafngildir. Ef vafi leikur á túlkun skal enski textinn ráða.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands
Ólafur Egilsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
alþýðulýðveldisins Víetnam
Nguyen Sinh Hung

It is understood that an Icelandic Payroll Tax which is used to finance the social security system in Iceland according to Act no. 113 from 1990 is not covered by paragraph 2 of Article 2 of this Agreement.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Protocol.

DONE in duplicate at Hanoi on 3 April 2002 in the Icelandic, Vietnamese and English languages, all texts being equally authentic. In case of divergence of interpretation, the English text shall prevail.

FOR THE GOVERNMENT OF
THE REPUBLIC OF ICELAND
Ólafur Egilsson

FOR THE GOVERNMENT OF THE
SOCIALIST REPUBLIC OF VIETNAM
Nguyen Sinh Hung

STJÓRNARTÍÐINDI C 2 – 2002

25. janúar 2002 101 Nr. 6

AUGLÝSING

um bókun um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2002.

Hinn 9. nóvember 2001 var undirrituð í Lundúnum sameiginleg bókun um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2002, ásamt bókun um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr stofninum. Bókununum var beitt til bráðabrigða frá 1. janúar 2002. Bókanirnar voru staðfestar af Íslands hálfu 21. desember 2001. Alþingi hafði með ályktun 12. desember 2001 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta bókanirnar.

Sameiginlega bókunin er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og bókunin sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 25. janúar 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal 1.

SAMEIGINLEG BÓKUN
um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2002.

1. Sendinefnd Evrópubandalagsins undir forystu Ole Tougaard, sendinefnd Færeyja undir forystu Andras Kristiansen, sendinefnd Íslands undir forystu Tómasar H. Heiðar, sendinefnd Noregs undir forystu Johán H. Williams og sendinefnd Rússneska sambandsríkisins undir forystu Yuri Arsentjev hittust í London 5.–9. nóvember 2001 til að eiga viðræður um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002. Þessi fundur var í framhaldi af fundi sem haldinn var í Harstad 15.–17. október 2001.

2. Formenn sendinefndanna komu sér saman um að leggja til, hver við sín yfirvöld, að því fyrirkomulagi um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002, sem greinir í I. viðauka við bókun þessa, verði komið á. Enn fremur komu þeir sér saman um

AGREED RECORD
of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock in the Northeast Atlantic for 2002

1. A Delegation of the European Community, headed by Mr. Ole Tougaard, a Delegation of the Faroe Islands, headed by Mr. Andras Kristiansen, a Delegation of Iceland, headed by Mr. Tómas H. Heiðar, a Delegation of Norway, headed by Mr. Johán H. Williams, and a Delegation of the Russian Federation, headed by Mr. Yuri Arsentjev, met in London on 5–19 November 2001 to consult on the management of the Norwegian Spring Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock for 2002. This meeting was a continuation of a meeting held in Harstad on 15–17 October 2001.
2. The Heads of Delegations agreed to recommend to their respective authorities the arrangement for the regulation of the Norwegian Spring Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in 2002 set out in Annex I to this Agreed Record. Furthermore, they

að leggja til, hver við sín yfirvöld, það endurskoðaða fyrirkomulag langtímastjórnunar sem greinir í II. viðauka.

3. Bókun þessari, ásamt tvíhliða samningum sem tengjast framkvæmd hennar, skal beitt til bráðabirgða frá og með 1. janúar 2002 og öðlast bókunin og samningarnir gildi þegar allir aðilar hafa tilkynnt hver öðrum um að nauðsynlegri málsmeðferð sé lokið.

Gjört í London 9. nóvember 2001 í fimm frumeintökum á ensku. Aðilar skulu koma sér saman um opinbera texta bókunar þessarar á ensku, færeysku, íslensku, norsku og rússnesku.

Fyrir sendinefnd Evrópubandalagsins
Ole Tougaard

Fyrir sendinefnd Færeyja
Andras Kristiansen

Fyrir sendinefnd Íslands
Tómas H. Heiðar

Fyrir sendinefnd Noregs
Johán H. Williams

Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins
Yuri Arsentjev

I. VIÐAUKI

1. Aðilar voru sammála um að leggja til grundvallar að leyfilegur heildarafli úr norsk-íslenska síldarstofninum verði 851.500 lestir á árinu 2002.

2. Samkvæmt framantöldu voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002 við 850.000 lestir á grundvelli eftirfarandi kvóta:

Evrópubandalagið	71.260	lestir*
Færeyjar	46.420	lestir*
Ísland	132.080	lestir
Noregur	484.500	lestir
Rússneska sambandsríkið	115.740	lestir

3. Aðilar koma sér tvíhliða saman um aðrar ráðstafanir, m.a. um heimildir til veiða hver í annars fiskveiðilögsögu og önnur skilyrði fyrir veiðum þar.

* Færeyjar og Evrópubandalagið munu í tvíhliða samningi skiptast á 2.580 lestum.

agreed to recommend to their respective authorities the revised longterm management arrangement set out in Annex II.

3. This Agreed Record, including the bilateral arrangements related to the implementation of this Agreed Record, shall be applied provisionally from 1 January 2002 and enter into force when all Parties have notified each other of the completion of their necessary procedures.

Done at London 9 November 2001 in five originals in English. The Parties shall agree on official texts of this Agreed Record in English, Faroese, Icelandic, Norwegian and Russian.

For the Delegation of the European Community
Ole Tougaard

For the Delegation of the Faroe Islands
Andras Kristiansen

For the Delegation of Iceland
Tómas H. Heiðar

For the Delegation of Norway
Johán H. Williams

For the Delegation of the Russian Federation
Yuri Arsentjev

ANNEX I

1. The Parties agreed to take as a basis a TAC (total allowable catch) for the Norwegian Spring Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock, hereinafter referred to as herring, of 851,500 tonnes in 2002.
2. In keeping with the above, the Parties agreed to restrict their fishing on the herring stock in 2002 to a maximum limit of 850,000 tonnes on the basis of the following quotas:

European Community	71,260	tonnes*
Faroe Islands	46,420	tonnes*
Iceland	132,080	tonnes
Norway	484,500	tonnes
Russian Federation	115,740	tonnes

3. Further arrangements, including arrangements for access and other conditions for fishing in the respective zones of fisheries jurisdiction of the Parties, are regulated by bilateral arrangements.

* Within the bilateral arrangements, the Faroe Islands and the European Community will exchange 2,580 tonnes.

4. Aðilar komu sér saman um að senda eftirfarandi beiðni til ICES:
Þess er óskað að ICES láti í té upplýsingar um ástand stofnsins eins og gert er ráð fyrir í viðauka við gagnkvæma bókun ICES og NEAFC. Enn fremur er þess óskað að ICES láti í té aflaspá fyrir árið 2003 og að miðað verði við fiskveiðidánarstuðla á bilinu F = 0,08–0,15, meðal annars F = 0,125.
Þess er einnig óskað að ICES meti líkindi þess að hrygningarstofninn verði minni en B_{pa} sem er 5.000.000 tonn og B_{lim} sem er 2.500.000 tonn á 5 og 10 ára tímabili miðað við mismunandi þunga sókn sem helst óbreytt út tímabilið, að því tilskildu að hrygningarstofninn sé stærri en B_{pa}. Prófa skal sókn sem miðast meðal annars við fiskveiðidánarstuðlana F = 0,05, 0,08, 0,10, 0,125, 0,15 og 0,2.
Að því er hverja þessara aflaspáa varðar er þess óskað að ICES meti væntanlegt meðaltal hlutfallslegra breytinga á afla frá ári til árs og væntanlegan meðalafla á sama 10 ára tímabili.
ICES skal einkum halda áfram að meta breytilegar aðferðir til að endurreisa hrygningarstofninn ef hann verður minni en B_{pa} sem er 5.000.000 tonn, þar á meðal skal meta kosti þess að fiskveiðidánarstuðullinn lækki í sama hlutfalli og hrygningarstofninn ef hann verður minni en B_{pa}. Markmið hinna ýmsu aðferða við að endurreisa stofninn skulu leiða til þess að miklar líkur verði á því að komið verði í veg fyrir að stofninn verði minni en B_{lim} og tryggja að hann stækki á ný upp fyrir B_{pa} innan fyrirsjáanlegra tímamarka.
Þess er óskað að ICES láti þessar upplýsingar í té fyrir 15. september 2002.

II. VIÐAUKI
Fyrirkomulag langtímastjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum.

Aðilar voru sammála um að framkvæma langtímastjórnunaráætlun vegna veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum sem sé í samræmi við varúðarleiðina og sé ætlað að halda nýtingu innan öruggra líffræðilegra marka og tryggja sjálfbærar veiðar. Áætlunin skal samanstanda af eftirfarandi:

1. Leitast skal við eftir fremsta megni að halda hrygningarstofninum yfir hættumörkunum (Blim) 2.500.000 tonnum.
2. Að því er árið 2002 og eftirfarandi ár varðar voru aðilar sammála um að takmarka veiðar sínar á grundvelli leyfilegs heildarafla í

4. The Parties agreed to submit the following request to ICES:
ICES is requested to provide information about the stock development in accordance with the Annex of the Memorandum of Understanding with NEAFC. Furthermore, it should provide catch options for 2003 based on fishing mortalities in the range F = 0.08 to 0.15 including F = 0.125.
ICES should evaluate the probability that the SSB will fall below Bpa of 5,000,000 tonnes and B_{lim} of 2,500,000 tonnes in a 5 and 10year period at various levels of constant fishing mortalities while the SSB is above B_{pa}, including values in the range of F = 0.05, 0.08, 0.10, 0.125, 0.15, 0.2.

For each of these combinations, evaluate the expected average percentage change in catches from year to year and the expected average catches over the same tenyear period.
ICES should particularly continue to evaluate adaptive recovery strategies, including an option with linear reduction in F, in the event SSB falls below B_{pa} of 5,000,000 tonnes. The strategies should aim at preventing the SSB from falling below B_{lim} with a high probability and ensure the safe recovery of the stock to above B_{pa} at various time horizons.

ICES is requested to provide this information before 15 September 2002.

ANNEX II
Arrangement on the Long-term Management of the Norwegian Spring Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock

The Parties agreed to implement a long-term management plan for the Norwegian spring spawning (Atlanto-Scandian) herring stock, which is consistent with a precautionary approach, intended to constrain harvesting within safe biological limits and designed to provide for sustainable fisheries. The plan shall consist of the following:

1. Every effort shall be made to maintain a level of Spawning Stock Biomass (SSB) greater than the critical level (Blim) of 2,500,000 tonnes.
2. For the year 2002 and subsequent years, the Parties agreed to restrict their fishing on the basis of a TAC consistent with a fishing mor-

samræmi við fiskveiðidánarstuðul undir 0,125 fyrir viðeigandi aldurshópa eins og skilgreint er af ICES, nema vísindaráðgjöf í framtíðinni krefjist breytinga á þessum fiskveiðidánarstuðli.

3. Skyldi hrygningarstofninn minnka niður fyrir viðmiðunarmörkin 5.000.000 tonn (B_{pa}) skal aðlaga fiskveiðidánarstuðulinn sem getið er um í 2. mgr. í ljósi vísindalegs mats á ríkjandi aðstæðum til að tryggja að hrygningarstofninum verði með öruggum og skjótum hætti komið yfir 5.000.000 tonn. Grundvöllur slíkrar aðlögunar skal vera a.m.k. hlutfallsleg lækkun fiskveiðidánarstuðuls frá 0,125 við B_{pa} (5.000.000 tonn) niður í 0,05 við B_{lim} (2.500.000 tonn).
4. Aðilar skulu, eftir því sem við á, endurskoða þessar stjórnunarráðstafanir og nýtingarstefnu á grundvelli nýrrar ráðgjafar sem ICES lætur í té.

tality rate of less than 0.125 for appropriate age groups as defined by ICES, unless future scientific advice requires modification of this fishing mortality rate.

3. Should the SSB fall below a reference point of 5,000,000 tonnes (B_{pa}), the fishing mortality rate, referred to under paragraph 2, shall be adapted in the light of scientific estimates of the conditions then prevailing to ensure a safe and rapid recovery of the SSB to a level in excess of 5,000,000 tonnes. The basis for such adaptation should be at least a linear reduction in the fishing mortality rate from 0.125 at B_{pa} (5,000,000 tonnes) to 0.05 at B_{lim} (2,500,000 tonnes).
4. The Parties shall, as appropriate, review and revise these management measures and strategies on the basis of any new advice provided by ICES.

Fylgiskjal 2.

BÓKUN
um sérstakar verndunarráðstafanir með tilliti til stjórnunar veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002.

Með vísan til liðar 2.1 í bókun um verndun, skynsamlega nýtingu og stjórnun veiða á norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi og sameiginlegrar bókunar um niðurstöður fiskveiðiviðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2002 sem undirrituð var í dag.

Rússneska sambandsríkið skal láta 6.800 lestir af kvóta sínum á árinu 2002 í efnahagslögsögu sinni í Barentshafi óveiddar í verndunarskyni.

Gjört í London 9. nóvember 2001 í fjórum frumeintökum á ensku.

Fyrir sendinefnd Færeyja
Andras Kristiansen

Fyrir sendinefnd Íslands
Tómas H. Heiðar

Fyrir sendinefnd Noregs
Johán H. Williams

Fyrir sendinefnd Rússneska sambandsríkisins
Yuri Arsentjev

UNDERSTANDING
on Special Conservation Measures with Respect to Management of the Norwegian Spring Spawning (Atlanto-Scandian) Herring Stock in 2002

With reference to Article 2.1 of the Protocol on the Conservation, Rational Utilisation and Management of Norwegian Spring Spawning (Atlanto-Scandian) herring in the Northeast Atlantic, and with reference to the Agreed Record of Conclusions of Fisheries Consultations on the Management of the Norwegian Spring Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the Northeast Atlantic for 2002 signed today.

The Russian Federation shall reserve, for conservation purposes, 6,800 tonnes of its quota for 2002 in its Exclusive Economic Zone in the Barents Sea.

Done at London 9 November 2001 in four originals in English.

For the Delegation of the Faroe Islands
Andras Kristiansen

For the Delegation of Iceland
Tómas H. Heiðar

For the Delegation of Norway
Johán H. Williams

For the Delegation of the Russian Federation
Yuri Arsentjev

AUGLÝSING

um samning við Færeyjar um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002.

Hinn 9. nóvember 2001 var undirritaður í Lundúnum samningur milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002. Samningnum var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2002. Samningurinn var staðfestur af Íslands hálfu 21. desember 2001. Alþingi hafði með ályktun 12. desember 2001 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 25. janúar 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Færeyja um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002.

Ísland og Færeyjar

vísa til niðurstöðu samningaviðræðna um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2002 milli Evrópubandalagsins, Færeyja, Íslands, Noregs og Rússlands í London 9. nóvember 2001

og hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Ísland heimilar færeyskum veiðiskipum að veiða 46.420 tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum innan efnahagslögsögu Íslands samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

Færeyjar heimila íslenskum veiðiskipum að veiða 132.080 tonn úr norsk-íslenska síldarstofninum innan fiskveiðilögsögu Færeyja samkvæmt þeim reglum sem gilda um veiðar þar.

2. gr.

Hvor aðili um sig skal tilkynna lista með þeim veiðiskipum sem hyggjast stunda veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum innan lögsögu hins aðilans. Veiðiskip sem eru á listum þessum hafa ein rétt til veiða innan lögsögu þess aðila.

Áður en veiðar hefjast skal tilkynna viðkomandi yfirvöldum um nafn skips og veita aðrar upplýsingar er máli skipta.

Skip skal tilkynna um komu inn í lögsögu og staðarákvörðun og gefa upplýsingar um afla sem veiddur hefur verið fyrir komu inn í lögsöguna

SEMJA
millum Føroyar og Ísland um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini í 2002.

Føroyar og Ísland,

vísa til niðurstøðu í samráðingunum, sum hava verið um fyrisiting av várgýtandi norðurhavssildini í 2002 millum Europeiska Felagsskapin, Føroyar, Ísland, Noreg og Russland í London 9. november 2001,

hava gjørt semju um fylgjandi:

1. gr.

Ísland loyvir føroyskum fiskiførum at veiða 46.420 tons av várgýtandi norðurhavssild á íslendska búskaparliga økinum undir teimum reglum, sum galda fyri fiskiskapi á hesum øki.

1. Þegar skýrsla er send aðalframkvæmdastjóranum samkvæmt ákvæðum 21. og 22. gr. ber sérhverjum samningsaðila að afhenda afrit af skýrslunni þeim landssamtökum sem eiga aðild að alþjóðasamtökum vinnuveitenda og stéttarfélaga og eiga fulltrúa á fundi embættismannanefndarinnar samkvæmt 2. mgr. 27. gr. Þessi samtök skulu senda aðalframkvæmdastjóranum hvers konar athugasemdir við skýrslur samningsaðila. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda afrit af slíkum athugasemdum til hlutaðeigandi samningsaðila sem kunna að óska eftir að veita andsvör.

PROTOCOL
amending the European Social Charter

The member States of the Council of Europe, signatory to this Protocol to the European Social Charter, opened for signature in Turin on 18 October 1961 (hereinafter referred to as „the Charter"),

Being resolved to take some measures to improve the effectiveness of the Charter, and particularly the functioning of its supervisory machinery,

Considering therefore that it is desirable to amend certain provisions of the Charter,

Have agreed as follows:

Article 1

Article 23 of the Charter shall read as follows:

"Article 23 – Communication of copies of reports and comments

1. When sending to the Secretary General a report pursuant to Articles 21 and 22, each Contracting Party shall forward a copy of that report to such of its national organisations as are members of the international organisations of employers and trade unions invited, under Article 27, paragraph 2, to be represented at meetings of the Governmental Committee. Those organisations shall send to the Secretary General any comments on the reports of the Contracting Parties. The Secretary General shall send a copy of those comments to the Contracting Parties concerned, who might wish to respond.

2. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda afrit af skýrslum samningsaðila til þeirra frjálsu alþjóðlegu félagasamtaka sem hafa ráðgefandi stöðu við Evrópuráðið og eru sérstaklega bær til að fjalla um þau málefni sem sáttmálinn nær til.

3. Þær skýrslur og athugasemdir sem vísað er til í 21. og 22. gr. og í þessari grein skulu afhentar almenningi ef þess er óskað."

2. gr.

24. gr. sáttmálans hljóðar svo:

„24. gr. – Könnun skýrslna.

1. Nefnd óháðra sérfræðinga, skipuð samkvæmt 25. gr., skal kanna þær skýrslur sem sendar eru aðalframkvæmdastjóranum samkvæmt ákvæðum 21. og 22. gr. Nefndin skal einnig hafa undir höndum hvers konar athugasemdir sem borist hafa aðalframkvæmdastjóranum samkvæmt 1. mgr. 23. gr. Að lokinni könnun sinni skal nefnd óháðu sérfræðinganna semja skýrslu um niðurstöður sínar.

2. Hvað varðar þær skýrslur, sem vísað er til í 21. gr., skal nefnd óháðu sérfræðinganna meta frá lagalegu sjónarmiði hvernig lög og lagaframkvæmd í aðildarríkjunum samræmast skuldbindingum sem þau hafa tekið á sig með sáttmálanum.

3. Nefnd óháðu sérfræðinganna er heimilt að beina beiðnum um viðbótarupplýsingar og skýringar milliliðalaust til samningsaðila. Í því sambandi er nefnd óháðu sérfræðinganna einnig heimilt að halda fundi með fulltrúum samningsaðila ef nauðsyn krefur, hvort sem er að eigin frumkvæði eða að beiðni hlutaðeigandi samningsaðila. Þeim samtökum sem tilgreind eru í 1. mgr. 23. gr. skal tilkynnt um slíkt.

4. Niðurstöður nefndar óháðu sérfræðinganna skulu birtar opinberlega, og sendir aðalframkvæmdastjórinn þær embættismannanefndinni, Evrópuráðsþinginu og þeim samtökum sem getið er um í 1. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 27. gr."

3. gr.

25. gr. sáttmálans hljóðar svo:

„25. gr. – Nefnd óháðra sérfræðinga.

2. The Secretary General shall forward a copy of the reports of the Contracting Parties to the international non-governmental organisations which have consultative status with the Council of Europe and have particular competence in the matters governed by the present Charter.

3. The reports and comments referred to in Articles 21 and 22 and in the present article shall be made available to the public on request."

Article 2

Article 24 of the Charter shall read as follows:

"Article 24 – Examination of the reports

1. The reports sent to the Secretary General in accordance with Articles 21 and 22 shall be examined by a Committee of Independent Experts constituted pursuant to Article 25. The committee shall also have before it any comments forwarded to the Secretary General in accordance with paragraph 1 of Article 23. On completion of its examination, the Committee of Independent Experts shall draw up a report containing its conclusions.

2. With regard to the reports referred to in Article 21, the Committee of Independent Experts shall assess from a legal standpoint the compliance of national law and practice with the obligations arising from the Charter for the Contracting Parties concerned.

3. The Committee of Independent Experts may address requests for additional information and clarification directly to Contracting Parties. In this connection the Committee of Independent Experts may also hold, if necessary, a meeting with the representatives of a Contracting Party, either on its own initiative or at the request of the Contracting Party concerned. The organisations referred to in paragraph 1 of Article 23 shall be kept informed.

4. The conclusions of the Committee of Independent Experts shall be made public and communicated by the Secretary General to the Governmental Committee, to the Parliamentary Assembly and to the organisations which are mentioned in paragraph 1 of Article 23 and paragraph 2 of Article 27."

Article 3

Article 25 of the Charter shall read as follows:

"Article 25 – Committee of Independent Experts

1. Nefnd óháðu sérfræðinganna skal skipuð eigi færri en níu mönnum sem kosnir hafa verið af Evrópuráðsþinginu með meirihluta greiddra atkvæða af lista yfir virtustu og hæfustu sérfræðinga á sviði félagsmála innanlands og á alþjóðavettvangi samkvæmt tilnefningu samningsaðila. Ráðherranefndin ákveður hver fjöldi nefndarmanna skuli vera.

2. Nefndarmenn skulu kjörnir til sex ára. Þeir eru kjörgengir til endurkjörs einu sinni.

3. Nefndarmaður í nefnd óháðu sérfræðinganna sem kjörinn er til að koma í stað nefndarmanns, sem hefur ekki lokið kjörtímabili sínu, skal sitja út kjörtímabil forvera síns.

4. Nefndarmenn sitja í nefndinni sem sjálfstæðir einstaklingar. Á kjörtímabili sínu er þeim ekki heimilt að takast neitt það á hendur sem samrýmist ekki kröfum er fylgja starfi þeirra um að þeir séu óháðir, hlutlausir og til taks."

1. The Committee of Independent Experts shall consist of at least nine members elected by the Parliamentary Assembly by a majority of votes cast from a list of experts of the highest integrity and of recognised competence in national and international social questions, nominated by the Contracting Parties. The exact number of members shall be determined by the Committee of Ministers.
2. The members of the committee shall be elected for a period of six years. They may stand for re-election once.
3. A member of the Committee of Independent Experts elected to replace a member whose term of office has not expired shall hold office for the remainder of his predecessor's term.
4. The members of the committee shall sit in their individual capacity. Throughout their term of office, they may not perform any function incompatible with the requirements of independence, impartiality and availability inherent in their office."

4. gr.

27. gr. sáttmálans hljóðar svo:

„27. gr. – Embættismannanefnd.

1. Skýrslur samningsaðila, athugasemdir og upplýsingar, sem sendar eru samkvæmt 1. mgr. 23. gr. og 3. mgr. 24. gr., og skýrslur nefndar óháðu sérfræðinganna skulu sendar embættismannanefndinni.

2. Í nefndinni skal sitja einn fulltrúi hvers samningsaðila. Hún skal bjóða eigi fleiri en tveimur alþjóðasamtökum vinnuveitenda og eigi fleiri en tveimur alþjóðasamtökum stéttarfélaga að senda áheyrnarfulltrúa til ráðgjafar á fundi nefndarinnar. Auk þess getur hún haft samráð við fulltrúa frjálsra alþjóðlegra félagasamtaka sem eru Evrópuráðinu til ráðgjafar og eru sérstaklega bær til að fjalla um þau málefni sem þessi sáttmáli tekur til.

3. Embættismannanefndin skal undirbúa ákvarðanir ráðherranefndarinnar. Einkum ber henni, með tilliti til skýrslna nefndar óháðu sérfræðinganna og samningsaðila, að afmarka þær aðstæður sem myndu að hennar mati verða tilefni tilmæla til sérhvers hlutaðeigandi samningsaðila samkvæmt ákvæðum 28. gr. sáttmálans, og rökstyðja það með tilliti

Article 4

Article 27 of the Charter shall read as follows:

"Article 27 – Governmental Committee

1. The reports of the Contracting Parties, the comments and information communicated in accordance with paragraphs 1 of Article 23 and 3 of Article 24, and the reports of the Committee of Independent Experts shall be submitted to a Governmental Committee.
2. The committee shall be composed of one representative of each of the Contracting Parties. It shall invite no more than two international organisations of employers and no more than two international trade union organisations to send observers in a consultative capacity to its meetings. Moreover, it may consult representatives of international non-governmental organisations which have consultative status with the Council of Europe and have particular competence in the matters governed by the present Charter.
3. The Governmental Committee shall prepare the decisions of the Committee of Ministers. In particular, in the light of the reports of the Committee of Independent Experts and of the Contracting Parties, it shall select, giving reasons for its choice, on the basis of social, economic and other policy considerations the situations which should, in its view, be the

til félagslegra, efnahagslegra og annarra aðstæðna sem byggja á stefnu aðildarríkjanna. Henni ber að afhenda ráðherranefndinni skýrslu sem síðan skal birt opinberlega.

4. Á grundvelli niðurstaðna sinna um almenna framkvæmd félagsmálasáttmálans er embættismannanefndinni heimilt að beina tillögum til ráðherranefndarinnar um rannsóknir sem framkvæmdar skulu á sviði félagsmála og á þeim greinum sáttmálans sem kynnu mögulega að verða endurskoðaðar."

subject of recommendations to each Contracting Party concerned, in accordance with Article 28 of the Charter. It shall present to the Committee of Ministers a report which shall be made public.

4. On the basis of its findings on the implementation of the Social Charter in general, the Governmental Committee may submit proposals to the Committee of Ministers aiming at studies to be carried out on social issues and on articles of the Charter which possibly might be updated."

5. gr.

28. gr. sáttmálans hljóðar svo:

„28. gr. – Ráðherranefndin.

1. Ráðherranefndinni ber, á grundvelli skýrslu embættismannanefndarinnar, að samþykkja ályktun með 2/3 hlutum greiddra atkvæða um allt eftirlitsferlið þar sem fram koma tilmæli til hlutaðeigandi samningsaðila, en þeir einir hafa rétt til að greiða atkvæði.

2. Ráðherranefndin tekur þær ákvarðanir sem hún telur viðeigandi að teknu tilliti til tillagna embættismannanefndarinnar samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 27. gr."

Article 5

Article 28 of the Charter shall read as follows:

"Article 28 – Committee of Ministers

1. The Committee of Ministers shall adopt, by a majority of two-thirds of those voting, with entitlement to voting limited to the Contracting Parties, on the basis of the report of the Governmental Committee, a resolution covering the entire supervision cycle and containing individual recommendations to the Contracting Parties concerned.

2. Having regard to the proposals made by the Governmental Committee pursuant to paragraph 4 of Article 27, the Committee of Ministers shall take such decisions as it deems appropriate."

6. gr.

29. gr. sáttmálans hljóðar svo:

„29. gr. – Evrópuráðsþingið.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins sendir Evrópuráðsþinginu skýrslur nefndar óháðu sérfræðinganna og embættismannanefndarinnar og ályktanir ráðherranefndarinnar svo að unnt sé að taka þær reglulega til umræðu á sjálfu þinginu."

Article 6

Article 29 of the Charter shall read as follows:

"Article 29 – Parliamentary Assembly

The Secretary General of the Council of Europe shall transmit to the Parliamentary Assembly, with a view to the holding of periodical plenary debates, the reports of the Committee of Independent Experts and of the Governmental Committee, as well as the resolutions of the Committee of Ministers."

7. gr.

1. Bókun þessi skal lögð fram til undirskriftar þeirra aðildarríkja Evrópuráðsins sem undirritað hafa sáttmálann og er þeim heimilt að lýsa samþykki sínu með:
   a. undirskrift án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
   b. undirskrift með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ásamt eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

Article 7

1. This Protocol shall be open for signature by member States of the Council of Europe signatories to the Charter, which may express their consent to be bound by:
   a. signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
   b. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval.

2. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

8. gr.

Bókun þessi öðlast gildi á 30. degi frá þeim degi þegar allir aðilar að sáttmálanum hafa lýst samþykki sínu þess efnis að þeir verði bundnir af ákvæðum hans samkvæmt ákvæðum 7. gr.

9. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins tilkynnir aðildarríkjunum um:

a. sérhverja undirskrift;
b. móttöku sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki;
c. dagsetningu er þessi bókun gengur í gildi í samræmi við 8. gr.;
d. hvers konar aðra gerð, tilkynningu eða orðsendingu um bókun þessa.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Tórínó, 21. október 1991, í einu eintaki á ensku og frönsku sem verður afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins og eru báðir textarnir jafngildir. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal láta sérhverju aðildarríki Evrópuráðsins í té staðfest endurrit.

2. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.

Article 8

This Protocol shall enter into force on the thirtieth day after the date on which all Contracting Parties to the Charter have expressed their consent to be bound by the Protocol in accordance with the provisions of Article 7.

Article 9

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of:

a. any signature;
b. the deposit of any instrument of ratification, acceptance or approval;
c. the date of entry into force of this Protocol in accordance with Article 8;
d. any other act, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Turin, this 21st day of October 1991, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe.

25. mars 2002 Nr. 17

AUGLÝSING

um gildistöku bókana við Evrópusamning um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Bókanir nr. 1 og 2 við Evrópusamning frá 26. nóvember 1987 um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, sem gerðar voru í Strassborg 4. nóvember 1993, öðluðust gildi 1. mars 2002, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1990 og nr. 22/1995 þar sem bókanirnar eru birtar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 25. mars 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 13. mars 2002 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins nr. 2002/44/EB frá 20. desember 2001, um breytingar á VII. hluta og 12. viðauka við sameiginlegu fyrirmælin um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa og 14. viðauka a við sameiginlegu handbókina, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Tilkynnt verður um gildistöku breytingarinnar síðar.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 25. mars 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS
frá 20. desember 2001
um breytingar á VII. hluta og 12. viðauka við sameiginlegu fyrirmælin um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa og 14. viðauka a við sameiginlegu handbókina.
(2002/44/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 789/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem ráðinu er áskilið framkvæmdarvald að því er varðar tiltekin, ítarleg ákvæði og hagnýt atriði við meðferð umsókna um vegabréfsáritun[1],

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 790/2001 frá 24. apríl 2001 þar sem ráðinu er áskilið framkvæmdarvald að því er varðar tiltekin, ítarleg ákvæði og hagnýt atriði er varða framkvæmd eftirlits á landamærum[2],

með hliðsjón af frumkvæði konungsríkisins Belgíu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1 Stjtíð. EB L 116, 26.4.2001, bls. 2.
2 Stjtíð. EB L 116, 26.4.2001, bls. 5.

COUNCIL DECISION
of 20 December 2001
amending Part VII and Annex 12 to the Common Consular Instructions and Annex 14a to the Common Manual
(2002/44/EC)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to Council Regulation (EC) No 789/2001 of 24 April 2001 reserving to the Council implementing powers with regard to certain detailed provisions and practical procedures for examining visa applications[1],

Having regard to Council Regulation (EC) No 790/2001 of 24 April 2001 reserving to the Council implementing powers with regard to certain detailed provisions and practical procedures for carrying out border checks and surveillance[2],

Having regard to the initiative of the Kingdom of Belgium,

Whereas:

1 OJ L 116, 26.4.2001, p. 2.
2 OJ L 116, 26.4.2001, p. 5.

1) Gjaldtaka vegna umsóknar um vegabréfsáritun svarar til þess umsýslukostnaðar sem stofnað er til. Því er rétt að breyta sameiginlegu fyrirmælunum um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa og sameiginlegu handbókinni með hliðsjón af því.
2) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, ekki þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar og er því ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar eð þessari ákvörðun er ætlað að þróa Schengen-gerðirnar, samkvæmt ákvæðum þriðja hluta IV. bálks stofnsáttmála Evrópubandalagsins, í samræmi við 5. gr. fyrrnefndrar bókunar, ber Danmörku að ákveða, innan sex mánaða eftir að ráðið hefur samþykkt ákvörðun þessa, hvort hún verði tekin upp í landslög.
3) Að því er varðar lýðveldið Ísland og konungsríkið Noreg telst þessi ákvörðun vera þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna og falla innan sviðsins sem um getur í B-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag um beitingu samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna[3].
4) Í samræmi við 1. og 2. gr. bókunarinnar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands, sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins, taka Breska konungsríkið og Írland ekki þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar og eru því ekki bundin af henni eða beitingu hennar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. þáttar VII. hluta sameiginlegu fyrirmælanna um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa komi eftirfarandi:

1) The fees to be levied in connection with an application for a visa correspond to the administrative costs incurred. The Common Consular Instructions and the Common Manual should therefore be amended accordingly.
2) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of Denmark annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Denmark is not participating in the adoption of this Decision, and is therefore not bound by it or subject to its application. Given that this Decision aims to build upon the Schengen acquis under the provisions of the third part of Title IV of the Treaty establishing the European Community, Denmark will, in accordance with Article 5 of the said Protocol, decide within a period of six months after the Council has adopted this Decision whether it will transpose it into its national law.
3) As regards the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, this Decision constitutes a development of the provisions of the Schengen acquis falling within the area referred to in Article 1, point B, of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen acquis[3].
4) In accordance with Articles 1 and 2 of the Protocol on the position of the United Kingdom and Ireland annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, Ireland and the United Kingdom are not participating in the adoption of this Decision and are not therefore bound by it or subject to its application,

HAS ADOPTED THIS DECISION:

Article 1

Section 4 of Part VII of the Common Consular Instructions shall be replaced by the following:

3 Stjtíð. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.

3 OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.

„4. Gjaldtaka sem svarar til umsýslukostnaðar við meðferð umsóknar um vegabréfsáritun.

Gjöldin sem verða innheimt svara til umsýslukostnaðar við meðferð umsóknar um vegabréfsáritun og eru skráð í 12. viðauka.

Þó skal ekkert gjald tekið vegna umsýslukostnaðar við umsóknir ríkisborgara þriðju landa um vegabréfsáritun sem eru aðstandendur ríkisborgara í bandalaginu eða ríkisborgara ríkis, sem á aðild að EES-samningnum, og beita rétti sínum til frjálsrar farar."

2. gr.

Í 12. viðauka við sameiginlegu fyrirmælin um vegabréfsáritanir til sendiráða og ræðisskrifstofa og 14. viðauka a í sameiginlegu handbókinni:

- í stað fyrirsagnarinnar og málsliðarins „Gjald í evrum sem ber að innheimta við útgáfu samræmdrar vegabréfsáritunar" komi „Gjald í evrum sem ber að innheimta og svarar til umsýslukostnaðar við meðferð umsóknar um vegabréfsáritun";
- eftirfarandi setning bætist við á eftir töflunni: „Þetta gjald ber að innheimta í evrum, Bandaríkjadollurum eða gjaldmiðli þriðja lands þar sem umsóknin er lögð fram".

3. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi eigi síðar en 1. júlí 2004.
2. Aðildarríkjum er heimilt að beita ákvörðun þessari fyrir 1. júlí 2004, að því tilskildu að þau tilkynni aðalskrifstofu ráðsins frá hvaða degi þau verða í aðstöðu til að gera það.
3. Beiti öll aðildarríkin ákvörðun þessari fyrir 1. júlí 2004 skal aðalskrifstofa ráðsins birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna frá hvaða degi síðasta aðildarríkið beitir ákvörðuninni.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 20. desember 2001.

Fyrir hönd ráðsins,
C. PICQUÉ
forseti.

"4. Fees to be charged corresponding to the administrative costs of processing visa applications

The fees to be levied corresponding to the administrative costs of processing the visa application are listed in Annex 12.

However, no fees are to be levied for administrative costs for visa applications by nationals of third countries who are members of the family of a Union citizen or of a national of a State party to the EEA Agreement, exercising their right to free movement."

Article 2

In Annex 12 of the Common Consular Instructions and Annex 14a of the Common Manual:

- the title and the sentence "Fees, in euro, to be charged when issuing uniform visas" shall be replaced by "Fees to be charged, in euro, corresponding to the administrative costs of processing the visa application";
- the following sentence shall be added after the table: "These fees are to be charged in euro, in US dollars or in the national currency of the third country where the application is made."

Article 3

1. This Decision shall apply as from 1 July 2004 at the latest.
2. Member States may apply this Decision before 1 July 2004, provided that they notify the General Secretariat of the Council of the date from which they are in a position to do so.
3. If all the Member States apply this Decision before 1 July 2004, the General Secretariat of the Council shall publish in the Official Journal of the European Communities the date from which the last Member State applied the Decision.

Article 4

This Decision is addressed to the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Done at Brussels, 20 December 2001.

For the Council
The President
C. Picqué

AUGLÝSING

um samning um skipti á gögnum um vöktun vegna geislunar.

Hinn 20. mars 2002 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings um skipti á gögnum um vöktun vegna geislunar sem gerður var í Hamborg 7. júní 2001. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar sama dag.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 25. mars 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um skipti á gögnum um vöktun vegna geislunar.

Ríkisstjórnir þær, sem eru aðilar að samningi þessum, hér á eftir nefndar samningsaðilar,

hafa í huga viðleitni sína til að þróa frekar viðbúnað við neyðarástandi af völdum kjarnorku eða geislunar og góð samskipti milli samningsaðila á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndunum, og stuðla að marghliða samstarfi um skipti á gögnum um vöktun vegna geislunar, til hagsbóta fyrir alla samningsaðila,

viðurkenna mikilvægi alþjóðlegra skipta á upplýsingum um viðbrögð við neyðarástandi af völdum kjarnorku eða geislunar,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Með samningi þessum munu samningsaðilar leggja grunninn að nauðsynlegum laga- og stjórnsýslureglum til að bæta skipti á geislafræðilegum gögnum milli samningsaðila við eðlilegar aðstæður og þegar slys eða óhöpp af völdum kjarnorku eða geislunar eiga sér stað og skapa þannig betri forsendur til að meta aðstæður, taka ákvarðanir og veita almenningi upplýsingar.

2. gr.

2.1 Samningsaðilar skulu án tafar og endurgjaldslaust sjá til þess að hinir samningsaðilarnir fái aðgang að nýjustu upplýsingum og gögnum frá geislunarvöktunarkerfum sínum sem þeir hafa sjálfir aðgang að.

AGREEMENT
on the Exchange of Radiation Monitoring Data

The contracting Governments of this Agreement, hereinafter referred to as the Parties

Considering their efforts to further develop preparedness for nuclear and radiological emergencies and good relationships between the Parties in the Nordic and Baltic Sea Region and contribute to a multilateral co-operation on exchange of radiation monitoring data to the benefit of all Parties,

Recognising the importance of international exchange of information in handling nuclear or radiological emergencies,

Have agreed as follows:

Article 1

The Parties will, through this Agreement, establish the necessary legal and administrative basis for improved exchange of radiological data between the Parties in normal situations and in case of nuclear or radiological accidents or incidents, and thereby provide an improved basis for situation assessments, decisions and public information.

Article 2

2.1 The Parties shall without delay and compensation make available to the other Parties updated information and data from their own national radiation monitoring networks they have available themselves.

2.2 Tilgreina skal hvaða gögn og upplýsingar eru óstaðfest.

2.3 Samningsaðilar, sem fá í hendur óstaðfest gögn og upplýsingar samkvæmt samningi þessum, skulu ekki gera þær opinberar né afhenda þær þriðja aðila án samþykkis þess sem lét þær í té.

3. gr.

3.1 Við undirritun samningsins skal hver samningsaðili tilnefna það stjórnvald sem ber ábyrgð á framkvæmd hans.

3.2 Hver samningsaðili skal sjá til þess að stjórnvaldið tilnefni tengilið til upplýsingaskipta eigi síðar en einum mánuði eftir gildistöku samningsins að því er varðar viðkomandi samningsaðila.

4. gr.

Hin tilnefndu stjórnvöld skulu koma sér saman um málsmeðferð og verklegt fyrirkomulag við framkvæmd þessa samnings eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku hans.

5. gr.

Hver samningsaðili ber ábyrgð á því að setja á laggirnar og reka nauðsynleg vöktunar- og fjarskiptakerfi innanlands til efnda á samningi þessum.

6. gr.

Ríki getur lýst sig samþykkt því að vera bundið af samningnum með:

6.1 undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða

6.2 undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

7. gr.

Ríkisstjórn Noregs er hér með tilnefnd sem vörsluaðili og skal hún:

7.1 tilkynna öllum undirritunaraðilum og samningsaðilum hið fyrsta um dagsetningu hverrar undirritunar, dagsetningu afhendingar skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og um gildistökudag samnings þessa sem og um gildistöku hvers kyns breytinga á honum og um viðtöku annarra tilkynninga;

7.2 láta öllum undirritunaraðilum og samningsaðilum í té réttilega staðfest endurrit af samningi þessum.

2.2 Unverified data and information shall be declared as such.

2.3 Parties receiving unverified data and information according to this Agreement shall not make them publicly available or available to a third party without the consent of the originator.

Article 3

3.1 When signing the Agreement each Party shall appoint a competent authority responsible for practical implementations of this Agreement.

3.2 Each Party shall ensure that its competent authority not later than 1 month after the entry into force of the Agreement for the respective party, appoints a point of contact for the exchange of information.

Article 4

The appointed competent authorities shall agree on procedures and practical arrangements for the implementation of this Agreement no later than 3 months after this Agreement has entered into force.

Article 5

Each Party is responsible for implementing and running its own national monitoring and communication systems necessary for realisation of this Agreement.

Article 6

A state can express its consent to be bound by the Agreement by

6.1 Signature not subject to ratification, acceptance or approval,

6.2 Signature subject to ratification, acceptance or approval.

Article 7

The Government of Norway is hereby designated as the Depositary and shall:

7.1 Promptly inform all signatories and Parties of the date of each signature, the date of deposit of each instrument of ratification, acceptance or accession, and the date of entry into force of this Agreement, as well as the entry into force of any modifications and amendments thereto and of the receipt of other notices;

7.2 Transmit duly certified copies of this Agreement to all signatories and Parties.

8. gr.

8.1 Samningur þessi öðlast gildi þann dag er að minnsta kosti sex samningsaðilar hafa lýst sig samþykka því að vera bundnir af honum.

8.2 Hver samningsaðili getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila. Uppsögnin öðlast gildi 90 dögum eftir að vörsluaðili fær tilkynninguna.

8.3 Allar ríkisstjórnir eða milliríkjastofnanir, sem áhuga hafa, geta gerst aðilar að samningi þessum. Samningurinn skal öðlast gildi, að því er varðar ríkisstjórnir eða milliríkjastofnanir sem gerast aðilar, 30 dögum eftir að viðkomandi ríkisstjórn eða milliríkjastofnun hefur afhent vörsluaðila aðildarskjal sitt.

8.4 Aðilar að samningi þessum geta komið sér saman um að gera breytingar á honum og viðbótarbókanir við hann. Viðræður skulu hefjast ef að minnsta kosti fjórir samningsaðilar óska þess skriflega.

8.5 Breytingar samkvæmt þessari grein öðlast gildi, að því er varðar alla samningsaðila, 30 dögum eftir að vörsluaðila berst síðasta tilkynning til staðfestingar því að þau skilyrði sem landslög samningsaðilanna krefjast fyrir gildistöku breytinganna hafi verið uppfyllt.

Gjört í Hamborg hinn 7. júní 2001 í einu frumriti á ensku.

Article 8

8.1 The Agreement enters into force the day when at least 6 parties have expressed their consent to be bound by the Agreement.

8.2 Any Party may withdraw from this Agreement by written notification to the Depository. Such a withdrawal shall become effective 90 days after receipt of the notification by the Depositary.

8.3 This Agreement may be acceded to by any interested government or intergovernmental organisation. The Agreement shall take effect for the acceding government or intergovernmental organisations 30 days after it has deposited its instrument of accession with the Depositary.

8.4 Any modifications or amendments to this Agreement, and any additional protocol to it, may be made by mutual agreement of the Parties to this Agreement. Negotiations shall be initiated when at least four Parties so require in writing.

8.5 Modifications and amendments pursuant to this Article shall enter into force for all Parties 30 days following the date of the receipt of the last notification to the Depositary confirming that the required national conditions for their entry into force have been fulfilled.

Signed at Hamburg on 7 June 2001 in one original in the English language.

AUGLÝSING

um alþjóðlega björgunarsamninginn.

Hinn 21. mars 2002 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna alþjóðlega björgunarsamningsins sem gerður var í Lundúnum 28. apríl 1989. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 21. mars 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 25. mars 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐLEGI BJÖRGUNARSAMNINGURINN

AÐILDARRÍKI ÞESSA SAMNINGS

GERA SÉR LJÓST að æskilegt er að setja með samningi samræmdar alþjóðareglur um björgunaraðgerðir,

VEITA ÞVÍ ATHYGLI að verulegar breytingar, einkum aukinn áhugi á umhverfisvernd, hafa sýnt fram á að nauðsynlegt er að endurskoða alþjóðareglur í samningnum um samræmingu tiltekinna réttarreglna er varða aðstoð og björgun á sjó sem gerður var í Brussel 23. september 1910,

ERU MEÐVITUÐ um mikilvægi skilvirkra björgunaraðgerða í tæka tíð fyrir öryggi skipa og annarra eigna í hættu og til verndar umhverfinu,

ERU SANNFÆRÐ UM nauðsyn þess að tryggja að fyrir hendi sé nægileg hvatning fyrir þá sem taka þátt í björgunaraðgerðum vegna skipa og annarra eigna í hættu,

HAFA SAMÞYKKT eftirfarandi:

I. kafli. Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a. Björgunaraðgerð merkir sérhverja framkvæmd eða aðgerð til aðstoðar skipi eða til bjargar öðrum eignum í hættu á siglingaleiðum eða legi hvar sem er.
b. Skip merkir sérhvert skip eða far eða hvers konar smíð aðra sem er fær til siglinga.

THE INTERNATIONAL CONVENTION ON SALVAGE

THE STATES PARTIES TO THE PRESENT CONVENTION

RECOGNIZING the desirability of determining by agreement uniform international rules regarding salvage operations,

NOTING that substantial developments, in particular the increased concern for the protection of the environment, have demonstrated the need to review the international rules presently contained in the Convention for the Unification of Certain Rules of Law relating to Assistance and Salvage at Sea, done at Brussels, 23 September 1910,

CONSCIOUS of the major contribution which efficient and timely salvage operations can make to the safety of vessels and other property in danger and to the protection of the environment,

CONVINCED of the need to ensure that adequate incentives are available to persons who undertake salvage operations in respect of vessels and other property in danger,

HAVE AGREED as follows:

Chapter I. General provisions

Article 1

Definitions

For the purpose of this Convention:

a. Salvage operation means any act or activity undertaken to assist a vessel or any other property in danger in navigable waters or in any other waters whatsoever.
b. Vessel means any ship or craft, or any structure capable of navigation.

c. Eign merkir sérhverja eign sem er hvorki varanlega né vísvitandi fest við strandlengju og inniheldur farm í hættu.
d. Umhverfistjón merkir verulegt tjón á líkamlegri heilsu manna eða tjón á sjávarlífi eða auðlindum við strendur eða á innlendum vatnaleiðum eða aðliggjandi svæðum, af völdum mengunar, spillingar, elds, sprengingar eða annarra meiri háttar atburða af svipuðum toga.
e. Greiðsla merkir hvers konar björgunarlaun, endurgjald eða bætur sem ber að greiða samkvæmt samningi þessum.
f. Stofnun merkir Alþjóðasiglingamálastofnunina.
g. Aðalframkvæmdastjóri merkir aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar.

2. gr.
Gildissvið samningsins.

Ákvæði samningsins skulu gilda um dómsmál eða gerðardómsmál sem eru til úrlausnar í aðildarríki og varða málefni sem fjallað er um í samningi þessum.

3. gr.
Pallar og búnaður til borunar.

Samningur þessi tekur ekki til fastra eða fljótandi palla eða færanlegs búnaðar til borunar á hafi úti ef pallarnir eða búnaðurinn er notaður til að kanna, nýta eða framleiða jarðefni af hafsbotni.

4. gr.
Skip í ríkiseign.

1. Með fyrirvara um 5. gr. tekur samningur þessi ekki til herskipa eða annarra skipa í ríkiseign sem ríkið gerir út í öðru skyni en ábataskyni og á við björgunaraðgerð rétt til friðhelgi á grundvelli fullveldis samkvæmt almennt viðurkenndum meginreglum þjóðaréttar, nema hlutaðeigandi ríki ákveði annað.

2. Ákveði aðildarríki að láta samninginn taka til herskipa sinna eða annarra skipa, sem lýst er í 1. mgr., ber því að tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um það og tilgreina með hvaða skilmálum og skilyrðum það er gert.

5. gr.
Björgunaraðgerðir undir stjórn opinberra yfirvalda.

1. Samningur þessi hefur ekki áhrif á ákvæði landslaga eða alþjóðasamninga um björgun-

c. Property means any property not permanently and intentionally attached to the shoreline and includes freight at risk.
d. Damage to the environment means substantial physical damage to human health or to marine life or resources in coastal or inland waters or areas adjacent thereto, caused by pollution, contamination, fire, explosion or similar major incidents.
e. Payment means any reward, remuneration or compensation due under this Convention.
f. Organization means the International Maritime Organization.
g. Secretary-General means the Secretary-General of the Organization.

Article 2
Application of the Convention

This Convention shall apply whenever judicial or arbitral proceedings relating to matters dealt with in this Convention are brought in a State Party.

Article 3
Platforms and drilling units

This Convention shall not apply to fixed or floating platforms or to mobile offshore drilling units when such platforms or units are on location engaged in the exploration, exploitation or production of sea-bed mineral resources.

Article 4
State-owned vessels

1. Without prejudice to article 5, this Convention shall not apply to warships or other non-commercial vessels owned or operated by a State and entitled, at the time of salvage operations, to sovereign immunity under generally recognized principles of international law unless that State decides otherwise.
2. Where a State Party decides to apply the Convention to its warships or other vessels described in paragraph 1, it shall notify the Secretary-General thereof specifying the terms and conditions of such application.

Article 5
Salvage operations controlled by public authorities

1. This Convention shall not affect any provisions of national law or any international

araðgerðir af hálfu eða undir stjórn opinberra yfirvalda.

2. Björgunarmenn, sem sjá um slíkar björgunaraðgerðir, hafa sama rétt og sömu úrræði til björgunaraðgerða og kveðið er á um í samningi þessum.

3. Lög ríkisins þar sem opinbert yfirvald, sem ber að sinna björgunaraðgerðum, er staðsett skera úr um að hve miklu leyti það getur gert tilkall til þess réttar og þeirra úrræða sem kveðið er á um í samningi þessum.

6. gr.
Björgunarsamningar.

1. Samningur þessi tekur til hvers konar björgunaraðgerða, nema kveðið sé beint eða óbeint á um annað í samningi.

2. Skipstjóri skal hafa umboð til að semja um björgunaraðgerðir fyrir hönd eiganda skipsins. Skipstjóri eða eigandi skipsins skal hafa umboð til að gera slíka samninga fyrir hönd eigenda eigna um borð í skipinu.

3. Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á beitingu 7. gr. eða skuldbindingar um að koma í veg fyrir eða takmarka umhverfistjón.

7. gr.
Ógilding og breyting á samningum.

Heimilt er að ógilda eða breyta samningi eða ákvæðum hans ef:

a. samningurinn var gerður undir þrýstingi eða á meðan hætta vofði yfir og skilmálar hans eru ósanngjarnir; eða
b. greiðsla samkvæmt samningnum er óeðlilega há eða lág fyrir þá aðstoð sem var raunverulega veitt.

II. kafli.
Framkvæmd björgunaraðgerða.

8. gr.
Skyldur björgunarmanns og eiganda og skipstjóra.

1. Björgunarmanni ber skylda gagnvart eiganda skips eða annarra eigna í hættu til að:
   a. sinna björgunaraðgerðum með nægilegri aðgát;
   b. koma í veg fyrir eða takmarka umhverf-

convention relating to salvage operations by or under the control of public authorities.

2. Nevertheless, salvors carrying out such salvage operations shall be entitled to avail themselves of the rights and remedies provided for in this Convention in respect of salvage operations.

3. The extent to which a public authority under a duty to perform salvage operations may avail itself of the rights and remedies provided for in this Convention shall be determined by the law of the State where such authority is situated.

Article 6
Salvage contracts

1. This Convention shall apply to any salvage operations save to the extent that a contract otherwise provides expressly or by implication.

2. The master shall have the authority to conclude contracts for salvage operations on behalf of the owner of the vessel. The master or the owner of the vessel shall have the authority to conclude such contracts on behalf of the owner of the property on board the vessel.

3. Nothing in this article shall affect the application of article 7 nor duties to prevent or minimize damage to the environment.

Article 7
Annulment and modification of contracts

A contract or any terms thereof may be annulled or modified if:

a. the contract has been entered into under undue influence or the influence of danger and its terms are inequitable; or
b. the payment under the contract is in an excessive degree too large or too small for the services actually rendered.

Chapter II.
Performance of salvage operations

Article 8
Duties of the salvor and of the owner and master

1. The salvor shall owe a duty to the owner of the vessel or other property in danger:
   a. to carry out the salvage operations with due care;
   b. in performing the duty specified in sub-

istjón með því að sýna nægilega aðgát við þau skyldustörf sem eru tilgreind í a-lið;

c. leita aðstoðar annarra björgunarmanna þegar aðstæður krefjast þess; og

d. samþykkja íhlutun annarra björgunarmanna þegar eigandi eða skipstjóri skips eða eigandi annarra eigna í hættu leggja fram sanngjarna beiðni um það, þó að því tilskildu að björgunarlaun hans lækki ekki ef í ljós kemur að beiðnin var ekki á rökum reist.

2. Eiganda og skipstjóra skips eða eiganda annarra eigna í hættu ber skylda til gagnvart björgunarmanni að:
   a. hafa við hann fulla samvinnu meðan á björgunaraðgerðum stendur;
   b. sýna nægilega aðgát meðan á þeim stendur til að koma í veg fyrir eða takmarka umhverfistjón; og
   c. taka aftur við skipi eða öðrum eignum þegar þeim hefur verið komið í örugga höfn og björgunarmaður leggur fram sanngjarna beiðni þess efnis.

9. gr.

Réttur strandríkja.

Samningur þessi hefur ekki áhrif á rétt hlutaðeigandi strandríkis til að gera ráðstafanir í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur þjóðaréttar til að vernda strandlengju sína eða skylda hagsmuni gegn mengun eða yfirvofandi hættu á mengun í kjölfar sjóslyss eða aðgerða sem tengjast því sem gera má ráð fyrir að hafi í för með sér verulegt tjón, og er þá með talinn réttur strandríkja til að leiðbeina við björgunaraðgerðir.

10. gr.

Skylda til að veita aðstoð.

1. Sérhverjum skipstjóra ber, sé honum það fært án þess að leggja eigið skip og menn um borð í því í hættu, að aðstoða hvern þann sem er í lífsháska á sjó.
2. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeirri skyldu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. sé sinnt.
3. Eigandi skips getur ekki talist skaðabótaskyldur þótt skipstjóri bregðist þeirri skyldu sem kveðið er á um í 1. mgr.

paragraph (a), to exercise due care to prevent or minimize damage to the environment;

c. whenever circumstances reasonably require, to seek assistance from other salvors; and

d. to accept the intervention of other salvors when reasonably requested to do so by the owner or master of the vessel or other property in danger; provided however that the amount of his reward shall not be prejudiced should it be found that such a request was unreasonable.

2. The owner and master of the vessel or the owner of other property in danger shall owe a duty to the salvor:
   a. to co-operate fully with him during the course of the salvage operations;
   b. in so doing, to exercise due care to prevent or minimize damage to the environment; and
   c. when the vessel or other property has been brought to a place of safety, to accept redelivery when reasonably requested by the salvor to do so.

Article 9

Rights of coastal States

Nothing in this Convention shall affect the right of the coastal State concerned to take measures in accordance with generally recognized principles of international law to protect its coastline or related interests from pollution or the threat of pollution following upon a maritime casualty or acts relating to such a casualty which may reasonably be expected to result in major harmful consequences, including the right of a coastal State to give directions in relation to salvage operations.

Article 10

Duty to render assistance

1. Every master is bound, so far as he can do so without serious danger to his vessel and persons thereon, to render assistance to any person in danger of being lost at sea.
2. The States Parties shall adopt the measures necessary to enforce the duty set out in paragraph 1.
3. The owner of the vessel shall incur no liability for a breach of the duty of the master under paragraph 1.

11. gr.
Samvinna.

Aðildarríki skal, þegar það setur reglur eða tekur ákvörðun um málefni er varða björgunaraðgerðir, svo sem um aðgang skipa í háska að höfnum eða aðstöðu fyrir björgunarmenn, hafa hliðsjón af þörfinni fyrir samvinnu milli björgunarmanna, annarra sem eiga hagsmuna að gæta og opinberra yfirvalda til að tryggja árangursríkar og vel heppnaðar aðgerðir til björgunar mannslífa eða eigna í hættu, svo og til að koma í veg fyrir umhverfistjón almennt.

Article 11
Co-operation

A State Party shall, whenever regulating or deciding upon matters relating to salvage operations such as admittance to ports of vessels in distress or the provision of facilities to salvors, take into account the need for co-operation between salvors, other interested parties and public authorities in order to ensure the efficient and successful performance of salvage operations for the purpose of saving life or property in danger as well as preventing damage to the environment in general.

III. kafli. Réttindi björgunarmanna.

12. gr.
Skilyrði fyrir björgunarlaunum.

1. Árangursríkar björgunaraðgerðir veita rétt til björgunarlauna.
2. Ekki er unnt að krefjast greiðslu samkvæmt samningi þessum ef björgunaraðgerð hefur ekki borið neinn árangur, nema kveðið sé á um annað.
3. Ákvæði þessa kafla gilda þrátt fyrir að skip sem var bjargað og björgunarskip séu í eigu sama aðila.

Chapter III. Rights of salvors

Article 12
Conditions for reward

1. Salvage operations which have had a useful result give right to a reward.
2. Except as otherwise provided, no payment is due under this Convention if the salvage operations have had no useful result.

3. This chapter shall apply, notwithstanding that the salved vessel and the vessel undertaking the salvage operations belong to the same owner.

13. gr.
Viðmiðanir þegar ákvarða skal björgunarlaun.

1. Ákveða ber björgunarlaun með það í huga að hvetja til björgunaraðgerða og skal þá hafa hliðsjón af eftirfarandi viðmiðunum án tillits til þess í hvaða röð þær eru settar fram:

   a. verðmæti skips og annarra eigna sem var bjargað;
   b. hæfni og viðleitni björgunarmanna til að koma í veg fyrir eða takmarka umhverfistjón;
   c. árangri björgunarmanna;

   d. eðli og umfangi hættunnar;
   e. hæfni og viðleitni björgunarmanna til bjargar skipi, öðrum eignum og mannslífum;
   f. tímanum sem verkið krafðist og kostnaði og tapi björgunarmanna;
   g. hættu á því að björgunarmenn baki sér bótaskyldu og annarri hættu sem þeir leggja sig eða búnað sinn í;
   h. hversu skjótt aðstoð var veitt;
   i. hvort björgunarskip eða -búnaður var tiltækur og notaður;

Article 13
Criteria for fixing the reward

1. The reward shall be fixed with a view to encouraging salvage operations, taking into account the following criteria without regard to the order in which they are presented below:
   a. the salved value of the vessel and other property;
   b. the skill and efforts of the salvors in preventing or minimizing damage to the environment;
   c. the measure of success obtained by the salvor;
   d. the nature and degree of the danger;
   e. the skill and efforts of the salvors in salving the vessel, other property and life;

   f. the time used and expenses and losses incurred by the salvors;
   g. the risk of liability and other risks run by the salvors or their equipment;

   h. the promptness of the services rendered;
   i. the availability and use of vessels or other equipment intended for salvage operations;

j. ástandi búnaðar björgunarmanns með tilliti til aðgengis, skilvirkni og verðmætis hans.

2. Þeim sem eiga hagsmuna að gæta í skipinu og öðrum eignum ber að greiða björgunarlaun sem eru ákveðin skv. 1. mgr. í hlutfalli við þau verðmæti sem var bjargað. Þó getur aðildarríki kveðið á um það í landslögum sínum að einum hagsmunaaðila beri að greiða björgunarlaunin og eigi hann þá endurkröfurétt gagnvart öðrum hagsmunaaðilum um greiðslu á hlut hvers þeirra um sig. Ákvæði þetta skal ekki koma í veg fyrir rétt til málsvarnar.
3. Björgunarlaun, að frátöldum vöxtum og endurkræfum málskostnaði sem kann að koma til greiðslu, skulu ekki vera hærri en sem nemur verðmæti skipsins eða annarra eigna sem var bjargað.

j. the state of readiness and efficiency of the salvor's equipment and the value thereof.

2. Payment of a reward fixed according to paragraph 1 shall be made by all of the vessel and other property interests in proportion to their respective salved values. However, a State Party may in its national law provide that the payment of a reward has to be made by one of these interests, subject to a right of recourse of this interest against the other interests for their respective shares. Nothing in this article shall prevent any right of defence.
3. The rewards, exclusive of any interest and recoverable legal costs that may be payable thereon, shall not exceed the salved value of the vessel and other property.

14. gr.
Sérstakar bætur.

1. Hafi björgunarmaður unnið björgunarstörf vegna skips eða farms sem hætta var á að ylli umhverfistjóni og ekki fengið björgunarlaun skv. 13. gr. sem eru að minnsta kosti jafnhá hinum sérstöku bótum sem reiknaðar eru út samkvæmt þessari grein ber honum réttur til sérstakra bóta frá eiganda skipsins er skulu vera jafnháar útgjöldum hans eins og þau eru skilgreind hér.
2. Hafi björgunarmaður, með björgunaraðgerðum við þær aðstæður sem um getur í 1. mgr., komið í veg fyrir eða takmarkað umhverfistjón er heimilt að hækka hinar sérstöku bætur sem eiganda skipsins ber að greiða honum skv. 1. mgr. um allt að 30% af þeim kostnaði sem björgunarmaður hefur lagt í. Þrátt fyrir þetta getur dómstóll hækkað þessar sérstöku bætur enn frekar telji hann slíkt sanngjarnt og réttmætt og þá með hliðsjón af viðeigandi viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 13. gr., en þó skal heildarhækkunin ekki nema meiru en 100% af þeim kostnaði sem björgunarmaðurinn leggur í.
3. Með kostnaði björgunarmanns í 1. og 2. mgr. er átt við bein og hæfileg útgjöld björgunarmanns við björgunaraðgerð og sanngjarnt endurgjald fyrir raunverulega og réttmæta notkun viðeigandi búnaðar og vinnu starfsmanna við björgunaraðgerðina, með hliðsjón af þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í h-, i- og j-liðum 1. mgr. 13. gr.
4. Einungis ber að greiða heildarbætur sam-

Article 14
Special compensation

1. If the salvor has carried out salvage operations in respect of a vessel which by itself or its cargo threatened damage to the environment and has failed to earn a reward under article 13 at least equivalent to the special compensation assessable in accordance with this article, he shall be entitled to special compensation from the owner of that vessel equivalent to his expenses as herein defined.
2. If, in the circumstances set out in paragraph 1, the salvor by his salvage operations has prevented or minimized damage to the environment, the special compensation payable by the owner to the salvor under paragraph 1 may be increased up to a maximum of 30% of the expenses incurred by the salvor. However, the tribunal, if it deems it fair and just to do so and bearing in mind the relevant criteria set out in article 13, paragraph 1, may increase such special compensation further, but in no event shall the total increase be more than 100% of the expenses incurred by the salvor.
3. Salvor's expenses for the purpose of paragraphs 1 and 2 means the out-of-pocket expenses reasonably incurred by the salvor in the salvage operation and a fair rate for equipment and personnel actually and reasonably used in the salvage operation, taking into consideration the criteria set out in article 13, paragraph 1 (h), (i) and (j).
4. The total special compensation under this

kvæmt þessari grein ef og að svo miklu leyti sem slíkar bætur er hærri en þau björgunarlaun sem björgunarmaður getur gert kröfu um skv. 13. gr.

5. Hafi björgunarmaður sýnt vanrækslu og þannig mistekist að koma í veg fyrir eða takmarka umhverfistjón er heimilt að svipta hann hinum sérstöku bótum sem ber að greiða samkvæmt þessari grein að öllu leyti eða að hluta.
6. Ákvæði þetta hefur ekki áhrif á endurkröfurétt af hálfu eiganda skipsins.

15. gr.

Skipting milli björgunarmanna.

1. Ákveða skal skiptingu björgunarlauna skv. 13. gr. milli björgunarmanna á grundvelli þeirra viðmiðana sem fram koma í þeirri grein.
2. Ákveða skal skiptingu milli eiganda, skipstjóra og annarra í þjónustu hvers björgunarskips samkvæmt lögum í fánaríki skipsins. Hafi björgun ekki borist frá skipi skal ákveða skiptinguna samkvæmt þeim lögum er gilda um samninginn sem gerður er milli björgunarmanns og aðila í þjónustu hans.

16. gr.

Björgun mannslífa.

1. Björgunarlaun ber ekki að greiða fyrir björgun mannslífa en ákvæði þetta hefur þó ekki áhrif á ákvæði landslaga um þetta.

2. Sá er bjargar mannslífi og hefur látið í té aðstoð vegna þess slyss er leiddi til björgunarinnar á rétt á sanngjörnum hluta af þeirri greiðslu sem björgunarmaður fær fyrir björgun skipsins eða annarra eigna eða fyrir að koma í veg fyrir eða takmarka umhverfistjón.

17. gr.

Aðstoð sem veitt er samkvæmt gildandi samningum.

Ekki ber að inna af hendi greiðslu samkvæmt ákvæðum þessa samnings nema sú aðstoð sem veitt er teljist réttilega umfram það sem telst við hæfi samkvæmt samningi sem gerður var áður en hættan steðjaði að.

18. gr.

Afleiðingar af misferli björgunarmanns.

Heimilt er að svipta björgunarmann greiðslu samkvæmt samningi þessum, að öllu leyti eða að

article shall be paid only if and to the extent that such compensation is greater than any reward recoverable by the salvor under article 13.

5. If the salvor has been negligent and has thereby failed to prevent or minimize damage to the environment, he may be deprived of the whole or part of any special compensation due under this article.

6. Nothing in this article shall affect any right of recourse on the part of the owner of the vessel.

Article 15

Apportionment between salvors

1. The apportionment of a reward under article 13 between salvors shall be made on the basis of the criteria contained in that article.
2. The apportionment between the owner, master and other persons in the service of each salving vessel shall be determined by the law of the flag of that vessel. If the salvage has not been carried out from a vessel, the apportionment shall be determined by the law governing the contract between the salvor and his servants.

Article 16

Salvage of persons

1. No remuneration is due from persons whose lives are saved, but nothing in this article shall affect the provisions of national law on this subject.
2. A salvor of human life, who has taken part in the services rendered on the occasion of the accident giving rise to salvage, is entitled to a fair share of the payment awarded to the salvor for salving the vessel or other property or preventing or minimizing damage to the environment.

Article 17

Services rendered under existing contracts

No payment is due under the provisions of this Convention unless the services rendered exceed what can be reasonably considered as due performance of a contract entered into before the danger arose.

Article 18

The effect of salvor's misconduct

A salvor may be deprived of the whole or part of the payment due under this Convention to the

hluta, að því marki sem mistök hans eða vanræksla gerðu það að verkum að björgunaraðgerðir reyndust nauðsynlegar eða erfiðari en ella eða hafi björgunarmaður gerst sekur um svik eða annað óheiðarlegt athæfi.

19. gr.

Bann við björgunaraðgerðum.

Aðstoð sem veitt er þrátt fyrir skýrt og réttmætt bann eiganda skips eða skipstjóra þess eða eiganda annarra eigna í hættu, sem eru ekki og hafa ekki verið um borð í skipinu, veitir ekki rétt til greiðslna samkvæmt samningi þessum.

IV. kafli. Kröfur og málshöfðun.

20. gr.

Sjóveð.

1. Ákvæði samnings þessa hafa ekki áhrif á sjóveð björgunarmanns samkvæmt alþjóðasamningi eða landslögum.
2. Björgunarmanni er óheimilt að ganga að sjóveði sínu ef boðin hefur verið fullnægjandi trygging fyrir kröfu hans að meðtöldum vöxtum og kostnaði eða hún lögð fram með réttum hætti.

21. gr.

Skylda til að leggja fram tryggingu.

1. Þeim sem er ábyrgur fyrir greiðslu samkvæmt samningi þessum ber, að beiðni björgunarmanns, að leggja fram fullnægjandi tryggingu fyrir kröfunni að meðtöldum vöxtum og kostnaði björgunarmanns.
2. Með fyrirvara um 1. mgr. ber eiganda skips, sem hefur verið bjargað, að gera sitt ýtrasta til að tryggja að eigendur farmsins leggi fram fullnægjandi tryggingu fyrir kröfum á hendur þeim að meðtöldum vöxtum og kostnaði áður en farmurinn er afhentur.
3. Óheimilt er, án samþykkis björgunarmanns, að fjarlægja skip eða aðrar eignir sem hefur verið bjargað, úr fyrstu viðkomuhöfn eða af fyrsta viðkomustað eftir að björgunaraðgerðum lýkur fyrr en fullnægjandi trygging hefur verið lögð fram fyrir kröfu björgunarmanns vegna hlutaðeigandi skips eða eigna.

22. gr.

Bráðabirgðagreiðsla.

1. Dómstóli þeim sem hefur lögsögu í máli um kröfu björgunarmanns er heimilt að ákvarða með bráðabirgðaúrskurði að björgunarmaður skuli fá sanngjarna og réttmæta bráðabirgða-

extent that the salvage operations have become necessary or more difficult because of fault or neglect on his part or if the salvor has been guilty of fraud or other dishonest conduct.

Article 19

Prohibition of salvage operations

Services rendered notwithstanding the express and reasonable prohibition of the owner or master of the vessel or the owner of any other property in danger which is not and has not been on board the vessel shall not give rise to payment under this Convention.

Chapter IV. Claims and actions

Article 20

Maritime lien

1. Nothing in this Convention shall affect the salvor's maritime lien under any international convention or national law.
2. The salvor may not enforce his maritime lien when satisfactory security for his claim, including interest and costs, has been duly tendered or provided.

Article 21

Duty to provide security

1. Upon the request of the salvor a person liable for a payment due under this Convention shall provide satisfactory security for the claim, including interest and costs of the salvor.
2. Without prejudice to paragraph 1, the owner of the salved vessel shall use his best endeavours to ensure that the owners of the cargo provide satisfactory security for the claims against them including interest and costs before the cargo is released.
3. The salved vessel and other property shall not, without the consent of the salvor, be removed from the port or place at which they first arrive after the completion of the salvage operations until satisfactory security has been put up for the salvor's claim against the relevant vessel or property.

Article 22

Interim payment

1. The tribunal having jurisdiction over the claim of the salvor may, by interim decision, order that the salvor shall be paid on account such amount as seems fair and just, and on

greiðslu með skilmálum sem telja má sanngjarna og réttmæta með hliðsjón af málsatvikum, þ.m.t. skilmálum um tryggingar eftir því sem við á.

2. Sé bráðabirgðagreiðsla innt af hendi samkvæmt þessari grein ber að lækka tryggingarnar sem kveðið er á um í 21. gr. í samræmi við það.

such terms including terms as to security where appropriate, as may be fair and just according to the circumstances of the case.

2. In the event of an interim payment under this article the security provided under article 21 shall be reduced accordingly.

23. gr.
Málshöfðunarfrestur.

1. Réttur til málshöfðunar vegna greiðslna samkvæmt samningi þessum fyrnist ef mál hefur ekki verið höfðað fyrir dómstólum eða lagt í gerðardóm innan tveggja ára. Fyrningarfresturinn hefst daginn sem björgunaraðgerðum er hætt.
2. Þeim sem krafa beinist að er heimilt að lengja málshöfðunarfrestinn hvenær sem er á meðan hann varir með því að lýsa því yfir við kröfuhafa. Þennan frest má lengja enn frekar með sama hætti.
3. Heimilt er að krefja þann sem ábyrgð ber um bætur jafnvel eftir að málshöfðunarfresturinn sem kveðið er á um í málsgreinunum hér að framan er útrunninn, ef krafan er lögð fram innan þess frests sem heimilt er samkvæmt lögum ríkisins þar sem málið er til meðferðar.

Article 23
Limitation of actions

1. Any action relating to payment under this Convention shall be time-barred if judicial or arbitral proceedings have not been instituted within a period of two years. The limitation period commences on the day on which the salvage operations are terminated.
2. The person against whom a claim is made may at any time during the running of the limitation period extend that period by a declaration to the claimant. This period may in the like manner be further extended.
3. An action for indemnity by a person liable may be instituted even after the expiration of the limitation period provided for in the preceding paragraphs, if brought within the time allowed by the law of the State where proceedings are instituted.

24. gr.
Vextir.

Um rétt björgunarmanns til að krefjast vaxta á greiðslu sem ber að inna af hendi samkvæmt samningi þessum skal fara samkvæmt lögum ríkisins þar sem dómstóllinn sem hefur málið til meðferðar er staðsettur.

Article 24
Interest

The right of the salvor to interest on any payment due under this Convention shall be determined according to the law of the State in which the tribunal seized of the case is situated.

25. gr.
Farmar í ríkiseign.

Óheimilt er án samþykkis viðkomandi ríkis að beita ákvæðum þessa samnings til að gera farm í eigu þess sem ekki er verslunarvara upptækan, leggja hald á hann eða kyrrsetja með hvers konar úrræðum laga eða til að gera kröfu um réttindi yfir hlut (in rem) vegna slíks farms ef hann nýtur friðhelgi fullvalda ríkis samkvæmt almennt viðurkenndum meginreglum þjóðaréttar þegar björgunaraðgerðir fara fram.

Article 25
State-owned cargoes

Unless the State owner consents, no provision of this Convention shall be used as a basis for the seizure, arrest or detention by any legal process of, nor for any proceedings in rem against, non-commercial cargoes owned by a State and entitled, at the time of the salvage operations, to sovereign immunity under generally recognized principles of international law.

26. gr.
Farmar til mannúðarmála.

Óheimilt er að beita ákvæðum þessa samnings til að gera farm sem gefinn er af ríki til mannúðarmála upptækan, leggja hald á hann eða kyrr-

Article 26
Humanitarian cargoes

No provision of this Convention shall be used as a basis for the seizure, arrest or detention of humanitarian cargoes donated by a State, if such

setja ef ríkið hefur samþykkt að greiða fyrir aðstoð við björgun sem veitt er vegna slíks farms til mannúðarmála.

27. gr.
Birting úrskurða gerðardóms.

Aðildarríki skulu stuðla að því að úrskurðir gerðardóms í björgunarmálum séu birtir eftir því sem unnt er og með samþykki málsaðila.

V. kafli. Lokaákvæði.

28. gr.
Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í höfuðstöðvum stofnunarinnar frá 1. júlí 1989 til 30. júní 1990 og geta ríki orðið aðilar að honum eftir þann tíma.
2. Ríki geta lýst samþykki sínu til að vera bundin af samningi þessum með:
   a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
   b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ásamt eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
   c. aðild.
3. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild öðlast gildi þegar skjali um það hefur verið komið í vörslu aðalframkvæmdastjórans.

29. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi einu ári eftir þann dag er 15 ríki hafa lýst samþykki sínu til að vera bundin af honum.
2. Samþykki ríkis um að vera bundið af samningi þessum eftir að skilyrðum um gildistöku hans hefur verið fullnægt öðlast gildi einu ári eftir þann dag sem slík yfirlýsing er gefin.

30. gr.
Fyrirvarar.

1. Hverju ríki er heimilt við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að áskilja sér rétt til að beita ekki ákvæðum þessa samnings ef:
   a. björgunaraðgerð fer fram á innlendri vatnaleið og þau skip sem málið varðar sigla eftir slíkum leiðum;
   b. björgunaraðgerðir fara fram á innlendri vatnaleið án þess að skip komi þar nærri;

State has agreed to pay for salvage services rendered in respect of such humanitarian cargoes.

Article 27
Publication of arbitral awards

States Parties shall encourage, as far as possible and with the consent of the parties, the publication of arbitral awards made in salvage cases.

Chapter V. Final clauses

Article 28
Signature, ratification, acceptance, approval and accession

1. This Convention shall be open for signature at the Headquarters of the Organization from 1 July 1989 to 30 June 1990 and shall thereafter remain open for accession.
2. States may express their consent to be bound by this Convention by:
   a. signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
   b. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or
   c. accession.
3. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

Article 29
Entry into force

1. This Convention shall enter into force one year after the date on which 15 States have expressed their consent to be bound by it.
2. For a State which expresses its consent to be bound by this Convention after the conditions for entry into force thereof have been met, such consent shall take effect one year after the date of expression of such consent.

Article 30
Reservations

1. Any State may, at the time of signature, ratification, acceptance, approval or accession, reserve the right not to apply the provisions of this Convention:
   a. when the salvage operation takes place in inland waters and all vessels involved are of inland navigation;
   b. when the salvage operations take place in inland waters and no vessel is involved;

c. allir þeir sem eiga hagsmuna að gæta eru ríkisborgarar hlutaðeigandi ríkis;
d. viðkomandi eign er menningarverðmæti í sjó sem hefur forsögulegt, fornleifafræðilegt eða sögulegt gildi og liggur á hafsbotni.

2. Fyrirvarar sem gerðir eru við undirritun eru háðir staðfestingu við fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.
3. Ríki sem gert hefur fyrirvara við þennan samning getur afturkallað hann hvenær sem er með því að senda aðalframkvæmdastjóranum tilkynningu. Slík afturköllun öðlast gildi á viðtökudegi tilkynningarinnar. Ef í tilkynningunni kemur fram að afturköllun fyrirvara skuli öðlast gildi tiltekinn dag síðar en þann dag er aðalframkvæmdastjórinn tekur við tilkynningunni skal afturköllunin öðlast gildi síðari daginn.

31. gr.
Uppsögn.

1. Aðildarríki getur sagt samningi þessum upp hvenær sem er að liðnu einu ári eftir að hann öðlast gildi að því er það varðar.
2. Framkvæma skal uppsögn með því að koma skjali um uppsögn í vörslu aðalframkvæmdastjórans.
3. Uppsögnin öðlast gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjórinn tekur við skjali um hana eða síðar ef það er tilgreint í skjalinu.

32. gr.
Endurskoðun og breytingar.

1. Stofnunin getur boðað til ráðstefnu í því skyni að endurskoða eða breyta samningi þessum.
2. Aðalframkvæmdastjóranum ber að boða aðildarríki samnings þessa til ráðstefnu í því skyni að endurskoða eða breyta samningnum ef átta aðildarríki eða fjórðungur aðildarríkjanna leggja fram beiðni um það, hvor talan sem er hærri.
3. Sé samþykki um að vera bundin af samningi þessum lýst eftir að breyting á honum öðlast gildi skal líta svo á að það taki til samningsins með áorðnum breytingum.

c. when all interested parties are nationals of that State;
d. when the property involved is maritime cultural property of prehistoric, archaeological or historic interest and is situated on the sea-bed.

2. Reservations made at the time of signature are subject to confirmation upon ratification, acceptance or approval.
3. Any State which has made a reservation to this Convention may withdraw it at any time by means of a notification addressed to the Secretary-General. Such withdrawal shall take effect on the date the notification is received. If the notification states that the withdrawal of a reservation is to take effect on a date specified therein, and such date is later than the date the notification is received by the Secretary-General, the withdrawal shall take effect on such later date.

Article 31
Denunciation

1. This Convention may be denounced by any State Party at any time after the expiry of one year from the date on which this Convention enters into force for that State.
2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument of denunciation with the Secretary-General.
3. A denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after the receipt of the instrument of denunciation by the Secretary-General.

Article 32
Revision and amendment

1. A conference for the purpose of revising or amending this Convention may be convened by the Organization.
2. The Secretary-General shall convene a conference of the States Parties to this Convention for revising or amending the Convention, at the request of eight States Parties, or one fourth of the States Parties, whichever is the higher figure.
3. Any consent to be bound by this Convention expressed after the date of entry into force of an amendment to this Convention shall be deemed to apply to the Convention as amended.

33. gr.
Vörsluaðili.

1. Samningi þessum skal komið í vörslu aðalframkvæmdastjórans.
2. Aðalramkvæmdastjórinn skal:
   a. tilkynna öllum ríkjum sem hafa undirritað samning þennan eða orðið aðilar að honum og öllum þeim sem eiga aðild að stofnuninni um:
      i. hverja nýja undirritun eða afhendingu fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjala til hans ásamt dagsetningum þeirra;
      ii. hvaða dag samningur þessi öðlast gildi;
      iii. hvenær skjal um uppsögn samnings þessa hafi verið afhent ásamt dagsetningu er tekið var við því og hvaða dag uppsögnin öðlast gildi;
      iv. breytingar sem samþykktar eru skv. 32. gr.;
      v. viðtöku fyrirvara, yfirlýsinga eða tilkynninga samkvæmt samningi þessum;
   b. senda staðfest rétt afrit af samningi þessum til allra ríkja sem hafa undirritað hann eða orðið aðilar að honum.
3. Jafnskjótt og samningur þessi öðlast gildi ber vörsluaðila að senda staðfest rétt afrit af honum til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skráningar og birtingar skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Article 33
Depositary

1. This Convention shall be deposited with the Secretary-General.
2. The Secretary-General shall:
   a. inform all States which have signed this Convention or acceded thereto, and all Members of the Organization, of:
      i. each new signature or deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession together with the date thereof;
      ii. the date of the entry into force of this Convention;
      iii. the deposit of any instrument of denunciation of this Convention together with the date on which it is received and the date on which the denunciation takes effect;
      iv. any amendment adopted in conformity with article 32;
      v. the receipt of any reservation, declaration or notification made under this Convention;
   b. transmit certified true copies of this Convention to all States which have signed this Convention or acceded thereto.
3. As soon as this Convention enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Depositary to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

34. gr.
Tungumál.

Samningur þessi er gerður í einu frumriti á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

Article 34
Languages

This Convention is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fengið fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned being duly authorized by their respective Governments for that purpose have signed this Convention.

GJÖRT Í LUNDÚNUM hinn 28. apríl 1989.

DONE AT LONDON this twenty-eighth day of April one thousand nine hundred and eighty-nine.

AUGLÝSING

um gildistöku samkomulags um breytingar á Norðurlandasamningi um innheimtu meðlaga.

Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga frá 23. mars 1962, sem gert var í Ósló 25. febrúar 2000, öðlaðist gildi 1. apríl 2002, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1963 og 9/2001 þar sem samkomulagið er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Nr. 22 18. apríl 2002

AUGLÝSING

um alþjóðasamning um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar.

Hinn 15. apríl 2002 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar sem gerður var í New York 15. desember 1997. Alþingi hafði með ályktun 8. mars 2002 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 15. maí 2002.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMNINGUR um að koma í veg fyrir hryðjuverkasprengingar.

Aðildarríki samnings þessa,

hafa í huga tilgang og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna um að varðveita heimsfrið og öryggi og stuðla að velvild, vináttu og samvinnu meðal ríkja,

hafa miklar áhyggjur af vaxandi hryðjuverkastarfsemi í heiminum í hverri mynd sem hún birtist,

minnast yfirlýsingar í tilefni hálfrar aldar afmælis Sameinuðu þjóðanna hinn 24. október 1995,

INTERNATIONAL CONVENTION for the Suppression of Terrorist Bombings

The States Parties to this Convention,

Having in mind the purposes and principles of the Charter of the United Nations concerning the maintenance of international peace and security and the promotion of good-neighbourliness and friendly relations and cooperation among States,

Deeply concerned about the worldwide escalation of acts of terrorism in all its forms and manifestations,

Recalling the Declaration on the Occasion of the Fiftieth Anniversary of the United Nations of 24 October 1995,

minnast einnig yfirlýsingar um ráðstafanir til að útrýma alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi er fylgdi ályktun allsherjarþingsins nr. 49/60 frá 9. desember 1994 þar sem því er meðal annars lýst yfir að „aðildarríki Sameinuðu þjóðanna ítreka með alvöruþunga eindregna fordæmingu sína á öllum aðgerðum, aðferðum og atferli hryðjuverkamanna sem glæpsamlegu og óréttlætanlegu, hvar sem þau eru framin og af hverjum sem þau eru framin, þar á meðal aðgerðum, aðferðum og atferli sem stefna í hættu vinsamlegum samskiptum ríkja og þjóða og ógna friðhelgi og öryggi ríkja“,

veita því athygli að í yfirlýsingunni eru aðildarríki einnig hvött til að „endurskoða án tafar umfang gildandi þjóðréttarreglna um varnir gegn hryðjuverkum, baráttu gegn þeim og útrýmingu þeirra, í hverri mynd sem þau birtast, í því skyni að tryggja að fyrir hendi sé lagalegur heildarrammi sem tekur til allra þátta málsins“,

minnast einnig ályktunar allsherjarþingsins nr. 51/210 frá 17. desember 1996 og yfirlýsingar til viðbótar yfirlýsingunni frá 1994 um ráðstafanir til að útrýma alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi sem fylgir ályktuninni,

veita því einnig athygli að árásir hryðjuverkamanna með sprengiefnum eða öðrum lífshættulegum aðferðum hafa orðið algengari,

veita því enn fremur athygli að ekki er brugðist við þessum árásum á fullnægjandi hátt með núgildandi fjölhliða réttarreglum,

eru sannfærð um að brýna nauðsyn beri til að auka samvinnu ríkja á milli við að móta og taka upp árangursríkar og hentugar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slík hryðjuverk, sækja hryðjuverkamenn til saka og koma fram refsingu gagnvart þeim,

telja að það sé öllu hinu alþjóðlega samfélagi mikið áhyggjuefni að slík verk skuli vera framin,

veita því athygli að starfsemi herja ríkja lýtur reglum þjóðaréttar utan ramma þessa samnings og að þótt tilteknar aðgerðir falli ekki undir samning þennan leiðir ekki af því að aðgerðir, sem annars eru ólögmætar, séu umliðnar eða gerðar lögmætar, eða að ekki geti komið til saksóknar samkvæmt öðrum lögum,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Í samningi þessum merkir:

1. „Aðstaða á vegum ríkis eða stjórnvalda“ hverja þá aðstöðu eða samgöngutæki sem til frambúðar eða til bráðabirgða er nýtt eða

Recalling also the Declaration on Measures to Eliminate International Terrorism, annexed to General Assembly resolution 49/60 of 9 December 1994, in which, inter alia, "the States Members of the United Nations solemnly reaffirm their unequivocal condemnation of all acts, methods and practices of terrorism as criminal and unjustifiable, wherever and by whomever committed, including those which jeopardize the friendly relations among States and peoples and threaten the territorial integrity and security of States",

Noting that the Declaration also encouraged States "to review urgently the scope of the existing international legal provisions on the prevention, repression and elimination of terrorism in all its forms and manifestations, with the aim of ensuring that there is a comprehensive legal framework covering all aspects of the matter",

Recalling further General Assembly resolution 51/210 of 17 December 1996 and the Declaration to Supplement the 1994 Declaration on Measures to Eliminate International Terrorism, annexed thereto,

Noting also that terrorist attacks by means of explosives or other lethal devices have become increasingly widespread,

Noting further that existing multilateral legal provisions do not adequately address these attacks,

Being convinced of the urgent need to enhance international cooperation between States in devising and adopting effective and practical measures for the prevention of such acts of terrorism, and for the prosecution and punishment of their perpetrators,

Considering that the occurrence of such acts is a matter of grave concern to the international community as a whole,

Noting that the activities of military forces of States are governed by rules of international law outside the framework of this Convention and that the exclusion of certain actions from the coverage of this Convention does not condone or make lawful otherwise unlawful acts, or preclude prosecution under other laws,

Have agreed as follows:

Article 1

For the purposes of this Convention:

1. "State or government facility" includes any permanent or temporary facility or conveyance that is used or occupied by repre-

notað af fulltrúum ríkis, embættismönnum ríkisstjórnar, handhöfum löggjafarvalds eða dómsvalds, embættismönnum eða starfsmönnum ríkis, opinbers stjórnvalds eða aðila, eða af starfsmönnum eða embættismönnum milliríkjastofnunar í tengslum við opinbert starf þeirra.

2. „Almenningsmannvirki“ öll mannvirki í eigu opinberra aðila eða einkaaðila sem veita eða dreifa þjónustu í þágu almennings, svo sem vatnsveitur, skolplagnir, orkuleiðslur, eldsneytisleiðslur eða samgöngumannvirki.
3. „Sprengja eða önnur lífshættuleg aðferð“:
   a. vopn eða aðferð sem ætlað er eða til þess er fallin að valda bana, alvarlegu líkamstjóni eða verulegu eignatjóni með sprengingu eða íkveikju; eða
   b. vopn eða aðferð sem ætlað er eða til þess er fallin að valda bana, alvarlegu líkamstjóni eða verulegu eignatjóni með því að leysa frá sér eða dreifa eiturefnum, líffrænum efnum eða eitri eða áþekkum efnum, eða geislavirkni eða geislavirkum efnum, eða blanda þessum efnum saman.
4. „Her ríkis“ her ríkis sem skipulagður er, þjálfaður og útbúinn samkvæmt landslögum þess í því skyni fyrst og fremst að halda uppi landvörnum og öryggi, og menn sem eru hernum til stuðnings og lúta formlegu skipunarvaldi hans og stjórn og starfa á ábyrgð hans.
5. „Almenningsstaðir“ þá hluta byggingar, landsvæðis, vegar, vatnaleiðar eða annars staðar sem aðgengilegir eru eða opnir almenningi, hvort sem það er alltaf, reglulega eða af og til, og falla þar undir staðir þar sem stunduð er verslun, atvinnurekstur eða menningarstarfsemi, sögustaðir, staðir til menntunar- eða trúariðkunar, opinberir stjórnarstaðir, skemmti- og frítímastaðir og áþekkir staðir sem aðgengilegir eru eða opnir almenningi.
6. „Almenningssamgöngukerfi“ alla aðstöðu, samgöngutæki og búnað, hvort sem er í opinberri eigu eða í einkaeign, sem notuð eru til flutninga á fólki eða vörum og eru almenningi til afnota.

2. gr.

1. Sá fremur afbrot í skilningi samnings þessa sem með ólögmætum hætti og af ásetningi fer með sprengju eða með annarri lífshættulegri aðferð inn á, inn í eða gegn almenningsstað, aðstöðu á vegum ríkis eða stjórnvalda, almenningssamgöngukerfi eða almennings-

sentatives of a State, members of Government, the legislature or the judiciary or by officials or employees of a State or any other public authority or entity or by employees or officials of an intergovernmental organization in connection with their official duties.

2. “Infrastructure facility” means any publicly or privately owned facility providing or distributing services for the benefit of the public, such as water, sewage, energy, fuel or communications.
3. “Explosive or other lethal device” means:
   a. An explosive or incendiary weapon or device that is designed, or has the capability, to cause death, serious bodily injury or substantial material damage; or
   b. A weapon or device that is designed, or has the capability, to cause death, serious bodily injury or substantial material damage through there lease, dissemination or impact of toxic chemicals, biological agents or toxins or similar substances or radiation or radioactive material.
4. “Military forces of a State” means the armed forces of a State which are organized, trained and equipped under its internal law for the primary purpose of national defence or security, and persons acting in support of those armed forces who are under their formal command, control and responsibility.
5. “Place of public use” means those parts of any building, land, street, waterway or other location that are accessible or open to members of the public, whether continuously, periodically or occasionally, and encompasses any commercial, business, cultural, historical, educational, religious, governmental, entertainment, recreational or similar place that is so accessible or open to the public.
6. “Public transportation system” means all facilities, conveyances and instrumentalities, whether publicly or privately owned, that are used in or for publicly available services for the transportation of persons or cargo.

Article 2

1. Any person commits an offence within the meaning of this Convention if that person unlawfully and intentionally delivers, places, discharges or detonates an explosive or other lethal device in, into or against a place of public use, a State or government facility, a

mannvirki, kemur henni þar fyrir, gerir hana virka eða sprengir hana:
a. í þeim ásetningi að valda bana eða alvarlegu líkamstjóni; eða
b. í þeim ásetningi að valda umfangsmikilli eyðileggingu á viðkomandi stað, aðstöðu eða kerfi, og eyðileggingin veldur eða er líkleg til að valda miklu efnahagslegu tjóni.

2. Sá fremur einnig afbrot sem gerir tilraun til að fremja afbrot sem fjallað er um í 1. mgr.

3. Sá fremur einnig afbrot sem:

a. á hlutdeild í afbroti sem fjallað er um í 1. eða 2. mgr.; eða
b. skipuleggur afbrot sem fjallað er um í 1. eða 2. mgr. eða stjórnar framkvæmd þess; eða
c. stuðlar með einhverjum öðrum hætti að því að hópur manna, sem starfar að sameiginlegu markmiði, fremur eitt eða fleiri afbrot sem fjallað er um í 1. eða 2. mgr., enda sé það gert af ásetningi og annaðhvort í því skyni að veita afbrotastarfsemi hópsins eða hinu glæpsamlega markmiði hans framgang, eða gert með vitneskju um þann ásetning hópsins að fremja slík afbrot.

3. gr.

Samningur þessi gildir ekki um afbrot sem framið er innan eins ríkis ef meintur brotamaður og þeir sem fyrir afbrotinu verða eru ríkisborgarar þess ríkis, hinn meinti brotamaður er á yfirráðasvæði þess og ekki er grundvöllur skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr. samnings þessa fyrir því að neitt annað ríki beiti lögsögu í málinu, en þó skulu ákvæði 10.–15. gr. gilda í slíkum tilvikum eftir því sem við á.

4. gr.

Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að:
a. gera þau afbrot sem fjallað er um í 2. gr. samnings þessa refsiverð samkvæmt landslögum sínum;
b. leggja viðeigandi refsingu við þeim afbrotum þannig að tillit sé tekið til alvarleika þeirra.

public transportation system or an infrastructure facility:
a. With the intent to cause death or serious bodily injury; or
b. With the intent to cause extensive destruction of such a place, facility or system, where such destruction results in or is likely to result in major economic loss.

2. Any person also commits an offence if that person attempts to commit an offence as set forth in paragraph 1.

3. Any person also commits an offence if that person:
a. Participates as an accomplice in an offence as set forth in paragraph 1 or 2; or
b. Organizes or directs others to commit an offence as set forth in paragraph 1 or 2; or
c. In any other way contributes to the commission of one or more offences as set forth in paragraph 1 or 2 by a group of persons acting with a common purpose; such contribution shall be intentional and either be made with the aim of furthering the general criminal activity or purpose of the group or be made in the knowledge of the intention of the group to commit the offence or offences concerned.

Article 3

This Convention shall not apply where the offence is committed within a single State, the alleged offender and the victims are nationals of that State, the alleged offender is found in the territory of that State and no other State has a basis under article 6, paragraph 1, or article 6, paragraph 2, of this Convention to exercise jurisdiction, except that the provisions of articles 10 to 15 shall, as appropriate, apply in those cases.

Article 4

Each State Party shall adopt such measures as may be necessary:
a. To establish as criminal offences under its domestic law the offences set forth in article 2 of this Convention;
b. To make those offences punishable by appropriate penalties which take into account the grave nature of those offences.

5. gr.

Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera, þar á meðal með lagasetningu þar sem við á, til að tryggja að afbrot er falla undir samning þennan, sérstaklega ef þeim er ætlað eða þau eru við það miðuð að leiða til ógnarástands meðal almennings, hópa eða einstaklinga, séu aldrei talin réttlætanleg vegna sjónarmiða af stjórnmálalegum, heimspekilegum, hugmyndafræðilegum, kynþáttalegum, þjóðernislegum, trúarlegum eða öðrum svipuðum toga, og að fyrir þau sé refsað í samræmi við alvarleika þeirra.

6. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að afla sér lögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. þegar:
   (a) afbrotið er framið á yfirráðasvæði þess; eða
   (b) afbrotið er framið um borð í skipi er siglir undir fána þess eða í loftfari sem skráð er samkvæmt lögum þess þegar það er framið; eða
   (c) afbrotið er framið af ríkisborgara þess.
2. Aðildarríki getur einnig aflað sér lögsögu vegna slíks afbrots þegar:
   (a) afbrotið er framið gegn ríkisborgara þess; eða
   (b) afbrotið beinist gegn aðstöðu á vegum ríkis eða stjórnvalda þess ríkis erlendis, þar með töldu sendiráði þess eða ræðisskrifstofu; eða
   (c) afbrotið er framið af ríkisfangslausum manni sem að jafnaði dvelst á yfirráðasvæði þess ríkis; eða
   (d) afbrotið er framið í viðleitni til að neyða það ríki til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert; eða
   (e) afbrotið er framið um borð í loftfari sem rekið er á vegum þess ríkis.
3. Hvert aðildarríki skal, þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum, tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna hverrar lögsögu það hefur aflað sér að eigin landslögum í samræmi við 2. mgr. Verði einhver breyting þar á skal aðildarríkið þegar tilkynna það aðalframkvæmdastjóranum.

Article 5

Each State Party shall adopt such measures as may be necessary, including, where appropriate, domestic legislation, to ensure that criminal acts within the scope of this Convention, in particular where they are intended or calculated to provoke a state of terror in the general public or in a group of persons or particular persons, are under no circumstances justifiable by considerations of a political, philosophical, ideological, racial, ethnic, religious or other similar nature and are punished by penalties consistent with their grave nature.

Article 6

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 2 when:
   (a) The offence is committed in the territory of that State; or
   (b) The offence is committed on board a vessel flying the flag of that State or an aircraft which is registered under the laws of that State at the time the offence is committed; or
   (c) The offence is committed by a national of that State.
2. A State Party may also establish its jurisdiction over any such offence when:
   (a) The offence is committed against a national of that State; or
   (b) The offence is committed against a State or government facility of that State abroad, including an embassy or other diplomatic or consular premises of that State; or
   (c) The offence is committed by a stateless person who has his or her habitual residence in the territory of that State; or
   (d) The offence is committed in an attempt to compel that State to do or abstain from doing any act; or
   (e) The offence is committed on board an aircraft which is operated by the Government of that State.
3. Upon ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention, each State Party shall notify the Secretary-General of the United Nations of the jurisdiction it has established in accordance with paragraph 2 under its domestic law. Should any change take place, the State Party concerned shall immediately notify the Secretary-General.

4. Hvert aðildarríki skal á sama hátt gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að afla sér lögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki neinu því aðildarríki sem aflað hefur sér lögsögu skv. 1. eða 2. mgr.

5. Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki beiti hverri þeirri refsilögsögu sem það hefur öðlast samkvæmt eigin landslögum.

4. Each State Party shall likewise take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 2 in cases where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite that person to any of the States Parties which have established their jurisdiction in accordance with paragraph 1 or 2.

5. This Convention does not exclude the exercise of any criminal jurisdiction established by a State Party in accordance with its domestic law.

7. gr.

1. Er aðildarríki hafa borist upplýsingar um að maður, sem framið hefur afbrot sem fjallað er um í 2. gr. eða talinn er hafa gert það, kunni að vera staddur á yfirráðasvæði þess skal það gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera samkvæmt landslögum þess til að rannsaka þau atvik sem þar greinir.
2. Ef brotamaður eða meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkis skal það, er það hefur gengið úr skugga um að aðstæður réttlæti það, gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt landslögum sínum til að tryggja nærveru hans með tilliti til saksóknar eða framsals.
3. Hver sá sem ráðstafanir skv. 2. mgr. eru gerðar gagnvart á rétt á:

   (a) að hafa tafarlaust samband við næsta viðeigandi fulltrúa þess ríkis þar sem hann á ríkisborgararétt eða þess ríkis sem á annan hátt er bært til að gæta réttinda hans, eða, sé hann ríkisfangslaus, þess ríkis sem yfirráðasvæði hefur þar sem hann dvelst að jafnaði;
   (b) að fá vitjun fulltrúa þess ríkis;

   (c) að vera skýrt frá réttindum sínum skv. a- og b-liðum.
4. Með réttindi þau sem tilgreind eru í 3. mgr. skal farið í samræmi við lög og reglur í því ríki sem hefur yfirráðasvæði þar sem brotamaður eða meintur brotamaður er staddur, þó með þeim fyrirvara að þau lög og reglur nái að fullu þeim tilgangi sem réttindum þeim, sem kveðið er á um í 3. mgr., er ætlað að ná.

5. Ákvæði 3. og 4. mgr. skulu í engu skerða rétt aðildarríkis sem krafist getur lögsögu skv. c-lið 1. mgr. eða c-lið 2. mgr. 6. gr. til að bjóða

Article 7

1. Upon receiving information that a person who has committed or who is alleged to have committed an offence as set forth in article 2 may be present in its territory, the State Party concerned shall take such measures as may be necessary under its domestic law to investigate the facts contained in the information.
2. Upon being satisfied that the circumstances so warrant, the State Party in whose territory the offender or alleged offender is present shall take the appropriate measures under its domestic law so as to ensure that person's presence for the purpose of prosecution or extradition.
3. Any person regarding whom the measures referred to in paragraph 2 are being taken shall be entitled to:
   (a) Communicate without delay with the nearest appropriate representative of the State of which that person is a national or which is otherwise entitled to protect that person's rights or, if that person is a stateless person, the State in the territory of which that person habitually resides;
   (b) Be visited by a representative of that State;
   (c) Be informed of that person's rights under subparagraphs (a) and (b).
4. The rights referred to in paragraph 3 shall be exercised in conformity with the laws and regulations of the State in the territory of which the offender or alleged offender is present, subject to the provision that the said laws and regulations must enable full effect to be given to the purposes for which the rights accorded under paragraph 3 are intended.
5. The provisions of paragraphs 3 and 4 shall be without prejudice to the right of any State Party having a claim to jurisdiction in accor-

alþjóðanefnd Rauða krossins að hafa samband við hinn meinta brotamann og vitja hans.

6. Þegar aðildarríki hefur tekið mann í gæslu samkvæmt þessari grein skal það þegar, beint eða fyrir milligöngu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, tilkynna þeim aðildarríkjum sem aflað hafa sér lögsögu skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr., og, ef það telur rétt að gera svo, öðrum aðildarríkjum sem láta sig það varða, um að maðurinn sé í gæslu og um þau atvik sem réttlæta gæslu hans. Ríkið sem annast þá rannsókn sem ráðgerð er í 1. mgr. skal þegar skýra þeim aðildarríkjum frá niðurstöðum sínum og taka fram hvort það hyggist beita lögsögu sinni.

dance with article 6, subparagraph 1 (c) or 2 (c), to invite the International Committee of the Red Cross to communicate with and visit the alleged offender.

6. When a State Party, pursuant to this article, has taken a person into custody, it shall immediately notify, directly or through the Secretary-General of the United Nations, the States Parties which have established jurisdiction in accordance with article 6, paragraphs 1 and 2, and, if it considers it advisable, any other interested States Parties, of the fact that such person is in custody and of the circumstances which warrant that person's detention. The State which makes the investigation contemplated in paragraph 1 shall promptly inform the said States Parties of its findings and shall indicate whether it intends to exercise jurisdiction.

8. gr.

1. Í málum sem 6. gr. gildir um er því aðildarríki sem hefur yfirráðasvæði þar sem meintur brotamaður er staddur skylt, undantekningarlaust og hvort sem afbrotið var framið á yfirráðasvæði þess eða ekki, að leggja málið án ástæðulausrar tafar fyrir viðeigandi yfirvöld sín til saksóknar með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum þess, nema hann sé framseldur. Þau yfirvöld skulu taka ákvörðun sína á sama hátt og í öðrum alvarlegum brotamálum samkvæmt lögum þess ríkis.

2. Heimili landslög aðildarríkis því aðeins að framselja eða láta á annan hátt af hendi eigin ríkisborgara með því skilyrði að hann verði sendur til baka til þess ríkis til að afplána refsingu sem honum var ákvörðuð eftir þau réttarhöld eða þá málsmeðferð sem framsals eða afhendingar hans var óskað út af, og bæði það ríki og ríkið sem framsals óskar fallast á það skilyrði og aðra skilmála sem þau kunna að telja við eiga, nægir slíkt skilyrt framsal eða afhending til að uppfylla skyldu þá sem kveðið er á um í 1. mgr.

Article 8

1. The State Party in the territory of which the alleged offender is present shall, in cases to which article 6 applies, if it does not extradite that person, be obliged, without exception whatsoever and whether or not the offence was committed in its territory, to submit the case without undue delay to its competent authorities for the purpose of prosecution, through proceedings in accordance with the laws of that State. Those authorities shall take their decision in the same manner as in the case of any other offence of a grave nature under the law of that State.

2. Whenever a State Party is permitted under its domestic law to extradite or otherwise surrender one of its nationals only upon the condition that the person will be returned to that State to serve the sentence imposed as a result of the trial or proceeding for which the extradition or surrender of the person was sought, and this State and the State seeking the extradition of the person agree with this option and other terms they may deem appropriate, such a conditional extradition or surrender shall be sufficient to discharge the obligation set forth in paragraph 1.

9. gr.

1. Litið skal svo á að afbrot sem fjallað er um í 2. gr. séu meðal framsalsbrota í öllum framsalssamningum sem í gildi eru milli aðildarríkja áður en samningur þessi öðlast gildi. Aðildarríki skuldbinda sig til að telja þau af-

Article 9

1. The offences set forth in article 2 shall be deemed to be included as extraditable offences in any extradition treaty existing between any of the States Parties before the entry into force of this Convention. States

brot meðal framsalsbrota í öllum framsalssamningum sem síðar kunna að verða gerðir milli þeirra.

2. Þegar aðildarríki, sem gerir framsalssamning að skilyrði fyrir framsali, tekur við framsalsbeiðni frá öðru aðildarríki sem það hefur ekki framsalssamning við getur það aðildarríki sem við beiðninni tekur að eigin ákvörðun litið svo á að samningur þessi sé lagalegur grunnur framsals varðandi afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr. Framsal skal háð þeim skilyrðum öðrum sem kveðið er á um í lögum þess ríkis sem beiðninni er beint til.
3. Aðildarríki sem gera ekki framsalssamning að skilyrði fyrir framsali skulu viðurkenna þau afbrot sem fjallað er um í 2. gr. sem framsalsbrot sín á milli, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þess ríkis sem framsalsbeiðni er beint til.
4. Ef nauðsynlegt er skal hvað framsal milli aðildarríkja snertir farið með afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr. eins og þau hefðu ekki einungis verið framin þar sem þau áttu sér stað, heldur einnig á yfirráðasvæði ríkja sem aflað hafa sér lögsögu skv. 1. og 2. mgr. 6. gr.

5. Litið skal svo á að ákvæði allra framsalssamninga og tilhögunarreglna um framsal milli aðildarríkja hvað varðar afbrot sem fjallað er um í 2. gr. hafi sætt breytingum þeirra á milli að því leyti sem þau samræmast ekki samningi þessum.

10. gr.

1. Hvað snertir afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr. skulu aðildarríki veita hvert öðru sem mesta aðstoð í tengslum við rannsókn, saksókn og framsal, þar á meðal aðstoð við að afla sönnunargagna í vörslu þeirra sem nauðsynleg eru til reksturs máls.

2. Aðildarríki skulu framkvæma skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. í samræmi við þjóðréttarsamninga eða aðra tilhögun varðandi gagnkvæma réttaraðstoð sem fyrir hendi kann að vera milli þeirra. Sé ekki slíkum samningum eða tilhögun fyrir að fara skulu aðildarríki veita hvert öðru aðstoð í samræmi við landslög sín.

11. gr.

Hvað snertir framsal eða gagnkvæma réttar-

Parties undertake to include such offences as extraditable offences in every extradition treaty to be subsequently concluded between them.

2. When a State Party which makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another State Party with which it has no extradition treaty, the requested State Party may, at its option, consider this Convention as a legal basis for extradition in respect of the offences set forth in article 2. Extradition shall be subject to the other conditions provided by the law of the requested State.
3. States Parties which do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize the offences set forth in article 2 as extraditable offences between themselves, subject to the conditions provided by the law of the requested State.
4. If necessary, the offences set forth in article 2 shall be treated, for the purposes of extradition between States Parties, as if they had been committed not only in the place in which they occurred but also in the territory of the States that have established jurisdiction in accordance with article 6, paragraphs 1 and 2.
5. The provisions of all extradition treaties and arrangements between States Parties with regard to offences set forth in article 2 shall be deemed to be modified as between State Parties to the extent that they are incompatible with this Convention.

Article 10

1. States Parties shall afford one another the greatest measure of assistance in connection with investigations or criminal or extradition proceedings brought in respect of the offences set forth in article 2, including assistance in obtaining evidence at their disposal necessary for the proceedings.
2. States Parties shall carry out their obligations under paragraph 1 in conformity with any treaties or other arrangements on mutual legal assistance that may exist between them. In the absence of such treaties or arrangements, States Parties shall afford one another assistance in accordance with their domestic law.

Article 11

None of the offences set forth in article 2 shall

aðstoð skal ekki litið á neitt það afbrot sem fjallað er um í 2. gr. sem stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot framið af stjórnmálalegum hvötum. Ekki má því hafna beiðni um framsal eða gagnkvæma réttaraðstoð vegna slíks afbrots á þeirri forsendu einni að hún varði stjórnmálaafbrot, afbrot tengt stjórnmálaafbroti eða afbrot framið af stjórnmálalegum hvötum.

12. gr.

Ekkert í samningi þessum skal túlkað þannig að það leggi á framsalsskyldu eða skyldu til að veita gagnkvæma réttaraðstoð ef það aðildarríki, sem beiðni um framsal vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. eða um gagnkvæma réttaraðstoð vegna slíkra afbrota er beint til, hefur ástæðu til að ætla að beiðnin sé lögð fram til þess að sækja megi viðkomandi til saka eða refsa honum vegna kynþáttar hans, trúar, þjóðernis, þjóðernisuppruna eða stjórnmálaskoðana, eða að það mundi af einhverri þessara ástæðna stefna stöðu viðkomandi í hættu að fallast á beiðnina.

13. gr.

1. Mann sem er í gæslu eða afplánar refsingu á yfirráðasvæði eins aðildarríkis má flytja til annars aðildarríkis ef óskað er nærveru hans þar til vitnisburðar, persónugreiningar eða annarrar aðstoðar við að afla sönnunargagna til rannsóknar eða saksóknar vegna afbrota sem samningur þessi tekur til, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

   (a) viðkomandi gefur til þess upplýst samþykki sitt af fúsum og frjálsum vilja; og
   (b) viðeigandi yfirvöld í báðum ríkjum samþykkja það, með þeim skilyrðum sem þau telja rétt að setja.

2. Hvað þessa grein snertir:
   (a) ber því ríki sem maðurinn er fluttur til réttur og skylda til að hafa hann í gæslu nema aðildarríkið sem hann var fluttur frá óski annars eða heimili það;

   (b) skal það ríki sem maðurinn er fluttur til án tafar uppfylla þá skyldu sína að endursenda hann í gæslu þess ríkis sem hann var fluttur frá, eins og viðeigandi yfirvöld í báðum ríkjunum hafa samið um fyrirfram eða komið sér saman um á annan hátt;

be regarded, for the purposes of extradition or mutual legal assistance, as a political offence or as an offence connected with a political offence or as an offence inspired by political motives. Accordingly, a request for extradition or for mutual legal assistance based on such an offence may not be refused on the sole ground that it concerns a political offence or an offence connected with a political offence or an offence inspired by political motives.

Article 12

Nothing in this Convention shall be interpreted as imposing an obligation to extradite or to afford mutual legal assistance, if the requested State Party has substantial grounds for believing that the request for extradition for offences set forth in article 2 or for mutual legal assistance with respect to such offences has been made for the purpose of prosecuting or punishing a person on account of that person's race, religion, nationality, ethnic origin or political opinion or that compliance with the request would cause prejudice to that person's position for any of these reasons.

Article 13

1. A person who is being detained or is serving a sentence in the territory of one State Party whose presence in another State Party is requested for purposes of testimony, identification or otherwise providing assistance in obtaining evidence for the investigation or prosecution of offences under this Convention may be transferred if the following conditions are met:
   (a) The person freely gives his or her informed consent; and
   (b) The competent authorities of both States agree, subject to such conditions as those States may deem appropriate.

2. For the purposes of this article:
   (a) The State to which the person is transferred shall have the authority and obligation to keep the person transferred in custody, unless otherwise requested or authorized by the State from which the person was transferred;
   (b) The State to which the person is transferred shall without delay implement its obligation to return the person to the custody of the State from which the person was transferred as agreed beforehand, or as otherwise agreed, by the competent authorities of both States;

(c) skal það ríki sem viðkomandi er fluttur til ekki krefjast þess að það ríki sem hann var fluttur frá höfði framsalsmál til að fá hann endursendan;

(d) skal sá tími sem hinn flutti er í gæslu í því ríki sem hann er fluttur til koma til frádráttar afplánun refsingar í því ríki sem hann var fluttur frá.

3. Hvert sem ríkisfang þess er sem flytja skal má ekki sækja hann til saka, setja hann í gæslu eða takmarka frelsi hans á nokkurn hátt á yfirráðasvæði þess ríkis sem hann er fluttur til, vegna verknaðar eða refsidóms frá því áður en hann fór frá yfirráðasvæði þess ríkis sem hann var fluttur frá, nema það aðildarríki samþykki sem hann skal fluttur frá samkvæmt þessari grein.

14. gr.

Hverjum þeim, sem tekinn er í gæslu, aðrar ráðstafanir gerðar gagnvart eða málsmeðferð beinist að samkvæmt samningi þessum, skal tryggð réttlát meðferð, þar með talið að njóta allra þeirra réttinda og verndar sem kveðið er á um í landslögum þess aðildarríkis er hefur yfirráðasvæði þar sem viðkomandi er staddur og í viðeigandi reglum þjóðaréttar, þar með talið alþjóðlegum mannréttindalögum.

15. gr.

Aðildarríki skulu eiga með sér samvinnu við að koma í veg fyrir afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr., einkum:

(a) með því að gera allar raunhæfar ráðstafanir, þar með talin aðlögun á landslögum sínum ef nauðsynlegt er, til að koma í veg fyrir og bregðast við því að undirbúningur fari fram á yfirráðasvæði þeirra til að fremja slík afbrot innan þess eða utan, þar á meðal með því að banna á yfirráðasvæði þeirra ólöglegar athafnir manna, hópa og samtaka sem hvetja til afbrota sem fjallað er um í 2. gr., eiga frumkvæði að þeim eða skipuleggja þau, fjármagna þau vitandi vits eða taka þátt í að fremja þau;

(b) með því að skiptast á nákvæmum og sannreyndum upplýsingum í samræmi við landslög sín og samræma ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og á öðrum sviðum eftir því sem við á til að koma í veg fyrir afbrot sem fjallað er um í 2. gr.;

(c) The State to which the person is transferred shall not require the State from which the person was transferred to initiate extradition proceedings for the return of the person;

(d) The person transferred shall receive credit for service of the sentence being served in the State from which he was transferred for time spent in the custody of the State to which he was transferred.

3. Unless the State Party from which a person is to be transferred in accordance with this article so agrees, that person, whatever his or her nationality, shall not be prosecuted or detained or subjected to any other restriction of his or her personal liberty in the territory of the State to which that person is transferred in respect of acts or convictions anterior to his or her departure from the territory of the State from which such person was transferred.

Article 14

Any person who is taken into custody or regarding whom any other measures are taken or proceedings are carried out pursuant to this Convention shall be guaranteed fair treatment, including enjoyment of all rights and guarantees in conformity with the law of the State in the territory of which that person is present and applicable provisions of international law, including international law of human rights.

Article 15

States Parties shall cooperate in the prevention of the offences set forth in article 2, particularly:

(a) By taking all practicable measures, including, if necessary, adapting their domestic legislation, to prevent and counter preparations in their respective territories for the commission of those offences within or outside their territories, including measures to prohibit in their territories illegal activities of persons, groups and organizations that encourage, instigate, organize, knowingly finance or engage in the perpetration of offences as set forth in article 2;

(b) By exchanging accurate and verified information in accordance with their national law, and coordinating administrative and other measures taken as appropriate to prevent the commission of offences as set forth in article 2;

(c) eftir því sem við á með rannsóknum og þróun aðferða til að greina sprengiefni og önnur skaðleg efni sem valdið geta bana eða líkamstjóni, samráði um þróun staðla til að sérkenna sprengiefni svo að unnt sé að greina uppruna þeirra við rannsókn þar sem sprengingar hafa orðið, skiptum á upplýsingum um fyrirbyggjandi aðgerðir, og með samvinnu og miðlun á tækni, búnaði og tilheyrandi efnum.

16. gr.

Aðildarríki þar sem meintur brotamaður er saksóttur skal, í samræmi við landslög sín eða viðeigandi málsmeðferðarreglur, skýra aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna frá endanlegri niðurstöðu málsins, en hann skal senda öðrum aðildarríkjum þær upplýsingar.

17. gr.

Aðildarríki skulu uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum þannig að það samræmist grundvallarreglum um jafnrétti fullvalda ríkja og friðhelgi yfirráðasvæða þeirra og grundvallarreglunni um bann við afskiptum af innanríkismálum annarra ríkja.

18. gr.

Ekkert í samningi þessum veitir aðildarríki rétt til að fara með lögsögu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða sinna þar verkefnum er landslög þess ríkis fela yfirvöldum þess einum.

19. gr.

1. Samningur þessi skal engin áhrif hafa á önnur réttindi, skuldbindingar og skyldur ríkja og einstaklinga að þjóðarétti, einkum samkvæmt markmiðum og meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðlegra mannúðarlaga.
2. Aðgerðir herja í hernaði, eins og þau hugtök eru skilin í alþjóðlegum mannúðarlögum, falla ekki undir samning þennan að því leyti sem alþjóðleg mannúðarlög gilda um þær, og samningur þessi gildir ekki um aðgerðir hers ríkis sem falla undir opinber skyldustörf, að því leyti sem aðrar reglur þjóðaréttar gilda um þær.

(c) Where appropriate, through research and development regarding methods of detection of explosives and other harmful substances that can cause death or bodily injury, consultations on the development of standards for marking explosives in order to identify their origin in post-blast investigations, exchange of information on preventive measures, cooperation and transfer of technology, equipment and related materials.

Article 16

The State Party where the alleged offender is prosecuted shall, in accordance with its domestic law or applicable procedures, communicate the final outcome of the proceedings to the Secretary-General of the United Nations, who shall transmit the information to the other States Parties.

Article 17

The States Parties shall carry out their obligations under this Convention in a manner consistent with the principles of sovereign equality and territorial integrity of States and that of non-intervention in the domestic affairs of other States.

Article 18

Nothing in this Convention entitles a State Party to undertake in the territory of another State Party the exercise of jurisdiction and performance of functions which are exclusively reserved for the authorities of that other State Party by its domestic law.

Article 19

1. Nothing in this Convention shall affect other rights, obligations and responsibilities of States and individuals under international law, in particular the purposes and principles of the Charter of the United Nations and international humanitarian law.
2. The activities of armed forces during an armed conflict, as those terms are understood under international humanitarian law, which are governed by that law, are not governed by this Convention, and the activities undertaken by military forces of a State in the exercise of their official duties, inasmuch as they are governed by other rules of international law, are not governed by this Convention.

20. gr.

1. Deila milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða beitingu samnings þessa, sem ekki er unnt að leysa með samkomulagi innan hæfilegs tíma, skal lögð í gerð að ósk annars eða eins þeirra. Geti þau ekki innan sex mánaða frá því að gerðar er óskað komið sér saman um hvernig henni skuli hagað getur hvert viðkomandi ríki vísað deilunni til Alþjóðadómstólsins með beiðni samkvæmt samþykktum hans.

2. Hvert ríki getur við undirritun samnings þessa, eða þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum, lýst því yfir að það telji sig ekki bundið af 1. mgr. Önnur aðildarríki skulu ekki bundin af 1. mgr. gagnvart aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.
3. Ríki sem gert hefur fyrirvara skv. 2. mgr. getur hvenær sem er afturkallað hann með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Article 20

1. Any dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention which cannot be settled through negotiation within a reasonable time shall, at the request of one of them, be submitted to arbitration. If, within six months from the date of the request for arbitration, the parties are unable to agree on the organization of the arbitration, any one of those parties may refer the dispute to the International Court of Justice, by application, in conformity with the Statute of the Court.
2. Each State may at the time of signature, ratification, acceptance or approval of this Convention or accession thereto declare that it does not consider itself bound by paragraph 1. The other States Parties shall not be bound by paragraph 1 with respect to any State Party which has made such a reservation.
3. Any State which has made a reservation in accordance with paragraph 2 may at any time withdraw that reservation by notification to the Secretary-General of the United Nations.

21. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja frá 12. janúar 1998 til 31. desember 1999 í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York.
2. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.
3. Samningur þessi er opinn öllum ríkjum til aðildar. Aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

Article 21

1. This Convention shall be open for signature by all States from 12 January 1998 until 31 December 1999 at United Nations Headquarters in New York.
2. This Convention is subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.
3. This Convention shall be open to accession by any State. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

22. gr.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að tuttugasta og annað skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.
2. Að því er varðar hvert ríki sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta og annað skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu skal samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir að það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

Article 22

1. This Convention shall enter into force on the thirtieth day following the date of the deposit of the twenty-second instrument of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General of the United Nations.
2. For each State ratifying, accepting, approving or acceding to the Convention after the deposit of the twenty-second instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after deposit by such State of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

23. gr.

1. Hvert aðildarríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.
2. Uppsögn skal öðlast gildi einu ári eftir þann dag er aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna veitir tilkynningunni viðtöku.

Article 23

1. Any State Party may denounce this Convention by written notification to the Secretary-General of the United Nations.
2. Denunciation shall take effect one year following the date on which notification is received by the Secretary-General of the United Nations.

24. gr.

Frumriti samnings þessa, í jafngildum textum á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku, skal koma í vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og skal hann senda öllum ríkjum staðfest afrit þess.

Article 24

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan sem lagður var fram til undirritunar í New York 12. janúar 1998.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Convention, opened for signature at New York on 12 January 1998.

Nr. 23 18. apríl 2002

AUGLÝSING

um alþjóðasamning um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Hinn 15. apríl 2002 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sem gerður var í New York 9. desember 1999. Alþingi hafði með ályktun 8. mars 2002 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 15. maí 2002.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 18. apríl 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMNINGUR um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Inngangur.

Aðildarríki samnings þessa,

hafa í huga tilgang og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna um að varðveita heimsfrið og öryggi og stuðla að velvild, vináttu og samvinnu meðal ríkja,

INTERNATIONAL CONVENTION for the Suppression of the Financing of Terrorism

Preamble

The States Parties to this Convention,

Bearing in mind the purposes and principles of the Charter of the United Nations concerning the maintenance of international peace and security and the promotion of good-neighbourliness and friendly relations and cooperation among States,

hafa miklar áhyggjur af vaxandi hryðjuverkastarfsemi í heiminum í hverri mynd sem hún birtist,

minnast yfirlýsingar í tilefni hálfrar aldar afmælis Sameinuðu þjóðanna í ályktun allsherjarþingsins nr. 50/6 frá 24. október 1995,

minnast einnig allra viðeigandi ályktana allsherjarþingsins um þetta málefni, þar á meðal ályktunar nr. 49/60 frá 9. desember 1994 og viðauka við hana með yfirlýsingu um ráðstafanir til að útrýma alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi þar sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna ítrekuðu með alvöruþunga eindregna fordæmingu sína á öllum aðgerðum, aðferðum og atferli hryðjuverkamanna sem glæpsamlegu og óréttlætanlegu, hvar sem þau væru framin og af hverjum sem þau væru framin, þar á meðal aðgerðum, aðferðum og atferli sem stefna í hættu vinsamlegum samskiptum ríkja og þjóða og ógna friðhelgi og öryggi ríkja,

vekja athygli á að í yfirlýsingunni um ráðstafanir til að útrýma alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi voru ríki einnig hvött til að endurskoða án tafar umfang gildandi þjóðréttarreglna um varnir gegn hryðjuverkum, baráttu gegn þeim og útrýmingu þeirra, í hverri mynd sem þau birtast, í því skyni að tryggja að fyrir hendi sé lagalegur heildarrammi sem tekur til allra þátta málsins,

minnast ályktunar allsherjarþingsins nr. 51/210 frá 17. desember 1996, f-liðar 3. mgr., þar sem þingið skoraði á öll ríki að gera ráðstafanir til að koma með viðeigandi innanlandsaðgerðum í veg fyrir og sporna við því að fjármagn renni til hryðjuverkamanna og hryðjuverkasamtaka, hvort sem slík fjármögnun er bein eða óbein um hendur stofnana sem einnig hafa eða kveðast hafa mannúðleg, félagsleg eða menningarleg markmið, eða stofnana sem einnig stunda ólöglega starfsemi, svo sem vopnasmygl, eiturlyfjaverslun eða fjárkúgun, þar á meðal misnotkun á fólki til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, og sérstaklega taka til athugunar, þar sem við á, að setja reglur til að koma í veg fyrir og sporna við tilflutningi á fjármagni sem grunur leikur á að sé ætlað til hryðjuverka án þess að skerða að neinu leyti frelsi til lögmætra fjármagnsflutninga, og að auka skipti á upplýsingum varðandi flutning slíks fjármagns milli landa,

minnast einnig ályktunar allsherjarþingsins nr. 52/165 frá 15. desember 1997 þar sem þingið skoraði á ríki að taka til sérstakrar athugunar framkvæmd þeirra ráðstafana sem kveðið er á um

Deeply concerned about the worldwide escalation of acts of terrorism in all its forms and manifestations,

Recalling the Declaration on the Occasion of the Fiftieth Anniversary of the United Nations, contained in General Assembly resolution 50/6 of 24 October 1995,

Recalling also all the relevant General Assembly resolutions on the matter, including resolution 49/60 of 9 December 1994 and its annex on the Declaration on Measures to Eliminate International Terrorism, in which the States Members of the United Nations solemnly reaffirmed their unequivocal condemnation of all acts, methods and practices of terrorism as criminal and unjustifiable, wherever and by whomever committed, including those which jeopardize the friendly relations among States and peoples and threaten the territorial integrity and security of States,

Noting that the Declaration on Measures to Eliminate International Terrorism also encouraged States to review urgently the scope of the existing international legal provisions on the prevention, repression and elimination of terrorism in all its forms and manifestations, with the aim of ensuring that there is a comprehensive legal framework covering all aspects of the matter,

Recalling General Assembly resolution 51/210 of 17 December 1996, paragraph 3, subparagraph (f), in which the Assembly called upon all States to take steps to prevent and counteract, through appropriate domestic measures, the financing of terrorists and terrorist organizations, whether such financing is direct or indirect through organizations which also have or claim to have charitable, social or cultural goals or which are also engaged in unlawful activities such as illicit arms trafficking, drug dealing and racketeering, including the exploitation of persons for purposes of funding terrorist activities, and in particular to consider, where appropriate, adopting regulatory measures to prevent and counteract movements of funds suspected to be intended for terrorist purposes without impeding in any way the freedom of legitimate capital movements and to intensify the exchange of information concerning international movements of such funds,

Recalling also General Assembly resolution 52/165 of 15 December 1997, in which the Assembly called upon States to consider, in particular, the implementation of the measures set

í a- til f-liðum 3. mgr. ályktunar sinnar nr. 51/210 frá 17. desember 1996,

minnist enn fremur ályktunar allsherjarþingsins nr. 53/108 frá 8. desember 1998 þar sem þingið fól sérnefndinni sem stofnuð var með ályktun allsherjarþingsins nr. 51/210 frá 17. desember 1996 að semja drög að alþjóðasamningi um að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi til viðbótar tengdum alþjóðlegum gerningum sem þegar eru fyrir hendi,

telja að fjármögnun hryðjuverkastarfsemi sé hinu alþjóðlega samfélagi í heild sinni mikið áhyggjuefni,

vekja athygli á að það fjármagn, sem hryðjuverkamenn geta útvegað sér, ræður því hve oft hryðjuverk eru framin og hversu alvarleg þau eru,

vekja einnig athygli á að núgildandi fjölhliða lagalegir gerningar beinast ekki að slíkri fjármögnun með beinum hætti,

eru sannfærð um að brýna nauðsyn beri til að auka samvinnu milli ríkja við að móta og taka upp árangursríkar ráðstafanir til að koma í veg fyrir fjármögnun hryðjuverkastarfsemi og til að bregðast við henni með því að sækja þá sem að henni vinna til saka og koma fram refsingu gagnvart þeim,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Í samningi þessum merkir:

1. „Fjármunir“ eignir, hverjar sem er, áþreifanlegar eða óáþreifanlegar, fasteignir eða lausafé, hvernig sem þeirra hefur verið aflað, og lagaleg skjöl í hvaða formi sem er, þar með talið í rafrænu eða stafrænu formi, sem sýna fram á eignarrétt yfir þeim eða rétt til þeirra, svo sem yfirdráttarheimildir, ferðatékka, bankatékka, peningaávísanir, hlutabréf, verðbréf, skuldabréf, skuldaviðurkenningar og bankaábyrgðir.
2. „Aðstaða á vegum ríkis eða stjórnvalda“ hverja þá aðstöðu eða samgöngutæki sem til frambúðar eða til bráðabirgða er nýtt eða notað af fulltrúum ríkis, embættismönnum ríkisstjórnar, handhöfum löggjafarvalds eða dómsvalds, embættismönnum eða starfsmönnum ríkis, opinbers stjórnvalds eða aðila, eða af starfsmönnum eða embættismönnum milliríkjastofnunar í tengslum við opinbert starf þeirra.
3. „Ávinningur“ fjármuni sem renna frá eða er aflað, beint eða óbeint, með afbroti sem fjallað er um í 2. gr.

out in paragraphs 3 (a) to (f) of its resolution 51/210 of 17 December 1996,

Recalling further General Assembly resolution 53/108 of 8 December 1998, in which the Assembly decided that the Ad Hoc Committee established by General Assembly resolution 51/210 of 17 December 1996 should elaborate a draft international convention for the suppression of terrorist financing to supplement related existing international instruments,

Considering that the financing of terrorism is a matter of grave concern to the international community as a whole,

Noting that the number and seriousness of acts of international terrorism depend on the financing that terrorists may obtain,

Noting also that existing multilateral legal instruments do not expressly address such financing,

Being convinced of the urgent need to enhance international cooperation among States in devising and adopting effective measures for the prevention of the financing of terrorism, as well as for its suppression through the prosecution and punishment of its perpetrators,

Have agreed as follows:

Article 1

For the purposes of this Convention:

1. “Funds” means assets of every kind, whether tangible or intangible, movable or immovable, how ever acquired, and legal documents or instruments in any form, including electronic or digital, evidencing title to, or interest in, such assets, including, but not limited to, bank credits, travellers cheques, bank cheques, money orders, shares, securities, bonds, drafts and letters of credit.
2. “State or government facility” means any permanent or temporary facility or conveyance that is used or occupied by representatives of a State, members of Government, the legislature or the judiciary or by officials or employees of a State or any other public authority or entity or by employees or officials of an intergovernmental organization in connection with their official duties.
3. “Proceeds” means any funds derived from or obtained, directly or indirectly, through the commission of an offence set forth in article 2.

2. gr.

1. Sá maður fremur afbrot í skilningi samnings þessa sem með einhverjum hætti, beint eða óbeint, en með ólögmætum hætti og af ásetningi, útvegar eða safnar fjármunum í því skyni að þeir verði notaðir, eða í vitneskju um að þeir skuli notaðir, að einhverju leyti eða öllu til að vinna:
   (a) verk sem felur í sér afbrot samkvæmt efni einhvers þeirra þjóðréttarsamninga sem tilgreindir eru í viðaukanum og eins og þar er skilgreint; eða
   (b) eitthvert annað verk sem ætlað er að valda almennum borgara, eða öðrum manni sem ekki tekur þátt í vopnaviðskiptum í ófriði, bana eða alvarlegu líkamstjóni, ef tilgangur verksins samkvæmt eðli þess eða samhengi er að ógna almenningi eða þvinga ríkisstjórn eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert.
2. (a) Aðildarríki sem ekki er aðili að þjóðréttarsamningi sem tilgreindur er í viðaukanum getur, þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, lýst því yfir að við beitingu samnings þessa að því er það varðar skuli litið svo á að sá þjóðréttarsamningur sé ekki tilgreindur í viðauka þeim sem fjallað er um í a-lið 1. mgr. Yfirlýsingin skal falla úr gildi um leið og þjóðréttarsamningurinn öðlast gildi að því er viðkomandi aðildarríki varðar, en það skal tilkynna vörsluaðila um gildistökuna.
   (b) Þegar aðildarríki hættir að vera aðili að þjóðréttarsamningi sem tilgreindur er í viðaukanum getur það gefið yfirlýsingu eins og kveðið er á um í þessari grein hvað þann samning varðar.
3. Ekki er nauðsynlegt til að háttsemi skv. 1. mgr. teljist afbrot að fjármunirnir hafi í raun verið notaðir til að fremja afbrot sem fjallað er um í a- eða b-lið 1. mgr.

4. Sá fremur einnig afbrot sem gerir tilraun til að fremja afbrot sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar.
5. Sá fremur einnig afbrot sem:

   (a) á hlutdeild í afbroti sem fjallað er um í 1. eða 4. mgr. þessarar greinar;

   (b) skipuleggur afbrot sem fjallað er um í 1.

Article 2

1. Any person commits an offence within the meaning of this Convention if that person by any means, directly or indirectly, unlawfully and wilfully, provides or collects funds with the intention that they should be used or in the knowledge that they are to be used, in full or in part, in order to carry out:
   (a) An act which constitutes an offence within the scope of and as defined in one of the treaties listed in the annex; or

   (b) Any other act intended to cause death or serious bodily injury to a civilian, or to any other person not taking an active part in the hostilities in a situation of armed conflict, when the purpose of such act, by its nature or context, is to intimidate a population, or to compel a government or an international organization to do or to abstain from doing any act.
2. (a) On depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, a State Party which is not a party to a treaty listed in the annex may declare that, in the application of this Convention to the State Party, the treaty shall be deemed not to be included in the annex referred to in paragraph 1, subparagraph (a). The declaration shall cease to have effect as soon as the treaty enters into force for the State Party, which shall notify the depositary of this fact.

   (b) When a State Party ceases to be a party to a treaty listed in the annex, it may make a declaration as provided for in this article, with respect to that treaty.

3. For an act to constitute an offence set forth in paragraph 1, it shall not be necessary that the funds were actually used to carry out an offence referred to in paragraph 1, subparagraphs (a) or (b).
4. Any person also commits an offence if that person attempts to commit an offence as set forth in paragraph 1 of this article.
5. Any person also commits an offence if that person:
   (a) Participates as an accomplice in an offence as set forth in paragraph 1 or 4 of this article;
   (b) Organizes or directs others to commit an

eða 4. mgr. þessarar greinar eða stjórnar framkvæmd þess;

(c) stuðlar að því að hópur manna, sem starfar að sameiginlegu markmiði, fremur eitt eða fleiri afbrot sem fjallað er um í 1. eða 4. mgr. þessarar greinar. Skilyrði er að það sé gert af ásetningi og annaðhvort:

(i) í því skyni að veita afbrotastarfsemi hópsins eða hinu glæpsamlega markmiði hans framgang, enda feli starfsemin eða markmiðið í sér að framið sé afbrot sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar; eða

(ii) með vitneskju um þann ásetning hópsins að fremja afbrot sem fjallað er um 1. mgr. þessarar greinar.

offence as set forth in paragraph 1 or 4 of this article;

(c) Contributes to the commission of one or more offences as set forth in paragraphs 1 or 4 of this article by a group of persons acting with a common purpose. Such contribution shall be intentional and shall either:

(i) Be made with the aim of furthering the criminal activity or criminal purpose of the group, where such activity or purpose involves the commission of an offence as set forth in paragraph 1 of this article; or

(ii) Be made in the knowledge of the intention of the group to commit an offence as set forth in paragraph 1 of this article.

3. gr.

Samningur þessi gildir ekki um afbrot sem framið er innan eins ríkis ef meintur brotamaður er ríkisborgari þess, er staddur á yfirráðasvæði þess og ekki er grundvöllur skv. 1. eða 2. mgr. 7. gr. fyrir því að neitt annað ríki beiti lögsögu í málinu, en þó skulu ákvæði 12.–18. gr. gilda í slíkum tilvikum eftir því sem við á.

Article 3

This Convention shall not apply where the offence is committed within a single State, the alleged offender is a national of that State and is present in the territory of that State and no other State has a basis under article 7, paragraph 1, or article 7, paragraph 2, to exercise jurisdiction, except that the provisions of articles 12 to 18 shall, as appropriate, apply in those cases.

4. gr.

Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að:

(a) gera þau afbrot sem fjallað er um í 2. gr. refsiverð samkvæmt landslögum sínum;

(b) leggja viðeigandi refsingu við þeim afbrotum þannig að tillit sé tekið til alvarleika þeirra.

Article 4

Each State Party shall adopt such measures as may be necessary:

(a) To establish as criminal offences under its domestic law the offences set forth in article 2;

(b) To make those offences punishable by appropriate penalties which take into account the grave nature of the offences.

5. gr.

1. Hvert aðildarríki skal í samræmi við meginreglur landslaga sinna gera nauðsynlegar ráðstafanir til að unnt sé að gera lögaðila á yfirráðasvæði þess eða stofnsettan samkvæmt lögum þess ábyrgan ef maður sem stjórnar eða stýrir lögaðilanum hefur í þeim starfa sínum framið afbrot sem fjallað er um í 2. gr. Ábyrgðin getur verið á sviði refsiréttar, skaðabótaréttar eða stjórnsýsluréttar.
2. Slíkri ábyrgð skal sæta án þess að hún hafi áhrif á refsiábyrgð þeirra einstaklinga sem afbrotin fremja.
3. Hvert aðildarríki skal sérstaklega sjá til þess að lögaðilar, sem gerðir eru ábyrgir í samræmi við 1. mgr., séu beittir virkum viður-

Article 5

1. Each State Party, in accordance with its domestic legal principles, shall take the necessary measures to enable a legal entity located in its territory or organized under its laws to be held liable when a person responsible for the management or control of that legal entity has, in that capacity, committed an offence set forth in article 2. Such liability may be criminal, civil or administrative.
2. Such liability is incurred without prejudice to the criminal liability of individuals having committed the offences.
3. Each State Party shall ensure, in particular, that legal entities liable in accordance with paragraph 1 above are subject to effective,

lögum á sviði refsiréttar, skaðabótaréttar eða stjórnsýsluréttar sem séu í samræmi við tilefni þeirra og feli í sér varnað. Slík viðurlög geta m.a. verið fjárhagsleg.

6. gr.

Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera, þar á meðal með lagasetningu þar sem við á, til að tryggja að afbrot er falla undir samning þennan séu aldrei talin réttlætanleg vegna sjónarmiða af stjórnmálalegum, heimspekilegum, hugmyndafræðilegum, kynþáttalegum, þjóðernislegum, trúarlegum eða öðrum svipuðum toga.

7. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að afla sér lögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. þegar:
   (a) afbrotið er framið á yfirráðasvæði þess;

   (b) afbrotið er framið um borð í skipi er siglir undir fána þess eða í loftfari sem skráð er samkvæmt lögum þess þegar það er framið;

   (c) afbrotið er framið af ríkisborgara þess.

2. Aðildarríki getur einnig aflað lögsögu vegna slíks afbrots þegar:
   (a) afbrotið miðaði að því að fremja afbrot sem tilgreint er í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr. á yfirráðasvæði þess eða gegn ríkisborgara þess, eða leiddi til þess að slíkt afbrot var framið;
   (b) afbrotið miðaði að því að fremja afbrot sem tilgreint er í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr. gegn aðstöðu á vegum ríkis eða stjórnvalda þess ríkis erlendis, þar með töldum sendiráðum þess eða ræðisskrifstofum, eða leiddi til þess að slíkt afbrot var framið;
   (c) afbrotið miðaði að því að fremja afbrot sem tilgreint er í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr. í viðleitni til að neyða það ríki til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, eða leiddi til þess að slíkt afbrot var framið;

   (d) afbrotið er framið af ríkisfangslausum manni sem að jafnaði dvelst á yfirráðasvæði þess ríkis;
   (e) afbrotið er framið um borð í loftfari sem rekið er á vegum þess ríkis.

proportionate and dissuasive criminal, civil or administrative sanctions. Such sanctions may include monetary sanctions.

Article 6

Each State Party shall adopt such measures as may be necessary, including, where appropriate, domestic legislation, to ensure that criminal acts within the scope of this Convention are under no circumstances justifiable by considerations of a political, philosophical, ideological, racial, ethnic, religious or other similar nature.

Article 7

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 2 when:

   (a) The offence is committed in the territory of that State;
   (b) The offence is committed on board a vessel flying the flag of that State or an aircraft registered under the laws of that State at the time the offence is committed;
   (c) The offence is committed by a national of that State.

2. A State Party may also establish its jurisdiction over any such offence when:
   (a) The offence was directed towards or resulted in the carrying out of an offence referred to in article 2, paragraph 1, subparagraph (a) or (b), in the territory of or against a national of that State;
   (b) The offence was directed towards or resulted in the carrying out of an offence referred to in article 2, paragraph 1, subparagraph (a) or (b), against a State or government facility of that State abroad, including diplomatic or consular premises of that State;
   (c) The offence was directed towards or resulted in an offence referred to in article 2, paragraph 1, subparagraph (a) or (b), committed in an attempt to compel that State to do or abstain from doing any act;
   (d) The offence is committed by a stateless person who has his or her habitual residence in the territory of that State;
   (e) The offence is committed on board an aircraft which is operated by the Government of that State.

3. Hvert aðildarríki skal, þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum, tilkynna aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna hverrar lögsögu það hefur aflað sér í samræmi við 2. mgr. Verði einhver breyting þar á skal aðildarríkið þegar tilkynna það aðalframkvæmdastjóranum.
4. Hvert aðildarríki skal á sama hátt gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að afla sér lögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki neinu því aðildarríki sem aflað hefur sér lögsögu skv. 1. eða 2. mgr.

5. Ef fleiri en eitt aðildarríki telja til lögsögu vegna afbrota sem fjallað er um í 2. gr. skulu þau leitast við að samræma gerðir sínar á viðeigandi hátt, einkum hvað snertir skilyrði saksóknar og hvernig gagnkvæm réttaraðstoð skuli veitt.

6. Með fyrirvara um gildi almennra reglna þjóðaréttar útilokar samningur þessi ekki að aðildarríki beiti hverri þeirri refsilögsögu sem það hefur öðlast samkvæmt eigin landslögum.

8. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við meginreglur landslaga sinna til að finna, greina og kyrrsetja eða leggja hald á fjármuni sem notaðir eru eða varið skal til að fremja afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr., svo og ávinning af slíkum afbrotum, með tilliti til hugsanlegrar upptöku síðar.
2. Hvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við meginreglur landslaga sinna til að gera upptæka fjármuni sem notaðir eru eða varið skal til að fremja afbrot þau sem fjallað er um í 2. gr., svo og ávinning af slíkum afbrotum.
3. Hvert aðildarríki sem í hlut á getur tekið til athugunar gerð samninga um að skipta á milli sín og annarra aðildarríkja, með reglubundnum hætti eða í einstökum tilvikum, fjármunum sem aflast hafa með upptöku samkvæmt þessari grein.
4. Hvert aðildarríki skal taka til athugunar að koma á skipan til að nota fjármagn, sem aflast hefur með upptöku samkvæmt þessari

3. Upon ratifying, accepting, approving or acceding to this Convention, each State Party shall notify the Secretary-General of the United Nations of the jurisdiction it has established in accordance with paragraph 2. Should any change take place, the State Party concerned shall immediately notify the Secretary-General.
4. Each State Party shall likewise take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 2 in cases where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite that person to any of the States Parties that have established their jurisdiction in accordance with paragraphs 1 or 2.
5. When more than one State Party claims jurisdiction over the offences set forth in article 2, the relevant States Parties shall strive to coordinate their actions appropriately, in particular concerning the conditions for prosecution and the modalities for mutual legal assistance.
6. Without prejudice to the norms of general international law, this Convention does not exclude the exercise of any criminal jurisdiction established by a State Party in accordance with its domestic law.

Article 8

1. Each State Party shall take appropriate measures, in accordance with its domestic legal principles, for the identification, detection and freezing or seizure of any funds used or allocated for the purpose of committing the offences set forth in article 2 as well as the proceeds derived from such offences, for purposes of possible forfeiture.
2. Each State Party shall take appropriate measures, in accordance with its domestic legal principles, for the forfeiture of funds used or allocated for the purpose of committing the offences set forth in article 2 and the proceeds derived from such offences.
3. Each State Party concerned may give consideration to concluding agreements on the sharing with other States Parties, on a regular or case-by-case basis, of the funds derived from the forfeitures referred to in this article.

4. Each State Party shall consider establishing mechanisms whereby the funds derived from the forfeitures referred to in this arti-

grein, til að greiða bætur til þeirra sem orðið hafa fyrir afbrotum sem tilgreind eru í a- eða b-lið 1. mgr. 2. gr., eða til fjölskyldna þeirra.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu framkvæmd þannig að þau skerði ekki réttindi þriðja manns í góðri trú.

9. gr.

á samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum
sem samþykkt var í New York
22. desember 1995.

Í stað 1. mgr. 20. gr. komi:

„Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir árlega til athugunar á skýrslum þeim sem lagðar eru fyrir samkvæmt 18. gr. samnings þessa. Fundartími nefndarinnar skal ákveðinn á fundi aðildarríkja samnings þessa að fengnu samþykki allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna."

AMENDMENT
to the Convention on the Elimination of All Forms of Discrimination against Women adopted at New York on 22 December 1995

Replace article 20.1 with the following text:

"The Committee shall normally meet annually in order to consider the reports submitted in accordance with article 18 of the present Convention. The duration of the meetings of the Committee shall be determined by a meeting of the States parties to the present Convention, subject to the approval of the General Assembly."

AUGLÝSING

um viðbót við fyrirvara við e-lið 10. mgr. fylgiskjals með alþjóðasamningi um stjórnun hvalveiða.

Hinn 14. maí 2002 var bandaríska utanríkisráðuneytinu afhent viðbót við fyrirvara Íslands við e-lið 10. mgr. fylgiskjals með alþjóðasamningi um stjórnun hvalveiða frá 2. desember 1946, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/2001 þar sem samningurinn er birtur. Samkvæmt viðbótinni skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að heimila ekki íslenskum skipum að stunda hvalveiðar í atvinnuskyni á meðan framgangur væri í samningaviðræðum innan Alþjóðahvalveiðiráðsins um endurskoðað stjórnkerfi. Tekið var fram að þetta gilti þó ekki ef svonefndur núllkvóti fyrir hvalveiðar í atvinnuskyni, sem kveðið er á um í e-lið 10. mgr. fylgiskjalsins, væri ekki felldur úr gildi innan hæfilegs tíma eftir að lokið hefði verið við hið endurskoðaða stjórnkerfi. Einnig var tekið fram að hvalveiðar í atvinnuskyni yrðu undir engum kringumstæðum heimilaðar á Íslandi nema á traustum vísindalegum grundvelli og undir virkri stjórn og eftirliti.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. maí 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Nr. 28 31. maí 2002

AUGLÝSING

um Kýótó-bókun við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Hinn 23. maí 2002 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna Kýótó-bókunar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar frá 9. maí 1992, sem gerð var í Kýótó 10. desember 1997, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr.14/1993, þar sem rammasamningurinn er birtur, og 39/1993. Tilkynnt verður um gildistöku bókunarinnar síðar.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. maí 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal

KÝÓTÓ-BÓKUN
við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Aðilar að bókun þessari,
sem eiga aðild að rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, í bókun þessari nefndur „samningurinn“,

KYOTO PROTOCOL
to the United Nations Framework Convention on Climate Change

The Parties to this Protocol,
Being Parties to the United Nations Framework Convention on Climate Change, hereinafter referred to as “the Convention”,

stefna að lokamarkmiði samningsins eins og það er sett fram í 2. gr. hans,
minnast ákvæða samningsins,
hafa að leiðarljósi ákvæði 3. gr. samningsins,
í samræmi við Berlínarumboðið sem var samþykkt með ákvörðun nr. 1/CP.1 á fyrsta fundi þings aðila að samningnum,
hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Í bókun þessari gilda skilgreiningar þær sem fram koma í 1. gr. samningsins. Enn fremur gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. „Þing aðila“ merkir þing aðila að samningi þessum.
2. „Samningur“ merkir rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem var samþykktur í New York 9. maí 1992.
3. „Milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar“ merkir milliríkjanefndina um loftslagsbreytingar sem Alþjóðaveðurfræðistofnunin og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna settu sameiginlega á stofn árið 1988.
4. „Montreal-bókunin“ merkir Montreal-bókunina um efni, sem valda rýrnun ósónlagsins, samþykkt í Montreal 16. september 1987, með síðari lagfæringum og breytingum.
5. „Aðilar sem viðstaddir eru og atkvæði greiða“ merkir aðila sem viðstaddir eru og greiða með- eða mótatkvæði.
6. „Aðili“ merkir aðila að bókun þessari nema ráða megi annað af samhengi textans.
7. „Aðili sem getið er um í I. viðauka“ merkir aðila sem getið er um í I. viðauka við samninginn, eins og honum kann að verða breytt, eða aðila sem lagt hefur fram tilkynningu skv. g-lið 2. mgr. 4. gr. samningsins.

2. gr.

1. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal, þegar hann efnir skuldbindingar sínar um magnbundna takmörkun og minnkun útstreymis skv. 3. gr., í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun:
   a) hrinda í framkvæmd og/eða útfæra nánar stefnumið og aðgerðir í samræmi við aðstæður í sínu eigin landi, til dæmis:

      i) auka orkunýtingu í viðeigandi geirum þjóðarbúskapar;

In pursuit of the ultimate objective of the Convention as stated in its Article 2,
Recalling the provisions of the Convention,
Being guided by Article 3 of the Convention,
Pursuant to the Berlin Mandate adopted by decision 1/CP.1 of the Conference of the Parties to the Convention at its first session,
Have agreed as follows:

Article 1

For the purposes of this Protocol, the definitions contained in Article 1 of the Convention shall apply. In addition:

1. "Conference of the Parties" means the Conference of the Parties to the Convention.
2. "Convention" means the United Nations Framework Convention on Climate Change, adopted in New York on 9 May 1992.
3. "Intergovernmental Panel on Climate Change" means the Intergovernmental Panel on Climate Change established in 1988 jointly by the World Meteorological Organization and the United Nations Environment Programme.
4. "Montreal Protocol" means the Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer, adopted in Montreal on 16 September 1987 and as subsequently adjusted and amended.
5. "Parties present and voting" means Parties present and casting an affirmative or negative vote.
6. "Party" means, unless the context otherwise indicates, a Party to this Protocol.
7. "Party included in Annex I" means a Party included in Annex I to the Convention, as may be amended, or a Party which has made a notification under Article 4, paragraph 2(g), of the Convention.

Article 2

1. Each Party included in Annex I, in achieving its quantified emission limitation and reduction commitments under Article 3, in order to promote sustainable development, shall:
   a) Implement and/or further elaborate policies and measures in accordance with its national circumstances, such as:

      i) Enhancement of energy efficiency in relevant sectors of the national economy;

ii) vernda og auka viðtaka og forða gróðurhúsalofttegunda sem Montreal-bókunin gildir ekki um, að teknu tilliti til skuldbindinga hans samkvæmt viðeigandi alþjóðlegum umhverfissamningum; stuðla að sjálfbærri skógvörslu, skógrækt og endurræktun skóga;

iii) stuðla að sjálfbærum háttum í landbúnaði í ljósi atriða sem hafa ber í huga og lúta að loftslagsbreytingum;

iv) rannsaka, stuðla að, þróa og auka notkun nýrrar og endurnýjanlegrar orku, tækni til að binda koltvíoxíð og þróaðrar, nýstárlegrar og umhverfisvænnar tækni;

v) draga úr eða útiloka í áföngum markaðsgalla, efnahagshvata, skatta- og tollaundanþágur og niðurgreiðslur, sem eru andstæð markmiðum samningsins og torvelda að unnt sé að hafa not af markaðstækjum, innan þeirra geira þar sem útstreymi gróðurhúsalofttegunda á sér stað;

vi) hvetja til viðeigandi endurbóta innan viðkomandi geira í því skyni að vinna að framgangi stefnumiða og aðgerða sem lúta að því að takmarka eða minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda sem Montreal-bókunin gildir ekki um;

vii) vinna að því að takmarka og/eða minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda, sem Montreal-bókunin gildir ekki um, innan flutningageirans;

viii) takmarka og/eða minnka metanútstreymi með endurheimt og notkun samfara meðhöndlun úrgangs og við framleiðslu, flutning og dreifingu orku;

b) eiga samstarf við aðra slíka aðila í því skyni að auka skilvirkni stefnumiða og aðgerða, sem eru samþykkt samkvæmt þessari grein í samræmi við i-lið e-liðar 2. mgr. 4. gr. samningsins, hverra og einna og samofinna. Aðilar þessir skulu gera ráðstafanir í þessu skyni til þess að miðla hver öðrum af reynslu sinni og skiptast á upplýsingum um fyrrnefnd stefnumið og aðgerðir, meðal annars finna leiðir til þess að auka samanburðar-

ii) Protection and enhancement of sinks and reservoirs of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol, taking into account its commitments under relevant international environmental agreements; promotion of sustainable forest management practices, afforestation and reforestation;

iii) Promotion of sustainable forms of agriculture in light of climate change considerations;

iv) Research on, and promotion, development and increased use of, new and renewable forms of energy, of carbon dioxide sequestration technologies and of advanced and innovative environmentally sound technologies;

v) Progressive reduction or phasing out of market imperfections, fiscal incentives, tax and duty exemptions and subsidies in all greenhouse gas emitting sectors that run counter to the objective of the Convention and application of market instruments;

vi) Encouragement of appropriate reforms in relevant sectors aimed at promoting policies and measures which limit or reduce emissions of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol;

vii) Measures to limit and/or reduce emissions of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol in the transport sector;

viii) Limitation and/or reduction of methane emissions through recovery and use in waste management, as well as in the production, transport and distribution of energy;

b) Cooperate with other such Parties to enhance the individual and combined effectiveness of their policies and measures adopted under this Article, pursuant to Article 4, paragraph 2(e)(i), of the Convention. To this end, these Parties shall take steps to share their experience and exchange information on such policies and measures, including developing ways of improving their comparability, transparency and effectiveness. The Con-

hæfni þeirra, gagnsæi og skilvirkni. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal á fyrsta fundi sínum, eða eins fljótt og auðið er eftir það, kanna leiðir til að greiða fyrir slíku samstarfi, að teknu tilliti til allra upplýsinga sem máli skipta.

2. Aðilar, sem getið er um í I. viðauka, skulu leggja kapp á að takmarka eða minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda, sem Montreal-bókunin gildir ekki um og kemur frá eldsneyti úr geymum loftfara og skipa, og vinna að því á vettvangi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, eftir því sem við á.
3. Aðilar, sem getið er um í I. viðauka, skulu leggja áherslu á að hrinda í framkvæmd stefnumiðum og aðgerðum, sem um getur í þessari grein, á þann veg að draga úr skaðlegum áhrifum, meðal annars skaðlegum áhrifum af völdum loftslagsbreytinga, áhrifum á alþjóðaviðskipti og félags-, umhverfis- og efnahagslegum áhrifum á aðra aðila, einkum þróunarlönd sem eru aðilar og sérstaklega þau sem um getur í 8. og 9. mgr. 4. gr. samningsins, að teknu tilliti til 3. gr. samningsins. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, getur gripið til frekari aðgerða, eftir því sem við á, til að stuðla að framkvæmd ákvæða þessarar málsgreinar.
4. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal, ákveði það að til hagsbóta væri að samræma einhver þau stefnumið og aðgerðir sem um getur í a-lið 1. mgr. hér að framan, að teknu tilliti til ólíkra innlendra aðstæðna og hugsanlegra áhrifa, kanna leiðir og aðferðir til þess að útfæra samræmingu fyrrnefndra stefnumiða og aðgerða.

3. gr.

1. Aðilar, sem getið er um í I. viðauka, skulu, hver um sig eða sameiginlega, tryggja að heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda frá þeim af mannavöldum, sem taldar eru upp í viðauka A, mælt í koltvíoxíðsígildum, fari ekki yfir úthlutað magn þeirra, sem er reiknað út á grundvelli skuldbindinga þeirra um magnbundna takmörkun og minnkun útstreymis sem eru settar fram í viðauka B og í samræmi við ákvæði þessarar greinar, með það fyrir augum að minnka heildarútstreymi slíkra lofttegunda frá sér um að minnsta kosti fimm af hundraði niður fyrir útstreymismagn

ference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, at its first session or as soon as practicable thereafter, consider ways to facilitate such cooperation, taking into account all relevant information.

2. The Parties included in Annex I shall pursue limitation or reduction of emissions of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol from aviation and marine bunker fuels, working through the International Civil Aviation Organization and the International Maritime Organization, respectively.

3. The Parties included in Annex I shall strive to implement policies and measures under this Article in such a way as to minimize adverse effects, including the adverse effects of climate change, effects on international trade, and social, environmental and economic impacts on other Parties, especially developing country Parties and in particular those identified in Article 4, paragraphs 8 and 9, of the Convention, taking into account Article 3 of the Convention. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol may take further action, as appropriate, to promote the implementation of the provisions of this paragraph.
4. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol, if it decides that it would be beneficial to coordinate any of the policies and measures in paragraph 1(a) above, taking into account different national circumstances and potential effects, shall consider ways and means to elaborate the coordination of such policies and measures.

Article 3

1. The Parties included in Annex I shall, individually or jointly, ensure that their aggregate anthropogenic carbon dioxide equivalent emissions of the greenhouse gases listed in Annex A do not exceed their assigned amounts, calculated pursuant to their quantified emission limitation and reduction commitments inscribed in Annex B and in accordance with the provisions of this Article, with a view to reducing their overall emissions of such gases by at least 5 per cent below 1990 levels in the commitment period 2008 to 2012.

ársins 1990 á skuldbindingartímabilinu 2008 til 2012.

2. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal, eigi síðar en 2005, hafa náð sýnilegum árangri í þeirri viðleitni að efna skuldbindingar sínar samkvæmt bókun þessari.
3. Hreinar breytingar á útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum, sem eru afleiðing beinnar breytingar á landnotkun af mannavöldum og starfsemi á sviði skógarnytja, sem takmarkast við skógrækt, endurræktun og skógeyðingu frá 1990, mældar sem sannanlegar breytingar á kolefnismagni á hverju skuldbindingartímabili, skal nota til þess að efna skuldbindingar hvers aðila, sem getið er um í I. viðauka, samkvæmt þessari grein. Gera skal grein fyrir útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum, sem tengjast þessari starfsemi, á gagnsæjan og sannanlegan hátt og yfirfara í samræmi við ákvæði 7. og 8. gr.
4. Áður en fyrsti fundur þings aðila er haldinn, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, leggja fram gögn, sem undirnefnd fyrir vísinda- og tækniráðgjöf tekur til umfjöllunar, er staðfesti kolefnismagn hans árið 1990 og geri kleift að meta breytingar á kolefnismagni viðkomandi aðila á eftirfarandi árum. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal, á fyrsta fundi sínum eða eins fljótt og auðið er eftir það, ákveða aðferðir, reglur og viðmiðunarreglur um það hvernig og hvaða viðbótarstarfsemi manna, sem tengist breytingum á útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum í flokkunum nytjajarðvegur og breytingar á landnotkun og skógarnytjar, skuli koma til viðbótar við eða til frádráttar frá úthlutuðu magni aðila, sem getið er um í I. viðauka, að teknu tilliti til óvissuþátta, gagnsæis skýrslugerðar, sannprófunarhæfni, vinnu milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar á sviði aðferðafræði, ráðgjafar sem undirnefnd fyrir vísinda- og tækniráðgjöf veitir í samræmi við 5. gr. og ákvarðana þings aðila. Slík ákvörðun skal gilda á öðru skuldbindingartímabili og þeim sem á eftir fara. Aðila er heimilt að beita slíkri ákvörðun á fyrsta skuldbindingartímabili sínu með tilliti til þessarar viðbótarstarfsemi manna, svo fremi að umrædd starfsemi hafi átt sér stað eftir árið 1990.

2. Each Party included in Annex I shall, by 2005, have made demonstrable progress in achieving its commitments under this Protocol.
3. The net changes in greenhouse gas emissions by sources and removals by sinks resulting from direct human-induced land-use change and forestry activities, limited to afforestation, reforestation and deforestation since 1990, measured as verifiable changes in carbon stocks in each commitment period, shall be used to meet the commitments under this Article of each Party included in Annex I. The greenhouse gas emissions by sources and removals by sinks associated with those activities shall be reported in a transparent and verifiable manner and reviewed in accordance with Articles 7 and 8.
4. Prior to the first session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol, each Party included in Annex I shall provide, for consideration by the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice, data to establish its level of carbon stocks in 1990 and to enable an estimate to be made of its changes in carbon stocks in subsequent years. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, at its first session or as soon as practicable thereafter, decide upon modalities, rules and guidelines as to how, and which, additional human-induced activities related to changes in greenhouse gas emissions by sources and removals by sinks in the agricultural soils and the land-use change and forestry categories shall be added to, or subtracted from, the assigned amounts for Parties included in Annex I, taking into account uncertainties, transparency in reporting, verifiability, the methodological work of the Intergovernmental Panel on Climate Change, the advice provided by the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice in accordance with Article 5 and the decisions of the Conference of the Parties. Such a decision shall apply in the second and subsequent commitment periods. A Party may choose to apply such a decision on these additional human-induced activities for its first commit-

5. Aðilar, sem getið er um í I. viðauka og eru að skipta yfir í markaðsbúskap og sem viðmiðunarár eða -tímabil var ákveðið fyrir samkvæmt ákvörðun annars fundar þings aðila nr. 9/CP.2, skulu nota það viðmiðunarár eða -tímabil þegar þeir framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt þessari grein. Hverjum öðrum aðila, sem getið er um í I. viðauka og er að skipta yfir í markaðsbúskap og sem hefur ekki enn lagt fram fyrstu landsskýrslu sína skv. 12. gr. samningsins, er einnig heimilt að tilkynna þingi aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, að hann hyggist nota liðið viðmiðunarár eða -tímabil, annað en 1990, þegar hann framkvæmir skuldbindingar sínar samkvæmt þessari grein. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal ákveða hvort samþykkja skuli slíka tilkynningu.

6. Að teknu tilliti til 6. mgr. 4. gr. samningsins skal þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, heimila þeim aðilum, sem getið er um í I. viðauka og eru að skipta yfir í markaðsbúskap, vissan sveigjanleika við framkvæmd skuldbindinga sinna samkvæmt bókun þessari, annarra en þeirra sem falla undir þessa grein.

7. Á fyrsta skuldbindingartímabili fyrir magnbundnar takmarkanir og minnkun útstreymis, frá 2008 til 2012, skal úthlutað magn hvers aðila, sem getið er um í I. viðauka, jafngilda þeim hundraðshluta, sem er settur fram fyrir hann í viðauka B og sýnir heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda árið 1990 af mannavöldum, mælt í koltvíoxíðsígildum, sem eru taldar upp í viðauka A, eða á viðmiðunarári eða viðmiðunartímabili, sem er ákveðið í samræmi við ákvæði 5. mgr. hér að framan, margfaldað með fimm. Aðilar, sem getið er um í I. viðauka, þar sem breyting á landnotkun og skógarnytjar voru hrein uppspretta útstreymis gróðurhúsalofttegunda árið 1990, skulu telja með, fyrir viðmiðunarárið eða -tímabilið 1990 fyrir útstreymi, heildarútstreymi af mannavöldum, mælt í koltvíoxíðsígildum, frá uppsprettum, að frádreginni fjarlægingu með viðtökum árið 1990, sem má rekja til breytinga á landnotkun, í því skyni að reikna út úthlutað magn þeirra.

ment period, provided that these activities have taken place since 1990.

5. The Parties included in Annex I undergoing the process of transition to a market economy whose base year or period was established pursuant to decision 9/CP.2 of the Conference of the Parties at its second session shall use that base year or period for the implementation of their commitments under this Article. Any other Party included in Annex I undergoing the process of transition to a market economy which has not yet submitted its first national communication under Article 12 of the Convention may also notify the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol that it intends to use an historical base year or period other than 1990 for the implementation of its commitments under this Article. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall decide on the acceptance of such notification.

6. Taking into account Article 4, paragraph 6, of the Convention, in the implementation of their commitments under this Protocol other than those under this Article, a certain degree of flexibility shall be allowed by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol to the Parties included in Annex I undergoing the process of transition to a market economy.

7. In the first quantified emission limitation and reduction commitment period, from 2008 to 2012, the assigned amount for each Party included in Annex I shall be equal to the percentage inscribed for it in Annex B of its aggregate anthropogenic carbon dioxide equivalent emissions of the greenhouse gases listed in Annex A in 1990, or the base year or period determined in accordance with paragraph 5 above, multiplied by five. Those Parties included in Annex I for whom land-use change and forestry constituted a net source of greenhouse gas emissions in 1990 shall include in their 1990 emissions base year or period the aggregate anthropogenic carbon dioxide equivalent emissions by sources minus removals by sinks in 1990 from land-use change for the purposes of calculating their assigned amount.

8. Hverjum aðila, sem getið er um í I. viðauka, er heimilt að nota árið 1995 sem viðmiðunarár fyrir vetnisflúorkolefni, perflúorkolefni og brennisteinshexaflúoríð í útreikningi þeim sem um getur í 7. mgr. hér að framan.
9. Skuldbindingar aðila, sem getið er um í I. viðauka, á eftirfarandi tímabilum skulu ákveðnar með breytingum á viðauka B við bókun þessa sem skal samþykkja í samræmi við ákvæði 7. mgr. 21. gr. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal eiga frumkvæði að því að fjalla um þessar skuldbindingar eigi síðar en sjö árum fyrir lok fyrsta skuldbindingartímabilsins sem um getur í 1. mgr. hér að framan.

10. Bæta skal öllum einingum fyrir minnkun útstreymis eða hlutum úthlutaðs magns, sem aðili útvegar sér frá öðrum aðila í samræmi við ákvæði 6. gr. eða 17. gr., við úthlutað magn þess aðila sem öðlast einingarnar eða hlutana.
11. Draga skal allar einingar fyrir minnkun útstreymis eða hluta úthlutaðs magns, sem aðili framselur öðrum aðila í samræmi við ákvæði 6. gr. eða 17. gr., frá úthlutuðu magni þess aðila sem framselur einingarnar eða hlutana.
12. Bæta skal staðfestri minnkun útstreymis, sem aðili útvegar sér frá öðrum aðila í samræmi við ákvæði 12. gr., við úthlutað magn þess aðila sem öðlast minnkun útstreymis.

13. Sé útstreymi aðila, sem getið er um í I. viðauka, minna á skuldbindingartímabili en úthlutað magn hans samkvæmt þessari grein skal bæta mismuninum, að hans eigin ósk, við úthlutað magn hans á þeim skuldbindingartímabilum sem eftir fara.
14. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal leggja kapp á að framkvæma þær skuldbindingar sem um getur í 1. mgr. á þann veg að dragi úr skaðlegum félags-, umhverfis- og efnahagslegum áhrifum á aðila sem eru þróunarlönd, einkum þá sem eru tilgreindir í 8. og 9. mgr. 4. gr. samningsins. Á fyrsta fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal taka til umfjöllunar, í samræmi við viðeigandi ákvarðanir þings aðila um framkvæmd þessara málsgreina, hvaða aðgerða er þörf til þess að draga úr skaðlegum áhrifum loftlagsbreytinga og/eða áhrifum viðbragðsaðgerða á þá aðila sem um getur í fyrrnefndum málsgreinum. Fjármögnun,

8. Any Party included in Annex I may use 1995 as its base year for hydrofluorocarbons, perfluorocarbons and sulphur hexafluoride, for the purposes of the calculation referred to in paragraph 7 above.
9. Commitments for subsequent periods for Parties included in Annex I shall be established in amendments to Annex B to this Protocol, which shall be adopted in accordance with the provisions of Article 21, paragraph 7. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall initiate the consideration of such commitments at least seven years before the end of the first commitment period referred to in paragraph 1 above.
10. Any emission reduction units, or any part of an assigned amount, which a Party acquires from an other Party in accordance with the provisions of Article 6 or of Article 17 shall be added to the assigned amount for the acquiring Party.
11. Any emission reduction units, or any part of an assigned amount, which a Party transfers to another Party in accordance with the provisions of Article 6 or of Article 17 shall be subtracted from the assigned amount for the transferring Party.
12. Any certified emission reductions which a Party acquires from another Party in accordance with the provisions of Article 12 shall be added to the assigned amount for the acquiring Party.
13. If the emissions of a Party included in Annex I in a commitment period are less than its assigned amount under this Article, this difference shall, on request of that Party, be added to the assigned amount for that Party for subsequent commitment periods.
14. Each Party included in Annex I shall strive to implement the commitments mentioned in paragraph 1 above in such a way as to minimize adverse social, environmental and economic impacts on developing country Parties, particularly those identified in Article 4, paragraphs 8 and 9, of the Convention. In line with relevant decisions of the Conference of the Parties on the implementation of those paragraphs, the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, at its first session, consider what actions are necessary to minimize the adverse effects of climate change and/or the impacts of response measures on Parties

tryggingar og miðlun tækni skulu vera meðal umfjöllunarefna.

4. gr.

1. Aðilar, sem getið er um í I. viðauka og hafa gert samning um að efna skuldbindingar sínar skv. 3. gr. í sameiningu, skulu teljast hafa staðið við fyrrnefndar skuldbindingar að því tilskildu að sameiginlegt heildarútstreymi gróðurhúsalofttegunda, sem eru taldar upp í viðauka A, frá þeim, af mannavöldum, mælt í koltvíoxíðsígildum, fari ekki upp fyrir úthlutað magn þeirra, reiknað út á grundvelli skuldbindinga þeirra um magnbundna takmörkun og minnkun útstreymis sem eru settar fram í viðauka B og í samræmi við ákvæði 3. gr. Í fyrrnefndum samningi skal tilgreina viðeigandi útstreymismagn sem er úthlutað hverjum samningsaðila.
2. Aðilar að öllum slíkum samningum skulu tilkynna skrifstofu samningsins um skilmála samningsins sama dag og þeir afhenda til vörslu skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki bókunar þessarar eða um aðild að henni. Skrifstofan skal síðan tilkynna aðilum og undirritunaraðilum samningsins um skilmála slíks samnings.
3. Allir slíkir samningar skulu gilda út skuldbindingartímabilið sem er tilgreint í 7. mgr. 3. gr.
4. Ef aðilar, sem starfa saman, gera það innan ramma svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu og með henni skal engin breyting á samsetningu stofnunarinnar, eftir að bókun þessi er samþykkt, hafa áhrif á gildandi skuldbindingar samkvæmt bókuninni. Breytingar á samsetningu stofnunarinnar skulu einungis eiga við að því er varðar skuldbindingar skv. 3. gr. sem eru samþykktar eftir slíkar breytingar.
5. Takist aðilum að slíkum samningi ekki að ná sameiginlegri heildarminnkun sinni á útstreymi skal hver aðili að þeim samningi vera ábyrgur fyrir eigin útstreymismagni sem er sett fram í samningnum.
6. Ef aðilar, sem starfa saman, gera það innan ramma svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu, sem sjálf er aðili að bókun þessari, og með henni skal hvert aðildarríki slíkrar svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu, eitt og sér og ásamt svæðisstofnuninni um efnahags-

referred to in those paragraphs. Among the issues to be considered shall be the establishment of funding, insurance and transfer of technology.

Article 4

1. Any Parties included in Annex I that have reached an agreement to fulfil their commitments under Article 3 jointly, shall be deemed to have met those commitments provided that their total combined aggregate anthropogenic carbon dioxide equivalent emissions of the greenhouse gases listed in Annex A do not exceed their assigned amounts calculated pursuant to their quantified emission limitation and reduction commitments inscribed in Annex B and in accordance with the provisions of Article 3. The respective emission level allocated to each of the Parties to the agreement shall be set out in that agreement.
2. The Parties to any such agreement shall notify the secretariat of the terms of the agreement on the date of deposit of their instruments of ratification, acceptance or approval of this Protocol, or accession thereto. The secretariat shall in turn inform the Parties and signatories to the Convention of the terms of the agreement.
3. Any such agreement shall remain in operation for the duration of the commitment period specified in Article 3, paragraph 7.
4. If Parties acting jointly do so in the framework of, and together with, a regional economic integration organization, any alteration in the composition of the organization after adoption of this Protocol shall not affect existing commitments under this Protocol. Any alteration in the composition of the organization shall only apply for the purposes of those commitments under Article 3 that are adopted subsequent to that alteration.
5. In the event of failure by the Parties to such an agreement to achieve their total combined level of emission reductions, each Party to that agreement shall be responsible for its own level of emissions set out in the agreement.
6. If Parties acting jointly do so in the framework of, and together with, a regional economic integration organization which is itself a Party to this Protocol, each member State of that regional economic integration organization individually, and together with the

samvinnu sem starfar í samræmi við ákvæði 24. gr., vera ábyrgt fyrir eigin útstreymismagni, eins og það er tilkynnt í samræmi við ákvæði þessarar greinar, takist ekki að ná sameiginlegri heildarminnkun á útstreymi.

5. gr.

1. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal hafa komið á laggirnar landskerfi, eigi síðar en einu ári áður en fyrsta skuldbindingartímabilið hefst, í því skyni að meta útstreymi allra gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum, sem Montreal-bókunin gildir ekki um, frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum. Á fyrsta fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal setja viðmiðunarreglur um slík landskerfi sem skulu gilda um þá aðferðafræði sem er tilgreind í 2. mgr. hér að aftan.

2. Aðferðafræðin, sem er notuð til þess að meta útstreymi allra gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum, sem Montreal-bókunin gildir ekki um, frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum, skal vera sú aðferðafræði sem milliríkjanefndin um loftslagsbreytingar hefur staðfest og samþykkt var á þriðja fundi þings aðila. Í tilvikum, þar sem slík aðferðafræði er ekki notuð, skal grípa til viðeigandi lagfæringa samkvæmt þeirri aðferðafræði sem samþykkt er á fyrsta fundi þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal endurskoða reglulega og yfirfara, eftir því sem við á, fyrrnefnda aðferðafræði og lagfæringar með hliðsjón, meðal annars, af starfi milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar og ráðgjöf undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf, að teknu fullu tilliti til allra viðeigandi ákvarðana þings aðila. Eini tilgangurinn með endurskoðun aðferðafræði eða lagfæringa skal vera að ganga úr skugga um að skuldbindingar, sem um getur í 3. gr., séu efndar með tilliti til skuldbindingartímabila sem eru samþykkt í kjölfar slíkrar endurskoðunar.

3. Máttur hitahækkunar, sem er notaður til þess að reikna út útstreymi gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum, sem eru taldar upp í viðauka A, mælt í koltvíoxíðsígildum, frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum, skal vera sá sem milliríkjanefndin um loftslagsregional economic integration organization acting in accordance with Article 24, shall, in the event of failure to achieve the total combined level of emission reductions, be responsible for its level of emissions as notified in accordance with this Article.

Article 5

1. Each Party included in Annex I shall have in place, no later than one year prior to the start of the first commitment period, a national system for the estimation of anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of all greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol. Guidelines for such national systems, which shall incorporate the methodologies specified in paragraph 2 below, shall be decided upon by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol at its first session.
2. Methodologies for estimating anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of all greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol shall be those accepted by the Intergovernmental Panel on Climate Change and agreed upon by the Conference of the Parties at its third session. Where such methodologies are not used, appropriate adjustments shall be applied according to methodologies agreed upon by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol at its first session. Based on the work of, inter alia, the Intergovernmental Panel on Climate Change and advice provided by the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice, the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall regularly review and, as appropriate, revise such methodologies and adjustments, taking fully into account any relevant decisions by the Conference of the Parties. Any revision to methodologies or adjustments shall be used only for the purposes of ascertaining compliance with commitments under Article 3 in respect of any commitment period adopted subsequent to that revision.
3. The global warming potentials used to calculate the carbon dioxide equivalence of anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of greenhouse gases listed in Annex A shall be those accepted by the Intergovernmental Panel on Climate Change

breytingar hefur staðfest og samþykktur var á þriðja fundi þings aðila. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal endurskoða reglulega og yfirfara, eftir því sem við á, mátt hitahækkunar fyrir hverja slíka gróðurhúsalofttegund með hliðsjón, meðal annars, af starfi milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar og ráðgjöf undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf, að teknu fullu tilliti til allra viðeigandi ákvarðana þings aðila. Endurskoðun máttar hitahækkunar gildir einungis um skuldbindingar skv. 3. gr. með tilliti til skuldbindingartímabila sem eru samþykkt í kjölfar slíkrar endurskoðunar.

and agreed upon by the Conference of the Parties at its third session. Based on the work of, inter alia, the Intergovernmental Panel on Climate Change and advice provided by the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice, the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall regularly review and, as appropriate, revise the global warming potential of each such greenhouse gas, taking fully into account any relevant decisions by the Conference of the Parties. Any revision to a global warming potential shall apply only to commitments under Article 3 in respect of any commitment period adopted subsequent to that revision.

6. gr.

1. Hverjum aðila, sem getið er um í I. viðauka, er heimilt, í því skyni að efna skuldbindingar sínar skv. 3. gr., að framselja eða útvega sér frá öðrum slíkum aðila einingar fyrir minnkun útstreymis sem rekja má til verkefna sem miða að því að minnka útstreymi gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum frá uppsprettum eða auka fjarlægingu af mannavöldum með viðtökum í hvaða geira þjóðarbúskapar sem er, að því tilskildu að:
   a) hlutaðeigandi aðilar samþykki hvert slíkt verkefni;
   b) hvert slíkt verkefni leiði til minna útstreymis frá uppsprettum eða aukinnar fjarlægingar með viðtökum sem telst viðbót við það sem að öðrum kosti hefði orðið;
   c) hann útvegi sér ekki neinar einingar fyrir minnkun útstreymis efni hann ekki skuldbindingar sínar skv. 5. og 7. gr.; og
   d) útvegun eininga fyrir minnkun útstreymis sé viðbót við aðgerðir innanlands sem þjóna þeim til gangi að efna skuldbindingar skv. 3. gr.
2. Þingi aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, er heimilt, á fyrsta fundi sínum, eða eins fljótt og auðið er eftir það, að útfæra nánar viðmiðunarreglur um framkvæmd þessarar greinar, meðal annars um sannprófun og skýrslugerð.
3. Aðila, sem getið er um í I. viðauka, er heimilt að veita lögaðilum umboð til þess að taka þátt í aðgerðum, á sína ábyrgð, sem leiða til tilurðar, framsals eða útvegunar eininga fyrir minnkun útstreymis samkvæmt þessari grein.
4. Þó vafi leiki á, í samræmi við viðeigandi

Article 6

1. For the purpose of meeting its commitments under Article 3, any Party included in Annex I may transfer to, or acquire from, any other such Party emission reduction units resulting from projects aimed at reducing anthropogenic emissions by sources or enhancing anthropogenic removals by sinks of greenhouse gases in any sector of the economy, provided that:
   a) Any such project has the approval of the Parties involved;
   b) Any such project provides a reduction in emissions by sources, or an enhancement of removals by sinks, that is additional to any that would otherwise occur;
   c) It does not acquire any emission reduction units if it is not in compliance with its obligations under Articles 5 and 7; and
   d) The acquisition of emission reduction units shall be supplemental to domestic actions for the purposes of meeting commitments under Article 3.
2. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol may, at its first session or as soon as practicable thereafter, further elaborate guidelines for the implementation of this Article, including for verification and reporting.
3. A Party included in Annex I may authorize legal entities to participate, under its responsibility, in actions leading to the generation, transfer or acquisition under this Article of emission reduction units.
4. If a question of implementation by a Party in-

ákvæði 8. gr., að aðili, sem getið er um í I. viðauka, komi til móts við þær kröfur, sem um getur í þessari grein, getur framsal og útvegun eininga fyrir minnkun útstreymis farið fram, eftir að slíkur vafi er staðfestur, þó þannig að aðili getur ekki notað slíkar einingar, í því skyni að efna skuldbindingar sínar skv. 3. gr., fyrr en álitamál um efndir hafa verið leyst.

7. gr.

1. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal fella inn í árlega skrá sína um útstreymi gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum, sem Montreal-bókunin gildir ekki um, frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum, sem er lögð fram í samræmi við viðeigandi ákvarðanir þings aðila, nauðsynlegar viðbótarupplýsingar, sem ber að ákveða í samræmi við ákvæði 4. mgr. hér að aftan, í því skyni að tryggt sé að ákvæðum 3. gr. sé framfylgt.
2. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal fella inn í landsskýrslu sína, sem er lögð fram skv. 12. gr. samningsins, nauðsynlegar viðbótarupplýsingar, sem ber að ákveða í samræmi við ákvæði 4. mgr. hér að aftan, í því skyni að sýna fram á efndir skuldbindinga sinna samkvæmt bókun þessari.
3. Hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, skal árlega leggja fram þær upplýsingar, sem er krafist skv. 1. mgr. hér að framan; í upphafi fyrstu skrána sem leggja ber fram samkvæmt samningnum fyrir fyrsta ár skuldbindingartímabilsins eftir gildistöku bókunar þessarar að því er viðkomandi aðila varðar. Hver slíkur aðili skal leggja fram þær upplýsingar, sem er krafist skv. 2. mgr. hér að framan, sem hluta fyrstu landsskýrslunnar sem leggja ber fram samkvæmt samningnum eftir að bókun þessi hefur öðlast gildi að því er hann varðar og eftir að viðmiðunarreglur hafa verið samþykktar, eins og kveðið er á um í 4. mgr. hér að aftan. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, tekur ákvörðun um hversu oft skal síðan leggja fram þær upplýsingar sem er krafist samkvæmt þessari málsgrein, að teknu tilliti til tímaáætlana sem þing aðila ákveður fyrir afhendingu landsskýrslna.
4. Á fyrsta fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal samþykkja, og endurskoða reglulega eftir það, viðmiðunarreglur um samantekt upplýsinga

cluded in Annex I of the requirements referred to in this Article is identified in accordance with the relevant provisions of Article 8, transfers and acquisitions of emission reduction units may continue to be made after the question has been identified, provided that any such units may not be used by a Party to meet its commitments under Article 3 until any issue of compliance is resolved.

Article 7

1. Each Party included in Annex I shall incorporate in its annual inventory of anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol, submitted in accordance with the relevant decisions of the Conference of the Parties, the necessary supplementary information for the purposes of ensuring compliance with Article 3, to be determined in accordance with paragraph 4 below.
2. Each Party included in Annex I shall incorporate in its national communication, submitted under Article 12 of the Convention, the supplementary information necessary to demonstrate compliance with its commitments under this Protocol, to be determined in accordance with paragraph 4 below.
3. Each Party included in Annex I shall submit the information required under paragraph 1 above annually, beginning with the first inventory due under the Convention for the first year of the commitment period after this Protocol has entered into force for that Party. Each such Party shall submit the information required under paragraph 2 above as part of the first national communication due under the Convention after this Protocol has entered into force for it and after the adoption of guidelines as provided for in paragraph 4 below. The frequency of subsequent submission of information required under this Article shall be determined by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol, taking into account any timetable for the submission of national communications decided upon by the Conference of the Parties.
4. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall adopt at its first session, and review periodically thereafter, guidelines for the prepara-

sem er krafist samkvæmt þessari grein, að teknu tilliti til viðmiðunarreglna um undirbúning landsskýrslna af hálfu aðila, sem getið er um í I. viðauka, sem þing aðila hefur samþykkt. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal einnig, áður en fyrsta skuldbindingartímabilið hefst, ákveða reikningsskilaaðferðir með tilliti til úthlutaðs magns.

8. gr.

1. Upplýsingarnar, sem hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, leggur fram skv. 7. gr., skulu endurskoðaðar af hópum endurskoðenda með sérþekkingu á viðkomandi sviði í samræmi við viðeigandi ákvarðanir þings aðila og í samræmi við viðmiðunarreglur sem þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, hefur samþykkt í þessu skyni skv. 4. mgr. hér að aftan. Upplýsingarnar, sem hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, leggur fram skv. 1. mgr. 7. gr., skal endurskoða sem hluta af árlegri samantekt og útreikningum á skrám um útstreymi og á úthlutuðu magni. Auk þess skal fara fram endurskoðun þeirra upplýsinga sem hver aðili, sem getið er um í I. viðauka, leggur fram skv. 2. mgr. 7. gr., sem hluti endurskoðunarskýrslna.
2. Skrifstofa samningsins skal samræma störf hópa endurskoðenda sem sérfræðingar mynda, valdir eru úr hópi þeirra sem aðilar að samningnum tilnefna og, eftir því sem við á, milliríkjasamtök, í samræmi við leiðbeiningar sem þing aðila veitir í þessu skyni.
3. Í endurskoðuninni skal felast ítarlegt og alhliða tæknilegt mat á öllum þáttum sem lúta að framkvæmd ákvæða bókunar þessarar af hálfu aðila. Hópar endurskoðenda með sérþekkingu á viðkomandi sviði skulu semja skýrslu til þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, þar sem lagt er mat á framkvæmd skuldbindinga viðkomandi aðila og gerð er grein fyrir hugsanlegum vandkvæðum samfara efndum á skuldbindingum og þáttum sem hafa áhrif á efndir. Skrifstofa samningsins skal dreifa slíkum skýrslum til allra aðila að samningnum. Skrifstofan skráir þær athugasemdir við framkvæmd, sem eru gerðar í fyrrnefndum skýrslum, til frekari umfjöllunar á þingi aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari.
4. Á fyrsta fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal einnig ákveða, að teknu tilliti til viðmiðunarreglna um undirbúning landsskýrslna af hálfu aðila, sem getið er um í I. viðauka, sem þing aðila hefur samþykkt, og að teknu tilliti til reynslu af notkun þeirra, reikningsskilaaðferðir með tilliti til úthlutaðs magns.

tion of the information required under this Article, taking into account guidelines for the preparation of national communications by Parties included in Annex I adopted by the Conference of the Parties. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall also, prior to the first commitment period, decide upon modalities for the accounting of assigned amounts.

Article 8

1. The information submitted under Article 7 by each Party included in Annex I shall be reviewed by expert review teams pursuant to the relevant decisions of the Conference of the Parties and in accordance with guidelines adopted for this purpose by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol under paragraph 4 below. The information submitted under Article 7, paragraph 1, by each Party included in Annex I shall be reviewed as part of the annual compilation and accounting of emissions inventories and assigned amounts. Additionally, the information submitted under Article 7, paragraph 2, by each Party included in Annex I shall be reviewed as part of the review of communications.
2. Expert review teams shall be coordinated by the secretariat and shall be composed of experts selected from those nominated by Parties to the Convention and, as appropriate, by intergovernmental organizations, in accordance with guidance provided for this purpose by the Conference of the Parties.
3. The review process shall provide a thorough and comprehensive technical assessment of all aspects of the implementation by a Party of this Protocol. The expert review teams shall prepare a report to the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol, assessing the implementation of the commitments of the Party and identifying any potential problems in, and factors influencing, the fulfilment of commitments. Such reports shall be circulated by the secretariat to all Parties to the Convention. The secretariat shall list those questions of implementation indicated in such reports for further consideration by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol.
4. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall also, taking into account the experience of the implementation of the information and the review, decide upon modalities for the accounting of assigned amounts.

verki fundar aðila að bókun þessari, skal samþykkja, og endurskoða reglulega eftir það, viðmiðunarreglur um endurskoðun hópa endurskoðenda með sérþekkingu á viðkomandi sviði á framkvæmd bókunar þessarar, að teknu tilliti til viðeigandi ákvarðana þings aðila.

5. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal, með aðstoð undirnefndar fyrir framkvæmd samningsins og, eftir því sem við á, undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf, fjalla um:

   a) upplýsingarnar sem aðilar leggja fram skv. 7. gr. og skýrslur um endurskoðun sérfræðinga á þeim sem fer fram samkvæmt ákvæðum þessarar greinar; og
   b) þær athugasemdir við framkvæmd sem skrifstofa samningsins skráir skv. 3. mgr. hér að framan og athugasemdir frá aðilum.

6. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal, í samræmi við umfjöllun sína um upplýsingarnar sem um getur í 5. mgr. hér að framan, taka ákvörðun um hvert það mál sem er aðkallandi fyrir framkvæmd bókunar þessarar.

meeting of the Parties to this Protocol shall adopt at its first session, and review periodically thereafter, guidelines for the review of implementation of this Protocol by expert review teams taking into account the relevant decisions of the Conference of the Parties.

5. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, with the assistance of the Subsidiary Body for Implementation and, as appropriate, the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice, consider:
   a) The information submitted by Parties under Article 7 and the reports of the expert reviews thereon conducted under this Article; and
   b) Those questions of implementation listed by the secretariat under paragraph 3 above, as well as any questions raised by Parties.
6. Pursuant to its consideration of the information referred to in paragraph 5 above, the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall take decisions on any matter required for the implementation of this Protocol.

9. gr.

1. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal endurskoða bókun þessa reglulega með hliðsjón af bestu tiltækum vísindalegum upplýsingum og mati á loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra, svo og viðeigandi tæknilegum, félagslegum og efnahagslegum upplýsingum. Tryggja ber samræmi milli slíkrar endurskoðunar og viðeigandi endurskoðunar samkvæmt samningnum, einkum endurskoðunar sem krafa er gerð um skv. d-lið 2. mgr. 4. gr. og a-lið 2. mgr. 7. gr. samningsins. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal grípa til viðeigandi aðgerða á grundvelli þessarar endurskoðunar.
2. Fyrsta endurskoðun skal fara fram á öðrum fundi þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari. Endurskoðun skal síðan fara fram reglulega og tímanlega.

Article 9

1. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall periodically review this Protocol in the light of the best available scientific information and assessments on climate change and its impacts, as well as relevant technical, social and economic information. Such reviews shall be coordinated with pertinent reviews under the Convention, in particular those required by Article 4, paragraph 2(d), and Article 7, paragraph 2(a), of the Convention. Based on these reviews, the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall take appropriate action.
2. The first review shall take place at the second session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol. Further reviews shall take place at regular intervals and in a timely manner.

10. gr.

Allir aðilar skulu, að teknu tilliti til sameiginlegrar en innbyrðis ólíkrar ábyrgðar og sérstæðs forgangs með tilliti til lands- og svæðisbundinnar þróunar, markmiða og aðstæðna, án þess að

Article 10

All Parties, taking into account their common but differentiated responsibilities and their specific national and regional development priorities, objectives and circumstances, without intro-

leggja nýjar skuldbindingar á aðila sem ekki er getið um í I. viðauka, en jafnframt því að staðfesta gildandi skuldbindingar skv. 1. mgr. 4. gr. samningsins og halda áfram að vinna að framkvæmd þessara skuldbindinga í því skyni að koma á sjálfbærri þróun, og að teknu tilliti til 3., 5. og 7. mgr. 4. gr. samningsins:

a) setja fram, þar sem það á við og að því marki sem er unnt, kostnaðarhagkvæmar landsáætlanir, og þar sem það á við, svæðisbundnar áætlanir í því skyni að betrumbæta staðbundna útstreymisþætti, upplýsingar um aðgerðir og/eða líkön, sem endurspegla félags- og efnahagslegar aðstæður hvers aðila, vegna undirbúnings og reglulegrar uppfærslu innlendra skráa um útstreymi gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum, sem Montreal-bókunin gildir ekki um, frá uppsprettum og fjarlægingu með viðtökum og nota til þess samanburðarhæfar aðferðir sem þing aðila skal samþykkja og eru í samræmi við viðmiðunarreglur um samningu landsskýrslna sem þing aðila hefur samþykkt;
b) setja fram, framkvæma, birta og uppfæra reglulega landsáætlanir, og þar sem það á við, svæðisbundnar áætlanir sem fela í sér ráðstafanir til að draga úr loftslagsbreytingum og ráðstafanir til að auðvelda nægilega aðlögun að loftslagsbreytingum:
   i) slíkar áætlanir myndu meðal annars varða orku-, flutnings- og iðnaðargeirana, svo og landbúnað, skógarnytjar og meðhöndlun úrgangs. Enn fremur myndi aðlögunartækni og aðferðir til að bæta landnotkunarskipulag auðvelda aðlögun að loftslagsbreytingum; og
   ii) aðilar, sem getið er um í I. viðauka, skulu leggja fram upplýsingar um aðgerðir samkvæmt bókun þessari, meðal annars landsáætlanir, í samræmi við ákvæði 7. gr. og aðrir aðilar skulu leitast við að fella inn í landsskýrslur sínar, eftir því sem við á, upplýsingar um áætlanir sem fela í sér ráðstafanir sem viðkomandi aðili telur akk í í baráttunni við loftslagsbreytingar og skaðleg áhrif þeirra, og lúta meðal annars að því að draga úr auknu útstreymi gróðurhúsalofttegunda og auka viðtaka og fjarlægingu með viðtökum, auka getu og gera ráðstafanir á sviði aðlögunar;
c) efna til samstarfs um að vinna að framgangi skilvirkra aðferða við þróun, nýtingu og dreifingu á, og gera allar raunhæfar ráðstaf-

ducing any new commitments for Parties not included in Annex I, but reaffirming existing commitments under Article 4, paragraph 1, of the Convention, and continuing to advance the implementation of these commitments in order to achieve sustainable development, taking into account Article 4, paragraphs 3, 5 and 7, of the Convention, shall:

a) Formulate, where relevant and to the extent possible, cost-effective national and, where appropriate, regional programmes to improve the quality of local emission factors, activity data and/or models which reflect the socio-economic conditions of each Party for the preparation and periodic updating of national inventories of anthropogenic emissions by sources and removals by sinks of all greenhouse gases not controlled by the Montreal Protocol, using comparable methodologies to be agreed upon by the Conference of the Parties, and consistent with the guidelines for the preparation of national communications adopted by the Conference of the Parties;

b) Formulate, implement, publish and regularly update national and, where appropriate, regional programmes containing measures to mitigate climate change and measures to facilitate adequate adaptation to climate change:
   i) Such programmes would, inter alia, concern the energy, transport and industry sectors as well as agriculture, forestry and waste management. Furthermore, adaptation technologies and methods for improving spatial planning would improve adaptation to climate change; and
   ii) Parties included in Annex I shall submit information on action under this Protocol, including national programmes, in accordance with Article 7; and other Parties shall seek to include in their national communications, as appropriate, information on programmes which contain measures that the Party believes contribute to addressing climate change and its adverse impacts, including the abatement of increases in greenhouse gas emissions, and enhancement of and removals by sinks, capacity building and adaptation measures;
c) Cooperate in the promotion of effective modalities for the development, application and diffusion of, and take all practicable

anir til að stuðla að, auðvelda og fjármagna, eftir því sem við á, miðlun eða aðgengi að vistvænni tækniþekkingu, verkkunnáttu, aðferðum og starfsháttum sem varða loftslagsbreytingar, einkum í þróunarlöndum, þar með talin mótun stefnu og áætlana um skilvirka miðlun vistvænnar tækniþekkingar, sem er almenningseign eða lýtur yfirráðum hins opinbera, og sköpun hvetjandi aðstæðna fyrir einkageirann til að stuðla að og auka miðlun vistvænnar tækniþekkingar og aðgengi að henni;

d) efna til samstarfs um vísindalegar og tæknilegar rannsóknir og stuðla að viðhaldi og þróun kerfisbundins fyrirkomulags eftirlits og þróun gagnasafna til að draga úr óvissu um loftslagskerfið, skaðleg áhrif loftslagsbreytinga og efnahagslegar og félagslegar afleiðingar ólíkra viðbragðsáætlana og stuðla að þróun og aukningu eigin getu og hæfni til að taka þátt í alþjóðlegu starfi og milliríkjastarfi, áætlunum og tengslanetum á sviði rannsókna og kerfisbundins eftirlits, að teknu tilliti til 5. gr. samningsins;

e) efna til samstarfs um og stuðla að því á alþjóðavettvangi, og, þar sem það á við, nota til þess stofnanir sem fyrir eru, að þróa og framkvæma menntunar- og þjálfunaráætlanir, þar með talið að auka getu þjóða, sérstaklega mannlega getu og hæfni stofnana, og starfsmannaskipti og tímabundinn flutning milli starfa í því skyni að þjálfa sérfræðinga á þessu sviði, einkum fyrir þróunarlönd, og auka vitund almennings á landsvísu um upplýsingar um loftslagsbreytingar og aðgengi að þeim. Þróa skal viðeigandi aðferðir til að hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd á vettvangi viðkomandi stofnana samningsins, að teknu tilliti til ákvæða 6. gr. hans;

f) fella inn í landsskýrslur sínar upplýsingar um áætlanir og aðgerðir sem koma til framkvæmda samkvæmt þessari grein og í samræmi við viðeigandi ákvarðanir þings aðila; og

g) taka fullt tillit til ákvæða 8. mgr. 4. gr. samningsins við framkvæmd skuldbindinga samkvæmt þessari grein.

steps to promote, facilitate and finance, as appropriate, the transfer of, or access to, environmentally sound technologies, know-how, practices and processes pertinent to climate change, in particular to developing countries, including the formulation of policies and programmes for the effective transfer of environmentally sound technologies that are publicly owned or in the public domain and the creation of an enabling environment for the private sector, to promote and enhance the transfer of, and access to, environmentally sound technologies;

d) Cooperate in scientific and technical research and promote the maintenance and the development of systematic observation systems and development of data archives to reduce uncertainties related to the climate system, the adverse impacts of climate change and the economic and social consequences of various response strategies, and promote the development and strengthening of endogenous capacities and capabilities to participate in international and intergovernmental efforts, programmes and networks on research and systematic observation, taking into account Article 5 of the Convention;

e) Cooperate in and promote at the international level, and, where appropriate, using existing bodies, the development and implementation of education and training programmes, including the strengthening of national capacity building, in particular human and institutional capacities and the exchange or secondment of personnel to train experts in this field, in particular for developing countries, and facilitate at the national level public awareness of, and public access to information on, climate change. Suitable modalities should be developed to implement these activities through the relevant bodies of the Convention, taking into account Article 6 of the Convention;

f) Include in their national communications information on programmes and activities undertaken pursuant to this Article in accordance with relevant decisions of the Conference of the Parties; and

g) Give full consideration, in implementing the commitments under this Article, to Article 4, paragraph 8, of the Convention.

11. gr.

1. Við framkvæmd 10. gr. skulu aðilar taka tillit til ákvæða 4., 5., 7., 8. og 9. mgr. 4. gr. samningsins.

2. Aðilar, sem eru iðnríki og aðrir iðnvæddir aðilar, sem getið er um í II. viðauka við samninginn, skulu, í tengslum við framkvæmd 1. mgr. 4. gr. samningsins, í samræmi við ákvæði 3. mgr. 4. gr. og 11. gr. samningsins og fyrir atbeina þeirrar stofnunar eða stofnana sem annast fjármálakerfi samningsins:

   a) útvega nýtt fjármagn og viðbótarfjármagn til þess að standa að fullu undir samþykktum kostnaði sem aðilar, sem eru þróunarlönd, verða fyrir í tengslum við að hrinda í framkvæmd gildandi skuldbindingum skv. a-lið 1. mgr. 4. gr. samningsins sem er fjallað um í a-lið 10. gr.; og
   b) útvega einnig þeim aðilum, sem eru þróunarlönd, nauðsynlegt fjármagn, meðal annars til að miðla tækni, til að standa undir fullum samþykktum viðbótarkostnaði sem tengist því að hrinda í framkvæmd gildandi skuldbindingum skv. 1. mgr. 4. gr. samningsins sem fjallað er um í 10. gr. og samið hefur verið um milli aðila sem er þróunarland og alþjóðastofnunar eða -stofnana sem um getur í 11. gr. samningsins, í samræmi við ákvæði þeirrar greinar.

   Við framkvæmd þessara gildandi skuldbindinga skal taka tillit til þeirrar nauðsynjar að fjármagnsflæði sé nægilegt og fyrirsjáanlegt og mikilvægis þess að aðilar, sem eru iðnríki, skipti fjármagnsbyrðum á milli sín með viðeigandi hætti. Leiðbeiningar til stofnunar eða stofnana sem er falið að annast fjármálakerfi samningsins, sem er að finna í viðeigandi ákvörðunum þings aðila, meðal annars þeim sem voru samþykktar áður en bókun þessi var samþykkt, skulu gilda að breyttu breytanda um ákvæði þessarar málsgreinar.

3. Aðilum sem eru iðnríki og öðrum aðilum, sem eru iðnríki og getið er um í II. viðauka við samninginn, er einnig heimilt að útvega sér, og aðilum sem eru þróunarlönd að hagnýta sér, fjármagn til að hrinda ákvæðum 10. gr. í framkvæmd samkvæmt tvíhliða, svæðisbundnu eða annars konar marghliða fyrirkomulagi.

Article 11

1. In the implementation of Article 10, Parties shall take into account the provisions of Article 4, paragraphs 4, 5, 7, 8 and 9, of the Convention.
2. In the context of the implementation of Article 4, paragraph 1, of the Convention, in accordance with the provisions of Article 4, paragraph 3, and Article 11 of the Convention, and through the entity or entities entrusted with the operation of the financial mechanism of the Convention, the developed country Parties and other developed Parties included in Annex II to the Convention shall:
   a) Provide new and additional financial resources to meet the agreed full costs incurred by developing country Parties in advancing the implementation of existing commitments under Article 4, paragraph 1(a), of the Convention that are covered in Article 10, subparagraph (a); and
   b) Also provide such financial resources, including for the transfer of technology, needed by the developing country Parties to meet the agreed full incremental costs of advancing the implementation of existing commitments under Article 4, paragraph 1, of the Convention that are covered by Article 10 and that are agreed between a developing country Party and the international entity or entities referred to in Article 11 of the Convention, in accordance with that Article.

   The implementation of these existing commitments shall take into account the need for adequacy and predictability in the flow of funds and the importance of appropriate burden sharing among developed country Parties. The guidance to the entity or entities entrusted with the operation of the financial mechanism of the Convention in relevant decisions of the Conference of the Parties, including those agreed before the adoption of this Protocol, shall apply mutatis mutandis to the provisions of this paragraph.
3. The developed country Parties and other developed Parties in Annex II to the Convention may also provide, and developing country Parties avail themselves of, financial resources for the implementation of Article 10, through bilateral, regional and other multilateral channels.

12. gr.

1. Hér með er komið á kerfi um hreina þróun.

2. Markmiðið með kerfi um hreina þróun skal vera að aðstoða aðila, sem ekki er getið um í I. viðauka, við að koma á sjálfbærri þróun og við að leggja sitt af mörkum til þess að ná fram lokamarkmiði samningsins og að aðstoða aðila, sem getið er um í I. viðauka, við að uppfylla skuldbindingar sínar um magnbundna takmörkun og minnkun útstreymis skv. 3. gr.
3. Kerfi um hreina þróun:
   a) gerir aðilum, sem ekki er getið um í I. viðauka, kleift að njóta góðs af aðgerðum í tengslum við verkefni sem leiða til staðfestrar minnkunar útstreymis; og
   b) heimilar aðilum, sem getið er um í I. viðauka, að nota staðfesta minnkun útstreymis, sem leiðir af slíkum verkefnatengdum aðgerðum, til að standa við hluta af skuldbindingum sínum um magnbundna takmörkun og minnkun útstreymis skv. 3. gr., samanber ákvörðun þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari.
4. Kerfi um hreina þróun skal lúta stjórn og leiðsögn þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari og vera undir eftirliti framkvæmdastjórnar kerfis um hreina þróun.

5. Rekstraraðilar, sem þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, tilnefnir, skulu staðfesta minnkun útstreymis, sem leiðir af hverri verkefnatengdri aðgerð, á grundvelli:
   a) frjálsrar þátttöku sem hver hlutaðeigandi aðili samþykkir;
   b) ávinnings sem er raunverulegur, mælanlegur og til langs tíma og tengist aðgerðum til að draga úr loftslagsbreytingum; og
   c) minnkunar útstreymis sem er umfram þá sem myndi eiga sér stað án þeirrar staðfestu verkefnatengdu aðgerðar sem um ræðir.
6. Nota ber umrætt kerfi um hreina þróun, eftir því sem þörf krefur, til að aðstoða við fjármögnun staðfestra verkefnatengdra aðgerða.
7. Á fyrsta fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal útfæra aðferðir og starfshætti í því skyni að tryggja gagnsæi, skilvirkni og ábyrgð með óháðri endurskoðun og sannprófun verkefnatengdra aðgerða.

Article 12

1. A clean development mechanism is hereby defined.
2. The purpose of the clean development mechanism shall be to assist Parties not included in Annex I in achieving sustainable development and in contributing to the ultimate objective of the Convention, and to assist Parties included in Annex I in achieving compliance with their quantified emission limitation and reduction commitments under Article 3.
3. Under the clean development mechanism:
   a) Parties not included in Annex I will benefit from project activities resulting in certified emission reductions; and
   b) Parties included in Annex I may use the certified emission reductions accruing from such project activities to contribute to compliance with part of their quantified emission limitation and reduction commitments under Article 3, as determined by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol.
4. The clean development mechanism shall be subject to the authority and guidance of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol and be supervised by an executive board of the clean development mechanism.
5. Emission reductions resulting from each project activity shall be certified by operational entities to be designated by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol, on the basis of:
   a) Voluntary participation approved by each Party involved;
   b) Real, measurable, and long-term benefits related to the mitigation of climate change; and
   c) Reductions in emissions that are additional to any that would occur in the absence of the certified project activity.
6. The clean development mechanism shall assist in arranging funding of certified project activities as necessary.
7. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, at its first session, elaborate modalities and procedures with the objective of ensuring transparency, efficiency and accountability through independent auditing and verification of project activities.

8. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal tryggja að hluti ágóða af staðfestum verkefnatengdum aðgerðum sé notaður til að greiða stjórnunarkostnað og aðstoða aðila, sem eru þróunarlönd og eru sérstaklega viðkvæmir fyrir skaðlegum áhrifum loftslagsbreytinga, við að bera kostnað vegna aðlögunar þeirra.
9. Þátttaka samkvæmt kerfi um hreina þróun, meðal annars í aðgerðum sem um getur í alið 3. mgr. hér að framan og í útvegun staðfestra eininga fyrir minnkun útstreymis, er frjáls einkaaðilum og/eða opinberum stofnunum og skal háð hverri þeirri leiðsögn sem framkvæmdastjórn kerfis um hreina þróun kann að veita.
10. Heimilt er að nota staðfesta minnkun útstreymis, sem næst frá árinu 2000 til upphafs fyrsta skuldbindingartímabils, í því skyni að hjálpa til við að uppfylla skuldbindingar á fyrsta skuldbindingartímabilinu.

13. gr.

1. Þing aðila, sem er æðsta stofnun samningsins, skal gegna hlutverki fundar aðila að bókun þessari.
2. Aðilar að samningnum, sem eru ekki aðilar að bókun þessari, geta tekið þátt í störfum allra funda þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, sem áheyrnarfulltrúar. Þegar þing aðila gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari skulu aðeins þeir, sem eru aðilar að bókun þessari, taka ákvarðanir samkvæmt henni.

3. Þegar þing aðila gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari skal í stað hvers meðlims stjórnarnefndar þings aðila, sem er fulltrúi aðila að samningnum en, á þeim tíma, ekki aðila að bókun þessari, koma aukameðlimur sem skal kjörinn af og úr hópi aðila að bókun þessari.

4. Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal endurskoða reglulega framkvæmd bókunar þessarar og taka, samkvæmt umboði sínu, nauðsynlegar ákvarðanir til að stuðla að skilvirkri framkvæmd hennar. Þingið skal rækja þau störf sem því eru falin samkvæmt bókun þessari og skal:

   a) leggja mat, á grundvelli allra upplýsinga sem því eru tiltækar í samræmi við ákvæði bókunar þessarar, á framkvæmd

8. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall ensure that a share of the proceeds from certified project activities is used to cover administrative expenses as well as to assist developing country Parties that are particularly vulnerable to the adverse effects of climate change to meet the costs of adaptation.
9. Participation under the clean development mechanism, including in activities mentioned in paragraph 3(a) above and in the acquisition of certified emission reductions, may involve private and/or public entities, and is to be subject to whatever guidance may be provided by the executive board of the clean development mechanism.
10. Certified emission reductions obtained during the period from the year 2000 up to the beginning of the first commitment period can be used to assist in achieving compliance in the first commitment period.

Article 13

1. The Conference of the Parties, the supreme body of the Convention, shall serve as the meeting of the Parties to this Protocol.
2. Parties to the Convention that are not Parties to this Protocol may participate as observers in the proceedings of any session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol. When the Conference of the Parties serves as the meeting of the Parties to this Protocol, decisions under this Protocol shall be taken only by those that are Parties to this Protocol.
3. When the Conference of the Parties serves as the meeting of the Parties to this Protocol, any member of the Bureau of the Conference of the Parties representing a Party to the Convention but, at that time, not a Party to this Protocol, shall be replaced by an additional member to be elected by and from amongst the Parties to this Protocol.
4. The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall keep under regular review the implementation of this Protocol and shall make, within its mandate, the decisions necessary to promote its effective implementation. It shall perform the functions assigned to it by this Protocol and shall:
   a) Assess, on the basis of all information made available to it in accordance with the provisions of this Protocol, the implemen-

aðila á ákvæðum bókunarinnar, heildaráhrif ráðstafana sem eru gerðar samkvæmt henni, einkum umhverfis-, efnahags- og félagsleg áhrif og samanlögð áhrif þeirra, og hversu vel miðar að ná markmiði samningsins;

b) kanna reglulega skyldur aðila samkvæmt bókun þessari og taka í því sambandi eðlilegt tillit til hverrar endurskoðunar, sem er krafist skv. d-lið 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 7. gr. samningsins, í ljósi markmiðs samningsins, fenginnar reynslu við framkvæmd hans og þróunar vísinda- og tækniþekkingar og fjalla um og samþykkja, í þessu tilliti, reglubundnar skýrslur um framkvæmd bókunar þessarar;

c) stuðla að og auðvelda upplýsingaskipti um ráðstafanir sem aðilar samþykkja í því skyni að fást við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra, að teknu tilliti til ólíkra aðstæðna, ábyrgðar og hæfni aðila og skuldbindinga hvers og eins samkvæmt bókun þessari;

d) auðvelda, að ósk tveggja eða fleiri aðila, samræmingu ráðstafana sem þeir samþykkja í því skyni að fást við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra, að teknu tilliti til ólíkra aðstæðna, ábyrgðar og hæfni aðila og skuldbindinga hvers og eins samkvæmt bókun þessari;

e) stuðla að og veita leiðbeiningar, í samræmi við markmið samningsins og ákvæði bókunar þessarar og að teknu fullu tilliti til viðeigandi ákvarðana þings aðila, varðandi þróun og reglulegar betrumbætur á sambærilegum aðferðum við skilvirka framkvæmd bókunar þessarar sem þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal ná samkomulagi um;

f) gefa tilmæli um allt það sem er nauðsynlegt vegna framkvæmdar bókunar þessarar;

g) leitast við að útvega viðbótarfjármagn í samræmi við 2. mgr. 11. gr.;

h) koma á fót undirnefndum eftir því sem nauðsynlegt er talið vegna framkvæmdar bókunar þessarar;

tation of this Protocol by the Parties, the overall effects of the measures taken pursuant to this Protocol, in particular environmental, economic and social effects as well as their cumulative impacts and the extent to which progress towards the objective of the Convention is being achieved;

b) Periodically examine the obligations of the Parties under this Protocol, giving due consideration to any reviews required by Article 4, paragraph 2(d), and Article 7, paragraph 2, of the Convention, in the light of the objective of the Convention, the experience gained in its implementation and the evolution of scientific and technological knowledge, and in this respect consider and adopt regular reports on the implementation of this Protocol;

c) Promote and facilitate the exchange of information on measures adopted by the Parties to address climate change and its effects, taking into account the differing circumstances, responsibilities and capabilities of the Parties and their respective commitments under this Protocol;

d) Facilitate, at the request of two or more Parties, the coordination of measures adopted by them to address climate change and its effects, taking into account the differing circumstances, responsibilities and capabilities of the Parties and their respective commitments under this Protocol;

e) Promote and guide, in accordance with the objective of the Convention and the provisions of this Protocol, and taking fully into account the relevant decisions by the Conference of the Parties, the development and periodic refinement of comparable methodologies for the effective implementation of this Protocol, to be agreed on by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol;

f) Make recommendations on any matters necessary for the implementation of this Protocol;

g) Seek to mobilize additional financial resources in accordance with Article 11, paragraph 2;

h) Establish such subsidiary bodies as are deemed necessary for the implementation of this Protocol;

i) leita eftir og hagnýta, þar sem við á, þjónustu og samstarf við þar til bærar alþjóðastofnanir, milliríkjastofnanir og óháða aðila og einnig upplýsingar sem slíkir aðilar veita; og

j) vinna önnur þau störf sem kann að verða krafist vegna framkvæmdar bókunar þessarar og fjalla um fyrirsett verkefni sem leiðir af ákvörðun þings aðila.

5. Beita ber starfsreglum þings aðila og málsmeðferð á sviði fjármála, sem er viðhöfð samkvæmt samningnum, að breyttu breytanda samkvæmt bókun þessari, nema annað sé ákveðið með almennu samkomulagi af þingi aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari.

6. Skrifstofa samningsins skal kalla saman fyrsta fund þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, í tengslum við fyrsta fund þings aðila sem er ráðgerður eftir þann dag sem bókun þessi öðlast gildi. Reglulega fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal síðan halda ár hvert og í tengslum við reglulega fundi þings aðila, nema þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, ákveði annað.

7. Aukafundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal halda hvenær sem þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, telur nauðsynlegt eða samkvæmt skriflegri beiðni aðila, svo fremi að hún hafi hlotið stuðning minnst þriðjungs aðila innan sex mánaða frá því að skrifstofa samningsins tilkynnir aðilum um hana.

8. Sameinuðu þjóðirnar, sérstofnanir þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, svo og hvert aðildarríki þeirra eða áheyrnarfulltrúar að þeim sem eru ekki aðilar að samningnum, geta átt áheyrnarfulltrúa á fundum þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari. Hver stofnun, hvort heldur á landsvísu eða alþjóðleg, opinber eða óháð, sem er hæf til þess að vinna að málum sem bókun þessi fjallar um og hefur tilkynnt skrifstofu samningsins að hún óski eftir því að

i) Seek and utilize, where appropriate, the services and cooperation of, and information provided by, competent international organizations and intergovernmental and non-governmental bodies; and

j) Exercise such other functions as may be required for the implementation of this Protocol, and consider any assignment resulting from a decision by the Conference of the Parties.

5. The rules of procedure of the Conference of the Parties and financial procedures applied under the Convention shall be applied mutatis mutandis under this Protocol, except as may be otherwise decided by consensus by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol.

6. The first session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall be convened by the secretariat in conjunction with the first session of the Conference of the Parties that is scheduled after the date of the entry into force of this Protocol. Subsequent ordinary sessions of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall be held every year and in conjunction with ordinary sessions of the Conference of the Parties, unless otherwise decided by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol.

7. Extraordinary sessions of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall be held at such other times as may be deemed necessary by the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol, or at the written request of any Party, provided that, within six months of the request being communicated to the Parties by the secretariat, it is supported by at least one third of the Parties.

8. The United Nations, its specialized agencies and the International Atomic Energy Agency, as well as any State member thereof or observers thereto not party to the Convention, may be represented at sessions of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol as observers. Any body or agency, whether national or international, governmental or non-governmental, which is qualified in matters covered by this Protocol and which has

eiga áheyrnarfulltrúa á fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, getur fengið heimild þar að lútandi, nema minnst þriðjungur aðila, sem eiga fulltrúa á fundinum, hreyfi andmælum. Aðgengi og þátttaka áheyrnarfulltrúa eru háð starfsreglum sem um getur í 5. mgr. hér að framan.

informed the secretariat of its wish to be represented at a session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol as an observer, may be so admitted unless at least one third of the Parties present object. The admission and participation of observers shall be subject to the rules of procedure, as referred to in paragraph 5 above.

14. gr.

1. Skrifstofan, sem var stofnsett skv. 8. gr. samningsins, skal gegna hlutverki skrifstofu bókunar þessarar.
2. Ákvæði 2. mgr. 8. gr. samningsins, sem fjalla um störf skrifstofu samningsins, og 3. mgr. 8. gr. samningsins, sem fjalla um tilhögun starfsemi skrifstofunnar, skulu gilda um bókun þessa að breyttu breytanda. Auk þess skal skrifstofan vinna þau störf sem henni eru falin samkvæmt bókun þessari.

Article 14

1. The secretariat established by Article 8 of the Convention shall serve as the secretariat of this Protocol.
2. Article 8, paragraph 2, of the Convention on the functions of the secretariat, and Article 8, paragraph 3, of the Convention on arrangements made for the functioning of the secretariat, shall apply *mutatis mutandis* to this Protocol. The secretariat shall, in addition, exercise the functions assigned to it under this Protocol.

15. gr.

1. Undirnefnd fyrir vísinda- og tækniráðgjöf og undirnefnd fyrir framkvæmd samningsins, sem var komið á fót skv. 9. og 10. gr. samningsins, skulu gegna hlutverki undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf vegna bókunar þessarar og undirnefndar fyrir framkvæmd hennar. Ákvæði samningsins um störf þessara tveggja nefnda skulu gilda um bókun þessa að breyttu breytanda. Halda ber fundi undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf vegna bókunar þessarar og undirnefndar fyrir framkvæmd hennar í tengslum við fundi, eftir því sem við á, undirnefndar fyrir vísinda- og tækniráðgjöf og undirnefndar fyrir framkvæmd samningsins.
2. Aðilar að samningnum, sem eru ekki aðilar að bókun þessari, geta tekið þátt í störfum allra funda undirnefndanna sem áheyrnarfulltrúar. Þegar undirnefndirnar gegna hlutverki undirnefnda vegna bókunar þessarar skulu aðeins þeir, sem eru aðilar að bókun þessari, taka ákvarðanir samkvæmt henni.
3. Þegar undirnefndirnar, sem komið var á fót skv. 9. og 10. gr. samningsins, vinna störf sín með tilliti til mála sem varða bókun þessa,

Article 15

1. The Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice and the Subsidiary Body for Implementation established by Articles 9 and 10 of the Convention shall serve as, respectively, the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice and the Subsidiary Body for Implementation of this Protocol. The provisions relating to the functioning of these two bodies under the Convention shall apply *mutatis mutandis* to this Protocol. Sessions of the meetings of the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice and the Subsidiary Body for Implementation of this Protocol shall be held in conjunction with the meetings of, respectively, the Subsidiary Body for Scientific and Technological Advice and the Subsidiary Body for Implementation of the Convention.
2. Parties to the Convention that are not Parties to this Protocol may participate as observers in the proceedings of any session of the subsidiary bodies. When the subsidiary bodies serve as the subsidiary bodies of this Protocol, decisions under this Protocol shall be taken only by those that are Parties to this Protocol.
3. When the subsidiary bodies established by Articles 9 and 10 of the Convention exercise their functions with regard to matters con-

skal í stað hvers meðlims stjórnarnefnda fyrrnefndra undirnefnda, sem er fulltrúi aðila að samningnum en, á þeim tíma, ekki aðila að bókun þessari, koma aukameðlimur sem skal kjörinn af og úr hópi aðila að bókun þessari.

16. gr.

Þing aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal, eins fljótt og auðið er, fjalla um framkvæmd hins fjölhliða ráðgjafarferlis, sem um getur í 13. gr. samningsins, með tilliti til bókunar þessarar og breyta því, eftir því sem við á, í ljósi viðeigandi ákvarðana sem þing aðila kann að taka. Hvert það fjölhliða ráðgjafarferli, sem kann að koma til framkvæmda gagnvart bókun þessari, skal verka með fyrirvara um þá málsmeðferð og það fyrirkomulag sem komið hefur verið á í samræmi við ákvæði 18. gr.

17. gr.

Þing aðila skal skilgreina viðeigandi meginreglur, aðferðir, reglur og viðmiðunarreglur, einkum að því er varðar sannprófun, skýrslugerð og ábyrgð að því er varðar viðskipti með útstreymisheimildir. Aðilar, sem getið er um í viðauka B, geta verið þátttakendur í viðskiptum með útstreymisheimildir í því skyni að efna skuldbindingar sínar skv. 3. gr. Öll slík viðskipti skulu koma til viðbótar aðgerðum innanlands sem miða að því að efna skuldbindingar um magnbundna takmörkun og minnkun útstreymis samkvæmt þeirri grein.

18. gr.

Á fyrsta fundi þings aðila, sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari, skal samþykkja viðeigandi og skilvirka málsmeðferð og fyrirkomulag við að skilgreina og fást við tilvik þar sem ákvæði bókunar þessarar eru ekki efnd, meðal annars með því að semja leiðbeinandi skrá um afleiðingar þess, að teknu tilliti til orsaka, eðlis, umfangs og tíðni tilvika þar sem um vanefndir er að ræða. Samþykkja ber málsmeðferð og fyrirkomulag, sem um getur í þessari grein og fela í sér bindandi afleiðingar, með breytingu á bókun þessari.

19. gr.

Ákvæði 14. gr. samningsins um lausn deilumála skulu gilda um bókun þessa að breyttu breytanda.

cerning this Protocol, any member of the Bureaux of those subsidiary bodies representing a Party to the Convention but, at that time, not a Party to this Protocol, shall be replaced by an additional member to be elected by and from amongst the Parties to this Protocol.

Article 16

The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, as soon as practicable, consider the application to this Protocol of, and modify as appropriate, the multilateral consultative process referred to in Article 13 of the Convention, in the light of any relevant decisions that may be taken by the Conference of the Parties. Any multilateral consultative process that may be applied to this Protocol shall operate without prejudice to the procedures and mechanisms established in accordance with Article 18.

Article 17

The Conference of the Parties shall define the relevant principles, modalities, rules and guidelines, in particular for verification, reporting and accountability for emissions trading. The Parties included in Annex B may participate in emissions trading for the purposes of fulfilling their commitments under Article 3. Any such trading shall be supplemental to domestic actions for the purpose of meeting quantified emission limitation and reduction commitments under that Article.

Article 18

The Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol shall, at its first session, approve appropriate and effective procedures and mechanisms to determine and to address cases of non-compliance with the provisions of this Protocol, including through the development of an indicative list of consequences, taking into account the cause, type, degree and frequency of non-compliance. Any procedures and mechanisms under this Article entailing binding consequences shall be adopted by means of an amendment to this Protocol.

Article 19

The provisions of Article 14 of the Convention on settlement of disputes shall apply *mutatis mutandis* to this Protocol.

20. gr.

1. Hverjum aðila er heimilt að leggja fram breytingartillögur við bókun þessa.
2. Samþykkja ber breytingar á bókun þessari á reglulegum fundi þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari. Skrifstofa samningsins skal senda aðilum texta allra breytingartillagna við bókun þessa eigi síðar en sex mánuðum fyrir fundinn þar sem leggja á fram tillögu um að breytingar verði samþykktar. Skrifstofan skal einnig senda aðilum og undirritunaraðilum samningsins og, til upplýsingar, vörsluaðila texta allra breytingartillagna.
3. Aðilar skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná almennu samkomulagi um breytingartillögur við bókun þessa. Reynist allar tilraunir til að ná almennu samkomulagi árangurslausar skal breytingin, sem síðasta úrræði, teljast samþykkt ef hún hlýtur stuðning þriggja fjórðu hluta aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á fundinum. Skrifstofan skal senda vörsluaðila breytinguna, sem hefur verið samþykkt, og skal hann dreifa henni til allra aðila til staðfestingar.
4. Skjöl um staðfestingu breytingar skulu afhent vörsluaðila til vörslu. Breyting, sem er samþykkt í samræmi við 3. mgr. hér að framan, skal öðlast gildi að því er varðar þá aðila, sem hafa staðfest hana, á nítugasta degi eftir að vörsluaðili hefur tekið við staðfestingarskjali frá að minnsta kosti þremur fjórðu hlutum aðila að bókun þessari.
5. Breytingin skal öðlast gildi, að því er varðar hvern annan aðila, á nítugasta degi eftir að hann hefur afhent vörsluaðila skjal sitt um staðfestingu umræddrar breytingar.

Article 20

1. Any Party may propose amendments to this Protocol.
2. Amendments to this Protocol shall be adopted at an ordinary session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol. The text of any proposed amendment to this Protocol shall be communicated to the Parties by the secretariat at least six months before the meeting at which it is proposed for adoption. The secretariat shall also communicate the text of any proposed amendments to the Parties and signatories to the Convention and, for information, to the Depositary.
3. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed amendment to this Protocol by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the amendment shall as a last resort be adopted by a three-fourths majority vote of the Parties present and voting at the meeting. The adopted amendment shall be communicated by the secretariat to the Depositary, who shall circulate it to all Parties for their acceptance.
4. Instruments of acceptance in respect of an amendment shall be deposited with the Depositary. An amendment adopted in accordance with paragraph 3 above shall enter into force for those Parties having accepted it on the ninetieth day after the date of receipt by the Depositary of an instrument of acceptance by at least three fourths of the Parties to this Protocol.
5. The amendment shall enter into force for any other Party on the ninetieth day after the date on which that Party deposits with the Depositary its instrument of acceptance of the said amendment.

21. gr.

1. Viðaukar við bókun þessa skulu vera óaðskiljanlegur hluti hennar og skal tilvísun til bókunar þessarar fela í sér tilvísun til allra viðauka við hana, nema kveðið sé sérstaklega á um annað. Allir viðaukar, sem eru samþykktir eftir að bókun þessi öðlast gildi, skulu takmarkast við skrár, eyðublöð og hvers kyns annað efni til útskýringar sem er vísinda-, tækni-, málsmeðferðar- eða stjórnsýslulegs eðlis.
2. Hverjum aðila er heimilt að leggja fram til-

Article 21

1. Annexes to this Protocol shall form an integral part thereof and, unless otherwise expressly provided, a reference to this Protocol constitutes at the same time a reference to any annexes thereto. Any annexes adopted after the entry into force of this Protocol shall be restricted to lists, forms and any other material of a descriptive nature that is of a scientific, technical, procedural or administrative character.
2. Any Party may make proposals for an annex

lögur um viðauka við bókun þessa og getur lagt fram breytingartillögur við viðauka við bókun þessa.

3. Samþykkja ber viðauka við bókun þessa og breytingar á viðaukum við bókun þessa á reglulegum fundi þings aðila sem gegnir hlutverki fundar aðila að bókun þessari. Skrifstofa samningsins skal senda aðilum texta allra tillagna um viðauka eða breytingar á viðauka eigi síðar en sex mánuðum fyrir fundinn þar sem leggja á þær fram til samþykktar. Skrifstofan skal einnig senda aðilum og undirritunaraðilum samningsins og, til upplýsingar, vörsluaðila texta allra tillagna um viðauka eða breytingar á viðauka.

4. Aðilar skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná almennu samkomulagi um tillögu um viðauka eða breytingu á viðauka. Reynist allar tilraunir til að ná almennu samkomulagi árangurslausar skal viðaukinn eða breyting á viðauka, sem síðasta úrræði, teljast samþykkt ef hún hlýtur stuðning þriggja fjórðu hluta aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði á fundinum. Skrifstofan skal senda vörsluaðila viðaukann eða breytingu á viðauka sem hefur verið samþykkt og skal hann dreifa henni til allra aðila til staðfestingar.

5. Viðauki eða breyting á viðauka, öðrum en viðauka A eða B, sem hefur verið samþykkt í samræmi við 3. og 4. mgr. hér að framan, skal öðlast gildi, að því er varðar alla aðila að bókun þessari, sex mánuðum eftir að vörsluaðili sendir þeim tilkynningu um samþykkt viðaukans eða breytingarinnar á viðaukanum, nema að því er varðar þá aðila sem hafa, áður en sá frestur er útrunninn, tilkynnt vörsluaðila skriflega að þeir staðfesti ekki viðaukann eða breytinguna á viðaukanum. Viðaukinn eða breyting á viðauka skal öðlast gildi að því er varðar aðila, sem afturkalla tilkynningu sína um að þeir staðfesti ekki viðaukann eða breytinguna á viðaukanum, á nítugasta degi eftir að vörsluaðila berst afturköllun slíkrar tilkynningar í hendur.

6. Feli samþykkt viðauka eða breytingar á viðauka í sér breytingu á bókun þessari skal viðaukinn eða breytingin á viðauka ekki öðlast gildi fyrr en breytingin á bókun þessari öðlast gildi.

to this Protocol and may propose amendments to annexes to this Protocol.

3. Annexes to this Protocol and amendments to annexes to this Protocol shall be adopted at an ordinary session of the Conference of the Parties serving as the meeting of the Parties to this Protocol. The text of any proposed annex or amendment to an annex shall be communicated to the Parties by the secretariat at least six months before the meeting at which it is proposed for adoption. The secretariat shall also communicate the text of any proposed annex or amendment to an annex to the Parties and signatories to the Convention and, for information, to the Depositary.

4. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed annex or amendment to an annex by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the annex or amendment to an annex shall as a last resort be adopted by a three-fourths majority vote of the Parties present and voting at the meeting. The adopted annex or amendment to an annex shall be communicated by the secretariat to the Depositary, who shall circulate it to all Parties for their acceptance.

5. An annex, or amendment to an annex other than Annex A or B, that has been adopted in accordance with paragraphs 3 and 4 above shall enter into force for all Parties to this Protocol six months after the date of the communication by the Depositary to such Parties of the adoption of the annex or adoption of the amendment to the annex, except for those Parties that have notified the Depositary, in writing, within that period of their non-acceptance of the annex or amendment to the annex. The annex or amendment to an annex shall enter into force for Parties which withdraw their notification of non-acceptance on the ninetieth day after the date on which withdrawal of such notification has been received by the Depositary.

6. If the adoption of an annex or an amendment to an annex involves an amendment to this Protocol, that annex or amendment to an annex shall not enter into force until such time as the amendment to this Protocol enters into force.

7. Samþykkja ber breytingar á viðaukum A og B við bókun þessa og skulu þær öðlast gildi, í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í 20. gr., að því tilskildu að aðeins skal samþykkja breytingar á viðauka B að fengnu skriflegu samþykki hlutaðeigandi aðila.

22. gr.

1. Hver aðili skal hafa eitt atkvæði með þeirri undantekningu sem kveðið er á um í 2. mgr. hér að aftan.
2. Svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu skulu, í málum sem eru á valdsviði þeirra, neyta atkvæðisréttar síns með sama fjölda atkvæða og fjöldi aðildarríkja þeirra, sem eru aðilar að bókun þessari, segir til um. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríki hennar neytir hans og öfugt.

23. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili bókunar þessarar.

24. gr.

MINNAST ályktunar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 40/61 frá 9. desember 1985 þar sem, meðal annars, „öll ríki, einhliða og í samvinnu við önnur ríki, svo og viðkomandi stofnanir Sameinuðu þjóðanna eru hvött til þess að stuðla að því að uppræta orsakir alþjóðlegrar hryðjuverkastarfsemi stig af stigi og að gefa sérstakan gaum öllum aðstæðum, meðal annars nýlendustefnu, kynþáttamisrétti og aðstæðum þar sem um er að ræða stórkostleg og svívirðileg brot á mannréttindum, brot gegn mannfrelsi og brot sem tengjast búsetu útlendinga, sem gætu komið af stað alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi og ógnað friði og öryggi í heiminum“,

MINNAST ENN FREMUR þess að í ályktun nr. 40/61 eru „allar aðgerðir, aðferðir og viðleitni, sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, einróma fordæmdar sem glæpir, hvar sem þær eiga sér stað og hver sem stendur að þeim, þar með taldar aðgerðir, aðferðir og viðleitni sem tefla vinsamlegum samskiptum ríkja og öryggi þeirra í tvísýnu“,

MINNAST EINNIG þess að Alþjóðasiglingamálastofnunin var hvött til þess með ályktun nr. 40/61 að „afla sér vitneskju um hryðjuverkastarfsemi um borð í, eða sem er beint gegn, skipum með það í huga að setja fram tilmæli um viðeigandi ráðstafanir“,

HAFA Í HUGA ályktun þings Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar nr. A.584(14) frá 20. nóvember 1985, þar sem farið var fram á að undirbúnar yrðu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir sem ógna öryggi skipa og farþega og áhafna um borð í þeim,

VEITA ÞVÍ ATHYGLI að aðgerðir áhafnar, sem venjulegar agareglur um borð í skipi gilda um, eru utan gildissviðs samnings þessa,

STAÐFESTA að æskilegt er að gaumgæfa reglur og staðla, sem tengjast því að koma í veg fyrir og hafa hemil á ólögmætum aðgerðum sem er beint gegn skipum og mönnum um borð í skipum, með það í huga að uppfæra þau eftir þörfum og, hvað þetta varðar, veita með velþóknun athygli ráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir, sem er beint gegn farþegum og áhöfnum um borð í skipum, sem siglingaöryggisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar hefur gert tillögu um,

STAÐFESTA ENN FREMUR að reglur og megin States in devising and adopting effective and practical measures for the prevention of all unlawful acts against the safety of maritime navigation, and the prosecution and punishment of their perpetrators,

RECALLING resolution 40/61 of the General Assembly of the United Nations of 9 December 1985 which, *inter alia*, “urges all States unilaterally and in co-operation with other States, as well as relevant United Nations organs, to contribute to the progressive elimination of causes underlying international terrorism and to pay special attention to all situations, including colonialism, racism and situations involving mass and flagrant violations of human rights and fundamental freedoms and those involving alien occupation, that may give rise to international terrorism and may endanger international peace and security”,

RECALLING FURTHER that resolution 40/61 “unequivocally condemns, as criminal all acts, methods and practices of terrorism wherever and by whom ever committed, including those which jeopardize friendly relations among States and their security”,

RECALLING ALSO that by resolution 40/61, the International Maritime Organization was invited to “study the problem of terrorism aboard or against ships with a view to making recommendations on appropriate measures”,

HAVING IN MIND resolution A.584(14) of 20 November 1985, of the Assembly of the International Maritime Organization, which called for development of measures to prevent unlawful acts which threaten the safety of ships and the security of their passengers and crews,

NOTING that acts of the crew which are subject to normal shipboard discipline are outside the purview of this Convention,

AFFIRMING the desirability of monitoring rules and standards relating to the prevention and control of unlawful acts against ships and persons on board ships, with a view to updating them as necessary, and, to this effect, taking note with satisfaction of the Measures to Prevent Unlawful Acts against Passengers and Crews on Board Ships, recommended by the Maritime Safety Committee of the International Maritime Organization,

AFFIRMING FURTHER that matters not regu-

inreglur almenns þjóðaréttar munu áfram gilda um málefni sem samningur þessi setur ekki reglur um,
VIÐURKENNA nauðsyn þess að öll ríki fari í einu og öllu eftir reglum og meginreglum almenns þjóðaréttar í baráttu sinni gegn ólögmætum aðgerðum gegn öryggi í siglingum á sjó,
OG HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

1. gr.

Í samningi þessum merkir „skip“ skip af hvaða gerð sem er sem ekki er fest við hafsbotn að staðaldri, meðal annars hreyfiborið far, köfunartæki eða hvaða annað fljótandi far sem er.

2. gr.

1. Samningur þessi gildir ekki um:
   a) herskip;
   b) skip í ríkiseigu eða ríkisrekstri sem er notað sem hjálparskip flotans eða toll- eða löggæsluskip; eða
   c) skip sem er ekki lengur siglt eða hefur verið lagt upp.
2. Samningur þessi hefur engin áhrif á friðhelgi herskipa og annarra ríkisskipa sem eru ekki gerð út í viðskiptaskyni.

3. gr.

1. Maður telst hafa framið afbrot ef hann með ólöglegum hætti og af ásetningi:
   a) tekur skip eða yfirtekur stjórn skips með valdi eða hótun um að beita valdi eða þvingar slíkt fram á einhvern annan hátt með hótunum;
   b) beitir mann ofbeldi um borð í skipi og slík aðgerð er líkleg til þess að stofna öruggri siglingu skipsins í hættu;
   c) eyðileggur skip eða veldur tjóni á skipi eða farmi þess sem líklegt má telja að stofni öruggri siglingu skipsins í hættu;
   d) kemur fyrir, eða er valdur að því að komið sé fyrir, um borð í skipi, með hvaða hætti sem er, búnaði eða efni sem líklegt er að eyðileggi skipið eða valdi tjóni á skipinu eða farmi þess sem stofnar, eða líklegt má telja að stofni, öruggri siglingu skipsins í hættu;
   e) eyðileggur eða veldur alvarlegu tjóni á siglingatækjum eða truflar starfrækslu þeirra á alvarlegan hátt og slík aðgerð er líkleg til þess að stofna öruggri siglingu skips í hættu;

lated by this Convention continue to be governed by the rules and principles of general international law,
RECOGNIZING the need for all States, in combating unlawful acts against the safety of maritime navigation, strictly to comply with rules and principles of general international law,
HAVE AGREED as follows:

ARTICLE 1

For the purposes of this Convention, "ship" means a vessel of any type whatsoever not permanently attached to the sea-bed, including dynamically supported craft, submersibles, or any other floating craft.

ARTICLE 2

1. This Convention does not apply to:
   a) a warship; or
   b) a ship owned or operated by a State when being used as a naval auxiliary or for customs or police purposes; or
   c) a ship which has been withdrawn from navigation or laid up.
2. Nothing in this Convention affects the immunities of warships and other government ships operated for non-commercial purposes.

ARTICLE 3

1. Any person commits an offence if that person unlawfully and intentionally:
   a) seizes or exercises control over a ship by force or threat thereof or any other form of intimidation; or
   b) performs an act of violence against a person on board a ship if that act is likely to endanger the safe navigation of that ship; or
   c) destroys a ship or causes damage to a ship or to its cargo which is likely to endanger the safe navigation of that ship; or
   d) places or causes to be placed on a ship, by any means whatsoever, a device or substance which is likely to destroy that ship, or cause damage to that ship or its cargo which endangers or is likely to endanger the safe navigation of that ship; or
   e) destroys or seriously damages maritime navigational facilities or seriously interferes with their operation, if any such act is likely to endanger the safe navigation of a ship; or

f) kemur upplýsingum á framfæri sem hann veit að eru rangar og stofnar með því öruggri siglingu skips í hættu; eða
g) meiðir mann eða banar manni samfara því að fremja eða gera tilraun til þess að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í a- til f-liðum.

2. Maður telst einnig hafa framið afbrot ef hann:

a) gerir tilraun til þess að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í 1. mgr.;
b) hvetur til þess að eitthvert þeirra afbrota, sem fjallað er um í 1. mgr. og einhver maður gerir sig sekan um, sé framið eða er með öðrum hætti vitorðsmaður þess sem fremur slíkt afbrot; eða
c) hótar, með eða án skilyrðis, eins og kveðið er á um í landslögum, í því skyni að neyða einstakling eða lögaðila til þess að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í b-, c- og e-liðum 1. mgr., séu líkur á að hótunin stofni öruggri siglingu viðkomandi skips í hættu.

4. gr.

1. Samningur þessi gildir ef skipi er siglt, eða ætlað er að sigla því, inn í, gegnum eða út af hafsvæði sem er utan ytri marka landhelgi einstaks ríkis eða hliðlægra marka milli landhelgi þess og landhelgi aðliggjandi ríkja.

2. Í þeim tilvikum sem samningur þessi gildir ekki skv. 1. mgr. skal hann engu að síður gilda þegar viðkomandi brotamaður eða meintur brotamaður er á yfirráðasvæði aðildarríkis, annars en þess ríkis sem um getur í 1. mgr.

5. gr.

Hvert aðildarríki skal leggja viðeigandi refsingu við þeim afbrotum, sem fjallað er um í 3. gr., þannig að tillit sé tekið til alvarleika þeirra.

6. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afla sér lögsögu vegna þeirra afbrota, sem fjallað er um í 3. gr., þegar afbrotið:
   a) beinist gegn eða er framið um borð í skipi sem siglir undir fána þess á þeim tíma þegar afbrotið er framið;

f) communicates information which he knows to be false, thereby endangering the safe navigation of a ship; or
g) injures or kills any person, in connection with the commission or the attempted commission of any of the offences set forth in subparagraphs (a) to (f).

2. Any person also commits an offence if that person:
   a) attempts to commit any of the offences set forth in paragraph 1; or
   b) abets the commission of any of the offences set forth in paragraph 1 perpetrated by any person or is otherwise an accomplice of a person who commits such an offence; or
   c) threatens, with or without a condition, as is provided for under national law, aimed at compelling a physical or juridical person to do or refrain from doing any act, to commit any of the offences set forth in paragraph 1, subparagraphs (b), (c) and (e), if that threat is likely to endanger the safe navigation of the ship in question.

ARTICLE 4

1. This Convention applies if the ship is navigating or is scheduled to navigate into, through or from waters beyond the outer limit of the territorial sea of a single State, or the lateral limits of its territorial sea with adjacent States.
2. In cases where the Convention does not apply pursuant to paragraph 1, it nevertheless applies when the offender or the alleged offender is found in the territory of a State Party other than the State referred to in paragraph 1.

ARTICLE 5

Each State Party shall make the offences set forth in article 3 punishable by appropriate penalties which take into account the grave nature of those offences.

ARTICLE 6

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 3 when the offence is committed:
   a) against or on board a ship flying the flag of the State at the time the offence is committed; or

b) er framið á yfirráðasvæði fyrrnefnds ríkis, þar með talið innan landhelgi þess; eða
c) er framið af ríkisborgara fyrrnefnds ríkis.

2. Aðildarríki getur og aflað sér lögsögu vegna hvers slíks afbrots þegar:
a) afbrotið er framið af ríkisfangslausum manni sem hefur fasta búsetu í því ríki;
b) ríkisborgari þess ríkis er tekinn með valdi meðan afbrotið er framið, honum ógnað, hann meiddur eða honum banað; eða
c) afbrotið er framið í tilraun til þess að neyða það ríki til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert.

3. Hvert það aðildarríki, sem hefur aflað sér lögsögu sem um getur í 2. mgr., skal tilkynna það aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (hér á eftir nefndur „aðalframkvæmdastjórinn"). Ógildi slíkt aðildarríki seinna fyrrnefnda lögsögu skal það tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um það.

4. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afla sér lögsögu vegna þeirra afbrota, sem fjallað er um í 3. gr., þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki neinu því aðildarríki sem hefur aflað sér lögsögu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

5. Samningur þessi útilokar ekki refsilögsögu sem er beitt í samræmi við landslög.

7. gr.

1. Ef brotamaður eða meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði aðildarríkis skal það, er það hefur gengið úr skugga um að aðstæður réttlæti það, hneppa hann í varðhald eða gera aðrar ráðstafanir, samkvæmt landslögum sínum, til að tryggja nærveru hans eins lengi og nauðsyn krefur til þess að unnt sé að höfða sakamál eða hefja málsmeðferð vegna framsals.

2. Sama aðildarríki skal án tafar láta fara fram undirbúningsrannsókn á málsatvikum í samræmi við eigin löggjöf.

3. Hver sá, sem ráðstöfununum, sem um getur í 1. mgr., er beint gegn, á rétt á:

a) að hafa tafarlaust samband við næsta viðeigandi fulltrúa þess ríkis þar sem hann á ríkisborgararétt eða þess ríkis sem á annan hátt er bært til að koma á slíku sambandi eða, sé hann ríkisfangslaus, þess

b) in the territory of that State, including its territorial sea; or
c) by a national of that State.

2. A State Party may also establish its jurisdiction over any such offence when:
a) it is committed by a stateless person whose habitual residence is in that State; or
b) during its commission a national of that State is seized, threatened, injured or killed; or
c) it is committed in an attempt to compel that State to do or abstain from doing any act.

3. Any State Party which has established jurisdiction mentioned in paragraph 2 shall notify the Secretary-General of the International Maritime Organization (hereinafter referred to as "the Secretary-General"). If such State Party subsequently rescinds that jurisdiction, it shall notify the Secretary-General.

4. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 3 in cases where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite him to any of the States Parties which have established their jurisdiction in accordance with paragraphs 1 and 2 of this article.

5. This Convention does not exclude any criminal jurisdiction exercised in accordance with national law.

ARTICLE 7

1. Upon being satisfied that the circumstances so warrant, any State Party in the territory of which the offender or the alleged offender is present shall, in accordance with its law, take him into custody or take other measures to ensure his presence for such time as is necessary to enable any criminal or extradition proceedings to be instituted.

2. Such State shall immediately make a preliminary inquiry into the facts, in accordance with its own legislation.

3. Any person regarding whom the measures referred to in paragraph 1 are being taken shall be entitled to:
a) communicate without delay with the nearest appropriate representative of the State of which he is a national or which is otherwise entitled to establish such communication or, if he is a stateless per-

ríkis sem yfirráðasvæði hefur þar sem hann hefur fasta búsetu;
b) að fulltrúi þess ríkis vitji hans.

4. Með réttindi þau, sem um getur í 3. mgr., skal farið í samræmi við lög og reglur í því ríki sem hefur yfirráðasvæði þar sem brotamaður eða meintur brotamaður er staddur, þó með þeim fyrirvara að þau lög og reglur nái að fullu þeim tilgangi sem réttindum þeim, sem kveðið er á um í 3. mgr., er ætlað að ná.

5. Þegar aðildarríki hefur hneppt mann í varðhald samkvæmt þessari grein skal það þegar tilkynna þeim ríkjum, sem hafa aflað sér lögsögu í samræmi við 1. mgr. 6. gr., og, ef það telur rétt að gera svo, öðrum ríkjum, sem láta sig það varða, um að maðurinn sé í varðhaldi og um þau atvik sem réttlæta varðhald hans. Ríkið sem annast undirbúningsrannsóknina, sem er ráðgerð skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal þegar skýra fyrrnefndum ríkjum frá niðurstöðum sínum og taka fram hvort það hyggist beita lögsögu sinni.

8. gr.

1. Skipstjóra skips aðildarríkis („fánaríkisins“) er heimilt að afhenda yfirvöldum í öðru aðildarríki („móttökuríkinu“) hvern þann mann sem hann hefur rökstudda ástæðu til að ætla að hafi framið eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í 3. gr.
2. Fánaríkið skal tryggja að skipstjóra skips þess sé skylt, þegar því verður komið við og ef unnt er áður en komið er inn í landhelgi móttökuríkisins, og þegar um borð er maður sem skipstjórinn hyggst afhenda í samræmi við 1. mgr., að tilkynna yfirvöldum í móttökuríkinu um þá fyrirætlun sína að afhenda manninn og ástæður þess.

3. Móttökuríkið skal samþykkja að viðkomandi sé afhentur, nema það hafi ástæðu til að ætla að samningurinn gildi ekki um þær aðgerðir sem eru tilefni afhendingar, og haga gerðum sínum í samræmi við ákvæði 7. gr. Móttökuríki, sem neitar að samþykkja afhendingu, skal jafnframt greina frá ástæðum neitunar.

4. Fánaríkið skal tryggja að skipstjóra skips þess sé skylt að láta yfirvöldum í móttökuríkinu í té þau sönnunargögn sem hann hefur undir höndum og varða meint afbrot.

son, the State in the territory of which he has his habitual residence;
b) be visited by a representative of that State.

4. The rights referred to in paragraph 3 shall be exercised in conformity with the laws and regulations of the State in the territory of which the offender or the alleged offender is present, subject to the proviso that the said laws and regulations must enable full effect to be given to the purposes for which the rights accorded under paragraph 3 are intended.
5. When a State Party, pursuant to this article, has taken a person into custody, it shall immediately notify the States which have established jurisdiction in accordance with article 6, paragraph 1 and, if it considers it advisable, any other interested States, of the fact that such person is in custody and of the circumstances which warrant his detention. The State which makes the preliminary inquiry contemplated in paragraph 2 of this article shall promptly report its findings to the said States and shall indicate whether it intends to exercise jurisdiction.

ARTICLE 8

1. The master of a ship of a State Party (the "flag State") may deliver to the authorities of any other State Party (the "receiving State") any person who he has reasonable grounds to believe has committed one of the offences set forth in article 3.
2. The flag State shall ensure that the master of its ship is obliged, whenever practicable, and if possible before entering the territorial sea of the receiving State carrying on board any person whom the master intends to deliver in accordance with paragraph 1, to give notification to the authorities of the receiving State of his intention to deliver such person and the reasons therefor.
3. The receiving State shall accept the delivery, except where it has grounds to consider that the Convention is not applicable to the acts giving rise to the delivery, and shall proceed in accordance with the provisions of article 1. Any refusal to accept a delivery shall be accompanied by a statement of the reasons for refusal.
4. The flag State shall ensure that the master of its ship is obliged to furnish the authorities of the receiving State with the evidence in the master's possession which pertains to the alleged offence.

5. Móttökuríki, sem hefur samþykkt afhendingu manns í samræmi við 3. mgr., er aftur á móti heimilt að fara þess á leit við fánaríkið að það samþykki afhendingu mannsins. Fánaríkið skal fjalla um hverja slíka beiðni og fallist það á hana skal það haga gerðum sínum í samræmi við ákvæði 7. gr. Hafni fánaríkið beiðni skal það afhenda móttökuríkinu yfirlýsingu um ástæður þess.

9. gr.

Samningur þessi skal engin áhrif hafa á reglur þjóðaréttar sem varða hæfni ríkja til þess að beita lögsögu á sviði rannsóknar eða fullnustu um borð í skipum sem sigla ekki undir fána þeirra.

10. gr.

1. Því aðildarríki, sem hefur yfirráðasvæði þar sem brotamaður eða meintur brotamaður er staddur, er undantekningarlaust skylt, í málum sem 6. gr. gildir um og framselji það hann ekki og hvort sem afbrotið var framið á yfirráðasvæði þess eða ekki, að senda málið án tafar viðeigandi yfirvöldum sínum til saksóknar með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum þess. Fyrrnefnd yfirvöld skulu taka ákvörðun sína á sama hátt og í öðrum alvarlegum brotamálum samkvæmt lögum þess ríkis.

2. Hverjum þeim, sem málsmeðferð beinist að í tengslum við eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í 3. gr., skal tryggð réttlát meðferð á öllum málsmeðferðarstigum, þar með talið að njóta allra þeirra réttinda og verndar sem kveðið er á um vegna slíkrar málsmeðferðar í landslögum þess ríkis sem hefur yfirráðasvæði þar sem viðkomandi er staddur.

11. gr.

1. Litið skal svo á að afbrot, sem fjallað er um í 3. gr., séu meðal framsalsbrota í öllum framsalssamningum sem eru í gildi milli aðildarríkja. Aðildarríki skuldbinda sig til að telja slík afbrot meðal framsalsbrota í öllum framsalssamningum sem síðar kunna að verða gerðir milli þeirra.
2. Þegar aðildarríki, sem gerir framsalssamning að skilyrði fyrir framsali, tekur við framsalsbeiðni frá öðru aðildarríki, sem það hefur ekki framsalssamning við, getur það aðildarríki, sem tekur við beiðninni, að eigin ákvörð-

5. A receiving State which has accepted the delivery of a person in accordance with paragraph 3 may, in turn, request the flag State to accept delivery of that person. The flag State shall consider any such request, and if it accedes to the request it shall proceed in accordance with article 7. If the flag State declines a request, it shall furnish the receiving State with a statement of the reasons therefor.

ARTICLE 9

Nothing in this Convention shall affect in any way the rules of international law pertaining to the competence of States to exercise investigative or enforcement jurisdiction on board ships not flying their flag.

ARTICLE 10

1. The State Party in the territory of which the offender or the alleged offender is found shall, in cases to which article 6 applies, if it does not extradite him, be obliged, without exception whatsoever and whether or not the offence was committed in its territory, to submit the case without delay to its competent authorities for the purpose of prosecution, through proceedings in accordance with the laws of that State. Those authorities shall take their decision in the same manner as in the case of any other offence of a grave nature under the law of that State.
2. Any person regarding whom proceedings are being carried out in connection with any of the offences set forth in article 3 shall be guaranteed fair treatment at all stages of the proceedings, including enjoyment of all the rights and guarantees provided for such proceedings by the law of the State in the territory of which he is present.

ARTICLE 11

1. The offences set forth in article 3 shall be deemed to be included as extraditable offences in any extradition treaty existing between any of the States Parties. States Parties undertake to include such offences as extraditable offences in every extradition treaty to be concluded between them.
2. If a State Party which makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another State Party with which it has no extradition treaty, the requested State Party may, at its option,

un, litið svo á að samningur þessi sé lagalegur grunnur framsals með tilliti til þeirra afbrota sem fjallað er um í 3. gr. Framsal skal háð þeim skilyrðum öðrum sem kveðið er á um í lögum þess aðildarríkis sem tekur við framsalsbeiðninni.

3. Aðildarríki, sem gera ekki framsalssamning að skilyrði fyrir framsali, skulu viðurkenna með gagnkvæmum hætti að þau afbrot, sem fjallað er um í 3. gr., séu framsalsbrot, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þess ríkis sem tekur við framsalsbeiðninni.
4. Ef nauðsynlegt er skal, að því er varðar framsal milli aðildarríkja, fara með þau afbrot, sem fjallað er um í 3. gr., eins og þau hefðu ekki einungis verið framin þar sem þau áttu sér stað, heldur einnig á stað innan lögsögu þess aðildarríkis sem leggur fram framsalsbeiðni.
5. Aðildarríki, sem tekur við fleiri en einni framsalsbeiðni frá ríkjum, sem hafa aflað sér lögsögu í samræmi við 6. gr., og ákveður að ákæra ekki, skal, þegar velja á það ríki sem framselja á brotamanninn eða meintan brotamann til, taka eðlilegt tillit til hagsmuna og ábyrgðar þess aðildarríkis sem var fánaríki skips þegar afbrotið var framið.
6. Ríki, sem tekur við framsalsbeiðni, skal, þegar það fjallar um beiðni um framsal meints brotamanns samkvæmt samningi þessum, taka eðlilegt tillit til þess hvort unnt sé að framfylgja réttindum hans, eins og þau eru sett fram í 3. mgr. 7. gr., í aðildarríkinu sem leggur framsalsbeiðnina fram.
7. Að því er varðar afbrot, eins og þau eru skilgreind í samningi þessum, er ákvæðum allra framsalssamninga og tilhögunarreglna um framsal, sem eru í gildi milli aðildarríkja, breytt þeirra á milli að því marki sem þau eru í ósamræmi við samning þennan.

12. gr.

1. Aðildarríki skulu veita hvert öðru sem mesta aðstoð í tengslum við saksókn vegna þeirra afbrota sem fjallað er um í 3. gr., meðal annars aðstoð við að afla sönnunargagna í vörslu þeirra sem eru nauðsynleg vegna saksóknarinnar.
2. Aðildarríki skulu framkvæma skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. í samræmi við samninga um gagnkvæma aðstoð sem kunna að vera í gildi milli þeirra. Sé slíkum samningum ekki

consider this Convention as a legal basis for extradition in respect of the offences set forth in article 3. Extradition shall be subject to the other conditions provided by the law of the requested State Party.

3. States Parties which do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize the offences set forth in article 3 as extraditable offences between themselves, subject to the conditions provided by the law of the requested State.
4. If necessary, the offences set forth in article 3 shall be treated, for the purposes of extradition between States Parties, as if they had been committed not only in the place in which they occurred but also in a place within the jurisdiction of the State Party requesting extradition.
5. A State Party which receives more than one request for extradition from States which have established jurisdiction in accordance with article 6 and which decides not to prosecute shall, in selecting the State to which the offender or alleged offender is to be extradited, pay due regard to the interests and responsibilities of the State Party whose flag the ship was flying at the time of the commission of the offence.
6. In considering a request for the extradition of an alleged offender pursuant to this Convention, the requested State shall pay due regard to whether his rights as set forth in article 7, paragraph 3, can be effected in the requesting State.
7. With respect to the offences as defined in this Convention, the provisions of all extradition treaties and arrangements applicable between States Parties are modified as between States Parties to the extent that they are incompatible with this Convention.

ARTICLE 12

1. States Parties shall afford one another the greatest measure of assistance in connection with criminal proceedings brought in respect of the offences set forth in article 3, including assistance in obtaining evidence at their disposal necessary for the proceedings.
2. States Parties shall carry out their obligations under paragraph 1 in conformity with any treaties on mutual assistance that may exist between them. In the absence of such

fyrir að fara skulu aðildarríki veita hvert öðru aðstoð í samræmi við landslög sín.

13. gr.

1. Aðildarríki skulu hafa með sér samvinnu um að koma í veg fyrir þau afbrot sem fjallað er um í 3. gr., einkum:
   a) með því að gera allar raunhæfar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að undirbúningur fari fram á yfirráðasvæði þeirra til að fremja slík afbrot innan þess eða utan;
   b) með því að skiptast á upplýsingum í samræmi við landslög sín og samræma ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og á öðrum sviðum, eftir því sem við á, til að koma í veg fyrir að framin séu afbrot sem fjallað er um í 3. gr.
2. Hafi siglingu skips verið frestað eða hún truflað vegna afbrots, sem fjallað er um í 3. gr., er hverju því aðildarríki, sem yfirráðasvæði hefur þar sem skipið eða farþegar eða áhöfn þess er, skylt að gera allt sem í þess valdi stendur til að koma í veg fyrir að lagt sé hald á skip, farþega þess, áhöfn eða farm, eða að þau verði fyrir töfum, með óréttmætum hætti.

14. gr.

Hvert það aðildarríki, sem hefur ástæðu til að ætla að afbrot, sem fjallað er um í 3. gr., verði framið, skal, í samræmi við landslög sín, láta þeim ríkjum, sem það álítur þau ríki sem hafi aflað sér lögsögu í samræmi við 6. gr., í té allar upplýsingar sem skipta máli og þau ráða yfir, eins fljótt og við verður komið.

15. gr.

1. Hvert aðildarríki skal, í samræmi við landslög sín, láta aðalframkvæmdastjóranum í té, eins fljótt og við verður komið, allar upplýsingar sem máli skipta og það ræður yfir:
   a) um aðstæður sem tengjast afbrotinu;
   b) um þá aðgerð sem gripið er til skv. 2. mgr. 13. gr.;
   c) um þær ráðstafanir, sem eru gerðar varðandi brotamanninn eða meintan brotamann, og einkum um niðurstöður framsalsmála eða annars málareksturs.
2. Aðildarríkið, þar sem meintur brotamaður er saksóttur, skal, í samræmi við landslög sín, skýra aðalframkvæmdastjóranum frá endanlegri niðurstöðu málsins.
3. Aðalframkvæmdastjórinn skal framsenda öllum aðildarríkjum, aðilum að Alþjóðasigltreaties, States Parties shall afford each other assistance in accordance with their national law.

ARTICLE 13

1. States Parties shall co-operate in the prevention of the offences set forth in article 3, particularly by:
   a) taking all practicable measures to prevent preparations in their respective territories for the commission of those offences within or outside their territories;
   b) exchanging information in accordance with their national law, and co-ordinating administrative and other measures taken as appropriate to prevent the commission of offences set forth in article 3.
2. When, due to the commission of an offence set forth in article 3, the passage of a ship has been delayed or interrupted, any State Party in whose territory the ship or passengers or crew are present shall be bound to exercise all possible efforts to avoid a ship, its passengers, crew or cargo being unduly detained or delayed.

ARTICLE 14

Any State Party having reason to believe that an offence set forth in article 3 will be committed shall, in accordance with its national law, furnish as promptly as possible any relevant information in its possession to those States which it believes would be the States having established jurisdiction in accordance with article 6.

ARTICLE 15

1. Each State Party shall, in accordance with its national law, provide to the Secretary-General, as promptly as possible, any relevant information in its possession concerning:
   a) the circumstances of the offence;
   b) the action taken pursuant to article 13, paragraph 2;
   c) the measures taken in relation to the offender or the alleged offender and, in particular, the results of any extradition proceedings or other legal proceedings.
2. The State Party where the alleged offender is prosecuted shall, in accordance with its national law, communicate the final outcome of the proceedings to the Secretary-General.
3. The information transmitted in accordance with paragraphs 1 and 2 shall be communi-

ingamálastofnuninni (hér á eftir nefnd „stofnunin"), öðrum ríkjum sem málið varðar og viðeigandi alþjóðlegum milliríkjastofnunum upplýsingarnar sem eru sendar í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr.

16. gr.

1. Deila milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða beitingu samnings þessa, sem ekki er unnt að leysa með samkomulagi innan hæfilegs tíma, skal lögð í gerð að ósk eins þeirra. Geti aðilar ekki, innan sex mánaða frá því að gerðar er óskað, komið sér saman um hvernig henni skuli hagað getur hver þeirra vísað deilunni til Alþjóðadómstólsins með beiðni samkvæmt samþykktum hans.

2. Hvert ríki getur við undirritun samnings þessa, eða þegar það fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum, lýst því yfir að það telji sig ekki bundið af einhverju eða öllum ákvæðum 1. mgr. Önnur aðildarríki skulu ekki bundin af þeim ákvæðum gagnvart aðildarríki sem gert hefur slíkan fyrirvara.
3. Ríki, sem hefur gert fyrirvara í samræmi við 2. mgr., getur hvenær sem er afturkallað hann með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans.

17. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Róm 10. mars 1988 af hálfu ríkja, sem taka þátt í alþjóðaráðstefnunni um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó, og í höfuðstöðvum stofnunarinnar af hálfu allra ríkja frá 14. mars 1988 til 9. mars 1989. Hann skal eftir það áfram opinn til aðildar.
2. Ríki getur lýst sig samþykkt því að vera bundið af samningi þessum með:
   a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki;
   b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
   c) aðild.
3. Ganga skal frá fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild með því að afhenda aðalframkvæmdastjóranum skjal þar að lútandi til vörslu.

cated by the Secretary-General to all States Parties, to Members of the International Maritime Organization (hereinafter referred to as "the Organization"), to the other States concerned, and to the appropriate international intergovernmental organizations.

ARTICLE 16

1. Any dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention which cannot be settled through negotiation within a reasonable time shall, at the request of one of them, be submitted to arbitration. If, within six months from the date of the request for arbitration, the parties are unable to agree on the organization of the arbitration any one of those parties may refer the dispute to the International Court of Justice by request in conformity with the Statute of the Court.
2. Each State may at the time of signature or ratification, acceptance or approval of this Convention or accession thereto, declare that it does not consider itself bound by any or all of the provisions of paragraph 1. The other States Parties shall not be bound by those provisions with respect to any State Party which has made such a reservation.
3. Any State which has made a reservation in accordance with paragraph 2 may, at any time, withdraw that reservation by notification to the Secretary-General.

ARTICLE 17

1. This Convention shall be open for signature at Rome on 10 March 1988 by States participating in the International Conference on the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Maritime Navigation and at the Headquarters of the Organization by all States from 14 March 1988 to 9 March 1989. It shall thereafter remain open for accession.
2. States may express their consent to be bound by this Convention by:
   a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
   b) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or
   c) accession.
3. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

18. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi níutíu dögum eftir að fimmtán ríki hafa annaðhvort undirritað hann án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða hafa afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hans eða aðild að honum til vörslu.

2. Að því er varðar ríki, sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samningsins eða aðild að honum til vörslu eftir að skilyrðum fyrir gildistöku hans hefur verið fullnægt, skal fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild öðlast gildi níutíu dögum eftir að slík afhending fer fram.

19. gr.

1. Hvert aðildarríki getur sagt upp samningi þessum hvenær sem er eftir að eitt ár er liðið frá þeim degi þegar samningur þessi öðlast gildi að því er varðar viðkomandi ríki.
2. Uppsögn skal framkvæmd með því að afhenda aðalframkvæmdastjóranum uppsagnarskjal til vörslu.
3. Uppsögn skal taka gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjórinn veitir uppsagnarskjalinu viðtöku, eða síðar eins og kann að vera tilgreint í uppsagnarskjalinu.

20. gr.

1. Stofnunin getur kallað saman þing í því skyni að endurskoða samning þennan eða breyta honum.
2. Aðalframkvæmdastjórinn skal kalla saman þing aðildarríkja að samningi þessum í því skyni að endurskoða samninginn eða breyta honum ef þriðjungur aðildarríkja fer þess á leit, eða tíu aðildarríki, eftir því hvor talan er hærri.
3. Líta ber svo á að skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem er afhent til vörslu eftir að breyting á samningi þessum öðlast gildi, gildi um samninginn með áorðnum breytingum.

21. gr.

1. Samningur þessi skal vera í vörslu aðalframkvæmdastjórans.
2. Aðalframkvæmdastjórinn skal:
   a) tilkynna öllum ríkjum, sem hafa undirritað samning þennan eða gerst aðilar að honum, og öllum aðilum að stofnuninni um:

ARTICLE 18

1. This Convention shall enter into force ninety days following the date on which fifteen States have either signed it without reservation as to ratification, acceptance or approval, or have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect thereof.
2. For a State which deposits an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of this Convention after the conditions for entry into force thereof have been met, the ratification, acceptance, approval or accession shall take effect ninety days after the date of such deposit.

ARTICLE 19

1. This Convention may be denounced by any State Party at any time after the expiry of one year from the date on which this Convention enters into force for that State.
2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument of denunciation with the Secretary-General.
3. A denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after the receipt of the instrument of denunciation by the Secretary-General.

ARTICLE 20

1. A conference for the purpose of revising or amending this Convention may be convened by the Organization.
2. The Secretary-General shall convene a conference of the States Parties to this Convention for revising or amending the Convention, at the request of one third of the States Parties, or ten States Parties, whichever is the higher figure.
3. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the date of entry into force of an amendment to this Convention shall be deemed to apply to the Convention as amended.

ARTICLE 21

1. This Convention shall be deposited with the Secretary-General.
2. The Secretary-General shall:
   a) inform all States which have signed this Convention or acceded thereto, and all Members of the Organization, of:

i) hverja nýja undirritun eða afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu ásamt viðeigandi dagsetningu;
ii) gildistökudag samnings þessa;

iii) afhendingu allra skjala um uppsögn samnings þessa til vörslu og hvenær slík skjöl eru móttekin og hvenær uppsögnin tekur gildi;

iv) móttöku allra yfirlýsinga og tilkynninga samkvæmt samningi þessum;

b) senda öllum ríkjum, sem hafa undirritað samning þennan eða gerst aðilar að honum, staðfest rétt afrit af samningi þessum.

3. Jafnskjótt og samningur þessi öðlast gildi skal vörsluaðilinn senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna staðfest rétt afrit af honum til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

22. gr.

Samningur þessi er gerður í einu frumriti á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

GJÖRT Í RÓM hinn 10. mars 1988.

i) each new signature or deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession together with the date thereof;
(ii) the date of the entry into force of this Convention;
iii) the deposit of any instrument of denunciation of this Convention together with the date on which it is received and the date on which the denunciation takes effect;
iv) the receipt of any declaration or notification made under this Convention;

b) transmit certified true copies of this Convention to all States which have signed this Convention or acceded thereto.

3. As soon as this Convention enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Depositary to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

ARTICLE 22

This Convention is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned being duly authorized by their respective Governments for that purpose have signed this Convention.
DONE AT ROME this tenth day of March one thousand nine hundred and eighty-eight.

Fylgiskjal 2.

BÓKUN
um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi botnfastra mannvirkja á landgrunninu.

Aðildarríki bókunar þessarar,
SEM ERU AÐILAR að samningnum um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó,
VIÐURKENNA að ástæður þess að samningurinn var gerður gilda einnig um botnföst mannvirki á landgrunninu,
TAKA MIÐ AF ákvæðum samningsins,

PROTOCOL
for the Supression of Unlawful Acts Against the Safety of Fixed Platforms Located on the Continental Shelf

The States Parties to this Convention,
BEING PARTIES to the Convention for the Suppression of Unlawful Acts Against the Safety of Maritime Navigation,
RECOGNIZING that the reasons for which the Convention was elaborated also apply to fixed platforms located on the continental shelf,
TAKING ACCOUNT of the provisions of that Convention,

STAÐFESTA að reglur og meginreglur almenns þjóðaréttar munu áfram gilda um málefni sem bókun þessi setur ekki reglur um,
OG HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT um eftirfarandi:

1. gr.

1. Ákvæði 5. og 7. gr. og 10. til 16. gr. samningsins um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi í siglingum á sjó (hér á eftir nefndur „samningurinn“) skulu einnig gilda að breyttu breytanda um þau afbrot, sem fjallað er um í 2. gr. bókunar þessarar, þegar slík afbrot eru framin í eða gegn botnföstum mannvirkjum á landgrunninu.

2. Í þeim tilvikum sem bókun þessi gildir ekki skv. 1. mgr. skal hún engu að síður gilda þegar viðkomandi brotamaður eða meintur brotamaður er á yfirráðasvæði aðildarríkis, annars en þess ríkis þar sem viðkomandi botnfast mannvirki er staðsett á grunnsævi eða í landhelgi.
3. Í bókun þessari merkir „botnfast mannvirki“ tilbúna eyju, útbúnað eða mannvirki sem er varanlega fest við hafsbotn í því skyni að rannsaka auðlindir eða nýta þær eða í öðrum efnahagslegum tilgangi.

2. gr.

1. Maður telst hafa framið afbrot ef hann með ólöglegum hætti og af ásetningi:
   a) tekur botnfast mannvirki eða yfirtekur stjórn þess með valdi eða hótunum um að beita valdi eða þvingar slíkt fram á einhvern annan hátt með hótunum;
   b) beitir mann ofbeldi í botnföstu mannvirki og slík aðgerð er líkleg til þess að stofna öryggi þess í hættu;
   c) eyðileggur botnfast mannvirki eða veldur tjóni á því sem líklegt má telja að stofni öryggi þess í hættu;
   d) kemur fyrir, eða er valdur að því að komið sé fyrir, í botnföstu mannvirki, með hvaða hætti sem er, búnaði eða efni sem líklegt er að eyðileggi botnfasta mannvirkið eða líklegt má telja að stofni öryggi þess í hættu; eða
   e) meiðir mann eða banar manni samfara því að fremja eða gera tilraun til þess að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í a- til d-liðum.
2. Maður telst einnig hafa framið afbrot ef hann:

AFFIRMING that matters not regulated by this Protocol continue to be governed by the rules and principles of general international law,
HAVE AGREED as follows:

ARTICLE 1

1. The provisions of articles 5 and 7 and of articles 10 to 16 of the Convention for the Suppression of unlawful Acts against the Safety of Maritime Navigation (hereafter referred to as “the Convention”) shall also apply *mutatis mutandis* to the offences set forth in article 2 of this Protocol where such offences are committed on board or against fixed platforms located on the continental shelf.
2. In cases where this Protocol does not apply pursuant to paragraph 1, it nevertheless applies when the offender or the alleged offender is found in the territory of a State Party other than the State in whose international waters or territorial sea the fixed platform is located.

3. For the purposes of this Protocol, “fixed platform” means an artificial island, installation or structure permanently attached to the seabed for the purpose of exploration or exploitation of resources or for other economic purposes.

ARTICLE 2

1. Any person commits an offence if that person unlawfully and intentionally:
   a) seizes or exercises control over a fixed platform by force or threat thereof or any other form of in timidation; or
   b) performs an act of violence against a person on board a fixed platform if that act is likely to endanger its safety; or
   c) destroys a fixed platform or causes damage to it which is likely to endanger its safety; or
   d) places or causes to be placed on a fixed platform, by any means whatsoever, a device or substance which is likely to destroy that fixed platform or likely to endanger its safety; or
   e) injures or kills any person in connection with the commission or the attempted commission of any of the offences set forth in subparagraphs (a) to (d).
2. Any person also commits an offence if that person:

a) gerir tilraun til þess að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í 1. mgr.;
b) hvetur til þess að eitthvert slíkt afbrot sé framið, sem einhver maður gerir sig sekan um, eða er með öðrum hætti vitorðsmaður þess sem fremur slíkt afbrot; eða
c) hótar, með eða án skilyrðis, eins og kveðið er á um í landslögum, í því skyni að neyða einstakling eða lögaðila til þess að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, að fremja eitthvert þeirra afbrota sem fjallað er um í b- og c-liðum 1. mgr., séu líkur á að hótunin stofni öryggi botnfasta mannvirkisins í hættu.

3. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afla sér lögsögu vegna þeirra afbrota, sem fjallað er um í 2. gr., þegar afbrotið:
   a) beinist gegn eða er framið í botnföstu mannvirki á þeim tíma þegar botnfasta mannvirkið er staðsett á landgrunni þess ríkis; eða
   b) er framið af ríkisborgara fyrrnefnds ríkis.
2. Aðildarríki getur og aflað sér lögsögu vegna hvers slíks afbrots þegar:
   a) afbrotið er framið af ríkisfangslausum manni sem hefur fasta búsetu í því ríki;
   b) ríkisborgari þess ríkis er tekinn með valdi meðan afbrotið er framið, honum ógnað, hann meiddur eða honum banað; eða
   c) afbrotið er framið í tilraun til þess að neyða það ríki til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert.
3. Hvert það aðildarríki, sem hefur aflað sér lögsögu sem um getur í 2. mgr., skal tilkynna það aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (hér á eftir nefndur „aðalframkvæmdastjórinn“). Ógildi slíkt aðildarríki seinna fyrrnefnda lögsögu skal það tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um það.
4. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afla sér lögsögu vegna þeirra afbrota, sem fjallað er um í 2. gr., þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði þess og það framselur hann ekki neinu því aðildarríki sem hefur aflað sér lögsögu í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

5. Bókun þessi útilokar ekki refsilögsögu sem er beitt í samræmi við landslög.

a) attempts to commit any of the offences set forth in paragraph 1; or
b) abets the commission of any such offences perpetrated by any person or is otherwise an accomplice of a person who commits such an offence; or
c) threatens, with or without a condition, as is provided for under national law, aimed at compelling a physical or juridical person to do or refrain from doing any act, to commit any of the offences set forth in paragraph 1, subparagraphs (b) and (c), if that threat is likely to endanger the safety of the fixed platform.

ARTICLE 3

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 2 when the offence is committed:
   a) against or on board a fixed platform while it is located on the continental shelf of that State; or
   b) by a national of that State.
2. A State Party may also establish its jurisdiction over any such offence when:
   a) it is committed by a stateless person whose habitual residence is in that State;
   b) during its commission a national of that State is seized, threatened, injured or killed; or
   c) it is committed in an attempt to compel that State to do or abstain from doing any act.
3. Any State Party which has established jurisdiction mentioned in paragraph 2 shall notify the Secretary-General of the International Maritime Organisation (hereinafter referred to as "the Secretary-General"). If such State Party subsequently rescinds that jurisdiction, it shall notify the Secretary-General.
4. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 2 in cases where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite him to any of the States Parties which have established their jurisdiction in accordance with paragraphs 1 and 2 of this article.
5. This Protocol does not exclude any criminal jurisdiction exercised in accordance with national law.

4. gr.

Bókun þessi skal engin áhrif hafa á reglur þjóðaréttar sem varða botnföst mannvirki á landgrunninu.

5. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja, sem hafa undirritað samninginn, í Róm 10. mars 1988 og í höfuðstöðvum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (hér á eftir nefnd „stofnunin“) frá 14. mars 1988 til 9. mars 1989. Hún skal eftir það áfram opin til aðildar.

2. Ríki getur lýst sig samþykkt því að vera bundið af bókun þessari með:
   a) undirritun án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki;
   b) undirritun með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
   c) aðild.
3. Ganga skal frá fullgildingu staðfestingu, samþykki eða aðild með því að afhenda aðalframkvæmdastjóranum skjal þar að lútandi til vörslu.
4. Einungis ríki, sem hefur undirritað samninginn án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða hefur fullgilt, staðfest eða samþykkt samninginn eða gerst aðili að honum, er heimilt að gerast aðili að bókun þessari.

6. gr.

1. Bókun þessi öðlast gildi níutíu dögum eftir að þrjú ríki hafa annaðhvort undirritað hana án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða hafa afhent skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hennar eða aðild að henni til vörslu. Bókun þessi skal þó ekki öðlast gildi áður en samningurinn hefur öðlast gildi.

2. Að því er varðar ríki, sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki bókunarinnar eða aðild að henni til vörslu eftir að skilyrðum fyrir gildistöku hennar hefur verið fullnægt, skal fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild öðlast gildi níutíu dögum eftir að slík afhending fer fram.

7. gr.

1. Hvert aðildarríki getur sagt upp bókun þessari hvenær sem er eftir að eitt ár er liðið frá þeim

ARTICLE 4

Nothing in this Protocol shall affect in any way the rules of international law pertaining to fixed platforms located on the continental shelf.

ARTICLE 5

1. This Protocol shall be open for signature at Rome on 10 March 1988 and at the Headquarters of the International Maritime Organization (hereinafter referred to as "the Organization") from 14 March 1988 to 9 March 1989 by any State which has signed the Convention. It shall thereafter remain open for accession.
2. States may express their consent to be bound by this Protocol by:
   a) signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
   b) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or
   c) accession.
3. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.
4. Only a State which has signed the Convention without reservation as to ratification, acceptance or approval, or has ratified, accepted, approved or acceded to the Convention may become a Party to this Protocol.

ARTICLE 6

1. This Protocol shall enter into force ninety days following the date on which three States have either signed it without reservation as to ratification, acceptance or approval, or have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect thereof. However, this Protocol shall not enter into force before the Convention has entered into force.
2. For a State which deposits an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of this Protocol after the conditions for entry into force thereof have been met, the ratification, acceptance, approval or accession shall take effect ninety days after the date of such deposit.

ARTICLE 7

1. This Protocol may be denounced by any State Party at any time after the expiry of one

degi þegar bókun þessi öðlast gildi að því er varðar viðkomandi ríki.
2. Uppsögn skal framkvæmd með því að afhenda aðalframkvæmdastjóranum uppsagnarskjal til vörslu.
3. Uppsögn skal taka gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjórinn veitir uppsagnarskjalinu viðtöku, eða síðar eins og kann að vera tilgreint í uppsagnarskjalinu.

4. Líta ber á uppsögn samningsins af hálfu aðildarríkis sem uppsögn bókunar þessarar af hálfu þess aðila.

8. gr.

1. Stofnunin getur kallað saman þing í því skyni að endurskoða bókun þessa eða breyta henni.

2. Aðalframkvæmdastjórinn skal kalla saman þing aðildarríkja að bókun þessari í því skyni að endurskoða bókunina eða breyta henni ef þriðjungur aðildarríkja fer þess á leit, eða fimm aðildarríki, eftir því hvor talan er hærri.

3. Líta ber svo á að skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem er afhent til vörslu eftir að breyting á bókun þessari öðlast gildi, gildi um bókunina með áorðnum breytingum.

9. gr.

1. Bókun þessi skal vera í vörslu aðalframkvæmdastjórans.
2. Aðalframkvæmdastjórinn skal:
   a) tilkynna öllum ríkjum, sem hafa undirritað bókun þessa eða gerst aðilar að henni, og öllum aðilum að stofnuninni um:
      i) hverja nýja undirritun eða afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu ásamt viðeigandi dagsetningu;
      ii) gildistökudag bókunar þessarar;
      iii) afhendingu allra skjala um uppsögn bókunar þessarar til vörslu og hvenær slík skjöl eru móttekin og hvenær uppsögnin tekur gildi;
      iv) móttöku allra yfirlýsinga og tilkynninga samkvæmt bókun þessari eða samningnum sem varða bókun þessa;
   b) senda öllum ríkjum, sem hafa undirritað bókun þessa eða gerst aðilar að henni, staðfest rétt afrit af bókun þessari.

year from the date on which this Protocol enters into force for that State.
2. Denunciation shall be effected by the deposit of an instrument of denunciation with the Secretary-General.
3. A denunciation shall take effect one year, or such longer period as may be specified in the instrument of denunciation, after the receipt of the instrument of denunciation by the Secretary-General.
4. A denunciation of the Convention by a State Party shall be deemed to be a denunciation of this Protocol by that Party.

ARTICLE 8

1. A conference for the purpose of revising or amending this Protocol may be convened by the Organization.
2. The Secretary-General shall convene a conference of the States Parties to this Protocol for revising or amending the Protocol, at the request of one third of the States Parties, or five States Parties, which ever is the higher figure.
3. Any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited after the date of entry into force of an amendment to this Protocol shall be deemed to apply to the Protocol as amended.

ARTICLE 9

1. This Protocol shall be deposited with the Secretary-General.
2. The Secretary-General shall:
   a) inform all States which have signed this Protocol or acceded thereto, and all Members of the Organization, of:
      i) each new signature or deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession, together with the date thereof;
      ii) the date of entry into force of this Protocol;
      iii) the deposit of any instrument of denunciation of this Protocol together with the date on which it is received and the date on which the denunciation takes effect;
      iv) the receipt of any declaration or notification made under this Protocol or under the Convention, concerning this Protocol;
   b) transmit certified true copies of this Protocol to all States which have signed this Protocol or acceded thereto.

3. Jafnskjótt og bókun þessi öðlast gildi skal vörsluaðilinn senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna staðfest rétt afrit af henni til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

10. gr.

Bókun þessi er gerð í einu frumriti á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

GJÖRT Í RÓM hinn 10. mars 1988.

3. As soon as this Protocol enters into force, a certified true copy thereof shall be transmitted by the Depositary to the Secretary-General of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

ARTICLE 10

This Protocol is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorised by their respective Governments for that purpose, have signed this Protocol.

DONE AT ROME this tenth day of March one thousand nine hundred and eighty-eight.

Nr. 31 31. maí 2002

AUGLÝSING

um alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa.

Hinn 28. maí 2002 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna alþjóðasamþykktar um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vakstöður áhafna fiskiskipa sem gerð var í Lundúnum 7. júlí 1995. Alþingi hafði með ályktun 20. apríl 2002 heimilað að Ísland gerðist aðili að samþykktinni. Tilkynnt verður um gildistöku samþykktarinnar síðar.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. maí 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMÞYKKT um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa.

AÐILAR AÐ SAMÞYKKT ÞESSARI,

VEITA ATHYGLI alþjóðasamþykkt um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna frá 1978 (hér eftir nefnd „alþjóðasamþykktin frá 1978“),

INTERNATIONAL CONVENTION on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Fishing Vessel Personnel, 1995

THE PARTIES TO THIS CONVENTION,

NOTING the International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers, 1978 (hereinafter referred to as the "1978 STCW Convention"),

ÆSKJA þess að tryggja frekar öryggi mannslífa og eigna á sjó og verndun náttúrlegs umhverfis sjávar með því að samþykkja, með almennu samkomulagi, alþjóðlegar viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa,

TELJA að þessu markmiði verði best náð með gerð alþjóðasamþykktar um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður áhafna fiskiskipa, hér eftir nefnd „samþykktin“,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

1. gr.
Almennar skyldur.

1. Aðilar skuldbinda sig til þess að hrinda ákvæðum samþykktarinnar í framkvæmd og viðaukans við hana sem er óaðskiljanlegur hluti samþykktarinnar. Allar vísanir til samþykktarinnar eru jafnframt vísanir til viðaukans.
2. Aðilar skuldbinda sig til þess að birta öll lög, úrskurði, fyrirmæli og reglur og gera allar aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að samþykktin komi til framkvæmda í einu og öllu í því skyni að tryggja, með hliðsjón af öryggi mannslífa og eigna á sjó og verndun náttúrlegs umhverfis sjávar, að áhafnir fiskiskipa, sem sigla á opnu hafi, séu hæfar til að sinna skyldum sínum.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í samþykkt þessari gilda eftirfarandi skilgreiningar, nema annað sé tekið fram sérstaklega:

1. *Aðili* merkir ríki þar sem samþykktin hefur öðlast gildi.
2. *Stjórnvöld* merkir ríkisstjórn aðila sem heimilar að skip sigli undir fána hans.
3. *Skírteini* merkir gilt skjal, hvaða nafni sem það nefnist, gefið út eða viðurkennt í samræmi við ákvæði samþykktarinnar, sem heimilar þeim, sem það gildir fyrir, að vinna þau störf sem eru tilgreind í skjalinu eða eru heimiluð samkvæmt reglum viðkomandi lands.
4. *Skírteinishafi* merkir réttmætan handhafa skírteinis.
5. *Stofnunin* merkir Alþjóðasiglingamálastofnunina.
6. *Aðalframkvæmdastjóri* merkir aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar.

DESIRING to further promote safety of life and property at sea and the protection of the marine environment by establishing in common agreement international standards of training, certification and watchkeeping for personnel employed on board fishing vessels,

CONSIDERING that this end may be best achieved by the conclusion of an International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Fishing Vessel Personnel, hereinafter referred to as "the Convention",

HAVE AGREED as follows:

ARTICLE 1
General obligations

1. The Parties undertake to give effect to the provisions of the Convention and the Annex thereto, which shall constitute an integral part of the Convention. Every reference to the Convention constitutes at the same time a reference to the Annex hereto.
2. The Parties undertake to promulgate all laws, decrees, orders and regulations and to take all other steps which may be necessary to give the Convention full and complete effect, so as to ensure that, from the point of view of safety of life and property at sea and the protection of the marine environment, seagoing fishing vessel personnel are qualified and fit for their duties.

ARTICLE 2
Definitions

For the purpose of the Convention, unless expressly provided otherwise:

1. *"Party"* means a State for which the Convention has entered into force.
2. *"Administration"* means the Government of the Party whose flag the vessel is entitled to fly.
3. *"Certificate"* means a valid document, by whatever name it may be known, issued or recognized in accordance with the provisions of the Convention, authorizing the holder to serve as stated in this document or as authorized by national regulations.
4. *"Certificated"* means properly holding a certificate.
5. *"Organization"* means the International Maritime Organization.
6. *"Secretary-General"* means the Secretary-General of the Organization.

7. *Fiskiskip* eða *skip* merkir hvert það skip sem er notað í atvinnuskyni til fiskveiða eða til þess að veiða aðrar lifandi auðlindir hafsins.
8. *Fiskiskip sem siglir á opnu hafi* merkir fiskiskip annað en það sem siglir eingöngu á innri vatnaleiðum eða á svæðum innan eða í námunda við hafsvæði sem eru í skjóli lands eða á svæðum þar sem hafnarreglur gilda.

3. gr.
Gildissvið.

Samþykktin gildir um áhafnir fiskiskipa sem sigla á opnu hafi og heimild er fyrir að sigli undir fána aðila.

4. gr.
Miðlun upplýsinga.

Hver aðili skal senda aðalframkvæmdastjóranum eftirfarandi upplýsingar:

1. skýrslu um ráðstafanir sem hann hefur gert til þess að hrinda ákvæðum samþykktarinnar í framkvæmd í einu og öllu, þar með talið sýnishorn af skírteinum sem eru gefin út samkvæmt samþykktinni; og
2. aðrar upplýsingar sem kunna að vera tilgreindar eða kveðið er á um í reglu I/5.

5. gr.
Aðrir samningar og túlkun.

1. Allir fyrri samningar, samþykktir og samkomulag um menntun og þjálfun, réttindi og vaktstöður áhafna fiskiskipa, sem eru í gildi milli aðila, skulu gilda áfram í einu og öllu út umsaminn tíma að því er varðar:

    1. áhafnir fiskiskipa sem ákvæði samþykktar þessarar gilda ekki um; og
    2. áhafnir fiskiskipa, sem ákvæði samþykktar þessarar gilda um, að því er varðar málefni sem ekki er kveðið á um sérstaklega í samþykkt þessari.

2. Aðilar skulu, að því marki sem slíkir samningar, samþykktir eða samkomulag samræmist ekki ákvæðum samþykktarinnar, engu að síður endurskoða skuldbindingar sínar samkvæmt fyrrnefndum samningum, samþykktum og samkomulagi í því skyni að tryggja að ekki sé um ósamræmi að ræða milli fyrrnefndra skuldbindinga og kvaða sem eru lagðar á þá samkvæmt samþykktinni.
3. Öll atriði, sem ekki er sérstaklega kveðið á um í samþykkt þessari skulu áfram háð löggjöf aðila.

7. *"Fishing vessel"* or *"vessel"* means any vessel used commercially for catching fish or other living resources of the sea.
8. *"Seagoing fishing vessel"* means a fishing vessel other than those which navigate exclusively in inland waters or in waters within, or closely adjacent to, sheltered waters or areas where port regulations apply.

ARTICLE 3
Application

The Convention shall apply to personnel serving on board seagoing fishing vessels entitled to fly the flag of a Party.

ARTICLE 4
Communication of information

Each Party shall communicate to the Secretary-General the following information:

1. a report on the measures it has taken to give full and complete effect to the provisions of the Convention, including a specimen of certificates issued in compliance with the Convention; and
2. other information which may be specified or provided for in regulation I/5.

ARTICLE 5
Other treaties and interpretation

1. All prior treaties, conventions and arrangements relating to standards of training, certification and watchkeeping for fishing vessel personnel in force between the Parties, shall continue to have full and complete effect during the terms thereof as regards:
    1. fishing vessel personnel to whom this Convention does not apply; and
    2. fishing vessel personnel to whom this Convention applies, in respect of matters for which it has not expressly provided.

2. To the extent, however, that such treaties, conventions or arrangements conflict with the provisions of the Convention, the Parties shall review their commitments under such treaties, conventions and arrangements with a view to ensuring that there is no conflict between these commitments and their obligations under the Convention.

3. All matters which are not expressly provided for in the Convention remain subject to the legislation of Parties.

6. gr.
Réttindi.

Gefa skal út skírteini til áhafna fiskiskipa í samræmi við ákvæði viðaukans við samþykkt þessa.

7. gr.
Innlend ákvæði.

1. Hver aðili skal samþykkja aðferðir og málsmeðferð við óvilhalla rannsókn þegar tilkynnt er um vanhæfni, athöfn eða vanrækslu handhafa skírteina eða áritana, sem sá aðili gefur út, í tengslum við þau skyldustörf, sem kveðið er á um í skírteinum þeirra, sem kann, með beinum hætti, að ógna öryggi mannslífa eða eigna á sjó eða umhverfi sjávar og aðferðir og málsmeðferð við afturköllun, tímabundna sviptingu og ógildingu slíkra skírteina af fyrrgreindum ástæðum og til að koma í veg fyrir svik.
2. Hver aðili skal mæla fyrir um refsingar eða viðurlög vegna tilvika þegar ákvæðum innlendra laga hans til framkvæmdar samþykkt þessari er ekki fylgt með tilliti til skipa, sem heimild er fyrir að sigli undir fána hans, eða til áhafna fiskiskipa sem hafa skírteini gefin út með viðeigandi hætti af þeim aðila.
3. Einkum skal mæla fyrir um slíkar refsingar eða viðurlög og beita þeim í tilvikum þegar:
   1. eigandi, umboðsmaður eiganda eða skipstjóri hefur ráðið mann til starfa sem er ekki handhafi skírteinis eins og krafist er samkvæmt samþykkt þessari;
   2. skipstjóri hefur leyft að maður, sem er ekki handhafi tilskilins skírteinis eða undanþágu, gegni hlutverki eða skyldu, í hvaða stöðu sem er, sem reglur þessar krefjast að maður, sem er handhafi tilskilins skírteinis, gegni; eða
   3. maður hefur, með svikum eða fölsuðum skjölum, fengið starf þar sem hann gegnir hlutverki eða skyldu, í hvaða stöðu sem er, sem reglur þessar krefjast að maður, sem er handhafi skírteinis eða undanþágu, gegni eða uppfylli.
4. Aðili, sem hefur lögsögu þar sem eigandi, umboðsmaður eiganda eða hver sá maður, sem full ástæða er til að ætla að sé ábyrgur fyrir eða sé kunnugt um allt það sem er augljóslega í ósamræmi við samþykktina og er tilgreint í 3. mgr., hefur höfuðstöðvar sínar, skal bjóðast til þess að eiga alla þá samvinnu,

ARTICLE 6
Certification

Fishing vessel personnel shall be certificated in accordance with the provisions of the Annex to this Convention.

ARTICLE 7
National provisions

1. Each Party shall establish processes and procedures for the impartial investigation of any reported incompetency, act or omission, that may pose a direct threat to safety of life or property at sea or to the marine environment, by the holders of certificates or endorsements issued by that Party in connection with their performance of duties related to their certificates and for the withdrawal, suspension and cancellation of such certificates for such cause and for the prevention of fraud.
2. Each Party shall prescribe penalties or disciplinary measures for cases in which the provisions of its national legislation giving effect to this Convention are not complied with in respect of vessels entitled to fly its flag or of fishing vessel personnel duly certificated by that Party.
3. In particular, such penalties or disciplinary measures shall be prescribed and enforced in cases in which:
   1. an owner, owner's agent or skipper has engaged a person not holding a certificate as required by this Convention;
   2. a skipper has allowed any function or service in any capacity required by these regulations to be performed by a person holding an appropriate certificate to be performed by a person not holding an appropriate certificate or dispensation; or
   3. a person has obtained by fraud or forged documents an engagement to perform any function or serve in any capacity required by these regulations to be performed or filled by a person holding a certificate or dispensation.
4. A Party within whose jurisdiction there is based an owner or owner's agent or any person who is believed on clear grounds to have been responsible for, or to have knowledge of, any apparent non-compliance with the Convention specified in paragraph 3, shall extend all co-operation possible to any Party

sem hugsast getur, við hvern þann aðila sem tilkynnir honum um þau áform sín að hefja málsmeðferð innan lögsögu sinnar.

8. gr.
Eftirlit.

1. Þegar fiskiskip eru í höfn annars aðila eru þau háð eftirliti starfsmanna sem sá aðili hefur veitt fullt umboð til að sannreyna hvort allir, sem starfa um borð og skulu vera skírteinishafar samkvæmt samþykkt þessari, séu það eða hafi viðeigandi undanþágu.
2. Þegar ágalli, sem um getur í 3. mgr. reglu I/4, að því marki sem hann stofnar mönnum, eignum eða umhverfi í hættu, er ekki lagfærður, skal aðilinn, sem framkvæmir eftirlitið, gera ráðstafanir til þess að tryggja að viðkomandi skip sigli ekki, nema og fyrr en þessum kröfum er fullnægt að því marki að fyrrnefndri hættu sé afstýrt. Tilkynna ber aðalframkvæmdastjóranum og stjórnvöldum um þau málsatvik sem leiddu til þeirra aðgerða sem var gripið til.
3. Við framkvæmd eftirlits skal:
   1. forðast í lengstu lög að halda skipi eða tefja það með óréttmætum hætti. Fyrir að halda skipi eða tefja það með óréttmætum hætti skulu koma bætur ef tap verður eða tjón hlýst af; og

   2. nærgætni, sem áhöfnum erlendra fiskiskipa er sýnd, ekki vera minni en sýnd er áhöfnum skipa sem sigla undir fána hafnarríkisins.

4. Beita ber ákvæðum þessarar greinar eins og nauðsyn krefur til þess að tryggja að skip, sem heimild er fyrir að sigli undir fána ríkis, sem er ekki aðili að samþykkt þessari, hljóti ekki hagstæðari meðferð en skip sem siglir undir fána aðila.

9. gr.
Efling samvinnu tæknilegs eðlis.

1. Aðilar að samþykkt þessari skulu, að höfðu samráði við og með aðstoð stofnunarinnar, hvetja til stuðnings við þau ríki sem óska eftir tæknilegri aðstoð við:
   1. að mennta og þjálfa starfsmenn sem sinna stjórnunar- og tæknistörfum;
   2. að setja á stofn mennta- og þjálfunarstofnanir fyrir áhafnir fiskiskipa;
   3. að útvega tæki og aðstöðu fyrir mennta- og þjálfunarstofnanir;
   4. að semja viðhlítandi námsskrár sem ná

which advises it of its intention to initiate proceedings under its jurisdiction.

ARTICLE 8
Control

1. Fishing vessels, while in the port of another Party, are subject to control by officers duly authorized by that Party to verify that all persons serving on board who are required to be certificated by this Convention are so certificated or hold an appropriate dispensation.
2. In the event of failure to correct any deficiency referred to in paragraph 3 of regulation I/4 in so far as it poses a danger to persons, property or the environment, the Party carrying out the control shall take steps to ensure that the vessel will not sail unless and until these requirements are met to the extent that the danger has been removed. The facts concerning the action taken shall be reported promptly to the Secretary-General and to the Administration.
3. When exercising control:
   1. all possible efforts shall be made to avoid a vessel being unduly detained or delayed. If a vessel is unduly detained or delayed, it shall be entitled to compensation for any loss or damage resulting therefrom; and
   2. the discretion allowed in the case of the personnel of foreign fishing vessels shall not be less than that afforded to the personnel of vessels flying the flag of the port State.
4. This article shall be applied as may be necessary to ensure that no more favourable treatment is given to a vessel entitled to fly the flag of a non-Party than is given to a vessel entitled to fly the flag of a Party.

ARTICLE 9
Promotion of technical co-operation

1. Parties to the Convention shall promote, in consultation with and with the assistance of the Organization, support for those States which request technical assistance for the:
   1. training of administrative and technical personnel;
   2. establishment of institutions for training of fishing vessel personnel;
   3. supply of equipment and facilities for training institutions;
   4. development of adequate training pro-

m.a. yfir verklega þjálfun á fiskiskipum sem sigla á opnu hafi; og

5. að auðvelda aðrar ráðstafanir og fyrirkomulag í því skyni að auka hæfni áhafna fiskiskipa, helst á innlendum eða svæðisbundnum vettvangi eða vettvangi innan svæða, í því augnamiði að nálgast markmið og tilgang samþykktarinnar, að teknu tilliti til sérþarfa þróunarlandanna í þessu efni.

2. Fyrir sitt leyti skal stofnunin leitast við að ná framangreindum markmiðum, eftir því sem við á, í samráði eða samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir, einkum Alþjóðavinnumálastofnunina og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna.

grammes, including practical training on seagoing fishing vessels; and

5. facilitation of other measures and arrangements to enhance the qualifications of fishing vessel personnel, preferably on a national, sub-regional or regional basis, to further the aims and purposes of the Convention, taking into account the special needs of developing countries in this regard.

2. On its part, the Organization shall pursue the aforesaid efforts, as appropriate, in consultation or association with other international organizations, particularly the International Labour Organization and the Food and Agriculture Organization of the United Nations.

10. gr.
Breytingar.

1. Heimilt er að gera breytingar á samþykktinni samkvæmt annarri þeirra aðferða sem eru tilgreindar í þessari grein.

2. Breytingar eftir umfjöllun innan stofnunarinnar:

1. Senda ber aðalframkvæmdastjóranum allar breytingatillögur aðila sem dreifir þeim til allra aðila að stofnuninni, allra aðila og aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna eigi síðar en sex mánuðum áður en þær eru teknar til umfjöllunar.

2. Öllum breytingartillögum, sem eru lagðar fram og dreift sem að ofan greinir, skal beint til siglingaöryggisnefndar stofnunarinnar til umfjöllunar.

3. Aðilar, hvort sem þeir eru aðilar að stofnuninni eða ekki, skulu hafa rétt til þess að taka þátt í störfum siglingaöryggisnefndarinnar við umfjöllun og samþykkt breytingartillagna.

4. Breytingartillögur skal samþykkja með tveimur þriðju hlutum atkvæða aðila, sem eru viðstaddir og atkvæði greiða í siglingaöryggisnefndinni, stækkaðri eins og kveðið er á um í málsgrein 2.3 (hér eftir nefnd „stækkuð siglingaöryggisnefnd"), að því tilskildu að að minnsta kosti þriðjungur aðila sé viðstaddur þegar atkvæði eru greidd.

5. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda öllum aðilum breytingar sem eru samþykktar samkvæmt málsgrein 2.4.

ARTICLE 10
Amendments

1. The Convention may be amended by either of the procedures specified in this article.

2. Amendments after consideration within the Organization:

1. Any amendment proposed by a Party shall be submitted to the Secretary-General, who shall then circulate it to all Members of the Organization, to all the Parties and to the Director-General of the International Labour Office and of the Food and Agriculture Organization of the United Nations respectively, at least six months prior to its consideration.

2. Any amendment proposed and circulated as above shall be referred to the Maritime Safety Committee of the Organization for consideration.

3. Parties whether or not Members of the Organization shall be entitled to participate in the proceedings of the Maritime Safety Committee for the consideration and adoption of amendments.

4. Amendments shall be adopted by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the Maritime Safety Committee, expanded as provided for in paragraph 2.3. (hereinafter referred to as "the expanded Maritime Safety Committee"), on condition that at least one-third of the Parties shall be present at the time of voting.

5. Amendments adopted in accordance with paragraph 2.4. shall be communicated by the Secretary-General to all the Parties.

6. Líta ber svo á að breyting hafi verið staðfest þann dag þegar tveir þriðju aðilanna hafa staðfest hana.

7. Líta ber svo á að breyting á viðaukanum eða á viðbætinum við hann hafi verið staðfest:
   7.1. þegar liðin eru tvö ár frá þeim degi er hún var samþykkt; eða
   7.2. við lok annars tímabils, sem skal ekki vera styttra en eitt ár, ef ákvörðun þess efnis er tekin þegar hún er samþykkt af tveimur þriðju hlutum aðila sem eru viðstaddir og atkvæði greiða í stækkaðri siglingaöryggisnefnd.
   Líta ber svo á að breytingin hafi ekki hlotið staðfestingu ef meira en þriðjungur aðilanna tilkynnir aðalframkvæmdastjóranum, innan tilgreinds frests, að þeir séu henni mótfallnir.

8. Breyting á grein skal öðlast gildi gagnvart þeim aðilum, sem hafa staðfest hana, sex mánuðum eftir þann dag sem hún er talin hafa hlotið staðfestingu og gagnvart hverjum aðila, sem staðfestir hana eftir þann dag, sex mánuðum eftir þann dag er sá aðili staðfestir hana.

9. Breyting á viðaukanum og á viðbætinum við viðaukann skal öðlast gildi gagnvart öllum aðilum, öðrum en þeim sem hafa andmælt breytingunni samkvæmt málsgrein 2.7 og hafa ekki dregið andmæli sín til baka, sex mánuðum eftir þann dag sem hún er talin hafa hlotið staðfestingu. Engu að síður getur hver aðili tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum, fyrir ákveðinn gildistökudag, að hann undanskilji sig því að láta breytinguna koma til framkvæmda, þó ekki lengur en eitt ár frá því að hún öðlast gildi, nema lengri frestur sé ákveðinn af tveimur þriðju hlutum aðila sem eru viðstaddir og atkvæði greiða í stækkaðri siglingaöryggisnefnd þegar breytingartillagan er samþykkt.

3. Breyting gerð á ráðstefnu:
   1. Að ósk aðila sem nýtur stuðnings að minnsta kosti þriðjungs aðila skal stofnunin, í samvinnu eða samráði við aðalframkvæmdastjóra Alþjóðavinnumála-

6. An amendment to an article shall be deemed to have been accepted on the date on which it is accepted by two-thirds of the Parties.

7. An amendment to the Annex or to an appendix to the Annex shall be deemed to have been accepted:
   7.1. at the end of two years from the date of adoption; or
   7.2. at the end of a different period, which shall not be less than one year, if so determined at the time of its adoption by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the expanded Maritime Safety Committee.
   If, within the specified period, more than one-third of the Parties notify the Secretary-General that they object to the amendment, it shall be deemed not to have been accepted.

8. An amendment to an article shall enter into force, with respect to those Parties which have accepted it, six months after the date on which it is deemed to have been accepted, and with respect to each Party which accepts it after that date, six months after the date of that Party's acceptance.

9. An amendment to the Annex and to an appendix to the Annex shall enter into force with respect to all Parties, except those which have objected to the amendment under paragraph 2.7. and which have not withdrawn such objections, six months after the date on which it is deemed to have been accepted. However, before the date set for entry into force any Party may give notice to the Secretary-General that it exempts itself from giving effect to that amendment for a period not longer than one year from the date of its entry into force, or for such longer period as may be determined by a two-thirds majority of the Parties present and voting in the expanded Maritime Safety Committee at the time of the adoption of the amendment.

3. Amendment by a Conference:
   1. Upon the request of a Party concurred with by at least one-third of the Parties, the Organization shall convene, in association or consultation with the Director-

skrifstofunnar og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, hvorn um sig, boða til ráðstefnu aðila til þess að fjalla um breytingar á samþykkt þessari.

2. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda öllum aðilum hverja þá breytingu til staðfestingar sem er samþykkt á fyrrnefndri ráðstefnu af tveimur þriðju hlutum aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.
3. Ákveði ráðstefnan ekki annað telst breyting hafa hlotið staðfestingu og skal öðlast gildi í samræmi við málsmeðferðina, sem er tilgreind í málsgreinum 2.6 og 2.8 eða 2.7 og 2.9, eftir því sem við á, þó með því skilyrði að litið sé svo á að vísanir í fyrrnefndum málsgreinum til stækkaðrar siglingaöryggisnefndar séu vísanir til ráðstefnunnar.

4. Hverja yfirlýsingu um staðfestingu á, eða andmæli gegn, breytingu eða tilkynningu samkvæmt málsgrein 2.9 skal senda aðalframkvæmdastjóranum skriflega sem skal tilkynna öllum aðilum um hverja slíka sendingu og þann dag sem henni var veitt viðtaka.
5. Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum aðilum um allar breytingar sem öðlast gildi og hvaða dag hver slík breyting öðlast gildi.

General of the International Labour Office and of the Food and Agriculture Organization of the United Nations respectively, a Conference of the Parties to consider amendments to the present Convention.
2. Every amendment adopted by such a Conference by a two-thirds majority of the Parties present and voting shall be communicated by the Secretary-General to all the Parties for acceptance.
3. Unless the Conference decides otherwise, the amendment shall be deemed to have been accepted and shall enter into force in accordance with the procedures specified in paragraphs 2.6. and 2.8. or 2.7. and 2.9. respectively, provided that references in those paragraphs to the expanded Maritime Safety Committee shall be taken to mean references to the Conference.
4. Any declaration of acceptance of, or objection to, an amendment or any notice given under paragraph 2.9. shall be submitted in writing to the Secretary-General, who shall inform all Parties of any such submission and the date of its receipt.
5. The Secretary-General shall inform all the Parties of any amendments which enter into force, together with the date on which each such amendment enters into force.

11. gr.
Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki og aðild.

1. Samþykktin skal liggja frammi til undirritunar í höfuðstöðvum stofnunarinnar frá 1. janúar 1996 til 30. september 1996 og skal eftir það vera opin til aðildar. Ríki geta gerst aðilar að samþykktinni með því að:
   1. undirrita hana án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
   2. undirrita hana með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ásamt eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki; eða
   3. gerast aðili að henni.
2. Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild skal öðlast gildi þegar skjölum þar að lútandi er komið í vörslu aðalframkvæmdastjórans.

ARTICLE 11
Signature, ratification, acceptance, approval and accession

1. The Convention shall remain open for signature at the Headquarters of the Organization from 1 January 1996 until 30 September 1996 and shall thereafter remain open for accession. States may become Parties to the Convention by:
   1. signature without reservation as to ratification, acceptance or approval; or
   2. signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval; or
   3. accession.
2. Ratification, acceptance, approval or accession shall be effected by the deposit of an instrument to that effect with the Secretary-General.

12. gr.
Gildistaka.

1. Samþykktin öðlast gildi 12 mánuðum eftir að að minnsta kosti 15 ríki hafa annaðhvort undirritað hana án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki eða hafa afhent tilskilin skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hennar eða aðild að henni til vörslu í samræmi við 11. gr.
2. Gagnvart ríkjum, sem hafa afhent skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu með tilliti til samþykktarinnar eftir að kröfum um gildistöku hennar hefur verið fullnægt en áður en hún öðlast gildi, skal fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild öðlast gildi sama dag og samþykktin öðlast gildi, eða þremur mánuðum eftir að skjalið er afhent til vörslu, eftir því hvor dagsetningin kemur síðar.
3. Gagnvart ríkjum, sem hafa afhent skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu eftir að samþykktin hefur öðlast gildi, skal samningurinn öðlast gildi þremur mánuðum eftir að skjalið er afhent til vörslu.
4. Eftir daginn, sem litið er svo á að breyting á samþykktinni hafi verið staðfest samkvæmt 10. gr., skal hvert skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem er afhent til vörslu, gilda um samþykktina með áorðnum breytingum.

ARTICLE 12
Entry into force

1. The Convention shall enter into force 12 months after the date on which not less than 15 States have either signed it without reservation as to ratification, acceptance, or approval, or have deposited the requisite instruments of ratification, acceptance, approval or accession in accordance with article 11.
2. For States which have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession in respect of the Convention after the requirements for entry into force thereof have been met but prior to the date of entry into force, the ratification, acceptance, approval or accession shall take effect on the date of entry into force of the Convention or three months after the date of deposit of the instrument, whichever is the later date.
3. For States which have deposited an instrument of ratification, acceptance, approval or accession after the date on which the Convention entered into force, the Convention shall become effective three months after the date of deposit of the instrument.
4. After the date on which an amendment to the Convention is deemed to have been accepted under article 10, any instrument of ratification, acceptance, approval or accession deposited shall apply to the Convention as amended.

13. gr.
Uppsögn.

1. Hverjum aðila er heimilt að segja samþykktinni upp hvenær sem er að fimm árum liðnum frá þeim degi þegar samþykktin öðlast gildi gagnvart viðkomandi aðila.
2. Uppsögn kemur til framkvæmda með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans.
3. Uppsögn skal öðlast gildi 12 mánuðum eftir að aðalframkvæmdastjórinn veitir uppsögn viðtöku eða síðar eins og kann að vera tilgreint í tilkynningunni.

ARTICLE 13
Denunciation

1. The Convention may be denounced by any Party at any time after the expiry of five years from the date on which the Convention enters into force for that Party.
2. Denunciation shall be effected by notification in writing to the Secretary-General.
3. A denunciation shall take effect 12 months after receipt of the denunciation by the Secretary-General or after the expiry of any longer period which may be indicated in the notification.

14. gr.
Vörsluaðili.

1. Afhenda skal samþykktina aðalframkvæmdastjóra stofnunarinnar til vörslu (hér eftir nefndur „vörsluaðili“).
2. Vörsluaðili skal:
   1. tilkynna ríkisstjórnum allra ríkja, sem

ARTICLE 14
Depositary

1. The Convention shall be deposited with the Secretary-General of the Organization (hereinafter referred to as “the depositary”).
2. The depositary shall:
   1. inform the Governments of all States

hafa undirritað samþykktina eða gerst aðilar að henni, um:

1.1. hverja nýja undirskrift eða afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu og viðeigandi dagsetningu;

1.2. daginn þegar samþykktin öðlast gildi;

1.3. afhendingu hvers skjals um uppsögn samþykktarinnar til vörslu og hvenær því var veitt móttaka og hvenær uppsögnin öðlast gildi; og

2. senda ríkisstjórnum allra ríkja, sem hafa undirritað samþykkt þessa eða gerst aðilar að henni, staðfest rétt afrit af samþykktinni.

3. Strax og samþykktin öðlast gildi skal vörsluaðili senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna staðfest rétt afrit af henni til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

which have signed the Convention or acceded thereto of:

1.1. each new signature or deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession, together with the date thereof;

1.2. the date of entry into force of the Convention;

1.3. the deposit of any instrument of denunciation of the Convention, together with the date on which it was received and the date on which the denunciation takes effect; and

2. transmit certified true copies of the Convention to the Governments of all States which have signed the present Convention or acceded thereto.

3. As soon as the Convention enters into force a certified true copy thereof shall be transmitted by the depositary to the Secretary-General of the United Nations, for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

15. gr.
Tungumál.

Samþykktin er gerð í einu frumriti í jafngildum textum á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samþykktina.

GJÖRT Í LUNDÚNUM hinn 7. júlí 1995.

ARTICLE 15
Languages

The Convention is established in a single original in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each text being equally authentic.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized by their respective Governments for that purpose, have signed the Convention.

DONE AT LONDON, this seventh day of July, one thousand nine hundred and ninety five.

VIÐAUKI

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. regla.
Skilgreiningar.

Í þessum viðauka gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. *Reglur* merkir reglur sem viðaukinn við samþykktina hefur að geyma.
2. *Samþykktur* merkir samþykktur af aðila í samræmi við reglurnar.
3. *Skipstjóri* merkir þann sem fer með æðsta vald á fiskiskipi.

ANNEX

CHAPTER I
General Provisions

Regulation 1
Definitions

For the purpose of this Annex the following definitions apply.

1. *"Regulations"* means regulations contained in the Annex to the Convention.
2. *"Approved"* means approved by the Party in accordance with the regulations.
3. *"Skipper"* means the person having command of a fishing vessel.

4. *Yfirmaður* merkir skipverja, annan en skipstjórann, sem er tilgreindur sem slíkur samkvæmt landslögum eða innlendum reglum eða, ef ekki er um slíka tilgreiningu að ræða, samkvæmt almennu samkomulagi eða venju.
5. *Yfirmaður siglingavaktar* merkir yfirmann sem uppfyllir kröfur samkvæmt reglu II/2 eða II/4 í samþykkt þessari.
6. *Vélstjóri* merkir yfirmann sem uppfyllir kröfur samkvæmt reglu II/5 í samþykkt þessari.
7. *Yfirvélstjóri* merkir æðsta vélstjóra sem ber ábyrgð á vélum, sem knýja skipið, og rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar skipsins.
8. *Annar vélstjóri* merkir þann vélstjóra sem er næst settur yfirvélstjóra og ber, í forföllum yfirvélstjóra, ábyrgð á vélum sem knýja skipið og rekstri og viðhaldi vél- og rafbúnaðar skipsins.
9. *Fjarskiptamaður* merkir þann sem hefur tilskilið skírteini sem stjórnvöld gefa út eða viðurkenna samkvæmt ákvæðum alþjóðafjarskiptareglnanna.
10. *Alþjóðafjarskiptareglurnar* merkir alþjóðafjarskiptareglurnar sem eru viðauki við, eða taldar viðauki við, nýjasta alþjóðafjarskiptasamninginn sem er í gildi á hverjum tíma.
11. *Alþjóðasamþykktin frá 1978* merkir alþjóðasamþykktina um viðmiðanir fyrir menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978 með áorðnum breytingum.
12. *Torremólínos-bókunin frá 1993* merkir Torremólínos-bókunina frá 1993 sem tengist Torremólínos-alþjóðasamningnum um öryggi fiskiskipa frá 1977.
13. *Vélarafl* merkir heildarhámark samfellds útafls allra aðalvéla skipsins mælt í kílóvöttum sem kemur fram í skráningarskírteini skipsins eða öðrum opinberum skjölum.
14. *Takmarkað hafsvæði* merkir hafsvæði í nágrenni landsvæðis aðila, eins og stjórnvöld hans skilgreina það, þar sem talið er að visst öryggi sé til staðar sem gerir kleift að gera minni kröfur um hæfni og réttindi skipstjóra og yfirmanna á fiskiskipum en þegar um er að ræða störf sem eru unnin utan skilgreindra marka. Þegar ákveða á takmörk fyrrnefnds

4. *"Officer"* means a member of the crew, other than the skipper, designated as such by national law or regulations or, in the absence of such designation, by collective agreement or custom.
5. *"Officer in charge of a navigational watch"* means an officer qualified in accordance with regulation II/2 or II/4 of this Convention.
6. *"Engineer officer"* means an officer qualified in accordance with regulation II/5 of this Convention.
7. *"Chief engineer officer"* means the senior engineer officer responsible for the mechanical propulsion and operation and maintenance of mechanical and electrical installations of the vessel.
8. *"Second engineer officer"* means the engineer officer next in rank to the chief engineer officer and upon whom the responsibility for the mechanical propulsion and the operation and maintenance of the mechanical and electrical installations of the vessel will fall in the event of the incapacity of the chief engineer officer.
9. *"Radio operator"* means a person holding an appropriate certificate issued or recognized by an Administration under the provisions of the Radio Regulations.
10. *"Radio Regulations"* means the Radio Regulations annexed to, or regarded as being annexed to, the most recent International Telecommunication Convention which may be in force at any time.
11. *"1978 STCW Convention"* means the International Convention on Standards of Training, Certification and Watchkeeping for Seafarers, 1978, as amended.
12. *"1993 Torremolinos Protocol"* means the Torremolinos Protocol of 1993 relating to the Torremolinos International Convention for the Safety of Fishing Vessels, 1977.
13. *"Propulsion power"* means the total maximum continuous rated output power in kilowatts of all the vessel's main propulsion machinery which appears on the vessel's certificate of registry or other official document.
14. *"Limited waters"* means those waters in the vicinity of a Party as defined by its Administration within which a degree of safety is considered to exist which enables the standards of qualification and certification for skippers and officers of fishing vessels to be set at a lower level than for service outside the defined limits. In determin-

hafsvæðis skulu stjórnvöld hafa til hliðsjónar viðmiðunarreglur sem stofnunin semur.

15. *Ótakmarkað hafsvæði* merkir hafsvæði utan takmarkaðs hafsvæðis.
16. *Lengd (L)* merkir 96% af mestu lengd í vatnslínu við 85% af minnstu mótuðu dýpt, mældri frá kjöllínu (spónfarslínu), eða lengdin frá fremri brún á stefni í miðju stýrisáss, í sömu vatnslínu, ef sú lengd er meiri. Í skipum, sem eru hönnuð með kjölhalla, skal vatnslínan, sem lengdin er mæld á, vera samsíða hönnunarvatnslínu.

17. *Mótaða dýptin* merkir lóðréttu fjarlægðina sem er mæld frá kjöllínunni (spónfarslínunni) að efri brún á þilfarsbita aðalþilfarsins út við síðu.

2. regla.
Gildissvið.

Stjórnvöld aðila geta ákveðið, telji þau vanhugsað eða óraunhæft að uppfylla allar kröfur reglna II/3, II/4 og II/5 og kröfur um að áhafnir fiskiskipa, sem eru undir 45 metrum á lengd, einungis gerð út frá heimahöfn aðilans og eru á veiðum innan takmarkaðs hafsvæðis hans, noti ensku, hverjar þessara reglna skuli ekki gilda um áhafnir slíkra skipa, að hluta til eða að öllu leyti, án þess að vikið sé frá meginreglum samþykktarinnar um öryggi. Í slíku tilviki skulu viðkomandi stjórnvöld tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um einstaka þætti þeirra ráðstafana sem þau hafa gert með tilliti til menntunar og þjálfunar og réttinda áhafna slíkra skipa.

3. regla.
Skírteini og áritanir.

1. Skírteini fyrir áhafnir fiskiskipa skal því aðeins gefa út að kröfum um siglingatíma, aldur, heilbrigði, menntun, þjálfun, hæfni og próf sé fullnægt í samræmi við þessar reglur.

2. Skírteini, sem aðili gefur út í samræmi við 1. mgr., skal áritað af þeim aðila sem vottar útgáfu skírteinisins í þeirri mynd sem er mælt fyrir um í 1. eða 2. viðbæti.

3. Skírteini og áritanir skulu gefin út á opinberu tungumáli eða tungumálum þess lands sem gefur þau út. Ef tungumálið, sem er notað, er annað en enska skal textinn innifela þýðingu yfir á það tungumál.

ing the extent of limited waters the Administration shall take into consideration the guidelines developed by the Organization.

Mandatory minimum requirements for certification of chief engineer officers and second engineer officers of fishing vessels powered by main propulsion machinery of 750 kW propulsion power or more

1. Every chief engineer officer and second engineer officer serving on a seagoing fishing vessel powered by main propulsion machinery of 750 kW propulsion power or more shall hold an appropriate certificate.
2. Every candidate for certification shall:
    1. be not less than 18 years of age;
    2. satisfy the Party as to medical fitness, including eyesight and hearing;
    3. for certification as second engineer officer, have not less than 12 months approved seagoing service in the engine-room; however, this period may be reduced to not less than 6 months if the Party requires special training which it considers to be equivalent to the approved seagoing service it replaces;
    4. for certification as chief engineer officer, have not less than 24 months approved seagoing service, of which not less than 12 months shall be served while qualified to serve as second engineer officer;

5. hafa sótt viðurkennt námskeið í slökkvistörfum; og
6. hafa staðist viðeigandi hæfnispróf með fullnægjandi hætti að mati viðkomandi aðila. Meðal prófatriða í slíkum prófum skal vera það efni sem er sett fram í viðbætinum við þessa reglu, að því undanskildu að aðili getur breytt prófkröfum og kröfum um viðurkenndan siglingatíma yfirmanna á fiskiskipum sem athafna sig á takmörkuðu hafsvæði, en þó skal ávallt taka tillit til vélarafls og áhrifa á öryggi allra fiskiskipa sem kunna að vera á veiðum á sama svæði.

3. Menntun og þjálfun til þess að öðlast nauðsynlega fræðilega þekkingu og verklega reynslu skal vera með hliðsjón af viðeigandi alþjóðareglum og tilmælum.
4. Kröfur um kunnáttu samkvæmt hinum ýmsu málsgreinum viðbætisins geta verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða skírteini fyrir yfirvélstjóra eða annan vélstjóra.

Viðbætir við 5. reglu.
Lágmarksþekking sem krafist er til að öðlast réttindi yfirvélstjóra og annars vélstjóra á fiskiskipum með 750 kW aðalvél eða stærri.

1. Yfirlitið hér að aftan er tekið saman vegna prófunar umsækjenda um réttindi yfirvélstjóra eða annars vélstjóra á fiskiskipum með 750 kw aðalvél eða stærri. Með það í huga að annar vélstjóri kann að þurfa að axla ábyrgð yfirvélstjóra hvenær sem er skal prófum í þessum greinum ætlað að meta hvort umsækjandinn hafi aflað sér á réttan hátt allrar tiltækrar vitneskju sem hefur áhrif á öruggan rekstur vélbúnaðar fiskiskipsins.

2. Að því er varðar málsgreinar 3.4 og 4.1 hér að aftan getur viðkomandi aðili fellt niður kröfur um þekkingu á öðrum gerðum vélbúnaðar en þeirri sem skírteinið, sem gefa á út, gildir um. Skírteini, sem gefið er út á grundvelli þessa, skal ekki gilda um neinn flokk vélbúnaðar, sem hefur verið sleppt, fyrr en vélstjórinn hefur sýnt fram á kunnáttu sína í viðkomandi greinum að dómi aðilans. Allar slíkar takmarkanir skal skrá í skírteinið.

5. have participated in an approved practical fire-fighting course; and
6. have passed an appropriate examination for the assessment of competency to the satisfaction of the Party. Such examination shall include the material set out in the appendix to this regulation, except that the Party may vary the requirements for examination and seagoing service for officers of fishing vessels engaged in voyages in limited waters bearing in mind the power of the propulsion machinery and the effect on the safety of all fishing vessels which may be operating in the same waters.

3. Training to achieve the necessary theoretical knowledge and practical experience shall take into account relevant international regulations and recommendations.
4. The level of knowledge required under the different paragraphs of the appendix may be varied according to whether the certificate is being issued at chief engineer officer or second engineer officer level.

Appendix to Regulation 5
Minimum knowledge required for certification of chief engineer officers and second engineer officers of fishing vessels powered by main propulsion machinery of 750 kW propulsion power or more

1. The syllabus given below is compiled for examination of candidates for certification as chief engineer officer or second engineer officer of fishing vessels powered by main propulsion machinery of 750 kW propulsion power or more. Bearing in mind that a second engineer officer will be in a position to assume the responsibilities of the chief engineer officer at any time, examination in these subjects shall be designed to test that the candidate has assimilated properly all available information that affects the safe operation of the fishing vessel's machinery.

2. With respect to paragraphs 3.4. and 4.1. below, the Party may omit knowledge requirements for types of propulsion machinery other than machinery installations for which the certificate to be awarded is to be valid. A certificate awarded on such a basis shall not be valid for any category of machinery installation which has been omitted until the engineer officer proves to be competent in these items to the satisfaction of the Party. Any such limitation shall be stated in the certificate.

3. Allir umsækjendur skulu hafa næga fræðilega undirstöðuþekkingu til að skilja þau meginlögmál sem gilda í þeim greinum sem hér fara á eftir:
   1. brunaferli;
   2. varmaflutningur;
   3. vélfræði og vökvavélafræði;
   4. eftir því sem við á:
      4.1. dísilvélar í skip;
      4.2. gufuvélar í skip;
      4.3. gashverflar í skip;
   5. stýrisbúnaður;
   6. eiginleikar eldsneytis og smurefna;
   7. eiginleikar efna;
   8. eldslökkviefni;
   9. rafbúnaður skipa;
   10. sjálfvirkni, tækjabúnaður og stjórnkerfi;
   11. smíði fiskiskipa, meðal annars stöðugleiki og aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón;
   12. hjálparkerfi; og
   13. kælikerfi.
4. Allir umsækjendur skulu hafa nægilega verklega þekkingu í að minnsta kosti eftirtöldum greinum:
   1. rekstri og viðhaldi á, eftir því sem við á:
      1.1. skipadísilvélum;
      1.2. skipagufuvélum;
      1.3. skipagashverflum;
   2. rekstri og viðhaldi hjálparvéla, þar með talið stýrisbúnaðar;
   3. rekstri, prófun og viðhaldi raf- og stjórntækja;
   4. viðhaldi veiðibúnaðar og vélbúnaðar á þilfari;
   5. greiningu bilana, staðsetningu bilana og úrræðum til að koma í veg fyrir skemmdir;
   6. skipulagningu öruggra aðferða við viðhald og viðgerðir;
   7. aðferðum til að koma í veg fyrir eldsvoða og finna þá, slökkva eld og notkun viðeigandi hjálpartækja;
   8. reglugerðum sem framfylgja ber varðandi mengun sjávar og aðferðum og ráðum til að koma í veg fyrir slíka mengun;
   9. skyndihjálp vegna meiðsla sem búast má við í vélarúmum og notkun viðeigandi tækja;

3. Every candidate shall possess sufficient elementary theoretical knowledge to understand the basic principles involved in the following subjects:
   1. combustion processes;
   2. heat transmission;
   3. mechanics and hydromechanics;
   4. as appropriate:
      4.1. marine diesel engines;
      4.2. marine steam propulsion plant;
      4.3. marine gas turbines;
   5. steering gear systems;
   6. properties of fuels and lubricants;
   7. properties of materials;
   8. fire-extinguishing agents;
   9. marine electrical equipment;
   10. automation, instrumentation and control systems;
   11. fishing vessel construction, including stability and damage control;
   12. auxiliary systems; and
   13. refrigeration systems.
4. Every candidate shall possess adequate practical knowledge in at least the following subjects:
   1. operation and maintenance of, as appropriate:
      1.1. marine diesel engines;
      1.2. marine steam propulsion plant;
      1.3. marine gas turbines;
   2. operation and maintenance of auxiliary machinery systems, including steering gear systems;
   3. operation, testing and maintenance of electrical and control equipment;
   4. maintenance of catch handling equipment and deck machinery;
   5. detection of machinery malfunction, location of faults and action to prevent damage;
   6. organization of safe maintenance and repair procedures;
   7. methods of, and aids for, fire prevention, detection and extinction;
   8. regulations to be observed regarding operational or accidental pollution of the marine environment and methods and aids to prevent such pollution;
   9. first aid related to injuries which might be expected in machinery spaces and use of first aid equipment;

10. verkun og notkun tækja til björgunar mannslífa;
11. aðferðum við að draga úr skemmdum einkum með tilliti til þeirra úrræða sem grípa skal til ef sjór streymir inn í vélarúm; og
12. öruggum vinnuaðferðum.

5. Allir umsækjendur skulu hafa þekkingu á alþjóðalögum, eins og þau koma fram í alþjóðasamningum og -samþykktum, að því marki sem þau varða sérstaka ábyrgð og skyldur þeirra sem vinna í vélarúmi, einkum hvað viðkemur öryggi og vörnum gegn mengun sjávar. Viðkomandi aðila er í sjálfsvald sett hversu víðtækrar þekkingar hann krefst á eigin siglingalöggjöf, en þó skal krefjast þekkingar á því hvernig alþjóðasamningum og -samþykktum skuli framfylgt.
6. Allir umsækjendur skulu hafa þekkingu á verkstjórn, skipulagningu og þjálfun um borð í fiskiskipum.

6. regla.

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að öðlast réttindi starfsmanna sem bera ábyrgð á eða annast fjarskipti um borð í fiskiskipum.

Skýring.

Lögbundin ákvæði um fjarskiptavakt eru sett fram í alþjóðafjarskiptareglunum og Torremólínos-bókuninni frá 1993. Lögbundin ákvæði um viðhald eru sett fram í Torremólínos-bókuninni frá 1993 og leiðbeiningum sem stofnunin hefur samþykkt.

Gildissvið.

1. Ákvæði þessarar reglu skulu gilda um starfsmenn sem bera ábyrgð á eða annast fjarskipti á skipi sem ber samkvæmt alþjóðasamningum eða landsrétti að hafa fjarskiptabúnað fyrir tíðni og sem gerður er fyrir tækni sem hið alþjóðlega neyðar- og öryggiskerfi fjarskipta á sjó (GMDSS) gerir ráð fyrir, samanber þó 2. gr.
2. Áhafnir skipa, þar sem ekki er krafist fjarskiptabúnaðar samkvæmt alþjóðasamningum eða landsrétti, þurfa ekki að fullnægja ákvæðum þessarar reglu, en skulu engu að síður uppfylla ákvæði alþjóðafjarskiptareglnanna. Stjórnvöld skulu tryggja að viðeigandi skírteini, sem uppfylla ákvæði alþjóðafjarskiptareglnanna, séu gefin út til slíkra starfsmanna eða viðurkennd að því er þá varðar.

10. functions and use of life-saving appliances;
11. methods of damage control with specific reference to action to be taken in the event of flooding of seawater into the engine-room; and
12. safe working practices.

5. Every candidate shall possess a knowledge of international law as embodied in international agreements and conventions as they affect the specific obligations and responsibilities of the engine department, particularly those concerning safety and the protection of the marine environment. The extent of knowledge of national maritime legislation is left to the discretion of the Party, but shall include arrangements for implementing international agreements and conventions.
6. Every candidate shall possess a knowledge of personnel management, organization and training aboard fishing vessels.

Regulation 6

Mandatory minimum requirements for certification of personnel in charge of or performing radiocommunication duties on board fishing vessels

Explanatory note

Mandatory provisions relating to radio watchkeeping are set forth in the Radio Regulations and the 1993 Torremolinos Protocol. Provisions for radio maintenance are set forth in the 1993 Torremolinos Protocol and the guidelines adopted by the Organization.

Application

1. Except as provided in paragraph 2, the provisions of this regulation shall apply to personnel in charge of, or performing, radiocommunication duties on a vessel required by international agreement or national law to carry radio equipment using the frequencies and techniques of the Global Maritime Distress and Safety System (GMDSS).
2. Personnel on vessels for which carriage of radio equipment is not compulsory under international agreements or national law are not required to meet the provisions of this regulation, but are nevertheless required to comply with the Radio Regulations. The Administration shall ensure that the appropriate certificates meeting the requirements of the Radio Regulations are issued or recognised in respect of such personnel.

Lágmarkskröfur vegna réttinda starfsmanna sem annast GMDSS-fjarskipti.

1. Allir, sem bera ábyrgð á eða annast fjarskipti í skipi, skulu vera handhafar viðeigandi skírteinis eða skírteina sem stjórnvöld gefa út eða viðurkenna samkvæmt ákvæðum alþjóðafjarskiptareglnanna.

2. Lágmarksþekking, skilningur og hæfni, sem er krafist vegna réttinda samkvæmt þessari reglu, skulu nægja starfsmönnum til að annast fjarskipti á öruggan og skilvirkan hátt.

3. Allir umsækjendur um réttindi skulu:
   1. hafa náð 18 ára aldri;
   2. fullnægja kröfum aðila um heilbrigði, einkum hvað varðar sjón og heyrn; og
   3. fullnægja kröfum viðbætisins við þessa reglu.
4. Allir umsækjendur um réttindi skulu standast próf með fullnægjandi hætti að dómi viðkomandi aðila.
5. Vegna áritunar skírteina af öllum gerðum sem eru gefin út samkvæmt ákvæðum alþjóðafjarskiptareglnanna og talin uppfylla kröfur samþykktarinnar er þekking, skilningur og hæfni, sem gerð er krafa um, sett fram í viðbætinum við þessa reglu. Þegar ákveða skal viðeigandi stig þekkingar, menntunar og þjálfunar skal viðkomandi aðili einnig taka mið af viðeigandi tilmælum stofnunarinnar.

Minimum requirements for certification of GMDSS radio personnel

1. Every person in charge of, or performing, radiocommunication duties on a vessel shall hold an appropriate certificate or certificates issued or recognised by the Administration under the provisions of the Radio Regulations.
2. The minimum knowledge, understanding and proficiency required for certification under this regulation shall be sufficient for radio personnel to carry out their radio duties safely and efficiently.
3. Every candidate for certification shall:
   1. be not less than 18 years of age;
   2. satisfy the Party as to medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing; and
   3. meet the requirements of the appendix to this regulation.
4. Every candidate for certification shall be required to pass an examination or examinations to the satisfaction of the Party.
5. For endorsement of all types of certificates issued under the provisions of the Radio Regulations as meeting the requirements of the Convention, the required knowledge, understanding and proficiency is given in the appendix to this regulation. In determining the appropriate level of knowledge and training the Party shall also take into account the relevant recommendations of the Organization.

Viðbætir við 6. reglu.
Lágmarkskröfur um viðbótarþekkingu, menntun og þjálfun starfsmanna sem annast GMDSS-fjarskipti.

1. Allir umsækjendur um réttindi skulu, auk þess að uppfylla kröfur um útgáfu skírteinis sem er í samræmi við alþjóðafjarskiptareglurnar, hafa þekkingu á:
   1. því að láta í té fjarskiptaþjónustu í neyðartilvikum;
   2. fjarskiptum við leit og björgun, meðal annars aðferðum sem um getur í handbók um leit og björgun kaupskipa;
   3. leiðum til að koma í veg fyrir að falskt neyðarkall sé sent og leiðum til að draga úr áhrifum falsks neyðarkalls sem sent hefur verið út;
   4 tilkynningarkerfi skipa;
   5. læknisþjónustu gegnum fjarskipti;

Appendix to Regulation 6
Minimum additional knowledge and training requirements for GMDSS radio personnel

1. In addition to satisfying the requirements for the issue of a certificate in compliance with the Radio Regulations, every candidate for certification shall have knowledge of:
   1. provision of radio services in emergencies;
   2. search and rescue radiocommunications, including procedures in the Merchant Ship Search and Rescue Manual (MERSAR);
   3. the means to prevent the transmission of false distress alerts and the procedures to mitigate the effects of false distress alerts;
   4. ship reporting systems;
   5. radio medical services;

6. notkun alþjóðamerkjakerfisins og staðlaðs orðalista í fjarskiptum á sjó; og

7. fyrirbyggjandi ráðstöfunum vegna öryggis skips og áhafnar í tengslum við hættu sem fjarskiptabúnaður getur valdið, meðal annars hættu samfara rafmagni og ójónandi geislun.

6. use of the International Code of Signals and the Standard Marine Communication Phrases; and
7. preventive measures for the safety of the vessel and personnel in connection with hazards related to radio equipment, including electrical and non-ionising radiation hazards.

7. regla.

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að tryggja áframhaldandi hæfni og endurmenntun skipstjóra, yfirmanna og vélstjóra.

1. Allir skipstjórar eða yfirmenn, sem hafa skírteini og starfa á sjó eða ætla að hverfa aftur til starfa á sjóinn eftir tíma í landi, skulu, til þess að teljast áfram hæfir til starfa á sjó, færa stjórnvöldum sönnur á eftirtalin atriði á að minnsta kosti fimm ára fresti:
   1. heilbrigði, einkum hvað varðar sjón og heyrn; og
   2. siglingatíma sem skipstjóri eða yfirmaður í að minnsta kosti eitt ár á síðustu 5 árum; eða
   3. getu til þess að inna af hendi verkleg störf um borð í fiskiskipi sem eiga skylt við þau störf sem jafna má við skírteini af sömu gráðu og viðkomandi hefur og sem eru talin að minnsta kosti sambærileg við siglingatímann sem er krafist samkvæmt málsgrein 1.2, eða með því að:
      3.1. standast viðurkennt próf; eða
      3.2. ljúka á fullnægjandi hátt viðurkenndu námskeiði eða viðeigandi námskeiði fyrir skipstjóra og yfirmenn sem starfa á fiskiskipum, einkum fyrir þá sem eru að koma aftur til starfa á þeim skipum; eða
      3.3. hafa að baki viðurkenndan siglingatíma sem yfirmaður í að minnsta kosti þrjá mánuði á fiskiskipi sem aukamaður, rétt áður en hann tekur við þeirri stöðu sem skírteinið gildir um.

2. Stjórnvöld skulu samþykkja endurmenntunarnámskeið sem er krafist samkvæmt þessari reglu og á þeim skal fjallað um texta nýlegra breytinga á alþjóðareglum um öryggi mannslífa á hafinu og varnir gegn mengun sjávar.

Regulation 7

Mandatory minimum requirements to ensure the continued proficiency and updating of knowledge for skippers, officers and engineer officers

1. Every skipper or officer holding a certificate who is serving at sea or intends to return to sea after a period ashore shall, in order to continue to qualify for seagoing service, be required at regular intervals not exceeding five years, to satisfy the Administration as to:
   1. medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing; and
   2. seagoing service as skipper or officer of at least one year during the preceding five years; or
   3. ability to perform fishing vessel operational duties relating to the duties appropriate to the grade of certificate held which are considered to be at least equivalent to the seagoing service required in paragraph 1.2., or by:
      3.1. passing an approved test; or
      3.2. successfully completing an approved course or course appropriate, for skippers and officers who are serving on fishing vessels, especially for re-entrants to seagoing service on these vessels; or
      3.3. having completed approved seagoing service as an officer for a period of not less than three months on a fishing vessel in a supernumerary capacity, immediately prior to taking up the position for which the certificate is valid.
2. The refresher and updating courses required by this regulation shall be approved by the Administration and include the text of recent changes in international regulations concerning the safety of life at sea and the protection of the marine environment.

3. Stjórnvöld skulu tryggja að texti nýlegra breytinga á alþjóðareglum um öryggi mannslífa á hafinu og varnir gegn mengun sjávar sé tiltækur um borð í skipum sem lögsaga þeirra nær til.

8. regla.

Lögboðnar lágmarkskröfur sem fullnægja ber til að tryggja áframhaldandi hæfni og endurmenntun starfsmanna GMDSS-fjarskipta.

1. Allir sem annast GMDSS-fjarskipti og eru handhafar skírteinis eða skírteina, sem viðkomandi aðili gefur út eða viðurkennir, skulu, til þess að teljast áfram hæfir til starfa á sjó, færa stjórnvöldum sönnur á eftirtalin atriði:
   1. heilbrigði, einkum hvað varðar sjón og heyrn, reglulega á fimm ára fresti; og
   2. hæfni í starfi:
      2.1. með staðfestum siglingatíma við fjarskiptastörf í að minnsta kosti í eitt ár alls á síðustu fimm árum; eða
      2.2. með því að hafa gegnt hlutverki sem á skylt við þau störf sem jafna má við skírteini af sömu gráðu og viðkomandi hefur og sem eru talin að minnsta kosti sambærileg við siglingatímann sem er krafist samkvæmt málsgrein 1.2.1; eða
      2.3. með því að standast viðurkennt próf eða ljúka á fullnægjandi hátt viðurkenndu þjálfunarnámskeiði eða námskeiðum á sjó eða í landi sem skulu hafa að geyma þá grunnþætti sem varða með beinum hætti öryggi mannslífa á hafinu og eiga við um það skírteini sem viðkomandi hefur, í samræmi við kröfur Torremólínos-bókunarinnar frá 1993.
2. Þegar til stendur að nýjar venjur, búnaður eða vinnubrögð verði lögbundin um borð í skipum sem mega sigla undir fána aðila, getur viðkomandi aðili krafist þess að starfsmenn, sem annast GMDSS-fjarskipti, standist viðurkennt próf eða ljúki með fullnægjandi hætti viðeigandi þjálfunarnámskeiði eða námskeiðum á sjó eða í landi með sérstöku tilliti til öryggisstarfa.
3. Stjórnvöld skulu tryggja að texti nýlegra breytinga á alþjóðareglum um fjarskipti og sem varða öryggi mannslífa á hafinu sé tiltækur um borð í skipum sem mega sigla undir fána þess.

3. The Administration shall ensure that the texts of recent changes in international regulations concerning the safety of life at sea and the protection of the marine environment are made available to ships under its jurisdiction.

Regulation 8

Mandatory minimum requirements to ensure the continued proficiency and updating of knowledge for GMDSS radio personnel

1. Every GMDSS radio personnel holding a certificate or certificates issued or recognized by the Party shall, in order to continue to qualify for seagoing service, be required to satisfy the Party as to the following:
   1. medical fitness, particularly regarding eyesight and hearing, at regular intervals not exceeding five years; and
   2. professional competence:
      2.1. by approved seagoing service involving radiocommunication duties of at least one year in total during the preceding five years; or
      2.2. by virtue of having performed functions relating to the duties appropriate to the grade of certificate held which are considered to be at least equivalent to the seagoing service required in paragraph 1.2.1.; or
      2.3. by passing an approved test or successfully completing an approved training course or courses at sea or ashore which shall include those elements which are of direct relevance to the safety of life at sea, and which are applicable for the certificate that the person is holding, in accordance with the requirements of the 1993 Torremolinos Protocol.
2. When new modes, equipment or practices are to become mandatory aboard vessels entitled to fly the flag of a Party, the Party may require GMDSS radio personnel to pass an approved test or successfully complete an appropriate training course or courses, at sea or ashore, with particular reference to safety duties.
3. The Administration shall ensure that the texts of recent changes in international regulations relating to radiocommunications and relevant to the safety of life at sea are available to ships entitled to fly its flag.

III. KAFLI
Grunnþjálfun áhafna fiskiskipa á sviði öryggis.

1. regla.
Grunnþjálfun áhafna fiskiskipa á sviði öryggis.

1. Áhöfn fiskiskips skal, áður en henni eru falin störf um borð í skipi, fá grunnþjálfun, sem stjórnvöld samþykkja, á eftirfarandi sviðum:
   1. hverning bjarga má lífi sínu, meðal annars hvernig klæðast á björgunarvestum og, eftir því sem við á, flotbúningum;
   2. brunavörnum og slökkvistarfi;
   3. neyðarúrræðum;
   4. skyndihjálp;
   5. vörnum gegn mengun sjávar; og
   6. slysavörnum um borð í skipi.
2. Þegar ákvæði 1. mgr. koma til framkvæmda skulu stjórnvöld ákveða hvort og að hve miklu leyti ákvæði þessi skuli gilda um áhafnir lítilla fiskiskipa eða áhafnir sem þegar eru á fiskiskipum.

CHAPTER III
Basic Safety Training for All Fishing Vessel Personnel

Regulation 1
Basic safety training for all fishing vessel personnel

1. Fishing vessel personnel shall, before being assigned to any shipboard duties, receive basic training approved by the Administration in the following areas:
   1. personal survival techniques including donning of lifejackets and, as appropriate, immersion suits;
   2. fire prevention and fire fighting;
   3. emergency procedures;
   4. elementary first-aid;
   5. prevention of marine pollution; and
   6. prevention of shipboard accidents.
2. In implementing the provisions of paragraph 1, the Administration shall determine whether and, if so to what extent, these provisions shall apply to personnel of small fishing vessels or personnel already employed on fishing vessels.

IV. KAFLI
Vaktstaða.

1. regla.
Grundvallaratriði sem fylgja ber á siglingavakt um borð í fiskiskipum.

1. Stjórnvöld skulu beina athygli eiganda skipa og rekstraraðila fiskiskipa, skipstjóra og þeirra sem ganga vaktir að eftirfarandi meginreglum sem ber að virða í því skyni að tryggja að ávallt sé staðin örugg vakt.

2. Skipstjóri á hverju fiskiskipi skal tryggja að fyrirkomulag vakta nægi til þess að ávallt sé staðin örugg siglingavakt. Yfirmenn á vakt eru, undir almennri stjórn skipstjóra, ábyrgir fyrir öruggri siglingu fiskiskipsins meðan á vaktstöðu þeirra stendur og ber þeim sérstaklega að varast árekstur og strand.

3. Um borð í öllum fiskiskipum ber, meðal annars en þó ekki einvörðungu, að hafa hliðsjón af eftirfarandi meginreglum. Samt sem áður getur aðili undanskilið mjög lítil fiskiskip, sem eru á veiðum á takmörkuðum hafsvæðum, frá því að fylgja þessum meginreglum í einu og öllu.

CHAPTER IV
Watchkeeping

Regulation 1
Basic principles to be observed in keeping a navigational watch on board fishing vessels

1. Administrations shall direct the attention of owners and operators of fishing vessels, skippers and watchkeeping personnel to the following principles, which shall be observed to ensure that a safe navigational watch is maintained at all times.
2. The skipper of every fishing vessel shall ensure that watchkeeping arrangements are adequate for maintaining a safe navigational watch. Under the skipper's general direction, the officers of the watch are responsible for navigating the fishing vessel safely during their periods of duty, when they will be particularly concerned with avoiding collision and stranding.
3. The basic principles, including but not limited to the following, shall be taken into account on all fishing vessels. However, a Party may exclude very small fishing vessels operating in limited waters from fully observing the basic principles.

4. Á leið til og frá fiskimiðum.
   4.1. Fyrirkomulag siglingavaktar.
      4.1.1. Ávallt skal manna vakt á fullnægjandi og tilhlýðilegan hátt miðað við ríkjandi aðstæður og skilyrði og þess skal gætt að hafa dyggilegan útvörð.

      4.1.2. Þegar vakt er mönnuð skal meðal annars taka tillit til eftirfarandi þátta:

         1. brúin skal aldrei vera mannlaus;
         2. veðurskilyrða, skyggnis og hvort bjart sé af degi eða myrkur;
         3. nálægðar yfirvofandi hættu með tilliti til siglingar sem kann að skapa þörf á að yfirmaðurinn á vakt fylgist enn nánar með siglingu skipsins;
         4. notkunar og ganghæfni siglingatækja eins og ratsjár eða annarra staðarákvörðunartækja sem og allra annarra tækja sem hafa áhrif á örugga siglingu skipsins;
         5. hvort skipið sé búið sjálfstýringu; og
         6. óvenjulegs álags á þá sem standa siglingavakt sem kann að leiða af sérstökum aðstæðum vegna siglingar skipsins.

   4.2. Hæfni til skyldustarfa.
   Fyrirkomulag vakta skal vera með þeim hætti að þreyta dragi ekki úr árvekni þeirra sem standa vaktir. Vaktir skal skipuleggja þannig að þeir sem taka fyrstu vakt í upphafi sjóferðar og síðan þeir sem leysa af og ganga næstu vaktir séu nægilega hvíldir og að öðru leyti vel á sig komnir til að gegna skyldustörfum.

   4.3. Sigling.
      4.3.1. Væntanlega siglingaleið skal ákvarða fyrirfram, að því marki sem unnt er, með hliðsjón af öllum viðeigandi upplýsingum og yfirfara ber allar stefnur, sem settar hafa verið út í kort, áður en sjóferðin hefst.
      4.3.2. Á vakt skal sannreyna, með

4. En route to or from fishing grounds
   4.1. Arrangements of the navigational watch
      4.1.1. The composition of the watch shall at all times be adequate and appropriate to the prevailing circumstances and conditions, and shall take into account the need for maintaining a proper lookout.
      4.1.2. When deciding the composition of the watch the following factors, inter alia, shall be taken into account:
         1. at no time shall the wheelhouse be left unattended;
         2. weather conditions, visibility and whether there is daylight or darkness;
         3. proximity of navigational hazards which may make it necessary for the officer in charge of the watch to carry out additional navigational duties;
         4. use and operational condition of navigational aids such as radar or electronic position-indicating devices and of any other equipment affecting the safe navigation of the vessel;
         5. whether the vessel is fitted with automatic steering; and
         6. any unusual demands on the navigational watch that may arise as a result of special operational circumstances.

   4.2. Fitness for duty
   The watch system shall be such that the efficiency of watchkeeping personnel is not impaired by fatigue. Duties shall be so organized that the first watch at the commencement of a voyage and the subsequent relieving watches are sufficiently rested and otherwise fit for duty.

   4.3. Navigation
      4.3.1 The intended voyage shall, as far as practicable, be planned in advance taking into consideration all pertinent information, and any course laid down shall be checked before the voyage commences.
      4.3.2. During the watch the course

reglulegu millibili og nægilega oft, stýrða stefnu skipsins, staðsetningu og hraða með því að beita öllum tiltækum siglingatækjum sem eru nauðsynleg í því skyni að tryggja að skipið sigli eftir útsettri stefnu.

4.3.3. Yfirmaður á vakt skal vita nákvæmlega hvar öll öryggis- og siglingatæki eru um borð í skipinu og hvernig ber að nota þau og skulu honum vera ljós notkunartakmörk þessara tækja og taka mið af þeim.

4.3.4. Yfirmaður á siglingavakt skal hvorki taka að sér né skulu honum falin nein þau skyldustörf sem gætu truflað örugga siglingu skipsins.

4.4. Siglingatæki.

4.4.1. Yfirmenn á vakt skulu nota til hins ýtrasta öll siglingatæki sem þeir hafa yfir að ráða.

4.4.2. Við notkun ratsjár skal yfirmaður á vakt hafa í huga nauðsyn þess að fylgja ávallt reglum um notkun ratsjár sem eru í gildandi reglugerðum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

4.4.3. Ef þörf krefur skal yfirmaður á siglingavakt ekki hika við að nota stýri, vélarafl og hljóð- og ljósmerkjatæki skipsins.

4.5. Skyldur og ábyrgð vegna siglingar skipsins.

4.5.1. Yfirmaður vaktar skal:

1. standa vakt í brúnni;
2. ekki víkja af stjórnpalli undir neinum kringumstæðum fyrr en hann hefur verið leystur af vakt á tilhlýðilegan og viðunandi hátt;
3. hafa áfram ábyrgð á öruggri siglingu skipsins, þrátt fyrir nærveru skipstjóra á stjórnpalli, þar til honum er tilkynnt sérstaklega að skipstjórinn hafi tekið yfir

steered, position and speed shall be checked at sufficiently frequent intervals, using any available navigational aids necessary, to ensure that the vessel follows the planned course.

4.3.3. The officer in charge of the watch shall have full knowledge of the location and operation of all safety and navigational equipment on board the vessel, and shall be aware and take account of the operating limitations of such equipment.

4.3.4. The officer in charge of a navigational watch shall not be assigned or undertake any duties which would interfere with the safe navigation of the vessel.

4.4. Navigational equipment

4.4.1. The officers in charge of the watch shall make the most effective use of all navigational equipment at their disposal.

4.4.2. When using radar the officer in charge of the watch shall bear in mind the necessity to comply at all times with the provisions on the use of radar contained in the applicable regulations for preventing collisions at sea.

4.4.3. In cases of need the officer of the watch shall not hesitate to use the helm, engines, sound and light signalling apparatus.

4.5. Navigational duties and responsibilities

4.5.1. The officer in charge of the watch shall:

1. keep watch in the wheelhouse;
2. in no circumstances leave the wheelhouse until properly relieved;
3. continue to be responsible for the safe navigation of the vessel despite the presence of the skipper in the wheelhouse until informed specifically that the skipper

ábyrgð á vaktinni og gagnkvæmur skilningur ríkir þar um;
4. hafa samband við skipstjóra sé hann í nokkrum vafa um hvað gera skuli til að tryggja öryggi skipsins; og
5. ekki skila af sér vakt til yfirmanns, sem á að leysa af, sé ástæða til að ætla að sá síðarnefndi sé ekki fær um að standa siglingavakt af árvekni og skal tilkynna það skipstjóra.

4.5.2. Þegar yfirmaður leysir af vakt skal hann sannreyna ágiskaða eða raunverulega staðsetningu skipsins, útsetta stefnu í korti, stýrða stefnu og hraða og gæta að hvers konar hættu sem skipinu kann að vera búin á siglingu sinni á vaktinni.

4.5.3. Halda skal nákvæma leiðarbók eða dagbók um siglingu skipsins og annað það sem hendir á vaktinni og varðar siglingu skipsins.

4.6. Útvörður.

4.6.1. Hafa ber viðeigandi útvörð í samræmi við 5. reglu samþykktar um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972. Hann skal þjóna því markmiði:
1. að huga með stöðugri árvekni, jafnt með auga og eyra sem og öllum tiltækum ráðum, að öllum breytingum sem geta skipt máli fyrir stjórn skipsins;
2. að leggja fullkomið mat á aðstæður og hættuna á árekstri og strandi og aðra hættu sem skipinu er búin á siglingu sinni; og
3. að greina skip eða loftför sem eru í nauðum stödd, skipreika menn, flök og rekgóss.

4.6.2. Þegar ákveðið er hvernig siglingavakt skuli mönnuð svo full-

has assumed that responsibility and this is mutually understood;
4. notify the skipper when in any doubt as to what action to take in the interest of safety; and
5. not hand over the watch to a relieving officer if there is reason to believe that the latter is not capable of carrying out the watchkeeping duties effectively, in which case the skipper shall be notified.

4.5.2. On taking over the watch the relieving officer shall confirm and be satisfied as to the vessel's estimated or true position and confirm its intended track, course and speed, and shall note any dangers to navigation expected to be encountered during the watch.

4.5.3. Whenever practicable a proper record shall be kept of the movements and activities during the watch relating to the navigation of the vessel.

4.6. Look-out

4.6.1. A proper look-out shall be maintained in compliance with Rule 5 of the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972. It shall serve the purpose of:
1. maintaining a continuous state of vigilance by sight and hearing as well as by all other available means, with regard to any significant changes in the operating environment;
2. fully appraising the situation and the risk of collision, stranding and other dangers to navigation; and
3. detecting ships or aircraft in distress, ship wrecked persons, wrecks and debris.

4.6.2. In determining that the composition of the navigational watch

nægjandi sé til að tryggja að ávallt sé hafður öruggur útvörður skal skipstjóri taka tillit til allra þátta sem máli skipta, meðal annars þeirra sem er lýst í málsgrein 4.1 í þessari reglu sem og eftirfarandi atriða:

1. skyggnis, veðurs og sjólags;
2. fjölda skipa á siglingaleið og annarra umsvifa á því svæði þar sem skipið siglir;
3. árvekni sem er brýn þegar siglt er á eða nærri aðskildum siglingaleiðum og annarra reglna um leiðastjórnun;
4. viðbótarvinnuálags vegna þeirra verkefna sem skipið er notað til að leysa, knýjandi aðstæðna við stjórn skipsins og fyrirsjáanlegra stjórntaka;
5. stjórnar stýris og skrúfu og þess hvernig skipið lætur að stjórn;
6. starfshæfni allra í áhöfn skipsins sem eru í viðbragsstöðu og kunna að verða kallaðir á vakt;
7. vitneskju um og tiltrúar á starfshæfni yfirmanna og áhafnar skipsins;
8. reynslu yfirmanns á siglingavakt og þekkingar þess yfirmanns á tækjabúnaði skipsins, verklagsreglum og því hvernig skipið lætur að stjórn;
9. umsvifa um borð í skipinu á hverjum tíma og hvaða aðstoðar er að vænta sem kalla má umsvifalaust á í brúnni þegar nauðsyn krefur;
10. gangfærni tækja og stjórnborða í brúnni, þar með talin viðvörunarkerfi;

is adequate to ensure that a proper look-out can continuously be maintained, the skipper shall take into account all relevant factors, including those described under paragraph 4.1. of this regulation, as well as the following factors:

1. visibility, state of weather and sea;
2. traffic density, and other activities occurring in the area in which the vessel is navigating;
3. the attention necessary when navigating in or near traffic separation schemes and other routeing measures;
4. the additional workload caused by the nature of the vessel's functions, immediate operating requirements and anticipated manoeuvres;
5. rudder and propeller control and vessel manoeuvring characteristics;
6. the fitness for duty of any crew members on call who may be assigned as members of the watch;
7. knowledge of and confidence in the professional competence of the vessel's officers and crew;
8. the experience of the officer of the navigational watch and the familiarity of that officer with the vessel's equipment, procedures, and manoeuvr ing capability;
9. activities taking place on board the vessel at any particular time, and the availability of assistance to be summoned immediately to the wheelhouse when necessary;
10. the operational status of instrumentation in the wheelhouse and controls, including alarm systems;

11. stærðar skipsins og sjónsviðs frá stjórnpalli;

12. byggingarlags brúarinnar, að því marki sem það gæti komið í veg fyrir að vaktmaður sjái eða heyri það sem fer fram fyrir utan; og

13. allra viðeigandi staðla, verklagsreglna og leiðbeininga sem varða fyrirkomulag vakta og starfshæfni og Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt.

4.7. Verndun náttúrulegs umhverfis sjávar.
Skipstjóri og yfirmaður á vakt skulu sérstaklega hafa í huga hinar alvarlegu afleiðingar sem mengun af völdum reksturs skipsins eða mengunarslys hafa á náttúrulegt umhverfi sjávar og skulu gera allar hugsanlegar varúðarráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slíka mengun, einkum í samræmi við og innan ramma viðeigandi alþjóðareglna og hafnarreglugerða.

4.8. Veðurskilyrði.
Yfirmaður siglingavaktar skal gera viðeigandi ráðstafanir og upplýsa skipstjóra ef óhagstæðar breytingar á veðri geta haft áhrif á öryggi skipsins, þar með talin veðurskilyrði sem geta leitt til ísingar.

5. Sigling með hafnsögumann um borð.
Nærvera hafnsögumanns um borð leysir hvorki skipstjóra né yfirmann á vakt undan skyldum og skuldbindingum vegna öryggis skipsins. Skipstjóri og hafnsögumaður skulu skiptast á upplýsingum um tilhögun siglingar skipsins, staðbundnar aðstæður og eiginleika skipsins. Skipstjóri og yfirmaður á siglingavakt skulu hafa nána samvinnu við hafnsögumanninn og fylgjast áfram nákvæmlega með stað skipsins og siglingu.

6. Skip á fiskveiðum eða í leit að fiski.

6.1. Auk þeirra meginreglna, sem eru taldar upp í 4. mgr., skal yfirmaður vaktar hafa eftirfarandi atriði í huga og gera viðeigandi ráðstafanir vegna þeirra:

1. önnur skip á veiðum og veiðarfæri þeirra, það sem einkennir stjórntök

11. the size of the vessel and the field of vision available from the conning position;

12. the configuration of the wheelhouse, to the extent such configuration might inhibit a member of the watch from detecting by sight or hearing any external developments; and

13. any relevant standards, procedures and guidelines relating to watchkeeping arrangements and fitness for duty which have been adopted by the Organization.

4.7. Protection of the marine environment
The skipper and the officer in charge of the watch shall be aware of the serious effects of operational or accidental pollution of the marine environment, and shall take all possible precautions to prevent such pollution, particularly within the framework of relevant international and port regulations.

4.8. Weather conditions
The officer in charge of the watch shall take relevant measures and notify the skipper when adverse changes in weather could affect the safety of the vessel, including conditions leading to ice accretion.

5. Navigation with pilot embarked
The presence of a pilot on board does not relieve the skipper or officer in charge of the watch from their duties and obligations for the safety of the vessel. The skipper and the pilot shall exchange information regarding navigation procedures, local conditions and the vessel's characteristics. The skipper and the officer in charge of the watch shall co-operate closely with the pilot and maintain an accurate check of the vessel's position and movement.

6. Vessels engaged in fishing or searching for fish

6.1. In addition to the principles enumerated in paragraph 4, the following factors shall be considered and properly acted upon by the officer in charge of the watch:

1. other vessels engaged in fishing and their gear, own vessel's manoeu-

eigin skips, einkum stöðvunarvegalengd þess og þvermál hrings þegar skipinu er snúið við á siglingu og með veiðarfæri úti;
2. öryggi áhafnar á þilfari;
3. óhagstæð áhrif á öryggi skipsins og áhafnarinnar vegna minnkandi stöðugleika og fríborðs sem eru tilkomin vegna óvenjulegra krafta sem rekja má til veiðanna, meðferðar afla og hleðslu og óvenjulegra sjávar- og veðurskilyrða;
4. nálægð við mannvirki á hafi úti með sérstöku tilliti til öryggissvæða; og
5. skipsflök og aðrar hindranir neðansjávar sem gætu verið veiðarfærum hættuleg.

6.2. Þegar afli er lestaður skal, þegar siglt er til löndunarhafnar, huga að mikilvægum kröfum um nægjanlegt fríborð, nægjanlegan stöðugleika og traustleika vatnsþéttra skilrúma og athuga eldsneytiseyðslu og birgðastöðu, líkur á óhagstæðum veðurskilyrðum og, einkum að vetrarlagi, hættu á ísingu á eða yfir óvörðu þilfari á svæðum þar sem vænta má ísingar.

7. Akkerisvakt.

Skipstjóri skal tryggja, með tilliti til öryggis skipsins og áhafnar þess, að viðeigandi vakt sé ávallt staðin í brú eða á þilfari fiskiskips sem liggur við akkeri.

8. Fjarskiptavakt.

Skipstjóri skal tryggja að staðin sé fullnægjandi fjarskiptavakt þegar skipið er á sjó, á viðeigandi tíðnum, að teknu tilliti til krafna alþjóðafjarskiptareglnanna.

vring characteristics, particularly its stopping distance and the diameter of turning circle at sailing speed and with the fishing gear overboard;
2. safety of the crew on deck;
3. adverse effects on the safety of the vessel and its crew through reduction of stability and freeboard caused by exceptional forces resulting from fishing operations, catch handling and stowage, and unusual sea and weather conditions;
4. the proximity of offshore structures, with special regard to the safety zones; and
5. wrecks and other underwater obstacles which could be hazardous for fishing gear.

6.2. When stowing the catch, attention shall be given to the essential requirements for adequate free board, adequate stability and watertight integrity at all times during the voyage to the landing port, taking into consideration consumption of fuel and stores, risk of adverse weather conditions and, especially in winter, risk of ice accretion on or above exposed decks in areas where ice accretion is likely to occur.

7. Anchor watch

The skipper shall ensure, with a view to the safety of the vessel and the crew, that a proper watch is maintained at all times from the wheelhouse or deck on fishing vessels at anchor.

8. Radio watchkeeping

The skipper shall ensure that an adequate radio watch is maintained while the vessel is at sea, on appropriate frequencies, taking into account the requirements of the Radio Regulations.

1. viðbætir.

Eyðublaðið sem er notað til þess að staðfesta útgáfu skírteinis skal vera með þeim hætti sem að neðan greinir með þeirri undantekningu að málsliðnum „eða þess dags sem gildistími þessa skírteinis er endurnýjaður til eins og kann að koma fram hinum megin á blaðinu“, sem kemur fram á framhlið eyðublaðsins, og ákvæðum um skráningu endurnýjaðs gildistíma, sem koma fram á bakhlið þess, skal sleppt þegar gerð er krafa um útgáfu nýs skírteinis í stað þess sem rennur út.

(Opinber stimpill)

(LAND)

SKÍRTEINI GEFIÐ ÚT SAMKVÆMT ÁKVÆÐUM ALÞJÓÐASAMÞYKKTAR UM VIÐMIÐANIR FYRIR MENNTUN OG ÞJÁLFUN, SKÍRTEINI OG VAKTSTÖÐUR ÁHAFNA FISKISKIPA

Ríkisstjórn ..... staðfestir að handhafi þessa skírteinis fullnægir ákvæðum .....reglu ofannefndrar alþjóðasamþykktar og er hæfur til neðangreindra starfa með þar til greindum takmörkunum fram til dagsins ..... eða þess dags sem gildistími þessa skírteinis er endurnýjaður til eins og kann að koma fram hinum megin á blaðinu.

Löglegum handhafa þessa skírteinis er heimilt að starfa í eftirfarandi stöðu eða stöðum:

STAÐA	TAKMARKANIR (ef einhverjar)

Appendix 1

The form used to attest the issue of a certificate shall be as shown hereunder, provided that the words "or until the date of expiry of any extension of the validity of this certificate as may be shown overleaf" appearing on the front of the form and the provisions for recording extension of the validity appearing on the back of the form shall be omitted where the certificate is required to be replaced upon its expiry.

(Official Seal)

(COUNTRY)

CERTIFICATE ISSUED UNDER THE PROVISIONS OF THE INTERNATIONAL CONVENTION ON STANDARDS OF TRAINING, CERTIFICATION AND WATCHKEEPING FOR FISHING VESSEL PERSONNEL, 1995

The Government of ..... certifies that the holder of this certificate has been found duly qualified in accordance with the provisions of regulation ..... of the above Convention and has been found competent to serve as specified below, subject to any limitations indicated until ..... or until the date of expiry of any extension of the validity of this certificate as may be shown overleaf.

The lawful holder of this certificate may serve in the following capacity or capacities.

CAPACITY	LIMITATIONS APPLYING (IF ANY)

Skírteini nr. .....
gefið út .....

(Opinber stimpill)

.....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Fæðingardagur handhafa skírteinisins

.....

Undirskrift handhafa skírteinisins

.....
Ljósmynd af handhafa skírteinisins:

Certificate No. .....
issued on .....

(Official Seal)

.....
Signature of duly authorized official

.....
Name of duly authorized official

Date of birth of the holder of the certificate

.....

Signature of the holder of the certificate

.....
Photograph of the holder of the certificate:

Skírteini þetta er endurnýjað til .....

(Opinber stimpill).....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjað þann .....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Skírteini þetta er endurnýjað til .....

(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjað þann .....
Nafn lögskipaðs útgefanda

The validity of this certificate is hereby extended until .....

(Official seal) .....
Signature of duly authorized official

Date of revalidation .....
Name of duly authorized official

The validity of this certificate is hereby extended until .....

(Official seal) .....
Signature of duly authorized official

Date of revalidation .....
Name of duly authorized official

2. viðbætir.

Eyðublaðið sem er notað til þess að staðfesta útgáfu skírteinis skal vera með þeim hætti sem að neðan greinir með þeirri undantekningu að málsliðnum „eða þess dags sem gildistími þessarar áritunar er endurnýjaður til eins og kann að koma fram hinum megin á blaðinu“, sem kemur fram á framhlið eyðublaðsins, og ákvæðum um skráningu endurnýjana gildistíma, sem koma fram á bakhlið þess, skal sleppt þegar gerð er krafa um nýja áritun í stað þeirrar sem rennur út.

(Opinber stimpill)

(LAND)

ÁRITUN SEM STAÐFESTIR ÚTGÁFU SKÍRTEINIS SAMKVÆMT ÁKVÆÐUM ALÞJÓÐASAMÞYKKTAR UM VIÐMIÐANIR FYRIR MENNTUN OG ÞJÁLFUN, SKÍRTEINI OG VAKTSTÖÐUR ÁHAFNA FISKISKIPA

Ríkisstjórn .....
staðfestir að skírteini nr. .....
hefur verið gefið út til
.....,
sem fullnægir ákvæðum .....reglu ofannefndrar alþjóðasamþykktar og er hæfur til neðangreindra starfa með þar til greindum takmörkunum fram til dagsins .....
eða þess dags sem gildistími þessarar áritunar er endurnýjaður til eins og kann að koma fram hinum megin á blaðinu.

Löglegum handhafa þessarar áritunar er heimilt að starfa í eftirfarandi stöðu eða stöðum sem tilgreindar eru í viðeigandi kröfum stjórnvalda um örugga mönnun:

STAÐA	TAKMARKANIR (ef einhverjar)

Appendix 2

The form used to attest the issue of a certificate shall be as shown hereunder, provided that the words "or until the date of expiry of any extension of the validity of this endorsement as may be shown overleaf" appearing on the front of the form and the provisions for recording extension of the validity appearing on the back of the form shall be omitted where the endorsement is required to be replaced upon its expiry.

(Official Seal)

(COUNTRY)

ENDORSEMENT ATTESTING THE ISSUE OF A CERTIFICATE UNDER THE PROVISIONS OF THE INTERNATIONAL CONVENTION ON STANDARDS OF TRAINING, CERTIFICATION AND WATCHKEEPING FOR FISHING VESSEL PERSONNEL, 1995

The Government of .....
certifies that certificate No. .....
has been issued to
.....
who has been found duly qualified in accordance with the provisions of regulation ..... of the above Convention and has been found competent to serve as specified below, subject to any limitations indicated until .....
or until the date of expiry of any extension of the validity of this endorsement as may be shown overleaf.

The lawful holder of this endorsement may serve in the following capacity or capacities specified in the applicable safe manning requirements of the Administration:

CAPACITY	LIMITATIONS APPLYING (IF ANY)

Áritun nr. ..... gefin út .....

(Opinber stimpill) .....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

Fæðingardagur handhafa skírteinisins

.....

Undirskrift handhafa skírteinisins

.....

Ljósmynd af handhafa skírteinisins:

Endorsement No. ..... issued on .....

(Official Seal) .....
Signature of duly authorized official

.....
Name of duly authorized official

Date of birth of the holder of the certificate

.....

Signature of the holder of the certificate

.....

Photograph of the holder of the certificate:

Áritun þessi er endurnýjuð til

.....

(Opinber stimpill) .....

.....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjuð þann .....

.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

The validity of this endorsement is hereby extended until

.....

(Official seal) .....

.....
Signature of duly authorized official

Date of revalidation .....

.....
Name of duly authorized official

Áritun þessi er endurnýjuð til

.....

(Opinber stimpill) .....

.....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda

Endurnýjuð þann .....

.....
Nafn lögskipaðs útgefanda

The validity of this endorsement is hereby extended until

.....

(Official seal) .....

.....
Signature of duly authorized official

Date of revalidation .....

.....
Name of duly authorized official

3. viðbætir.

Eyðublaðið sem er notað til þess að staðfesta viðurkenningu á skírteini skal vera með þeim hætti sem að neðan greinir með þeirri undantekningu að málsliðnum „eða þess dags sem gildistími þessarar áritunar er endurnýjaður til eins og kann að koma fram hinum megin á blaðinu“, sem kemur fram á framhlið eyðublaðsins, og ákvæðum um skráningu endurnýjana gildistíma, sem koma fram á bakhlið þess, skal sleppt þegar gerð er krafa um nýja áritun í stað þeirrar sem rennur út.

(Opinber stimpill)

(LAND)

ÁRITUN SEM STAÐFESTIR VIÐURKENNINGU Á SKÍRTEINI SAMKVÆMT ÁKVÆÐUM ALÞJÓÐASAMÞYKKTAR UM VIÐMIÐANIR FYRIR MENNTUN OG ÞJÁLFUN, SKÍRTEINI OG VAKTSTÖÐUR ÁHAFNA FISKISKIPA

Ríkisstjórn .....
staðfestir að skírteini nr. .....
gefið út til .....
af eða fyrir hönd ríkisstjórnar .....
er viðurkennt í samræmi við ákvæði reglu I/7 ofannefndrar samþykktar og að löglegur handhafi er hæfur til neðangreindra starfa með þar til greindum takmörkunum fram til dagsins .....
..... eða þess dags sem gildistími þessarar áritunar er endurnýjaður til eins og kann að koma fram hinum megin á blaðinu.

Löglegum handhafa þessarar áritunar er heimilt að starfa í eftirfarandi stöðu eða stöðum sem tilgreindar eru í viðeigandi kröfum stjórnvalda um örugga mönnun:

STAÐA	TAKMARKANIR (ef einhverjar)

Appendix 3

The form used to attest the recognition of a certificate shall be as shown hereunder, except that the words "or until the date of expiry of any extension of the validity of this endorsement as may be shown overleaf" appearing on the front of the form and the provisions for recording extension of the validity appearing on the back of the form shall be omitted where the endorsement is required to be replaced upon its expiry.

(Official Seal)

(COUNTRY)

ENDORSEMENT ATTESTING THE RECOGNITION OF A CERTIFICATE UNDER THE PROVISIONS OF THE INTERNATIONAL CONVENTION ON STANDARDS OF TRAINING, CERTIFICATION AND WATCHKEEPING FOR FISHING VESSEL PERSONNEL, 1995

The Government of .....
certifies that Certificate No. .....
issued to .....
by or on behalf of the Government of .....
is duly recognized in accordance with the provisions of regulation I/7 of the above Convention, and the lawful holder is authorized to serve as specified below, subject to any limitations indicated until ..... or until the date of expiry of any extension of the validity of this endorsement as may be shown overleaf.

The lawful holder of this endorsement may serve in the following capacity or capacities specified in the safe manning requirements of the Administration:

CAPACITY	LIMITATIONS APPLYING (IF ANY)

Áritun nr. ..... gefin út	Endorsement No. ..... issued on .....
(Opinber stimpill)	*(Official Seal)*
.....	.....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda	*Signature of duly authorized official*
.....	.....
Nafn lögskipaðs útgefanda	*Name of duly authorized official*
Fæðingardagur handhafa skírteinisins	Date of birth of the holder of the certificate
.....	.....
Undirskrift handhafa skírteinisins	Signature of the holder of the certificate
.....	.....
Ljósmynd af handhafa skírteinisins:	Photograph of the holder of the certificate:

Áritun þessi er endurnýjuð til	The validity of this endorsement is hereby extended until
.....	.....
(Opinber stimpill)	*(Official seal)*
.....	.....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda	*Signature of duly authorized official*
Endurnýjuð þann	Date of revalidation .....
.....	.....
Nafn lögskipaðs útgefanda	*Name of duly authorized official*
Áritun þessi er endurnýjuð til	The validity of this endorsement is hereby extended until
.....	.....
(Opinber stimpill)	*(Official seal)*
.....	.....
Undirskrift lögskipaðs útgefanda	*Signature of duly authorized official*
Endurnýjuð þann	Date of revalidation .....
.....	.....
Nafn lögskipaðs útgefanda	*Name of duly authorized official*

AUGLÝSING

um Stokkhólmssamning um þrávirk lífræn efni.

Hinn 29. maí 2002 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Stokkhólmssamnings um þrávirk lífræn efni sem gerður var í Stokkhólmi 22. maí 2001. Alþingi hafði með ályktun 20. apríl 2002 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samninginn fyrir Íslands hönd. Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. maí 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

STOKKHÓLMSSAMNINGUR um þrávirk lífræn efni.

AÐILAR AÐ SAMNINGI ÞESSUM

VIÐURKENNA að þrávirk lífræn efni eru eitrandi, niðurbrotsþolin, safnast fyrir í lífríkinu og berast með loftstraumum, vatni og fartegundum landa á milli og falla út langt frá upptökum sínum, þar sem þau safnast fyrir í vistkerfum láðs og lagar,

VITA AF áhyggjum af heilsufari, einkum í þróunarlöndum, sem stafa af váhrifum þrávirkra lífrænna efna, einkum á konur og þar af leiðandi á komandi kynslóðir,

HAFA Í HUGA að vistkerfum Norðurslóða og samfélögum frumbyggja þar stafar sérstök hætta af lífmögnun þrávirkra lífrænna efna og að aðskotaefni í hefðbundinni fæðu þeirra er almennt heilbrigðisvandamál,

ERU MEÐVITAÐIR UM þörfina fyrir aðgerðir á heimsvísu gegn þrávirkum lífrænum efnum,

ERU MINNUGIR ákvörðunar stjórnar Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna nr. 19/13 C frá 7. febrúar 1997 um að hefja alþjóðlegar aðgerðir til þess að vernda heilbrigði manna og umhverfið með ráðstöfunum til að draga úr og/eða stöðva útstreymi og losun þrávirkra lífrænna efna,

MINNAST ákvæða um þessi mál í viðeigandi alþjóðasamningum um umhverfismál, einkum ákvæða Rotterdam-samningsins um starfsreglur

STOCKHOLM CONVENTION on Persistent Organic Pollutants

The Parties to this Convention,

Recognizing that persistent organic pollutants possess toxic properties, resist degradation, bioaccumulate and are transported, through air, water and migratory species, across international boundaries and deposited far from their place of release, where they accumulate in terrestrial and aquatic ecosystems,

Aware of the health concerns, especially in developing countries, resulting from local exposure to persistent organic pollutants, in particular impacts upon women and, through them, upon future generations,

Acknowledging that the Arctic ecosystems and indigenous communities are particularly at risk because of the biomagnification of persistent organic pollutants and that contamination of their traditional foods is a public health issue,

Conscious of the need for global action on persistent organic pollutants,

Mindful of decision 19/13 C of 7 February 1997 of the Governing Council of the United Nations Environment Programme to initiate international action to protect human health and the environment through measures which will reduce and/or eliminate emissions and discharges of persistent organic pollutants,

Recalling the pertinent provisions of the relevant international environmental conventions, especially the Rotterdam Convention on the Prior

um fyrirfram upplýst samþykki í tengslum við tiltekin hættuleg efni og varnarefni í alþjóðaviðskiptum og Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, meðal annars ákvæða svæðisbundinna samninga sem hafa verið þróaðir á grundvelli 11. gr. hans,

MINNAST EINNIG ákvæða um þessi efni í Ríó-yfirlýsingunni um umhverfi og þróun og í Dagskrá 21,
HAFA Í HUGA að varúðarsjónarmið liggja til grundvallar áhyggjum allra aðila og eru felld inn í samning þennan,
VIÐURKENNA að samningur þessi styður aðra alþjóðasamninga á sviði viðskipta og umhverfismála og öfugt,
ÁRÉTTA að samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna og meginreglum þjóðaréttar hafa einstök ríki óskoraðan rétt til þess að nýta eigin auðlindir samkvæmt eigin stefnu í umhverfis- og þróunarmálum en bera jafnframt ábyrgð á því að tryggja að starfsemi, sem fer fram innan lögsögu þeirra eða sem lýtur yfirráðum þeirra, skaði ekki umhverfi annarra ríkja eða svæða handan lögsögumarka,
TAKA MIÐ AF aðstæðum og sérþörfum þróunarlanda, einkum þeirra sem skemmst eru á veg komin og landa sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, einkum nauðsyn þess að auka getu þeirra til að hafa stjórn á notkun efna, meðal annars með því að miðla tækniþekkingu, með fjárhagslegri og tæknilegri aðstoð og með því að stuðla að samvinnu milli aðila,

TAKA AÐ FULLU TILLIT TIL aðgerðaáætlunarinnar um sjálfbæra þróun smárra eyríkja sem teljast til þróunarlanda sem var samþykkt 6. maí 1994 á Barbados,
VEITA ATHYGLI getu iðnríkja og þróunarlanda hverra um sig sem og sameiginlegum en aðgreindum skyldum ríkja, eins og þær eru settar fram í 7. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun,
VIÐURKENNA mikilvægt framlag sem einkageirinn og frjáls félagasamtök eru fær um til þess að minnka og/eða að stöðva útstreymi og losun þrávirkra lífrænna efna,

LEGGJA ÁHERSLU Á mikilvægi þess að framleiðendur þrávirkra lífrænna efna axli ábyrgð og dragi úr neikvæðum áhrifum framleiðsluvara sinna og láti notendum, stjórnvöldum og almenningi í té upplýsingar um hættulega eiginleika þessara efna,

Informed Consent Procedure for Certain Hazardous Chemicals and Pesticides in International Trade, and the Basel Convention on the Control of Transboundary Movements of Hazardous Wastes and their Disposal including the regional agreements developed within the framework of its Article 11,
Recalling also the pertinent provisions of the Rio Declaration on Environment and Development and Agenda 21,
Acknowledging that precaution underlies the concerns of all the Parties and is embedded within this Convention,
Recognizing that this Convention and other international agreements in the field of trade and the environment are mutually supportive,
Reaffirming that States have, in accordance with the Charter of the United Nations and the principles of international law, the sovereign right to exploit their own resources pursuant to their own environmental and developmental policies, and the responsibility to ensure that activities within their jurisdiction or control do not cause damage to the environment of other States or of areas beyond the limits of national jurisdiction,
Taking into account the circumstances and particular requirements of developing countries, in particular the least developed among them, and countries with economies in transition, especially the need to strengthen their national capabilities for the management of chemicals, including through the transfer of technology, the provision of financial and technical assistance and the promotion of cooperation among the Parties,
Taking full account of the Programme of Action for the Sustainable Development of Small Island Developing States, adopted in Barbados on 6 May 1994,
Noting the respective capabilities of developed and developing countries, as well as the common but differentiated responsibilities of States as set forth in Principle 7 of the Rio Declaration on Environment and Development,
Recognizing the important contribution that the private sector and non-governmental organizations can make to achieving the reduction and/or elimination of emissions and discharges of persistent organic pollutants,
Underlining the importance of manufacturers of persistent organic pollutants taking responsibility for reducing adverse effects caused by their products and for providing information to users, Governments and the public on the hazardous properties of those chemicals,

ERU MEÐVITAÐIR UM þörf þess að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif þrávirkra lífrænna efna á öllum stigum líftíma þeirra,
ÁRÉTTA 16. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun, þar sem segir að yfirvöld í einstökum ríkjum skuli leitast við að stuðla að því að tillit sé tekið til umhverfiskostnaðar og að efnahagslegum stjórntækjum sé beitt, að teknu tilliti til þeirrar meginreglu að sá sem mengar skuli bera kostnað af menguninni og með tilhlýðilegu tilliti til almenningshagsmuna og án þess að raska alþjóðlegum viðskiptum og fjárfestingum,
HVETJA aðila, sem ekki hafa komið á fyrirkomulagi til að meta og setja reglur um varnarefni og efni til notkunar í iðnaði, til þess að þróa slíkt fyrirkomulag,
VIÐURKENNA mikilvægi þess að þróa og nota vistvæna valkosti með tilliti til vinnsluaðferða og efna,
ERU STAÐRÁÐNIR Í að vernda heilsu manna og umhverfið fyrir skaðlegum áhrifum þrávirkra lífrænna efna,
OG HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR um eftirfarandi:

1. gr.
Markmið.

Markmiðið með samningi þessum, með hliðsjón af varúðarnálguninni, eins og hún er sett fram í 15. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar um umhverfi og þróun, er að vernda heilsu manna og umhverfið gegn þrávirkum lífrænum efnum.

2. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

a) „Aðili“ merkir ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem hefur samþykkt að vera bundin af samningi þessum og sem samningurinn gildir um;
b) „svæðisstofnun um efnahagssamvinnu“ merkir samtök sem fullvalda ríki á tilteknu svæði standa að og fengið hafa framselt vald frá aðildarríkjum sínum að því er varðar þau málefni sem samningur þessi gildir um og sem fengið hafa fullt umboð samkvæmt eigin verklagsreglum til að undirrita, fullgilda, staðfesta, samþykkja eða gerast aðili að samningi þessum;
c) „aðilar sem eru viðstaddir og greiða atkvæði“ merkir aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði með eða á móti.

Conscious of the need to take measures to prevent adverse effects caused by persistent organic pollutants at all stages of their life cycle,

Reaffirming Principle 16 of the Rio Declaration on Environment and Development which states that national authorities should endeavour to promote the internalization of environmental costs and the use of economic instruments, taking into account the approach that the polluter should, in principle, bear the cost of pollution, with due regard to the public interest and without distorting international trade and investment,

Encouraging Parties not having regulatory and assessment schemes for pesticides and industrial chemicals to develop such schemes,

Recognizing the importance of developing and using environmentally sound alternative processes and chemicals,
Determined to protect human health and the environment from the harmful impacts of persistent organic pollutants,
Have agreed as follows:

Article 1
Objective

Mindful of the precautionary approach as set forth in Principle 15 of the Rio Declaration on Environment and Development, the objective of this Convention is to protect human health and the environment from persistent organic pollutants.

Article 2
Definitions

For the purposes of this Convention:

a) “Party” means a State or regional economic integration organization that has consented to be bound by this Convention and for which the Convention is in force;
b) “Regional economic integration organization” means an organization constituted by sovereign States of a given region to which its member States have transferred competence in respect of matters governed by this Convention and which has been duly authorized, in accordance with its internal procedures, to sign, ratify, accept, approve or accede to this Convention;
c) “Parties present and voting” means Parties present and casting an affirmative or negative vote.

3. gr.

Ráðstafanir til þess að draga úr eða stöðva losun vegna framleiðslu og notkunar sem eru af ásetningi.

1. Sérhver aðili skal:
   a) banna og/eða grípa til þeirra réttar- eða stjórnvaldsaðgerða sem þörf er á til þess að stöðva:
      i) framleiðslu og notkun sína á þeim efnum sem skráð eru í viðauka A, með fyrirvara um ákvæði þess viðauka; og
      ii) innflutning og útflutning þeirra efna sem skráð eru í viðauka A, samanber ákvæði 2. mgr.; og
   b) takmarka framleiðslu og notkun sína á þeim efnum sem skráð eru í viðauka B, samanber ákvæði þess viðauka.
2. Sérhver aðili skal gera ráðstafanir til þess að tryggja:
   a) að efni sem skráð er í viðauka A eða B sé aðeins flutt inn:
      i) í þeim tilgangi að farga því á vistvænan hátt, sbr. d-lið 1. mgr. 6. gr.; eða
      ii) til notkunar eða í tilgangi sem viðkomandi aðila er heimill samkvæmt viðauka A eða B;
   b) að efni, sem skráð er í viðauka A og fellur undir einhverja undanþágu sem gildir um tiltekna framleiðslu eða notkun eða efni sem skráð er í viðauka B og fellur undir einhverja undanþágu sem gildir um tiltekna framleiðslu eða notkun eða viðurkenndan tilgang, skuli, að teknu tilliti til hvers konar ákvæða sem kunna að eiga við í gildandi alþjóðasamningum um fyrirfram upplýst samþykki, einungis flutt út:
      i) í þeim tilgangi að farga því á vistvænan hátt, sbr. d-lið 1. mgr. 6. gr.;
      ii) til aðila sem er heimilt að nota viðkomandi efni samkvæmt viðauka A eða viðauka B; eða
      iii) til ríkis sem ekki er aðili að samningi þessum en hefur veitt útflutningsaðilanum árlega vottun. Í vottorðinu skal tilgreina fyrirhugaða notkun efnisins og setja inn yfirlýsingu þess efnis að innflutningsaðilinn skuldbindi sig til þess, að því er varðar viðkomandi efni:

Article 3

Measures to reduce or eliminate releases from intentional production and use

1. Each Party shall:
   a) Prohibit and/or take the legal and administrative measures necessary to eliminate:
      (i) Its production and use of the chemicals listed in Annex A subject to the provisions of that Annex; and
      (ii) Its import and export of the chemicals listed in Annex A in accordance with the provisions of paragraph 2; and
   (b) Restrict its production and use of the chemicals listed in Annex B in accordance with the provisions of that Annex.
2. Each Party shall take measures to ensure:
   a) That a chemical listed in Annex A or Annex B is imported only:
      i) For the purpose of environmentally sound disposal as set forth in paragraph 1 (d) of Article 6; or
      ii) For a use or purpose which is permitted for that Party under Annex A or Annex B;
   b) That a chemical listed in Annex A for which any production or use specific exemption is in effect or a chemical listed in Annex B for which any production or use specific exemption or acceptable purpose is in effect, taking into account any relevant provisions in existing international prior informed consent instruments, is exported only:
      i) For the purpose of environmentally sound disposal as set forth in paragraph 1 (d) of Article 6;
      ii) To a Party which is permitted to use that chemical under Annex A or Annex B; or
      iii) To a State not Party to this Convention which has provided an annual certification to the exporting Party. Such certification shall specify the intended use of the chemical and include a statement that, with respect to that chemical, the importing State is committed to:

a. að vernda heilsu manna og umhverfið með því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að lágmarka eða koma í veg fyrir losun;
b. að hlíta ákvæðum 1. mgr. 6. gr.; og
c. að hlíta ákvæðum 2. mgr. II. hluta viðauka B þar sem við á.

Vottorðinu skulu einnig fylgja hvers kyns viðeigandi fylgiskjöl, til dæmis lög, reglugerðir, stjórnsýsluleiðbeiningar eða stefnumarkandi leiðbeiningar. Útflutningsaðilinn skal framsenda vottorðið til skrifstofunnar innan 60 daga frá móttöku;

c) að efni, sem skráð er í viðauka A og ekki fellur lengur, að því er varðar neinn aðila, undir undanþágu vegna tiltekinnar framleiðslu eða notkunar, sé ekki flutt þaðan út nema í þeim tilgangi að farga því á vistvænan hátt, sbr. d-lið 1. mgr. 6. gr.;

d) að því er varðar þessa málsgrein nær hugtakið „ríki sem ekki er aðili að samningi þessum", með tilliti til tiltekins efnis, yfir ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem ekki hefur samþykkt að vera bundin af samningnum að því er varðar viðkomandi efni.

3. Sérhver aðili, sem hefur komið á fyrirkomulagi af einu eða öðru tagi til þess að meta og setja reglur um ný varnarefni eða ný efni til notkunar í iðnaði, skal gera ráðstafanir til þess að koma á stýringu í því skyni að koma í veg fyrir framleiðslu og notkun nýrra varnarefna eða nýrra efna til notkunar í iðnaði sem, með hliðsjón af viðmiðunum í 1. mgr. viðauka D, sýna einkenni þrávirkra lífrænna efna.

4. Sérhver aðili, sem hefur komið á fyrirkomulagi af einu eða öðru tagi til þess að meta og setja reglur um ný varnarefni eða ný efni til notkunar í iðnaði, skal, þar sem við á, taka, innan þess fyrirkomulags, tillit til viðmiðananna í 1. mgr. viðauka D þegar varnarefni eða efni til notkunar í iðnaði, sem eru í notkun, eru metin.

5. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um efni í því magni sem er ætlað til notkunar við rannsóknir á rannsóknastofum eða sem viðmiðunarstaðall, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

a. Protect human health and the environment by taking the necessary measures to minimize or prevent releases;
b. Comply with the provisions of paragraph 1 of Article 6; and
c. Comply, where appropriate, with the provisions of paragraph 2 of Part II of Annex B.

The certification shall also include any appropriate supporting documentation, such as legislation, regulatory instruments, or administrative or policy guidelines. The exporting Party shall transmit the certification to the Secretariat within sixty days of receipt;

c) That a chemical listed in Annex A, for which production and use specific exemptions are no longer in effect for any Party, is not exported from it except for the purpose of environmentally sound disposal as set forth in paragraph 1 (d) of Article 6;

d) For the purposes of this paragraph, the term "State not Party to this Convention" shall include, with respect to a particular chemical, a State or regional economic integration organization that has not agreed to be bound by the Convention with respect to that chemical.

3. Each Party that has one or more regulatory and assessment schemes for new pesticides or new industrial chemicals shall take measures to regulate with the aim of preventing the production and use of new pesticides or new industrial chemicals which, taking into consideration the criteria in paragraph 1 of Annex D, exhibit the characteristics of persistent organic pollutants.

4. Each Party that has one or more regulatory and assessment schemes for pesticides or industrial chemicals shall, where appropriate, take into consideration within these schemes the criteria in paragraph 1 of Annex D when conducting assessments of pesticides or industrial chemicals currently in use.

5. Except as otherwise provided in this Convention, paragraphs 1 and 2 shall not apply to quantities of a chemical to be used for laboratory-scale research or as a reference standard.

6. Aðili, sem nýtur sérstakrar undanþágu samkvæmt viðauka A eða nýtur sérstakrar undanþágu eða getur borið fyrir sig viðurkenndan tilgang samkvæmt viðauka B, skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að hvers konar framleiðsla eða notkun, samkvæmt slíkri undanþágu eða í slíkum tilgangi, sé með þeim hætti að komið sé í veg fyrir eða lágmörkuð séu váhrif á menn og losun út í umhverfið. Við notkun samkvæmt undanþágu eða í viðurkenndum tilgangi, sem felur í sér ásetningslosun út í umhverfið við eðlileg notkunarskilyrði, skal losun haldið í nauðsynlegu lágmarki, að teknu tilliti til hvers kyns viðeigandi staðla og viðmiðunarreglna.

6. Any Party that has a specific exemption in accordance with Annex A or a specific exemption or an acceptable purpose in accordance with Annex B shall take appropriate measures to ensure that any production or use under such exemption or purpose is carried out in a manner that prevents or minimizes human exposure and release into the environment. For exempted uses or acceptable purposes that in volve intentional release into the environment under conditions of normal use, such release shall be to the minimum extent necessary, taking into account any applicable standards and guidelines.

4. gr.

Skrá yfir sérstakar undanþágur.

1. Hér með er komið á skrá yfir aðila sem njóta sérstakra undanþága samkvæmt viðauka A eða B. Í henni skal ekki getið aðila sem færa sér í nyt ákvæðin í viðauka A eða B sem allir aðilar mega beita. Skrifstofan heldur skrána og skal hún aðgengileg almenningi.

2. Skráin skal hafa að geyma:
   a) upptalningu tegunda sérstakra undanþága sem er tekin úr viðaukum A og B;
   b) upptalningu aðila sem njóta sérstakrar undanþágu samkvæmt viðauka A eða B; og
   c) upptalningu dagsetninga þegar gildistími hverrar undanþágu er útrunninn.
3. Öllum ríkjum er heimilt, þegar þau gerast aðilar, að skrá sig, með skriflegri tilkynningu til skrifstofunnar, fyrir sérstökum undanþágum af einum eða öðrum toga samkvæmt viðauka A eða B.
4. Sé hvorki fyrri dagsetning tiltekin í skránni af hálfu aðila né framlenging veitt skv. 7. gr. falla allar skráningar á sérstökum undanþágum úr gildi fimm árum eftir að samningur þessi öðlast gildi með tilliti til tiltekins efnis.
5. Á fyrsta fundi sínum skal þing aðila ákveða með hvaða hætti ber að endurmeta færslur í skránni.
6. Áður en færsla í skránni er endurmetin skal viðkomandi aðili skila skýrslu til skrifstofunnar þar sem rök eru færð fyrir áframhald-

Article 4

Register of specific exemptions

1. A Register is hereby established for the purpose of identifying the Parties that have specific exemptions listed in Annex A or Annex B. It shall not identify Parties that make use of the provisions in Annex A or Annex B that may be exercised by all Parties. The Register shall be maintained by the Secretariat and shall be available to the public.
2. The Register shall include:
   (a) A list of the types of specific exemptions reproduced from Annex A and Annex B;
   (b) A list of the Parties that have a specific exemption listed under Annex A or Annex B; and
   (c) A list of the expiry dates for each registered specific exemption.
3. Any State may, on becoming a Party, by means of a notification in writing to the Secretariat, register for one or more types of specific exemptions listed in Annex A or Annex B.
4. Unless an earlier date is indicated in the Register by a Party, or an extension is granted pursuant to paragraph 7, all registrations of specific exemptions shall expire five years after the date of entry into force of this Convention with respect to a particular chemical.
5. At its first meeting, the Conference of the Parties shall decide upon its review process for the entries in the Register.
6. Prior to a review of an entry in the Register, the Party concerned shall submit a report to the Secretariat justifying its continuing need

andi þörf hans fyrir skráningu undanþágunnar. Skrifstofan skal dreifa skýrslunni til allra aðila. Endurmat skráningar skal fara fram á grundvelli allra tiltækra upplýsinga. Að því loknu getur þing aðila sent viðkomandi aðila þau tilmæli sem því þykir við hæfi.

7. Þingi aðila er heimilt, að fenginni beiðni frá viðkomandi aðila, að ákveða að framlengja gildistíma sérstakrar undanþágu í allt að fimm ár. Þegar ákvörðun er tekin skal þing aðila taka tilhlýðilegt tillit til sérstöðu þróunarlanda og landa sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti.

8. Aðila er hvenær sem er heimilt, með skriflegri tilkynningu til skrifstofunnar, að afturkalla færslu í skránni um sérstaka undanþágu. Afturköllunin öðlast gildi þann dag sem er tilgreindur í tilkynningunni.
9. Þegar enginn aðili er lengur skráður fyrir sérstakri undanþágu af tilteknum toga er óheimilt að setja inn nýjar færslur að því er hana varðar.

for registration of that exemption. The report shall be circulated by the Secretariat to all Parties. The review of a registration shall be carried out on the basis of all available information. Thereupon, the Conference of the Parties may make such recommendations to the Party concerned as it deems appropriate.

7. The Conference of the Parties may, upon request from the Party concerned, decide to extend the expiry date of a specific exemption for a period of up to five years. In making its decision, the Conference of the Parties shall take due account of the special circumstances of the developing country Parties and Parties with economies in transition.
8. A Party may, at any time, withdraw an entry from the Register for a specific exemption upon written notification to the Secretariat. The withdrawal shall take effect on the date specified in the notification.
9. When there are no longer any Parties registered for a particular type of specific exemption, no new registrations may be made with respect to it.

5. gr.

Ráðstafanir til þess að draga úr eða stöðva losun vegna framleiðslu sem er ekki af ásetningi.

Sérhver aðili skal að minnsta kosti gera eftirfarandi ráðstafanir til þess að draga úr heildarlosun af manna völdum á sérhverju því efni, sem tilgreint er í viðauka C, í því skyni að lágmarka áfram losun og stöðva hana endanlega þar sem því verður komið við:

a) semja eigin aðgerðaáætlun eða, þar sem það á við, aðgerðaáætlun fyrir svæði eða svæðishluta innan tveggja ára frá því að samningur þessi öðlast gildi að því er hann varðar og framkvæma hana síðan sem hluta af framkvæmdaáætlun sinni, sbr. 7. gr., í því skyni að finna, greina og fást við losun efnanna sem eru skráð í viðauka C og að greiða fyrir framkvæmd ákvæða b- til e-liða. Í aðgerðaáætluninni skulu meðal annars vera eftirfarandi atriði:
   i) mat á núverandi og áætlaðri losun, meðal annars gerð og viðhald skrár um uppsprettur og áætlaða losun frá þeim, með hliðsjón af uppsprettuflokkunum sem tilgreindir eru í viðauka C;

   ii) mat á skilvirkni laga og stefnumiða viðkomandi aðila sem fjalla um stjórnun slíkrar losunar;

Article 5

Measures to reduce or eliminate releases from unintentional production

Each Party shall at a minimum take the following measures to reduce the total releases derived from anthropogenic sources of each of the chemicals listed in Annex C, with the goal of their continuing minimization and, where feasible, ultimate elimination:

(a) Develop an action plan or, where appropriate, a regional or subregional action plan within two years of the date of entry into force of this Convention for it, and subsequently implement it as part of its implementation plan specified in Article 7, designed to identify, characterize and address the release of the chemicals listed in Annex C and to facilitate implementation of subparagraphs (b) to (e). The action plan shall include the following elements:
   i) An evaluation of current and projected releases, including the development and maintenance of source inventories and release estimates, taking into consideration the source categories identified in Annex C;
   ii) An evaluation of the efficacy of the laws and policies of the Party relating to the management of such releases;

iii) áætlanir um að efna þær skuldbindingar sem kveðið er á um í þessari málsgrein, að teknu tilliti til matsins í i- og ii-liðum;
iv) aðgerðir til þess að stuðla að fræðslu og þjálfun í tengslum við þessar áætlanir og efla vitund almennings um þær;
v) endurskoðun, á fimm ára fresti, á áætlunum þessum og árangri af þeim með tilliti til þess að efna skuldbindingarnar, sem um getur í þessari málsgrein, en fjalla ber um þessa endurskoðun í skýrslum sem skilað er skv. 15. gr.;
vi) tímasett áætlun um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar, meðal annars um þær áætlanir og ráðstafanir sem þar eru tilgreindar;

b) stuðla að því að gerðar verði tiltækar, hagkvæmar og raunhæfar ráðstafanir sem leiða til þess að unnt er með skjótum hætti að ná raunverulegum og markverðum árangri við að draga úr losun eða eyða uppsprettum;

c) stuðla að þróun og, þar sem viðeigandi þykir, krefjast notkunar staðgengilsefna eða breyttra efna, framleiðsluvara og vinnsluaðferða til þess að koma í veg fyrir myndun og losun efnanna, sem skráð eru í viðauka C, að teknu tilliti til almennra leiðbeininga um forvarnir og ráðstafana til þess að minnka losun sem er að finna í viðauka C og viðmiðunarreglna sem verða samþykktar með ákvörðun sem þing aðila tekur;

d) stuðla að og, í samræmi við tímaáætlun um framkvæmd aðgerðaáætlunar sinnar, krefjast notkunar á bestu fáanlegu tækni fyrir nýjar uppsprettur innan uppsprettuflokka, sem aðili hefur tilgreint að gefi tilefni til slíkra aðgerða í aðgerðaáætlun sinni, með sérstakri áherslu í upphafi á uppsprettuflokka sem tilgreindir eru í II. hluta viðauka C. Í öllu falli skal krafan um að nota bestu fáanlegu tækni fyrir nýjar uppsprettur í flokkunum, sem taldir eru upp í II. hluta þess viðauka, innleidd í áföngum svo fljótt sem auðið er, en eigi síðar en fjórum árum eftir að samningur þessi öðlast gildi að því er þann aðila varðar. Aðilar skulu stuðla að bestu umhverfisvenjum með tilliti til þeirra flokka sem hafa verið tilgreindir. Þegar viðhafðar eru besta fáanlega tækni og bestu umhverfisvenjur skulu aðilar taka mið af almennum leiðbeiningum um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir og minnka losun sem settar eru fram í þeim viðauka, auk viðmiðunarreglna um bestu fáanlegu tækni og bestu umhverfisvenjur sem verða samþykktar með ákvörðun sem þing aðila tekur;

iii) Strategies to meet the obligations of this paragraph, taking into account the evaluations in (i) and (ii);
iv) Steps to promote education and training with regard to, and awareness of, those strategies;
v) A review every five years of those strategies and of their success in meeting the obligations of this paragraph; such reviews shall be included in reports submitted pursuant to Article 15;

vi) A schedule for implementation of the action plan, including for the strategies and measures identified therein;

b) Promote the application of available, feasible and practical measures that can expeditiously achieve a realistic and meaningful level of release reduction or source elimination;

c) Promote the development and, where it deems appropriate, require the use of substitute or modified materials, products and processes to prevent the formation and release of the chemicals listed in Annex C, taking into consideration the general guidance on prevention and release reduction measures in Annex C and guidelines to be adopted by decision of the Conference of the Parties;

d) Promote and, in accordance with the implementation schedule of its action plan, require the use of best available techniques for new sources within source categories which a Party has identified as warranting such action in its action plan, with a particular initial focus on source categories identified in Part II of Annex C. In any case, the requirement to use best available techniques for new sources in the categories listed in Part II of that Annex shall be phased in as soon as practicable but no later than four years after the entry into force of the Convention for that Party. For the identified categories, Parties shall promote the use of best environmental practices. When applying best available techniques and best environmental practices, Parties should take into consideration the general guidance on prevention and release reduction measures in that Annex and guidelines on best available techniques and best environmental practices to be adopted by decision of the Conference of the Parties;

e) stuðla, í samræmi við aðgerðaáætlun sína, að því að viðhafðar séu besta fáanlega tækni og bestu umhverfisvenjur:
   i) að því er varðar uppsprettur sem þegar eru fyrir hendi, innan þeirra uppsprettuflokka sem eru taldir upp í II. hluta viðauka C og innan uppsprettuflokka á borð við þá sem getið er um í III. hluta þess viðauka; og
   ii) að því er varðar nýjar uppsprettur, innan uppsprettuflokka á borð við þá sem eru taldir upp í III. hluta viðauka C og aðili hefur ekki fengist við skv. d-lið.
   Þegar viðhafðar eru besta fáanlega tækni og bestu umhverfisvenjur skulu aðilar taka tillit til hinna almennu leiðbeininga í viðauka C um forvarnir og ráðstafanir til þess að minnka losun, auk viðmiðunarreglna um bestu fáanlegu tækni og bestu umhverfisvenjur sem verða samþykktar með ákvörðun sem þing aðila tekur;

f) að því er varðar þessa málsgrein og viðauka C gilda eftirfarandi skilgreiningar:
   i) „besta fáanlega tækni“ merkir skilvirkasta og fullkomnasta stig þróunar starfsemi og aðferða við framkvæmd hennar sem gefur til kynna hve hentug tiltekin tækni er til þess að skapa, í grundvallaratriðum, forsendur fyrir losunartakmörkunum sem eru hugsaðar til þess að koma í veg fyrir og, ef það er óframkvæmanlegt, almennt minnka losun efna, sem eru talin upp í I. hluta viðauka C, og áhrif þeirra á umhverfið í heild. Í þessu sambandi gildir eftirfarandi:
   ii) „tækni“ felur bæði í sér þá tækni sem er notuð og hvernig viðkomandi mannvirki er hannað, byggt, því haldið við, það starfrækt og tekið úr notkun;
   iii) fáanleg „tækni“ merkir þær starfsaðferðir sem rekstraraðila eru tiltækar og eru þróaðar að því marki að hægt er að beita þeim í viðkomandi atvinnugrein við skilyrði sem eru hagstæð í efnahagslegu og tæknilegu tilliti, að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings; og
   iv) „besta“ merkir skilvirkast til að ná fram háu almennu verndarstigi fyrir umhverfið í heild sinni;
   v) „bestu umhverfisvenjur“ merkir að beitt sé þeirri heppilegustu samsetningu ráðstafana og áætlana á sviði umhverfisstjórnunar sem völ er á;

e) Promote, in accordance with its action plan, the use of best available techniques and best environmental practices:
   i) For existing sources, within the source categories listed in Part II of Annex C and within source categories such as those in Part III of that Annex; and
   ii) For new sources, within source categories such as those listed in Part III of Annex C which a Party has not addressed under subparagraph (d).
   When applying best available techniques and best environmental practices, Parties should take into consideration the general guidance on prevention and release reduction measures in Annex C and guidelines on best available techniques and best environmental practices to be adopted by decision of the Conference of the Parties;

f) For the purposes of this paragraph and Annex C:
   i) "Best available techniques" means the most effective and advanced stage in the development of activities and their methods of operation which indicate the practical suitability of particular techniques for providing in principle the basis for release limitations designed to prevent and, where that is not practicable, generally to reduce releases of chemicals listed in Part I of Annex C and their impact on the environment as a whole. In this regard:
   ii) "Techniques" includes both the technology used and the way in which the installation is designed, built, maintained, operated and decommissioned;
   iii) "Available" techniques means those techniques that are accessible to the operator and that are developed on a scale that allows implementation in the relevant industrial sector, under economically and technically viable conditions, taking into consideration the costs and advantages; and
   iv) "Best" means most effective in achieving a high general level of protection of the environment as a whole;
   v) "Best environmental practices" means the application of the most appropriate combination of environmental control measures and strategies;

vi) „ný uppspretta“ merkir hvers konar uppsprettur, hafi bygging þeirra eða umtalsverðar breytingar á þeim hafist að minnsta kosti einu ári eftir dagsetningu:
   a. gildistöku samnings þessa að því er viðkomandi aðila varðar; eða
   b. gildistöku breytingar á viðauka C að því er viðkomandi aðila varðar þegar viðkomandi uppspretta fellur undir gildissvið ákvæða samnings þessa einungis vegna breytingarinnar;

g) aðila er heimilt að nota viðmiðunarmörk fyrir losun eða frammistöðustaðla til þess að efna skuldbindingar sínar varðandi bestu fáanlegu tækni samkvæmt þessari málsgrein.

vi) "New source" means any source of which the construction or substantial modification is commenced at least one year after the date of:
   a. Entry into force of this Convention for the Party concerned; or
   b. Entry into force for the Party concerned of an amendment to Annex C where the source becomes subject to the provisions of this Convention only by virtue of that amendment;

g) Release limit values or performance standards may be used by a Party to fulfill its commitments for best available techniques under this paragraph.

6. gr.

Ráðstafanir til þess að draga úr eða stöðva losun frá birgðum og úrgangi.

1. Í því skyni að tryggja að birgðir, sem samanstanda af eða innihalda efni sem annaðhvort eru talin upp í viðauka A eða viðauka B, og úrgangur, meðal annars framleiðsluvörur og hlutir þegar þau verða að úrgangi, sem samanstendur af, inniheldur eða er mengaður af efni sem eru talin upp í viðauka A, B eða C, séu meðhöndluð með þeim hætti að heilsu manna eða umhverfinu stafi ekki hætta af skal sérhver aðili:
   a) þróa viðeigandi áætlanir í því skyni að bera kennsl á:
      i) birgðir sem samanstanda af eða innihalda efni sem eru annaðhvort talin upp í viðauka A eða viðauka B; og
      ii) framleiðsluvörur og hluti í notkun og úrgang sem samanstanda af, innihalda eða eru menguð af efni sem er talið upp í viðauka A, B eða C;
   b) bera, að því marki sem unnt er, kennsl á birgðir sem samanstanda af eða innihalda efni sem eru annaðhvort talin upp í viðauka A eða viðauka B á grundvelli þeirra áætlana sem getið er um í a-lið;
   c) meðhöndla birgðir, eftir því sem við á, á öruggan, skilvirkan og vistvænan hátt. Birgðir efna, sem eru annaðhvort talin upp í viðauka A eða viðauka B, eftir að ekki er lengur heimilt að nota þau samkvæmt sérstakri undanþágu samkvæmt viðauka A eða samkvæmt sérstakri undanþágu eða í viðurkenndum tilgangi samkvæmt viðauka B, að undanskildum birgðum sem heimilt er að flytja út skv. 2.

Article 6

Measures to reduce or eliminate releases from stockpiles and wastes

1. In order to ensure that stockpiles consisting of or containing chemicals listed either in Annex A or Annex B and wastes, including products and articles upon becoming wastes, consisting of, containing or contaminated with a chemical listed in Annex A, B or C, are managed in a manner protective of human health and the environment, each Party shall:
   a) Develop appropriate strategies for identifying:
      i) Stockpiles consisting of or containing chemicals listed either in Annex A or Annex B; and
      ii) Products and articles in use and wastes consisting of, containing or contaminated with a chemical listed in Annex A, B or C;
   b) Identify, to the extent practicable, stockpiles consisting of or containing chemicals listed either in Annex A or Annex B on the basis of the strategies referred to in subparagraph (a);
   c) Manage stockpiles, as appropriate, in a safe, efficient and environmentally sound manner. Stockpiles of chemicals listed either in Annex A or Annex B, after they are no longer allowed to be used according to any specific exemption specified in Annex A or any specific exemption or acceptable purpose specified in Annex B, except stockpiles which are allowed to be exported according to paragraph 2 of

mgr. 3. gr., teljast úrgangur og skulu meðhöndlaðar skv. d-lið;

d) gera viðeigandi ráðstafanir sem miða að því að slíkur úrgangur, meðal annars framleiðsluvörur og hlutir þegar þau verða að úrgangi:
   i) hljóti meðferð, honum sé safnað saman, hann fluttur og geymdur á vistvænan hátt;
   ii) slíkum úrgangi, meðal annars framleiðsluvörum og hlutum sem verða að úrgangi, sé fargað með þeim hætti að þrávirkum lífrænum efnum, sem hann inniheldur, sé eytt eða þau ummynduð á óafturtækan hátt, þannig að þau hafi ekki lengur einkenni þrávirkra lífrænna efna, eða þeim sé fargað á annan vistvænan hátt þegar eyðing þeirra eða óafturtæk ummyndun er ekki vistvænsti kosturinn eða þegar innihald þrávirka lífræna efnisins í úrganginum er lítið, með hliðsjón af alþjóðlegum reglum, stöðlum, og viðmiðunum, meðal annars þeim sem kunna að verða þróuð skv. 2. mgr., og viðeigandi hnattrænum og svæðisbundnum stjórntækjum sem tengjast meðhöndlun spilliefna;
   iii) slíkum úrgangi, meðal annars framleiðsluvörum og hlutum sem verða að úrgangi, sé ekki fargað með aðferðum sem geta leitt til endurheimtar, endurvinnslu, endurnýtingar, beinnar endurnotkunar eða annars konar notkunar þrávirkra lífrænna efna; og
   iv) slíkur úrgangur, meðal annars framleiðsluvörur og hlutir sem verða að úrgangi, sé ekki fluttur landa á milli án þess að hliðsjón sé höfð af gildandi alþjóðareglum, stöðlum og viðmiðunarreglum;

e) kappkosta að þróa viðeigandi áætlanir til þess að bera kennsl á staði sem eru mengaðir af efnum sem eru talin upp í viðaukum A, B eða C; verði ráðist í úrbætur á slíkum stöðum skal það gert á vistvænan hátt.

2. Þing aðila skal vinna náið með þar til bærum stofnunum Basel-samningsins um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra, í því skyni meðal annars:

Article 3, shall be deemed to be waste and shall be managed in accordance with subparagraph (d);

d) Take appropriate measures so that such wastes, including products and articles upon becoming wastes, are:
   i) Handled, collected, transported and stored in an environmentally sound manner;
   ii) Disposed of in such a way that the persistent organic pollutant content is destroyed or irreversibly transformed so that they do not exhibit the characteristics of persistent organic pollutants or otherwise disposed of in an environmentally sound manner when destruction or irreversible transformation does not represent the environmentally preferable option or the persistent organic pollutant content is low, taking into account international rules, standards, and guidelines, including those that may be developed pursuant to paragraph 2, and relevant global and regional regimes governing the management of hazardous wastes;
   iii) Not permitted to be subjected to disposal operations that may lead to recovery, recycling, reclamation, direct reuse or alternative uses of persistent organic pollutants; and
   iv) Not transported across international boundaries without taking into account relevant international rules, standards and guidelines;

e) Endeavour to develop appropriate strategies for identifying sites contaminated by chemicals listed in Annex A, B or C; if remediation of those sites is undertaken it shall be performed in an environmentally sound manner.

2. The Conference of the Parties shall cooperate closely with the appropriate bodies of the Basel Convention on the Control of Transboundary Movements of Hazardous Wastes and their Disposal to, inter alia:

a) að ákvarða það stig eyðingar og óafturtækrar ummyndunar sem er nauðsynlegt til þess að tryggja að eiginleikar þrávirkra lífrænna efna, sbr. 1. mgr. viðauka D, komi ekki í ljós;

b) að finna hvaða aðferðir við förgun, sem getið er um hér að framan, teljast vistvænar; og

c) að vinna að því að ákvarða, eftir því sem við á, styrk efnanna, sem skráð eru í viðaukum A, B og C, til þess að skilgreina lágt innihald þrávirkra lífrænna efna sem getið er um í ii-lið d-liðar 1. mgr.

a) Establish levels of destruction and irreversible transformation necessary to ensure that the characteristics of persistent organic pollutants as specified in paragraph 1 of Annex D are not exhibited;

b) Determine what they consider to be the methods that constitute environmentally sound disposal referred to above; and

c) Work to establish, as appropriate, the concentration levels of the chemicals listed in Annexes A, B and C in order to define the low persistent organic pollutant content referred to in paragraph 1 (d)(ii).

7. gr.
Framkvæmdaáætlanir.

1. Sérhver aðili skal:
   a) semja og leitast við að hrinda í framkvæmd áætlun um efndir skuldbindinga sinna samkvæmt samningi þessum;
   b) senda framkvæmdaáætlun sína til þings aðila innan tveggja ára frá þeim degi er samningur þessi öðlast gildi að því er hann varðar; og
   c) endurskoða og uppfæra, eftir því sem við á, framkvæmdaáætlun sína reglulega með þeim hætti sem tilgreint verður með ákvörðun sem þing aðila tekur.
2. Aðilar skulu, þar sem við á, starfa saman með beinum hætti eða á vettvangi hnattrænna eða svæðisbundinna stofnana eða stofnana sem starfa á tilteknum svæðishlutum og hafa samráð við innlenda hagsmunaaðila, meðal annars samtök kvenna og hópa sem láta sig varða heilsu barna, í þeim tilgangi að greiða fyrir þróun, framkvæmd og uppfærslu framkvæmdaáætlana sinna.
3. Aðilar skulu kappkosta að nýta og, þar sem þess er þörf, finna leiðir til þess að fella innlendar framkvæmdaáætlanir um þrávirk lífræn efni inn í áætlanir sínar um sjálfbæra þróun þar sem það á við.

Article 7
Implementation plans

1. Each Party shall:
   a) Develop and endeavour to implement a plan for the implementation of its obligations under this Convention;
   b) Transmit its implementation plan to the Conference of the Parties within two years of the date on which this Convention enters into force for it; and
   c) Review and update, as appropriate, its implementation plan on a periodic basis and in a manner to be specified by a decision of the Conference of the Parties.
2. The Parties shall, where appropriate, cooperate directly or through global, regional and subregional organizations, and consult their national stakeholders, including women's groups and groups involved in the health of children, in order to facilitate the development, implementation and updating of their implementation plans.
3. The Parties shall endeavour to utilize and, where necessary, establish the means to integrate national implementation plans for persistent organic pollutants in their sustainable development strategies where appropriate.

8. gr.
Skráning efna í viðauka A, B og C.

1. Aðila er heimilt að leggja fram tillögu til skrifstofunnar um skráningu efnis í viðauka A, B og/eða C. Tillagan skal hafa að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í viðauka D. Aðila er heimilt að fá aðstoð við gerð tillögu sinnar frá öðrum aðilum og/eða skrifstofunni.

Article 8
Listing of chemicals in Annexes A, B and C

1. A Party may submit a proposal to the Secretariat for listing a chemical in Annexes A, B and/or C. The proposal shall contain the information specified in Annex D. In developing a proposal, a Party may be assisted by other Parties and/or by the Secretariat.

2. Skrifstofan skal sannprófa hvort tillagan hafi að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í viðauka D. Þegar skrifstofan hefur gengið úr skugga um að tillagan hafi að geyma þær upplýsingar, sem þannig eru tilgreindar, skal hún senda tillöguna áfram til endurmatsnefndar um þrávirk lífræn efni.
3. Nefndin fer yfir tillöguna og beitir þeim flokkunarviðmiðunum, sem tilgreindar eru í viðauka D, á sveigjanlegan og gagnsæjan hátt og skal hún taka tillit til allra upplýsinga, sem eru veittar, á heildstæðan og hlutlægan hátt.
4. Ákveði nefndin:
   a) að flokkunarviðmiðunum hafi, að hennar mati, verið fullnægt skal hún, fyrir milligöngu skrifstofunnar, gera tillöguna og mat nefndarinnar aðgengileg öllum aðilum og áheyrnarfulltrúum og bjóða þeim að leggja fram þær upplýsingar sem tilgreindar eru í viðauka E; eða
   b) að flokkunarviðmiðunum hafi ekki, að hennar mati, verið fullnægt skal hún, fyrir milligöngu skrifstofunnar, tilkynna það öllum aðilum og áheyrnarfulltrúum og gera tillöguna og mat nefndarinnar aðgengileg öllum aðilum og skal tillögunni þá vísað frá.
5. Sérhverjum aðila er heimilt að leggja tillögu, sem nefndin hefur vísað frá skv. 4. mgr., fyrir nefndina að nýju. Heimilt er, við endurflutning tillögu, að geta um hvers konar áhyggjuefni aðila og jafnframt láta fylgja rökstuðning fyrir frekari umfjöllun nefndarinnar. Ef nefndin vísar tillögunni frá að nýju að lokinni þessari málsmeðferð er viðkomandi aðila heimilt að véfengja ákvörðun nefndarinnar og fjallar þá þing aðila um málið á næsta fundi þingsins. Þingi aðila er heimilt, á grundvelli flokkunarviðmiðana í viðauka D og að teknu tilliti til mats nefndarinnar og hvers kyns frekari upplýsinga sem aðili eða áheyrnarfulltrúi veitir, að ákveða að taka tillöguna til áframhaldandi meðferðar.

6. Ef nefndin hefur ákveðið að flokkunarviðmiðunum hafi verið fullnægt eða ef þing aðila hefur ákveðið að taka skuli tillöguna til áframhaldandimeðferðar skal nefndin fara yfir tillöguna að nýju og taka tillit til hvers kyns frekari viðeigandi upplýsinga, sem kunna að hafa borist, og taka saman drög að áhættulýsingu í samræmi við viðauka E. Fyrir milligöngu skrifstofunnar skal nefndin gera drög-

2. The Secretariat shall verify whether the proposal contains the information specified in Annex D. If the Secretariat is satisfied that the proposal contains the information so specified, it shall forward the proposal to the Persistent Organic Pollutants Review Committee.
3. The Committee shall examine the proposal and apply the screening criteria specified in Annex D in a flexible and transparent way, taking all information provided into account in an integrative and balanced manner.
4. If the Committee decides that:
   a) It is satisfied that the screening criteria have been fulfilled, it shall, through the Secretariat, make the proposal and the evaluation of the Committee available to all Parties and observers and invite them to submit the information specified in Annex E; or
   b) It is not satisfied that the screening criteria have been fulfilled, it shall, through the Secretariat, inform all Parties and observers and make the proposal and the evaluation of the Committee available to all Parties and the proposal shall be set aside.
5. Any Party may resubmit a proposal to the Committee that has been set aside by the Committee pursuant to paragraph 4. The resubmission may include any concerns of the Party as well as a justification for additional consideration by the Committee. If, following this procedure, the Committee again sets the proposal aside, the Party may challenge the decision of the Committee and the Conference of the Parties shall consider the matter at its next session. The Conference of the Parties may decide, based on the screening criteria in Annex D and taking into account the evaluation of the Committee and any additional information provided by any Party or observer, that the proposal should proceed.
6. Where the Committee has decided that the screening criteria have been fulfilled, or the Conference of the Parties has decided that the proposal should proceed, the Committee shall further review the proposal, taking into account any relevant additional information received, and shall prepare a draft risk profile in accordance with Annex E. It shall, through the Secretariat, make that draft avail-

in aðgengileg öllum aðilum og áheyrnarfulltrúum, safna saman tæknilegum athugasemdum frá þeim og ganga endanlega frá áhættulýsingunni með hliðsjón af athugasemdunum.

7. Ef nefndin ákveður, á grundvelli áhættulýsingar sem gerð er samkvæmt viðauka E:

   a) að efnið sé líklegt, vegna flutnings þess um langan veg, til að leiða til verulegra neikvæðra áhrifa á heilsu manna og/eða á umhverfið, sem réttlætir að gripið verði til alþjóðlegra aðgerða, skal tillagan tekin til áframhaldandi málsmeðferðar. Jafnvel þótt vísindaleg fullvissa liggi ekki fyrir skal það ekki koma í veg fyrir að tillagan sé tekin til áframhaldandi málsmeðferðar. Fyrir milligöngu skrifstofunnar skal nefndin bjóða öllum aðilum og áheyrnarfulltrúum að leggja fram upplýsingar sem varða álitamálin sem tilgreind eru í viðauka F. Síðan skal hún taka saman áhættustjórnunarmat sem hefur meðal annars að geyma greiningu á hugsanlegum aðgerðum til að takmarka losun efnisins í samræmi við viðaukann; eða

   b) að tillagan skuli ekki tekin til áframhaldandi málsmeðferðar skal nefndin, fyrir milligöngu skrifstofunnar, gera áhættulýsinguna aðgengilega öllum aðilum og áheyrnarfulltrúum og vísa tillögunni frá.

8. Að því er varðar tillögu, sem vísað er frá skv. b-lið 7. mgr., er aðila heimilt að fara fram á það við þing aðila að tekið verði til athugunar að fela nefndinni að leita eftir frekari upplýsingum frá þeim aðila, sem tillöguna gerði, sem og öðrum aðilum, en frestur til þess skal ekki vera lengri en eitt ár. Að þeim fresti liðnum og á grundvelli hvers kyns upplýsinga, sem hafa borist, skal nefndin endurmeta tillöguna skv. 6. mgr. og er forgangur þá ákveðinn af þingi aðila. Ef nefndin vísar tillögunni frá að nýju að lokinni þessari málsmeðferð er aðilanum heimilt að véfengja ákvörðun nefndarinnar og fjallar þá þing aðila um málið á næsta fundi þingsins. Þingi aðila er heimilt, á grundvelli áhættulýsingarinnar sem tekin var saman í samræmi við viðauka E og með hliðsjón af mati nefndarinnar og hvers kyns frekari upplýsingum sem hafa borist frá aðila eða áheyrnarfulltrúa, að ákveða að tillagan skuli tekin til áframhaldandi málsmeðferðar. Ákveði þing aðila að tillagan skuli tekin til áframhaldandi máls-

able to all Parties and observers, collect technical comments from them and, taking those comments into account, complete the risk profile.

7. If, on the basis of the risk profile conducted in accordance with Annex E, the Committee decides:

   a) That the chemical is likely as a result of its long-range environmental transport to lead to significant adverse human health and/or environmental effects such that global action is warranted, the proposal shall proceed. Lack of full scientific certainty shall not prevent the proposal from proceeding. The Committee shall, through the Secretariat, invite information from all Parties and observers relating to the considerations specified in Annex F. It shall then prepare a risk management evaluation that includes an analysis of possible control measures for the chemical in accordance with that Annex; or

   b) That the proposal should not proceed, it shall, through the Secretariat, make the risk profile available to all Parties and observers and set the proposal aside.

8. For any proposal set aside pursuant to paragraph 7 (b), a Party may request the Conference of the Parties to consider instructing the Committee to invite additional information from the proposing Party and other Parties during a period not to exceed one year. After that period and on the basis of any information received, the Committee shall reconsider the proposal pursuant to paragraph 6 with a priority to be decided by the Conference of the Parties. If, following this procedure, the Committee again sets the proposal aside, the Party may challenge the decision of the Committee and the Conference of the Parties shall consider the matter at its next session. The Conference of the Parties may decide, based on the risk profile prepared in accordance with Annex E and taking into account the evaluation of the Committee and any additional information provided by any Party or observer, that the proposal should proceed. If the Conference of the Parties decides that the proposal shall

meðferðar skal nefndin undirbúa áhættustjórnunarmatið.

9. Á grundvelli áhættulýsingarinnar, sem getið er um í 6. mgr., og áhættustjórnunarmatsins, sem getið er um í a-lið 7. mgr. eða 8. mgr., skal nefndin gera tillögu um hvort þing aðila skuli fjalla um efnið með það fyrir augum að skrá það í viðauka A, B og/eða C. Að teknu viðeigandi tilliti til tillagna nefndarinnar, meðal annars hvers kyns efasemda af vísindalegum toga, ákveður þing aðila, með allri varúð, hvort efnið skuli skráð í viðauka A, B og/eða C og viðeigandi aðgerðir tilgreindar til að takmarka losun þess.

proceed, the Committee shall then prepare the risk management evaluation.

9. The Committee shall, based on the risk profile referred to in paragraph 6 and the risk management evaluation referred to in paragraph 7 (a) or paragraph 8, recommend whether the chemical should be considered by the Conference of the Parties for listing in Annexes A, B and/or C. The Conference of the Parties, taking due account of the recommendations of the Committee, including any scientific uncertainty, shall decide, in a precautionary manner, whether to list the chemical, and specify its related control measures, in Annexes A, B and/or C.

9. gr.
Upplýsingaskipti.

1. Sérhver aðili skal greiða fyrir upplýsingaskiptum eða takast á hendur upplýsingaskipti varðandi:
   a) minnkun eða stöðvun framleiðslu, notkunar og losunar þrávirkra lífrænna efna; og
   b) aðra valkosti í stað þrávirkra lífrænna efna, meðal annars upplýsingar um áhættu þeim samfara og efnahagslegar og félagslegar afleiðingar af notkun þeirra.
2. Aðilar skulu skiptast á upplýsingunum, sem getið er um í 1. mgr., annaðhvort með beinum hætti eða fyrir milligöngu skrifstofunnar.
3. Sérhver aðili skal tilgreina landsmiðstöð sem annast slík upplýsingaskipti.
4. Skrifstofan gegnir hlutverki dreifingarmiðstöðvar fyrir upplýsingar um þrávirk lífræn efni, meðal annars upplýsingar sem aðilar að samningi þessum veita, fjölþjóðlegar stofnanir og frjáls félagasamtök.
5. Í skilningi samnings þessa skoðast upplýsingar um heilsu og öryggi manna og um umhverfið ekki sem trúnaðarmál. Aðilar sem skiptast á öðrum upplýsingum samkvæmt samningi þessum skulu vernda hvers kyns trúnaðarupplýsingar samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi.

Article 9
Information exchange

1. Each Party shall facilitate or undertake the exchange of information relevant to:
   a) The reduction or elimination of the production, use and release of persistent organic pollutants; and
   b) Alternatives to persistent organic pollutants, including information relating to their risks as well as to their economic and social costs.
2. The Parties shall exchange the information referred to in paragraph 1 directly or through the Secretariat.
3. Each Party shall designate a national focal point for the exchange of such information.
4. The Secretariat shall serve as a clearing-house mechanism for information on persistent organic pollutants, including information provided by Parties, intergovernmental organizations and non-governmental organizations.
5. For the purposes of this Convention, information on health and safety of humans and the environment shall not be regarded as confidential. Parties that exchange other information pursuant to this Convention shall protect any confidential information as mutually agreed.

10. gr.
Upplýsingar til almennings, vitund almennings og fræðsla.

1. Sérhver aðili skal, eftir mætti, stuðla að og greiða fyrir:
   a) vitund um þrávirk lífræn efni meðal þeirra sem koma að stefnumörkun og ákvörðunartöku;

Article 10
Public information, awareness and education

1. Each Party shall, within its capabilities, promote and facilitate:
   a) Awareness among its policy and decision makers with regard to persistent organic pollutants;

b) aðgengi almennings að öllum tiltækum upplýsingum um þrávirk lífræn efni, að teknu tilliti til ákvæða 5. mgr. 9. gr.;

c) gerð og framkvæmd áætlana um fræðslu og aukna vitund almennings um þrávirk lífræn efni, áhrif þeirra á heilsu og umhverfið og valkosti í stað þeirra og skal áætlunum þessum ekki síst beint að konum, börnum og þeim sem minnsta menntun hafa;

d) þátttöku almennings í þeirri viðleitni að fást við þrávirk lífræn efni og áhrif þeirra á heilsu og umhverfið og að skipuleggja viðeigandi viðbrögð, meðal annars tækifæri almennings til þess að hafa áhrif innanlands á framkvæmd samnings þessa;

e) þjálfun verkafólks, vísindamanna, leiðbeinenda, tæknimanna og stjórnenda;

f) gerð fræðsluefnis og skiptum á því og efnis sem er ætlað að efla vitund almennings innan lands og á alþjóðavísu; og

g) skipulagningu og framkvæmd fræðslu- og þjálfunaráætlana á lands- og alþjóðavísu.

2. Sérhver aðili skal, eftir mætti, tryggja að almenningur hafi aðgang að þeim almennu upplýsingum sem getið er um í 1. mgr. og að upplýsingarnar séu uppfærðar reglulega.

3. Sérhver aðili skal, eftir mætti, hvetja notendur þrávirkra lífrænna efna í iðnaði og í atvinnuskyni til þess að stuðla að og greiða fyrir því að látnar séu í té þær upplýsingar, sem getið er um í 1. mgr., í löndum þeirra og, þar sem við á, innan svæða eða svæðishluta og á heimsvísu.

4. Aðilar geta, þegar þeir láta í té upplýsingar um þrávirk lífræn efni og valkosti í stað þeirra, notað öryggisupplýsingablöð, skýrslur, fjölmiðla og aðrar miðlunarleiðir og geta einnig komið á fót upplýsingamiðstöðvum á lands- eða svæðisvísu.

5. Sérhver aðili skal taka til jákvæðrar athugunar að þróa úrræði, til dæmis skrár yfir losun og flutning mengunarefna, í því skyni að safna og miðla upplýsingum um áætlað árlegt magn þeirra efna, sem eru talin upp í viðaukum A, B eða C, sem er losað eða fargað.

b) Provision to the public of all available information on persistent organic pollutants, taking into account paragraph 5 of Article 9;

c) Development and implementation, especially for women, children and the least educated, of educational and public awareness programmes on persistent organic pollutants, as well as on their health and environmental effects and on their alternatives;

d) Public participation in addressing persistent organic pollutants and their health and environmental effects and in developing adequate responses, including opportunities for providing input at the national level regarding implementation of this Convention;

e) Training of workers, scientists, educators and technical and managerial personnel;

f) Development and exchange of educational and public awareness materials at the national and international levels; and

g) Development and implementation of education and training programmes at the national and international levels.

2. Each Party shall, within its capabilities, ensure that the public has access to the public information referred to in paragraph 1 and that the information is kept up-to-date.

3. Each Party shall, within its capabilities, encourage industry and professional users to promote and facilitate the provision of the information referred to in paragraph 1 at the national level and, as appropriate, subregional, regional and global levels.

4. In providing information on persistent organic pollutants and their alternatives, Parties may use safety data sheets, reports, mass media and other means of communication, and may establish information centres at national and regional levels.

5. Each Party shall give sympathetic consideration to developing mechanisms, such as pollutant release and transfer registers, for the collection and dissemination of information on estimates of the annual quantities of the chemicals listed in Annex A, B or C that are released or disposed of.

11. gr.

Rannsóknir, þróun og eftirlit.

1. Sérhver aðili skal, eftir mætti, á landsvísu og alþjóðavísu, hvetja til og/eða ráðast í rannsóknir, þróunarvinnu, eftirlit og samvinnu varðandi þrávirk lífræn efni og, þar sem það á við, aðra valkosti í stað þeirra og efni sem kunna að vera þrávirk lífræn efni, meðal annars að því er varðar:

   a) uppsprettur þeirra og losun út í umhverfið;
   b) tilvist þeirra, magn og þróun í líkama manna og í umhverfinu;
   c) flutning þeirra í umhverfinu, afdrif og ummyndun;
   d) áhrif þeirra á heilsu manna og umhverfið;
   e) félagsleg, efnahagsleg og menningarleg áhrif þeirra;
   f) minnkun á losun þeirra og/eða eyðingu þeirra; og
   g) samræmda aðferðarfræði við að taka saman skrár um uppsprettur þar sem þrávirk lífræn efni verða til og greiningartækni til nota við mælingu losunar.

2. Þegar gripið er til aðgerða skv. 1. mgr. skulu aðilar, eftir mætti:
   a) styðja og þróa frekar, eftir því sem við á, alþjóðlegar áætlanir, samstarfsnet og stofnanir sem miða að því að skilgreina, stjórna, meta og fjármagna rannsóknir, gagnasöfnun og eftirlit, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að halda tvíverknaði í lágmarki;
   b) styðja innlenda og alþjóðlega viðleitni til þess að auka vísindalega og tæknilega rannsóknargetu í einstökum löndum, einkum hjá þróunarlöndum og löndum sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, og stuðla að aðgengi að og skiptum á gögnum og greiningu;
   c) taka tillit til málefna og þarfa, einkum sem lúta að fjárhagslegum og tæknilegum úrræðum, sem varða þróunarlönd og lönd sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti og vinna saman að því að bæta getu þeirra til þess að taka þátt í aðgerðunum sem getið er um í a- og b-liðum;
   d) ráðast í rannsóknarvinnu sem miðar að því að draga úr áhrifum þrávirkra lífrænna efna á æxlunarheilsu;

Article 11

Research, development and monitoring

1. The Parties shall, within their capabilities, at the national and international levels, encourage and/or undertake appropriate research, development, monitoring and cooperation pertaining to persistent organic pollutants and, where relevant, to their alternatives and to candidate persistent organic pollutants, including on their:
   a) Sources and releases into the environment;
   b) Presence, levels and trends in humans and the environment;
   c) Environmental transport, fate and transformation;
   d) Effects on human health and the environment;
   e) Socio-economic and cultural impacts;
   f) Release reduction and/or elimination; and
   g) Harmonized methodologies for making inventories of generating sources and analytical techniques for the measurement of releases.

2. In undertaking action under paragraph 1, the Parties shall, within their capabilities:
   a) Support and further develop, as appropriate, international programmes, networks and organizations aimed at defining, conducting, assessing and financing research, data collection and monitoring, taking into account the need to minimize duplication of effort;
   b) Support national and international efforts to strengthen national scientific and technical research capabilities, particularly in developing countries and countries with economies in transition, and to promote access to, and the exchange of, data and analyses;
   c) Take into account the concerns and needs, particularly in the field of financial and technical resources, of developing countries and countries with economies in transition and cooperate in improving their capability to participate in the efforts referred to in subparagraphs (a) and (b);
   d) Undertake research work geared towards alleviating the effects of persistent organic pollutants on reproductive health;

e) gera niðurstöður rannsókna, þróunarstarfs og eftirlits, sem getið er um í þessari málsgrein, aðgengilegar almenningi í tíma og með reglubundnum hætti; og
f) hvetja til og/eða ráðast í samstarf um varðveislu og viðhald upplýsinga sem verða til við rannsóknir, þróun og eftirlit.

12. gr.
Tæknileg aðstoð.

1. Aðilar gera sér ljóst að viðeigandi tæknileg aðstoð, sem veitt er tímanlega þegar beiðni berst frá aðilum sem eru þróunarríki eða sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, er nauðsynleg ef framkvæmd samnings þessa á að skila árangri.
2. Aðilar skulu vinna saman að því að veita tímanlega og viðeigandi tæknilega aðstoð til aðila, sem eru þróunarríki og aðila sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, í því skyni að hjálpa þeim, með hliðsjón af þörfum hvers og eins, við að þróa og styrkja getu sína til þess að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.
3. Í þessu sambandi skal tæknileg aðstoð, sem aðilar, sem eru iðnríki, og aðrir aðilar munu veita eftir mætti, fela í sér, eftir því sem við á og gagnkvæmt samkomulag næst um, tæknilega aðstoð sem stuðlar að aukinni færni til að efna skuldbindingar samkvæmt samningi þessum. Þing aðila skal veita frekari leiðsögn um þessi atriði.
4. Aðilar skulu, eftir því sem við á, gera ráðstafanir til þess að veita tæknilega aðstoð og stuðla að miðlun tækniþekkingar til aðila sem eru þróunarlönd og aðila, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, varðandi framkvæmd samnings þessa. Slíkar ráðstafanir skulu meðal annars felast í svæðisbundnum miðstöðvum og miðstöðvum, sem eru bundnar við svæðishluta, sem er ætlað að auka færni og miðla þekkingu í því skyni að aðstoða aðila sem eru þróunarlönd og aðila, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, til þess að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum. Þing aðila skal veita frekari leiðsögn um þessi atriði.
5. Aðilar skulu, með skírskotun til þessa ákvæðis og í aðgerðum sínum með tilliti til tæknilegrar aðstoðar, taka fullt tillit til sérþarfa

e) Make the results of their research, development and monitoring activities referred to in this paragraph accessible to the public on a timely and regular basis; and
f) Encourage and/or undertake cooperation with regard to storage and maintenance of information generated from research, development and monitoring.

Article 12
Technical assistance

1. The Parties recognize that rendering of timely and appropriate technical assistance in response to requests from developing country Parties and Parties with economies in transition is essential to the successful implementation of this Convention.
2. The Parties shall cooperate to provide timely and appropriate technical assistance to developing country Parties and Parties with economies in transition, to assist them, taking into account their particular needs, to develop and strengthen their capacity to implement their obligations under this Convention.
3. In this regard, technical assistance to be provided by developed country Parties, and other Parties in accordance with their capabilities, shall include, as appropriate and as mutually agreed, technical assistance for capacity-building relating to implementation of the obligations under this Convention. Further guidance in this regard shall be provided by the Conference of the Parties.
4. The Parties shall establish, as appropriate, arrangements for the purpose of providing technical assistance and promoting the transfer of technology to developing country Parties and Parties with economies in transition relating to the implementation of this Convention. These arrangements shall include regional and subregional centres for capacity-building and transfer of technology to assist developing country Parties and Parties with economies in transition to fulfil their obligations under this Convention. Further guidance in this regard shall be provided by the Conference of the Parties.
5. The Parties shall, in the context of this Article, take full account of the specific needs and special situation of least developed

hinna minnst þróuðu landa og vanþróaðra smárra eyríkja.

13. gr.

Fjármagn og skipulag.

1. Sérhver aðili skuldbindur sig, eftir mætti, til að veita fjárhagslegan stuðning og ívilnanir með tilliti til þeirrar starfsemi innanlands, sem er ætlað að stuðla að því að markmiðum samnings þessa verði náð, í samræmi við fyrirætlanir innanlands, forgangsröðun og áætlanir.
2. Aðilar, sem eru iðnríki, skulu leggja fram nýtt og aukið fjármagn til að gera aðilum sem eru þróunarlönd og aðilum, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, kleift að rísa undir öllum samningsbundnum viðbótarkostnaði af aðgerðum, sem ráðist er í til þess að efna skuldbindingar samkvæmt samningi þessum, eftir samkomulagi milli viðtökuaðila og aðila að því kerfi sem er lýst í 6. mgr. Aðrir aðilar geta einnig lagt fram slíkt fjármagn að eigin frumkvæði og eftir mætti. Hvetja ber einnig til framlaga frá öðrum gjöfurum. Þegar skuldbindingar þessar eru efndar skal taka mið af nauðsyn þess að fjármagn sé nægilegt og greiðslur fyrirsjáanlegar og tímanlegar, svo og af mikilvægi þess að aðilar sem fjármagnið veita skipti með sér byrðinni.
3. Aðilum, sem eru iðnríki, sem og öðrum aðilum er einnig heimilt, eftir mætti og í samræmi við fyrirætlanir, forgangsröðun og áætlanir innanlands, að veita, og aðilum sem eru þróunarlönd og aðilum, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, er heimilt að færa sér í nyt, fjármagn til þess að stuðla að því að hrinda samningi þessum í framkvæmd, eftir öðrum tvíhliða, svæðisbundnum og fjölþjóðlegum leiðum.
4. Árangur aðila, sem eru þróunarlönd, af því að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum er undir því kominn að aðilar, sem eru iðnríki, efni skuldbindingar sínar með skilvirkum hætti samkvæmt samningi þessum að því er varðar fjármagn, tæknilega aðstoð og miðlun tækni. Fullt tillit verður tekið til þess að sjálfbær efnahagsleg og félagsleg þróun og útrýming fátæktar eru fyrstu og brýnustu forgangsverkefni þeirra aðila að samningi þessum sem eru þróunarlönd, um leið og eðlilegt tillit er tekið til nauðsynjar þess að vernda heilsu manna og umhverfið.

countries and small island developing states in their actions with regard to technical assistance.

Article 13

Financial resources and mechanisms

1. Each Party undertakes to provide, within its capabilities, financial support and incentives in respect of those national activities that are intended to achieve the objective of this Convention in accordance with its national plans, priorities and programmes.
2. The developed country Parties shall provide new and additional financial resources to enable developing country Parties and Parties with economies in transition to meet the agreed full incremental costs of implementing measures which fulfill their obligations under this Convention as agreed between a recipient Party and an entity participating in the mechanism described in paragraph 6. Other Parties may also on a voluntary basis and in accordance with their capabilities provide such financial resources. Contributions from other sources should also be encouraged. The implementation of these commitments shall take into account the need for adequacy, predictability, the timely flow of funds and the importance of burden sharing among the contributing Parties.
3. Developed country Parties, and other Parties in accordance with their capabilities and in accordance with their national plans, priorities and programmes, may also provide and developing country Parties and Parties with economies in transition avail themselves of financial resources to assist in their implementation of this Convention through other bilateral, regional and multilateral sources or channels.
4. The extent to which the developing country Parties will effectively implement their commitments under this Convention will depend on the effective implementation by developed country Parties of their commitments under this Convention relating to financial resources, technical assistance and technology transfer. The fact that sustainable economic and social development and eradication of poverty are the first and overriding priorities of the developing country Parties will be taken fully into account, giving due consideration to the need for the protection of human health and the environment.

5. Aðilar skulu taka fullt tillit til sérþarfa og sérstöðu hinna minnst þróuðu landa og vanþróaðra smárra eyríkja í fjármögnunaraðgerðum sínum.

6. Hér með er komið á kerfi sem er ætlað að útvega nægjanlegt fjármagn til aðila sem eru þróunarlönd og aðila, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, í formi styrkja eða ívilnana í því skyni að aðstoða þá við framkvæmd samnings þessa. Rekstur kerfisins skal lúta stjórn og leiðsögn þings aðila, eftir því sem við á, og er endanleg ábyrgð á honum þess að því er varðar samning þennan. Rekstur kerfisins skal falinn einni eða fleiri stofnunum, meðal annars starfandi alþjóðlegum stofnunum, eftir ákvörðun þings aðila. Innan kerfis þessa geta og starfað aðrar stofnanir sem veita fjárhags- og tækniaðstoð sem er fjölþjóðleg, svæðisbundin og tvíhliða. Framlög til kerfisins skulu koma til viðbótar öðru fjármagni til aðila sem eru þróunarlönd og aðila, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, eins og kemur fram í og er í samræmi við 2. mgr.
7. Í samræmi við markmið samnings þessa og 6. mgr. skal þing aðila samþykkja, á fyrsta fundi sínum, viðeigandi leiðsögn sem skal láta kerfinu í té og komast að samkomulagi við þá stofnun eða þær stofnanir, sem þátt taka í fjármögnunarkerfinu, um aðferðir til þess að hrinda því í framkvæmd. Aðstoð í formi leiðsagnar skal meðal annars ná til:
   a) mótunar stefnu, langtímaáætlunar og forgangsröðunar, sem og nákvæmra og gagnsærra viðmiðana og leiðbeininga um skilyrði fyrir aðgangi að fjármagni og nýtingu þess, meðal annars eftirlits með slíkri nýtingu og reglulegs mats á henni;
   b) reglulegrar skýrslugjafar af hálfu stofnunarinnar eða stofnananna til þings aðila um það hvort fjármögnun starfsemi, sem varðar framkvæmd samnings þessa, sé fullnægjandi og sjálfbær;
   c) stuðnings við aðferðir, kerfi og fyrirkomulag á sviði fjármögnunar þar sem um marga gjafara er að ræða;
   d) þess hvernig skuli ákvarða, með fyrirsjáanlegum og skýrum hætti, upphæð þess fjármagns sem er nauðsynlegt og tiltækt verður til að hrinda samningi þessum í framkvæmd, með hliðsjón af því að áform

5. The Parties shall take full account of the specific needs and special situation of the least developed countries and the small island developing states in their actions with regard to funding.
6. A mechanism for the provision of adequate and sustainable financial resources to developing country Parties and Parties with economies in transition on a grant or concessional basis to assist in their implementation of the Convention is hereby defined. The mechanism shall function under the authority, as appropriate, and guidance of, and be accountable to the Conference of the Parties for the purposes of this Convention. Its operation shall be entrusted to one or more entities, including existing international entities, as may be decided upon by the Conference of the Parties. The mechanism may also include other entities providing multilateral, regional and bilateral financial and technical assistance. Contributions to the mechanism shall be additional to other financial transfers to developing country Parties and Parties with economies in transition as reflected in, and in accordance with, paragraph 2.
7. Pursuant to the objectives of this Convention and paragraph 6, the Conference of the Parties shall at its first meeting adopt appropriate guidance to be provided to the mechanism and shall agree with the entity or entities participating in the financial mechanism upon arrangements to give effect thereto. The guidance shall address, inter alia:
   a) The determination of the policy, strategy and programme priorities, as well as clear and detailed criteria and guidelines regarding eligibility for access to and utilization of financial resources including monitoring and evaluation on a regular basis of such utilization;
   b) The provision by the entity or entities of regular reports to the Conference of the Parties on adequacy and sustainability of funding for activities relevant to the implementation of this Convention;
   c) The promotion of multiple-source funding approaches, mechanisms and arrangements;
   d) The modalities for the determination in a predictable and identifiable manner of the amount of funding necessary and available for the implementation of this Convention, keeping in mind that the

um að hætta notkun þrávirkra lífrænna efna í áföngum kunna að kalla á fjárstuðning til langs tíma, og skilyrði fyrir reglulegri endurskoðun þessarar upphæðar; og

e) þess hvernig skuli aðstoða aðila, sem eiga hagsmuna að gæta, varðandi þarfamat, upplýsingar um tiltækt fjármagn og fjárveitingarmynstur, til þess að auðvelda samræmingu þeirra á milli.

8. Þing aðila skal, eigi síðar en á öðrum fundi sínum og reglulega eftir það, endurmeta skilvirkni kerfisins, sem var komið á fót samkvæmt þessari grein, getu þess til að sinna breytilegum þörfum aðila sem eru þróunarlönd og aðila, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, viðmiðanirnar og leiðbeiningarnar sem getið er um í 7. mgr., fjármögnunarstig og hve skilvirk frammistaða þeirra stofnana er sem var falið að starfrækja fjármögnunarkerfið. Þingið skal, á grundvelli slíkrar endurskoðunar, gera viðeigandi ráðstafanir til þess að auka skilvirkni kerfisins, ef þurfa þykir, til dæmis með tilmælum og leiðbeiningum um ráðstafanir til þess að tryggja viðunandi og sjálfbæra fjármögnun til að unnt sé að mæta þörfum aðila.

14. gr.

Fjárhagsráðstafanir til bráðabirgða.

Stofnanagerð Alþjóðlega umhverfissjóðsins, sem er starfræktur í samræmi við gerning um stofnun hins endurskipulagða Alþjóðlega umhverfissjóðs, skal til bráðabirgða vera sá aðili sem að meginhluta er falin starfræksla fjármögnunarkerfisins, sem getið er um í 13. gr., frá gildistöku samnings þessa til fyrsta fundar þings aðila eða til þess tíma þegar þing aðila ákveður hvaða stofnanagerð skuli gilda skv. 13. gr. Stofnanagerð Alþjóðlega umhverfissjóðsins ætti að gegna þessu hlutverki með rekstrarfyrirkomulagi sem tengist þrávirkum lífrænum efnum sérstaklega, að teknu tilliti til þess að nauðsynlegt kann að vera að gera nýjar ráðstafanir varðandi þennan málaflokk.

phasing out of persistent organic pollutants might require sustained funding, and the conditions under which that amount shall be periodically reviewed; and

e) The modalities for the provision to interested Parties of assistance with needs assessment, information on available sources of funds and on funding patterns in order to facilitate coordination among them.

8. The Conference of the Parties shall review, not later than its second meeting and thereafter on a regular basis, the effectiveness of the mechanism established under this Article, its ability to address the changing needs of the developing country Parties and Parties with economies in transition, the criteria and guidance referred to in paragraph 7, the level of funding as well as the effectiveness of the performance of the institutional entities entrusted to operate the financial mechanism. It shall, based on such review, take appropriate action, if necessary, to improve the effectiveness of the mechanism, including by means of recommendations and guidance on measures to ensure adequate and sustainable funding to meet the needs of the Parties.

Article 14

Interim financial arrangements

The institutional structure of the Global Environment Facility, operated in accordance with the Instrument for the Establishment of the Restructured Global Environment Facility, shall, on an interim basis, be the principal entity entrusted with the operations of the financial mechanism referred to in Article 13, for the period between the date of entry into force of this Convention and the first meeting of the Conference of the Parties, or until such time as the Conference of the Parties decides which institutional structure will be designated in accordance with Article 13. The institutional structure of the Global Environment Facility should fulfill this function through operational measures related specifically to persistent organic pollutants taking into account that new arrangements for this area may be needed.

15. gr.
Skýrslugjöf.

1. Sérhver aðili skal skila skýrslu til þings aðila um ráðstafanir sem hann hefur gert til þess að uppfylla ákvæði samnings þessa og um skilvirkni slíkra ráðstafana í þeirri viðleitni að markmið hans nái fram að ganga.
2. Sérhver aðili skal láta skrifstofunni í té:
   a) tölfræðilegar upplýsingar um heildarframleiðslu sína, innflutning og útflutning á hverju því efni, sem er talið upp í viðaukum A og B, eða réttmætt mat slíkra gagna; og
   b) að því marki sem raunhæft getur talist, skrá yfir þau ríki sem hann hefur flutt hvert slíkt efni inn frá og skrá yfir þau ríki sem hann hefur flutt hvert slíkt efni út til.
3. Þessum skýrslum skal skilað reglulega og á því formi sem þing aðila ákveður á fyrsta fundi sínum.

16. gr.
Mat á skilvirkni.

1. Fjórum árum eftir gildistöku samningsins, og reglulega þar á eftir samkvæmt nánari ákvörðun þings aðila, skal þingið leggja mat á skilvirkni samnings þessa.

2. Í því augnamiði að auðvelda slíkt mat skal þing aðila, á fyrsta fundi sínum, hefjast handa um að ákveða aðferðir til þess að afla sér samanburðarhæfra gagna um eftirlit með tilvist efnanna, sem eru skráð í viðaukum A, B og C, svo og um flutning þeirra í umhverfi innan svæða og á heimsvísu. Um þær aðferðir, sem eru valdar, gildir eftirfarandi:
   a) aðilar skulu beita þeim innan svæða, þegar við á, í samræmi við tæknilega og fjárhagslega getu sína, styðjast við gildandi áætlanir um og aðferðir við eftirlit að því leyti sem unnt er og stuðla að samræmingu aðferða;

   b) heimilt er að auka við þær ef nauðsyn krefur, að teknu tilliti til mismunandi aðstæðna milli svæða og getu þeirra til þess að framkvæma eftirlit; og
   c) í þeim skal felast skýrslugerð til þings aðila um niðurstöður eftirlits innan svæða og á heimsvísu sem skal framkvæmd eins oft og þing aðila tilgreinir.

Article 15
Reporting

1. Each Party shall report to the Conference of the Parties on the measures it has taken to implement the provisions of this Convention and on the effectiveness of such measures in meeting the objectives of the Convention.
2. Each Party shall provide to the Secretariat:
   a) Statistical data on its total quantities of production, import and export of each of the chemicals listed in Annex A and Annex B or a reasonable estimate of such data; and
   b) To the extent practicable, a list of the States from which it has imported each such substance and the States to which it has exported each such substance.
3. Such reporting shall be at periodic intervals and in a format to be decided by the Conference of the Parties at its first meeting.

Article 16
Effectiveness evaluation.

1. Commencing four years after the date of entry into force of this Convention, and periodically thereafter at intervals to be decided by the Conference of the Parties, the Conference shall evaluate the effectiveness of this Convention.
2. In order to facilitate such evaluation, the Conference of the Parties shall, at its first meeting, initiate the establishment of arrangements to provide it self with comparable monitoring data on the presence of the chemicals listed in Annexes A, B and C as well as their regional and global environmental transport. These arrangements:
   a) Should be implemented by the Parties on a regional basis when appropriate, in accordance with their technical and financial capabilities, using existing monitoring programmes and mechanisms to the extent possible and promoting harmonization of approaches;
   b) May be supplemented where necessary, taking into account the differences between regions and their capabilities to implement monitoring activities; and
   c) Shall include reports to the Conference of the Parties on the results of the monitoring activities on a regional and global basis at intervals to be specified by the Conference of the Parties.

3. Matið, sem er lýst í 1. mgr., skal framkvæmt á grundvelli tiltækra vísinda-, umhverfis-, tækni- og fjárhagslegra upplýsinga, meðal annars:
   a) skýrslna og annarra eftirlitsupplýsinga sem eru látnar í té skv. 2. mgr.;
   b) innlendra skýrslna sem er skilað skv. 15. gr.; og
   c) upplýsinga um vanefndir sem berast samkvæmt þeirri málsmeðferð sem er komið á skv. 17. gr.

17. gr.
Vanefndir.

Þing aðila skal, svo fljótt sem auðið er, móta og samþykkja starfsreglur og verklagsreglur stofnana til þess að ákvarða hvað skuli teljast til vanefnda á ákvæðum samnings þessa og hvaða meðferð aðilar, sem uppvísir verða að vanefndum, skuli hljóta.

18. gr.
Lausn deilumála.

1. Aðilar að samningi þessum skulu leysa öll deilumál, sem kunna að rísa milli þeirra um túlkun eða beitingu samningsins, með samningaviðræðum eða öðrum friðsamlegum hætti að eigin vali.
2. Aðili að samningi þessum, sem ekki er svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, getur, þegar hann fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum, eða hvenær sem er síðar, sent vörsluaðila skriflega yfirlýsingu um að rísi deila vegna túlkunar eða beitingar samningsins skuldbindi sá aðili sig til að hlíta annarri eða báðum eftirfarandi leiða til lausnar deilunni, svo fremi að annar deiluaðili geri það einnig:

   a) deilunni verði vísað til gerðardóms samkvæmt starfsreglum sem þing aðila setur í viðauka svo fljótt sem auðið er;

   b) deilunni verði vísað til Alþjóðadómstólsins.
3. Aðili að samningi þessum, sem er svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, getur gefið yfirlýsingu, sem hefur svipuð áhrif að því er varðar gerðardómsmeðferð, í samræmi við það fyrirkomulag sem getið er um í a-lið 2. mgr.
4. Yfirlýsing, sem er gefin skv. 2. eða 3. mgr., gildir þar til hún rennur út samkvæmt eigin ákvæðum eða þar til þrír mánuðir eru liðnir

3. The evaluation described in paragraph 1 shall be conducted on the basis of available scientific, environmental, technical and economic information, including:
   a) Reports and other monitoring information provided pursuant to paragraph 2;
   b) National reports submitted pursuant to Article 15; and
   c) Non-compliance information provided pursuant to the procedures established under Article 17.

Article 17
Non-compliance

The Conference of the Parties shall, as soon as practicable, develop and approve procedures and institutional mechanisms for determining non-compliance with the provisions of this Convention and for the treatment of Parties found to be in non-compliance.

Article 18
Settlement of disputes

1. Parties shall settle any dispute between them concerning the interpretation or application of this Convention through negotiation or other peaceful means of their own choice.

2. When ratifying, accepting, approving or acceding to the Convention, or at any time thereafter, a Party that is not a regional economic integration organization may declare in a written instrument submitted to the depositary that, with respect to any dispute concerning the interpretation or application of the Convention, it recognizes one or both of the following means of dispute settlement as compulsory in relation to any Party accepting the same obligation:
   a) Arbitration in accordance with procedures to be adopted by the Conference of the Parties in an annex as soon as practicable;
   b) Submission of the dispute to the International Court of Justice.
3. A Party that is a regional economic integration organization may make a declaration with like effect in relation to arbitration in accordance with the procedure referred to in paragraph 2 (a).

4. A declaration made pursuant to paragraph 2 or paragraph 3 shall remain in force until it expires in accordance with its terms or until

frá því að skrifleg yfirlýsing um afturköllun hennar berst vörsluaðila.

5. Gildislok yfirlýsingar, tilkynning um afturköllun eða ný yfirlýsing hefur engin áhrif á mál sem bíða úrlausnar fyrir gerðardómi eða Alþjóðadómstólnum, nema deiluaðilar séu sammála um annað.

6. Hafi deiluaðilar ekki fallist á sömu leið eða hafi þeir fallist á hvoruga þá leið, sem getið er um í 2. mgr., og hafi þeir ekki getað leyst deilu sína innan 12 mánaða frá því að einn aðili tilkynnti öðrum að deila væri risin milli þeirra, skal deilan, að ósk hvaða deiluaðila sem er, lögð fyrir sáttanefnd. Sáttanefnd skal skila skýrslu með tilmælum. Frekari starfsreglur um sáttanefndina skal setja í viðauka sem verður samþykktur á þingi aðila eigi síðar en á öðrum fundi þess.

three months after written notice of its revocation has been deposited with the depositary.

5. The expiry of a declaration, a notice of revocation or a new declaration shall not in any way affect proceedings pending before an arbitral tribunal or the International Court of Justice unless the parties to the dispute otherwise agree.

6. If the parties to a dispute have not accepted the same or any procedure pursuant to paragraph 2, and if they have not been able to settle their dispute within twelve months following notification by one party to another that a dispute exists between them, the dispute shall be submitted to a conciliation commission at the request of any party to the dispute. The conciliation commission shall render a report with recommendations. Additional procedures relating to the conciliation commission shall be included in an annex to be adopted by the Conference of the Parties no later than at its second meeting.

19. gr.
Þing aðila.

1. Þing aðila er hér með stofnað.

2. Framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna boðar til fyrsta fundar þings aðila eigi síðar en einu ári eftir gildistöku samnings þessa. Eftir það skulu almennir fundir þings aðila haldnir með reglubundnum hætti eftir ákvörðun þingsins.

3. Aukafundir þings aðila skulu haldnir eftir því sem þingið kann að telja nauðsynlegt eða að fenginni skriflegri beiðni frá einhverjum aðila, enda hljóti beiðnin stuðning að minnsta kosti eins þriðja hluta aðila.

4. Þing aðila skal, með almennu samkomulagi á fyrsta fundi sínum, ákveða og samþykkja starfsreglur fyrir þingið og hverja þá undirstofnun sem þingið kann að koma á fót, svo og fjárhagsleg ákvæði varðandi rekstur skrifstofunnar.

5. Þing aðila skal kanna og endurmeta reglulega framkvæmd samnings þessa. Þingið skal inna af hendi þau störf sem því eru falin samkvæmt samningi þessum og skal í þeim tilgangi:

Article 19
Conference of the Parties

1. A Conference of the Parties is hereby established.

2. The first meeting of the Conference of the Parties shall be convened by the Executive Director of the United Nations Environment Programme no later than one year after the entry into force of this Convention. Thereafter, ordinary meetings of the Conference of the Parties shall be held at regular intervals to be decided by the Conference.

3. Extraordinary meetings of the Conference of the Parties shall be held at such other times as may be deemed necessary by the Conference, or at the written request of any Party provided that it is supported by at least one third of the Parties.

4. The Conference of the Parties shall by consensus agree upon and adopt at its first meeting rules of procedure and financial rules for itself and any subsidiary bodies, as well as financial provisions governing the functioning of the Secretariat.

5. The Conference of the Parties shall keep under continuous review and evaluation the implementation of this Convention. It shall perform the functions assigned to it by the Convention and, to this end, shall:

a) koma á fót, til viðbótar við það sem er krafist skv. 6. mgr., þeim undirstofnunum sem þingið telur nauðsynlegar til að hrinda samningnum í framkvæmd;
b) starfa, þar sem það á við, með þar til bærum alþjóðastofnunum, milliríkjastofnunum og frjálsum félagasamtökum;
c) endurmeta reglulega allar upplýsingar, sem aðilum eru tiltækar skv. 15. gr., meðal annars umfjöllun um skilvirkni iii-liðar b-liðar 2. mgr. 3. gr.; og
d) fjalla um og grípa til hverra þeirra viðbótaraðgerða sem kunna að vera nauðsynlegar til að ná markmiðum samnings þessa.

6. Á fyrsta fundi sínum skal þing aðila koma á fót undirstofnun, sem ber heitið „endurmatsnefnd um þrávirk lífræn efni“, í þeim tilgangi að vinna þau störf sem nefndinni eru falin með samningi þessum. Í þessu sambandi gildir eftirfarandi:
   a) þing aðila skal tilnefna nefndarmenn í endurmatsnefnd um þrávirk lífræn efni. Nefndarmenn skulu tilnefndir af stjórnvöldum og vera sérfræðingar á sviði mats efna eða umsjónar með efnum. Nefndarmenn skulu skipaðir á grundvelli sanngjarnrar landafræðilegrar dreifingar;
   b) þing aðila tekur ákvörðun um verksvið, skipulag og starfsemi nefndarinnar; og
   c) nefndin skal leita allra leiða til þess að ná almennu samkomulagi um tilmæli sín. Hafi allar tilraunir til að ná almennu samkomulagi reynst árangurslausar og samkomulag ekki tekist skulu slík tilmæli, sem síðasta úrræði, samþykkt með atkvæðum tveggja þriðju hluta þeirra nefndarmanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.
7. Á þriðja fundi sínum skal þing aðila meta hvort áfram er þörf þeirrar málsmeðferðar sem er lýst í b-lið 2. mgr 3. gr. og fjalla meðal annars um skilvirkni hennar.
8. Sameinuðu þjóðunum, sérstofnunum þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni, sem og

a) Establish, further to the requirements of paragraph 6, such subsidiary bodies as it considers necessary for the implementation of the Convention;
b) Cooperate, where appropriate, with competent international organizations and intergovernmental and non-governmental bodies;
c) Regularly review all information made available to the Parties pursuant to Article 15, including consideration of the effectiveness of paragraph 2 (b) (iii) of Article 3; and
d) Consider and undertake any additional action that may be required for the achievement of the objectives of the Convention.

6. The Conference of the Parties shall, at its first meeting, establish a subsidiary body to be called the Persistent Organic Pollutants Review Committee for the purposes of performing the functions assigned to that Committee by this Convention. In this regard:
   a) The members of the Persistent Organic Pollutants Review Committee shall be appointed by the Conference of the Parties. Membership of the Committee shall consist of government-designated experts in chemical assessment or management. The members of the Committee shall be appointed on the basis of equitable geographical distribution;
   b) The Conference of the Parties shall decide on the terms of reference, organization and operation of the Committee; and
   c) The Committee shall make every effort to adopt its recommendations by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no consensus reached, such recommendation shall as a last resort be adopted by a two-thirds majority vote of the members present and voting.
7. The Conference of the Parties shall, at its third meeting, evaluate the continued need for the procedure contained in paragraph 2 (b) of Article 3, including consideration of its effectiveness.
8. The United Nations, its specialized agencies and the International Atomic Energy Agency,

hverju því ríki sem ekki er aðili að samningi þessum, er heimilt að eiga áheyrnarfulltrúa á þingi aðila. Sérhverri annarri nefnd eða stofnun, hvort sem hún er innlend eða alþjóðleg, á vegum ríkis eða frjálsra félagasamtaka, sem er fullhæf á þeim sviðum sem samningur þessi fjallar um og hefur tilkynnt skrifstofunni um þá ósk sína að eiga áheyrnarfulltrúa á fundi þings aðila, er heimilt að veita aðgang, nema að minnsta kosti einn þriðji hluti viðstaddra aðila sé því mótfallinn. Aðgangur og þátttaka áheyrnarfulltrúa skal vera samkvæmt þeim starfsreglum sem þing aðila hefur samþykkt.

20. gr.
Skrifstofa.

1. Skrifstofa er hér með sett á stofn.
2. Hlutverk skrifstofunnar skal vera:
   a) að undirbúa fundi þings aðila og undirstofnana þess og veita þeim þjónustu eftir þörfum;
   b) að auðvelda aðstoð við aðila, einkum þróunarlönd og aðila, sem eru að taka upp nýja búskaparhætti í efnahagslegu tilliti, við að hrinda samningi þessum í framkvæmd, þegar þess er óskað;
   c) að tryggja nauðsynlegt samræmi við starfsemi skrifstofa annarra hlutaðeigandi alþjóðastofnana;
   d) að semja og gera aðilum aðgengilegar reglulegar skýrslur sem eru byggðar á upplýsingum sem hafa borist skv. 15. gr. og öðrum tiltækum upplýsingum;
   e) að gera, undir almennri leiðsögn þings aðila, stjórnunarlegar og samningsbundnar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi skrifstofunnar; og
   f) að annast önnur skrifstofustörf, sem eru tilgreind í samningi þessum, og önnur þau störf sem þing aðila kann að ákveða.
3. Framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna skal sinna störfum skrifstofunnar, nema þing aðila ákveði með atkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, að fela einni eða fleiri alþjóðastofnunum störf skrifstofunnar.

as well as any State not Party to this Convention, may be represented at meetings of the Conference of the Parties as observers. Any body or agency, whether national or international, governmental or non-governmental, qualified in matters covered by the Convention, and which has informed the Secretariat of its wish to be represented at a meeting of the Conference of the Parties as an observer may be admitted unless at least one third of the Parties present object. The admission and participation of observers shall be subject to the rules of procedure adopted by the Conference of the Parties.

Article 20
Secretariat

1. A Secretariat is hereby established.
2. The functions of the Secretariat shall be:
   a) To make arrangements for meetings of the Conference of the Parties and its subsidiary bodies and to provide them with services as required;
   b) To facilitate assistance to the Parties, particularly developing country Parties and Parties with economies in transition, on request, in the implementation of this Convention;
   c) To ensure the necessary coordination with the secretariats of other relevant international bodies;
   d) To prepare and make available to the Parties periodic reports based on information received pursuant to Article 15 and other available information;
   e) To enter, under the overall guidance of the Conference of the Parties, into such administrative and contractual arrangements as may be required for the effective discharge of its functions; and
   f) To perform the other secretariat functions specified in this Convention and such other functions as may be determined by the Conference of the Parties.
3. The secretariat functions for this Convention shall be performed by the Executive Director of the United Nations Environment Programme, unless the Conference of the Parties decides, by a three-fourths majority of the Parties present and voting, to entrust the secretariat functions to one or more other international organizations.

21. gr.

Breytingar á samningnum.

1. Sérhverjum aðila að samningi þessum er heimilt að leggja til breytingar á honum.
2. Breytingar á samningi þessum skulu samþykktar á fundi þings aðila. Skrifstofan skal senda aðilum texta sérhverrar breytingartillögu að minnsta kosti sex mánuðum fyrir fundinn þar sem tillagan er tekin til umfjöllunar. Skrifstofan skal einnig senda breytingartillögur öllum þeim sem undirritað hafa samning þennan og einnig vörsluaðila til upplýsingar.

3. Aðilar að samningi þessum skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná samkomulagi um breytingartillögur við samning þennan. Hafi allar tilraunir til að ná almennu samkomulagi reynst árangurslausar og hafi samkomulag ekki náðst skal tillagan, sem síðasta úrræði, samþykkt með atkvæðum þriggja fjórðu hluta þeirra aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.
4. Vörsluaðili skal senda breytinguna öllum aðilum að samningnum til fullgildingar, staðfestingar eða samþykkis.
5. Vörsluaðila skal tilkynnt skriflega um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytingar. Breyting, sem hefur verið samþykkt í samræmi við 3. mgr., öðlast gildi, að því er varðar þá aðila að samningi þessum sem hafa staðfest hana, á nítugasta degi eftir að vörsluaðila hafa borist skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki frá að minnsta kosti þremur fjórðu hlutum aðila að samningnum. Eftir það skal breytingin öðlast gildi, að því er hvern annan aðila að samningnum varðar, á nítugasta degi frá þeim degi er sá aðili afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytingarinnar.

Article 21

Amendments to the Convention

1. Amendments to this Convention may be proposed by any Party.
2. Amendments to this Convention shall be adopted at a meeting of the Conference of the Parties. The text of any proposed amendment shall be communicated to the Parties by the Secretariat at least six months before the meeting at which it is proposed for adoption. The Secretariat shall also communicate proposed amendments to the signatories to this Convention and, for information, to the depositary.
3. The Parties shall make every effort to reach agreement on any proposed amendment to this Convention by consensus. If all efforts at consensus have been exhausted, and no agreement reached, the amendment shall as a last resort be adopted by a three-fourths majority vote of the Parties present and voting.

4. The amendment shall be communicated by the depositary to all Parties for ratification, acceptance or approval.
5. Ratification, acceptance or approval of an amendment shall be notified to the depositary in writing. An amendment adopted in accordance with paragraph 3 shall enter into force for the Parties having accepted it on the ninetieth day after the date of deposit of instruments of ratification, acceptance or approval by at least three-fourths of the Parties. Thereafter, the amendment shall enter into force for any other Party on the ninetieth day after the date on which that Party deposits its instrument of ratification, acceptance or approval of the amendment.

22. gr.

Samþykki viðauka og breyting á þeim.

1. Viðaukar við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans og ef ekki er beinlínis kveðið á um annað telst tilvísun í samning þennan jafnframt tilvísun í viðauka við hann.

2. Viðbótarviðaukar hvers konar skulu takmarkast við málsmeðferð og vísindaleg, tæknileg eða stjórnsýsluleg málefni.
3. Eftirfarandi málsmeðferð gildir um tillögu um, samþykki og gildistöku viðbótarviðauka við samning þennan:

Article 22

Adoption and amendment of annexes

1. Annexes to this Convention shall form an integral part thereof and, unless expressly provided otherwise, a reference to this Convention constitutes at the same time a reference to any annexes thereto.
2. Any additional annexes shall be restricted to procedural, scientific, technical or administrative matters.
3. The following procedure shall apply to the proposal, adoption and entry into force of additional annexes to this Convention:

a) viðbótarviðaukar við samning þennan skulu bornir upp og samþykktir samkvæmt þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. mgr. 21. gr.;
b) hver sá aðili sem ekki getur samþykkt viðbótarviðauka við samning þennan skal tilkynna vörsluaðila það skriflega innan eins árs frá tilkynningu vörsluaðila um samþykki viðbótarviðaukans. Vörsluaðili skal tafarlaust tilkynna öllum aðilum um hverja slíka tilkynningu sem berst. Aðila er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla fyrri yfirlýsingu um andmæli við viðbótarviðauka og öðlast viðaukinn þá gildi að því er þann aðila varðar, samanber þó ákvæði c-liðar; og
c) að einu ári liðnu frá tilkynningu vörsluaðila um samþykki viðbótarviðauka skal viðaukinn öðlast gildi að því er varðar alla aðila að samningi þessum sem ekki hafa lagt fram tilkynningu í samræmi við ákvæði b-liðar.

4. Tillaga um breytingar og samþykki og gildistaka breytinga á viðauka A, B eða C skulu háð sömu málsmeðferð og tillaga um viðbótarviðauka við samninginn og samþykki og gildistaka slíks viðauka, að því undanskildu að breyting á viðauka A, B eða C öðlast ekki gildi að því er varðar aðila sem gefið hefur út yfirlýsingu um breytingar á þeim viðaukum skv. 4. mgr. 25. gr., en í slíku tilviki skal breytingin öðlast gildi að því er varðar viðkomandi aðila á nítugasta degi eftir að hann hefur afhent vörsluaðila skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki viðkomandi breytingar.

5. Eftirfarandi málsmeðferð gildir um tillögu um breytingu á viðauka D, E eða F og samþykki og gildistöku slíkrar breytingar:
a) tillögur um breytingar skulu gerðar samkvæmt þeirri tilhögun sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 21. gr.;
b) aðilar að samningi þessum skulu taka ákvarðanir um breytingar á viðauka D, E eða F með almennu samkomulagi; og
c) vörsluaðili skal þegar í stað tilkynna aðilum ákvarðanir um breytingar á viðauka D, E eða F. Breytingar öðlast gildi að því er varðar alla aðila að samningi þessum á þeim degi sem er tilgreindur í ákvörðuninni.

a) Additional annexes shall be proposed and adopted according to the procedure laid down in paragraphs 1, 2 and 3 of Article 21;
b) Any Party that is unable to accept an additional annex shall so notify the depositary, in writing, within one year from the date of communication by the depositary of the adoption of the additional annex. The depositary shall without delay notify all Parties of any such notification received. A Party may at any time withdraw a previous notification of non-acceptance in respect of any additional annex, and the annex shall thereupon enter into force for that Party subject to subparagraph (c); and
c) On the expiry of one year from the date of the communication by the depositary of the adoption of an additional annex, the annex shall enter into force for all Parties that have not submitted a notification in accordance with the provisions of subparagraph (b).

4. The proposal, adoption and entry into force of amendments to Annex A, B or C shall be subject to the same procedures as for the proposal, adoption and entry into force of additional annexes to this Convention, except that an amendment to Annex A, B or C shall not enter into force with respect to any Party that has made a declaration with respect to amendment to those Annexes in accordance with paragraph 4 of Article 25, in which case any such amendment shall enter into force for such a Party on the ninetieth day after the date of deposit with the depositary of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession with respect to such amendment.

5. The following procedure shall apply to the proposal, adoption and entry into force of an amendment to Annex D, E or F:
a) Amendments shall be proposed according to the procedure in paragraphs 1 and 2 of Article 21;
b) The Parties shall take decisions on an amendment to Annex D, E or F by consensus; and
c) A decision to amend Annex D, E or F shall forthwith be communicated to the Parties by the depositary. The amendment shall enter into force for all Parties on a date to be specified in the decision.

6. Ef viðbótarviðauki eða breyting á viðauka tengist breytingu á samningi þessum öðlast viðbótarviðaukinn eða breytingin ekki gildi fyrr en breytingin á samningnum öðlast gildi.

23. gr.
Atkvæðisréttur.

1. Sérhver aðili að samningi þessum hefur eitt atkvæði með þeim undantekningum sem kveðið er á um í 2. mgr.
2. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal, í málum er falla undir valdsvið hennar, neyta atkvæðisréttar síns með þeim fjölda atkvæða sem nemur fjölda þeirra aðildarríkja stofnunarinnar sem eru aðilar að samningi þessum. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríkja hennar gerir það og öfugt.

24. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Stokkhólmi af hálfu allra ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu hinn 23. maí 2001 og í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 24. maí 2001 til 22. maí 2002.

25. gr.
Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu. Aðild að honum af hálfu ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu skal vera opin frá og með deginum eftir að fresti til undirritunar lýkur. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skal afhenda vörsluaðila til vörslu.

2. Hver sú svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem gerist aðili að samningi þessum án þess að nokkurt aðildarríkja hennar sé aðili, skal vera bundin af öllum skuldbindingum samkvæmt samningnum. Þegar um er að ræða slíka stofnun, þar sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að samningi þessum, taka stofnunin og aðildarríki hennar ákvörðun um hvernig hvert og eitt þeirra efnir skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Í slíkum tilvikum geta stofnunin og aðildarríkin ekki neytt réttar síns samkvæmt samningnum samtímis.

6. If an additional annex or an amendment to an annex is related to an amendment to this Convention, the additional annex or amendment shall not enter into force until such time as the amendment to the Convention enters into force.

Article 23
Right to vote

1. Each Party to this Convention shall have one vote, except as provided for in paragraph 2.

2. A regional economic integration organization, on matters within its competence, shall exercise its right to vote with a number of votes equal to the number of its member States that are Parties to this Convention. Such an organization shall not exercise its right to vote if any of its member States exercises its right to vote, and vice versa.

Article 24
Signature

This Convention shall be open for signature at Stockholm by all States and regional economic integration organizations on 23 May 2001, and at the United Nations Headquarters in New York from 24 May 2001 to 22 May 2002.

Article 25
Ratification, acceptance, approval or accession

1. This Convention shall be subject to ratification, acceptance or approval by States and by regional economic integration organizations. It shall be open for accession by States and by regional economic integration organizations from the day after the date on which the Convention is closed for signature. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the depositary.
2. Any regional economic integration organization that becomes a Party to this Convention without any of its member States being a Party shall be bound by all the obligations under the Convention. In the case of such organizations, one or more of whose member States is a Party to this Convention, the organization and its member States shall decide on their respective responsibilities for the performance of their obligations under the Convention. In such cases, the organization and the member States shall not be entitled to exercise rights under the Convention concurrently.

3. Stofnanir um efnahagssamvinnu skulu í skjölum sínum um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild lýsa yfir hvert valdsvið þeirra sé í þeim málum sem samningurinn nær til. Enn fremur skulu þær þegar í stað tilkynna vörsluaðila, sem síðan tilkynnir það öðrum aðilum að samningnum, ef veruleg breyting verður á valdsviði þeirra.

4. Í skjölum sínum um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er aðilum að samningnum heimilt að lýsa því yfir að hvað þá varðar muni hvers kyns breytingar á viðauka A, B eða C fyrst öðlast gildi þegar skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að breytingunni er afhent til vörslu.

26. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir afhendingu fimmtugasta skjalsins um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.
2. Að því er varðar hvert það ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að samningi þessum eftir afhendingu fimmtugasta skjalsins um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, skal samningurinn öðlast gildi á nítugasta degi eftir afhendingu skjals viðkomandi ríkis eða svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.
3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skal ekki litið svo á að skjal, sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir til vörslu, komi til viðbótar þeim skjölum sem aðildarríki viðkomandi stofnunar hafa afhent til vörslu.

27. gr.
Fyrirvarar.

Enga fyrirvara má gera við samning þennan.

28. gr.
Uppsögn.

1. Aðili getur sagt upp aðild sinni að samningi þessum, með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila, hvenær sem er eftir að þrjú ár eru liðin frá því að samningurinn öðlast gildi að því er hann varðar.
2. Hver slík uppsögn skal öðlast gildi þegar eitt ár er liðið frá því að vörsluaðili tekur við tilkynningu um uppsögnina eða á þeim degi

3. In its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, a regional economic integration organization shall declare the extent of its competence in respect of the matters governed by this Convention. Any such organization shall also inform the depositary, who shall in turn inform the Parties, of any relevant modification in the extent of its competence.
4. In its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, any Party may declare that, with respect to it, any amendment to Annex A, B or C shall enter into force only upon the deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession with respect thereto.

Article 26
Entry into force

1. This Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit of the fiftieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession.
2. For each State or regional economic integration organization that ratifies, accepts or approves this Convention or accedes thereto after the deposit of the fiftieth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Convention shall enter into force on the ninetieth day after the date of deposit by such State or regional economic integration organization of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.
3. For the purpose of paragraphs 1 and 2, any instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by member States of that organization.

Article 27
Reservations

No reservations may be made to this Convention.

Article 28
Withdrawal

1. At any time after three years from the date on which this Convention has entered into force for a Party, that Party may withdraw from the Convention by giving written notification to the depositary.
2. Any such withdrawal shall take effect upon the expiry of one year from the date of receipt by the depositary of the notification

síðar sem kann að vera tilgreindur í tilkynningunni um uppsögn.

29. gr.
Vörsluaðili.

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa.

30. gr.
Gildir textar.

Frumrit samnings þessa, en textar þess á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal falið aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Stokkhólmi hinn 22. maí 2001.

of withdrawal, or on such later date as may be specified in the notification of withdrawal.

Article 29
Depositary

The Secretary-General of the United Nations shall be the depositary of this Convention.

Article 30
Authentic texts

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned, being duly authorized to that effect, have signed this Convention.

Done at Stockholm on this twenty-second day of May, two thousand and one.

Viðauki A.
EYÐING
I. hluti.

Efni	Starfsemi	Sérstök undanþága
Aldrín* CAS-nr.: 309-00-2	Framleiðsla	Engin
	Notkun	Staðbundið útsníklaeitur Skordýraeitur
Klórdan* CAS-nr.: 57-74-9	Framleiðsla	Skv. heimild aðila í skránni
	Notkun	Staðbundið útsníklaeitur Skordýraeitur Hvítmauraeitur Hvítmauraeitur í byggingum og stíflum Hvítmauraeitur í vegum Aukefni í krossviðarlími
Díeldrín* CAS-nr.: 60-57-1	Framleiðsla	Engin
	Notkun	Í landbúnaði
Endrín* CAS-nr.: 72-20-8	Framleiðsla	Engin
	Notkun	Engin
Heptaklór* CAS-nr.: 76-44-8	Framleiðsla	Engin
	Notkun	Hvítmauraeitur Hvítmauraeitur í burðarvirkjum húsa Hvítmauraeitur (neðanjarðar) Viðarvörn Í notkun í kapalstokkum neðanjarðar
Hexaklórbensen CAS-nr.: 118-74-1	Framleiðsla	Skv. heimild aðila í skránni
	Notkun	Milliefni Leysiefni í plöntu varnarefnum Milliefni notuð staðbundið í lokuðu kerfi
Mírex* CAS-nr.: 2385-85-5	Framleiðsla	Skv. heimild til aðila í skránni
	Notkun	Hvítmauraeitur
Toxafen* CAS-nr.: 8001-35-2	Framleiðsla	Engin
	Notkun	Engin
Fjölklóruð bífenýl (PCB)*	Framleiðsla	Engin
	Notkun	Hlutir í notkun skv. ákvæðum II. hluta þessa viðauka

Annex A
ELIMINATION
Part I

Chemical	Activity	Specific exemption
Aldrin* CAS No: 309-00-2	Production	None
	Use	Local ectoparasiticide Insecticide
Chlordane* CAS No: 57-74-9	Production	As allowed for the Parties listed in the Register
	Use	Local ectoparasiticide Insecticide Termiticide Termiticide in buildings and dams Termiticide in roads Additive in plywood adhesives
Dieldrin* CAS No: 60-57-1	Production	None
	Use	In agricultural operations
Endrin* CAS No: 72-20-8	Production	None
	Use	None
Heptachlor* CAS No: 76-44-8	Production	None
	Use	Termiticide Termiticide instructures of houses Termiticide (subterranean) Wood treatment In use in underground cable boxes
Hexachlorobenzene CAS No: 118-74-1	Production	As allowed for the Parties listed in the Register
	Use	Intermediate Solvent in pesticide Closed system site limited intermediate
Mirex* CAS No: 2385-85-5	Production	As allowed for the Parties listed in the Register
	Use	Termiticide
Toxaphene* CAS No: 8001-35-2	Production	None
	Use	None
Polychlorinated Biphenyls (PCB)*	Production	None
	Use	Articles in use in accordance with the provisions of Part II of this Annex

Athugasemdir:

i) Ef annað er ekki tilgreint í samningi þessum skal litið svo á að ekki beri að skrá efni, sem koma fyrir sem óáformuð snefilaðskotaefni í framleiðsluvörum og hlutum, í viðauka þennan.

ii) Athugasemd þessi telst ekki sérstök undanþága sem gildir um tiltekna framleiðslu og notkun í skilningi 2. mgr. 3. gr. Líta skal svo á að ekki beri að skrá í viðauka þennan efni, sem koma fyrir sem innihaldsefni í hlutum sem eru framleiddir eða eru þegar í notkun fyrir þann dag eða á þeim degi sem viðkomandi skuldbinding öðlast gildi, að því er varðar það efni, enda hafi aðili tilkynnt skrifstofunni að tiltekin tegund hlutar sé áfram í notkun á landsvæði hans. Skrifstofan skal sjá til þess að slíkar tilkynningar séu aðgengilegar almenningi.

iii) Þessi athugasemd, sem gildir ekki um efni sem eru stjörnumerkt í efnadálknum í I. hluta þessa viðauka, telst ekki sérstök undanþága sem gildir um tiltekna framleiðslu og notkun í skilningi 2. mgr. 3. gr. Að því gefnu að ekki sé gert ráð fyrir að umtalsvert magn efnisins nái til manna og umhverfisins meðan á framleiðslu og notkun milliefnis stendur, sem er staðbundið í lokuðu kerfi, getur aðili, eftir að hafa tilkynnt skrifstofunni um það, heimilað framleiðslu og notkun efnis sem er skráð í þennan viðauka sem milliefni og notað staðbundið í lokuðu kerfi og er efnafræðilega ummyndað við framleiðslu á öðrum efnum sem, miðað við forsendur í 1. mgr. í viðauka D, sýna ekki eiginleika þrávirkra lífrænna efna. Tilkynningin skal hafa að geyma upplýsingar eða raunhæfa áætlun um heildarframleiðslu og notkun slíks efnis, svo og upplýsingar um eðli ferlisins innan staðbundna lokaða kerfisins, meðal annars um magn hvers kyns óummyndaðrar og óáformaðrar snefilmengunar upphafsefnis þrávirka lífræna efnisins í hinni endanlegu vöru. Þessi verklagsregla gildir nema annað sé tekið fram í þessum viðauka. Skrifstofan skal sjá til þess að slíkar tilkynningar séu aðgengilegar þingi aðila og almenningi. Slík framleiðsla eða notkun telst ekki framleiðsla eða notkun samkvæmt undanþágu sem gildir um tiltekna framleiðslu og notkun. Slíkri framleiðslu og notkun skal hætt að loknu 10 ára tímabili, nema aðilinn, sem um ræðir, skili inn nýrri tilkynningu til skrifstofunnar, en þá framlengist tímabilið

Notes:

i) Except as otherwise specified in this Convention, quantities of a chemical occurring as unintentional trace contaminants in products and articles shall not be considered to be listed in this Annex;

ii) This note shall not be considered as a production and use specific exemption for purposes of paragraph 2 of Article 3. Quantities of a chemical occurring as constituents of articles manufactured or already in use before or on the date of entry into force of the relevant obligation with respect to that chemical, shall not be considered as listed in this Annex, provided that a Party has notified the Secretariat that a particular type of article remains in use within that Party. The Secretariat shall make such notifications publicly available;

iii) This note, which does not apply to a chemical that has an asterisk following its name in the Chemical column in Part I of this Annex, shall not be considered as a production and use specific exemption for purposes of paragraph 2 of Article 3. Given that no significant quantities of the chemical are expected to reach humans and the environment during the production and use of a closed-system site-limited intermediate, a Party, upon notification to the Secretariat, may allow the production and use of quantities of a chemical listed in this Annex as a closed-system site-limited intermediate that is chemically transformed in the manufacture of other chemicals that, taking into consideration the criteria in paragraph 1 of Annex D, do not exhibit the characteristics of persistent organic pollutants. This notification shall include information on total production and use of such chemical or a reasonable estimate of such information and information regarding the nature of the closed-system site-limited process including the amount of any non-transformed and unintentional trace contamination of the persistent organic pollutant-starting material in the final product. This procedure applies except as otherwise specified in this Annex. The Secretariat shall make such notifications available to the Conference of the Parties and to the public. Such production or use shall not be considered a production or use specific exemption. Such production and use shall cease after a ten-year

um 10 ár til viðbótar, nema þing aðila ákveði annað að undangenginni athugun á framleiðslunni og notkuninni. Tilkynningarferlið má endurtaka.

iv) Aðilum er heimilt að beita öllum sérstökum undanþágum í viðauka þessum að því tilskildu að þeir hafi skráð undanþágur að því er þær varðar í samræmi við 4. gr., með þeirri undantekningu að notkun fjölklóraðra bífenýla (PCB) í hlutum, sem eru í notkun í samræmi við ákvæði II. hluta þessa viðauka, er öllum aðilum heimil.

II. hluti.
Fjölklóruð bífenýl.

Sérhver aðili skal:

a) í því augnamiði að stöðva notkun fjölklóraðra bífenýla í búnaði (t.d. spennubreytum, þéttum eða öðrum geymum er innihalda efnin í fljótandi formi) fyrir árið 2025, með fyrirvara um endurmat af hálfu þings aðila, grípa til aðgerða í samræmi við eftirfarandi forgangsröðun:
   i) beita ákveðnum aðgerðum til að leita uppi, merkja og taka úr notkun búnað sem inniheldur meira en 10% fjölklóraðra bífenýla og meira en fimm lítra af þeim;
   ii) beita ákveðnum aðgerðum til að leita uppi, merkja og taka úr notkun búnað sem inniheldur meira en 0,05% fjölklóraðra bífenýla og meira en fimm lítra af þeim;
   iii leitast við að leita uppi og taka úr notkun búnað sem inniheldur meira en 0,005% fjölklóraðra bífenýla og meira en 0,05 lítra af þeim;
b) stuðla að eftirfarandi ráðstöfunum til þess að draga úr váhrifum og áhættu í þeim tilgangi að hafa stjórn á notkun fjölklóraðra bífenýla í samræmi við forgangsröðina í a-lið:
   i) nota efnin einungis í heilum og ólekum búnaði og aðeins á svæðum þar sem áhættu vegna losunar út í umhverfið má halda í lágmarki og bæta úr með skjótum hætti;
   ii) nota þau ekki í búnaði á svæðum sem tengjast framleiðslu og vinnslu matvæla eða dýrafóðurs;

period, unless the Party concerned submits a new notification to the Secretariat, in which case the period will be extended for an additional ten years unless the Conference of the Parties, after a review of the production and use decides otherwise. The notification procedure can be repeated;

iv) All the specific exemptions in this Annex may be exercised by Parties that have registered exemptions in respect of them in accordance with Article 4 with the exception of the use of polychlorinated biphenyls in articles in use in accordance with the provisions of Part II of this Annex, which may be exercised by all Parties.

Part II
Polychlorinated biphenyls

Each Party shall:

a) With regard to the elimination of the use of polychlorinated biphenyls in equipment (e.g. transformers, capacitors or other receptacles containing liquid stocks) by 2025, subject to review by the Conference of the Parties, take action in accordance with the following priorities:
   i) Make determined efforts to identify, label and remove from use equipment containing greater than 10 per cent polychlorinated biphenyls and volumes greater than 5 litres;
   ii) Make determined efforts to identify, label and remove from use equipment containing greater than 0.05 per cent polychlorinated biphenyls and volumes greater than 5 litres;
   iii) Endeavour to identify and remove from use equipment containing greater than 0.005 per cent polychlorinated biphenyls and volumes greater than 0.05 litres;
b) Consistent with the priorities in subparagraph (a), promote the following measures to reduce exposures and risk to control the use of polychlorinated biphenyls:
   i) Use only in intact and non-leaking equipment and only in areas where the risk from environmental release can be minimised and quickly remedied;
   ii) Not use in equipment in areas associated with the production or processing of food or feed;

iii) við notkun í byggð, meðal annars í skólum og sjúkrahúsum, gera allar raunhæfar ráðstafanir til þess að verjast rafmagnsbilunum sem leitt gætu til eldsvoða og gera reglulegar lekaprófanir á búnaðinum;

c) þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr., tryggja að búnaður, sem inniheldur fjölklóruð bífenýl, sbr. a-lið, sé ekki fluttur út eða inn nema til förgunar með vistvænum hætti;

d) ekki leyfa endurheimt vökva sem innihalda meira magn fjölklóraðra bífenýla en 0,005% til endurnotkunar í öðrum búnaði, nema þegar um er að ræða viðhald og þjónustu;

e) grípa til markvissra aðgerða í þeim tilgangi að stuðla að vistvænni meðhöndlun vökva sem innihalda fjölklóruð bífenýl og búnaðar sem er mengaður fjölklóruðum bífenýlum þar sem innihald fjölklóraðra bífenýla er yfir 0,005%, í samræmi við 1. mgr. 6. gr. og eins fljótt og auðið er en þó eigi síðar en árið 2028, með fyrirvara um endurmat af hálfu þings aðila;

f) í stað þess sem segir í athugasemd ii) í I. hluta þessa viðauka, kappkosta að leita uppi aðra hluti sem innihalda meira en 0,005% fjölklóraðra bífenýla (t.d. kapalslíður, verkað þétti-efni og málaða hluti) og meðhöndla þá í samræmi við 1. mgr. 6. gr.;

g) skila skýrslu um framvindu eyðingar fjölklóraðra bífenýla á fimm ára fresti og leggja hana fyrir þing aðila í samræmi við 15. gr.;

h) skýrslurnar, sem er lýst í g-lið, skulu, eftir því sem við á, teknar til umfjöllunar á þingi aðila þegar endurmat þess á fjölklóruðu bífenýli fer fram. Þing aðila skal endurmeta framvindu eyðingar fjölklóraðra bífenýla á fimm ára fresti, eða með öðrum fresti, eftir því sem við á, að teknu tilliti til fyrrnefndra skýrslna.

iii) When used in populated areas, including schools and hospitals, all reasonable measures to protect from electrical failure which could result in a fire, and regular inspection of equipment for leaks;

c) Notwithstanding paragraph 2 of Article 3, ensure that equipment containing polychlorinated biphenyls, as described in subparagraph (a), shall not be exported or imported except for the purpose of environmentally sound waste management;

d) Except for maintenance and servicing operations, not allow recovery for the purpose of reuse in other equipment of liquids with polychlorinated biphenyls content above 0.005 percent;

e) Make determined efforts designed to lead to environmentally sound waste management of liquids containing polychlorinated biphenyls and equipment contaminated with polychlorinated biphenyls having a polychlorinated biphenyls content above 0.005 percent, in accordance with paragraph 1 of Article 6, as soon as possible but no later than 2028, subject to review by the Conference of the Parties;

f) In lieu of note (ii) in Part I of this Annex, endeavour to identify other articles containing more than 0.005 percent polychlorinated biphenyls (e.g. cable-sheaths, cured caulk and painted objects) and manage them in accordance with paragraph 1 of Article 6;

g) Provide a report every five years on progress in eliminating polychlorinated biphenyls and submit it to the Conference of the Parties pursuant to Article 15;

h) The reports described in subparagraph (g) shall, as appropriate, be considered by the Conference of the Parties in its reviews relating to polychlorinated biphenyls. The Conference of the Parties shall review progress towards elimination of polychlorinated biphenyls at five year intervals or other period, as appropriate, taking into account such reports.

Viðauki B.
TAKMÖRKUN
I. hluti.

Efni	Starfsemi	Viðurkenndur tilgangur eða sérstök undanþága
DDT (1,1,1-tríklóró-2,2-bis(4-klóró fenýl)etan) CAS-nr.: 50-29-3	Framleiðsla	*Viðurkenndur tilgangur:* Notkun við smitvarnir í samræmi við II. hluta þessa viðauka. *Sérstök undanþága:* Milliefni í framleiðslu díkófóls Milliefni
	Notkun	*Viðurkenndur tilgangur:* Smitvarnir í samræmi við II. hluta þessa viðauka. *Sérstök undanþága:* Framleiðsla díkófóls Milliefni

Annex B
RESTRICTION
Part I

Chemical	Activity	Acceptable purpose or specific exemption
DDT (1,1,1-trichloro-2,2-bis(4-chloro phenyl) ethane) CAS No: 50-29-3	Production	*Acceptable purpose:* Disease vector control use in accordance with Part II of this Annex *Specific exemption:* Intermediate in production of dicofol Intermediate
	Use	*Acceptable purpose:* Disease vector control in accordance with Part II of this Annex *Specific exemption:* Production of dicofol Intermediate

Athugasemdir:

i) Ef annað er ekki tilgreint í samningi þessum skal litið svo á að ekki beri að skrá í viðauka þennan það magn efnis sem fyrir kemur sem óáformað snefilaðskotaefni í framleiðsluvörum og hlutum.

ii) Athugasemd þessi telst ekki sérstök undanþága sem gildir um tiltekna framleiðslu og notkun í skilningi 2. mgr. 3. gr. Líta skal svo á að ekki beri að skrá í viðauka þennan efni, sem fyrir koma sem innihaldsefni í hlutum sem eru framleiddir eða eru þegar í notkun fyrir þann dag eða á þeim degi sem viðkomandi skuldbinding öðlast gildi, að því er varðar það efni, enda hafi aðili tilkynnt skrifstofunni að tiltekin tegund hluta sé enn í notkun á landsvæði hans. Skrifstofan skal sjá til þess að slíkar tilkynningar séu aðgengilegar almenningi.

iii) Athugasemd þessi telst ekki sérstök undanþága sem gildir um tiltekna framleiðslu og notkun í skilningi 2. mgr. 3. gr. Að því gefnu að ekki sé gert ráð fyrir að umtalsvert magn efnisins nái til manna og umhverfisins meðan á framleiðslu og notkun milliefnis stendur, sem er staðbundið í lokuðu kerfi, getur aðili, eftir að hafa tilkynnt skrifstofunni um það, heimilað framleiðslu og notkun efnis sem er skráð í þennan viðauka sem milliefni og not-

Notes:

i) Except as otherwise specified in this Convention, quantities of a chemical occurring as unintentional trace contaminants in products and articles shall not be considered to be listed in this Annex;

ii) This note shall not be considered as a production and use acceptable purpose or specific exemption for purposes of paragraph 2 of Article 3. Quantities of a chemical occurring as constituents of articles manufactured or already in use before or on the date of entry into force of the relevant obligation with respect to that chemical, shall not be considered as listed in this Annex, provided that a Party has notified the Secretariat that a particular type of article remains in use within that Party. The Secretariat shall make such notifications publicly available;

iii) This note shall not be considered as a production and use specific exemption for purposes of paragraph 2 of Article 3. Given that no significant quantities of the chemical are expected to reach humans and the environment during the production and use of a closed-system site-limited in termediate, a Party, upon notification to the Secretariat, may allow the production and use of quantities of a chemical listed in this Annex as a

að staðbundið í lokuðu kerfi og er efnafræðilega ummyndað við framleiðslu á öðrum efnum sem, miðað við forsendur í 1. mgr. í viðauka D, sýna ekki eiginleika þrávirkra lífrænna efna. Tilkynningin skal hafa að geyma upplýsingar eða raunhæfa áætlun um heildarframleiðslu og notkun slíks efnis, svo og upplýsingar um eðli ferlisins innan staðbundna lokaða kerfisins, meðal annars um magn hvers kyns óummyndaðrar og óáformaðrar snefilmengunar upphafsefnis þrávirka lífræna efnisins í hinni endanlegu vöru. Þessi verklagsregla gildir nema annað sé tekið fram í þessum viðauka. Skrifstofan skal sjá til þess að slíkar tilkynningar séu aðgengilegar þingi aðila og almenningi. Slík framleiðsla eða notkun telst ekki framleiðsla eða notkun samkvæmt undanþágu sem gildir um tiltekna framleiðslu og notkun. Slíkri framleiðslu og notkun skal hætt að loknu 10 ára tímabili, nema aðilinn, sem um ræðir, skili inn nýrri tilkynningu til skrifstofunnar, en þá framlengist tímabilið um 10 ár til viðbótar, nema þing aðila ákveði annað að undangenginni athugun á framleiðslunni og notkuninni. Tilkynningarferlið má endurtaka.

iv) Öllum sérstökum undanþágum í viðauka þessum er þeim aðilum heimilt að beita sem hafa skráð sig fyrir þeim í samræmi við 4. gr.

II. hluti.
DDT (1,1,1-tríklóró-2,2-bis(4-klórófenýl)etan).

1. Framleiðsla og notkun DDT skal stöðvuð nema hjá þeim aðilum sem tilkynnt hafa skrifstofunni um þá ætlun sína að framleiða og/eða nota það. DDT-skrá er hér með stofnuð og skal hún aðgengileg almenningi. Skrifstofan heldur DDT-skrána.

2. Hver sá aðili, sem framleiðir og/eða notar DDT, skal takmarka slíka framleiðslu og/eða notkun við smitvarnir í samræmi við tilmæli og leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um notkun DDT og aðeins þegar önnur efni sem eru örugg fyrir viðkomandi stað, skilvirk og á viðráðanlegu verði eru ekki tiltæk viðkomandi aðila.
3. Ákveði aðili, sem ekki er talinn upp í DDT-skránni, að hann þurfi DDT til smitvarna skal

closed-system site-limited intermediate that is chemically transformed in the manufacture of other chemicals that, taking into consideration the criteria in paragraph 1 of Annex D, do not exhibit the characteristics of persistent organic pollutants. This notification shall include information on total production and use of such chemical or a reasonable estimate of such information and information regarding the nature of the closed-system site-limited process including the amount of any non-transformed and unintentional trace contamination of the persistent organic pollutant-starting material in the final product. This procedure applies except as otherwise specified in this Annex. The Secretariat shall make such notifications available to the Conference of the Parties and to the public. Such production or use shall not be considered a production or use specific exemption. Such production and use shall cease after a ten-year period, unless the Party concerned submits a new notification to the Secretariat, in which case the period will be extended for an additional ten years un less the Conference of the Parties, after a review of the production and use decides otherwise. The notification procedure can be repeated;

iv) All the specific exemptions in this Annex may be exercised by Parties that have registered in respect of them in accordance with Article 4.

Part II
DDT (1,1,1-trichloro-2,2-bis(4-chlorophenyl)ethane)

1. The production and use of DDT shall be eliminated except for Parties that have notified the Secretariat of their intention to produce and/or use it. A DDT Register is hereby established and shall be available to the public. The Secretariat shall maintain the DDT Register.
2. Each Party that produces and/or uses DDT shall restrict such production and/or use for disease vector control in accordance with the World Health Organization recommendations and guidelines on the use of DDT and when locally safe, effective and affordable alternatives are not available to the Party in question.
3. In the event that a Party not listed in the DDT Register determines that it requires DDT for

hann tilkynna skrifstofunni um það, svo fljótt sem auðið er, í því skyni að fá nafni sínu bætt í DDT-skrána þegar í stað. Hann skal jafnframt senda tilkynningu til Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

4. Sérhver aðili, sem notar DDT, skal á þriggja ára fresti láta skrifstofunni og Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni í té upplýsingar um það magn sem notað hefur verið, skilyrði fyrir notkuninni og gildi hennar fyrir sjúkdómavarnir sínar, með þeim hætti sem þing aðila ákveður í samráði við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina.
5. Með það að markmiði að minnka, og að endingu stöðva, notkun DDT skal þing aðila hvetja til þess:
   a) að hver sá aðili, sem notar DDT, semji og hrindi í framkvæmd aðgerðaáætlun sem hluta af framkvæmdaáætluninni sem er lýst í 7. gr. Slík aðgerðaáætlun skal m.a. fela í sér:
      i) þróun eftirlitskerfa og annarra úrræða til þess að tryggja að notkun DDT takmarkist við smitvarnir;

      ii) að taka í notkun viðeigandi framleiðsluvörur og framkvæma aðferðir og áætlanir sem komið geta í staðinn fyrir notkun DDT, meðal annars áætlanir til að koma í veg fyrir ónæmi, til að tryggja áframhaldandi virkni slíkra valkosta;
      iii) ráðstafanir til þess að efla heilsugæslu og draga úr nýgengi sjúkdómsins;

   b) að aðilar stuðli eftir mætti að rannsóknum og þróun á öðrum öruggum kemískum og ókemískum framleiðsluvörum, aðferðum og áætlunum fyrir aðila sem nota DDT, þar sem tekið er mið af aðstæðum í viðkomandi löndum og þar sem markmiðið er að draga úr mannlegum og efnahagslegum byrðum vegna sjúkdóma. Meðal atriða sem leggja ber áherslu á þegar íhugaðir eru aðrir kostir, eða samsetningar kosta, eru áhættan fyrir heilsu manna og afleiðingarnar fyrir umhverfið. Raunhæfir valkostir í stað DDT skulu hafa í för með sér minni áhættu fyrir heilsu manna og umhverfið, hæfa sjúkdómavörnum við þær aðstæður sem ríkja hjá viðkomandi aðilum og vera studdir eftirlitsgögnum.

disease vector control, it shall notify the Secretariat as soon as possible in order to have its name added forthwith to the DDT Register. It shall at the same time notify the World Health Organization.

4. Every three years, each Party that uses DDT shall provide to the Secretariat and the World Health Organization information on the amount used, the conditions of such use and its relevance to that Party's disease management strategy, in a format to be decided by the Conference of the Parties in consultation with the World Health Organization.
5. With the goal of reducing and ultimately eliminating the use of DDT, the Conference of the Parties shall encourage:
   a) Each Party using DDT to develop and implement an action plan as part of the implementation plan specified in Article 7. That action plan shall include:

      i) Development of regulatory and other mechanisms to ensure that DDT use is restricted to disease vector control;
      ii) Implementation of suitable alternative products, methods and strategies, including resistance management strategies to ensure the continuing effectiveness of these alternatives;

      iii) Measures to strengthen health care and to reduce the incidence of the disease.
   b) The Parties, within their capabilities, to promote research and development of safe alternative chemical and non-chemical products, methods and strategies for Parties using DDT, relevant to the conditions of those countries and with the goal of decreasing the human and economic burden of disease. Factors to be promoted when considering alternatives or combinations of alternatives shall include the human health risks and environmental implications of such alternatives. Viable alternatives to DDT shall pose less risk to human health and the environment, be suitable for disease control based on conditions in the Parties in question and be supported with monitoring data.

6. Þegar á fyrsta fundi sínum, og að minnsta kosti á þriggja ára fresti þar á eftir, skal þing aðila, í samráði við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, leggja mat á áframhaldandi þörf á DDT til smitvarna á grundvelli tiltækra vísindalegra, tæknilegra, umhverfislegra og efnahagslegra upplýsinga, meðal annars:

   a) um framleiðslu og notkun DDT og skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr.;
   b) um tilvist, nothæfi og framkvæmd valkosta í stað DDT; og
   c) um framvindu þess að efla getu landa til þess að skipta með öruggum hætti yfir í slíka valkosti og reiða sig þá.

7. Aðila er hvenær sem er heimilt, með skriflegri tilkynningu til skrifstofunnar, að láta strika nafn sitt út úr DDT-skránni. Afturköllunin öðlast gildi þann dag sem er tilgreindur í tilkynningunni.

6. Commencing at its first meeting, and at least every three years thereafter, the Conference of the Parties shall, in consultation with the World Health Organization, evaluate the continued need for DDT for disease vector control on the basis of available scientific, technical, environmental and economic information, including:
   a) The production and use of DDT and the conditions set out in paragraph 2;
   b) The availability, suitability and implementation of the alternatives to DDT; and
   c) Progress in strengthening the capacity of countries to transfer safely to reliance on such alternatives.

7. A Party may, at any time, withdraw its name from the DDT Registry upon written notification to the Secretariat. The withdrawal shall take effect on the date specified in the notification.

Viðauki C.
EFNI VEGNA FRAMLEIÐSLU SEM ER EKKI AF ÁSETNINGI

I. hluti.

Þrávirk lífræn efni sem falla undir kröfur 5. gr.

Viðauki þessi gildir um eftirfarandi þrávirk lífræn efni þegar þau verða til og eru losuð af mannavöldum án þess að um ásetning sé að ræða.

Efni
Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön (PCDD/PCDF)
Hexaklórbensen (HCB) (CAS-nr.: 118-74-1)
Fjölklóruð bífenýl (PCB)

Annex C
UNINTENTIONAL PRODUCTION

Part I

Persistent organic pollutants subject to the requirements of Article 5

This Annex applies to the following persistent organic pollutants when formed and released unintentionally from anthropogenic sources:

Chemical
Polychlorinated dibenzo-p-dioxins and dibenzofurans (PCDD/PCDF)
Hexachlorobenzene (HCB) (CAS No: 118-74-1)
Polychlorinated biphenyls (PCB)

II. hluti.

Uppsprettuflokkar.

Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön, hexaklórbensen og fjölklóruð bífenýl eru efni sem myndast án þess að ætlunin sé að mynda þau og losna í varmaferlum þar sem lífræn efni og klór koma við sögu, sem afleiðing af ófullkomnum bruna eða efnahvörfum. Eftirfarandi uppsprettuflokkar í iðnaði geta valdið tiltölulega mikilli myndun þessara efna og losun þeirra út í umhverfið:

a) sorpbrennsluofnar, meðal annars sambrennsluofnar til brennslu úrgangs frá sveitarfélögum eða heilbrigðisstofnunum, brennslu spilliefna eða seyru;
b) sementsofnar sem brenna spilliefni;
c) framleiðsla pappírskvoðu með notkun klórs eða klórmyndandi efna til bleikingar;
d) eftirfarandi varmaferli í málmvinnsluiðnaði:
   i) endurvinnsla kopars;
   ii) sindurverksmiðjur í járn- og stáliðnaði;
   iii) endurvinnsla áls;
   iv) endurvinnsla sínks.

III. hluti.

Uppsprettuflokkar.

Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön, hexaklórbensen og fjölklóruð bífenýl kunna einnig að myndast án þess að um ásetning sé að ræða og losna út í umhverfið frá eftirfarandi uppsprettuflokkum, sem eru meðal annars:

a) opin brennsla úrgangs, þ.m.t. brennsla á urðunarstöðum;
b) varmaferli í málmvinnsluiðnaði sem ekki er getið um í II. hluta;
c) brennsla á heimilum;
d) brennsla jarðefnaeldsneytis í kötlum veitustofnana og iðnfyrirtækja;
e) brennslubúnaður fyrir timbur og annað eldsneyti úr lífmassa;
f) sérstök efnaframleiðsluferli þar sem þrávirk lífræn efni, sem verða til án þess að um ásetning sé að ræða, losna, einkum framleiðsla klórfenóls og klóraníls;
g) líkbrennslur;
h) vélknúin ökutæki, einkum þau sem brenna bensíni sem inniheldur blý;
i) förgun dýraskrokka;
j) textíl- og leðurlitun (með klóraníli) og fullvinnsla (með basaútdrætti);

Part II

Source categories

Polychlorinated dibenzo-p-dioxins and dibenzo furans, hexachlorobenzene and polychlorinated biphenyls are unintentionally formed and released from thermal processes involving organic matter and chlorine as a result of incomplete combustion or chemical reactions. The following industrial source categories have the potential for comparatively high formation and release of these chemicals to the environment:

a) Waste incinerators, including co-incinerators of municipal, hazardous or medical waste or of sewage sludge;
b) Cement kilns firing hazardous waste;
c) Production of pulpusing elemental chlorine or chemicals generating elemental chlorine for bleaching;
d) The following thermal processes in the metallurgical industry:
   i) Secondary copper production;
   ii) Sinter plants in the iron and steel industry;
   iii) Secondary aluminium production;
   iv) Secondary zinc production.

Part III

Source categories

Polychlorinated dibenzo-p-dioxins and dibenzo furans, hexachlorobenzene and polychlorinated biphenyls may also be unintentionally formed and released from the following source categories, including:

a) Open burning of waste, including burning of landfill sites;
b) Thermal processes in the metallurgical industry not mentioned in Part II;
c) Residential combustion sources;
d) Fossil fuel-fired utility and industrial boilers;
e) Firing installations for wood and other biomass fuels;
f) Specific chemical production processes releasing unintentionally formed persistent organic pollutants, especially production of chlorophenols and chloranil;
g) Crematoria;
h) Motor vehicles, particularly those burning leaded gasoline;
i) Destruction of animal carcasses;
j) Textile and leather dyeing (with chloranil) and finishing (with alkaline extraction);

k) brotajárnsverksmiðjur sem vinna úr sér gengin ökutæki;
l) glóðarbruni koparkapla;
m) hreinsunarstöðvar fyrir úrgangsolíu.

IV. hluti.
Skilgreiningar.

1. Í viðauka þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:
   a) „fjölklóruð bífenýl“ merkir arómatísk efnasambönd sem myndast þannig að í stað vetnisfrumeindanna á bífenýlsameindinni (tveir bensen hringir tengdir saman með einföldu kolefnis-kolefnis efnatengi) geta komið allt að 10 klórsameindir; og
   b) „fjölklóruð díbensó-p-díoxín“ og „fjölklóruð díbensófúrön“ merkja þríhringja arómatísk efnasambönd sem eru mynduð af tveimur bensen hringjum sem tengdir eru með tveimur súrefnisfrumeindum í fjölklóruðum díbensó-p-díoxínum og með einni súrefnisfrumeind og einu kolefnis-kolefnisefnatengi í fjölklóruðum díbensófúrönum og sem eru þannig að í stað vetnisfrumeindanna geta komið allt að átta klórfrumeindir.
2. Í viðauka þessum eru eituráhrif fjölklóraðra díbensó-p-díoxína og díbensófúrana tilgreind með því að nota hugtakið „eiturjafngildi“ (toxic equivalency - TEQ) sem er mælieining fyrir hlutfall díoxín-líkrar eiturvirkni mismunandi afbrigða fjölklóraðra díbensó-p-díoxína og díbensófúrana og fjölklóraðra bífenýla í samanburði við 2,3,7,8-tetraklórdíbensó-p-díoxín. Eiturjafngildisstuðlar, sem eru notaðir í skilningi samnings þessa, skulu vera í samræmi við viðurkennda alþjóðlega staðla, einkum eiturjafngildisstuðla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna spendýra frá 1998 fyrir fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön og fjölklóruð bífenýl í sama slétta fleti (coplanar). Styrkur er tilgreindur í eiturjafngildum.

V. hluti.
Almennar leiðbeiningar um bestu fáanlegu tækni og bestu umhverfisvenjur.

Þessi hluti veitir almennar leiðbeiningar til aðila um hvernig skuli koma í veg fyrir eða draga úr losun þeirra efna sem talin eru upp I. hluta.

k) Shredder plants for the treatment of end of life vehicles;
l) Smouldering of copper cables;
m) Waste oil refineries.

Part IV
Definitions

1. For the purposes of this Annex:
   a) "Polychlorinated biphenyls" means aromatic compounds formed in such a manner that the hydrogen atoms on the biphenyl molecule (two benzene rings bonded together by a single carbon-carbon bond) may be replaced by up to ten chlorine atoms; and
   b) "Polychlorinated dibenzo-p-dioxins" and "polychlorinated dibenzofurans" are tricyclic, aromatic compounds formed by two benzene rings connected by two oxygen atoms in polychlorinated dibenzo-p-dioxins and by one oxygen atom and one carbon-carbon bond in polychlorinated dibenzofurans and the hydrogen atoms of which may be replaced by up to eight chlorine atoms.
2. In this Annex, the toxicity of polychlorinated dibenzo-p-dioxins and dibenzofurans is expressed using the concept of toxic equivalency which measures the relative dioxin-like toxic activity of different congeners of polychlorinated dibenzo-p-dioxins and dibenzofurans and coplanar polychlorinated biphenyls in comparison to 2,3,7,8-tetrachlorodibenzo-p-dioxin. The toxic equivalent factor values to be used for the purposes of this Convention shall be consistent with accepted international standards, commencing with the World Health Organization 1998 mammalian toxic equivalent factor values for polychlorinated dibenzo-p-dioxins and dibenzo furans and coplanar polychlorinated biphenyls. Concentrations are expressed in toxic equivalents.

Part V
General guidance on best available techniques and best environmental practices

This Part provides general guidance to Parties on preventing or reducing releases of the chemicals listed in Part I.

A. *Almennar forvarnir sem varða bæði bestu fáanlegu tækni og bestu umhverfisvenjur.*

Umfjöllun um leiðir til þess að koma í veg fyrir myndun og losun efnanna, sem eru talin upp í I. hluta, ætti að hafa forgang. Meðal gagnlegra aðgerða gæti verið eftirfarandi:

a) að nota tækni sem leiðir til lítillar myndunar úrgangs;
b) að nota hættuminni efni;
c) að stuðla að endurheimt og endurvinnslu úrgangs og efna sem myndast og eru notuð í vinnsluferli;
d) að skipta út hráefnum sem eru þrávirk lífræn efni eða þar sem bein tengsl eru á milli hráefnanna og losunar þrávirkra lífrænna efna frá uppsprettunum;
e) að beita góðum starfsháttum og viðhaldsáætlunum til forvarna;
f) að endurbæta meðhöndlun úrgangs með það að markmiði að hætta opinni brennslu og annarri óstýrðri brennslu úrgangs, meðal annars brennslu á urðunarstöðum. Við umfjöllun um tillögur um að reisa nýjar sorpeyðingarstöðvar skulu aðrar lausnir teknar til athugunar, til dæmis aðgerðir til þess að lágmarka myndun úrgangs frá sveitarfélögum og heilbrigðisstofnunum, meðal annars með endurheimt hráefna, endurnotkun, endurvinnslu, flokkun úrgangs og aukinni notkun framleiðsluvara sem valda minni úrgangsmyndun. Samfara þessari leið ætti að huga vandlega að almennum heilbrigðissjónarmiðum;
g) að lágmarka magn þessara efna sem aðskotaefni í framleiðsluvörum;
h) að forðast notkun klórs eða klórmyndandi efna til bleikingar.

B. *Besta fáanlega tækni.*

Hugtakinu „besta fáanlega tækni" er ekki ætlað að vera forskrift að einhverri einni tiltekinni aðferð eða tækniaðferð heldur felst í því að tekið sé tillit til tæknilegra eiginleika tiltekins búnaðar, staðsetningar hans og aðstæðna í umhverfi hans. Viðeigandi tækni til að draga úr losun efnanna, sem getið er um í I. hluta, er almennt sú sama. Við ákvörðun bestu fáanlegu tækni ber að íhuga sérstaklega eftirfarandi þætti, bæði almennt og í einstök-

A. *General prevention measures relating to both best available techniques and best environmental practices*

Priority should be given to the consideration of approaches to prevent the formation and release of the chemicals listed in Part I. Useful measures could include:

a) The use of low-waste technology;
b) The use of less hazardous substances;
c) The promotion of the recovery and recycling of waste and of substances generated and used in a process;
d) Replacement of feed materials which are persistent organic pollutants or where there is a direct link between the materials and releases of persistent organic pollutants from the source;
e) Good housekeeping and preventive maintenance programmes;
f) Improvements in waste management with the aim of the cessation of open and other uncontrolled burning of wastes, including the burning of landfill sites. When considering proposals to construct new waste disposal facilities, consideration should be given to alternatives such as activities to minimize the generation of municipal and medical waste, including resource recovery, reuse, recycling, waste separation and promoting products that generate less waste. Under this approach, public health concerns should be carefully considered;
g) Minimization of these chemicals as contaminants in products;
h) Avoiding elemental chlorine or chemicals generating elemental chlorine for bleaching.

B. *Best available techniques*

The concept of best available techniques is not aimed at the prescription of any specific technique or technology, but at taking into account the technical characteristics of the installation concerned, its geographical location and the local environmental conditions. Appropriate control techniques to reduce releases of the chemicals listed in Part I are in general the same. In determining best available techniques, special consideration should

um tilfellum, með hliðsjón af líklegum kostnaði og ávinningi af ráðstöfunum og reglum um varúð og varnir:

a) almenn umhugsunaratriði:
   i) eðli, áhrif og massi þeirrar losunar sem um ræðir: tækni kann að vera breytileg eftir umfangi uppspretta;
   ii) heimildardagsetningar nýs búnaðar eða búnaðar sem þegar er í notkun;
   iii) tíminn sem þarf til að taka í notkun bestu fáanlegu tækni;
   iv) magn og eðli hráefna sem notuð eru í vinnsluferlinu og hagkvæmni orkunýtingar þess;
   v) þörfin á því að koma í veg fyrir eða lágmarka heildaráhrif losunar á umhverfið og áhættuna fyrir það;
   vi) þörfin á að því koma í veg fyrir slys og lágmarka áhrif þeirra á umhverfið;
   vii) nauðsyn þess að tryggja hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum;
   viii) sambærileg vinnsluferli, aðstaða eða starfsaðferðir sem hafa verið reyndar með góðum árangri í iðnaði;
   ix) tæknilegar framfarir og breytingar á vísindalegri þekkingu og skilningi;

b) almennar aðgerðir til þess að draga úr losun: Þegar fjallað er um tillögur um að byggja nýja aðstöðu eða gera verulegar breytingar á aðstöðu sem fyrir er og notuð eru vinnsluferli sem losa efni, sem talin eru upp í þessum viðauka, skal lögð aðaláhersla á að kanna aðra valkosti með tilliti til vinnsluferla, tækni eða venja sem koma að svipuðu gagni en forðast myndun og losun slíkra efna. Í þeim tilvikum, þar sem ný aðstaða er byggð eða aðstöðu sem fyrir er er verulega breytt, mætti einnig, til viðbótar þeim forvarnaraðgerðum sem er lýst í kafla A í V. hluta, taka til umfjöllunar eftirfarandi aðgerðir þegar teknar eru ákvarðanir um bestu fáanlegu tækni:
   i) notkun bættra aðferða til að hreinsa útblástur, til dæmis með hita- eða hvataoxun, rykútfellingu eða aðsogi;

be given, generally or in specific cases, to the following factors, bearing in mind the likely costs and benefits of a measure and consideration of precaution and prevention:

a) General considerations:
   i) The nature, effects and mass of the releases concerned: techniques may vary depending on source size;
   ii) The commissioning dates for new or existing installations;
   iii) The time needed to introduce the best available technique;
   iv) The consumption and nature of raw materials used in the process and its energy efficiency;
   v) The need to prevent or reduce to a minimum the overall impact of the releases to the environment and the risks to it;
   vi) The need to prevent accidents and to minimize their consequences for the environment;
   vii) The need to ensure occupational health and safety at workplaces;
   viii) Comparable processes, facilities or methods of operation which have been tried with success on an industrial scale;
   ix) Technological advances and changes in scientific knowledge and understanding.

b) General release reduction measures: When considering proposals to construct new facilities or significantly modify existing facilities using processes that release chemicals listed in this Annex, priority consideration should be given to alternative processes, techniques or practices that have similar usefulness but which avoid the formation and release of such chemicals. In cases where such facilities will be constructed or significantly modified, in addition to the prevention measures outlined in section A of Part V the following reduction measures could also be considered in determining best available techniques:
   i) Use of improved methods for fluegas cleaning such as thermal or catalytic oxidation, dust precipitation, or adsorption;

ii) meðhöndlun leifa, fráveituvatns, úrgangs og seyru, til dæmis með hitameðferð eða með því að gera þau óvirk eða beita efnahvörfum sem afeitra þau;
iii) breytingar á vinnsluferlum sem leiða til minnkunar eða stöðvunar á losun, svo sem að skipta yfir í lokuð kerfi;
iv) breytingar á vinnsluferlum til þess að bæta bruna og koma í veg fyrir myndun þeirra efna sem eru talin upp í viðauka þessum, með því að hafa stjórn á breytum svo sem brennsluhita eða dvalartíma.

C. Bestu umhverfisvenjur.
Þingi aðila er heimilt að taka saman leiðbeiningar um bestu umhverfisvenjur.

ii) Treatment of residuals, wastewater, wastes and sewage sludge by, for example, thermal treatment or rendering them inert or chemical processes that detoxify them;
iii) Process changes that lead to the reduction or elimination of releases, such as moving to closed systems;
iv) Modification of process designs to improve combustion and prevent formation of the chemicals listed in this Annex, through the control of parameters such as incineration temperature or residence time.

C. Best environmental practices
The Conference of the Parties may develop guidance with regard to best environmental practices.

Viðauki D.
UPPLÝSINGAKRÖFUR OG FLOKKUNARVIÐMIÐANIR

1. Aðili, sem leggur fram tillögu um að skrá efni í viðauka A, B og/eða C, skal tilgreina efnið með þeim hætti sem er lýst í a-lið og veita þær upplýsingar um efnið og ummyndunarefni þess, þar sem við á, sem tengjast flokkunarviðmiðununum í b- til e-liðum:

a) efnakenni:
i) heiti, meðal annars viðskiptaheiti, verslunarheiti og samheiti, CAS-nr. (skráningarnúmer samkvæmt Chemical Abstracts Service), efnaheiti samkvæmt Alþjóðasamtökum um hreina og hagnýta efnafræði (IUPAC); og
ii) bygging, meðal annars með því að tilgreina ísómera, þar sem við á, og byggingu efnaflokksins;

b) þrávirkni:
i) gögn sem sýna fram á að helmingunartími efnisins í vatni sé lengri en tveir mánuðir, eða að helmingunartími þess í jarðvegi sé lengri en sex mánuðir, eða að helmingunar tími þess í seti sé meira en sex mánuðir; eða
ii) gögn sem sýna að efnið sé að öðru leyti nægilega þrávirkt til þess að réttlæta umfjöllun um það samkvæmt samningi þessum;

Annex D
INFORMATION REQUIREMENTS AND SCREENING CRITERIA

1. A Party submitting a proposal to list a chemical in Annexes A, B and/or C shall identify the chemical in the manner described in subparagraph (a) and provide the information on the chemical, and its transformation products where relevant, relating to the screening criteria set out in subparagraphs (b) to (e):

a) Chemical identity:
i) Names, including trade name or names, commercial name or names and synonyms, Chemical Abstracts Service (CAS) Registry number, International Union of Pure and Applied Chemistry (IUPAC) name; and
ii) Structure, including specification of isomers, where applicable, and the structure of the chemical class;

b) Persistence:
i) Evidence that the half-life of the chemical in water is greater than two months, or that its half-life in soil is greater than six months, or that its half-life in sediment is greater than six months; or
ii) Evidence that the chemical is otherwise sufficiently persistent to justify its consideration within the scope of this Convention;

c) *uppsöfnun í lífríkinu:*
   i) gögn sem sýna að lífþéttnigildi eða uppsöfnunargildi í lagartegundum fyrir efnið sé meira en 5 000 eða, ef slík gögn liggja ekki fyrir, að log Kow sé umfram 5;

   ii) gögn sem sýna að efnið gefi annað tilefni til þess að hafa af því áhyggjur, til dæmis mikla uppsöfnun í öðrum tegundum, mikla eiturvirkni eða visteiturhrif; eða

   iii) eftirlitsgögn úr lífríki sem benda til þess að uppsöfnunargeta efnisins sé nægjanleg til þess að réttlæta umfjöllun um það samkvæmt samningi þessum;

d) *hætta á flutningi um langan veg í umhverfinu:*
   i) mælt magn efnisins á stöðum sem eru langt frá uppsprettum losunar þess og er hugsanlegt áhyggjuefni;

   ii) eftirlitsgögn sem sýna að flutningur efnisins um langan veg og hugsanleg tilfærsla þess yfir í annað umhverfi kunni að hafa átt sér stað í lofti, vatni eða með fartegundum; eða

   iii) eiginleikar sem lúta að afdrifum efnisins í umhverfinu og/eða niðurstöður sem eru raktar til líkana sem sýna fram á að efnið geti hugsanlega borist um langan veg í lofti, vatni eða með fartegundum, með hugsanlegri færslu yfir í móttökuumhverfi sem er langt frá uppsprettu losunar þess. Fyrir efni sem flyst að verulegu marki í lofti, skal helmingunartími vera lengri en tveir dagar; og

e) *neikvæð áhrif:*
   i) ummerki um neikvæð áhrif á heilsu manna eða umhverfið sem réttlæta að efnið hljóti umfjöllun samkvæmt samningi þessum; eða

   ii) gögn um eiturvirkni- eða visteiturhrif sem benda til hugsanlegra skaðlegra áhrifa á heilsu manna eða umhverfið.

2. Aðilinn, sem gerir tillögu, skal leggja fram yfirlýsingu um ástæðurnar fyrir áhyggjum

c) *Bio-accumulation:*
   i) Evidence that the bio-concentration factor or bio-accumulation factor in aquatic species for the chemical is greater than 5,000 or, in the absence of such data, that the log Kow is greater than 5;
   ii) Evidence that a chemical presents other reasons for concern, such as high bio-accumulation in other species, high toxicity or ecotoxicity; or
   iii) Monitoring data in biota indicating that the bio-accumulation potential of the chemical is sufficient to justify its consideration within the scope of this Convention;

d) *Potential for long-range environmental transport:*
   i) Measured levels of the chemical in locations distant from the sources of its release that are of potential concern;
   ii) Monitoring data showing that long-range environmental transport of the chemical, with the potential for transfer to a receiving environment, may have occurred via air, water or migratory species; or
   iii) Environmental fate properties and/or model results that demonstrate that the chemical has a potential for long-range environmental transport through air, water or migratory species, with the potential for transfer to a receiving environment in locations distant from the sources of its release. For a chemical that migrates significantly through the air, its half-life in air should be greater than two days; and

e) *Adverse effects:*
   i) Evidence of adverse effects to human health or to the environment that justifies consideration of the chemical within the scope of this Convention; or
   ii) Toxicity or ecotoxicity data that indicate the potential for damage to human health or to the environment.

2. The proposing Party shall provide a statement of the reasons for concern including,

sínum, sem hefur meðal annars að geyma, ef því verður komið við, samanburð milli gagna um eiturvirkni eða visteiturhrif og mælds eða áætlaðs magns efnis, sem er tilkomið vegna flutnings þess um langan veg, ásamt stuttri yfirlýsingu um þörfina fyrir alþjóðlegt eftirlit.

3. Aðilinn, sem gerir tillögu, skal, að því marki sem unnt er og eftir mætti, veita frekari upplýsingar til stuðnings endurmati á tillögunni sem getið er um í 6. mgr. 8. gr. Við gerð slíkrar tillögu er aðilum heimilt að sækja tæknilega sérfræðiþekkingu hvert sem er.

where possible, a comparison of toxicity or ecotoxicity data with detected or predicted levels of a chemical resulting or anticipated from its long-range environmental transport, and a short statement indicating the need for global control.

3. The proposing Party shall, to the extent possible and taking into account its capabilities, provide additional information to support the review of the proposal referred to in paragraph 6 of Article 8. In developing such a proposal, a Party may draw on technical expertise from any source.

Viðauki E.
UPPLÝSINGAKRÖFUR VARÐANDI ÁHÆTTULÝSINGU

Tilgangur endurmatsins er að meta hvort efni sé líklegt, vegna flutnings um langan veg, til að leiða til verulega neikvæðra áhrifa á fólk og/eða umhverfið, þannig að alþjóðlegra aðgerða sé þörf. Í þessu skyni skal tekin saman áhættulýsing þar sem nánar eru skýrðar, og metnar, þær upplýsingar sem getið er um í viðauka D og þar sem meðal annars er að finna, að því marki sem unnt er, eftirfarandi upplýsingar:

a) uppsprettur, meðal annars eftir því sem við á:
   i) gögn um framleiðslu, m.a. framleiðslumagn og framleiðslustað;
   ii) notkun; og
   iii) losun, til dæmis tæming, tap og útstreymi;

b) áhættumat fyrir endastað eða endastaði sem eru áhyggjuefni, meðal annars umfjöllun um eiturefnafræðilegar milliverkanir þar sem fleiri en eitt efni eiga í hlut;

c) afdrif í umhverfinu, meðal annars gögn og upplýsingar um efna- og eðlisfræðilega eiginleika efnisins og þrávirkni þess og hvernig þessir eiginleikar tengjast flutningi í umhverfinu, tilfærslu innan og á milli umhverfishólfa, niðurbroti og ummyndun í önnur efni. Ákvörðun lífþéttni- eða lífssöfnunarstuðla miðað við mæld gildi skal liggja fyrir, nema þegar eftirlitsgögn eru talin uppfylla þessa þörf;

d) eftirlitsgögn;

e) váhrif á afmörkuðum svæðum, sérstaklega í

Annex E
INFORMATION REQUIREMENTS FOR THE RISK PROFILE

The purpose of the review is to evaluate whether the chemical is likely, as a result of its long-range environmental transport, to lead to significant adverse human health and/or environmental effects, such that global action is warranted. For this purpose, a risk profile shall be developed that further elaborates on, and evaluates, the information referred to in Annex D and includes, as far as possible, the following types of information:

a) Sources, including as appropriate:
   i) Production data, including quantity and location;
   ii) Uses; and
   iii) Releases, such as discharges, losses and emissions;

b) Hazard assessment for the endpoint or endpoints of concern, including a consideration of toxico logical interactions involving multiple chemicals;

c) Environmental fate, including data and information on the chemical and physical properties of a chemical as well as its persistence and how they are linked to its environmental transport, transfer within and between environmental compartments, degradation and transformation to other chemicals. A determination of the bio-concentration factor or bio-accumulation factor, based on measured values, shall be available, except when monitoring data are judged to meet this need;

d) Monitoring data;

e) Exposure in local areas and, in particular, as

ljósi flutnings um langan veg í umhverfinu, auk upplýsinga um líffræðilegt aðgengi;

f) innlendar og alþjóðlegar áhættumatsgerðir, úttektir eða lýsingar og upplýsingar til nota við merkingar og áhættuflokkun, eftir því sem slíkt er tiltækt; og
g) staða efnisins samkvæmt alþjóðasamningum.

a result of long-range environmental transport, and including information regarding bio-availability;
f) National and international risk evaluations, assessments or profiles and labelling information and hazard classifications, as available; and
g) Status of the chemical under international conventions.

Viðauki F.
UPPLÝSINGAR UM FÉLAGSLEG OG EFNAHAGSLEG MÁLEFNI

Ráðast skal í mat á hugsanlegum takmörkunarráðstöfunum vegna efna sem til greina kemur að taka upp í samning þennan, þar sem farið er yfir alla valkosti, meðal annars stjórnun og eyðingu. Í þessu skyni skulu látnar í té viðeigandi upplýsingar varðandi félagsleg og efnahagsleg atriði sem hafa ber í huga og tengjast hugsanlegum takmörkunarráðstöfunum til þess að gera þingi aðila kleift að taka ákvörðun. Slíkar upplýsingar skulu taka tilhlýðilegt mið af mismunandi getu og aðstæðum aðila og í þeim ætti að felast umfjöllun um atriðin í eftirfarandi leiðbeinandi upptalningu:

a) áhrif og skilvirkni hugsanlegra takmörkunarráðstafana við að ná því markmiði að minnka áhættu:
   i) tæknileg hagkvæmni; og
   ii) kostnaður, meðal annars umhverfis- og heilbrigðiskostnaður;
b) aðra valkosti (framleiðsluvörur og vinnsluferli):
   i) tæknileg hagkvæmni;
   ii) kostnaður, meðal annars umhverfis- og heilbrigðiskostnaður;
   iii) áhrif;
   iv) áhætta;
   v) fáanleiki; og
   vi) aðgengi;
c) jákvæð og/eða neikvæð áhrif á samfélagið af því að koma á hugsanlegum takmörkunarráðstöfunum:
   i) heilsufar, meðal annars almannaheilbrigði, umhverfisheilbrigði og hollustuhættir á vinnustöðum;
   ii) landbúnaður, meðal annars fiskeldi og skógrækt;
   iii) lífríki (líffræðileg fjölbreytni);
   iv) efnahagslegir þættir;
   v) framfarir í átt til sjálfbærrar þróunar; og

Annex F
INFORMATION ON SOCIO-ECONOMIC CONSIDERATIONS

An evaluation should be undertaken regarding possible control measures for chemicals under consideration for inclusion in this Convention, encompassing the full range of options, including management and elimination. For this purpose, relevant information should be provided relating to socio-economic considerations associated with possible control measures to enable a decision to be taken by the Conference of the Parties. Such information should reflect due regard for the differing capabilities and conditions among the Parties and should include consideration of the following indicative list of items:

a) Efficacy and efficiency of possible control measures in meeting risk reduction goals:
   i) Technical feasibility; and
   ii) Costs, including environmental and health costs;
b) Alternatives (products and processes):
   i) Technical feasibility;
   ii) Costs, including environmental and health costs;
   iii) Efficacy;
   iv) Risk;
   v) Availability; and
   vi) Accessibility;
c) Positive and/or negative impacts on society of implementing possible control measures:
   i) Health, including public, environmental and occupational health;
   ii) Agriculture, including aquaculture and forestry;
   iii) Biota (biodiversity);
   iv) Economic aspects;
   v) Movement towards sustainable development; and

vi) félagslegur kostnaður;

d) úrgangs- og förgunarmál (einkum úreltar birgðir af varnarefnum og hreinsun mengaðra svæða):
   i) tæknileg hagkvæmni; og
   ii) kostnaður;

e) aðgang að upplýsingum og uppfræðslu almennings;

f) stöðu mála að því er varðar getu til stjórnunar og eftirlits; og

g) hvers kyns innlendar eða svæðisbundnar stjórnaðgerðir sem gripið hefur verið til, meðal annars upplýsingar um aðra valkosti, auk annarra viðeigandi upplýsinga um áhættustjórnun.

vi) Social costs;

d) Waste and disposal implications (in particular, obsolete stocks of pesticides and clean-up of contaminated sites):
   i) Technical feasibility; and
   ii) Cost;

e) Access to information and public education;

f) Status of control and monitoring capacity; and

g) Any national or regional control actions taken, including information on alternatives, and other relevant risk management information.

AUGLÝSING

um breytingar á stofnskrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Hinn 29. maí 2002 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytinga á 7. gr. stofnskrár Alþjóðaheilbrigðismálstofnunarinnar frá 22. júlí 1946 sem gerðar voru í Genf 20. maí 1965 og vegna breytinga á 24. og 25. gr. stofnskrárinnar sem gerðar voru í Genf 16. maí 1998, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 59, þar sem stofnskráin er birt, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 20/1975, 13/1982, 8/1983, 24/1989 og 12/1991. Tilkynnt verður um gildistöku breytinganna síðar.

Breytingin á 7. gr. stofnskrárinnar er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og breytingarnar á 24. og 25. gr. sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. maí 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson

Fylgiskjal 1.

BREYTINGAR á 7. gr. stofnskrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Átjánda alþjóðaheilbrigðisþingið,

sem hefur í huga tillögu ríkisstjórnar Fílabeinsstrandarinnar um breytingu á 7. gr. stofnskrárinnar, og

sem veitir því athygli að ákvæði 73. gr. stofnskrárinnar, þar sem mælt er fyrir um að texti breytingatillagna við stofnskrána skuli sendur aðilum í síðasta lagi sex mánuðum áður en heilbrigðisþingið tekur hann til umfjöllunar, hefur verið uppfyllt á tilhlýðilegan hátt,

I

1. SAMÞYKKIR breytingarnar á stofnskránni sem settar eru fram í viðaukunum við ályktun þessa og teljast óaðskiljanlegur hluti ályktunar þessarar, en textar þeirra á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir;
2. ÁKVEÐUR að staðfesta skuli ályktun þessa í tveimur eintökum með undirskriftum forseta

AMENDMENTS to Article 7 of the Constitution of the World Health Organization

The Eighteenth World Health Assembly,

Considering the proposal made by the Government of the Ivory Coast for the amendment of Article 7 of the Constitution, and

Noting that the provision of Article 73 of the Constitution, which requires that the texts of proposed amendments to the Constitution shall be communicated to Members at least six months before consideration by the Health Assembly, has been duly complied with,

I

1. ADOPTS the amendments to the Constitution set forth in the Annexes to this resolution, and which shall form an integral part of this resolution, the texts in the Chinese, English, French, Russian and Spanish languages being equally authentic;
2. DECIDES that two copies of this resolution shall be authenticated by the signatures of the

átjánda alþjóðaheilbrigðisþingsins og aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og að annað eintakið skuli sent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem er vörsluaðili stofnskrárinnar, og hitt skuli varðveitt í skjalasafni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar;

II

sem álítur að framangreindar breytingar á stofnskránni skuli öðlast gildi, að því er varðar alla aðila, þegar tveir þriðju hlutar aðila hafa staðfest þær samkvæmt stjórnskipulegum málsmeðferðarreglum þeirra, eins og kveðið er á um í 73. gr. stofnskrárinnar,

ÁKVEÐUR að tilkynna skuli um slíka staðfestingu með því að afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna formlegt skjal, eins og kveðið er á um í b-lið 79. gr. stofnskrárinnar um staðfestingu hennar.

Tólfta allsherjarþing, 20. maí 1965

President of the Eighteenth World Health Assembly and the Director-General of the World Health Organization, of which one copy shall be transmitted to the Secretary-General of the United Nations, depositary of the Constitution, and one copy retained in the archives of the World Health Organization;

II

Considering that the aforesaid amendments to the Constitution shall come into force for all Members when accepted by two thirds of the Members in accordance with their respective constitutional processes, as provided for in Article 73 of the Constitution,

DECIDES that the notification of such acceptance shall be effected by the deposit of a formal instrument with the Secretary-General of the United Nations, as required for acceptance of the Constitution by Article 79(b) of the Constitution.

Twelfth plenary meeting, 20 May 1965

VIÐAUKI

7. gr. falli brott og eftirfarandi komi í staðinn:

7. gr.

a) Ef aðili vanefnir fjárhagslegar skuldbindingar sínar gagnvart stofnuninni, eða ef upp koma önnur sérstök tilvik, er alþjóðaheilbrigðisþinginu heimilt, með þeim skilyrðum sem það telur réttmæt, að fella niður um tíma atkvæðisrétt aðila og þá þjónustu sem hann á rétt á. Alþjóðaheilbrigðisþingið hefur vald til þess að veita slíkan atkvæðisrétt og þjónustu á ný.

b) Ef aðili sniðgengur meginreglur um mannúð og þau markmið, sem mælt er fyrir um í stofnskránni, með því að ástunda vísvitandi mismunun á grundvelli kynþáttar er heilbrigðisþinginu heimilt að víkja honum úr Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni tímabundið eða að fullu.

Engu að síður er alþjóðaheilbrigðisþinginu heimilt að veita viðkomandi ríki réttindi og fríðindi að nýju og endurnýja aðild þess, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og ítarlegri skýrslu í kjölfarið þar sem sýnt er fram á að viðkomandi ríki hafi horfið frá þeirri stefnu mismununar sem leiddi til tímabundinnar brottvikningar eða brottvikningar að fullu.

ANNEX

Article 7 - Delete and replace by

Article 7

a) If a Member fails to meet its financial obligations to the Organization or in any other exceptional circumstances, the Health Assembly may, on such conditions as it thinks proper, suspend the voting privileges and services to which a Member is entitled. The Health Assembly shall have the authority to restore such voting privileges and services.

b) If a Member ignores the humanitarian principles and the objectives laid down in the Constituion, by deliberately practising a policy of racial discrimination, the Health Assembly may suspend it or exclude it from the World Health Organization.

Nevertheless, its rights and privileges, as well as its membership, may be restored by the Health Assembly on the proposal of the Executive Board following a detailed report proving that the State in question has renounced the policy of discrimination which gave rise to its suspension or exclusion.

Fylgiskjal 2.

BREYTINGAR á 24. og 25. gr. stofnskrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Fimmtugasta og fyrsta alþjóðaheilbrigðisþingið,

sem álítur að fjölga beri meðlimum framkvæmdastjórnarinnar úr 32 í 34, þannig að fjöldi aðila frá Evrópusvæðinu og Vestur-Kyrrahafssvæðinu, sem rétt hafa til þess að tilnefna mann í framkvæmdastjórn, verði aukinn annars vegar í átta og hins vegar í fimm,

1. SAMÞYKKIR eftirfarandi breytingar á 24. og 25. gr., en textar þeirra á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir:

24. gr. falli brott og eftirfarandi komi í staðinn:

Ráðið skipa 34 menn samkvæmt tilnefningu jafnmargra aðila. Heilbrigðisþingið kýs þá aðila sem rétt eiga á að tilnefna mann til setu í ráðinu og skal það taka tillit til sanngjarnrar landfræðilegrar skiptingar, að því tilskildu að að eigi færri en þrír af þeim aðilum skulu kjörnir frá sérhverri þeirra svæðastofnana sem stofnaðar eru skv. 44. gr. Sérhver þessara aðila skal tilnefna í ráðið mann sem er sérfróður um heilbrigðismál og mega varamenn og ráðgjafar vera í fylgd með honum.

25. gr. falli brott og eftirfarandi komi í staðinn:

Aðilar þessir skulu kjörnir til þriggja ára og má endurkjósa þá, að því tilskildu að af þeim aðilum, sem kjörnir eru á fyrsta fundi heilbrigðisþingsins sem haldinn er eftir gildistöku breytingarinnar á stofnskrá þessari þar sem aðilum ráðsins er fjölgað úr 32 í 34, skal kjörtímabil viðbótaraðilanna, sem kjörnir eru, vera, eftir því sem nauðsyn krefur, skemmra til þess að auðvelda megi kjör að minnsta kosti eins aðila frá hverri svæðastofnun ár hvert.

2. ÁKVEÐUR að staðfesta skuli ályktun þessa í tveimur eintökum með undirskriftum forseta fimmtugasta og fyrsta alþjóðaheilbrigðisþingsins og aðalframkvæmdastjóra Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og að annað eintakið skuli sent aðalframkvæmdastjóra

AMENDMENTS to Articles 24 and 25 of the Constitution of the World Health Organization

The Fifty-first World Health Assembly,

Considering that the membership of the Executive Board should be increased from 32 to 34, so that the number of Members in the European Region and Western Pacific Region entitled to designate a person to serve on the Executive Board be increased to eight and five, respectively,

1. ADOPTS the following amendments to Articles 24 and 25 of the Constitution, the texts in the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish languages being equally authentic:

Article 24 - Delete and replace by

The Board shall consist of thirty-four persons designated by as many Members. The Health Assembly, taking into account an equitable geographical distribution, shall elect the Members entitled to designate a person to serve on the Board, provided that, of such Members, not less than three shall be elected from each of the regional organizations established pursuant to Article 44. Each of these Members should appoint to the Board a person technically qualified in the field of health, who may be accompanied by alternates and advisers.

Article 25 - Delete and replace by

These Members shall be elected for three years and may be re-elected, provided that of the Members elected at the first session of the Health Assembly held after the coming into force of the amendment to this Constitution increasing the membership of the Board from thirty-two to thirty-four the term of office of the additional Members elected shall, insofar as may be necessary, be of such lesser duration as shall facilitate the election of at least one Member from each regional organization in each year.

2. DECIDES that two copies of this resolution shall be authenticated by the signatures of the President of the Fifty-first World Health Assembly and the Director-General of the World Health Organization, of which one copy shall be transmitted to the Secretary-

Sameinuðu þjóðanna, sem er vörsluaðili stofnskrárinnar, og hitt skuli varðveitt í skjalasafni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar;

3. ÁKVEÐUR að tilkynna skuli um staðfestingu þessara breytinga af hálfu aðila samkvæmt ákvæði 73. gr. stofnskrárinnar með því að afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna formlegt skjal, eins og kveðið er á um í b-lið 79. gr. stofnskrárinnar um staðfestingu hennar.

Tíunda allsherjarþing, 16. maí 1998

General of the United Nations, depositary of the Constitution, and one copy retained in the archives of the World Health Organization;

3. DECIDES that the notification of acceptance of these amendments by Members in accordance with the provisions of Article 73 of the Constitution shall be effected by the deposit of a formal instrument with the Secretary-General of the United Nations, as required for acceptance of the Constitution by Article 79(b) of the Constituion.

Tenth plenary meeting, 16 May 1998

STJÓRNARTÍÐINDI C 3 – 2002

14. júní 2002 357 Nr. 34

AUGLÝSING

um breytingar á stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Hinn 22. apríl 2002 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna breytinga á stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 4. janúar 1960 sem gerðar voru í Vaduz 21. júní 2001, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1970, þar sem stofnsamningurinn er birtur, 23/1971, 17/1976, 20/1976, 6/1977, 19/1977, 6/1978, 22/1982, 7/1988, 22/1990, 1/1992 og 4/2000. Alþingi hafði með ályktun 10. apríl 2002 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda breytingarnar fyrir Íslands hönd. Breytingarnar öðluðust gildi 1. júní 2002.

Samningurinn með umræddum breytingum er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 14. júní 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

STOFNSAMNINGUR FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU

Lýðveldið Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Svissneska ríkjasambandið (sem nefnast hér á eftir „aðildarríkin"),

sem með hliðsjón af þeim niðurstöðum Lýðveldisins Austurríkis, Konungsríkisins Danmerkur, Konungsríkisins Noregs, Lýðveldisins Portúgals, Konungsríkisins Svíþjóðar, Svissneska ríkjasambandsins og Hins sameinaða konungsríkis Stóra Bretlands og Norður-Írlands sem er að finna í samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu (sem nefnist hér á eftir „samningurinn") frá 4. janúar 1960,

sem með hliðsjón af þátttöku Lýðveldisins Finnlands og síðar aðildar þess 1. janúar 1986 og aðildar Lýðveldisins Íslands 1. mars 1970 og Furstadæmisins Liechtenstein 1. september 1991,

sem með hliðsjón af uppsögn samningsins af hálfu Konungsríkisins Danmerkur og Breska konungsríkisins 1. janúar 1973, Lýðveldisins Portúgals 1. janúar 1986, Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar 1. janúar 1995,

sem með hliðsjón af fríverslunarsamningum milli aðildarríkjanna annars vegar og þriðju aðila hins vegar,

sem árétta að höfuðáhersla er lögð á náin samskipti milli aðildarríkjanna og að greiða fyrir áframhaldandi góðum tengslum við Evrópusambandið sem grundvallast á nálægð, sameiginlegu gildismati frá forni fari og evrópskri samkennd,

sem eru staðráðin í að auka samvinnu innan Fríverslunarsamtaka Evrópu, greiða enn frekar fyrir frjálsum vöruflutningum, stefna að því að koma í áföngum á frelsi fólks til flutninga og frelsi í viðskiptum með þjónustu og fjárfestingar, opna enn frekar markað opinberra innkaupa í EFTA-ríkjunum og veita viðeigandi vernd fyrir hugverkaréttindi við sanngjörn samkeppnisskilyrði,

sem byggja á réttindum sínum og skyldum samkvæmt samningi um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og öðrum marghliða og tvíhliða gerningum um samstarf,

CONVENTION ESTABLISHING THE EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION

The Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation (hereinafter referred to as the "Member States");

Having regard to the conclusion on 4 January 1960, between the Republic of Austria, the Kingdom of Denmark, the Kingdom of Norway, the Portuguese Republic, the Kingdom of Sweden, the Swiss Confederation and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, of the Convention establishing the European Free Trade Association (hereinafter referred to as the "Convention");

Having regard to the association with the Republic of Finland and its subsequent accession on 1 January 1986, and to the accessions by the Republic of Iceland on 1 March 1970 and by the Principality of Liechtenstein on 1 September 1991;

Having regard to the successive withdrawals from the Convention by the Kingdom of Denmark and the United Kingdom on 1 January 1973; the Republic of Portugal on 1 January 1986; the Republic of Austria, the Republic of Finland and the Kingdom of Sweden on 1 January 1995;

Having regard to the free trade agreements between the Member States on the one hand and third parties on the other;

Reaffirming the high priority they attach to the privileged relationship between the Member States and to the facilitation of continuity in their respective good relations with the European Union, which are based on proximity, long-standing common values and European identity;

Resolved to deepen the co-operation instituted within the European Free Trade Association, further facilitating the free movement of goods, aiming at the progressive attainment of free movement of persons and the progressive liberalisation of trade in services and investment, further opening up the public procurement markets in the EFTA States, and providing for the appropriate protection of intellectual property rights, under fair conditions of competition;

Building on their respective rights and obligations under the Agreement establishing the World Trade Organization and other multilateral and bilateral instruments of co-operation;

sem gera sér ljóst að stefnur þeirra á sviði viðskipta og umhverfismála þurfa að styðja hver við aðra til þess að unnt sé að ná markmiðinu um sjálfbæra þróun,

sem staðfesta þá skuldbindingu að fylgja viðurkenndum grundvallarréttindum á vinnumarkaði, vekja athygli á því að þau leitast við að koma slíkum stöðlum á framfæri á viðeigandi marghliða vettvangi og láta í ljós þá trú sína að hagvöxtur og hagþróun, er byggjast á auknum viðskiptum og auknu frelsi í viðskiptum, renni stoðum undir slíka staðla,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI: MARKMIÐ

1. gr.

Samtökin

Hér með eru stofnuð alþjóðleg samtök sem skulu bera heitið Fríverslunarsamtök Evrópu, hér á eftir nefnd „samtökin".

2. gr.

Markmið

Markmið samtakanna skulu vera þessi:

a) að stuðla að áframhaldandi þróun og jafnvægi í viðskiptum og efnahagstengslum milli aðildarríkjanna á svæði samtakanna, á grundvelli sanngjarnra samkeppnisskilyrða og samsvarandi reglna,
b) frjáls vöruviðskipti,
c) að auka í áföngum frelsi fólks til flutninga,
d) að auka í áföngum frelsi í viðskiptum með þjónustu og fjárfestingar,
e) að sjá til þess að sanngjörn samkeppnisskilyrði ríki í viðskiptum milli aðildarríkjanna,
f) að opna markaði aðildarríkjanna á sviði opinberra innkaupa,
g) að veita hugverkaréttindum viðeigandi vernd í samræmi við ströngustu alþjóðlega staðla.

II. KAFLI: FRJÁLSIR VÖRUFLUTNINGAR

3. gr.

Útflutnings- og innflutningstollar og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif

Aðildarríkjunum er óheimilt að leggja útflutnings- og innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif á sín í milli. Þetta á einnig við um fjáröflunartolla.

Recognising the need for mutually supportive trade and environmental policies in order to achieve the objective of sustainable development;

Affirming their commitment to the observance of recognised core labour standards, noting their endeavours to promote such standards in the appropriate multilateral fora and expressing their belief that economic growth and development fostered by increased trade and further trade liberalisation contribute to the promotion of these standards;

Have agreed as follows:

CHAPTER I : OBJECTIVES

ARTICLE 1

The Association

An international organisation to be known as the European Free Trade Association, hereinafter referred to as "the Association", is hereby established.

ARTICLE 2

Objectives

The objectives of the Association shall be

(a) to promote a continued and balanced strengthening of trade and economic relations between the Member States with fair conditions of competition, and the respect of equivalent rules, within the area of the Association;
(b) the free trade in goods;
(c) to progressively liberalise the free movement of persons;
(d) the progressive liberalisation of trade in services and of investment;
(e) to provide fair conditions of competition affecting trade between the Member States;
(f) to open the public procurement markets of the Member States;
(g) to provide appropriate protection of intellectual property rights, in accordance with the highest international standards.

CHAPTER II : FREE MOVEMENT OF GOODS

ARTICLE 3

Customs duties on imports and exports, and charges having equivalent effect

Customs duties on imports and exports, and any charges having equivalent effect, shall be prohibited between the Member States. This shall also apply to customs duties of a fiscal nature.

4. gr.
Innlendir skattar

1. Aðildarríki er óheimilt að leggja, beint eða óbeint, hvers konar innlenda skatta á framleiðsluvörur annarra aðildarríkja umfram það sem er lagt, beint eða óbeint, á samsvarandi innlendar framleiðsluvörur.
2. Aðildarríki er enn fremur óheimilt að leggja hvers konar innlenda skatta á framleiðsluvörur annarra aðildarríkja þannig að öðrum framleiðsluvörum sé veitt óbein vernd.
3. Ef framleiðsluvörur eru fluttar til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis má endurgreiðsla á innlendum skatti ekki vera hærri en sá innlendi skattur sem var lagður á þær beint eða óbeint.

ARTICLE 4
Internal taxation

1. No Member State shall impose, directly or indirectly, on the products of other Member States any internal taxation of any kind in excess of that imposed directly or indirectly on similar domestic products.
2. Furthermore, no Member State shall impose on the products of other Member States any internal taxation of such a nature as to afford indirect protection to other products.
3. Where products are exported to the territory of any Member State, any repayment of internal taxation shall not exceed the internal taxation imposed on them whether directly or indirectly.

5. gr.
Upprunareglur

Í viðauka A er að finna upprunareglur og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda í tollamálum.

ARTICLE 5
Rules of origin

The rules of origin and methods of administrative cooperation in customs administration are set out in Annex A.

6. gr.
Gagnkvæm aðstoð í tollamálum

1. Aðildarríkin skulu almennt veita hvert öðru aðstoð í tollamálum í samræmi við ákvæði í viðauka B og sjá þannig til þess að löggjöf þeirra í tollamálum sé beitt með réttum hætti.
2. Ákvæði í viðauka B skulu gilda um allar framleiðsluvörur óháð því hvort þær falla undir ákvæði þessa samnings.

ARTICLE 6
Mutual assistance in customs matters

1. Member States shall assist each other in customs matters in general in accordance with the provisions of Annex B in order to ensure that their customs legislation is correctly applied.
2. Annex B shall apply to all products whether or not covered by the provisions of this Convention.

7. gr.
Magntakmarkanir á innflutningi og útflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif

Aðildarríkjunum er óheimilt að beita hvert gagnvart öðru magntakmörkunum á innflutningi og útflutningi svo og ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif.

ARTICLE 7
Quantitative restrictions on imports and exports, and measures having equivalent effect

Quantitative restrictions on imports and exports, and all measures having equivalent effect, shall be prohibited between the Member States.

8. gr.
Landbúnaðarvörur

1. Með hliðsjón af sérstökum atriðum er hafa áhrif á landbúnað skulu grunnvörur í landbúnaði og vörur unnar úr hráefnum úr landbúnaði, sem eru skráðar í viðauka C, háðar eftirfarandi reglum:

a) Í tengslum við vörur, sem eru skráðar í I. hluta í viðauka C, skulu ákvæði þessa samnings gilda með viðeigandi tilliti til þess fyrirkomulags sem kveðið er á um í 9. gr.
b) Í tengslum við vörur, sem eru skráðar í II. eða III. hluta í viðauka C og með viðeigandi tilliti til þess fyrirkomulags sem kveðið er á um í 9. gr., skulu 2., 3., 4. og 7. gr. ekki gilda.

ARTICLE 8
Agricultural goods

1. In view of the special considerations affecting agriculture, the basic agricultural goods and the goods processed from agricultural raw materials listed in Annex C shall be subject to the following rules:
(a) In relation to the goods listed in Part I of Annex C, the provisions of this Convention shall apply, with due regard to the arrangements provided for in Article 9.
(b) In relation to goods listed in Part II or in Part III of Annex C, and with due regard to the arrangements provided for in Article 9, Articles 2, 3, 4 and 7 shall not apply.

c) Í tengslum við vörur, sem eru skráðar í III. hluta í viðauka C, lýsa aðildarríkin yfir vilja sínum til að ýta undir samræmda þróun í viðskiptum eftir því sem unnt er innan ramma stefna þeirra í landbúnaðarmálum. Í þessu augnamiði skal Ísland veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir sem eru upprunnar í Noregi og Sviss[1] eins og tilgreint er í töflu 1 í viðauka D, Noregur veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir sem eru upprunnar á Íslandi og í Sviss[2] eins og tilgreint er í töflu 2 í viðauka D og Sviss[3] veita tollaívilnanir fyrir landbúnaðarafurðir sem eru upprunnar á Íslandi og í Noregi eins og tilgreint er í töflu 3 í viðauka D. Ákvæði 15. gr. í viðauka A gilda ekki um vörur sem eru skráðar í III. hluta í viðauka C.

2. Ákvæði IV. kafla um ríkisaðstoð, VI. kafla um samkeppni og XII. kafla um opinber innkaup gilda ekki um landbúnaðarvörur.

9. gr.

I. og II. hluti – Vörur í viðauka C (unnar landbúnaðarafurðir)

1. Til þess að tekið sé tillit til mismunandi verðs á landbúnaðarhráefnum, sem eru notuð í vörur sem tilgreindar eru í I. hluta í viðauka C sem um getur í alið 8. gr., útilokar þessi samningur ekki, að því er þessar vörur varðar:

a) að fastur tollur sé lagður á innflutning,

b) að heimilt sé að gera innlendar verðjöfnunarráðstafanir,

c) að ráðstafanir séu gerðar við útflutning.

2. Fastur tollur, sem er lagður á við innflutning vara sem skráðar eru í I. hluta í viðauka C, skal grundvallast á en ekki vera umfram þann mun sem er á verði innanlands og heimsmarkaðsverði á landbúnaðarhráefnum sem notuð eru í umræddar vörur.

3. Aðildarríki skal ekki, með viðeigandi tilliti til ákvæða í 2. mgr., veita vörum, sem eru skráðar í I. eða II. hluta í viðauka C og eru fluttar inn frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis, lakari meðferð en það veitir innflutningi frá yfirráðasvæði Evrópubandalagsins eða öðrum fríverslunaraðilum.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna hvert öðru um allar breytingar á meðferð sem Evrópubandalagið eða annar fríverslunaraðili nýtur fyrir framleiðsluvörur sem eru skráðar í I. eða II. hluta í viðauka C.

[1] Gildir einnig um Furstadæmið Liechtenstein á meðan samningur við Sviss um tollabandalag frá 29. mars 1923 er í gildi.

[2] Gildir einnig um Furstadæmið Liechtenstein á meðan samningur við Sviss um tollabandalag frá 29. mars 1923 er í gildi.

[3] Gildir einnig um Furstadæmið Liechtenstein á meðan samningur við Sviss um tollabandalag frá 29. mars 1923 er í gildi.

(c) In relation to the goods listed in Part III of Annex C, the Member States declare their readiness to foster, in so far as their agricultural policies allow, the harmonious development of trade. In pursuance of this objective, Iceland shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Norway and Switzerland[1] as specified in Table 1 of Annex D, Norway shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Iceland and Switzerland[2] as specified in Table 2 of Annex D, and Switzerland[3] shall grant tariff concessions to agricultural products originating in Iceland and Norway as specified in Table 3 of Annex D. Article 15 of Annex A shall not apply to goods listed in Part III of Annex C.

2. Chapter IV on State aid, Chapter VI on competition and Chapter XII on public procurement shall not apply to agricultural goods.

ARTICLE 9

Parts I and II – Goods of Annex C (processed agricultural goods)

1. In order to take account of differences in the cost of the agricultural raw materials incorporated in the goods specified in Part I of Annex C referred to in sub-paragraph (a) of Article 8, the Convention does not preclude, in respect of such goods:

(a) the levying, upon import, of a fixed duty;

(b) the application of internal price compensation measures;

(c) the application of measures adopted upon export.

2. The fixed duties, levied upon import of goods listed in Part I of Annex C, shall be based on, but not exceed, the differences between the domestic price and the world market price of the agricultural raw materials incorporated into the goods concerned.

3. With due regard to the provisions in paragraph 2, no Member State shall accord to imports of goods listed in Part I or in Part II of Annex C from the territory of another Member State a treatment less favourable than it accords to imports from the territory of the European Community or any other free trade partner.

4. The Member States shall notify each other of all changes in the treatment for products listed in Part I or in Part II of Annex C accorded to the European Community or any other free trade partner.

[1] Also applies to the Principality of Liechtenstein as long as its Customs Union Treaty of 29 March 1923 with Switzerland remains in force.

[2] Also applies to the Principality of Liechtenstein as long as its Customs Union Treaty of 29 March 1923 with Switzerland remains in force.

[3] Also applies to the Principality of Liechtenstein as long as its Customs Union Treaty of 29 March 1923 with Switzerland remains in force.

10. gr.
Fiskur og aðrar sjávarafurðir

Beita skal ákvæðum þessa samnings í tengslum við fisk og aðrar sjávarafurðir.

11. gr.
Sáðvörur og lífrænn landbúnaður

1. Í viðauka E er að finna sérreglur um sáðvörur.
2. Í viðauka F er að finna sérreglur um lífrænan landbúnað.

12. gr.
Ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna

Ákvæði í viðauka G eiga við um réttindi og skyldur aðildarríkjanna að því er varðar ráðstafanir um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna.

13. gr.
Undantekningar

Ákvæði 7. gr. koma ekki í veg fyrir að leggja megi bann við eða takmarka innflutning, útflutning eða umflutning vöru sem réttlætist af almennu siðgæði, allsherjarreglu eða almannaöryggi, verndun lífs og heilsu manna eða dýra, gróður- eða umhverfisvernd, verndun þjóðarverðmæta er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi eða verndun eignaréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slíkt bann eða takmarkanir mega þó ekki leiða til geðþóttabundinnar mismununar eða til þess að duldar takmarkanir séu lagðar á viðskipti milli aðildarríkjanna.

III. KAFLI: TÆKNILEGAR VIÐSKIPTAHINDRANIR

14. gr.
Tilkynnt um drög að tæknilegum reglum

1. Aðildarríkin skulu tilkynna ráðinu um leið og gerlegt er um öll drög að tæknilegum reglum eða breytingar á þeim.
2. Í viðauka H er að finna ákvæði um málsmeðferð við tilkynningar.

15. gr.
Gagnkvæm viðurkenning með tilliti til samræmismats

Með fyrirvara um 7. gr. viðurkenna Sviss annars vegar og Ísland, Liechtenstein og Noregur hins vegar, í samræmi við viðauka I og með gagnkvæmum hætti, skýrslur, vottorð, leyfi, samræmismerki og yfirlýsingar framleiðanda um samræmi.

ARTICLE 10
Fish and other marine products

The provisions of this Convention shall apply in relation to fish and other marine products.

ARTICLE 11
Seeds and Organic Agriculture

1. Specific rules on seeds are set out in Annex E.
2. Specific rules on organic agriculture are set out in Annex F.

ARTICLE 12
Sanitary and phytosanitary measures

The rights and obligations of the Member States in respect of sanitary and phytosanitary measures shall be governed by Annex G.

ARTICLE 13
Exceptions

The provisions of Article 7 shall not preclude prohibitions or restrictions on imports, exports or goods in transit justified on grounds of public morality; public policy or public security; the protection of health and life of humans, animals or plants and of the environment; the protection of national treasures possessing artistic, historic or archaeological value; or the protection of industrial and commercial property. Such prohibitions or restrictions shall not, however, constitute a means of arbitrary discrimination or a disguised restriction on trade between the Member States.

CHAPTER III : TECHNICAL BARRIERS TO TRADE

ARTICLE 14
Notification of draft technical regulations

1. Member States shall notify to the Council at the earliest practicable stage all draft technical regulations or amendments thereto.
2. The provisions on the notification procedure are set out in Annex H.

ARTICLE 15
Mutual recognition of conformity assessment

Without prejudice to Article 7, Switzerland, on the one hand, and Iceland, Liechtenstein and Norway, on the other, grant mutual acceptance of reports, certificates, authorisations, conformity marks and manufacturer's declarations of conformity in accordance with Annex I.

IV. KAFLI: RÍKISAÐSTOÐ

16. gr.

Ríkisaðstoð

1. Farið skal með réttindi og skyldur aðildarríkjanna að því er varðar ríkisaðstoð í samræmi við XVI. gr. GATT-samningsins frá 1994 og samning Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um styrki og jöfnunarráðstafanir, sem eru tekin upp í og eru hluti samningsins, nema kveðið sé á um annað í viðauka Q.
2. Aðildarríkin skulu ekki beita jöfnunarráðstöfunum, eins og kveðið er á um í V. hluta í WTO-samningnum um styrki og jöfnunarráðstafanir, gagnvart öðru aðildarríki í samræmi við 36. gr.

3. Aðildarríkin skulu endurskoða gildissvið þessa kafla með það í huga að láta verklagsreglur um ríkisaðstoð ná til þjónustustarfsemi að teknu tilliti til alþjóðlegrar þróunar á þessu sviði. Þessi endurskoðun skal fara fram á árs fresti.

CHAPTER IV : STATE AID

ARTICLE 16

State aid

1. The rights and obligations of the Member States relating to State aid shall be based on Article XVI of the GATT 1994 and the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures, which are incorporated and made part of the Convention, except as otherwise provided for in Annex Q.
2. Member States shall not apply countervailing measures as provided for under Part V of the WTO Agreement on Subsidies and Countervailing Measures in relation to any other Member State in accordance with Article 36.
3. The Member States shall review the scope of application of this Chapter with a view to extending the disciplines with respect to State aid to the field of services, taking into account international developments in the sector. The reviews shall take place at yearly intervals.

V. KAFLI: OPINBER FYRIRTÆKI OG EINKASALA

17. gr.

Opinber fyrirtæki og einkasala

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinber fyrirtæki láti vera að beita

a) ráðstöfunum, sem hafa í för með sér vernd fyrir innlenda framleiðslu og brytu í bága við samninginn, ef þær væru framkvæmdar með tollum eða gjöldum, sem hafa samsvarandi áhrif, magntakmörkunum eða ríkisaðstoð, eða
b) misrétti í viðskiptum vegna þjóðernis að því leyti sem það spillir þeim ávinningi sem vænta má að leiði af því að tollar og magntakmarkanir eru afnumin í viðskiptum milli aðildarríkjanna eða því að slíkir tollar eða magntakmarkanir eru ekki fyrir hendi.

2. Að því er þessa grein varðar merkir „opinbert fyrirtæki“ ríkisstofnanir, svæðis- eða staðaryfirvöld, opinber fyrirtæki og hver önnur sú stofnun, þar sem aðildarríki stjórnar eða hefur varanleg áhrif á innflutning frá eða útflutning til yfirráðasvæðis aðildarríkis, samkvæmt lögum eða venju.

3. Ákvæði 1. mgr. 18. gr. skulu einnig gilda um starfsemi opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem njóta sér- eða einkaréttinda er aðildarríkin hafa veitt þeim, en beiting ákvæðanna má þó ekki hindra, að lögum eða í raun, framkvæmd opinberra verkefna sem þeim eru fengin.

4. Ákvæði 3. mgr. gilda um viðauka Q. Aðildarríkin skulu endurskoða gildissvið þessa kafla með það í huga að láta verklagsreglurnar ná til annarrar þjón-

CHAPTER V : PUBLIC UNDERTAKINGS AND MONOPOLIES

ARTICLE 17

Public undertakings and monopolies

1. Member States shall ensure that public undertakings refrain from applying

(a) measures the effect of which is to afford protection to domestic production which would be inconsistent with this Convention if achieved by means of a duty or charge with equivalent effect, quantitative restriction or government aid, or
(b) trade discrimination on grounds of nationality in so far as it frustrates the benefits expected from the removal or absence of duties and quantitative restrictions on trade between Member States.

2. For the purposes of this Article, "public undertakings" means central, regional, or local government authorities, public enterprises and any other organisation by means of which a Member State, by law or in practice, controls or appreciably influences imports from, or exports to, the territory of a Member State.
3. The provisions of paragraph 1 of Article 18 shall also apply to the activities of public undertakings, and undertakings for which the Member States grant special or exclusive rights, in so far as the application of these provisions does not obstruct the performance, in law or in fact, of the particular public tasks assigned to them.
4. Paragraph 3 shall apply to Annex Q. The Member States shall review the scope of application of this Chapter with a view to extending the disciplines

ustustarfsemi að teknu tilliti til alþjóðlegrar þróunar á þessu sviði. Þessi endurskoðun skal fara fram á árs fresti.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki séu teknir upp starfshættir sem lýst er í 1. mgr. þessarar greinar.

6. Ef aðildarríkin hafa ekki nægilegt lagalegt vald til þess að stýra í þessu efni starfsemi svæðis- eða staðaryfirvalda, eða fyrirtækja undir þeirra stjórn, skulu þau engu að síður reyna að sjá til þess að þessi yfirvöld eða fyrirtæki hlíti ákvæðum þessarar greinar.

to other services, taking into account international developments in the sector. The reviews shall take place at yearly intervals.

5. Member States shall ensure that new practices of the kind described in paragraph 1 of this Article are not introduced.

6. Where Member States do not have the necessary legal powers to control the activities of regional or local government authorities or enterprises under their control in these matters, they shall nevertheless endeavour to ensure that those authorities or enterprises comply with the provisions of this Article.

VI. KAFLI: SAMKEPPNISREGLUR

18. gr.

Samkeppni

1. Aðildarríkin eru þeirrar skoðunar að eftirfarandi viðskiptahættir séu ósamrýmanlegir samningi þessum að svo miklu leyti sem þeir spilla þeim ávinningi sem búist er við að leiði af honum:

a) samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltir viðskiptahættir fyrirtækja sem hafa það að markmiði eða leiða til útilokunar, takmörkunar eða röskunar samkeppni,

b) misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi aðstöðu á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eða á verulegum hluta þeirra.

2. Líti aðildarríki svo á að tilteknir viðskiptahættir séu ósamrýmanlegir þessari grein getur það farið fram á samráðsfund í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 47. gr. og er því heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir með þeim skilyrðum, sem eru sett fram í 2. mgr. 40. gr., til þess að leysa þá erfiðleika sem þessir viðskiptahættir hafa í för með sér.

CHAPTER VI : RULES OF COMPETITION

ARTICLE 18

Competition

1. Member States recognise that the following practices are incompatible with this Convention in so far as they frustrate the benefits arising from this Convention:

(a) agreements between enterprises, decisions by associations of enterprises and concerted practices between enterprises which have as their object or result the prevention, restriction or distortion of competition;

(b) abuse by one or more undertakings of a dominant position in the territories of the Member States as a whole or in a substantial part thereof.

2. Should a Member State consider that a given practice is incompatible with this Article, it may ask for consultations in accordance with the procedures set out in Article 47 and take appropriate measures under the conditions set out in paragraph 2 of Article 40 to deal with the difficulties resulting from the practice in question.

VII. KAFLI: HUGVERKAVERND

19. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að gera ráðstafanir til að veita og tryggja nægilega og árangursríka vernd hugverkaréttinda, þar með taldar ráðstafanir til að vernda þessi réttindi gegn brotum, eftirlíkingu og ólöglegri nýtingu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, viðauka J við þennan samning og alþjóðasamninga sem um getur í honum.

2. Aðildarríkin skulu ekki veita ríkisborgurum annarra aðildarríkja lakari kjör en þau veita eigin ríkisborgurum. Undanþágur frá þessari skyldu skulu veittar í samræmi við efnisleg ákvæði 3. gr. samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS-samningsins).

3. Aðildarríkin skulu ekki veita ríkisborgurum annarra aðildarríkja lakari meðferð en veitt er ríkisborgurum annarra ríkja. Undanþágur frá þessari skyldu

CHAPTER VII : PROTECTION OF INTELLECTUAL PROPERTY

ARTICLE 19

1. Member States shall grant and ensure adequate and effective protection of intellectual property rights, and provide for measures for the enforcement of such rights against infringement thereof, counterfeiting and piracy, in accordance with the provisions of this Article, Annex J to this Agreement and the international agreements referred to therein.

2. Member States shall accord to each other's nationals treatment no less favourable than that they accord to their own nationals. Exemptions from this obligation must be in accordance with the substantive provisions of Article 3 of the TRIPS Agreement.

3. Member States shall grant to each other's nationals treatment no less favourable than that accorded to nationals of any other State. Exemptions from this

skulu veittar í samræmi við efnisleg ákvæði TRIPS-samningsins, einkum 4. og 5. gr.

4. Aðildarríkin samþykkja, að beiðni samningsríkis, að endurskoða ákvæði um vernd hugverkaréttinda með það í huga að auka þessa vernd enn frekar og forðast eða ráða bót á röskun í viðskiptum sem stafar af verndun hugverkaréttinda eins og hún er núna.

obligation must be in accordance with the substantive provisions of the TRIPS Agreement, in particular Articles 4 and 5 thereof.

4. Member States agree, upon request of any Member State, to review the provisions on the protection of intellectual property rights contained in the present Article, with a view to further improve levels of protection and to avoid or remedy trade distortions caused by actual levels of protection of intellectual property rights.

VIII. KAFLI: FRELSI FÓLKS TIL FLUTNINGA

20. gr.

Flutningar fólks

1. Aðildarríkin skulu tryggja, sín á milli, frelsi fólks til flutninga í samræmi við ákvæði í viðauka K og í bókun við hann um frelsi fólks til flutninga milli Liechtenstein og Sviss.

2. Markmið þessarar greinar, til hagsbóta fyrir ríkisborgara aðildarríkjanna, skulu vera eftirfarandi:

a) að veita þeim rétt til komu, búsetu og atvinnu sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar og rétt til dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna,

b) að auðvelda þjónustustarfsemi á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og einkum að auka frelsi til að veita þjónustu til skamms tíma,

c) að veita þeim sem starfa ekki í gistiríkinu rétt til komu og búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna,

d) að veita þeim sömu lífs-, starfs- og atvinnuskilyrði og ríkisborgarar njóta.

21. gr.

Samræming almannatryggingakerfa

Til þess að greiða fyrir frelsi fólks til flutninga skulu aðildarríkin, í samræmi við 2. viðbæti í viðauka K og bókun við hann um frelsi fólks til flutninga milli Liechtenstein og Sviss, gera ráð fyrir samræmingu almannatryggingakerfa einkum með það að markmiði:

a) að tryggja jafna meðferð,

b) að ákvarða hvaða löggjöf skuli gilda,

c) að leggja saman, með það að markmiði að öðlast og viðhalda rétti til bóta og útreiknings á bótatíjárhæð, öll tímabil sem tillit er tekið til samkvæmt innlendri löggjöf í viðkomandi ríkjum,

d) að greiða bætur til þeirra sem eru búsettir á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna,

CHAPTER VIII : FREE MOVEMENT OF PERSONS

ARTICLE 20

Movement of persons

1. Freedom of movement of persons shall be secured among Member States in accordance with the provisions set out in Annex K and in the Protocol to Annex K on the free movement of persons between Liechtenstein and Switzerland.

2. The objective of this Article for the benefit of the nationals of the Member States shall be:

(a) to accord a right of entry, residence, access to work as employed persons, establishment on a self-employed basis and the right to stay in the territory of the Member States;

(b) to facilitate the provision of services in the territory of the Member States, and in particular to liberalise the provision of services of brief duration;

(c) to accord a right of entry into, and residence in, the territory of the Member States to persons without an economic activity in the host State;

(d) to accord the same living, employment and working conditions as those accorded to nationals.

ARTICLE 21

Coordination of social security systems

In order to provide freedom of movement of persons, the Member States shall make provision, in accordance with Appendix 2 of Annex K and with the Protocol to Annex K on the free movement of persons between Liechtenstein and Switzerland, for the coordination of social security systems with the aim in particular of:

(a) securing equality of treatment;

(b) determining the legislation applicable;

(c) aggregating, for the purpose of acquiring and retaining the right to benefit and of calculating the amount of benefit, of all periods taken into consideration by the national legislation of the States concerned;

(d) paying benefits to persons resident in the territories of the Member States;

e) að stuðla að gagnkvæmri aðstoð og samvinnu yfirvalda og stofnanna í stjórnsýslumálum.

22. gr.

Gagnkvæm viðurkenning á menntun og hæfi

Aðildarríkin skulu, í því skyni að auðvelda ríkisborgurum aðildarríkjanna að hefja og stunda störf sem launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar, gera nauðsynlegar ráðstafanir, sem tíundaðar eru í 3. viðbæti við viðauka K og bókun við hann um frelsi fólks til flutninga milli Liechtenstein og Sviss, til að viðurkenna með gagnkvæmum hætti prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi og samræma ákvæði sem mælt er fyrir um í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna að því er varðar rétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga til að hefja og stunda störf.

IX. KAFLI: FJÁRFESTINGAR

I. þáttur: Stofnsetning

23. gr.

Meginreglur og gildissvið

1. Innan ramma og með fyrirvara um ákvæði þessa samnings skulu engar takmarkanir vera á rétti til að setja á stofn félög eða fyrirtæki í samræmi við lög aðildarríkis og hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Hið sama gildir um rétt félaga eða fyrirtækja aðildarríkis, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, til að setja á stofn umboð, útibú eða dótturfyrirtæki.

Staðfesturéttur felur í sér rétt til að stofna, eignast og reka fyrirtæki, einkum félög eða fyrirtæki í skilningi 2. mgr., með þeim skilyrðum sem gilda í því aðildarríki þar sem staðfestan er fengin, þó með fyrirvara um ákvæðin hér á eftir.

2. Í þessum kafla merkir:

a) „dótturfyrirtæki“: fyrirtæki sem móðurfyrirtækið stýrir í raun,

b) „félög eða fyrirtæki“: félög eða fyrirtæki stofnuð á grundvelli einkamálaréttar eða verslunarréttar, þar með talin samvinnufélög, svo og aðrar lögpersónur sem lúta allsherjarrétti eða einkamálarétti, þó að frátöldum þeim sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni; til þess að unnt sé að líta á félag eða fyrirtæki sem slíkt í aðildarríki verður það að hafa raunveruleg og viðvarandi tengsl við efnahagslíf í því aðildarríki.

3. Í viðaukum L til O er að finna sérákvæði og undanþágur varðandi staðfesturéttinn. Aðildarríkin

(e) fostering mutual administrative assistance and cooperation between authorities and institutions.

ARTICLE 22

Mutual recognition of professional qualifications

In order to make it easier for nationals of the Member States to take up and pursue activities as workers and self-employed persons, the Member States shall take the necessary measures, as contained in Appendix 3 to Annex K and in the Protocol to Annex K on the free movement of persons between Liechtenstein and Switzerland, concerning the mutual recognition of diplomas, certificates and other evidence of formal qualifications, and the coordination of the provisions laid down by law, regulation or administrative action in the Member States concerning the taking up and pursuit of activities by workers and self-employed persons.

CHAPTER IX : INVESTMENT

Section I: Establishment

ARTICLE 23

Principles and scope

1. Within the framework of, and subject to, the provisions of this Convention, there shall be no restrictions on the right of establishment of companies or firms, formed in accordance with the law of a Member State and having their registered office, central administration or principal place of business in the territory of the Member States. This shall also apply to the setting up of agencies, branches or subsidiaries by companies or firms of any Member State established in the territory of any other Member State.

The right of establishment shall include the right to set up, acquire and manage undertakings, in particular companies or firms within the meaning of paragraph 2, under the conditions laid down for its own undertakings by the law of the Member State where such establishment is effected, subject to the provisions set out hereafter.

2. For the purposes of this Chapter:

(a) "subsidiary" of a company shall mean a company which is effectively controlled by the first company;

(b) "companies or firms" shall mean companies or firms constituted under civil or commercial law, including cooperative societies, and other legal persons governed by public or private law, save for those which are non-profit-making; in order to be considered as a company or firm of a Member State, the company or firm shall have a real and continuous link with the economy in that Member State.

3. Annexes L to O contain specific provisions and exemptions regarding the right of establishment. The

skulu leitast við að hætta smám saman hvers konar mismunun sem þau viðhalda í samræmi við viðauka L til O. Aðildarríkin samþykkja að endurskoða þetta ákvæði, þar með talið viðaukana, innan tveggja ára frá gildistöku samningsins um breytingu á samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 21. júní 2001 með það fyrir augum að draga úr og afnema að lokum þær takmarkanir sem eru enn fyrir hendi.

4. Aðildarríki skal ekki samþykkja, frá gildistöku samningsins um breytingu á samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 21. júní 2001, ráðstafanir sem fela í sér mismunun eða frekari mismunun að því er varðar stofnun og starfsemi félaga eða fyrirtækja annars aðildarríkis borið saman við þá meðferð sem félög eða fyrirtæki þess sjálfs njóta.

5. Að því er varðar aðildarríki, sem njóta undanþágu í viðaukum L til O, skulu þau veita félögum eða fyrirtækjum annars aðildarríkis eigi lakari meðferð en veitt er félögum eða fyrirtækjum þriðju aðila annarra en Evrópubandalagsins. Aðildarríkin skuldbinda sig enn fremur til að veita hvert öðru, með gagnkvæmum hætti, þann ávinning sem er að finna í nýjum samningum milli aðildarríkis og Evrópubandalagsins, með fyrirvara um ákvörðun ráðsins.

6. Ákvæði 35. gr. og viðauka P og Q skulu gilda um staðfesturétt á sviði flutninga á vegum, járnbrautum og í lofti, með fyrirvara um sérákvæði og undanþágur í viðaukum L og M.

7. Ákvæði 20. gr., viðauka K og bókun við hann um frelsi fólks til flutninga milli Liechtenstein og Sviss skulu gilda um staðfesturétt einstaklinga.

24. gr.
Innlend meðferð

1. Innan gildissviðs þessa kafla og með fyrirvara um sérákvæði sem þar er að finna:

a) skulu aðildarríkin veita hvert öðru ekki lakari meðferð en þau veita innlendum félögum eða fyrirtækjum,
b) er aðildarríki heimilt að setja reglur um stofnun og starfsemi félaga eða fyrirtækja að því tilskildu að þessar reglur feli ekki í sér mismunun gagnvart félögum eða fyrirtækjum annarra aðildarríkja borið saman við innlend félög eða fyrirtæki.

2. Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir beitingu aðildarríkis á tilteknum reglum varðandi

Member States shall endeavour to eliminate gradually remaining discriminations, which they may maintain in accordance with Annexes L to O. The Member States agree to review the present provision, including its Annexes, within two years after the entry into force of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association of 21 June 2001 with a view to reducing, and ultimately eliminating, the remaining restrictions.

4. From the date of entry into force of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association of 21 June 2001, neither Member State shall adopt new, or more, discriminatory measures as regards the establishment and operation of companies or firms of another Member State, in comparison with the treatment accorded to its own companies or firms.

5. In sectors covered by an exemption as contained in Annexes L to O, each Member State shall accord to companies or firms of another Member State treatment no less favourable than that accorded to companies or firms of third parties other than the European Community. As regards any new agreements concluded between any Member State and the European Community, the Member States further undertake to extend to each other, on the basis of reciprocity, the benefits of such agreements, subject to a decision by the Council.

6. The right of establishment in the field of road, rail and air transport shall be governed by the provisions of Article 35 and Annexes P and Q, subject to the specific provisions and exemptions set out in Annexes L and M.

7. The right of establishment of natural persons shall be governed by the provisions of Article 20, Annexes K and the Protocol to Annex K on movement of persons between Liechtenstein and Switzerland.

ARTICLE 24
National treatment

1. Within the scope of application of this Chapter, and without prejudice to any special provisions contained herein:

(a) Member States shall grant treatment no less favourable than that accorded to their own companies or firms;
(b) each Member State may regulate the establishment and operation of companies or firms on its territory, in so far as these regulations do not discriminate against companies or firms of the other Member States in comparison to its own companies or firms.

2. The provisions of this Article do not preclude the application by a Member State of particular rules

stofnun og starfsemi útibúa og umboðsskrifstofa félaga annars aðildarríkis, sem eru ekki skráð á yfirráðasvæði fyrstnefnda aðildarríkisins, sem unnt er að réttlæta á grundvelli lagalegs eða tæknilegs mismunar á slíkum útibúum og umboðsskrifstofum annars vegar og útibúum og umboðsskrifstofum sem eru skráð á yfirráðasvæði þess hins vegar. Ekki skal ganga lengra í að veita mismunandi meðferð en brýna nauðsyn ber til vegna lagalegs eða tæknilegs mismunar.

25. gr.

Regla um fjármálamarkaðinn

1. Að því er lýtur að fjármálaþjónustu kemur þessi kafli ekki í veg fyrir rétt aðildarríkjanna til að samþykkja nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja vernd fjárfesta, innistæðueigenda, skíreinishafa eða einstaklinga sem hafa sett fjármuni í vörslu þeirra eða til að tryggja áreiðanleika og stöðugleika fjármálakerfisins. Þessar ráðstafanir skulu í engu mismuna félögum eða fyrirtækjum hinna aðildarríkjanna ef miðað er við félög eða fyrirtæki aðildarríkisins sjálfs.

2. Ekkert í þessum kafla ber að túlka þannig að þess sé krafist að aðili láti í té upplýsingar sem varða málefni og reikninga einstakra viðskiptamanna eða upplýsingar um trúnaðarmál eða eignarhluti sem opinberar stofnanir hafa vitneskju um.

26. gr.

Viðurkenning

1. Aðildarríki er heimilt að ganga frá samningi eða fyrirkomulagi við tiltekið ríki um viðurkenningu staðla, viðmiðanir um veitingu heimilda, leyfa eða skírteina þjónustuveitenda og skal það þá veita öðrum aðildarríkjum næg tækifæri til að semja um aðild að slíkum samningi eða fyrirkomulagi eða til að gera sambærilega samninga.

2. Ef aðildarríki veitir viðurkenningu, eins og kveðið er á um í 1. mgr., einhliða skal það gefa öðrum aðildarríkjum næg tækifæri til að sýna fram á að rétt sé að viðurkenna fengna reynslu, leyfi eða skírteini eða að kröfur hafi verið uppfylltar á yfirráðasvæði þeirra.

3. Aðili skal ekki veita viðurkenningu með þeim hætti að hann mismuni löndum þegar hann beitir stöðlum sínum eða viðmiðunum um veitingu heimilda, leyfa eða skírteina til handa þjónustuveitendum né með þeim hætti að það skapi duldar takmarkanir í þjónustuviðskiptum.

concerning the establishment and operation in its territory of branches and agencies of companies of another Member State not incorporated in the territory of the first Member State, which are justified by legal or technical differences between such branches and agencies as compared to branches and agencies of companies incorporated in its territory. The difference in treatment shall not go beyond what is strictly necessary as a result of such legal or technical differences.

ARTICLE 25

Financial market regulation

1. In respect of financial services, this Chapter does not prejudice the right of the Member States to adopt measures necessary for prudential grounds in order to ensure the protection of investors, depositors, policy holders, or persons to whom a fiduciary duty is owed, or to ensure the integrity and stability of the financial system. These measures shall not discriminate against companies or firms of the other Member States in comparison to its own companies or firms.

2. Nothing in this Chapter shall be construed to require a Member State to disclose information relating to the affairs and accounts of individual customers or any confidential or proprietary information in the possession of public entities.

ARTICLE 26

Recognition

1. A Member State may enter into an agreement or arrangement with a particular State providing for the recognition of standards, criteria for authorization, licensing or certification of service suppliers, in which case it shall offer adequate opportunity for any other Member State to negotiate its accession to such an agreement or arrangement or to negotiate comparable ones with it.

2. Where a Member State accords recognition as provided for in paragraph 1 autonomously, it shall afford adequate opportunity for any other Member State to demonstrate that experience, licences or certifications obtained or requirements met in that other Member State's territory should be recognised.

3. A Member State shall not accord recognition in a manner which would constitute a means of discrimination between countries in the application of its standards or criteria for the authorisation, licensing or certification of service suppliers, or a disguised restriction to establishment in the services sector.

27. gr.
Undantekningar

1. Ákvæði þessa kafla gilda ekki, að því er aðildarríki varðar, um starfsemi er tengist meðferð opinbers valds í því aðildarríki, jafnvel þótt það sé óreglubundið.

2. Ákvæði þessa kafla og ráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli þeirra skulu ekki hafa áhrif á beitingu ákvæða sem mælt er fyrir um í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum er kveða á um sérstaka meðhöndlun erlendra félaga eða fyrirtækja á grundvelli allsherjarreglu, almannaöryggis, almannaheilbrigðis eða vegna umhverfisins.

3. Að því tilskildu að þessum ráðstöfunum sé ekki beitt með þeim hætti að í þeim felist geðþóttabundin eða óréttlætanleg mismunun milli ríkja, þar sem samsvarandi aðstæður eru fyrir hendi eða duldar takmarkanir í þjónustuviðskiptum, kemur ekkert í þessum samningi í veg fyrir að aðildarríki samþykki eða framfylgi ráðstöfunum sem eru:

a) ekki í samræmi við 24. gr., að því tilskildu að þegar annarri ólíkri meðferð er beitt sé miðað að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar álögur[4] og innheimtu beinna skatta að því er varðar þjónustu eða þjónustuveitendur annarra aðildarríkja,

ARTICLE 27
Exceptions

1. The provisions of this Chapter shall not apply, so far as any given Member State is concerned, to activities which in that Member State are connected, even occasionally, with the exercise of official authority.

2. The provisions of this Chapter and measures taken in pursuance thereof shall not prejudice the applicability of provisions laid down by law, regulation or administrative action providing for special treatment for foreign companies or firms on grounds of public policy, public security, public health or the environment.

3. Subject to the requirement that such measures are not applied in a manner which would constitute a means of arbitrary or unjustifiable discrimination between States where like conditions prevail, or a disguised restriction on trade in services, nothing in this Convention shall be construed to prevent the adoption or enforcement by any Member State of measures:

(a) inconsistent with Article 24, provided that the difference in treatment is aimed at ensuring the equitable or effective[4] imposition or collection of direct taxes in respect of services or service suppliers of other Member States;

---

[4] Ráðstafanir sem miða að því að tryggja sanngjarnar eða skilvirkar álögur eða innheimtu beinna skatta taka til ráðstafana sem aðildarríki gerir samkvæmt skattakerfi sínu og:

i) gilda um þjónustuveitendur, sem eru ekki búsettir í landinu, til viðurkenningar á þeirri staðreynd að skattskylda þeirra sem eru ekki búsettir í landinu er ákvörðuð með hliðsjón af skattskyldum hlutum sem eru upprunnir eða staðsettir á yfirráðasvæði aðildarríkisins, eða

ii) gilda um þá sem ekki eru búsettir í landinu til að tryggja álagningu eða innheimtu skatta á yfirráðasvæði aðildarríkja, eða

iii) gilda um þá sem eru ekki búsettir í landinu eða þá sem þar eru búsettir til að koma í veg fyrir undandrátt frá sköttum eða skattsvik, þar á meðal fullnusturáðstafanir, eða

iv) gilda um neytendur þjónustu, sem er veitt á eða frá yfirráðasvæði annars aðildarríkis, til að tryggja að skattar af starfsemi, sem er upprunnin á yfirráðasvæði aðildarríkis, verði lagðir á eða innheimtir af slíkum neytendum, eða

v) greina þjónustuveitendur, sem greiða skatt af hlutum sem eru skattskyldir á alþjóðavettvangi, frá öðrum þjónustuveitendum með því að viðurkenna eðlismun á skattstofni þeirra, eða

vi) ákvarða, úthluta eða skipta tekjum, hagnaði, ágóða, tapi, frádrætti eða inneign einstaklinga eða útibúa í landinu eða milli tengdra einstaklinga eða útibúa sama einstaklings, til að vernda skattstofn aðildarríkisins.

---

[4] Measures that are aimed at ensuring the equitable or effective imposition or collection of direct taxes include measures taken by a Member under its taxation system which:

(i) apply to non-resident service suppliers in recognition of the fact that the tax obligation of non-residents is determined with repsect to taxable items sourced or located in the Member State's territory; or

(ii) apply to non-residents in order to ensure the imposition or collection of taxes in the Member State's territory; or

(iii) apply to non-residents or residents in order to prevent the avoidance or evasion of taxes, including compliance measures; or

(iv) apply to consumers of services supplied in or from the territory of another Member State in order to ensure the imposition or collection of taxes of such consumers derived from sources in the Member State's territory; or

(v) distinguish service suppliers subject to tax on worldwide taxable items from other service suppliers, in recognition of the difference in the nature of the tax base between them; or

(vi) determine, allocate or apportion income, profit, gain, loss, deduction or credit of resident persons or branches, or between related persons or branches of the same person, in order to safeguard the Member State's tax base.

b) ekki í samræmi við 5. mgr. 23. gr., að því tilskildu að önnur ólík meðferð sé til komin vegna samnings til að koma í veg fyrir tvísköttun eða ákvæða til að komast hjá tvísköttun í öðrum alþjóðlegum samningi eða fyrirkomulagi sem aðildarríkið er bundið af.

(b) inconsistent with paragraph 5 of Article 23, provided that the difference in treatment is the result of an agreement on the avoidance of double taxation or provisions on the avoidance of double taxation in any other international agreement or arrangement by which the Member State is bound.

II. þáttur: Fjármagnsflutningar

28. gr.

1. Innan ramma þessa kafla skulu engar takmarkanir vera á fjármagnsflutningum milli aðildarríkjanna er tengjast stofnun félags eða fyrirtækis aðildarríkis á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

2. Tryggja skal fjármagnsflutninga, er tengjast ekki stofnun milli aðildarríkjanna, í samræmi við alþjóðasamninga sem þau eiga aðild að.

3. Aðildarríkin samþykkja að endurskoða núverandi ákvæði innan tveggja ára frá gildistöku samningsins um breytingu á samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 21. júní 2001 með það í huga að víkka gildissvið og afnema að lokum þær takmarkanir sem eru enn fyrir hendi varðandi fjármagnsflutninga.

Section II: Capital movement

ARTICLE 28

1. Within the framework of this Chapter, there shall be no restrictions between the Member States on the movement of capital relating to the establishment in another Member State's territory of a company or firm of that Member State.
2. The movement of capital not relating to establishment between the Member States shall be ensured in accordance with the international agreements to which they are parties.
3. The Member States agree to review the present provision within two years after the entry into force of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association of 21 June 2001 in order to broaden the scope of, and ultimately eliminate the remaining restrictions to, the movement of capital.

X. KAFLI: ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTI

29. gr.

Meginreglur og gildissvið

1. Innan ramma og með fyrirvara um ákvæði þessa samnings skulu engar takmarkanir vera á rétti einstaklinga, félaga eða fyrirtækja aðildarríkjanna til að veita þjónustu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna hafi þau öðlast staðfestu í aðildarríki öðru en því þar sem veita á einstaklingum, félögum eða fyrirtækjum þjónustuna.

2. Að því er þennan kafla varðar telst „þjónusta" vera þjónusta sem er allajafna veitt gegn þóknun:

a) frá yfirráðasvæði aðildarríkis á yfirráðasvæði annars aðildarríkis,
b) á yfirráðasvæði aðildarríkis til neytanda þjónustu í öðru aðildarríki í samræmi við 7. mgr. hér á eftir,

CHAPTER X : TRADE IN SERVICES

ARTICLE 29

Principles and scope

1. Within the framework of, and subject to, the provisions of this Convention, there shall be no restrictions on the right to supply services within the territory of the Member States in respect of natural persons, companies or firms of Member States who are established in a Member State other than that of the natural person, company or firm for whom the services are intended.
2. For the purposes of this Chapter, services shall be considered to be "services" within the meaning of this Convention where they are normally supplied for remuneration
(a) from the territory of one Member State into the territory of another Member State;
(b) in the territory of a Member State to the service consumer of another Member State in accordance with paragraph 7 below;

Skattaheiti eða hugtök í a-lið 3. mgr. 27. gr. og í þessari neðanmálsgrein eru ákvörðuð í samræmi við skattaskilgreiningar og hugtök, eða jafngildar eða svipaðar skilgreiningar og hugtök, samkvæmt landslögum aðildarríkisins sem gerir ráðstafanirnar.

Tax terms or concepts in paragraph 3(a) of Article 27 and in this footnote are determined according to tax definitions and concepts, or equivalent or similar definitions and concepts, under the domestic law of the Member State taking the measure.

c) af hálfu þjónustuveitanda aðildarríkis með nærveru einstaklinga þess aðildarríkis á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í samræmi við 7. mgr. hér á eftir.

3. Í viðaukum L til O er að finna sérákvæði og undanþágur varðandi réttinn til að veita þjónustu. Aðildarríkin skulu leitast við að hætta smám saman hvers konar mismunun sem þau viðhalda í samræmi við viðauka L til O. Aðildarríkin samþykkja að endurskoða þetta ákvæði, þar með talið viðaukana, innan tveggja ára frá gildistöku samningsins um breytingu á samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 21. júní 2001 með það fyrir augum að draga úr og afnema að lokum þær takmarkanir sem eru enn fyrir hendi.

4. Aðildarríki skal ekki samþykkja, frá gildistöku samningsins um breytingu á samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 21. júní 2001, ráðstafanir sem fela í sér mismunun eða frekari mismunun að því er varðar þjónustu eða þjónustuveitendur annars aðildarríkis borið saman við þá meðferð sem samsvarandi þjónusta eða þjónustuveitendur þess sjálfs njóta.

5. Að því er varðar aðildarríki, sem njóta undanþágu í viðaukum L til O, skulu þau veita vegna þjónustu eða þjónustuveitenda annars aðildarríkis eigi lakari meðferð en veitt er vegna samsvarandi þjónustu eða þjónustuveitendum þriðju aðila annarra en Evrópubandalagsins. Aðildarríkin skuldbinda sig enn fremur til að veita hvert öðru, með gagnkvæmum hætti, þann ávinning sem er að finna í nýjum samningum milli aðildarríkis og Evrópubandalagsins, með fyrirvara um ákvörðun ráðsins.

6. Ákvæði 35. gr. og viðauka P og Q skulu gilda um réttinn til að veita þjónustu á sviði flutninga á vegum, járnbrautum og í lofti, með fyrirvara um sérákvæði og undanþágur í viðauka M.

7. Ákvæði 20. gr., viðauka K og bókun við hann um frelsi fólks til flutninga milli Liechtenstein og Sviss skulu gilda um rétt einstaklinga, eins og kveðið er á um í b- og c-lið 2. mgr., til að veita og njóta þjónustu í samræmi við meginreglurnar sem eru tíundaðar hér á eftir.

(c) by service supplier of a Member State, through presence of natural persons of that Member State in the territory of another Member State in accordance with paragraph 7 below.

3. Tollyfirvöldum er einungis heimilt að gefa út EUR.1-flutningsskírteinið eftir á þegar gengið hefur verið úr skugga um að upplýsingarnar sem fram koma í umsókn útflytjandans séu samhljóða þeim sem viðkomandi gögn hafa að geyma.
4. EUR.1-flutningsskírteini sem eru gefin út eftir á skulu vera árituð með einni af eftirfarandi setningum:
„NACHTRÄGLICH AUSGESTELLT“,
„DÉLIVRÈ À POSTERIORI“,
„RILASCIATO A POSTERIORI“,
„ISSUED RETROSPECTIVELY“,
„ÚTGEFIÐ EFTIR Á“,
„UTSTEDT SENERE“
5. Áritunin sem um getur í 4. mgr. skal færð í athugasemdareit EUR.1-flutningsskírteinisins.

19. gr.
Útgáfa á eftirriti af EUR.1-flutningsskírteininu
1. Hafi EUR.1-flutningsskírteini verið stolið, það glatast eða eyðilagst getur útflytjandinn sótt um, til þeirra tollyfirvalda sem gáfu það út, að fá eftirrit gert á grundvelli útflutningsskjala sem eru í þeirra vörslu.

6. The date of issue of the movement certificate EUR.1 shall be indicated in Box 11 of the certificate.
7. A movement certificate EUR.1 shall be issued by the customs authorities and made available to the exporter as soon as actual exportation has been effected or ensured.

ARTICLE 18
Movement certificates EUR.1 issued retrospectively
1. Notwithstanding Article 17(7), a movement certificate EUR.1 may exceptionally be issued after exportation of the products to which it relates if:

(a) it was not issued at the time of exportation because of errors or involuntary omissions or special circumstances; or
(b) it is demonstrated to the satisfaction of the customs authorities that a movement certificate EUR.1 was issued but was not accepted at importation for technical reasons.
2. For the implementation of paragraph 1, the exporter must indicate in his application the place and date of exportation of the products to which the movement certificate EUR.1 relates, and state the reasons for his request.
3. The customs authorities may issue a movement certificate EUR.1 retrospectively only after verifying that the information supplied in the exporter's application agrees with that in the corresponding file.

4. Movement certificates EUR.1 issued retrospectively must be endorsed with one of the following phrases:
"NACHTRÄGLICH AUSGESTELLT",
"DELIVRE A POSTERIORI",
"RILASCIATO A POSTERIORI",
"ISSUED RETROSPECTIVELY",
"ÚTGEFIÐ EFTIR Á",
"UTSTEDT SENERE"
5. The endorsement referred to in paragraph 4 shall be inserted in the "Remarks" box of the movement certificate EUR.1.

ARTICLE 19
Issue of a duplicate movement certificate EUR.1
1. In the event of theft, loss or destruction of a movement certificate EUR.1, the exporter may apply to the customs authorities which issued it for a duplicate made out on the basis of the export documents in their possession.

2. Eftirritið sem er gefið út á þennan hátt skal vera áritað með einhverju eftirfarandi orða:
„DUPLIKAT“, „DUPLICATA“,
„DUPLICATO“, „DUPLICATE“, „EFTIRRIT“
3. Áritunin sem um getur í 2. mgr. skal færð í athugasemdareit eftirrits EUR.1-flutningsskírteinisins.

4. Eftirritið skal vera með sömu útgáfudagsetningu og upphaflega EUR.1-flutningsskírteinið og gilda frá og með þeim degi.

20. gr.
Útgáfa EUR.1-flutningsskírteinis á grundvelli sönnunar á uppruna sem gefin var út áður

Ef upprunavörur eru settar undir eftirlit tollstöðvar í aðildarríki skal sá möguleiki vera fyrir hendi að láta eitt eða fleiri EUR.1-flutningsskírteini koma í stað upphaflegrar sönnunar á uppruna í þeim tilgangi að senda allar þessar framleiðsluvörur eða hluta þeirra til annars staðar í aðildarríki. Sú tollstöð sem hefur eftirlit með framleiðsluvörunum skal gefa út EUR.1-flutningsskírteini sem kemur í stað annars skjals.

20. gr. a
Bókhaldsleg aðgreining

1. Ef umtalsverður kostnaður eða verulegir örðugleikar fylgja því að halda aðskildum birgðum af upprunaefnum og efnum af sama tagi, sem ekki eru upprunaefni, og geta komið hvert í stað annars, geta tollyfirvöld, samkvæmt skriflegri beiðni þeirra sem hlut eiga að máli, heimilað að nota kerfi það er nefnist „aðgreint bókhald“ til að halda utan um slíkar birgðir.
2. Með því kerfi á að vera unnt að tryggja að á tilteknu viðmiðunartímabili sé fjöldi heimafenginna framleiðsluvara sem talist geta „upprunavörur“ sá sami og sá sem væri heimafenginn ef um efnislegan aðskilnað birgðanna hefði verið að ræða.
3. Tollyfirvöld geta veitt slíka heimild með hverjum þeim skilyrðum sem talin eru viðeigandi.
4. Kerfi þetta ber að skrá, nota og halda við í samræmi við almennt viðurkenndar bókhaldsreglur sem gilda í landinu þar sem varan er framleidd.
5. Sá sem nýtur góðs af þessari einföldun getur gefið út upprunasönnun eða, eftir atvikum, farið fram á að gefin verði út upprunasönnun um það magn framleiðsluvara sem geta talist upprunavörur. Að beiðni tollyfirvalda skal hann leggja fram greinargerð um hvernig magnið var ákvarðað.
6. Tollyfirvöld skulu fylgjast með því hvernig slík heimild er notuð og er þeim heimilt að afturkalla

2. The duplicate issued in this way must be endorsed with one of the following words:
"DUPLIKAT", "DUPLICATA",
"DUPLICATO", "DUPLICATE", "EFTIRRIT"
3. The endorsement referred to in paragraph 2 shall be inserted in the "Remarks" box of the duplicate movement certificate EUR.1.
4. The duplicate, which must bear the date of issue of the original movement certificate EUR.1, shall take effect as from that date.

ARTICLE 20
Issue of movement certificates EUR.1 on the basis of a proof of origin issued or made out previously

When originating products are placed under the control of a customs office in a Member State, it shall be possible to replace the original proof of origin by one or more movement certificates EUR.1 for the purpose of sending all or some of these products elsewhere within a Member State. The replacement movement certificate(s) EUR.1 shall be issued by the customs office under whose control the products are placed.

ARTICLE 20 a
Accounting segregation

1. Where considerable cost or material difficulties arise in keeping separate stocks of originating and non-originating materials which are identical and interchangeable, the customs authorities may, at the written request of those concerned, authorise the so-called "accounting segregation" method to be used for managing such stocks.

2. This method must be able to ensure that, for a specific reference-period, the number of products obtained which could be considered as "originating" is the same as that which would have been obtained if there had been physical segregation of the stocks.
3. The customs authorities may grant such authorisation, subject to any conditions deemed appropriate.
4. This method is recorded and applied on the basis of the general accounting principles applicable in the country where the product was manufactured.
5. The beneficiary of this facilitation may issue or apply for proofs of origin, as the case may be, for the quantity of products which may be considered as originating. At the request of the customs authorities, the beneficiary shall provide a statement of how the quantities have been managed.
6. The customs authorities shall monitor the use made of the authorisation and may withdraw it at

hana hvenær sem er ef handhafinn notar hana ótilhlýðilega eða uppfyllir ekki þau skilyrði sem sett eru í þessum viðauka.

21. gr.
Skilyrði fyrir því að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi

1. Heimilt er að eftirfarandi aðilar gefi út yfirlýsingu á vörureikningi sem um getur í b-lið 1. mgr. 16. gr.:

a) viðurkenndur útflytjandi í skilningi 22. gr.; eða

b) útflytjandi vörusendingar sem inniheldur einn eða fleiri pakka með upprunavörum að heildarverðmæti ekki meira en 6 000 evrur.

2. Heimilt er að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi ef viðkomandi framleiðsluvörur teljast vörur upprunnar í aðildarríki eða einu hinna landanna eða í Evrópubandalaginu eins og um getur í 4. gr. og fullnægja öðrum kröfum þessa viðauka.

3. Útflytjandi sem gefur út yfirlýsingu á vörureikningi skal vera reiðubúinn að leggja fram, hvenær sem er, að beiðni tollyfirvalda í útflutningslandinu, öll tilheyrandi skjöl sem sanna upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara og að öðrum kröfum þessa viðauka hafi verið fullnægt.

4. Yfirlýsing á vörureikningi skal gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðilinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í IV. viðbæti og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðbæti í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Yfirlýsinguna má einnig handskrifa og þá skal skrifa með bleki og prentstöfum.

5. Yfirlýsing á vörureikningi skal vera með upprunalegri eiginhandarundirskrift útflytjandans. Þess skal þó ekki krafist af viðurkenndum útflytjanda í skilningi 22. gr. að hann undirriti yfirlýsingu á vörureikningi að því tilskildu að hann afhendi tollyfirvöldum í útflutningslandinu skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á sérhverri yfirlýsingu á vörureikningi sem auðkennd er honum eins og hann hafi undirritað hana með eigin hendi.

6. Útflytjandi getur gefið út yfirlýsingu á vörureikningi þegar framleiðsluvörurnar sem hún tekur til eru fluttar út eða síðar með því skilyrði að henni sé framvísað í innflutningslandinu eigi síðar en tveimur árum eftir innflutning framleiðsluvaranna sem hún á við um.

any time whenever the beneficiary makes improper use of the authorisation in any manner whatsoever or fails to fulfil any of the other conditions laid down in this Protocol.

ARTICLE 21
Conditions for making out an invoice declaration

1. An invoice declaration as referred to in Article 16(1)(b) may be made out:

(a) by an approved exporter within the meaning of Article 22, or

(b) by any exporter for any consignment consisting of one or more packages containing originating products whose total value does not exceed 6,000 euros.

2. An invoice declaration may be made out if the products concerned can be considered as products originating in a Member State, or in one of the other countries or the European Community as referred to in Article 4 and fulfill the other requirements of this Annex.

3. The exporter making out an invoice declaration shall be prepared to submit at any time, at the request of the customs authorities of the exporting country, all appropriate documents proving the originating status of the products concerned as well as the fulfilment of the other requirements of this Annex.

4. An invoice declaration shall be made out by the exporter by typing, stamping or printing on the invoice, the delivery note or another commercial document, the declaration, the text of which appears in Appendix IV, using one of the linguistic versions set out in that Appendix and in accordance with the provisions of the domestic law of the exporting country. If the declaration is handwritten, it shall be written in ink in printed characters.

5. Invoice declarations shall bear the original signature of the exporter in manuscript. However, an approved exporter within the meaning of Article 22 shall not be required to sign such declarations provided that he gives the customs authorities of the exporting country a written undertaking that he accepts full responsibility for any invoice declaration which identifies him as if it had been signed in manuscript by him.

6. An invoice declaration may be made out by the exporter when the products to which it relates are exported, or after exportation on condition that it is presented in the importing country no longer than two years after the importation of the products to which it relates.

22. gr.
Viðurkenndur útflytjandi

1. Tollyfirvöld í útflutningslandinu geta heimilað útflytjanda, hér á eftir nefndur „viðurkenndur útflytjandi“, sem stundar tíðar sendingar á framleiðsluvörum samkvæmt samningnum, að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi óháð verðmæti viðkomandi framleiðsluvara. Útflytjandi sem fer fram á slíka heimild skal veita tollyfirvöldum fullnægjandi tryggingar fyrir því að vörurnar séu upprunavörur og fullnægja auk þess öðrum kröfum þessa viðauka.

2. Tollyfirvöld geta viðurkennt útflytjanda með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi.

3. Tollyfirvöld skulu gefa viðurkenndum útflytjanda tollleyfisnúmer sem skal koma fram á yfirlýsingu á vörureikningi.
4. Tollyfirvöld skulu hafa eftirlit með notkun viðurkennda útflytjandans á leyfinu.
5. Tollyfirvöld geta afturkallað leyfið hvenær sem er. Þau skulu gera það ef viðurkenndur útflytjandi veitir ekki lengur þær tryggingar sem um getur í 1. mgr., fullnægir ekki þeim skilyrðum sem um getur í 2. mgr. eða misnotar leyfið með öðrum hætti.

ARTICLE 22
Approved exporter

1. The customs authorities of the exporting country may authorize any exporter, hereafter referred to as “approved exporter”, who makes frequent shipments of products under this Convention to make out invoice declarations irrespective of the value of the products concerned. An exporter seeking such authorization must offer to the satisfaction of the customs authorities all guarantees necessary to verify the originating status of the products as well as the fulfilment of the other requirements of this Annex.
2. The customs authorities may grant the status of approved exporter subject to any conditions which they consider appropriate.
3. The customs authorities shall grant to the approved exporter a customs authorization number which shall appear on the invoice declaration.
4. The customs authorities shall monitor the use of the authorization by the approved exporter.
5. The customs authorities may withdraw the authorization at any time. They shall do so where the approved exporter no longer offers the guarantees referred to in paragraph 1, does not fulfill the conditions referred to in paragraph 2 or otherwise makes an incorrect use of the authorization.

23. gr.
Gildistími sönnunar á uppruna

1. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu og skal hún lögð fram áður en sá tími er liðinn hjá tollyfirvöldum innflutningslandsins.
2. Heimilt er að taka við sönnun á uppruna, sem lögð er fram hjá tollyfirvöldum innflutningslandsins, eftir að frestur sá sem tilgreindur er í 1. mgr. er útrunninn til að beita fríðindameðferð hafi umrædd skjöl ekki verið lögð fram fyrir lok frestsins vegna sérstakra aðstæðna.

3. Í öðrum tilvikum, þegar sönnun á uppruna er lögð fram of seint, geta tollyfirvöld innflutningslandsins tekið við henni ef framleiðsluvörunum hefur verið framvísað fyrir lok frestsins.

ARTICLE 23
Validity of proof of origin

1. A proof of origin shall be valid for four months from the date of issue in the exporting country, and must be submitted within the said period to the customs authorities of the importing country.
2. Proofs of origin which are submitted to the customs authorities of the importing country after the final date for presentation specified in paragraph 1 may be accepted for the purpose of applying preferential treatment, where the failure to submit these documents by the final date set is due to exceptional circumstances.
3. In other cases of belated presentation, the customs authorities of the importing country may accept the proofs of origin where the products have been submitted before the said final date.

24. gr.
Sönnun á uppruna lögð fram

Leggja skal fram sönnun á uppruna hjá tollyfirvöldum í innflutningslandinu í samræmi við þær reglur sem gilda í því landi. Þessi yfirvöld geta krafist þýðingar á skjalinu með sönnun á uppruna og einnig krafist þess að aðflutningsskýrslunni fylgi greinargerð frá innflytjanda þess efnis að fram-

ARTICLE 24
Submission of proof of origin

Proofs of origin shall be submitted to the customs authorities of the importing country in accordance with the procedures applicable in that country. The said authorities may require a translation of a proof of origin and may also require the import declaration to be accompanied by a statement from the importer

leiðsluvörurnar fullnægi þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast vegna framkvæmdar þessa samnings.

25. gr.
Innflutningur í áföngum

Þegar sundurteknar eða ósamsettar framleiðsluvörur, í skilningi a-liðar 2. reglu í hinum almennu reglum samræmdu tollskrárinnar, sem heyra undir XVI. og XVII. flokk eða nr. 7308 og 9406 í samræmdu tollskránni, eru fluttar inn í áföngum að beiðni innflytjanda og með þeim skilyrðum, sem sett eru af tollyfirvöldum í innflutningslandinu, skal leggja fram eina sönnun á uppruna fyrir þær framleiðsluvörur hjá tollyfirvöldum þegar byrjað er að flytja þær inn.

26. gr.
Undanþágur frá sönnunum á uppruna

1. Framleiðsluvörur sem eru sendar sem smábögglar frá einum einstaklingi til annars, eða eru í einkafarangri ferðamanna, skulu taldar upprunavörur án þess að framvísa þurfi sönnun á uppruna, að því tilskildu að vörurnar hafi ekki verið fluttar inn á viðskiptagrundvelli og að lýst hafi verið yfir að þær uppfylli kröfur þessa viðauka og enginn vafi leiki á um sannleiksgildi slíkrar yfirlýsingar. Ef framleiðsluvörurnar eru sendar í pósti má gefa yfirlýsinguna á CN 22/CN 23-tollseðli eða á blaði sem er fest við það skjal.

2. Innflutningur sem er tilfallandi og hefur eingöngu að geyma framleiðsluvörur til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis ef ljóst er af eðli og magni framleiðsluvaranna að enginn viðskiptalegur tilgangur býr að baki.

3. Enn fremur má heildarverðmæti slíkra framleiðsluvara ekki vera meira en 500 evrur ef um litla pakka er að ræða og 1 200 evrur ef um er að ræða framleiðsluvörur í einkafarangri ferðamanna.

27. gr.
Fylgiskjöl

Þau skjöl, sem um getur í 3. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 21. gr. og er ætlað að sanna að framleiðsluvörur sem falla undir EUR.1-flutningsskírteinið eða yfirlýsingu á vörureikningi geti talist framleiðsluvörur upprunnar í aðildarríki eða einu hinna landanna eða í Evrópubandalaginu eins og um getur í 4. gr. og fullnægi öðrum kröfum þessa viðauka, geta meðal annars verið:

a) sannanir um þá vinnslu sem útflytjandi eða birgir hefur framkvæmt til þess að fá umræddar vörur sem finna má til dæmis í reikningum eða fyrirtækjabókhaldi hans;

to the effect that the products meet the conditions required for the implementation of this Convention.

ARTICLE 25
Importation by instalments

Where, at the request of the importer and on the conditions laid down by the customs authorities of the importing country, dismantled or non-assembled products within the meaning of general rule 2(a) of the Harmonized System falling within Sections XVI and XVII or heading Nos. 7308 and 9406 of the Harmonized System are imported by instalments, a single proof of origin for such products shall be submitted to the customs authorities upon importation of the first instalment.

ARTICLE 26
Exemptions from proof of origin

1. Products sent as small packages from private persons to private persons or forming part of travellers' personal luggage shall be admitted as originating products without requiring the submission of a proof of origin, provided that such products are not imported by way of trade and have been declared as meeting the requirements of this Annex and where there is no doubt as to the veracity of such a declaration. In the case of products sent by post, this declaration can be made on the customs declaration CN22 / CN23 or on a sheet of paper annexed to that document.

2. Imports which are occasional and consist solely of products for the personal use of the recipients or travellers or their families shall not be considered as imports by way of trade if it is evident from the nature and quantity of the products that no commercial purpose is in view.

3. Furthermore, the total value of these products shall not exceed 500 euros in the case of small packages or 1200 euros in the case of products forming part of travellers' personal luggage.

ARTICLE 27
Supporting documents

The documents referred to in Articles 17(3) and 21(3) used for the purpose of proving that products covered by a movement certificate EUR.1 or an invoice declaration can be considered as products originating in a Member State, or in one of the other countries or the European Communitys referred to in Article 4 and fulfill the other requirements of this Annex may consist inter alia of the following:

(a) direct evidence of the processes carried out by the exporter or supplier to obtain the goods concerned, contained for example in his accounts or internal bookkeeping;

b) skjöl sem staðfesta upprunaréttindi efna sem notuð hafa verið og eru gefin út í aðildarríkinu þar sem skjölin eru notuð í samræmi við lög aðildarríkisins;

c) skjöl sem staðfesta þá aðvinnslu sem efni hafa hlotið í aðildarríki og eru gefin út í hlutaðeigandi aðildarríki þar sem skjölin eru notuð í samræmi við lög aðildarríkisins;

d) EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsing á vörureikningi til sönnunar á upprunaréttindum efna sem notuð hafa verið, gefin út í öðru aðildarríki í samræmi við þennan viðauka, eða í einu hinna landanna eða í Evrópubandalaginu eins og um getur í 4. gr. í samræmi við þá grein;

e) viðeigandi sannanir um aðvinnslu utan yfirráðasvæða aðildarríkjanna með beitingu 12. gr. er sanna að kröfur þeirrar greinar hafi verið uppfylltar.

(b) documents proving the originating status of materials used, issued or made out in the Member State where these documents are used in accordance with domestic law of that Member State;

(c) documents proving the working or processing of materials in the a Member State, issued or made out in the Member State concerned, where these documents are used in accordance with domestic law of that Member State;

(d) movement certificates EUR.1 or invoice declarations proving the originating status of materials used, issued or made out in another Member State in accordance with this Annex, or in one of the other countries or the European Community as referred to in Article 4, in accordance with that Article.

(e) appropriate evidence concerning working or processing undergone outside the territories of the Member States by application of Article 12, proving that the requirements of that Article have been satisfied.

28. gr.

Varðveisla sönnunar á uppruna og fylgiskjala

1. Útflytjandi sem sækir um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis skal varðveita, í að minnsta kosti þrjú ár, þau skjöl sem um getur í 3. mgr. 17. gr.

2. Útflytjandi sem gefur út yfirlýsingu á vörureikningi skal varðveita í að minnsta kosti þrjú ár eintak af henni ásamt skjölunum sem um getur í 3. mgr. 21. gr.

3. Tollyfirvöld í útflutningslandinu er gefa út EUR.1-flutningsskírteini skulu varðveita í að minnsta kosti þrjú ár umsóknareyðublað það sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

4. Tollyfirvöld í innflutningslandinu skulu varðveita í að minnsta kosti þrjú ár EUR.1-flutningsskírteini og yfirlýsingar á vörureikningum sem þeim eru afhent.

ARTICLE 28

Preservation of proof of origin and supporting documents

1. The exporter applying for the issue of a movement certificate EUR.1 shall keep for at least three years the documents referred to in Article 17(3).

2. The exporter making out an invoice declaration shall keep for at least three years a copy of this invoice declaration as well as the documents referred to in Article 21(3).

3. The customs authorities of the exporting country issuing a movement certificate EUR.1 shall keep for at least three years the application form referred to in Article 17(2).

4. The customs authorities of the importing country shall keep for at least three years the movement certificates EUR.1 and the invoice declarations submitted to them.

29. gr.

Ósamræmi og villur í framsetningu

1. Uppgötvist lítils háttar ósamræmi milli staðhæfinga sem settar eru fram í sönnun á uppruna og þeirra sem fram koma á skjölum, sem afhent eru tollyfirvöldum vegna formsatriða sem fullnægja þarf fyrir innflutning á framleiðsluvörum, skal það ekki verða sjálfkrafa til þess að sönnun á uppruna teljist ógild ef fram koma óyggjandi sannanir fyrir því að þetta skjal svari til þeirra framleiðsluvara sem um ræðir.

2. Augljósar villur í framsetningu eins og vélritunarvillur á sönnun á uppruna skulu ekki leiða til þess að skjalinu sé hafnað ef villurnar eru þess eðlis að

ARTICLE 29

Discrepancies and formal errors

1. The discovery of slight discrepancies between the statements made in the proof of origin and those made in the documents submitted to the customs office for the purpose of carrying out the formalities for importing the products shall not ipso facto render the proof of origin null and void if it is duly established that this document does correspond to the products submitted.

2. Obvious formal errors such as typing errors on a proof of origin should not cause this document to be rejected if these errors are not such as to create

enginn vafi leikur á að staðhæfingarnar í því séu réttar.

30. gr.

Fjárhæðir gefnar upp í evrum

1. Við beitingu ákvæða b-liðar 1. mgr. 21. gr. og 3. mgr. 26. gr. skulu hlutaðeigandi lönd, í þeim tilvikum þar sem reikningur fyrir framleiðsluvörur er í öðrum gjaldmiðli en evrum, ákveða á hverju ári þær fjárhæðir í innlendum gjaldmiðlum aðildarríkjanna og landanna, sem um getur í 4. gr., er jafngilda fjárhæðum sem eru gefnar upp í evrum.

2. Sending skal njóta hags af ákvæðum b-liðar 1. mgr. 21. gr. eða 3. mgr. 26. gr., að því er varðar þann gjaldmiðil sem er á reikningnum, í samræmi við þá fjárhæð sem hlutaðeigandi land hefur ákveðið.

3. Fjárhæð í innlendum gjaldmiðli skal vera jafngild fjárhæð sem er gefin upp í evrum fyrsta virkan dag í október og skal hún gilda frá 1. janúar næsta árs. Tilkynna skal hlutaðeigandi löndum um þær fjárhæðir sem um ræðir.

4. Heimilt er að námunda fjárhæðina sem fram kemur við umreikning á fjárhæð, sem er gefin upp í evrum, yfir í innlendan gjaldmiðil. Ekki má muna meira en 5 af hundraði á námunduðu fjárhæðinni og þeirri fjárhæð sem út kemur við umreikninginn.

Heimilt er að halda fjárhæð í innlendum gjaldmiðli, er jafngildir fjárhæð sem er gefin upp í evrum, óbreyttri ef umreikningur hennar leiðir, við árlega aðlögun sem kveðið er á um í 3. mgr, ekki til meiri hækkunar á henni en 15 af hundraði í innlendum gjaldmiðli áður en námundað er. Heimilt er að halda fjárhæð í innlendum gjaldmiðli óbreyttri ef umreikningur leiðir til þess að jafnvirði hennar lækkar.

5. Ráðið skal, að beiðni aðildarríkis, endurskoða fjárhæðina sem er gefin upp í evrum. Ráðið skal við endurskoðunina skoða hvort æskilegt sé að viðhalda áhrifum viðkomandi takmarkana að raungildi. Í þessu skyni getur hún ákveðið að breyta fjárhæðum sem gefnar eru upp í evrum.

VI. BÁLKUR
FYRIRKOMULAG Á SAMVINNU STJÓRNVALDA

31. gr.

Gagnkvæm aðstoð

Til þess að tryggja að þessum viðauka sé rétt beitt skulu aðildarríkin aðstoða hvert annað, fyrir tilstuðlan tollyfirvalda sinna, við að sannreyna áreiðanleika EUR.1-flutningsskírteina og yfirlýsinga á vöru-

doubts concerning the correctness of the statements made in this document.

ARTICLE 30

Amounts expressed in euro

1. For the application of the provisions of Article 21 (1)(b) and Article 26 (3) in cases where products are invoiced in a currency other than euro, amounts in the national currencies of the Member States and the countries referred to in Article 4 equivalent to the amounts expressed in euro shall be fixed annually by each of the countries concerned.

2. A consignment shall benefit from the provisions of Article 21 (1)(b) or Article 26 (3) by reference to the currency in which the invoice is drawn up, according to the amount fixed by the country concerned.

3. The amount to be used in any given national currency shall be the equivalent in that currency of the amounts expressed in euro as at the first working day of October and shall apply from 1 January the following year. The countries concerned shall be notified of the relevant amounts.

4. A country may round up or down the amount resulting from the conversion into its national currency of an amount expressed in euro. The rounded-off amount may not differ from the amount resulting from the conversion by more than 5 per cent.

A country may retain unchanged its national currency equivalent of an amount expressed in euro if, at the time of the annual adjustment provided for in paragraph 3, the conversion of that amount, prior to any rounding-off, results in an increase of less than 15 per cent in the national currency equivalent. The national currency equivalent may be retained unchanged if the conversion would result in a decrease in that equivalent value.

5. The amount expressed in euro shall be reviewed by the Council at the request of any Member State. When carrying out this review, the Council shall consider the desirability of preserving the effects of the limits concerned in real terms. For this purpose, it may decide to modify the amounts expressed in euro.

TITLE VI
ARRANGEMENTS FOR ADMINISTRATIVE COOPERATION

ARTICLE 31

Mutual assistance

In order to ensure the proper application of this Annex, the Member States shall assist each other, through the competent customs administrations, in checking the authenticity of the movement certifi-

reikningi og upplýsinganna sem fram koma á þeim skjölum.

32. gr.

Sannprófun vegna sönnunar á uppruna

1. Sannprófun vegna sönnunar á uppruna skal framkvæmd með úrtakskönnunum eða hvenær sem tollyfirvöld í innflutningslandinu hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika slíkra skjala, upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara eða að öðrum kröfum þessa viðauka hafi verið fullnægt.
2. Vegna framkvæmdar ákvæða 1. mgr. skulu tollyfirvöld í innflutningslandinu endursenda EUR.1-flutningsskírteinið og vörureikninginn, hafi honum verið framvísað, yfirlýsingu á vörureikningi eða afrit af þessum skjölum til tollyfirvalda í útflutningslandinu og tilgreina, þar sem það á við, ástæður fyrir því að fyrirspurnin er gerð. Skjöl og upplýsingar, sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar á sönnun á uppruna séu rangar, skulu sendar til stuðnings beiðni um sannprófun.

3. Sannprófunin skal framkvæmd af tollyfirvöldum í útflutningslandinu. Þau mega í þessum tilgangi óska eftir hvers konar sönnunum og framkvæma hverja þá skoðun á bókhaldi útflytjanda eða viðhafa annað eftirlit sem þau telja nauðsynlegt.

4. Ef tollyfirvöld í innflutningslandinu ákveða að fresta fríðindameðferð á viðkomandi framleiðsluvörum á meðan beðið er niðurstöðu sannprófunarinnar skulu þau heimila innflytjanda að leysa framleiðsluvörurnar út með þeim varúðarráðstöfunum sem þau álíta nauðsynlegar.
5. Tilkynna skal þeim tollyfirvöldum sem fara fram á sannprófunina um niðurstöður hennar eins fljótt og unnt er. Koma skal skýrt fram í niðurstöðunum hvort skjölin séu áreiðanleg og hvort telja megi að viðkomandi framleiðsluvörur séu upprunnar í aðildarríki eða einu hinna landanna eða í Evrópubandalaginu eins og um getur í 4. gr. og hvort öðrum kröfum þessa viðauka hafi verið fullnægt.

6. Ef ekkert svar berst innan tíu mánaða eða ekki eru veittar nægilegar upplýsingar í því til að unnt sé að ákvarða áreiðanleika skjalsins sem um ræðir og raunverulegur uppruni framleiðsluvaranna er dreginn í efa skulu tollyfirvöldin sem lögðu beiðnina fram eiga rétt á því að synja um fríðindameðferð, nema við sérstakar aðstæður.

cates EUR.1 and the invoice declarations and the correctness of the information given in these documents.

ARTICLE 32

Verification of proofs of origin

1. Subsequent verifications of proofs of origin shall be carried out at random or whenever the customs authorities of the importing country have reasonable doubts as to the authenticity of such documents, the originating status of the products concerned or the fulfilment of the other requirements of this Annex.
2. For the purposes of implementing the provisions of paragraph 1, the customs authorities of the importing country shall return the movement certificate EUR.1 and the invoice, if it has been submitted, the invoice declaration, or a copy of these documents, to the customs authorities of the exporting country giving, where appropriate, the reasons for the enquiry. Any documents and information obtained suggesting that the information given on the proof of origin is incorrect shall be forwarded in support of the request for verification.
3. The verification shall be carried out by the customs authorities of the exporting country. For this purpose, they shall have the right to call for any evidence and to carry out any inspection of the exporter's accounts or any other check considered appropriate.
4. If the customs authorities of the importing country decide to suspend the granting of preferential treatment to the products concerned while awaiting the results of the verification, release of the products shall be offered to the importer subject to any precautionary measures judged necessary.
5. The customs authorities requesting the verification shall be informed of the results of this verification as soon as possible. These results must indicate clearly whether the documents are authentic and whether the products concerned can be considered as products originating in a Member State or one of the other countries or the European Community as referred to in Article 4 and fulfill the other requirements of this Annex.
6. If in cases of reasonable doubt there is no reply within ten months of the date of the verification request or if the reply does not contain sufficient information to determine the authenticity of the document in question or the real origin of the products, the requesting customs authorities shall, except in exceptional circumstances, refuse entitlement to the preferences.

33. gr.
Lausn deilumála

Ef upp rísa deilur í tengslum við reglur um sannprófun í 32. gr. sem tollyfirvöld er fóru fram á sannprófunina og tollyfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd hennar geta ekki leyst eða þær leiða til þess að vafi leiki á hvernig túlka beri þennan viðauka, skal vísa þeim til ráðsins.

Lausn deilumála milli innflytjanda og tollyfirvalda í innflutningslandinu skal í öllum tilvikum heyra undir löggjöf þess lands.

34. gr.
Viðurlög

Hver sá sem gefur út eða veldur því að gefið er út skjal með röngum upplýsingum í því skyni að afla sér fríðindameðferðar fyrir framleiðsluvörur skal sæta viðurlögum.

35. gr.
Tollfrjáls svæði

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í stað framleiðsluvara, sem verslað er með í skjóli sönnunar á uppruna og fluttar eru um tollfrjáls svæði á yfirráðasvæði þeirra, komi ekki aðrar vörur og að þær hljóti ekki aðra meðferð en þá sem eðlileg telst til að verja þær skemmdum.

2. Þegar framleiðsluvörur, sem eru upprunnar í aðildarríki og fluttar inn á tollfrjálst svæði í skjóli sönnunar á uppruna og hljóta meðferð eða vinnslu, skulu hlutaðeigandi yfirvöld veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. og gefa út nýtt EUR.1-skírteini, að beiðni útflytjanda, ef meðferð eða vinnsla vörunnar er í samræmi við ákvæði þessa viðauka.

ARTICLE 33
Dispute settlement

Where disputes arise in relation to the verification procedures of Article 32 which cannot be settled between the customs authorities requesting a verification and the customs authorities responsible for carrying out this verification or where they raise a question as to the interpretation of this Annex, they shall be submitted to the Council.

In all cases the settlement of disputes between the importer and the customs authorities of the importing country shall be under the legislation of the said country.

ARTICLE 34
Penalties

Penalties shall be imposed on any person who draws up, or causes to be drawn up, a document which contains incorrect information for the purpose of obtaining a preferential treatment for products.

ARTICLE 35
Free zones

1. The Member States shall take all necessary steps to ensure that products traded under cover of a proof of origin which in the course of transport use a free zone situated in their territory, are not substituted by other goods and do not undergo handling other than normal operations designed to prevent their deterioration.

2. By means of an exemption to the provisions contained in paragraph 1, when products originating in a Member State are imported into a free zone under cover of a proof of origin and undergo treatment or processing, the authorities concerned shall issue a new EUR.1 certificate at the exporter's request, if the treatment or processing undergone is in conformity with the provisions of this Annex.

I. VIÐBÆTIR VIÐ VIÐAUKA A

Skýringar við skrána í II. viðbæti

Skýring 1:
Í skránni koma fram þau skilyrði sem allar framleiðsluvörur er samningurinn tekur til þurfa að uppfylla til þess að þær teljist hafa hlotið nægilega aðvinnslu í skilningi 6. gr. viðaukans.

Skýring 2:
2.1 Í fyrstu tveimur dálkum skrárinnar er framleiðsluvörunni sem fengin er lýst. Í 1. dálki er númer vöruliðar eða númer kafla samræmdu tollskrárinnar og í 2. dálki er vörulýsing, sem

APPENDIX I TO ANNEX A

Introductory notes to the list in Appendix II

Note 1:
The list sets out the conditions required for all products to be considered as sufficiently worked or processed within the meaning of Article 6 of the Annex.

Note 2:
2.1 The first two columns in the list describe the product obtained. The first column gives the heading number or chapter number used in the Harmonized System and the second column

notuð er í þeirri tollskrá, fyrir þann vörulið eða kafla. Fyrir hvert atriði í fyrstu tveimur dálkunum er tilgreind regla í 3. og 4. dálki. Þegar orðið „úr" fer á undan atriði í fyrsta dálki merkir það að reglan í 3. og 4. dálki gildir aðeins um hluta þess vöruliðar eða kafla eins og lýst er í 2. dálki.

2.2 Þegar nokkrum vöruliðum er safnað saman í 1. dálki, eða númer kafla er tilgreint og vörulýsingin í 2. dálki er því almennt orðuð, gilda viðkomandi reglur í 3. eða 4. dálki um allar framleiðsluvörur sem í samræmdu tollskránni eru flokkaðar undir vöruliði kaflans eða einhverja þá vöruliði sem teknir eru saman í 1. dálki.

2.3 Þegar mismunandi reglur í skránni gilda um mismunandi framleiðsluvörur innan vöruliðar felur hver undirliður í sér lýsingu á þeim hluta vöruliðarins sem viðeigandi reglur í 3. og 4. dálki gilda um.

2.4 Þegar regla er tilgreind bæði í 3. og 4. dálki fyrir færslu í fyrstu tveimur dálkunum má útflytjandi velja hvora regluna sem er. Ef engin regla um uppruna er tilgreind í 4. dálki á að beita reglunni í 3. dálki.

gives the description of goods used in that system for that heading or chapter. For each entry in the first two columns a rule is specified in columns 3 or 4. Where, in some cases, the entry in the first column is preceded by an 'ex', this signifies that the rules in columns 3 or 4 apply only to the part of that heading as described in column 2.

2.2 Where several heading numbers are grouped together in column 1 or a chapter number is given and the description of products in column 2 is therefore given in general terms, the adjacent rules in columns 3 or 4 apply to all products which, under the Harmonized System, are classified in headings of the chapter or in any of the headings grouped together in column 1.

2.3 Where there are different rules in the list applying to different products within a heading, each indent contains the description of that part of the heading covered by the adjacent rules in columns 3 or 4.

2.4 Where, for an entry in the first two columns, a rule is specified in both columns 3 and 4, the exporter may opt, as an alternative, to apply either the rule set out in column 3 or that set out in column 4. If no origin rule is given in column 4, the rule set out in column 3 has to be applied.

Skýring 3:

3.1 Ákvæði 6. gr. bókunarinnar um framleiðsluvörur, sem hafa fengið upprunaréttindi og eru notaðar við framleiðslu annarra vara, gilda hvort sem slíkar vörur hafa fengið upprunaréttindin í verksmiðjunni þar sem þær eru notaðar eða í annarri verksmiðju í samningsríki.

Dæmi:

Vél í nr. 8407, þar sem sú regla gildir að verðmæti þeirra efna sem teljast ekki upprunaefni og má nota við framleiðsluna megi ekki vera meira en 60% af verksmiðjuverði, er gerð úr „öðru stálblendi gróflega formuðu með smíði" í nr. úr 7224.

Hafi þetta smíðaefni verið unnið í samningsríki úr málmhleifi (ingot), sem ekki telst upprunaefni, hefur smíðaefnið þegar öðlast upprunaréttindi samkvæmt reglunni fyrir nr. úr 7224 í skránni. Smíðaefnið telst þá til upprunaefnis við verðmætaútreikning vélarinnar án tillits til þess hvort það var framleitt í hlutaðeigandi samningsríki. Verðmæti málmhleifsins, sem ekki telst upprunaefni, er því ekki reiknað með þeg-

Note 3:

3.1 The provisions of Article 6 of the Protocol concerning products having acquired originating status which are used in the manufacture of other products apply regardless of whether this status has been acquired inside the factory where these products are used or in another factory in a State Party.

Example:

An engine of heading No 8407, for which the rule states that the value of the non-originating materials which may be incorporated may not exceed 40 per cent of the ex-works price, is made from "other alloy steel roughly shaped by forging" of heading No ex 7224.

If this forging has been forged in the State Party concerned from a non-originating ingot, it has already acquired originating status by virtue of the rule for heading No ex 7224 in the list. The forging can then count as originating in the value calculation for the engine regardless of whether it was produced in the same factory or in another factory in the State Party concerned. The value of the non-originating

ar tekið er saman verðmæti þeirra efna sem notuð voru og ekki teljast upprunaefni.

3.2 Reglan í skránni felur í sér lágmarksaðvinnslu sem krafist er og frekari aðvinnsla veitir einnig upprunaréttindi; á hinn bóginn getur minni aðvinnsla ekki veitt upprunaréttindi. Ef regla kveður þannig á um að efni sem ekki telst upprunaefni megi nota á vissu framleiðslustigi er heimilt að nota slík efni á fyrra framleiðslustigi en notkun þeirra á síðari stigum er óheimil.

3.3 Með fyrirvara um skýringu 3.2, má einnig nota efni úr sama vörulið og framleiðslan fellur undir þegar regla kveður á um að nota megi „efni í hvaða vörulið sem er", þó með þeim sérstöku takmörkunum sem kunna að felast í reglunni. Samt sem áður er með orðasambandinu „framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar á meðal öðrum efnum í nr. ...", átt við að eingöngu megi nota efni sem er flokkað undir sama vörulið og framleiðsluvara með annarri vörulýsingu en á framleiðsluvörunni sem tilgreind er í 2. dálki í skránni.

3.4 Þegar regla í skránni felur í sér að framleiða megi vöru úr fleiri en einu efni er átt við að nota megi eitt eða fleiri þessara efna. Ekki þarf að nota þau öll.

Dæmi:
Reglan um dúk í nr. 5208 til 5212 felur í sér að nota megi náttúrlegar trefjar auk kemískra efna og annarra efna. Með þessu er ekki átt við að nota verði hvort tveggja; nota má annað hvort eða hvort tveggja.

3.5 Þegar regla í skránni felur í sér að vara verði að vera framleidd úr sérstöku efni er skilyrðið því augljóslega ekki til hindrunar að notuð séu önnur efni sem ekki geta eðlis síns vegna uppfyllt skilyrði reglunnar. (Sjá einnig skýringu 6.2 hér á eftir sem tengist textílefnum).

Dæmi:
Reglan um matvæli í nr. 1904, sem útilokar sérstaklega að notað sé korn eða afleiður þess, hindrar ekki að notað sé steinefni, kemísk efni eða önnur aukefni sem ekki eru framleidd úr korni.
Þetta á hins vegar ekki við um vörur sem hægt er að framleiða úr efni af sama tagi á fyrri stigum framleiðslunnar, þótt ekki sé hægt að fram-

ingot is thus not taken into account when adding up the value of the non-originating materials used.

3.2 The rule in the list represents the minimum amount of working or processing required and the carrying out of more working or processing also confers originating status; conversely, the carrying out of less working or processing cannot confer originating status. Thus if a rule provides that non-originating material at a certain level of manufacture may be used, the use of such material at an earlier stage of manufacture is allowed and the use of such material at a later stage is not.

3.3 Without prejudice to Note 3.2 where a rule states that "materials of any heading" may be used, materials of the same heading as the product may also be used, subject, however, to any specific limitations which may also be contained in the rule. However, the expression "manufacture from materials of any heading, including other materials of heading No ..." means that only materials classified in the same heading as the product of a different description than that of the product as given in column 2 of the list may be used.

3.4 When a rule in the list specifies that a product may be manufactured from more than one material, this means that any one or more materials may be used. It does not require that all be used.
Example:
The rule for fabrics of heading No 5208 to 5212 provides that natural fibres may be used and that chemical materials, among other materials, may also be used. This does not mean that both have to be used; it is possible to use one or the other or both.

3.5 Where a rule in the list specifies that a product must be manufactured from a particular material, the condition obviously does not prevent the use of other materials which, because of their inherent nature, cannot satisfy the rule. (See also Note 6.2 below in relation to textiles).
Example:
The rule for prepared foods of heading No 1904 which specifically excludes the use of cereals and their derivatives does not prevent the use of mineral salts, chemicals and other additives which are not products from cereals. However, this does not apply to products which, although they cannot be manufactured from the particular material specified in the

leiða þær úr því sérstaka efni sem tilgreint er í skránni.
Dæmi:
Ef um er að ræða fatnað úr 62. kafla úr efnum sem eru ekki ofin og með minna af syntetískum efnum en 50 af hundraði, og heimilt er að nota einvörðungu garn sem er ekki upprunavara í þennan flokk fatnaðar, er ekki hægt að hefja framleiðsluna úr dúk sem er ekki ofinn – jafnvel þótt að öðru jöfnu sé ekki hægt að framleiða dúk, sem ekki er ofinn, úr garni. Í slíkum tilvikum myndi upphafsefni að öðru jöfnu vera á undan vinnslustigi garns – þ.e. trefjastigi.

3.6 Þegar í reglu í skránni eru tilgreindar tvær hundraðshlutatölur fyrir hámarksverðmæti efna sem teljast ekki upprunaefni og heimilt er að nota er ekki hægt að leggja þessar hundraðshlutatölur saman. Hámarksverðmæti allra þeirra efna sem ekki teljast upprunaefni má með öðrum orðum aldrei fara yfir hæstu hundraðshlutatöluna sem er tilgreind. Ekki má heldur fara yfir einstakar hundraðshlutatölur fyrir þau tilteknu efni sem þær gilda um.

Skýring 4:

4.1 Orðin „náttúrlegar trefjar" eru notuð í skránni til að vísa til trefja annarra en gervi- eða syntetískra þráða. Þau eiga einungis við á þeim stigum framleiðslunnar sem koma á undan spuna, að meðtöldum úrgangi og, nema annað sé tekið fram, trefjum sem hafa verið kembdar, greiddar eða unnar á annan hátt, þó ekki spunnar.

4.2 Orðin „náttúrlegar trefjar" eiga einnig við um hrosshár í nr. 0503, silki í nr. 5002 og 5003 og auk þess ullartrefjar, fín- eða grófgert dýrahár í nr. 5101-5105, baðmullartrefjar í nr. 5201-5203 og aðrar jurtatrefjar í nr. 5301-5305.

4.3 Orðin „textílmassi", „kemísk efni" og „efni til pappírsgerðar" eru notuð í skránni til þess að lýsa efnunum sem flokkast ekki í 50.–63. kafla og nota má til framleiðslu á gervitrefjum, syntetískum trefjum eða pappírstrefjum eða gervigarni, syntetísku garni eða pappírsgarni.

4.4 Orðin „tilbúnar stutttrefjar" eru notuð í skránni til að vísa til syntetískra þátta eða gervivöndulþátta, stutttrefja eða úrgangs í nr. 5501-5507.

Skýring 5:

5.1 Þegar vísað er í þessa skýringu vegna ákveðinnar framleiðsluvöru í skránni skulu skilyrðin í 3. dálki ekki gilda um grunntextílefni sem

list, can be produced from a material of the same nature at an earlier stage of manufacture.
Example:
In the case of an article of apparel of ex Chapter 62 made from non-woven materials, if the use of only non-originating yarn is allowed for this class of article, it is not possible to start from non-woven cloth – even if non-woven cloths cannot normally be made from yarn. In such cases, the starting material would normally be at the stage before yarn – that is the fibre stage.

3.6 Where, in a rule in the list, two percentages are given for the maximum value of non-originating materials that can be used, then these percentages may not be added together. In other words, the maximum value of all the non-originating materials used may never exceed the highest of the percentages given. Furthermore, the individual percentages must not be exceeded in relation to the particular materials they apply to.

Note 4:

4.1 The term "natural fibres" is used in the list to refer to fibres other than artificial or synthetic fibres. It is restricted to the stages before spinning takes place, including waste, and, unless otherwise specified, includes fibres that have been carded, combed or otherwise processed but not spun.

4.2 The term "natural fibres" includes horsehair of heading No 0503, silk of heading Nos 5002 and 5003 as well as the wool fibres, fine or coarse animal hair of heading Nos 5101 to 5105, the cotton fibres of heading Nos 5201 to 5203 and the other vegetable fibres of heading Nos 5301 to 5305.

4.3 The terms "textile pulp", "chemical materials" and "paper-making materials" are used in the list to describe the materials not classified in Chapters 50 to 63, which can be used to manufacture artificial, synthetic or paper fibres or yarns.

4.4 The term "man-made staple fibres" is used in the list to refer to synthetic or artificial filament tow, staple fibres or waste, of heading Nos 5501 to 5507.

Note 5:

5.1 Where for a given product in the list a reference is made to this note, the conditions set out in column 3 shall not be applied to any basic

4. Viðmiðanir um sérfræðiþekkingu skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, byggðar á alþjóðlega viðurkenndum skjölum svo sem EN 45000 staðlaröðinni eða jafngildu ásamt viðbættum grunnskjölum eins og við á. Nauðsynlegt er að þessi skjöl séu túlkuð á þann hátt að tekið sé tillit til mismunandi krafna sem mælt er fyrir um í gildandi réttar- og stjórnsýsluákvæðum.

5. Aðildarríkin skulu hvetja til samhæfingar málsmeðferðar við tilnefningar og samræmingar verklags við samræmismat með samvinnu tilnefningaryfirvalda og aðila sem annast samræmismat sem skal byggjast á samræmingarfundum, þátttöku í sameiginlegu viðurkenningarfyrirkomulagi, og fundum sérstakra starfshópa. Aðildarríkin skulu einnig hvetja faggildingaraðila til að taka þátt í gagnkvæmu viðurkenningarfyrirkomulagi

B. Kerfi til sannprófunar á hæfni aðila sem annast samræmismat

6. Í því augnamiði að sannprófa sérfræðiþekkingu aðila sem annast samræmismat, er yfirvöldum heimilt að nota hinar ýmsu aðferðir svo fremi að viðeigandi trúnaðarstig sé tryggt á milli aðildarríkjanna. Ef nauðsyn krefur skal aðildarríki láta tilnefningaryfirvald vita um hugsanlegar leiðir til að sýna fram á hæfni.

a) Faggilding

Við faggildingu skal gengið út frá sérfræðiþekkingu aðila sem annast samræmismat hvað varðar beitingu krafna annarra aðildarríkja að því tilskildu að þar til bær faggildingaraðili:

– fari að gildandi alþjóðlegum ákvæðum er við eiga (EN 45000 stöðlunum eða ISO/IEB leiðbeiningum); og
– hafi undirritað marghliða samkomulag þar sem mælt er fyrir um jafningjamat, eða
– taki þátt í, undir forræði tilnefningaryfirvalds og í samræmi við hver þau skilyrði sem ákveðin eru, áætlunum um að bera saman og skiptast á tæknireynslu með það að markmiði að tryggja áframhaldandi traust á sérfræðiþekkingu aðila sem annast faggildingu og samræmismat. Slíkar áætlanir gætu náð yfir sameiginlegt mat, sérstakar samstarfsæfingar eða samræmismat.

– any other circumstance necessary to give assurance that the conformity assessment activity will be adequately performed at all times.

4. The technical competence criteria shall be based as far as possible on internationally accepted documents, such as the EN 45000 series of standards or equivalents as well as on supplemented interpretative documents as appropriate. However these documents clearly need to be interpreted in such a way as to take account of the different types of requirements laid down in the applicable legislative, regulatory and administrative provisions.

5. The Member States shall encourage harmonisation of designation procedures and co-ordination of conformity assessment procedures through co-operation between Designating authorities and Conformity assessment bodies based on co-ordination meetings, participation in mutual recognition arrangements, and ad hoc working party meetings. The Member States shall also encourage accreditation bodies to participate in mutual recognition arrangements.

B. System for verification of Conformity assessment bodies' competence

6. In order to verify the technical competence of Conformity assessment bodies, the authorities concerned may use various procedures ensuring an appropriate level of trust between the Member States. If necessary, a Member State shall indicate to the Designating authority possible ways of demonstrating competence.

(a) Accreditation

Accreditation shall constitute a presumption of the technical competence of Conformity assessment bodies in relation to the application of the requirements of the other Member States provided that the competent accreditation body:

– complies with the relevant international provisions in force (EN 45000 standards or ISO/IEC guides); and
– is signatory to multilateral arrangements under which it is subject to peer evaluation, or
– takes part, under the authority of a Designating authority, and in accordance with whatever conditions are decided on, in programmes to conduct comparisons and exchange technical experience, in the interests of ensuring continued trust in the technical competence of the accreditation and conformity-assessment bodies. Such programmes could include joint evaluations, special co-operation exercises or conformity assessment.

Þegar viðmiðanir sem gilda um aðila sem annast samræmismat krefjast þess að hinn síðarnefndi meti beint hversu vel vörur, aðferðir eða þjónusta uppfylla staðla eða tækniforskriftir er tilnefningaryfirvöldum heimilt að ganga út frá því að ef aðilinn sem annast samræmismat hefur faggildingu leiki ekki vafi á sérfræðiþekkingu hans að því tilskildu að það geri kleift að meta hæfni þessara aðila til að beita slíkum stöðlum eða tækniforskriftum. Tilnefning skal takmarkast við þessa starfsemi aðilans sem annast samræmismat.

Þegar viðmiðanir sem gilda um aðila sem annast samræmismat krefjast þess að hinn síðarnefndi meti hversu vel vörur, aðferðir eða þjónusta uppfylla ekki beint staðla eða tækniforskriftir heldur almennar (grunn) kröfur er tilnefningaryfirvöldum heimilt að ganga út frá því að ef aðilinn sem annast samræmismat hefur faggildingu leiki ekki vafi á sérfræðiþekkingu hans, að því tilskildu að í þeim séu þættir sem gera kleift að meta hæfni aðilans sem annast samræmismat (sérfræðiþekking á vörunni, notkun hennar o.fl.). til að meta hversu vel varan uppfyllir þessar grunnkröfur Tilnefning skal takmarkast við þessa starfsemi aðilans sem annast samræmismat.

b) Önnur úrræði

Ef faggildingarkerfi eða annað slíkt er ekki til staðar skulu hlutaðeigandi yfirvöld krefjast þess að aðilar sem annast samræmismat sýni fram á hæfni sína með öðrum hætti, til dæmis:

- með þátttöku í svæðisbundinni eða alþjóðlegri tilhögun gagnkvæmrar viðurkenningar eða vottunarkerfum;
- reglulegu jafningjamati sem byggt er á skýrum viðmiðunum og stjórnað af viðeigandi sérþekkingu;
- hæfnisprófum; eða
- samanburði aðila sem annast samræmismat.

C. Mat á sannprófunarkerfinu

7. Þegar skilgreint hefur verið sannprófunarkerfi til að meta hæfni aðila sem annast samræmismat mun hinum aðildarríkjunum boðið að ganga úr skugga um að kerfið tryggi samræmi tilnefningarferlisins við lagkröfur þeirra. Slíku eftirliti skal beint að því hvort sannprófunarkerfið sé viðeigandi og skilvirkt frekar en að sjálfum aðilunum sem annast samræmismat.

D. Formleg tilnefning

8. Þegar aðildarríkin senda nefndinni tillögur sínar um skráningu aðila sem annast samræmismat í

Where the criteria applicable to Conformity assessment bodies require the latter to assess the conformity of products, processes or services directly to standards or technical specifications, the Designating authorities may use accreditation as a presumption of the conformity assessment body's technical competence provided that it enables assessment of those bodies' ability to apply such standards or technical specifications. Designation shall be limited to those activities of the conformity assessment body.

Where the criteria applicable to Conformity assessment bodies require the latter to assess the conformity of products, processes or services not directly to standards or technical specifications, but to general (essential) requirements, the Designating authorities may use accreditation as a presumption of the conformity assessment body's technical competence provided that it incorporates elements which will enable assessment of the capacity of the Conformity assessment body (technical knowledge of the product, of its use, etc.) to assess the conformity of the product to those essential requirements. Designation shall be limited to those activities of the Conformity assessment body.

(b) Other means

If there is no accreditation scheme, or on other grounds, the authorities concerned shall require the Conformity assessment bodies to demonstrate their competence by other means, e.g.:

- participation in regional or international mutual recognition arrangements or certification systems;
- regular peer evaluation, based on clear criteria and conducted with the appropriate expertise;
- aptitude tests; or
- comparison of Conformity assessment bodies.

C. Evaluation of the verification system

7. Once a verification system to evaluate the competence of Conformity assessment bodies has been defined, the other Member States will be invited to check that the system guarantees the conformity of the designation process to its own legal requirements. Such checks shall focus on the appropriateness and effectiveness of the verification system rather than on the Conformity assessment bodies themselves.

D. Formal designation

8. When the Member States submit their proposals to the Committee on the inclusion of Conformity

viðbætana skulu þau leggja fram eftirtaldar upplýsingar um hvern aðila:

a) nafn;
b) póstfang;
c) símbréfanúmer;
d) sérkaflann, vöruflokka eða vörur, aðferðir og þjónustu sem tilnefningin nær yfir;
e) verklag við samræmismat sem tilnefningin nær yfir;
f) aðferðirnar sem notaðar voru til að ákvarða hæfni aðilans.

assessment bodies in the Appendices, they shall provide the following details in respect of each body:

(a) its name;
(b) its postal address;
(c) its fax number;
(d) the Sectoral Chapter, product categories or products, processes and services covered by the designation;
(e) the conformity assessment procedures covered by the designation;
(f) the methods used to establish the body's competence.

Viðauki J við samninginn – Hugverkaréttindi (19. gr.)

1. gr.
Hugverk

Til hugverka teljast einkum höfundarréttur og skyld réttindi, þ.m.t. tölvuforrit og gagnagrunnar, skyld réttindi, vörumerki sem auðkenna vöru og þjónustu, landfræðilegar merkingar, þar með talið upprunaheiti fyrir vörur og þjónustu, iðnhönnun, einkaleyfi, plöntuafbrigði, svæðislýsingar smárása og trúnaðarupplýsingar.

2. gr.
Alþjóðasamningar

1. Aðildarríkin staðfesta skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðasamningum sem þeir eru aðilar að, einkum eftirtöldum marghliða samningum:

- Samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) frá 15. apríl 1994 um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS-samningurinn);
- Parísarsamþykkt frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (Stokkhólmsgerð, 1967);
- Bernarsáttmálanum frá 9. september 1886 til verndar bókmenntum og listaverkum (Parísargerð, 1971); og
- Alþjóðasamningi frá 26. október 1961 um vernd listflytjenda, framleiðenda hljóðrita og útvarpsstofnana (Rómarsamningurinn).

2. Aðildarríkin, sem eru ekki aðilar að einum eða fleiri af þeim samningum sem eru taldir upp hér á eftir, skulu öðlast aðild að eftirtöldum marghliða samningum fyrir 1. janúar 2005:
- Genfargerðinni (1999) um Haagsamninginn um alþjóðlega skráningu iðnhönnunar;

- samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) um höfundarétt (Genf 1996); og
- samningi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) um flutning og hljóðritanir (Genf 1996).

3. Aðildarríkin samþykkja að efna án tafar til samráðs með sérfræðingum, fari eitthvert aðildarríkjanna þess á leit, um starfsemi sem tengist áðurnefndum eða fyrirhuguðum alþjóðasamningum um samhæfingu, stjórnun og framkvæmd hugverkaréttinda og um starfsemi innan alþjóðastofnana, t.d. Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) og um samskipti aðildarríkjanna við þriðju lönd í málum sem varða hugverk.

Annex J to the Convention – Intellectual property rights (Art. 19)

ARTICLE 1
Intellectual property

"Intellectual property" comprises in particular copyright, including computer programmes and databases, as well as neighbouring rights, trademarks for goods and services, geographical indications, including appellations of origin, for goods and services, industrial designs, patents, plant varieties, topographies of integrated circuits, as well as undisclosed information.

ARTICLE 2
International conventions

1. The Member States reaffirm their obligations set out in the international agreements to which they are parties, in particular the following multilateral agreements:
- WTO Agreement of 15 April 1994 on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (TRIPS Agreement);
- Paris Convention of 20 March 1883 for the Protection of Industrial Property (Stockholm Act, 1967);
- Berne Convention of 9 September 1886 for the Protection of Literary and Artistic Works (Paris Act, 1971); and
- International Convention of 26 October 1961 for the Protection of Performers, Producers of Phonograms and Broadcasting Organisations (Rome Convention).

2. The Member States which are not parties to one or more of the agreements listed below shall undertake to obtain their adherence to the following multilateral agreements before 1 January 2005:
- the Geneva Act (1999) of the Hague Agreement Concerning the International Registration of Industrial Designs;
- the WIPO Copyright Treaty (Geneva 1996); and

- the WIPO Performances and Phonogram Treaty (Geneva 1996).

3. The Member States agree to promptly hold expert consultations, upon request of any Member State, on activities relating to the identified or to future international conventions on harmonization, administration and enforcement of intellectual property rights and on activities in international organizations, such as the WTO and the World Intellectual Property Organization (WIPO), as well as relations of the Member States with third States on matters concerning intellectual property.

3. gr.
Einkaleyfi

Aðildarríkjunum ber að sjá til þess að landslög þeirra kveði að minnsta kosti á um:

a) fullnægjandi og árangursríka vernd fyrir uppfinningar á öllum tæknisviðum. Í Liechtenstein og Sviss er átt við vernd sambærilega þeirri sem um getur í Evrópusamningi um einkaleyfi frá 5. október 1973, eins hann kemur til framkvæmda í landslögum. Á Íslandi og í Noregi er átt við vernd sambærilega þeirri sem um getur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992, eins og hann kemur til framkvæmda í landslögum;

b) viðbótarverndartímabil fyrir lyf og plöntuvarnarefni sem skal reiknað frá lokum 20 ára hámarkstímabils fyrir einkaleyfi og stendur yfir á tímabili sem er jafnlangt þeim tíma sem líður frá umsóknardegi fyrir einkaleyfið til þess dags þegar fyrsta markaðsleyfi fyrir framleiðsluvöruna er veitt, að frádregnum fimm árum. Slík viðbótarvernd skal vera lengst í fimm ár og veitt með eftirfarandi skilyrðum:

– framleiðsluvaran njóti verndar gildandi einkaleyfis;
– fylgt hafi verið málsmeðferð við veitingu opinbers markaðsleyfis vegna lyfsins eða plöntuvarnarefnisins;
– markaðsetningu einkaleyfisvörunnar hafi verið frestað á grundvelli stjórnsýslumeðferðar varðandi leyfi fyrir markaðsaðgangi þannig að virk notkun einkaleyfisins vari skemur en í 15 ár;

– samanlagt tímabil árangursríkar verndar sem í einkaleyfinu felst og viðbótarverndar sé ekki lengra en 15 ár.

4. gr.
Hönnun

Aðildarríkjunum ber að sjá til þess að landslög þeirra kveði á um fullnægjandi og árangursríka vernd fyrir iðnhönnun, einkum með því að kveða á um fimm ára verndartímabil frá umsóknardegi með möguleika á endurnýjun til að minnsta kosti fjögurra samfelldra fimm ára tímabila. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um styttri verndartímabil vegna hönnunar íhluta sem nota á til viðgerða á framleiðsluvörunni.

5. gr.
Landfræðilegar merkingar

Aðildarríkjunum ber að sjá til þess að landslög þeirra kveði á um fullnægjandi og árangursríkar leið-

ARTICLE 3
Patents

The Member States shall ensure in their national laws at least the following:

(a) adequate and effective patent protection for inventions in all fields of technology. For Liechtenstein and Switzerland this means protection on a level corresponding to the one in the European Patent Convention of 5 October 1973, as implemented in national law. For Iceland and Norway this means protection on a level corresponding to the one in the Agreement on the European Economic Area of 2 May 1992, as implemented in national law;

(b) an additional term of protection for pharmaceuticals and plant protection products which shall be calculated from the expiry of the maximum term of patent of 20 years for a period equal to the period which elapsed between the filing date of the patent application and the date of the first market authorization of the product, reduced by a period of five years. Such additional protection shall cover a period of five years at the most and shall be granted under the following conditions:
– the product is protected by a patent in force;

– there has been an official marketing authorization procedure for the medicinal or plant protection product;
– the marketing of the patented product has been postponed by administrative procedures regarding authorization of market access, so that the effective use of the patent amounts to less than 15 years;
– the effective protection conferred by the patent and the additional protection shall together not exceed 15 years.

ARTICLE 4
Designs

The Member States shall ensure in their national laws adequate and effective protection of industrial designs by providing in particular a period of protection of five years from the date of application with a possibility of renewal for at least four consecutive periods of five years each. The Member States may provide for a shorter period of protection for designs of component parts used for the purpose of the repair of a product.

ARTICLE 5
Geographical indications

The Member States shall ensure in their national laws adequate and effective means to protect geo-

ir til að vernda landfræðilegar merkingar með tilliti til allra framleiðsluvara og allrar þjónustu, þar með talin upprunaheiti.

graphical indications, including appellations of origin, with regard to all products and services.

6. gr.
Um veitingu og viðhald hugverkaréttar

Þegar réttindi til hugverka eru háð veitingu eða skráningu réttindanna ber aðildarríkjunum að sjá til þess að reglur um veitingu eða skráningu séu sambærilegar þeim reglum sem kveðið er á um í TRIPS-samningnum, einkum 62. gr.

ARTICLE 6
Acquisition and maintenance of intellectual property rights

Where the acquisition of an intellectual property right is subject to the right being granted or registered, the Member States shall ensure that the procedures for grant or registration are of the same level as that provided in the TRIPS Agreement, in particular Article 62.

7. gr.
Fullnusta hugverkaréttinda

Aðildarríkin skulu samþykkja ákvæði um fullnustu hugverkaréttinda í landslögum sínum, sem eru sambærileg þeim ákvæðum sem kveðið er á um í TRIPS-samningnum, einkum í 41. til 61. gr.

ARTICLE 7
Enforcement of intellectual property rights

The Member States shall provide for enforcement provisions under their national laws of the same level as that provided in the TRIPS Agreement, in particular Articles 41 to 61.

VIÐAUKI K

Frelsi fólks til flutninga (VIII. kafli)

I. GRUNNÁKVÆÐI

1. gr.
Markmið

Markmið þessa viðauka skulu vera þessi, til hagsbóta fyrir ríkisborgara aðildarríkjanna:

a) að veita þeim rétt til að koma til, hefja búsetu, taka upp atvinnu sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar og rétt til dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna;
b) að auðvelda þjónustustarfsemi á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og einkum að auka frelsi til að veita þjónustu til skamms tíma;
c) að veita þeim sem starfa ekki í gistiríkinu rétt til að koma til og hefja búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna;
d) að veita þeim sömu lífs-, starfs- og atvinnuskilyrði og ríkisborgarar gistiríkisins njóta.

2. gr.
Bann við mismunun

Samkvæmt beitingu og í samræmi við ákvæði 1., 2. og 3. viðbætis við þennan viðauka er bannað að mismuna ríkisborgurum aðildarríkis á grundvelli þjóðernis séu þeir búsettir með löglegum hætti á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

3. gr.
Réttur til komu

Tryggja skal rétt ríkisborgara aðildarríkis til komu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 1. viðbæti.

4. gr.
Réttur til búsetu og aðgangs að atvinnu

Tryggja réttinn til búsetu og aðgangs að atvinnu nema kveðið sé á um annað í 10. gr. og í samræmi við ákvæði 1. viðbætis.

5. gr.
Einstaklingar sem veita þjónustu

1. Einstaklingar sem veita þjónustu, þar með talin félög í samræmi við ákvæði 1. viðbætis, skulu hafa rétt til að veita þjónustu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í allt að 90 raunverulega starfsdaga á al-

ANNEX K

Free movement of persons (Chapter VIII)

I. BASIC PROVISIONS

ARTICLE 1
Objectives

The objectives of this Annex, for the benefit of nationals of the Member States, are:

(a) to accord a right of entry, residence, access to work as employed persons, establishment on a self-employed basis and the right to stay in the territory of the Member States;
(b) to facilitate the provision of services in the territory of the Member States, and in particular to liberalise the provision of services of brief duration;
(c) to accord a right of entry into, and residence in, the territory of the Member States to persons without an economic activity in the host State;
(d) to accord the same living, employment and working conditions as those accorded to nationals of the host State.

ARTICLE 2
Non-discrimination

Nationals of one Member State who are lawfully resident in the territory of another Member State shall not, in application of and in accordance with the provisions of Appendices 1, 2 and 3 to this Annex, be the subject of any discrimination on grounds of nationality.

ARTICLE 3
Right of entry

The right of entry of nationals of one Member State into the territory of another Member State shall be guaranteed in accordance with the provisions laid down in Appendix 1.

ARTICLE 4
Right of residence and access to an economic activity

The right of residence and access to an economic activity shall be guaranteed unless otherwise provided in Article 10 and in accordance with the provisions of Appendix 1.

ARTICLE 5
Persons providing services

1. Without prejudice to other specific agreements between the Member States specifically concerning the provision of services (including the Government Procurement Agreement in so far as it covers the

manaksárinu með fyrirvara um aðra sérsamninga milli aðildarríkjanna er varða veitingu þjónustu sérstaklega (þar með talinn samningur hins opinbera um innkaup að því tilskildu að hann taki til veitingar þjónustu).

2. Þjónustuveitendur skulu hafa rétt til að koma og vera búsettir á yfirráðasvæði hins aðildarríkisins:

a) ef þeir hafa rétt til að veita þjónustu samkvæmt 1. mgr. eða á grundvelli ákvæða í samningi sem getið er í 1. mgr.; eða
b) ef þeir hafa leyfi lögbærra yfirvalda í viðkomandi aðildarríki til að veita þjónustu, hafi skilyrðin sem eru tilgreind í a-lið ekki verið uppfyllt.

3. Ríkisborgarar aðildarríkis sem fara inn á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í þeim tilgangi einum að fá þjónustu skulu hafa rétt til komu og búsetu.
4. Réttindin, sem um getur í þessari grein, eru tryggð í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. viðbæti. Óheimilt er að vísa til ákvæða í 10. gr. um magntakmarkanir gagnvart einstaklingum sem um getur í þessari grein.

6. gr.
Búseturéttur einstaklinga sem stunda ekki atvinnu

Réttur einstaklinga, sem stunda ekki atvinnu, til búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkis er tryggður í samræmi við ákvæði 1. viðbætis um fólk sem tekur ekki þátt í atvinnulífinu.

7. gr.
Önnur réttindi

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir, í samræmi við 1. viðbæti, vegna eftirtalinna réttinda í tengslum við frelsi fólks til flutninga:
a) rétt til sams konar meðferðar og innlendir ríkisborgarar njóta í tengslum við aðgang að og ástundun atvinnu og lífs-, starfs- og atvinnuskilyrði;
b) rétt til að færa sig til í starfi og á milli landsvæða sem gerir ríkisborgurum annarra aðildarríkja kleift að ferðast óhindrað innan yfirráðasvæðis gistiríkisins og leita að atvinnu að eigin vali;
c) rétt til dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkis eftir að þátttöku á vinnumarkaði lýkur;
d) rétt aðstandenda til búsetu, óháð þjóðerni;
e) rétt aðstandenda til að stunda atvinnu, óháð þjóðerni;

provision of services), persons providing services, including companies in accordance with the provisions of Appendix 1, shall have the right to provide a service in the territory of another Member State for a period not exceeding 90 days' of actual work in a calendar year.
2. Providers of services shall have the right of entry into, and residence in, the territory of the other Member State:
(a) where they have the right to provide a service under paragraph 1 or by virtue of the provisions of an agreement mentioned in paragraph 1; or
(b) if the conditions specified in (a) are not fulfilled, where they have received authorisation to provide a service from the competent authorities of the Member State concerned.
3. Nationals of a Member State entering the territory of another Member State solely to receive services shall have the right of entry and residence.
4. The rights referred to in this Article shall be guaranteed in accordance with the provisions laid down in Appendices 1, 2 and 3. The quantitative limits of Article 10 may not be relied upon as against persons referred to in this Article.

ARTICLE 6
Right of residence for persons not pursuing an economic activity

The right of residence in the territory of a Member State shall be guaranteed to persons not pursuing an economic activity in accordance with the provisions of Appendix 1 relating to non-active people.

ARTICLE 7
Other rights

The Member States shall make provision, in accordance with Appendix 1, for the following rights in relation to the free movement of persons:
(a) the right to equal treatment with nationals in respect of access to, and the pursuit of, an economic activity, and living, employment and working conditions;
(b) the right to occupational and geographical mobility which enables nationals of the other Member States to move freely within the territory of the host State and to pursue the occupation of their choice;
(c) the right to stay in the territory of a Member State after the end of an economic activity;
(d) the right of residence for members of the family, irrespective of their nationality;
(e) the right of family members to pursue an economic activity, irrespective of their nationality;

f) rétt til að eignast fasteignir að því tilskildu að það tengist þeim réttindum sem þessi viðauki veitir;
g) rétt, á aðlögunartímabilinu, til að snúa aftur til aðildarríkis, við lok atvinnuþátttöku eða búsetutímabils á yfirráðasvæði þess, í því skyni að stunda þar atvinnu; og rétt til að fá tímabundnu búsetuleyfi breytt í varanlegt búsetuleyfi.

8. gr.

Samræming almannatryggingakerfa

Aðildarríkin skulu, í samræmi við 2. viðbæti, setja ákvæði um samræmingu almannatryggingakerfa einkum með það að markmiði:
a) að tryggja jafnræði við málsmeðferð;
b) að ákvarða hvaða löggjöf skuli gilda;
c) að leggja saman, með það að markmiði að öðlast og viðhalda rétti til bóta og rétti til útreiknings á bótafjárhæð, öll tímabil sem tillit er tekið til samkvæmt innlendri löggjöf í viðkomandi ríkjum;
d) að greiða bætur til þeirra sem eru búsettir á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna;
e) að stuðla að gagnkvæmri aðstoð og samvinnu yfirvalda og stofnana í stjórnsýslumálum.

9. gr.

Gagnkvæm viðurkenning á menntun og hæfi (prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi)

Í því skyni að auðvelda ríkisborgurum aðildarríkjanna að fá aðgang að og stunda atvinnu sem launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar svo og að veita þjónustu skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir, sem tíundaðar eru í 3. viðbæti, til að viðurkenna með gagnkvæmum hætti prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi og samræma lög og stjórnsýslufyrirmæli aðildarríkjanna um aðgang launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga að vinnumarkaði og rétt þeirra til að hefja og stunda atvinnu og að veita þjónustu.

(f) the right to acquire immovable property in so far as this is linked to the exercise of rights conferred by this Annex;
(g) during the transitional period, the right, after the end of an economic activity or period of residence in the territory of a Member State, to return there for the purposes of pursuing an economic activity and the right to have a temporary residence permit converted into a permanent one.

ARTICLE 8

Coordination of social security systems

The Member States shall make provision, in accordance with Appendix 2, for the coordination of social security systems with the aim in particular of:
(a) securing equality of treatment;
(b) determining the legislation applicable;
(c) aggregating, for the purpose of acquiring and retaining the right to benefits, and of calculating such benefits, all periods taken into consideration by the national legislation of the States concerned;
(d) paying benefits to persons residing in the territory of the Member States;
(e) fostering mutual administrative assistance and co-operation between authorities and institutions.

ARTICLE 9

Mutual recognition of professional qualifications (diplomas, certificates and other evidence of formal qualifications)

In order to make it easier for nationals of the Member States to gain access to and pursue activities as employed and self-employed persons and to provide services, the Member States shall take the necessary measures, in accordance with Appendix 3, concerning the mutual recognition of diplomas, certificates and other evidence of formal qualifications, and with the coordination of the laws, regulations and administrative provisions of the Member States on access to and pursuit of activities as employed and self-employed persons and the provision of services.

II. ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

10. gr.
Bráðabirgðaákvæði og þróun þessa viðauka

1. Í 5[1] ár frá gildistöku samningsins milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og Svissneska ríkjasambandsins hins vegar um frelsi fólks til flutninga (hér á eftir nefndur „samningur Sviss og Evrópubandalagsins um frelsi fólks til flutninga") er Sviss heimilt að viðhalda magntakmörkunum með tilliti til aðgangs að atvinnumarkaði að því er varðar eftirtalda tvo búsetuflokka: búsetu er varir lengur en í fjóra mánuði en skemur en í eitt ár og búsetu sem varir í eitt ár eða lengur. Engar takmarkanir skulu vera á búsetu sem varir skemur en í fjóra mánuði.

Afnema skal allar magntakmarkanir vegna ríkisborgara annarra aðildarríkja frá upphafi sjötta ársins.

2. Aðildarríkjunum er heimilt, í allt að tvö ár frá gildistöku samnings Sviss og Evrópubandalagsins um frelsi fólks til flutninga, að stýra því áfram hverjir í hópi starfandi manna skuli hafa forgang inn á almennan atvinnumarkað og hvaða launakjör og atvinnuskilyrði ríkisborgarar aðildarríkjanna skulu njóta, þar með taldir þeir einstaklingar sem veita þjónustu sem um getur í 5. gr. Nefndin, sem um getur í 14. gr., (kallast hér á eftir „nefndin") skal fjalla um það fyrir lok fyrsta ársins hvort nauðsynlegt sé að viðhalda þessum takmörkunum. Ráðinu er heimilt að stytta hámarkstímann. Óheimilt er að beita þeim stjórntækjum, sem eru notuð til að stýra því hverjir í hópi starfandi manna skuli hafa forgang inn á almennan atvinnumarkað, gagnvart þeim sem veita þjónustu sem hefur verið gefin frjáls samkvæmt viðaukum P, Q og R, að svo miklu leyti sem þeir taka til veitingar þjónustu.
3. Sviss skal, frá gildistöku samnings Sviss og Evrópubandalagsins um frelsi fólks til flutninga og til loka fimmta ársins, veita úr heildarkvóta sínum í það minnsta 300 ný búsetuleyfi er gilda í minnst eitt ár og 200 búsetuleyfi er gilda í minnst fjóra mánuði og mest eitt ár fyrir launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga frá hinum aðildarríkjunum. Ef samþykktur kvóti nægir ekki gerir ráðið ráðstafanir.

[1] Bráðabirgðatímabilið rennur út um leið og samsvarandi tímabil í tvíhliða samningi Sviss og Evrópubandalagsins.

II. GENERAL AND FINAL PROVISIONS

ARTICLE 10
Transitional provisions and development of this Annex

1. For 5[1] years after the entry into force of the Agreement between the European Community and its Member States, of the one part, and the Swiss Confederation of the other, on the free movement of persons (hereinafter the "Swiss-EC Agreement on the free movement of persons"), Switzerland may maintain quantitative limits in respect of access to an economic activity for the following two categories of residence: residence for a period of more than four months and less than one year and residence for a period equal to, or exceeding, one year. There shall be no restriction on residence for less than four months.

From the beginning of the 6th year, all quantitative limits applicable to nationals of the other Member States shall be abolished.
2. For a maximum period of 2 years after the entry into force of the Swiss-EC Agreement on the free movement of persons, the Member States may maintain the controls on the priority of workers integrated into the regular labour market and wage and working conditions applicable to nationals of other Member States, including the persons providing services referred to in Article 5. Before the end of the first year, the Committee referred to in Article 14 (hereinafter the "Committee") shall consider whether these restrictions need to be maintained. The Council may curtail the maximum period. The controls on the priority of workers integrated into the regular labour market shall not apply to providers of services liberalised under Annexes P, Q and R in so far s it covers the provision of services.

3. Upon entry into force of the Swiss-EC Agreement on the free movement of persons, and until the end of the 5th year, each year Switzerland shall reserve, within its overall quotas, for employed and self-employed persons of the other Member States, at least 300 new residence permits valid for a period equal to, or exceeding, one year and 200 valid for more than four months and less than one year. If the agreed quota should not suffice, arrangements will be made by the Council.

[1] The transitional period should expire at the same time as the corresponding period in the bilateral agreement between Switzerland and the European Community.

4. Fjöldi nýrra búsetuleyfa sem Sviss gefur út fyrir launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga frá hinum aðildarríkjunum skal ekki vera minni en 300 leyfi á ári er gilda í minnst eitt ár og 200 leyfi á ári er gilda í minnst fjóra mánuði og mest eitt ár.

5. Bráðabirgðaákvæði í 1. til 4. mgr., og einkum í 2. mgr. um það hverjir í hópi starfandi manna skuli hafa forgang inn á almennan atvinnumarkað og með hvaða hætti stýra megi launakjörum og atvinnuskilyrðum, skulu ekki gilda um launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem hafa heimild til að stunda atvinnu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna við gildistöku samnings Sviss og Evrópubandalagsins um frelsi fólks til flutninga. Þessir einstaklingar skulu einkum njóta frelsis til að færa sig til í starfi og á milli landsvæða. Handhafar búsetuleyfa til skemmri tíma en eins árs eiga rétt á að fá leyfi sín endurnýjuð; óheimilt er að beita þeim rökum gegn þeim að magntakmörkunum hafi verið náð. Handhafa búsetuleyfa er gilda í minnst eitt ár öðlast sjálfkrafa rétt til að fá leyfi sín framlengd. Þessir launþegar og sjálfstætt starfandi einstaklingar skulu af þeim sökum njóta, frá gildistöku viðaukans, þeirra réttinda til frjálsra flutninga sem einstaklingar með staðfestu njóta samkvæmt grunnákvæðum hans, einkum 7. gr. hans.

6. Sviss skal senda ráðinu tafarlaust og með reglubundnum hætti gagnleg tölfræðileg gögn og upplýsingar, þar með talið um ráðstafanir til framkvæmdar 2. mgr. Aðildarríki er heimilt að fara fram á að staðan verði tekin til endurskoðunar.
7. Óheimilt er að beita magntakmörkunum gagnvart þeim sem sækja vinnu yfir landamæri.
8. Mælt er fyrir um bráðabirgðaákvæði um almannatryggingar og endurtryggingu á framlögum til atvinnuleysistrygginga í bókun 1, 2 og 3 við 2. viðbæti.

11. gr.
Meðferð kæra

1. Einstaklingar, sem falla undir þennan viðauka, skulu eiga rétt á að kæra beitingu ákvæða þessa viðauka til lögbærra yfirvalda viðkomandi aðildarríkis.

2. Taka verður kærurnar til meðferðar innan hæfilegs frests.
3. Einstaklingar, sem falla undir þennan viðauka, skulu hafa möguleika á að skjóta ákvörðunum um kærur til lögbærra innlendra dómsyfirvalda eða leggja fram kærur hjá þeim ef ákvörðun hefur ekki verið tekin innan hæfilegs frests.

4. The number of new residence permits issued by Switzerland to employed and self-employed persons of the other Member States may not be limited to fewer than 300 per year valid for a period equal to, or exceeding, one year and 200 per year valid for more than four months and less than one year.
5. The transitional provisions of paragraphs 1 to 4, and in particular those of paragraph 2 concerning the priority of workers integrated into the regular labour market and controls on wage and working conditions, shall not apply to employed and self-employed persons who, at the time of the entry into force of the Swiss-EC Agreement on the free movement of persons, are authorised to pursue an economic activity in the territory of the Member States. Such persons shall in particular enjoy occupational and geographical mobility. The holders of residence permits valid for less than one year shall be entitled to have their permits renewed; the exhaustion of quantitative limits may not be invoked against them. The holders of residence permits valid for a period equal to, or exceeding, one year shall automatically be entitled to have their permits extended. Such employed and self-employed persons shall therefore enjoy the rights to free movement accorded to established persons in the basic provisions of this Annex, and in particular Article 7 thereof, from its entry into force.
6. Switzerland shall regularly and promptly forward to the Council any useful statistics and information, including measures implementing paragraph 2. A Member State may request a review of the situation.

7. No quantitative limits may be applied to frontier workers.
8. The transitional provisions on social security and the retrocession of unemployment insurance contributions are laid down in Protocols 1, 2 and 3 to Appendix 2.

ARTICLE 11
Processing of appeals

1. The persons covered by this Annex shall have a right of appeal to the competent authorities of the Member State concerned in respect of the application of the provisions of this Annex.
2. Appeals must be processed within a reasonable period of time.
3. Persons covered by this Annex shall have the opportunity to appeal to the competent national judicial body in respect of decisions on appeals, or the absence of a decision within a reasonable period of time.

12. gr.
Hagstæðari ákvæði

Þessi viðauki kemur ekki í veg fyrir að ríkisborgarar aðildarríkjanna og aðstandendur þeirra geti notið hagstæðari innlendra ákvæða.

13. gr.
Kyrrstaða

Aðildarríkin skuldbinda sig til að samþykkja ekki ráðstafanir til frekari takmörkunar gagnvart ríkisborgunum hvers annars sem falla undir þennan viðauka.

14. gr.
Nefnd um flutninga einstaklinga

1. Ráðið skal skipa nefnd um flutninga einstaklinga sem skal annast stjórnun og rétta beitingu viðaukans. Það skal gefa út tilmæli í þessu skyni. Því er heimilt að skipa vinnuhópa um samræmingu almannatryggingakerfa og gagnkvæma viðurkenningu á menntun og hæfi.

2. Til þess að tryggja rétta framkvæmd þessa viðauka skulu aðildarríkin skiptast reglulega á upplýsingum og hafa samráð innan nefndarinnar að beiðni aðildarríkis.
3. Ráðinu er heimilt að ákveða að gera breytingar á 2. og 3. viðbæti við þennan viðauka.

15. gr.
Öryggisráðstafanir

Ef upp koma alvarlegir efnahagslegir eða félagslegir erfiðleikar skal kalla nefndina saman, að beiðni aðildarríkis, til að kanna viðeigandi ráðstafanir til að bæta úr ástandinu. Ráðinu er heimilt að ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar innan 60 daga frá því að beiðnin barst. Ráðinu er heimilt að framlengja þann frest. Gildissvið og tímalengd slíkra ráðstafana skulu ekki vera umfram það sem nauðsynlegt telst til að bæta úr ástandinu. Þær ráðstafanir njóta forgangs sem raska minnst framkvæmd þessa viðauka.

16. gr.
Vísun til laga bandalagsins

1. Aðildarríkin skulu, í því skyni að ná þeim markmiðum sem stefnt er að með þessum viðauka, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í samskiptum þeirra gildi þau réttindi og skyldur sem eru sambærilegar réttindum og skyldum sem er að finna í lagagerðum Evrópubandalagsins og vísað er til, eins og þær eru felldar inn í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins um frelsi fólks til flutninga.

ARTICLE 12
More favourable provisions

This Annex shall not preclude any more favourable national provisions which may exist for both nationals of the Member States and their family members.

ARTICLE 13
Standstill

The Member States undertake not to adopt any further restrictive measures vis-à-vis each other's nationals in fields covered by this Annex.

ARTICLE 14
Committee on the movement of persons

1. The Council shall establish a Committee on the movement of persons, which shall be responsible for the management and proper application of the Annex. To that end it shall issue recommendations. It may set up working groups on the coordination of social security systems and on the mutual recognition of professional qualifications.
2. For the purposes of proper implementation of this Annex, the Member States shall regularly exchange information and, at the request of one Member State, shall hold consultations within the Committee.
3. The Council may decide to modify the Appendices 2 and 3 of this Annex.

ARTICLE 15
Safeguard measures

In the event of serious economic or social difficulties, the Committee shall meet, at the request of one Member State, to examine appropriate measures to remedy the situation. The Council may decide what measures to take within 60 days of the date of the request. This period may be extended by the Council. The scope and duration of such measures shall not exceed that which is strictly necessary to remedy the situation. Preference shall be given to measures that least disrupt the working of this Annex.

ARTICLE 16
Reference to Community law

1. In order to attain the objectives pursued by this Annex, the Member States shall take all measures necessary to ensure that rights and obligations equivalent to those contained in the legal acts of the European Community to which reference is made, as incorporated in the EEA Agreement and in the Swiss – EC Agreement on the free movement of persons, are applied in relations between them.

2. Að svo miklu leyti sem beiting þessa viðauka tekur til algengra hugtaka í þeim lagagerningum sem um getur í 1. mgr. skal taka tillit til viðeigandi fordæma sem fram hafa komið fyrir 21. júní 1999. Til að tryggja góða framkvæmd þessa viðauka skal ráðið, að beiðni aðildarríkis, ákveða hvaða áhrif fordæmi eftir 21. júní 1999 skuli hafa.

17. gr.
Þróun laga

1. Aðildarríki skal veita hinum aðildarríkjunum upplýsingar á vettvangi nefndarinnar um leið hafið er ferli við að samþykkja drög að breytingum á löggjöf þess eða um leið og breyting verður á fordæmum sem yfirvöld styðjast við eða ef ekki eru fyrir hendi lagaúrræði vegna ákvarðana þeirra samkvæmt innlendum lögum á sviði sem fellur undir þennan viðauka.
2. Nefndin skal efna til skoðanaskipta um áhrif slíkrar breytingar á góða framkvæmd þessa viðauka.

18. gr.
Tengsl við tvíhliða samninga um félagslegt öryggi

Tvíhliða samningar milli aðildarríkjanna um félagslegt öryggi skulu felldir úr gildi við gildistöku þessa viðauka að því miklu leyti sem viðaukinn tekur til sama efnis, nema kveðið sé á um annað samkvæmt 2. viðbæti.

19. gr.
Tengsl við tvíhliða samninga um tvísköttun

1. Ákvæði þessa viðauka hafa ekki áhrif á ákvæði tvíhliða samninga milli aðildarríkjanna um tvísköttun. Einkum skulu ákvæði þessa viðauka ekki hafa áhrif á skilgreiningu á því hverjir teljast „starfandi menn sem sækja vinnu yfir landamæri“ í samningum um tvísköttun.
2. Ekkert ákvæði í þessum viðauka skal túlkað þannig að komið sé í veg fyrir að aðildarríkin geti gert greinarmun, við beitingu viðeigandi ákvæða í skattalöggjöf sinni, á skattgreiðendum sem búa ekki við sambærilegar aðstæður, einkum að því er varðar búsetustað.
3. Ekkert ákvæði í þessum viðauka kemur í veg fyrir að aðildarríkin samþykki eða beiti ráðstöfunum til að tryggja álagningu, greiðslu og skilvirka endurheimt skatta eða hindri skattsvik samkvæmt innlendri skattalöggjöf eða samningum milli aðildarríkjanna sem miða að því að koma í veg fyrir tvísköttun eða öðru skattafyrirkomulagi.

2. Insofar as the application of this Annex involves common concepts of the legal instruments referred to in paragraph 1, account shall be taken of relevant case-law prior to 21 June 1999. In order to ensure the good functioning of this Annex, the Council shall, at the request of any Member State, determine the implications of case-law after 21 June 1999.

ARTICLE 17
Development of law

1. As soon as one Member State initiates the process of adopting a draft amendment to its domestic legislation, or as soon as there is a change in the case-law of authorities against whose decisions there is no judicial remedy under domestic law in a field governed by this Annex, it shall inform the other Member States through the Committee.

2. The Committee shall hold an exchange of views on the implications of such an amendment for the proper functioning of this Annex.

ARTICLE 18
Relationship to bilateral social security agreements

Unless otherwise provided for under Appendix 2, bilateral social security agreements between the Member States shall be suspended upon entry into force of this Annex, in so far as the latter covers the same subject matter.

ARTICLE 19
Relationship to bilateral agreements on double taxation

1. The provisions of bilateral agreements between the Member States on double taxation shall be unaffected by the provisions of this Annex. In particular, the provisions of this Annex shall not affect the double taxation agreements' definition of 'frontier workers'.
2. No provision of this Annex may be interpreted in such a way as to prevent the Member States from distinguishing, when applying the relevant provisions of their fiscal legislation, between taxpayers whose situations are not comparable, especially as regards their place of residence.
3. No provision of this Annex shall prevent the Member States from adopting or applying measures to ensure the imposition, payment and effective recovery of taxes or to forestall tax evasion under their national fiscal legislation or agreements aimed at preventing double taxation between the Member States, or any other tax arrangements.

20. gr.
Tengsl við tvíhliða samninga um önnur málefni en félagslegt öryggi og tvísköttun

1. Þrátt fyrir ákvæði 18. og 19. gr. hefur þessi viðauki ekki áhrif á tvíhliða samninga milli aðildarríkjanna, til að mynda þá er varða einstaklinga, atvinnurekendur, samvinnu yfir landamæri eða staðbundna landamæraumferð, að því tilskildu að þeir séu samrýmanlegir þessum viðauka.
2. Ef ekki er samræmi milli slíkra samninga og þessa viðauka skal hinn síðarnefndi ganga framar.

21. gr.
Áunnin réttindi

Einstaklingar halda áunnum réttindum sínum þótt komi til uppsagnar eða endurnýjun eigi sér ekki stað. Aðildarríkin skulu gera með sér samning um til hvaða aðgerða skuli gripið vegna réttinda sem einstaklingar eru að ávinna sér.

ARTICLE 20
Relationship to bilateral agreements on matters other than social security and double taxation

1. Notwithstanding the provisions of Articles 18 and 19, this Annex shall not affect bilateral agreements between Member States, such as those concerning private individuals, economic operators, cross-border co-operation or local frontier traffic, in so far as they are compatible with this Annex.
2. In the event of incompatibilities between such agreements and this Annex, the latter shall prevail.

ARTICLE 21
Acquired rights

In the event of termination or non-renewal, rights acquired by private individuals shall not be affected. The Member States shall settle by mutual agreement what action is to be taken in respect of rights in the process of being acquired.

1. VIÐBÆTIR
Flutningar fólks (20. gr.)

I. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.
Koma og brottför

1. Aðildarríkin skulu heimila ríkisborgurum frá hinum aðildarríkjunum og aðstandendum þeirra í skilningi 3. gr. þessa viðbætis og launþegum sem starfa utan aðalstöðva í skilningi 16. gr. þessa viðbætis að koma á yfirráðasvæði þeirra einfaldlega með því að sýna gilt kennivottorð eða vegabréf.

Óheimilt er að krefjast vegabréfsáritunar við komu, eða jafngildis hennar, nema að því er varðar aðstandendur og launþega utan aðalstöðva í skilningi 16. gr. þessa viðbætis sem hafa ekki ríkisfang í aðildarríki. Viðkomandi aðildarríki skal veita þessum einstaklingum hverja þá aðstöðu sem nauðsynleg er til að fá nauðsynlegar vegabréfsáritanir.

2. Aðildarríkin skulu veita ríkisborgurum aðildarríkjanna og aðstandendum þeirra í skilningi 3. gr. þessa viðbætis og launþegum sem starfa utan aðalstöðva í skilningi 16. gr. þessa viðbætis rétt til að fara frá yfirráðasvæðum þeirra einfaldlega með því að sýna gilt kennivottorð eða vegabréf. Aðildarríkin skulu ekki krefja ríkisborgara annarra aðildarríkja um brottfararáritun eða jafngildi hennar.

Aðildarríkin skulu, í samræmi við lög sín, gefa út eða endurnýja kennivottorð eða vegabréf til handa slíkum ríkisborgurum þar sem fram kemur til að mynda hvert þjóðerni handhafans er.

APPENDIX 1
Movement of persons (Art. 20)

I. GENERAL PROVISIONS

ARTICLE 1
Entry and exit

1. The Member States shall allow nationals of the other Member States and members of their family within the meaning of Article 3 of this Appendix and posted persons within the meaning of Article 16 of this Appendix to enter their territory simply upon production of a valid identity card or passport.

Ekki skal litið svo á að skuldbindingar innan tiltekins sviðs leysi af hólmi skuldbindingar, sem gengist er undir að því er varðar annað svið, sem slík starfsemi kemur til viðbótar við eða tengist á annan hátt. CPC-númerin, sem tilgreind eru í hornklofum, vísa til Aðalvöruflokkunar Sameinuðu þjóðanna (Statistical Papers Series M nr. 77, Provisional Central Product Classification, Department of International Economics and Social Affairs, Statistical Office of the United Nations, New York, 1991).		
Öll svið: Félagaréttur	Framkvæmdastjóri og að minnsta kosti helmingur stjórnarmanna nokkurra flokka félaga, þ.e.a.s. hlutafélaga, skulu vera búsettir í Noregi. Þetta gildir ekki um ríkisborgara aðildarríkja EES. Til þess að geta talist norskur fyrirtækjahópur skal móðurfyrirtækið vera norskt fyrirtæki. Erlend móðurfyrirtæki með norsk dótturfyrirtæki geta einnig, upp að vissu marki, talist fyrirtækjahópur. Þetta á fremur við þegar um er að ræða móðurfyrirtæki frá aðildarríkjum EES en fyrirtæki utan EES-svæðisins. Fyrirtæki er fremur leyft að veita lán til eða leggja fram tryggingu fyrir móðurfyrirtæki frá aðildarríki EES en fyrir hlutafélag frá öðrum ríkjum.	Fjárfestingar
Öll svið: Styrkir	Óbundið	Þjónustu-viðskipti
	Heimilt er að takmarka rétt til styrkja við lögpersónur með staðfestu í Noregi. Óbundið að því er varðar styrki til rannsókna- og þróunarstarfs.	Fjárfestingar
Öll svið: Meðferð útibúa og umboðsskrifstofa	Meðferð, sem veitt er dótturfyrirtækjum fyrirtækja frá þriðju löndum sem stofnsett eru samkvæmt lögum aðildarríkis EES og hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð í aðildarríki EES, nær ekki til útibúa eða umboðsskrifstofa sem stofnuð eru í aðildarríki EES af fyrirtæki frá þriðja landi. Veita má dótturfyrirtækjum fyrirtækja frá þriðju löndum, sem stofnuð eru í samræmi við lög aðildarríkis EES og hafa einungis skráða skrifstofu á yfirráðasvæði aðildarríkis EES, óhagstæðari meðferð nema þau sýni fram á að þau hafi virk og varanleg tengsl við hagkerfi í einu aðildarríki EES.	Fjárfestingar
II. FYRIRVARAR UM TILTEKIN SVIÐ		
1. VIÐSKIPTI OG SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA A. Sérfræðiþjónusta		

ANNEX N

Reservations by Norway
(Chapter IX – Investment and Chapter X – Trade in services)

The term "unbound" shall mean that Norway does not commit itself with respect to the specified item.

Sector or subsector	Reservations	Chapter to which reservation applies
I. HORIZONTAL RESERVATIONS		
The level of commitments in a particular sector shall not be construed to supersede the level of commitments taken with respect to any other sector to which such activity is an input or to which it is otherwise related. CPC numbers indicated in brackets are references to the UN Provisional Central Product Classification (Statistical Papers Series M No. 77, Provisional Central Product Classification, Department of International Economics and Social Affairs, Statistical Office of the United Nations, New York, 1991).		
All sectors: Company Law	The managing director and at least half of the members of the board of directors of several categories of companies, i.a. joint stock companies, must be domiciled in Norway. This does not apply to citizens of EEA Member States. As a main rule, in order to be considered a Norwegian group, the parent company must be a Norwegian company. To some extent also foreign parent companies with Norwegian subsidiaries can be considered a group. This applies to a wider extent regarding parent companies from EEA Member States than companies outside the EEA area. A company is to a wider extent permitted to grant credits or pledge security for a parent company from an EEA Member State than for a shareholding company from other states.	Investment
All sectors: Subsidies	Unbound	Trade in services
	Eligibility for subsidies may be limited to juridical persons established in Norway. Unbound for research and development subsidies.	Investment
All sectors: Treatment of branches and agencies	Treatment accorded to subsidiaries of third country companies formed in accordance with the law of an EEA Member State and having their registered office, central administration or principal place of business within an EEA Member State may not be extended to branches or agencies established in an EEA Member State by a third-country company. Treatment less favourable may be accorded to subsidiaries of third-country companies formed in accordance with the law of an EEA Member State having only their registered office in the territory of an EEA Member State unless they show that they possess an effective and continuous link with the economy of one of the EEA Member States.	Investment
II. SECTOR-SPECIFIC RESERVATIONS		
1. BUSINESS SERVICES A. Professional services		

Svið eða undirsvið	Fyrirvarar	Kafli sem fyrirvarar gilda um
a) Lögfræðiþjónusta	Lögmaður ber persónulega ábyrgð á eigin starfsemi. Einungis er mögulegt að eiga hagsmuna að gæta (eigin hlutabréf og/eða vera stjórnarmaður fyrirtækis) í norsku lögmannafyrirtæki með virkri þátttöku í fyrirtækinu. Erlendir lögmenn mega veita ráðgjöf um erlend lög og alþjóðalög eftir beitingu þeirra. Nokkrar takmarkanir eru á samstarfi við norska lögmenn í kjölfar löggjafar um skipulag norskra lögmannafyrirtækja.	Fjárfestingar
b) Bókhaldsþjónusta og endurskoðun		
- Endurskoðun	Endurskoðendur, sem sinna lögskipaðri endurskoðun, skulu hafa fasta starfsstöð í Noregi og vera búsettir innan Evrópska efnahagssvæðisins. Endurskoðendafyrirtæki skulu hafa fasta starfsstöð í Noregi.	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
- Bókhaldsþjónusta	Bókhald skal fara fram í Noregi. Konungur getur ákvarðað að bókhald skuli fara fram erlendis.[1] Viðurkenndir bókarar skulu hafa fasta starfsstöð í Noregi, vera búsettir á Evrópska efnahagssvæðinu og hafa að minnsta kosti 2 ára starfsreynslu í Noregi á næstliðnum 5 árum. Framkvæmdastjóri bókhaldsfyrirtækis skal vera viðurkenndur bókari.	Þjónustu-viðskipti
h) Læknis- og tannlæknaþjónusta (CPC 9312)	Óbundið	Þjónustu-viðskipti
	Skal tala norsku og hafa staðist tiltekin innlend próf á ýmsum sviðum. Heimilt er að viðurkenna erlend próf sem eru jafngild.	Fjárfestingar
i) Dýralækningar	Óbundið	Fjárfestingar
j) Þjónusta ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara og bráðaliða (CPC 93191)	Óbundið	Fjárfestingar
C. Rannsóknir og þróunarstarf		
a) Rannsóknir og þróunarstarf á sviði náttúruvísinda	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
c) Þverfaglegar rannsóknir og þróunarstarf	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
D. Fasteignaviðskipti		

[1] Þessi krafa gildir áfram uns breytingar á norsku bókhaldslögunum ganga í gildi.

Sector or subsector	Reservations	Chapter to which reservation applies
a) Legal services	The advocate is personally responsible for his activities. To have an interest (own shares and/or be a member of the board of the firm) in a firm of Norwegian advocates is only possible when taking active part in the business. Foreign advocates can give advice on foreign law and international law after application. Some restrictions on co-operation with Norwegian advocates as a consequence of legislation on how a firm of Norwegian advocates may be organized.	Investment
b) Accounting, auditing and book-keeping services		
- Auditing services	Auditors who perform statutory audits must have a permanent place of business in Norway and reside within the European Economic Area. Auditing firms must have a permanent place of business in Norway.	Trade in services and Investment
- Accounting and bookkeeping services	Accounting shall take place in Norway. The King may decide that accounting takes place abroad.[1] Authorised accountants must have a permanent place of business in Norway, reside within the European Economic Area, and have a minimum of 2 years practice in Norway during the 5 preceding years. The managing director of an accounting firm must be an authorised accountant.	Trade in services
h) Medical and dental services (CPC 9312)	Unbound Must speak Norwegian and have passed certain national exams in different areas. Foreign exams giving equivalent competence may be recognized.	Trade in services and Investment
i) Veterinary services	Unbound	Investment
j) Services provided by midwives, nurses, physiotherapists and para-medical personnel (CPC 93191)	Unbound	Investment
C. Research and development services		
a) R&D on natural science	Unbound	Trade in services and Investment
c) Interdisciplinary R&D services	Unbound	Trade in services and Investment
D. Real Estate Services		

[1] This requirement continues to apply until changes in the Norwegian Accounting Act come into force.

Svið eða undirsvið	**Fyrirvarar**	**Kafli sem fyrirvarar gilda um**
a) með eigin fasteignir eða fasteignaleiga	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
E. Leiga á tækjum og vélum án stjórnanda		
b) tengd loftförum	Til að vera skráð í loftfaraskrá Noregs skal loftfarið annaðhvort vera í eigu norskra einstaklinga eða norskra lögpersóna.	Fjárfestingar
c) tengd bílaleigu (CPC 83101)	Óbundið	Þjónustu-viðskipti
F. Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta		
h) þjónusta tengd námuvinnslu	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
j) Þjónusta tengd orkudreifingu	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
l) Eftirgrennslan og öryggisþjónusta		
- öryggisgæsla og vöktun	Framkvæmdastjórinn skal vera ríkisborgari EES-ríkis. Stjórnarmenn í hlutafélögum og meðeigendur í öðrum félagagerðum skulu vera ríkisborgarar EES-ríkja.	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
s) Ráðstefnuþjónusta	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
2. FJARSKIPTA-ÞJÓNUSTA		
A. Póstþjónusta	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
D. Hljóð- og myndmiðlun	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
4. DREIFINGAR-ÞJÓNUSTA		
A. Þjónusta umboðsaðila	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
B. Heildsala (innflutningur og sala á áfengi, vopnum, lyfjavörum, fiski og korni)	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar

Sector or subsector	Reservations	Chapter to which reservation applies
a) involving own or leased property	Unbound	Trade in services and Investment
E. Rental/Leasing without operators		
b) relating to aircraft	To be registered in the aircraft register of Norway, the aircraft must be owned either by Norwegian natural persons or by Norwegian juridical persons.	Investment
c) relating to car-hiring (CPC 83101)	Unbound	Trade in services
F. Other business services		
h) services incidental to mining	Unbound	Trade in services and Investment
j) services incidental to energy distribution	Unbound	Trade in services and Investment
l) investigation and security		
- security and guarding	The manager must be an EEA-citizen. The members of the board in joint stock companies and partners in other company forms must be EEA-citizens.	Trade in services and Investment
s) convention services	Unbound	Trade in services and Investment
2. COMMUNICATION SERVICES		
A. Postal services	Unbound	Trade in services and Investment
D. Audiovisual services	Unbound	Trade in services and Investment
4. DISTRIBUTION SERVICES		
A. Commission Agents' services	Unbound	Trade in services and Investment
B. Wholesale trade services (import and trade in alcohol, arms, pharmaceuticals, fish and grain)	Unbound	Trade in services and Investment

Svið eða undirsvið	Fyrirvarar	Kafli sem fyrirvarar gilda um
C. Smásala (innflutningur og sala á lyfjavörum, áfengi og vopnum)	Óbundið	Þjónustuviðskipti og fjárfestingar
5. MENNTUN - Menntun sem leiðir til prófa og/eða prófgráða sem eru viðurkenndar af ríkinu A. Menntun á efra og neðra stigi grunnskóla B. Menntun á framhaldsskólastigi C. Æðri menntun D. Fullorðinsfræðsla	Menntun á grunnskóla- og framhaldsskólastigi heyra til opinberrar þjónustu. Heimila má stofnunum og öðrum lögaðilum að bjóða til viðbótar hliðstæða menntun eða sérmenntun, hvort sem er á viðskiptalegum grunni eða ekki. Fjárhagsaðstoð við menntastofnanir eða nemendur er aðeins veitt vegna náms við viðurkenndar stofnanir.	Þjónustuviðskipti og fjárfestingar
6. UMHVERFISÞJÓNUSTA[1] A. Rekstur skólpveitna (CPC 9401) B. Sorphreinsun (CPC 9402) C. Hreinsunardeildir og skyld starfsemi (CPC 9403) D. Annað - Hávaðavarnir (CPC 9405), náttúruvernd og landslagsvernd (CPC 9406), önnur umhverfisvernd (CPC 9409) - Hreinsun útblásturslofts (CPC 9404)	 Óbundið Einkaleyfi er á sumum flokkum sorps. Óbundið Óbundið Ríkið hefur einkarétt á eftirliti með útblæstri frá bílum og vörubifreiðum. Slíka þjónustu má ekki veita í hagnaðarskyni.	 Þjónustuviðskipti Þjónustuviðskipti og fjárfestingar Þjónustuviðskipti Þjónustuviðskipti Þjónustuviðskipti og fjárfestingar
7. FJÁRMÁLAÞJÓNUSTA		

[1] Ekki skal litið svo á að þessi skuldbinding taki að neinu leyti til opinberrar þjónustu, hvort sem hún er í eigu sveitarfélaga, kantóna eða sambandsstjórna, er rekin af þeim eða boðin út.

Sector or subsector	Reservations	Chapter to which reservation applies
C. Retailing services services (import and trade in pharmaceutical products, alcohol and arms)	Unbound	Trade in services and Investment
5. EDUCATIONAL SERVICES - Educational services leading to the conferring of State recognized exams and/or degrees A. Primary and lower secondary education services B. Upper secondary education services C. Higher education services D. Adult education	Primary and secondary education are public service functions. Authorization may be given to foundations and other legal entities to offer additional parallel or specialized education on a commercial or non-commercial basis. Financial assistance to educational institutions or to students only available for studies at certified establishments.	Trade in services and Investment
6. ENVIRONMENTAL SERVICES[2]		
A. Sewage Services (CPC 9401)	Unbound	Trade in services
B. Refuse disposal services (CPC 9402)	For some categories of waste there exists a monopoly situation.	Trade in services and Investment
C. Sanitation and similar services (CPC 9403)	Unbound	Trade in services
D. Other		
- Noise abatement services (CPC 9405), Nature and landscape protection services (CPC 9406) other environmental protection services (CPC 9409)	Unbound	Trade in services
- Cleaning services of exhaust gases (CPC 9404)	Government owned monopoly for control services of exhaust-gas from cars and trucks. Such services must be offered on a non-profit basis.	Trade in services and Investment
7. FINANCIAL SERVICES		

[2] Nothing in this commitment should be construed to include public work function whether owned and operated by municipalities, cantons or federal government or contracted out by them.

Svið eða undirsvið	**Fyrirvarar**	**Kafli sem fyrirvarar gilda um**
Noregur skuldbindur sig í tengslum við fjármálaþjónustu í samræmi við „samkomulag um skuldbindingar í fjármálaþjónustu“ (hér á eftir nefnt „samkomulagið“) og háð takmörkunum og skilyrðum í I. hluta (láréttar skuldbindingar) og sem talin eru upp hér á eftir. I. Litið er svo á að málsgrein B.4 í samkomulaginu feli ekki í sér skyldu til að leyfa aðilum sem veita fjármálaþjónustu, en ekki eru búsettir í landinu, að stofna til viðskipta. II. Eftirfarandi höft og takmarkanir gilda:		
Vátryggingastarfsemi og tengd þjónusta	Auk þjónustunnar, sem talin er upp í a-lið málsgreinar B.3 í samkomulaginu, er erlendum vátryggingafélögum heimilt að selja vátryggingar í tengslum við rannsóknarstarfsemi á hafi úti eða vátryggingasamninga fyrir innlend fyrirtæki með starfsemi sem nemur a.m.k. 10 mannárum eða árlegri sölu upp á a.m.k. 50 milljónir norskra króna. Erlend vátryggingafélög skulu bjóða þá þjónustu sem talin er upp í a-lið málsgreinar B.3 í samkomulaginu með milligöngu tryggingamiðlara sem viðurkenndur er í Noregi.	Þjónustu-viðskipti
	Enginn einn fjárfestir eða samræmdur hópur fjárfesta má kaupa eða eiga meira en 10 prósent hlutafjár í norsku vátryggingafélagi. Fjármála- og tollaráðuneytið getur, í sérstökum tilvikum, veitt undanþágur frá þessum takmörkunum á eignarhaldi eins fjárfestis. Þrátt fyrir framangreint geta erlend vátryggingafélög stofnað útibú í Noregi og átt þau að hluta eða öllu leyti. Aðrir eigendur útibúa, sem þau eiga að hluta, skulu vera erlend vátryggingafélög eða norskar fjármálastofnanir. Skylt er að líftryggingar, skaðatryggingar og lánsáhættutryggingar hjá dótturfyrirtækjum eða útibúum fjármálastofnana, sem ekki eru skráðar innan Evrópska efnahagssvæðisins, séu aðskildar að því er varðar innlenda meðferð. Vátryggingafélög, skráð í Noregi, skal stofna sem hlutafélög eða gagnkvæm vátryggingafélög. Tryggingamiðlanir, skráðar í Noregi, skal stofna sem hlutafélög. Í norskum vátryggingafélögum, þ.m.t. dótturfyrirtækjum erlendra vátryggingafélaga, skal framkvæmdastjóri, a.m.k. helmingur stjórnarmanna og helmingur stjórnarmanna í yfirstjórn fyrirtækisins hafa fasta búsetu í Noregi. Þessi krafa gildir ekki um ríkisborgara ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins sem hafa búsetu í slíku ríki. Viðskipta- og iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá þessum reglum. Erlendar fjármálastofnanir, aðrar en vátryggingafélög, mega ekki eiga hlutafé í norsku vátryggingafélagi sem er dótturfélag að hluta til í eigu erlends vátryggingafélags.	Fjárfestingar

Sector or subsector	Reservations	Chapter to which reservation applies
Norway undertakes commitments on financial services in accordance with the "GATS Understanding on Commitments in Financial Services" (hereafter "the Understanding") and subject to limitations and conditions as contained in Part I (horizontal reservations) and as listed below. I. It is understood that paragraph B.4 of the Understanding does not impose any obligation to allow non-resident financial service suppliers to solicit business. II. The following restrictions and limitations apply:		
Insurance and Insurance-Related services	In addition to the services listed in paragraph B.3 (a) of the Understanding, non-resident insurance companies may supply insurance related to offshore exploration activities or insurance contracts regarding domestic companies with an activity of at least 10 man-years or annual sales of at least NOK 50 million. Non-resident insurance companies must supply the services listed above and in paragraph B.3 (a) of the Understanding through an insurance broker authorised in Norway.	Trade in services
	No single or coordinated group of investors may acquire or hold more than 10 per cent of the share capital in a Norwegian insurance company. The Ministry of Finance and Customs may in special circumstances make exemptions from these limitations on single investor ownership. Notwithstanding the foregoing, foreign insurance companies may establish partly or wholly owned subsidiaries in Norway. The other owners of such partly owned subsidiaries must be foreign insurance companies or Norwegian financial institutions. For subsidiaries or branches of financial institutions not incorporated within the European Economic Area, a separation requirement applies on a national treatment basis between life insurance, non-life insurance and credit risk insurance. Insurance companies incorporated in Norway must be organised as joint stock companies or mutual insurance companies. Insurance brokerage firms incorporated in Norway must be organised as joint stock companies. In Norwegian insurance companies, including subsidiaries of foreign insurance companies, the manager, at least half the members of the board of directors and half the members of the corporate assembly must be permanent residents of Norway. This requirement does not apply to citizens of a State within the European Economic Area when residing in such State. The Ministry of Industry and Trade may grant exemptions from these rules. Foreign financial institutions other than insurance companies cannot own shares in a Norwegian insurance company, which is a partly owned subsidiary of a foreign insurance company.	Investment

Svið eða undirsvið	Fyrirvarar	Kafli sem fyrirvarar gilda um
	Vinnuveitendum er skylt að hafa tryggingu vegna vinnuslysa. Meginreglan er sú að vátryggingafélög skulu hafa leyfi norskra yfirvalda. Það er þó ekki nauðsynlegt ef aðalskrifstofa fyrirtækisins er stofnuð í aðildarríki EES með leyfi yfirvalda þess ríkis. Réttindi starfsmanna frá aðildarríki EES lúta sérstökum reglum. Lyfjaframleiðendur og, í vissum tilvikum, lyfjainnflytjendur skulu hafa sérstaka skaðabótaábyrgðartryggingu. Meginreglan er sú að vátryggingafélag skal hafa leyfi norskra yfirvalda Það er þó ekki nauðsynlegt ef aðalskrifstofa fyrirtækisins er stofnuð í aðildarríki EES með leyfi yfirvalda þess ríkis. Innflutningur frá aðildarríkjum EES lýtur sérstökum reglum varðandi skaðabótaábyrgð.	
Bankastarfsemi og önnur fjármálaþjónusta (að undanskilinni vátryggingastarfsemi)	Enginn einn fjárfestir eða samræmdur hópur fjárfesta má kaupa eða eiga meira en 10 af hundraði hlutafjár viðskiptabanka eða fjármálafyrirtækja né heldur meira en 10 af hundraði hlutafjárskírteina sparisjóða. Fjármála- og tollaráðuneytið getur, í sérstökum tilvikum, veitt undanþágur frá takmörkunum á eignarhaldi eins fjárfestis í slíkum stofnunum. Þrátt fyrir framangreint geta erlendir bankar og fjármálafyrirtæki stofnað útibú í Noregi og átt þau að hluta eða öllu leyti. Aðrir eigendur slíkra útibúa, sem þau eiga að hluta, skulu vera bankar annars vegar eða fjármálastofnanir hins vegar. Verðbréfaskráning, eins og segir í lögum um norsku verðbréfavörslumiðstöðina sem stjórnar skráningarkerfi fyrir pappírslaus verðbréf, er háð lögbundnum einkarétti.[1] Viðskiptabankar, verðbréfafyrirtæki og rekstrarfélög verðbréfasjóða, sem skráð eru í Noregi, skal stofnað sem hlutafélög. Útibú banka, verðbréfafyrirtækja og rekstrarfélaga verðbréfasjóða í Noregi, sem skráð eru utan Evrópska efnahagssvæðisins, geta ekki verið reikningsstofnanir í norsku verðbréfavörslumiðstöðinni.	Fjárfestingar

[1] Lögin um norsku verðbréfavörslumiðstöðina eru í endurskoðun. Fyrirhugað er að afnema lögbundinn einkarétt.

Sector or subsector	Reservations	Chapter to which reservation applies
	Employers are obliged to have an insurance covering work-related injuries. The insurance company must as a rule have a permission from Norwegian authorities. However, this is not necessary if the head office of the company is established in an EEA Member State on the basis of a permission from the authorities of this state. Workers from EEA Member State are subject to some special rules regarding their rights. Producers and – on certain conditions – importers of medicines must have a specific kind of liability insurance. The insurance company must as a rule have a permission from Norwegian authorities. However, this is not necessary if the head office of the company is established in an EEA Member State on the basis of a permission from the authorities of this state. Import from EEA Member States is subject to some special rules regarding liability.	
Banking and Other Financial Services (excluding Insurance)	No single or coordinated group of investors may acquire or hold more than 10 per cent of the share capital of commercial banks or financing undertakings, or more than 10 per cent of the equity certificates of savings banks. The Ministry of Finance and Customs may in special circumstances make exemptions from these limitations on single investor ownership in such institutions. Notwithstanding the foregoing, foreign banks and financing undertakings may establish partly or wholly owned subsidiaries in Norway. The other owners of such partly owned subsidiaries must be banks or financial institutions respectively. Registration of securities, as stated in the act relating to the Norwegian Central Securities Depository regulating the book-entry registration system for paperless securities, is subject to a legal monopoly.[3] Commercial banks, securities firms and management companies for collective investment funds incorporated in Norway must be organised as joint stock companies. Branches in Norway of banks, securities firms and management companies for collective investment funds incorporated outside the European Economic Area cannot be account-operators in the Norwegian Central Securities Depository.	Investment

[3] The act relating to the Norwegian Central Securities Depository is currently under revision. The legal monopoly is proposed to be abolished.

Svið eða undirsvið	Fyrirvarar	Kafli sem fyrirvarar gilda um
	Í norskum viðskiptabönkum, fjármálafyrirtækjum, fjárfestingafyrirtækjum og rekstrarfélögum verðbréfasjóða, þ.m.t. dótturfyrirtækjum slíkra erlendra stofnana, skal framkvæmdastjóri, a.m.k. helmingur stjórnarmanna og helmingur stjórnarmanna í yfirstjórn fyrirtækisins hafa fasta búsetu í Noregi. Þessi krafa gildir ekki um ríkisborgara ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins sem hafa búsetu í slíku ríki. Viðskipta- og iðnaðarráðherra getur veitt undanþágu frá þessum reglum. Í sparisjóðum og fjármálafyrirtækjum, sem ekki eru stofnuð sem hlutafélög, skulu ákvörðunaraðilar vera ríkisborgarar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og hafa fasta búsetu í ríkjum innan þess. Fjármála- og tollaráðuneytið getur veitt undanþágu frá þessum reglum.	
8. HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSÞJÓNUSTA	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
10. TÓMSTUNDA-, MENNINGAR- OG ÍÞRÓTTASTARF-SEMI (annað en hljóð- og myndmiðlun)		
A. Menningar- og skemmtistarfsemi	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
C. Starfsemi bókasafna, skjalasafna og ann-arra safna og önnur menningarstarfsemi	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
D. Íþróttir og önnur tómstundastarfsemi	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
11. FLUTNINGAR A. Sjóflutningar		
- Millilandaflutningar (á farmi og farþeg-um) CPC 7211 og 7212 að undanskild-um gestaflutningum[1])	Skip skráð í almennu norsku skipaskrána (NOR). Skip skulu vera í eigu norskra ríkisborgara eða norsks fyrirtækis þar sem norskir ríkisborgarar eiga að minnsta kosti 60% hlutafjár. Veita má undanþágur frá 60% reglunni.	Fjárfestingar

[1] „Gestaflutningar“ er skilgreint sem sjóflutningar á vörum og farþegum milli hafna í Noregi að meðtöldum stöðum á landgrunni þar sem jarðolíuleit eða -vinnsla fer fram.

Sector or subsector	Reservations	Chapter to which reservation applies
	In Norwegian commercial banks, financing undertakings, investment firms and management companies for collective investment funds, including subsidiaries of such foreign institutions, the manager, at least half the members of the board of directors and half the members of the corporate assembly must be permanent residents of Norway. This requirement does not apply to citizens of a State within the European Economic Area when residing in such State. The Ministry of Industry and Trade may grant exemptions from these rules. In savings banks and financing undertakings, which are not organised as joint stock companies, the members of decision-making bodies must be citizens of States within the European Economic Area and permanently residing in such States. The Ministry of Finance and Customs may grant exemptions from these rules.	
8. HEALTH RELATED AND SOCIAL SERVICES	Unbound	Trade in services and Investment
10. RECREATIONAL, CULTURAL AND SPORTING SERVICES (other than audio-visual services)		
A. Entertainment services	Unbound	Trade in sevices and Investment
C. Libraries, archives museums and other cultural services	Unbound	Trade in services and Investment
D. Sporting and other recreational activities	Unbound	Trade in services Investment
11. TRANSPORT SERVICES		
A. Maritime transport services		
- International transport (freight and passengers) CPC 7211 and 7212 less cabotage[4] transport)	Ships on the Norwegian Ordinary Ship Register (NOR). Ships have to be owned by Norwegian citizens or by a Norwegian company where Norwegian citizens own at least 60 per cent of the capital. Exemptions from the 60 per cent rule may be granted.	Investment

[4] "Cabotage" is defined as maritime transport of goods and passengers between ports in Norway, including locations on the continental shelf where petroleum is explored or produced.

Svið eða undirsvið	**Fyrirvarar**	**Kafli sem fyrirvarar gilda um**
	Ef skipseigendafélag er félag með takmarkaða ábyrgð skulu höfuðstöðvar þess vera í Noregi. Meirihluti stjórnarmanna, þar með talinn stjórnarformaður, skulu vera norskir ríkisborgarar með búsetu í Noregi og hafa verið búsettir þar næstliðin tvö ár. Stoðkerfi fyrir hluta af flotanum sem skráður er í almennu norsku skipaskrána. Skip skráð í alþjóðlegu norsku skipaskrána (NIS): Skip, sem erlendir aðilar eiga meira en 40% í, skal rekið af norsku skipseigendafélagi með höfuðstöðvar í Noregi eða af norsku rekstrarfélagi. Ef erlent fyrirtæki skráir skipið beint í alþjóðlegu norsku skipaskrána, er krafist norsks fulltrúa.	
- Gestaflutningar	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
B. Flutningar á vatnaleiðum	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
C. Geimferðir (CPC 733)	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
D. Flutningur eftir leiðslum	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar

Sector or subsector	Reservations	Chapter to which reservation applies
	When the ship-owning company is a limited liability company, it must be headquartered in Norway. The majority of the members of the board, including the chairman, must be Norwegian citizens resident in Norway, having resided in Norway the preceding two years. Support scheme for parts of the NOR-fleet. Ships on the Norwegian International Ship Register (NIS): Ships with more than 40 per cent foreign ownership must be operated by a Norwegian ship-owning company with head office in Norway, or by Norwegian management company. If the ship is registered directly in the NIS by a foreign company, a Norwegian representative is required.	
- Cabotage	Unbound	Trade in services and Investment
B. Internal Waterways Transport	Unbound	Trade in services and Investment
C. Space Transport (CPC 733)	Unbound	Trade in services and Investment
D. Pipeline Transport	Unbound	Trade in services and Investment

Svið eða undirsvið	Fyrirvarar	Kafli sem fyrirvarar gilda um
E. Stoðþjónusta við allar greinar flutninga	Óbundið, að undanskilinni stoðþjónustu við sjóflutninga (vöruafgreiðsla í sjóflutningum[1], vörugeymsla (CPC 742); tollafgreiðsla[2]; gámaþjónusta[3], þjónusta umboðsskrifstofa á sviði siglinga[4]; þjónusta flutningamiðlana[5] og önnur stoðþjónusta við flutninga[6]).	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
III. AÐRAR UNDANTEKNINGAR		
Fiskveiðar	Sérleyfi til kaupa á fiskiskipi eða hlutafé í fyrirtæki sem á slík skip má einungis veita norskum ríkisborgara eða aðila sem skilgreina má sem norskan ríkisborgara. Litið er svo á að fyrirtæki hafi jafnan rétt á við norskan ríkisborgara ef aðalskrifstofa þess er í Noregi og meirihluti stjórnarmanna, þar með talinn stjórnarformaður, eru norskir ríkisborgarar og hafa verið búsettir í landinu næstliðin tvö ár. Norskir ríkisborgarar skulu einnig eiga að minnsta kosti 60% hlutafjár og ráða yfir að minnsta kosti 60% atkvæða. Eignarhald í fiskiskipaflotanum skal takmarkast við atvinnusjómenn. Til að öðlast rétt til að eiga fiskiskip skal viðkomandi hafa stundað fiskveiðar að atvinnu á norskum fiskibáti í að minnsta kosti þrjú af næstliðnum fimm árum.	Fjárfestingar

[1] „Vöruafgreiðsla í sjóflutningum“ merkir starfsemi lestunar- og losunarfyrirtækja, þar með talið birgðastöðva, en tekur ekki til beinnar starfsemi hafnarverkamanna ef slíkt vinnuafl er ekki á vegum lestunar- og losunarfyrirtækjanna eða birgðastöðvanna. Starfsemin sem heyrir undir þetta nær yfir skipulagningu á og eftirlit með:
- lestun/losun farms í/úr skipi;
- festingu/losun farms;
- viðtöku/afhendingu og vörslu farms fyrir flutning eða eftir losun.

[2] „Tollafgreiðsla“ (einnig kallað „þjónusta tollmiðlara“) merkir starfsemi sem felst í að sinna fyrir hönd annars aðila formsatriðum varðandi innflutning, útflutning eða gegnumflutning farms, hvort sem þessi þjónusta er aðalstarfsemi þjónustuveitanda eða eðlileg viðbót við aðalstarfsemi hans.

[3] „Gámaþjónusta (Container station and depot services)“ merkir starfsemi sem felst í geymslu á gámum, á hafnarsvæði eða inni í landi, með hleðslu/tæmingu, viðgerðir og frágang til sendingar í huga.

[4] „Þjónusta umboðsskrifstofa á sviði siglinga“ merkir starfsemi sem felst í að koma fram, á tilteknu landsvæði, sem fulltrúi viðskiptahagsmuna eins eða fleiri skipafélaga eða skipaútgerða í eftirfarandi tilgangi:
- að markaðssetja og selja sjóflutninga og tengda þjónustu, frá verðtilboði til gerðar vörureikninga, og útgáfu farmskírteina fyrir hönd fyrirtækjanna; kaup og endursala á nauðsynlegri, tengdri þjónustu, skjalagerð og veiting viðskiptaupplýsinga;
- að koma fram fyrir hönd fyrirtækja við að skipuleggja viðkomu skips eða yfirtöku farms þegar nauðsyn krefur.

[5] „Þjónusta flutningamiðlana“ merkir starfsemi sem felst í skipulagningu á og eftirliti með flutningi fyrir hönd farmsendenda, með kaupum á flutningum og tengdri þjónustu, skjalagerð og veitingu viðskiptaupplýsinga.

[6] „Önnur stoðþjónusta við flutninga“ merkir þjónustu flutningamiðlara, endurskoðun reikninga og upplýsingaþjónustu um farmgjöld; þjónustu við flutningsskjalagerð; þjónustu við pökkun og að taka upp; skoðun á farmi, vigtun og sýnatöku og móttöku og viðurkenningu farms (þar á meðal að sækja og senda á hverjum stað).

Sector or subsector	Reservations	Chapter to which reservation applies
E. Services auxiliary to all modes of transport	Unbound except for maritime auxiliary services (maritime cargo handling services[5], Storage and warehousing services (CPC 742); customs clearance services[6]; container station and depot services[7], maritime agency services[8] ; freight forwarding services[9] and other supporting auxiliary transport services[10]).	Trade in services and Investment
III. OTHER EXCEPTIONS		
Fisheries	A concession to acquire a fishing vessel or share in a company which owns such vessels can only be given to a Norwegian citizen or a body that can be defined as a Norwegian citizen. A company is regarded as having equal rights with a Norwegian citizen when its main office is situated in Norway and the majority of the Board, including the Chair of the Board, are Norwegian citizens and have stayed in the country the last two years. Norwegian citizens also have to own a minimum of 60% of the shares and have to be authorised to vote for at least 60% of the votes. Ownership to the fishing fleet shall be reserved for professional fishermen. To obtain the right to own a fishing vessel, one has to have a record of active, professional fishing on a Norwegian fishing boat for at least three of the last five years.	Investment

[5] "Maritime cargo handling services" means activities exercised by stevedore companies, including terminal operators, but not including the direct activities of dockers, when this workforce is organized independently of the stevedoring or terminal operator companies. The activities covered include the organization and supervision of:
- the loading/discharging of cargo to/from a ship;
- the lashing/unlashing of cargo;
- the reception/delivery and safekeeping of cargoes before shipment or after discharge.

[6] "Customs clearance services" (alternatively "customs house brokers' services") means activities consisting in carrying out on behalf of another party customs formalities concerning import, export or through transport of cargoes, whether this service is the main activity of the service provider or a usual complement of its main activity.

[7] "Container station and depot services" means activities consisting in storing containers, whether in a port area or inland, with a view to their stuffing/stripping, repairing, and making them available for shipments.

[8] "Maritime agency services" means the activities consisting in representing, within a given geographic area, as an agent the business interests of one or more shipping lines or shipping companies, for the following purposes:
- marketing and sales of maritime transport and related services, from quotation to invoicing, and issuance of bills of lading on behalf of the companies; acquisition and resale of the necessary related services, preparation of documentation, and provision of business information;
- acting on behalf of the companies organizing the call of the ship or taking over cargoes when required.

[9] "Freight forwarding services" means the activity consisting of organizing and monitoring shipment operations on behalf of shippers, through the acquisition of transport and related services, preparation of documentation and provision of business information.

[10] "Other supporting and auxiliary transport services" means freight brokerage services; bill auditing and freight rate information services; transportation document preparation services; packing and crating and unpacking and de-crating services; freight inspection, weighing and sampling services; and freight receiving and acceptance services (including local pick-up and delivery).

Svið eða undirsvið	**Fyrirvarar**	**Kafli sem fyrirvarar gilda um**
	Öðrum en norskum ríkisborgurum eða fyrirtækjum, eins og tilgreint er hér að framan, er bannað að vinna, pakka eða flytja fisk, krabbadýr og lindýr, hluta af þeim eða afurðir þeirra innan fiskveiðilögsögu norska efnahagssvæðisins. Það gildir bæði um afla norskra og erlendra skipa. Undanþágur eru veittar við sérstakar aðstæður.	
Fasteignaviðskipti	Kaup eða leiga erlendra aðila á aukahúsnæði er háð sérleyfi.	Fjárfestingar
Happdrætti	Sérstakar reglur gilda í Noregi um rétt einstaklinga frá aðildarríkjum EES til að láta í té þjónustu tengda happdrættum.	Þjónustu-viðskipti
Innheimta	Einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa atvinnu af innheimtu í Noregi ber skylda til að hafa fasta starfsstöð í Noregi og skulu hafa sérstakt leyfi norsku ríkisstjórnarinnar.	Þjónustu-viðskipti

Sector or subsector	**Reservations**	**Chapter to which reservation applies**
	It is prohibited for others than Norwegian nationals or companies as specified above to process, pack or tranship fish, crustaceans and mollusc or parts and products of these inside the fishing limits of the Norwegain Economic zone. This applies to catches from both Norwegian and foreign vessels. Exceptions are granted under special circumstances.	
Real Estate	Acquisition or leasing of secondary residences by non-residents is subject to a concession.	Investment
Lotteries	There are special rules for persons from the EEA Member States regarding the right to provide services related to lotteries in Norway.	Trade in services
Debt collection	Persons and companies performing professional debt collecting in Norway are obligated to have a permanent place of business in Norway and must have a special authorisation from the Norwegian government.	Trade in services

VIÐAUKI O

Fyrirvarar af hálfu Sviss
(IX. kafli – Fjárfestingar og X. kafli – Þjónustuviðskipti)

„Óbundið“ merkir að Sviss skuldbindur sig ekki að því er varðar tilgreint atriði.

Svið eða undirsvið	Fyrirvarar	Kafli sem fyrirvarar gilda um
I. LÁRÉTTIR FYRIRVARAR		
Ekki skal litið svo á að skuldbindingar innan tiltekins sviðs leysi af hólmi skuldbindingar, sem gengist er undir að því er varðar annað svið, sem slík starfsemi kemur til viðbótar við eða tengist á annan hátt. CPC-númerin, sem tilgreind eru í hornklofum, vísa til Aðalvöruflokkunar Sameinuðu þjóðanna (Statistical Papers Series M nr. 77, Provisional Central Product Classification, Department of International Economics and Social Affairs, Statistical Office of the United Nations, New York, 1991). Óbundið þegar um er að ræða einkavæðingu að því er varðar 24. og 30. gr. samningsins. Óbundið þegar um er að ræða ráðstafanir sem gerðar eru af yfirvöldum kantóna og sveitarfélaga, þ.m.t. óopinberum stofnunum sem fara með umboð slíkra yfirvalda.		
Öll svið	Meirihluti stjórnarmanna „hlutafélags“ (société anonyme/Aktiengesellschaft eða société en commandite par actions/ Kommanditaktiengesellschaft) skal vera svissneskir ríkisborgarar búsettir í Sviss (að undanskildum eignarhaldsfélögum). Að minnsta kosti einn framkvæmdastjóri „hlutafélags með takmarkaða ábyrgð“ (société à responsabilité limitée/Gesellschaft mit beschränkter Haftung) skal vera búsettur í Sviss. Meirihluti framkvæmdastjóra „samvinnufélags“ (société coopérative/Genossenschaft) skulu vera svissneskir ríkisborgarar búsettir í Sviss. Hlutafélögum er ekki bannað að taka fram í stofnsamningum sínum að synja megi hluthöfum um skráningu í hluthafaskrá, m.a. ef alríkislög kveða á um tiltekna samsetningu hluthafa. Til að stofna megi útibú er krafist fulltrúa (einstaklings), með búsetu í Sviss, sem hefur fullt umboð til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins. Það hvort einstaklingar eða fyrirtæki geti stofnað til viðskiptanærveru án þess að vera lögpersóna samkvæmt svissneskum lögum (þ.e. í annarri mynd en sem „hlutafélag“, „hlutafélag með takmarkaða ábyrgð“ eða „samvinnufélag“) er háð því að viðskiptafélagi eða -félagar hafi varanlegt dvalarleyfi samkvæmt lögum kantónunnar.	Fjárfestingar

ANNEX O

Reservations by Switzerland
(Chapter IX – Investment and Chapter X – Trade in services)

In the reservations section, the term "unbound" shall mean that Switzerland does not commit itself with respect to the specified item.

Sector or subsector	Reservations	Chapter to which reservation applies
I. HORIZONTAL RESERVATIONS		
The level of commitments in a particular sector shall not be construed to supersede the level of commitments taken with respect to any other sector to which such activity is an input or to which it is otherwise related. CPC numbers indicated in brackets are references to the UN Provisional Central Product Classification (Statistical Papers Series M No. 77, Provisional Central Product Classification, Department of International Economics and Social Affairs, Statistical Office of the United Nations, New York, 1991). Unbound for privatisation as regards Articles 24 and 30 of the Convention. Unbound for measures taken by cantonal and communal authorities including by non-governmental bodies in the exercise of powers delegated by such authorities.		
All sectors	The majority of the board of directors of a "joint stock company" (société anonyme/Aktiengesellschaft or société en commandite par actions/ Kommanditaktiengesellschaft) must be Swiss citizens with domicile in Switzerland (except for holding companies). At least one manager of a "corporation with limited liability" (société à responsabilité limitée/Gesellschaft mit beschränkter Haftung) must have his domicile in Switzerland. The administrators of a "co-operative society" (société coopérative/Genossenschaft) must be composed of a majority of Swiss citizens with domicile in Switzerland. Joint stock companies are not prohibited to foresee in their articles of incorporation that shareholders can be denied registration in the shareholder register, inter alia in case federal law requires a certain composition of shareholders. The establishment of a branch requires a representative (natural person) with domicile in Switzerland who is duly authorized by the company to fully represent it. The establishment of a commercial presence by natural persons or in the form of an enterprise without juridical personality according to Swiss law (i.e. in a form other than "joint stock company", "cooperation with limited liability" or "co-operative society") is subject to the requirement of a permanent residency permit of the associate(s) by cantonal law.	Investment

Svið eða undirsvið	Fyrirvarar	Kafli sem fyrirvarar gilda um
	Fasteignakaup erlendra aðila, sem ekki eru með varanlega staðfestu í Sviss og fyrirtækja með höfuðstöðvar erlendis og/eða undir erlendri stjórn, er háð leyfi. Að því er varðar húsnæði til persónulegra nota (að undanskildum kaupum á leyfisbústöðum), til atvinnunota og viðskiptastarfsemi, er leyfi veitt gegn sönnun þar að lútandi. Hreinar fjárfestingar, fasteignaviðskipti, kaup á orlofsíbúðum og annarri aðstöðu en hótelum í atvinnuskyni (s.s. fjölbýlishúsum, búðum, íþróttasvæðum) og kaup á fasteignum til landbúnaðar er bönnuð.	Fjárfestingar
	Óbundið að því er varðar styrki, skattaívilnanir og skattafslátt.	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
II. FYRIRVARAR UM TILTEKIN SVIÐ		
1. VIÐSKIPTI OG SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA		
a) Lögfræðiþjónusta, að undanskilinni ráðgjöf um lög heimalandsins og alþjóðalög	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
b) Bókhaldsþjónusta og endurskoðun		
- Endurskoðun, að undanskilinni endurskoðun banka (hluti af CPC 86211)	Að minnsta kosti einn einstaklingur sem sinnir endur-skoðun fyrir hlutafélag (société anonyme/Aktiengesell-schaft) eða société en commandite par actions/ Kommandit-aktiengesellschaft skal hafa viðskiptanærveru í Sviss.	Þjónustu-viðskipti
- Endurskoðun tengd bönkum	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
e) Verkfræðiþjónusta (CPC 8672)	Krafist er svissnesks ríkisfangs til eftirlitsstarfa á vegum hins opinbera (erlendir skoðunarmenn geta þó unnið á ábyrgð viðurkennds svissnesks skoðunarmanns).	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
h) Læknis- og tannlæknaþjónusta (CPC 9312)	Óbundið	Fjárfestingar
i) Dýraskurðlækningar (CPC 932)	Óbundið	Fjárfestingar
j) Þjónusta ljósmæðra, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara og bráðaliða	Óbundið. Engir fyrirvarar í 5 ár eftir gildistöku samningsins um breytingu á stofnsamningi Evrópsku fríverslunarsamtakanna frá 21. júní 2001.	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
D. Fasteignaviðskipti	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar

Sector or subsector	Reservations	Chapter to which reservation applies
	The acquisition of real estate by foreigners who are not permanently established in Switzerland and by enterprises with headquarters abroad and/or under foreign control is subject to authorization. For the purpose of personal housing needs (except the acquisition of holiday residences), professional use and business activities, authorization is granted upon verification of the purpose. Prohibited are purely financial investments, real estate business operations, acquisition, on a professional basis, of holiday apartments and facilities other than hotels (e.g. apartment houses, camps, sport areas) and acquisition of agricultural real estate.	Investment
	Unbound for subsidies, tax incentives and tax credits.	Trade in services and Investment
II. SECTOR-SPECIFIC RESERVATIONS		
1. BUSINESS SERVICES		
a) Legal services, except consultancy on home country law and international law	Unbound	Trade in services and Investment
b) Accounting, auditing and book-keeping services		
- Auditing services, excluding auditing of banks (part of CPC 86211)	At least one person supplying auditing services to a joint stock company (société anonyme/Aktiengesellschaft) or a société en commandite par actions/Kommanditaktiengesellschaft must have a commercial presence in Switzerland.	Trade in services
- Auditing services related to banks	Unbound	Trade in services and Investment
e) Engineering services (CPC 8672)	Swiss nationality necessary for survey activities for official public purposes (however, foreign surveyors can work under the responsibility of a licensed Swiss surveyor).	Trade in services and Investment
h) Medical and dental services (CPC 9312)	Unbound	Investment
i) Veterinary surgeons (CPC 932)	Unbound	Investment
j) Services provided by midwives, nurses, physiotherapists and para-medical personnel	Unbound. None 5 years after the entry into force of the Agreement amending the Convention establishing the European Free Trade Association of 21 June 2001.	Trade in services and Investment
D. Real Estate Services	Unbound	Trade in services and Investment

Svið eða undirsvið	Fyrirvarar	Kafli sem fyrirvarar gilda um
E. Leiga á tækjum og vélum án stjórnanda		
a) Tengd skipum		
- Til sjóflutninga (hluti af CPC 83103)	Óbundið	Þjónustu-viðskipti
	Til að skip megi sigla undir svissneskum fána skulu svissneskir ríkisborgarar eiga allt skipið (100%) og stjórna því að öllu leyti og verða 3/4 hlutar þeirra að hafa búsetu í Sviss.	Fjárfestingar
	Í stjórnum og framkvæmdastjórnum fyrirtækja, sem eiga skip sem sigla undir svissneskum fána, skulu eingöngu sitja svissneskir ríkisborgarar og skal meirihluti þeirra vera búsettur í Sviss.	Fjárfestingar
- Til flutninga á vatnaleiðum á Rín (hluti af CPC 83103)	Óbundið	Þjónustu-viðskipti
	Til að skip megi sigla undir svissneskum fána skal skipið vera í eigu fyrirtækis sem einstaklingar, búsettir í Sviss eða í ríki í samræmi við Mannheim-samninginn og bókanir við hann, eiga veruleg ítök í (ráða yfir 66 af hundraði hlutafjár og atkvæðisréttar)	Fjárfestingar
	Siglingaréttindi, þar á meðal til gestaflutninga, takmarkast á grundvelli Mannheim-samningsins og bókana við hann; eigendur skipa skulu reka viðeigandi umsýsluskrifstofu í Sviss.	Fjárfestingar
F. Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta		
j) Þjónusta tengd orkudreifingu	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
k) Vinnumiðlun og ráðningarþjónusta	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
l) Eftirgrennslan og öryggisþjónusta	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
2. PÓST- OG FJAR-SKIPTAÞJÓNUSTA		
A. Póstþjónusta	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar
B. Boðberaþjónusta	Óbundið	Þjónustu-viðskipti og fjárfestingar

Sector or subsector	**Reservations**	**Chapter to which reservation applies**
The procedures governing the issuing, use, renewal and expiry of authorisations and the procedures governing mutual assistance shall be covered by the provisions of Appendix 7 to the Annex.

ARTICLE 18
Transitional provision

Authorisations in respect of services existing at the time of entry into force of this Annex shall remain valid until their expiry, to the extent that the services in question continue to be subject to authorisation.

TITLE III – INTERNATIONAL RAIL TRANSPORT

ARTICLE 19
Management independence

The Member States undertake:

- to guarantee the management independence of the railway undertakings, mainly by according them independent status, thus enabling them to adapt their activities to the market and to manage their affairs under the responsibility of their governing bodies;
- to separate the management of the railway infrastructure from the provision of railway transport services, at least at the accounting level; aid paid to one of these two areas of activity may not be transferred to the other.

20. gr.

Réttur til aðgangs og umflutninga með tilliti til járnbrautarmannvirkja

1. Járnbrautarfyrirtæki og samtök milli landa skulu hafa rétt til aðgangs og/eða umflutninga, eins og skilgreint er í löggjöf bandalagsins sem um getur í 4. þætti 1. viðbæti og felld er inn í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins.

2. Járnbrautarfyrirtæki sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði eins aðildarríkis skulu fá rétt til aðgangs að mannvirkjum á yfirráðasvæði annarra aðildarríkja með það fyrir augum að starfrækja samsetta flutninga milli landa.

3. Járnbrautarfyrirtæki og samtök milli landa, sem nýta rétt sinn til aðgangs eða umflutninga, skulu gera alla nauðsynlega samninga, stjórnunarlega, tæknilega og fjárhagslega, við stjórn járnbrautarmannvirkja sem notuð eru til að stjórna umferðareftirliti og öryggismálum vegna millilandaþjónustunnar sem um getur í 1. og 2. málsgrein.

21. gr.

Rekstrarleyfi járnbrautarfyrirtækja

1. Viðeigandi leyfisveiting vegna viðkomandi járnbrautarþjónustu skal vera forsenda fyrir beiðni um aðgang eða umflutning sem tekur til járnbrautarmannvirkis, og þar með rétti til að stunda flutningaþjónustu. Samt sem áður skal líkt leyfi í sjálfu sér ekki veita rétt til aðgangs að járnbrautarmannvirkinu.

2. Járnbrautarfyrirtæki skal eiga rétt á að sækja um leyfi í því aðildarríki sem það hefur staðfestu. Aðildarríkin mega hvorki gefa út leyfi né framlengja gildistíma þeirra ef kröfum þessa viðauka er ekki fullnægt.

3. Leyfin skulu gefin út, á ábyrgð aðildarríkjanna, af yfirvaldi sem ber ábyrgð á leyfum fyrirtækja sem þegar eru til og nýrra fyrirtækja.

4. Leyfin skulu viðurkennd í aðildarríkjunum á gagnkvæmnisgrundvelli.

5. Þau skulu fullnægja kröfum aðildarríkjanna um góðan orðstír, góða fjárhagsstöðu, starfshæfni og tryggingu fyrir hugsanlegri skaðabótaábyrgð á gildistímanum. Ákvæðin sem gilda á þessu sviði eru sett fram í 4. þætti 1. viðbætis.

6. Leyfi er í gildi á meðan járnbrautarfyrirtæki stendur við skuldbindingar sínar samkvæmt áðurnefndum ákvæðum. Samt sem áður getur þar til bært yfirvald farið fram á endurskoðun leyfa með reglulegu millibili.

ARTICLE 20

Access and transit rights with regard to the railway infrastructure

1. Railway undertakings and international groupings shall have the access and/or transit rights defined in the Community legislation referred to in Appendix 1, Section 4, as incorporated in the EEA Agreement and in the Swiss-EC Agreement.

2. Railway undertakings established on the territory of one Member State shall be granted right of access to the infrastructure on the territory of the other Member States for the purpose of operating international combined transport services.

3. Railway undertakings and international groupings making use of their access or transit rights shall conclude the necessary administrative, technical and financial agreements with the managers of the railway infrastructure used with a view to regulating traffic control and safety issues concerning the international transport services referred to in paragraphs 1 and 2.

ARTICLE 21

Railway licences

1. The granting of an appropriate licence for the type of railway service in question shall be a precondition for any access or transit request involving the railway infrastructure, and hence the right to provide transport services. However, such a licence shall not in itself confer right of access to the railway infrastructure.

2. A railway undertaking shall be entitled to apply for a licence in the Member State in which it is established. The Member States shall not issue licences or extend their validity where the requirements of this Annex have not been met.

3. Under the responsibility of the Member States, the licences shall be issued by the authority responsible for licences specially designated for existing and new undertakings.

4. The licences shall be recognised in the Member States on a reciprocal basis.

5. They shall be subject to requirements laid down by the Member States relating to good repute, financial fitness, professional competence and cover for civil liability during their entire period of validity. The provisions applicable in this area are set out in Section 4 of Appendix 1.

6. A licence shall be valid for as long as the railway undertaking fulfils its obligations under the abovementioned provisions. However, the authority responsible may require licences to be reviewed at regular intervals.

7. Málsmeðferð við skoðun, breytingu, frestun eða afturköllun leyfis skal heyra undir áðurnefnd lagaákvæði.

22. gr.
Útgáfa öryggisskírteinis

1. Aðildarríkin skulu enn fremur skylda járnbrautarfyrirtæki til að leggja fram öryggisskírteini, þar sem settar eru fram öryggiskröfur sem þeim er skylt að hlíta, með því markmiði að tryggja öryggi þjónustunnar á viðkomandi leiðum.
2. Járnbrautarfyrirtæki getur sótt um öryggisskírteini hjá aðila sem er tilnefndur í tilteknu aðildarríki ef mannvirkið, sem fyrirtækið notar, er á yfirráðasvæði þess ríkis.
3. Til að fá öryggisskírteinið verður járnbrautarfyrirtækið að fara að lögum aðildarríkis að því er varðar þann hluta leiðarinnar sem er á yfirráðasvæði þess aðildarríkis.

23. gr.
Úthlutun lestarleiða

1. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna aðila sem ber ábyrgð á að úthluta aðstöðu, annaðhvort sérstakt yfirvald eða mannvirkjastjórnina. Úthlutunaraðili, sem á að þekkja allar lestarleiðir sem völ er á, skal einkum tryggja að:
- aðstöðu við járnbrautarmannvirki sé úthlutað með sanngjörnum hætti og á jafnræðisgrundvelli og að,
- málsmeðferðin við úthlutun geri kleift að nýta mannvirkin með sem hagkvæmustum hætti, samanber þó 4. og 5. gr.

2. Járnbrautarfyrirtæki eða samtök milli landa, sem sækja um eina eða fleiri lestarleiðir, skulu leggja fram umsókn hjá úthlutunaraðila aðildarríkis á því yfirráðasvæði þar sem brottfararstaður þjónustunnar er. Úthlutunaraðili, sem fengið hefur umsókn um aðstöðu við járnbrautarmannvirki í hendur, skal þegar tilkynna það samsvarandi aðilum. Þeir síðarnefndu skulu taka afstöðu til hennar eigi síðar en einum mánuði eftir að tilskildar upplýsingar hafa verði lagðar fram. Úthlutunaraðilar hafa rétt til að synja umsókn. Úthlutunaraðili sem umsókn hefur verið lögð fram hjá skal, ásamt samsvarandi aðilum, taka afstöðu til umsóknarinnar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að tilskildar upplýsingar hafa verið lagðar fram. Málsmeðferð, vegna umsókna um aðstöðu við járnbrautarmannvirki, er að finna í ákvæðum sem sett eru fram í 4. þætti 1. viðbætis.

3. Aðildarríkin mega gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirtalin járnbrautarþjónusta hafi

7. The procedures for checking, amending, suspending or withdrawing a licence shall be governed by the abovementioned legal provisions.

ARTICLE 22
Issuing the safety certificate

1. The Member States shall also require railway undertakings to submit a safety certificate setting out the safety requirements imposed on them with a view to ensuring a risk-free service on the routes in question.
2. A railway undertaking may apply for a safety certificate to a body designated by the Member State in whose territory the infrastructure used by the railway body is situated.
3. To obtain the safety certificate, the railway undertaking must comply with the law of a Member State in respect of that part of the route which is located on the territory of that Member State.

ARTICLE 23
Allocation of train paths

1. Each Member State shall designate the body responsible for allocating capacity, whether it be a specific authority or the infrastructure manager. In particular, the allocation body, which shall be informed of all train paths available, shall ensure that:
- railway infrastructure capacity is allocated on a fair and non-discriminatory basis and that,
- subject to paragraphs 3 and 4 of this Article, the allocation procedure allows optimum effective use of the infrastructure.

2. A railway undertaking or international grouping applying for one or more train paths shall submit its application to the allocation body or bodies of the Member State on whose territory the departure point of the service concerned is situated. The allocation body to which an application for infrastructure capacity has been submitted shall immediately inform its counterparts of this request. The latter shall take a decision no later than one month after receiving the necessary information; each allocation body shall have the right to refuse an application. The allocation body to which an application has been submitted shall, together with its counterparts, take a decision on the application no later than two months after all the necessary information has been submitted. The procedures for dealing with the handling of applications for infrastructure capacity are governed by the provisions set out in Section 4 of Appendix 1.
3. The Member States may take the necessary measures to ensure that priority is given to the fol-

forgang við úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki:
a) þjónusta sem veitt er í þágu almennings;
b) mannvirki sem eru byggð eða löguð að þessari þjónustu (til dæmis sérhæfðar háhraðalínur eða flutningalínur).

4. Aðildarríkjunum er heimilt, enda felist ekki í því mismunun, að beina því til úthlutunaraðilans að veita sérstök réttindi við úthlutun aðgangs að mannvirkjum til handa járnbrautarfyrirtækjum sem starfrækja tiltekna þjónustu, eða veita hana á tilteknum svæðum, ef slík réttindi eru nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að tryggja fullnægjandi opinbera þjónustu eða skilvika nýtingu á afkastagetu mannvirkisins eða til að greiða fyrir fjármögnun nýrra mannvirkja.
5. Aðildarríkin mega kveða á um að með umsókn um aðgang að aðstöðu við mannvirki sé lagt fram tryggingarfé eða sambærileg trygging.
6. Aðildarríkin skulu semja og birta málsmeðferðarreglur um úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki. Þau skulu tilkynna nefndinni, sem um getur í 29. gr., um það.

24. gr.
Reikningar og afnotagjald

1. Reikningar mannvirkjastjórnar skulu stemma, að minnsta kosti á hæfilega löngu tímabili, hvað varðar tekjur af þessum gjöldum og framlag ríkisins annars vegar og hvað varðar útgjöld við mannvirki hins vegar.

2. Mannvirkjastjórn skal innheimta gjald fyrir afnot af þeim járnbrautarmannvirkjum sem undir hana heyra, sem greiðist af járnbrautarfyrirtækjum og samtökum milli landa sem hafa afnot af þessum mannvirkjum.
3. Afnotagjöldin skulu einkum ákveðin í samræmi við eðli þjónustunnar, hve lengi hún varir, markaðsaðstæður og tegund og umfang slits á mannvirkjum.

4. Gjöldin skulu greidd til mannvirkjastjórnar.

5. Að höfðu samráði við mannvirkjastjórn setja aðildarríkin reglur um þetta gjald. Ekki má mismuna aðilum við innheimtu gjalda fyrir þjónustu sem er sambærileg og innt af hendi á sama markaði.

6. Mannvirkjastjórn skal með góðum fyrirvara tilkynna járnbrautarfyrirtækjum eða samtökum milli landa, sem nota mannvirki til að veita þjónustuna sem um getur í 20. gr., um allar stórvægilegar breytingar sem verða á gæðum eða aðstöðu við viðkomandi mannvirki.

lowing rail services in the allocation of railway infrastructure capacity:
(a) services provided in the public interest;
(b) services wholly or partly operated on infrastructure constructed or developed for these services (for example, special high-speed or specialised freight lines).
4. The Member States may instruct the allocation body to grant special rights as regards infrastructure capacity allocation on a non-discriminatory basis to railway undertakings operating certain types of services or providing such services in certain areas if such rights are indispensable to ensure adequate public services or efficient use of infrastructure capacity or to allow the financing of new infrastructures.

5. The Member States may provide for the possibility that applications for infrastructure access are accompanied by a deposit or similar security.
6. The Member States shall draw up and publish procedures for allocating railway infrastructure capacity. They shall notify accordingly the Committee referred to in Article 29.

ARTICLE 24
Accounts and user fees

1. The accounts of an infrastructure manager must be at least in balance when considered over a reasonable period of time between, on the one hand, the revenue accruing from these fees and from possible State contributions and, on the other, the infrastructure expenditure.
2. The infrastructure manager shall apply a railway infrastructure user fee, which he shall be responsible for managing, to be paid by the railway undertakings or international groupings using this infrastructure.

3. The infrastructure user fees shall be determined mainly on the basis of the type of service, the period of service, the state of the market and the nature and degree of wear and tear on the infrastructure.
4. Fees shall be payable to the infrastructure manager(s).
5. Each Member State shall determine the procedures for fixing the fees, after consultations with the infrastructure manager. The fees charged for services of an equivalent nature in the same market shall apply without discrimination.
6. The infrastructure manager shall, in good time, notify the railway undertakings or international groupings which use his infrastructure in order to provide the services referred to in Article 20 of all major changes in the quality or capacity of the infrastructure concerned.

25. gr.
Málskot

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að skjóta ákvörðunum um úthlutun aðstöðu við mannvirki eða innheimtu gjalda til óháðs aðila. Þessi aðili skal taka ákvörðun í málinu innan tveggja mánaða frá því að allar nauðsynlegar upplýsingar eru lagðar fram.
2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ákvarðanir sem teknar eru í samræmi við 1. mgr. hér að framan og 3. mgr. 21. gr. haldi fyrir dómstólum.

ARTICLE 25
Appeals

1. The Member States shall take the necessary measures to ensure that decisions on allocating infrastructure capacity or on collecting fees are subject to appeal before an independent body. This body shall give its judgement within two months of receiving all the necessary information.
2. The Member States shall take the necessary measures to ensure that the decisions taken in accordance with paragraph 1 above and with Article paragraph 3 of Article 21 are subject to judicial review.

IV. BÁLKUR – ÝMIS ÁKVÆÐI

TITLE IV – MISCELLANEOUS

26. gr.
Kvóti léttra ökutækja

Ísland fær árlegan kvóta sem er fimm, Liechtenstein árlegan kvóta sem er 3000 og Noregur árlegan kvóta sem er 500, á tímabilinu 1. janúar 2001 til 31. desember 2004, fyrir akstur ökutækis aðra leið án farms eða fyrir ökutæki með léttar vörur, að því tilskildu að raunveruleg heildarþyngd ökutækis með hleðslu sé ekki yfir 28 tonnum, í umflutningi um svissnesku alpana, gegn greiðslu kostnaðar við notkun mannvirkis. Kostnaður þessi skal vera 50 svissneskir frankar árið 2001, 60 svissneskir frankar árið 2002, 70 svissneskir frankar árið 2003 og 80 svissneskir frankar árið 2004. Þessi akstur heyrir undir venjubundið eftirlit.

ARTICLE 26
Quotas for light vehicles

Iceland shall receive an annual quota of 5, Liechtenstein an annual quota of 3000 and Norway an annual quota of 500 for the period 1 January 2001 to 31 December 2004, for single journeys by empty vehicles or vehicles carrying light products, provided that the actual total laden weight of the vehicle does not exceed 28 t, in transit across the Swiss Alps, against payment of a charge for the use of the infrastructure. This charge shall be CHF 50 in the year 2001, CHF 60 in the year 2002, CHF 70 in 2003 and CHF 80 in 2004. These journeys shall be subject to the usual control procedure.

27. gr.
Auðveldara landamæraeftirlit

Aðildarríkin skuldbinda sig til að fækka formsatriðum og einfalda í tengslum við flutningastarfsemi, einkum að því er tolla varðar.

ARTICLE 27
Facilitation of frontier controls

The Member States undertake to reduce and simplify the formalities associated with transport operations, particularly in the area of customs.

28. gr.
Vistfræðilegir staðlar fyrir vöruflutningabifreiðir

Ef EURO-flokkur fyrir útblástur þungaflutningabifreiða (eins og skilgreint er í löggjöf Evrópubandalagsins sem er felld inn í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins) er ekki tilgreindur í skráningarskjali ökutækis verður að komast að raun um hann út frá þeim degi þegar ökutækið er fyrst tekið í notkun, eins og kemur fram í skjalinu, eða, eftir því sem við á, út frá sérstöku viðbótarskjali sem lögbær yfirvöld útgáfuríkisins hafa gefið út.

ARTICLE 28
Ecological standards for commercial vehicles

The EURO emission category for heavy goods vehicles (as defined in European Community legislation, as incorporated in the EEA Agreement and in the Swiss-EC Agreement), if not stated on the vehicle registration document, must be ascertained from the date on which the vehicle first entered into service, as stated on that document, or, where appropriate, from an additional special document issued by the competent authorities of the issuing State.

29. gr.
Nefnd

1. Ráðið skal koma á fót nefnd um landflutninga, sem skal vera ábyrg fyrir framkvæmd og réttri beitingu á ákvæðum þessa viðauka.

ARTICLE 29
Committee

1. The Council shall establish a Committee on land transport, which shall be responsible for the management and proper application of this Annex.

2. Í þessu skyni skal nefndin leggja fram tilmæli og taka ákvarðanir í tilvikum sem kveðið er á um í þessum viðauka.
3. Hún getur einkum beint þeim tilmælum til ráðsins að breyta ákvæðum 1. og 3. til 9. viðbætis við þennan viðauka.

2. For this purpose, the Committee shall make recommendations and take decisions in the cases provided for in this Annex.
3. It may in particular recommend to the Council to amend the provisions of Appendices 1 and 3 to 9 of this Annex.

1. VIÐBÆTIR

GILDANDI ÁKVÆÐI

Með það í huga að ná markmiðum þessa viðauka skulu aðildarríkin, í samræmi við tímaáætlanir sem mælt er fyrir um í viðaukanum, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að réttindi og skuldbindingar er jafngilda þeim sem koma fram í eftirtöldum lagagerningum Evrópubandalagsins, sem eru felldir inn í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins, gildi í samskiptum þeirra:

1. þáttur:
– Tilskipun ráðsins 96/26/EB frá 29. apríl 1996 um aðgang að starfsgrein farmflytjenda á vegum og starfsgrein aðila sem stunda farþegaflutninga á vegum og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem á að auðvelda þessum aðilum að neyta staðfesturéttarins í innanlands- og millilandaflutningum (Stjtíð. EB nr. L 124, 23.5.1996, p.1), eins og henni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 98/76/EB frá 1. október 1998 (Stjtíð. EB nr. L 277, 14.10.1998, bls.17).

Ákvæði tilskipunarinnar hljóði svo með eftirfarandi breytingum:

í c-lið 3. mgr. 3. gr., varðandi aðildarríkin, verði „gjaldmiðlum þeirra aðildarríkja sem ekki eru þátttakendur í þriðja áfanga myntbandalagsins“ að „gjaldmiðlum aðildarríkjanna“ og „birt er í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna“ verði „birt er opinberlega í hverju aðildarríki“;

aðildarríkin skulu viðurkenna vottorð sem eru gefin út í öðrum aðildarríkjum í samræmi við d-lið 4. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, sem er felld inn í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins.

2. þáttur:
– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (Stjtíð. EB nr. L 370, 31/12/1985, bls. 8), eins og henni var síð-

APPENDIX 1

APPLICABLE PROVISIONS

With a view to attaining the objectives set out in this Annex, the Member States shall, in accordance with the timetables laid down in the Annex, take all necessary measures to ensure that the rights and obligations equivalent to those in the following legal instruments of the European Community, as incorporated in the EEA Agreement and in the Swiss-EC Agreement, are applied in their relations:

Section 1:
– Council Directive 96/26/EC of 29 April 1996 on admission to the occupation of road haulage operator and road passenger transport operator and mutual recognition of diplomas, certificates and other evidence of formal qualifications intended to facilitate for these operators the right to freedom of establishment in national and international transport operations (Official Journal No. L 124, 23.5.1996, p.1), as last amended by Council Directive 98/76/EC of 1 October 1998 (Official Journal No. L 277, 14.10.1998, p.17).

The provisions of the Directive shall be read with the following adaptations:

in Article 3(3)(c), regarding the Member States, "those national currencies which are non participants in the third stage of monetary union" shall read "the national currencies of the Member States" and "published in the Official Journal of the European Communities" shall read "published officially in each Member State";

the Member States shall recognise certificates issued by the other Member States in accordance with Article 3(4)(d) of the Directive, as incorporated in the EEA Agreement and in the Swiss-EC Agreement.

Section 2:
– Council Regulation (EEC) No 3821/85 of 20 December 1985 on recording equipment in road transport (Official Journal No. L 370, 31/12/1985, p.8), as last amended by Council

ast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2135/98 frá 24 september 1998 (Stjtíð. EB nr. L 274, 9.10.1998, bls.1).

Ákvæði reglugerðarinnar hljóði svo með eftirfarandi breytingum:

a) í IV. kafla A í I. viðauka B bætist eftirfarandi við í a-lið 3. liðar varðandi fyrstu blaðsíðu ekilskortsins:
„ch: Fahrerkarte
Carte de conducteur
Carta del conducente“
„is: Ekilskort“
„fl: Fahrerkarte“
„no: Sjåførkort“;

b) í IV. kafla A í I. viðauka B, varðandi fyrstu blaðsíðu ekilskortsins, hljóðar inngangsmálsliður c-liðar 3. liðar svo:
„einkennisstafir aðildarríkisins sem gefur kortið út, með sporöskjumerkinu í kring, eins og um getur í 37. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um umferð á vegum frá 8. nóvember 1968, og sama bakgrunn og ökukortið. Einkennisstafirnir eru eftirfarandi:';

c) í IV. kafla A í I. viðauka B, varðandi fyrstu blaðsíðu ekilskortsins, bætist eftirfarandi við c-lið 3. liðar:
„IS Ísland
FL Liechtenstein
N Noregur
CH Sviss.“

– Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 frá 20. desember 1985 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum (Stjtíð. EB nr. L 370, 31.12.1985, bls.1), eða sambærilegar reglur sem mælt er fyrir um í AETR-samningnum, með áorðnum breytingum.

Ákvæði reglugerðarinnar hljóði svo með eftirfarandi breytingum:

Ákvæði 3. gr. gilda ekki.

– Tilskipun ráðsins 88/599/EBE frá 23. nóvember 1988 um staðlaðar aðferðir við eftirlit með framkvæmd reglugerðar (EBE) nr.3820/85 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum og reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (Stjtíð. EB nr. L 325, 29.11.1988, bls.55), eins og henni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2135/98 frá 24. september 1998 (Stjtíð. EB nr. L 274, 9.10.1998, bls.1).
– Tilskipun ráðsins 76/914/EBE frá 16. desember 1976 um lágmarksþjálfun fyrir tiltekna ökumenn

Regulation (EC) No 2135/98 of 24 September 1998 (Official Journal No. L 274, 9.10.1998, p.1).

The provisions of the Regulation shall be read with the following adaptations:

(a) in Chapter IV.A. of Annex IB, the following shall be added in point 3(a) regarding page 1 of the driver card:
'ch: Fahrerkarte
Carte de conducteur
Carta del conducente'
'is: Ökumannskort'
'fl: Fahrerkarte'
'no: Sjåførkort';

(b) in Chapter IV.A. of Annex IB regarding page 1 of the driver card, the introductory sentence in point 3(c) shall read as follows:
'the distinguishing sign of the Member State issuing the card encircled by the ellipse referred to in Article 37 of the U.N. Convention on road traffic of 8 November 1968 with the same background as the driving card; the distinguishing sign shall be as follows:';

(c) in Chapter IV.A. of Annex IB regarding page 1 of the driver card, the following shall be added to point 3(c):
'IS Iceland
FL Liechtenstein
N Norway
CH Switzerland.';

– Council Regulation (EEC) No 3820/85 of 20 December 1985 on the harmonisation of certain social legislation relating to road transport (Official Journal No. L 370, 31.12.1985, p.1), or equivalent rules laid down in the AETR Agreement, including amendments thereto.

The provisions of the Regulation shall be read with the following adaptation:

The provisions of Article 3 shall not apply.

– Council Directive 88/599/EEC of 23 November 1988 on standard checking procedures for the implementation of Regulation (EEC) No 3820/85 on the harmonisation of certain social legislation relating to road transport and Regulation (EEC) No 3821/85 on recording equipment in road transport (Official Journal No. L 325, 29.11.1988, p.55), as last amended by Council Regulation (EC) No 2135/98 of 24 September 1998 (Official Journal No. L 274, 9.10.1998, p.1).
– Council Directive 76/914/EEC of 16 December 1976 on the minimum level of training for some

sem sjá um flutninga á vegum (Stjtíð. EB nr. L 357, 29.12.1976, bls. 36).

3. þáttur:

- Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25 júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í bandalaginu (Stjtíð. EB nr. L 235, 17.9.1996, bls. 59).

- Tilskipun ráðsins 96/96/EB frá 20. desember 1996 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um prófanir á akstursháefni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra (Stjtíð. EB nr. L 46, 17.2.1997, bls.1).
- Tilskipun ráðsins 91/542/EBE frá 1. október 1991 um breytingu á tilskipun 88/77/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til nota í ökutækjum (Stjtíð. EB nr. L 295, 25.10.1991, bls.1).

- Tilskipun ráðsins 92/6/EBE frá 10. febrúar 1992 um uppsetningu og notkun búnaðar sem takmarkar hraða í tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja innan bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 57, 23.2.1992, bls. 27).
- Tilskipun ráðsins 92/24/EBE frá 31. mars 1992 um hraðatakmörkunarbúnað eða svipuð innbyggð hraðatakmörkunarkerfi í ákveðnum flokkum vélknúinna ökutækja (Stjtíð. EB nr. L 129, 14.5.1992, bls.154).
- Tilskipun ráðsins 92/97/EBE frá 10. nóvember 1992 um breytingu á tilskipun 70/157/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja (Stjtíð. EB nr. L 371, 19.12.1992, bls.1).

- Tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum (Stjtíð. EB nr. L 319, 12.12.1994, bls.7).

- Tilskipun ráðsins 95/50/EB frá 6. október 1995 um samræmt eftirlit með flutningi á hættulegum farmi á vegum (Stjtíð. EB nr. L 249, 17.10.1995, bls. 35).
- Tilskipun ráðsins 96/35/EB frá 3. júní 1996 um tilnefningu og starfsmenntun og hæfi öryggisráðgjafa við flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. EB nr. L 145, 19.6.1996, bls.10).
- Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/86/EB frá 13. desember 1996 um aðlögun að tækni-

road transport drivers (Official Journal No. L 357, 29.12.1976, p.36).

Section 3:

- Council Directive 96/53/EC of 25 July 1996 laying down for certain road vehicles circulating within the Community the maximum authorised dimensions in national and international traffic and the maximum authorised weights in international traffic (Official Journal No. L 235, 17.9.1996, p.59).
- Council Directive 96/96/EC of 20 December 1996 on the approximation of the laws of the Member States relating to roadworthiness tests for motor vehicles and their trailers (Official Journal No. L 46, 17.2.1997, p.1).
- Council Directive 91/542/EEC of 1 October 1991 amending Directive 88/77/EEC on the approximation of the laws of the Member States relating to the measures to be taken against the emission of gaseous pollutants from diesel engines for use in vehicles (Official Journal No. L 295, 25.10.1991, p.1).
- Council Directive 92/6/EEC of 10 February 1992 on the installation and use of speed limitation devices for certain categories of motor vehicles in the Community (Official Journal No. L 57, 23.2.1992, p.27).
- Council Directive 92/24/EEC of 31 March 1992 relating to speed limitation devices or similar speed limitation on-board systems of certain categories of motor vehicles (Official Journal No. L 129, 14.5.1992, p.154).
- Council Directive 92/97/EEC of 10 November 1992 amending Directive 70/157/EEC on the approximation of the laws of the Member States relating to the permissible sound level and the exhaust system of motor vehicles (Official Journal No. L 371, 19.12.1992, p.1).
- Council Directive 94/55/EC of 21 November 1994 on the approximation of the laws of the Member States with regard to the transport of dangerous goods by road (Official Journal No. L 319, 12.12.1994, p.7).
- Council Directive 95/50/EC of 6 October 1995 on uniform procedures for checks on the transport of dangerous goods by road (Official Journal No. L 249, 17.10.1995, p.35).
- Council Directive 96/35/EC of 3 June 1996 on the appointment and vocational qualification of safety advisers for the transport of dangerous goods by road, rail and inland waterway (Official Journal No. L 145, 19.6.1996, p.10).
- Commission Directive 96/86/EC of 13 December 1996 adapting to technical progress Council

framförum á tilskipun ráðsins 94/55/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum (Stjtíð. EB nr. L 335, 24.12.1996, bls. 43).

4. þáttur:
- Tilskipun ráðsins 95/18/EB frá 19. júní 1995 um veitingu leyfa til járnbrautarfyrirtækja (Stjtíð. EB nr. L 143, 27.6.1995, bls.70).
- Tilskipun ráðsins 95/19/EB frá 19. júní 1995 um úthlutun aðstöðu við járnbrautarmannvirki og innheimtu mannvirkjagjalds (Stjtíð. EB nr. L 143, 27.6.1995, bls.75).
- Tilskipun ráðsins 91/440/EBE frá 29. júlí 1991 um þróun járnbrauta innan bandalagsins (Stjtíð. EB nr. L 237, 24.8.1991, bls. 25).

5. þáttur:
- Tilskipun ráðsins 96/49/EB frá 23. júlí 1996 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautum (Stjtíð. EB nr. L 235, 17.9.1996, bls. 25).
- Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/87/EB frá 13. desember 1996 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 96/49/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar flutninga á hættulegum farmi með járnbrautuml (Stjtíð. EB nr. L 335, 24.12.1996, bls. 45).

Directive 94/55/EC on the approximation of the laws of the Member States with regard to the transport of dangerous goods by road (Official Journal No. L 335, 24.12.1996, p.43).

Section 4:
- Council Directive 95/18/EC of 19 June 1995 on the licensing of railway undertakings (Official Journal No. L 143, 27.06.1995, p.70).
- Council Directive 95/19/EC of 19 June 1995 on the allocation of railway infrastructure capacity and the charging of infrastructure fees (Official Journal No. L 143, 27.6.1995, p.75).
- Council Directive 91/440/EEC of 29 July 1991 on the development of the Community's railways (Official Journal No. L 237, 24.8.1991, p.25).

Section 5:
- Council Directive 96/49/EC of 23 July 1996 on the approximation of the laws of the Member States with regard to the transport of dangerous goods by rail (Official Journal No. L 235, 17.9.1996, p.25).
- Commission Directive 96/87/EC of 13 December 1996 adapting to technical progress Council Directive 96/49/EC on the approximation of the laws of the Member States with regard to the transport of dangerous goods by rail (Official Journal No. L 335, 24.12.1996, p.45).

2. VIÐBÆTIR

REGLUR UM ÁLAGNINGU GJALDS SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 8. GR.

1. Hámarksgjald í Sviss fyrir ökutæki sem hefur leyfið sem um getur í 2. mgr. 8. gr., raunverulega heildarþyngd með hleðslu yfir 34 tonnum en ekki yfir 40 tonnum og ekur 300 km leið yfir Alpana skal vera 252 svissneskir frankar fyrir ökutæki sem samræmist ekki EURO-stöðlum, 211 svissneskir frankar fyrir ökutæki sem samræmist EURO I-staðlinum og 178 svissneskir frankar fyrir ökutæki sem samræmist EURO II-staðlinum.
2. Hámarksgjald í Sviss fyrir ökutæki sem hefur leyfið sem um getur í 3. mgr. 8. gr., raunverulega heildarþyngd með hleðslu yfir 34 tonnum en ekki yfir 40 tonnum og ekur 300 km leið yfir Alpana skal vera 300 svissneskir frankar fyrir ökutæki sem samræmist ekki EURO-stöðlum, 240 svissneskir frankar fyrir ökutæki sem samræmist EURO I-staðlinum og 210 svissneskir frankar fyrir ökutæki sem samræmist EURO II-staðlinum.

APPENDIX 2

RULES FOR APPLYING THE CHARGES PROVIDED FOR IN ARTICLE 8

1. The maximum Swiss charge for vehicles using the authorisation referred to in paragraph 2 of Article 8 and having an actual total laden weight of more than 34 t but not more than 40 t and travelling a distance of 300 km across the Alps shall be CHF 252 for a vehicle not complying with the EURO standards, CHF 211 for a vehicle complying with the EURO I standard and CHF 178 for a vehicle complying with the EURO II standard.
2. The maximum Swiss charge for vehicles using the authorisation referred to in paragraph 3 of Article 8, having an actual total laden weight of more than 34 t but not more than 40 t and travelling a distance of 300 km across the Alps shall be CHF 300 for a vehicle not complying with the EURO standards, CHF 240 for a vehicle complying with the EURO I standard and CHF 210 for a vehicle complying with the EURO II standard.

3. VIÐBÆTIR

FYRIRMYND AÐ LEYFI

(Blátt kort – DIN A4)

(Fyrsta síða leyfis)

(Ritað á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins sem veitir leyfið)

Ríkið sem gefur út leyfið
Auðkenni lands ([1])

Lögbært yfirvald eða stofnun

LEYFI NR. .....
til vöruflutninga milli landa gegn gjaldi

Þetta leyfi heimilar

. . . . . .

. . . . . .

. . . . . .

. . . . . ([2])

að stunda vöruflutninga á vegum milli landa gegn gjaldi á hvaða leið sem er á yfirráðasvæði Evrópubandalagsins og Íslands, Liechtenstein og Noregs([3]) eins og kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92 frá 26. mars 1992, eins og hún var löguð að markmiðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningsins), og í almennum ákvæðum leyfisins.

Sérstakar athugasemdir:

. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .

Þetta leyfi gildir frá og með . . . . . til . . . . . .

Gefið út

í . . . . . , hinn . . . . . ([4])

---

[1] Auðkenni landanna eru IS (Ísland), (FL) Liechtenstein, (N) Noregur.
[2] Nafn eða firmanafn og fullt heimilisfang flutningafyrirtækis.
[3] Hér á eftir nefnd „EFTA-ríkin".
[4] Undirskrift og stimpill lögbæra yfirvaldsins eða stofnunarinnar sem gefur leyfið út.

APPENDIX 3

MODEL AUTHORISATION

(Blue card – DIN A4)

(First page of the authorisation)

(Text in (one of) the official language(s) of the EFTA State issuing the authorisation)

State issuing the authorisation
Distinguishing sign ([1])

Name of the competent authority or body

AUTHORISATION No.....
for the international carriage of goods by road for hire or reward

This authorisation entitles

. . . . . .

. . . . . .

. . . . . .

. . . . . ([2])

to engage in the international carriage of goods by road for hire or reward by any route, for journeys or parts of journeys effected for hire or reward within the territory of the European Community and Iceland, Liechtenstein and Norway([3]) as laid down in Council Regulation (EEC) No 881/92 of 26 March 1992 as adapted for the purposes of the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement), and subject to the general provisions of this authorisation.

Particular remarks:
. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .
. . . . . .

This authorisation shall be valid from . . . . . to . . . . . .

Issued in . . . . . , on . . . . . ([4])

---

[1] The distinguishing signs are IS (Iceland), (FL) Liechtenstein, (N) Norway.
[2] Name or business name and full address of the haulier.
[3] Hereinafter referred to as "the EFTA States".
[4] Signature and stamp of the issuing competent authority or body.

(b)

(Önnur síða leyfis)

Leyfi þetta er gefið út samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92 frá 26. mars 1992, eins og hún var löguð að markmiðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Það veitir leyfishafa rétt til að stunda vöruflutninga á vegum milli landa gegn gjaldi á hvaða leið sem er á yfirráðasvæði Evrópubandalagsins og EFTA-ríkjanna og, eftir atvikum, með skilyrðum sem kveðið er á um í leyfinu:

— þar sem brottfarar- og ákvörðunarstaður eru ekki í sama ríki, sem eru annaðhvort aðildarríki EB eða EFTA-ríki, með eða án umflutnings um eitt eða fleiri aðildarríki EB, EFTA-ríki eða þriðju lönd,

— frá aðildarríki EB eða EFTA-ríki til þriðja lands eða öfugt, með eða án umflutnings um eitt eða fleiri aðildarríki EB, EFTA-ríki eða þriðju lönd,

— milli þriðju landa með umflutningi um eitt eða fleiri aðildarríki EB eða EFTA-ríki,

og ferðir án farms í sambandi við slíkan flutning.

Í flutningum frá aðildarríki EB eða EFTA-ríki til þriðja lands eða öfugt, gildir þetta leyfi fyrir þann hluta leiðarinnar sem farinn er í aðildarríki EB eða EFTA-ríki þar sem er fermt eða affermt.

Leyfið er bundið við leyfishafa og er ekki framseljanlegt.

Lögbær yfirvöld í EFTA-ríkinu sem gaf það út geta afturkallað það, til dæmis ef flutningafyrirtækið hefur:

— ekki uppfyllt öll skilyrð fyrir notkun leyfisins,

— veitt rangar upplýsingar að því er varðar gögn sem nauðsynleg eru vegna útgáfu eða endurnýjun leyfis.

Frumrit leyfis skal geymt hjá vöruflutningafyrirtækinu.

Staðfest afrit leyfis skal geymt í ökutækinu ([1]).

Þegar um er að ræða samtengd ökutæki skal það geymt í vélknúna ökutækinu. Það gildir fyrir tengivagna jafnvel þótt eftir- eða festivagninn sé hvorki skráður á nafn leyfishafa né hann hafi akstursleyfi fyrir honum eða vagninn skráður og með akstursleyfi í aðildarríki EB eða öðru EFTA-ríki.

Leyfinu skal framvísað hvenær sem viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

Á yfirráðasvæði aðildarríkja EB og EFTA-ríkja ber leyfishafa að fara að lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem gilda í hverju landi, einkum að því er varðar reglur um flutninga og umferðarreglur.

---

[1] „Ökutæki“ er vélknúið ökutæki, skráð í EFTA-ríki, eða samtengt ökutæki þar sem að minnsta kosti vélknúna ökutækið er skráð í EFTA-ríki og eingöngu notað til vöruflutninga.

(b)

(Second page of the authorisation)

This authorisation is issued under Council Regulation (EEC) No 881/92 of 26 March 1992 as adapted for the purposes of the EEA Agreement.

It entitles the holder to engage in the international carriage of goods by road for hire or reward by any route for journeys or parts of journeys effected within the territories of the European Community and the EFTA States and, when appropriate, subject to the conditions laid down herein:

- where the point of departure and the point of arrival are situated in two different States which are either EC Member States or EFTA States, with or without transit through one or more EC Member States or EFTA States or third countries,

- from an EC Member State or an EFTA State to a third country or vice versa, with or without transit through one or more EC Member States or EFTA States or third countries,

- between third countries with transit through the territory of one or more EC Member States or EFTA States,

and unladen journeys in connection with such carriage.

In the case of carriage from an EC Member State or EFTA State to a third country or vice versa, this authorisation is not valid for that part of the journey effected in the EC Member States or EFTA State of loading or unloading.

The authorisation is personal to the holder and is not transferable.

It may be withdrawn by the competent authority of the EFTA State which issued it, notably where the haulier has:

- not complied with all the conditions for using the authorisation,

- supplied incorrect information with regard to the data needed for the issue or extension of the authorisation.

The original of the authorisation must be kept by the haulage undertaking.

A certified copy of the authorisation must be kept in the vehicle([1]).

In the case of a coupled combination of vehicles it must accompany the motor vehicle. It covers the coupled combination of vehicles even if the trailer or semi-trailer is not registered or authorised to use the roads in the name of the authorisation holder or if it is registered or authorised to use the roads in an EC Member State or another EFTA State.

The authorisation must be produced whenever required by an authorised inspecting officer.

Within the territory of each EC Member State and EFTA State the holder must comply with the laws, regulations and administrative provisions in force in that State, in particular with regard to transport and traffic.

---

[1] "Vehicle" means a motor vehicle registered in an EFTA State or a coupled combination of vehicles, the motor vehicle of which at least is registered in an EFTA State, used exclusively for the carriage of goods.

4. VIÐBÆTIR

FLUTNINGAR SEM ERU UNDANÞEGNIR LEYFISKERFUM OG LEYFUM

1. Opinber póstflutningaþjónusta.
2. Flutningur ökutækja sem hafa laskast eða eru óökufær.
3. Vöruflutningar með ökutækjum með 6 tonna leyfilega hámarksþyngd með hleðslu, að eftirvögnum meðtöldum, eða með 3,5 tonna leyfilega hámarkshleðslu, að meðtalinni hleðslu eftirvagna.
4. Vöruflutningar með vélknúnum ökutækjum, svo framarlega sem eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
   a) vörurnar sem fluttar eru skulu vera eign fyrirtækisins eða hafa verið seldar, keyptar, leigðar út eða teknar á leigu, framleiddar, unnið úr þeim eða með þær í fyrirtækinu eða þær verið í viðgerð þar;
   b) tilgangur flutninganna skal vera sá að flytja vörur til eða frá fyrirtækinu eða færa þær til annaðhvort innan fyrirtækisins eða utan til eigin þarfa;
   c) vélknúnum ökutækjum sem notuð eru til slíkra flutninga skal ekið af starfsmönnum fyrirtækisins;
   d) ökutæki sem flytja vörur skulu vera í eigu fyrirtækisins eða keypt með afborgunum eða tekin á leigu af fyrirtækinu, í síðastnefnda tilvikinu með þeim fyrirvara að uppfyllt séu skilyrði tilskipunar ráðsins 84/647/EBE frá 19. desember 1984 um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanna til vöruflutninga á vegum, sem er felld inn í EES-samninginn og samning Sviss og Evrópubandalagsins. Þetta ákvæði gildir ekki um notkun annars ökutækis í stað þess sem notað er venjulega en sem er um stundarsakir í óökufæru ástandi;
   e) flutningarnir skulu einungis vera aukastarfsemi fyrir starfsemi fyrirtækisins í heild.
5. Flutningur lyfja, búnaðar og tækja og annarra nauðsynja til neyðarhjálpar, einkum þegar náttúruhamfarir verða.

APPENDIX 4

TYPES OF CARRIAGE EXEMPT FROM ANY SYSTEM OF LICENCES AND FROM ANY AUTHORISATION

1. Carriage of mail as a public service.
2. Carriage of vehicles which have suffered damage or breakdown.
3. Carriage of goods in motor vehicles the permissible laden weight of which, including that of trailers, does not exceed six tonnes or the permissible payload of which, including that of trailers, does not exceed 3,5 t.
4. Carriage of goods in motor vehicles provided the following conditions are fulfilled:
   (a) the goods carried must be the property of the undertaking or must have been sold, bought, let out on hire or hired, produced, extracted, processed or repaired by the undertaking;
   (b) the purpose of the journey must be to carry the goods to or from the undertaking or to move them, either inside the undertaking or outside for its own requirements;
   (c) motor vehicles used for such carriage must be driven by employees of the undertaking;
   (d) the vehicles carrying the goods must be owned by the undertaking or have been bought by it on deferred terms or hired provided that in the latter case they meet the conditions of Council Directive 84/647/EEC of 19 December 1984 on the use of vehicles hired without drivers for the carriage of goods by road, as incorporated in the EEA Agreement and in the Swiss-EC Agreement. This provision shall not apply to the use of a replacement vehicle during a short breakdown of the vehicle normally used;
   (e) carriage must be no more than ancillary to the overall activities of the undertaking.
5. Carriage of medicinal products, appliances, equipment and other articles required for medical care in emergency relief, in particular for natural disasters.

5. VIÐBÆTIR

SKRÁ YFIR ÁKVÆÐI Í TVÍHLIÐA SAMNINGUM UM FLUTNINGA Á VEGUM, SEM GERÐIR ERU MILLI AÐILDARRÍKJA Í TENGSLUM VIÐ VÖRUFLUTNINGA Í ÞRÍHLIÐA UMFERÐ

Samningur milli ríkisstjórnar Svissneska ríkjasambandsins (Swiss Federal Council) og ríkisstjórnar Konungsríkisins Noregs um millilandaflutninga á farþegum og vörum á vegum frá 26. maí 1998:

Ákvæði 4. gr.: vöruflutningar.

APPENDIX 5

LIST OF PROVISIONS CONTAINED IN BILATERAL ROAD TRANSPORT AGREEMENTS CONCLUDED BETWEEN THE MEMBER STATES RELATING TO THE CARRIAGE OF GOODS IN TRIANGULAR TRAFFIC

Agreement between the Swiss Federal Council and the Government of the Kingdom of Norway on international road passenger and goods transport of 26 May 1998:

Article 4: carriage of goods.

6. VIÐBÆTIR

REGLUR UM ÞUNGATAKMARKANIR OG BANN VIÐ AKSTRI AÐ NÆTURLAGI OG Á SUNNUDÖGUM

1. Undanþága frá þungatakmörkunum á tímabilinu sem lýkur 31. desember 2004:
   Fyrir akstur sem hefst erlendis og lýkur á landamærasvæði Sviss, sem er skilgreint í 10. viðbæti, (og öfugt) eru undantekningar leyfðar án gjalds fyrir hvaða vörur sem er allt að 40 tonnum samtals og fyrir 40-feta ISO-gáma í samsettum flutningum allt að 44 tonnum samtals. Sumar tollstöðvar hafa mörkin lægri ef það er nauðsynlegt vegna aðstæðna á veginum.
2. Aðrar undanþágur frá þungatakmörkunum:
   Fyrir akstur sem hefst erlendis og lýkur á landamærasvæði Sviss (og öfugt) og fyrir umflutning um Sviss er einnig heimilt að leyfa raunverulega heildarþyngd með hleðslu, sem er meiri en leyfileg heildarþyngd í Sviss, ef um er að ræða flutninga sem ekki er getið í 8. gr. viðaukans:

   a) flutninga á vörum sem eru óskiptanlegar, í tilvikum þegar ekki er hægt að hlíta ákvæðum þrátt fyrir að ökutækið sé nothæft;

   b) flutninga eða notkun á sérstökum ökutækjum, einkum vinnuvélum sem, vegna þess tilgangs sem þær þjóna, samræmast ekki ákvæðum um þyngd;

   c) flutninga á skemmdum eða óökufærum ökutækjum í neyðartilvikum;
   d) flutninga á flugvistum;

APPENDIX 6

RULES ON THE WEIGHT LIMIT AND ON THE BAN ON NIGHT AND SUNDAY DRIVING

1. Exemption from the weight limit during the period ending on 31.12.2004:
   For journeys originating abroad and ending in the Swiss frontier area as defined in Appendix 10 (and vice versa), exceptions are permitted without charge for any goods up to a total 40 t and for 40-foot ISO containers in combined transport up to a total of 44 t. For reasons of road design, certain customs posts apply lower limits.

2. Other exemptions from the weight limit:
   For journeys originating abroad and ending beyond the Swiss frontier area (and vice versa), and for transit through Switzerland, an actual total laden weight greater than the maximum weight permitted in Switzerland may also be authorised for types of carriage not referred to in Article 8 of the Annex:
   (a) for the carriage of goods which are indivisible, in cases in which the stipulations cannot be obeyed despite the use of a suitable vehicle;
   (b) for transfers or for the use of special vehicles, notably working vehicles which, owing to the purpose for which they are used, are not compatible with the provisions regarding weight;
   (c) for the transport in an emergency of damaged or broken-down vehicles;
Aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt landslögum sínum og í samræmi við þjóðarétt til þess að tryggja, eftir því sem unnt er, að meðan á flutningi kjarnakleyfra efna stendur milli landa sé slíkra efna gætt, innan landsvæðis þess eða um borð í skipi eða loftfari sem lögsaga þess nær til, ef slíkt skip eða loftfar er í flutningum til eða frá sama ríki, samkvæmt þeim vörslustigum sem er lýst í I. viðauka.

Article 3

Each State Party shall take appropriate steps within the framework of its national law and consistent with international law to ensure as far as practicable that, during international nuclear transport, nuclear material within its territory, or on board a ship or aircraft under its jurisdiction insofar as such ship or aircraft is engaged in the transport to or from that State, is protected at the levels described in Annex I.

4. gr.

1. Aðildarríki skal ekki flytja út eða heimila útflutning á kjarnakleyfum efnum nema aðildarríkið hafi móttekið tryggingu fyrir því að þeirra verði gætt samkvæmt þeim vörslustigum, sem er lýst í I. viðauka, meðan á flutningi stendur milli landa.
2. Aðildarríki skal ekki flytja inn eða heimila innflutning á kjarnakleyfum efnum frá ríki, sem er ekki aðili að samningi þessum, nema

Article 4

1. Each State Party shall not export or authorize the export of nuclear material unless the State Party has received assurances that such material will be protected during the international nuclear transport at the levels described in Annex I.
2. Each State Party shall not import or authorize the import of nuclear material from a State not party to this Convention unless the

aðildarríkið hafi móttekið tryggingu fyrir því að þeirra verði gætt samkvæmt þeim vörslustigum, sem er lýst í I. viðauka, meðan á flutningi stendur milli landa.

3. Aðildarríki skal ekki veita leyfi til að kjarnakleyf efni séu flutt gegnum landsvæði þess, á landi, innhöfum eða um flughafnir eða hafnir við sjó, milli ríkja, sem eru ekki aðilar að samningi þessum, nema aðildarríkið hafi móttekið tryggingu, eftir því sem unnt er, fyrir því að kjarnakleyfu efnanna verði gætt samkvæmt þeim vörslustigum, sem er lýst í I. viðauka, meðan á flutningi þeirra stendur milli landa.

4. Aðildarríki skal beita vörslustigunum, sem er lýst í I. viðauka, samkvæmt landslögum sínum gagnvart kjarnakleyfum efnum sem eru flutt frá landshluta innan ríkisins til annars landshluta innan sama ríkis gegnum alþjóðleg hafsvæði eða loftrými.

5. Aðildarríki, sem samkvæmt 1. til 3. mgr. er ábyrgt fyrir móttöku tryggingar fyrir því að kjarnakleyfu efnanna verði gætt í samræmi við vörslustigin sem er lýst í I. viðauka, skal tilgreina þau ríki sem vænta má að kjarnakleyf efni verði flutt í gegnum á landi eða innhöfum eða að þau komi í flughafnir þeirra eða til hafna og tilkynna þeim það fyrirfram.

6. Heimilt er, með gagnkvæmum samningi, að færa ábyrgð á því að afla trygginga, sem getið er um í 1. mgr., til aðildarríkisins sem tekur þátt í flutningunum sem innflutningsríki.

7. Ákvæði þessarar greinar skal ekki túlka þannig að þau hafi með nokkrum hætti áhrif á óskoruð yfirráð ríkis yfir landsvæði og á lögsögu ríkis, þar með talið yfir loftrými þess og landhelgi.

5. gr.

1. Aðildarríki skulu tilgreina og veita hvert öðru upplýsingar, með beinum hætti eða gegnum Alþjóðakjarnorkumálastofnunina, um það stjórnvald og tengilið sem bera ábyrgð á vörslu kjarnakleyfra efna og samræmingu aðgerða til endurheimtar og viðbragða ef til óleyfilegs brottflutnings, notkunar eða breytinga á kjarnakleyfum efnum kemur eða ef slíku er hótað á trúverðugan hátt.

2. Ef kjarnakleyfum efnum er stolið, rænt eða þau tekin með ólögmætum hætti eða slíku er hótað á trúverðugan hátt skulu aðildarríki, í

State Party has received assurances that such material will during the international nuclear transport be protected at the levels described in Annex I.

3. A State Party shall not allow the transit of its territory by land or internal waterways or through its airports or seaports of nuclear material between States that are not parties to this Convention unless the State Party has received assurances as far as practicable that this nuclear material will be protected during international nuclear transport at the levels described in Annex I.

4. Each State Party shall apply within the framework of its national law the levels of physical protection described in Annex I to nuclear material being transported from a part of that State to another part of the same State through international waters or airspace.

5. The State Party responsible for receiving assurances that the nuclear material will be protected at the levels described in Annex I according to paragraphs 1 to 3 shall identify and inform in advance States which the nuclear material is expected to transit by land or internal waterways, or whose airports or seaports it is expected to enter.

6. The responsibility for obtaining assurances referred to in paragraph 1 may be transferred, by mutual agreement, to the State Party involved in the transport as the importing State.

7. Nothing in this article shall be interpreted as in any way affecting the territorial sovereignty and jurisdiction of a State, including that over its airspace and territorial sea.

Article 5

1. States Parties shall identify and make known to each other directly or through the International Atomic Energy Agency their central authority and point of contact having responsibility for physical protection of nuclear material and for co-ordinating recovery and response operations in the event of any unauthorized removal, use or alteration of nuclear material or in the event of credible threat thereof.

2. In the case of theft, robbery or any other unlawful taking of nuclear material or of credible threat thereof, States Parties shall, in

samræmi við landslög sín, efna til samstarfs við og aðstoða hvert það ríki, sem þess óskar og eins og frekast er unnt, við að endurheimta slík efni og gæta þeirra. Einkum:

a. skal aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tilkynna öðrum ríkjum, sem því virðist eiga hagsmuna að gæta og eins fljótt og frekast er unnt, um hvert tilvik er kjarnakleyfum efnum er stolið, rænt eða þau tekin með ólögmætum hætti eða slíku er hótað á trúverðugan hátt og tilkynna alþjóðastofnunum um það eftir því sem við á;
b. skulu þau aðildarríki, sem eiga hagsmuna að gæta, skiptast eftir atvikum á upplýsingum sín á milli eða við alþjóðastofnanir í því skyni að gæta kjarnakleyfra efna, sem er teflt í hættu, með því að sannprófa óskert ástand viðkomandi flutningageymis eða endurheimta kjarnakleyf efni, sem eru tekin með ólögmætum hætti, og skulu:
   i. samhæfa aðgerðir sínar eftir diplómatískum leiðum eða með öðrum hætti sem samkomulag er um;
   ii. veita aðstoð ef þess er óskað;
   iii. tryggja að kjarnakleyfum efnum, sem hefur verið stolið eða er saknað vegna fyrrnefndra atburða, sé skilað.

   Hlutaðeigandi aðildarríki skulu ákvarða hvernig fyrrnefnt samstarf fer fram.

3. Aðildarríkin skulu, eftir atvikum, hafa samvinnu og samráð sín á milli, með beinum hætti eða gegnum alþjóðastofnanir, í því skyni að fá leiðbeiningar um hvernig móta skuli fyrirkomulag vörslu kjarnakleyfra efna, sem eru flutt milli landa, viðhalda því og bæta það.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt landslögum sínum til þess að gæta þagnarskyldu varðandi trúnaðarupplýsingar sem þeim berast frá öðrum aðildarríkjum á grundvelli ákvæða þessa samnings eða þau fá vegna þátttöku í aðgerðum til framkvæmdar samningi þessum. Láti aðildarríki alþjóðastofnunum í té trúnaðarupplýsingar skal gera ráðstafanir til þess að tryggja að þagnarskyldu sé gætt varðandi slíkar upplýsingar.

accordance with their national law, provide co-operation and assistance to the maximum feasible extent in the recovery and protection of such material to any State that so requests. In particular:

a. a State Party shall take appropriate steps to inform as soon as possible other States, which appear to it to be concerned, of any theft, robbery or other unlawful taking of nuclear material or credible threat thereof and to inform, where appropriate, international organizations;

b. as appropriate, the States Parties concerned shall exchange information with each other or international organizations with a view to protecting threatened nuclear material, verifying the integrity of the shipping container, or recovering unlawfully taken nuclear material and shall:

   i. co-ordinate their efforts through diplomatic and other agreed channels;
   ii. render assistance; if requested;
   iii. ensure the return of nuclear material stolen or missing as a consequence of the above-mentioned events.

   The means of implementation of this co-operation shall be determined by the States Parties concerned.

3. States Parties shall co-operate and consult as appropriate, with each other directly or through international organizations, with a view to obtaining guidance on the design, maintenance and improvement of systems of physical protection of nuclear material in international transport.

Article 6

1. States Parties shall take appropriate measures consistent with their national law to protect the confidentiality of any information which they receive in confidence by virtue of the provisions of this Convention form another State Party or through participation in an activity carried out for the implementation of this Convention. If States Parties provide information to international organizations in confidence, steps shall be taken to ensure that the confidentiality of such information is protected.

2. Þess verður ekki krafist á grundvelli samnings þessa að aðildarríki láti í té upplýsingar sem þeim er óheimilt að miðla samkvæmt landslögum sínum eða myndu tefla öryggi hlutaðeigandi ríkis eða vörslu kjarnakleyfra efna í tvísýnu.

7. gr.

1. Ásetningsverknaður sem felur í sér:
   a. ólögmæta athöfn sem felst í móttöku, yfirráðum yfir, notkun, tilfærslu, breytingu, förgun eða dreifingu kjarnakleyfra efna og veldur eða er líkleg til að valda dauða manna eða mönnum alvarlegum skaða eða verulegu eignatjóni;
   b. þjófnað eða rán á kjarnakleyfum efnum;
   c. ólögmæta töku eða öflun kjarnakleyfra efna með sviksamlegum hætti;
   d. athöfn sem er fólgin í því að krefjast kjarnakleyfra efna með hótunum eða valdbeitingu eða annars konar ógnunum;
   e. hótun um:
      i. að nota kjarnakleyf efni til þess að valda dauða manna eða mönnum alvarlegum skaða eða verulegu eignatjóni, eða
      ii. að fremja brot, sem er lýst í b-lið, í því skyni að þvinga einstakling eða lögpersónu, alþjóðastofnun eða ríki til þess að aðhafast eitthvað eða láta það ógert;
   f. tilraun til brots sem er lýst í a-, b- eða c-lið; og
   g. athöfn sem er fólgin í hlutdeild í broti sem er lýst í a- til f-liðum,

   skal vera refsiverður verknaður samkvæmt landslögum hvers aðildarríkis.
2. Aðildarríki skulu gera brotin, sem er lýst í þessari grein, refsiverð með viðeigandi viðurlögum sem miðast við hve alvarleg þau eru.

8. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afla sér lögsögu í brotamálum sem er lýst í 7. gr. í eftirfarandi tilvikum:
   a. brotið er framið á landsvæði aðildarríkisins eða um borð í skipi eða loftfari sem er skráð í aðildarríkinu;

2. States Parties shall not be required by this Convention to provide any information which they are not permitted to communicate pursuant to national law or which would jeopardize the security of the State concerned or the physical protection of nuclear material.

Article 7

1. The intentional commission of:
   a. an act without lawful authority which constitutes the receipt, possession, use, transfer, alteration, disposal or dispersal of nuclear material and which causes or is likely to cause death or serious injury to any person or substantial damage to property;
   b. a theft of robbery of nuclear material;
   c. an embezzlement or fraudulent obtaining of nuclear material;
   d. an act constituting a demand for nuclear material by threat or use of force or by any other form of intimidation;
   e. a threat:
      i. to use nuclear material to cause death or serious injury to any person or substantial property damage, or
      ii. to commit an offence described in sub-paragraph (b) in order to compel a natural or legal person, international organization or State to do or to refrain from doing any act;
   f. an attempt to commit any offence described in paragraphs (a), (b) or (c); and
   g. an act which constitutes participation in any offence described in paragraphs (a) to (f)

   shall be made a punishable offence by each State Party under its national law.
2. Each State Party shall make the offences described in this article punishable by appropriate penalties which take into account their grave nature.

Article 8

1. Each State Party shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over the offences set forth in article 7 in the following cases:
   a. when the offence is committed in the territory of that State or on board a ship or aircraft registered in that State;

b. meintur brotamaður er ríkisborgari aðildarríkisins.

2. Aðildarríki skulu enn fremur gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að afla sér lögsögu í þessum brotamálum þegar meintur brotamaður er staddur á landsvæði þess og það framselur hann ekki samkvæmt 11. gr. til einhverra þeirra ríkja sem getið er um í 1. mgr.

3. Samningur þessi útilokar ekki refsilögsögu sem er beitt í samræmi við landslög.

4. Auk aðildarríkjanna, sem getið er um í 1. og 2. mgr., er hverju aðildarríki heimilt, í samræmi við þjóðarétt, að afla sér lögsögu í brotamálum, sem er lýst í 7. gr., þegar það er þátttakandi í flutningi kjarnakleyfra efna milli landa sem útflutnings- eða innflutningsríki.

9. gr.

Sé meintur brotamaður staddur á landsvæði aðildarríkis skal það gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt landslögum sínum, að fenginni vissu fyrir því að aðstæður réttlæti slíkt, meðal annars beita varðhaldi í því skyni að tryggja nærveru hans til þess að unnt sé að sækja hann til saka eða framselja. Tilkynna skal þeim ríkjum, sem ber að afla sér lögsögu samkvæmt 8. gr., án tafar um ráðstafanir, sem eru gerðar samkvæmt þessari grein, og öllum öðrum hlutaðeigandi ríkjum, eftir því sem við á.

10. gr.

Sé meintur brotamaður staddur á landsvæði aðildarríkis skal það, ef það framselur hann ekki, senda mál hans, án undantekningar og ótilhlýðilegrar tafar, til þar til bærra yfirvalda sinna eftir þeim leiðum, sem mælt er fyrir um í landslögum, til þess að unnt sé að leggja fram ákæru.

11. gr.

1. Líta ber þannig á að brot, sem getið er um í 7. gr., séu brot sem geta leitt til framsals í skilningi framsalssamninga sem eru í gildi milli aðildarríkja. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að fella þessi brot inn í alla framsalssamninga, sem þau gera sín á milli í framtíðinni, sem brot sem geta leitt til framsals.
2. Móttaki aðildarríki, sem setur það skilyrði fyrir framsali að um það gildi samningur, framsalsbeiðni frá öðru aðildarríki, sem það hefur ekki gert framsalssamning við, er því

b. when the alleged offender is a national of that State.

2. Each State Party shall likewise take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over these offences in cases where the alleged offender is present in its territory and it does not extradite him pursuant to article 11 to any of the States mentioned in paragraph 1.
3. This Convention does not exclude any criminal jurisdiction exercised in accordance with national law.
4. In addition to the States Parties mentioned in paragraphs 1 and 2, each State Party may, consistent with international law, establish its jurisdiction over the offences set forth in article 7 when it is involved in international nuclear transport as the exporting or importing State.

Article 9

Upon being satisfied that the circumstances so warrant, the State Party in whose territory the alleged offender is present shall take appropriate measures, including detention, under its national law to ensure his presence for the purpose of prosecution or extradition. Measures taken according to this article shall be notified without delay to the States required to establish jurisdiction pursuant to article 8 and, where appropriate, all other States concerned.

Article 10

The State Party in whose territory the alleged offender is present shall, if it does not extradite him, submit, without exception whatsoever and without undue delay, the case to its competent authorities for the purpose of prosecution, through proceedings in accordance with the laws of that State.

Article 11

1. The offences in article 7 shall be deemed to be included as extraditable offences in any extradition treaty existing between States Parties. States Parties undertake to include those offences as extraditable offences in every future extradition treaty to be concluded between them.
2. If a State Party which makes extradition conditional on the existence of a treaty receives a request for extradition from another State Party with which it has no extradition treaty,

heimilt, ef það svo kýs, að líta á samning þennan sem lagaheimild fyrir framsali að því er þessi brot varðar. Framsal skal háð öðrum skilyrðum sem lög þess ríkis, sem beiðnina fær, kveða á um.

3. Aðildarríki, sem ekki setja það skilyrði fyrir framsali að um það gildi samningur, skulu viðurkenna með gagnkvæmum hætti að þessi brot geti leitt til framsals með fyrirvara um þau skilyrði sem lög þess ríkis, sem beiðnina fær, setja.
4. Að því er varðar framsal milli aðildarríkja skal farið með brot eins og það hafi ekki aðeins verið framið þar sem það átti sér stað heldur einnig á landsvæðum þeirra aðildarríkja sem ber að afla sér lögsögu í samræmi við 1. mgr. 8. gr.

it may at its option consider this Convention as the legal basis for extradition in respect of those offences. Extradition shall be subject to the other conditions provided by the law of the requested State.

3. States Parties which do not make extradition conditional on the existence of a treaty shall recognize those offences as extraditable offences between themselves subject to the conditions provided by the law of the requested State.
4. Each of the offences shall be treated, for the purpose of extradition between States Parties, as if it had been committed not only in the place in which it occurred but also in the territories of the States Parties required to establish their jurisdiction in accordance with paragraph 1 of article 8.

12. gr.

Tryggja skal hverjum einstaklingi, sem mál er höfðað gegn vegna einhverra þeirra brota sem er lýst í 7. gr., sanngjarna málsmeðferð á öllum stigum réttarhalda.

Article 12

Any person regarding whom proceedings are being carried out in connection with any of the offences set forth in article 7 shall be guaranteed fair treatment at all stages of the proceedings.

13. gr.

1. Aðildarríkin skulu veita hvert öðru alla þá aðstoð sem unnt er í tengslum við opinber mál sem eru höfðuð vegna þeirra brota sem er lýst í 7. gr., meðal annars afhenda handbær sönnunargögn sem eru nauðsynleg vegna réttarhaldanna. Lög þess ríkis, sem fær beiðni um aðstoð, skulu gilda í öllum tilvikum.
2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á skuldbindingar samkvæmt öðrum samningum, tvíhliða eða marghliða, sem fjalla, í heild eða að hluta til, um gagnkvæma aðstoð í opinberum málum.

Article 13

1. States Parties shall afford one another the greatest measure of assistance in connection with criminal proceedings brought in respect of the offences set forth in article 7, including the supply of evidence at their disposal necessary for the proceedings. The law of the State requested shall apply in all cases.
2. The provisions of paragraph 1 shall not affect obligations under any other treaty, bilateral or multilateral, which governs or will govern, in whole or in part, mutual assistance in criminal matters.

14. gr.

1. Hvert aðildarríki skal tilkynna vörsluaðila um lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem það setur til framkvæmdar samningi þessum. Vörsluaðili skal miðla þessum upplýsingum reglulega til allra aðildarríkja.
2. Aðildarríkið, þar sem meintur brotamaður er saksóttur, skal, þar sem því verður komið við, tilkynna fyrst þeim ríkjum, sem málið varðar beinlínis, um endanlega niðurstöðu réttarhaldanna. Aðildarríkið skal einnig tilkynna vörsluaðila um endanlega niðurstöðu sem tilkynnir öllum ríkjum um hana.
3. Þegar brot lýtur að kjarnakleyfum efnum til

Article 14

1. Each State Party shall inform the depositary of its laws and regulations which give effect to this Convention. The depositary shall communicate such information periodically to all States Parties.
2. The State Party where an alleged offender is prosecuted shall, wherever practicable, first communicate the final outcome of the proceedings to the States directly concerned. The State Party shall also communicate the final outcome to the depositary who shall inform all States.
3. Where an offence involves nuclear material

friðsamlegra nota, sem eru notuð, geymd eða flutt innanlands, og meintur brotamaður og hið kjarnakleyfa efni eru áfram á landsvæði aðildarríkisins þar sem brotið var framið skal ekki túlka samning þennan með þeim hætti að þess sé krafist að umrætt aðildarríki láti í té upplýsingar um opinber mál sem eru höfðuð vegna slíks brots.

used for peaceful purposes in domestic use, storage or transport, and both the alleged offender and the nuclear material remain in the territory of the State Party in which the offence was committed, nothing in this Convention shall be interpreted as requiring that State Party to provide information concerning criminal proceedings arising out of such an offence.

15. gr.

Viðaukarnir eru óaðskiljanlegur hluti samnings þessa.

Article 15

The Annexes constitute an integral part of this Convention.

16. gr.

1. Vörsluaðili skal boða til ráðstefnu aðildarríkja fimm árum eftir gildistöku samnings þessa í því skyni að endurskoða framkvæmd samningsins og hvort hann sé fullnægjandi, að því er varðar inngangsorð, allan meginhlutann og viðauka, í ljósi aðstæðna á þeim tíma.
2. Meiri hluti aðildarríkja getur, á að minnsta kosti fimm ára fresti þar eftir, fengið því framgengt að boðað verði til fleiri ráðstefna í sama tilgangi með því að leggja það til við vörsluaðila.

Article 16

1. A conference of States Parties shall be convened by the depositary five years after the entry into force of this Convention to review the implementation of the Convention and its adequacy as concerns the preamble, the whole of the operative part and the annexes in the light of the then prevailing situation.
2. At intervals of not less than five years thereafter, the majority of States Parties may obtain, by submitting a proposal to this effect to the depositary, the convening of further conferences with the same objective.

17. gr.

1. Rísi ágreiningur milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um með hvaða hætti beri að túlka samning þennan eða beita ákvæðum hans ber þeim aðildarríkjum að ráðgast sín á milli í því skyni að leysa ágreininginn með samningaviðræðum eða eftir öðrum friðsamlegum leiðum til lausnar ágreiningi sem allir málsaðilar geta sætt sig við.
2. Allan ágreining af þessum toga, sem ekki er unnt að leysa með þeim hætti sem er lýst í 1. mgr., skal leggja í gerðardóm eða honum vísað til Alþjóðadómstólsins til úrlausnar að beiðni einhvers aðila að slíkum ágreiningi. Geti aðilar að ágreiningi, sem er lagður í gerðardóm, ekki komist að samkomulagi um skipulag gerðardóms innan sex mánaða frá því að beiðni um gerðardómsúrskurð er lögð fram getur málsaðili farið þess á leit við forseta Alþjóðadómstólsins eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að hann tilnefni einn gerðardómsmann eða fleiri. Ef ósamhljóða beiðnir koma fram frá málsaðilum skal beiðnin, sem er send aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, hafa forgang.

Article 17

1. In the event of a dispute between two or more States Parties concerning the interpretation or application of this Convention, such States Parties shall consult with a view to the settlement of the dispute by negotiation, or by any other peaceful means of settling disputes acceptable to all parties to the dispute.
2. Any dispute of this character which cannot be settled in the manner prescribed in paragraph 1 shall, at the request of any party to such dispute, be submitted to arbitration or referred to the International Court of Justice for decision. Where a dispute is submitted to arbitration, if, within six months from the date of the request, the parties to the dispute are unable to agree on the organization of the arbitration, a party may request the President of the International Court of Justice or the Secretary-General of the United Nations to appoint one or more arbitrators. In case of conflicting requests by the parties to the dispute, the request to the Secretary-General of the United Nations shall have priority.

3. Aðildarríki er heimilt við undirritun samnings þessa, fullgildingu hans, staðfestingu, eða samþykki, eða aðild að honum, að lýsa því yfir að það telji sig óbundið af málsmeðferð til lausnar ágreiningi, sem kveðið er á um í 2. mgr., annarri eða báðum. Hin aðildarríkin eru óbundin af málsmeðferð til lausnar ágreiningi, sem kveðið er á um í 2. mgr., gagnvart aðildarríki sem hefur gert fyrirvara um sömu málsmeðferð.
4. Aðildarríki, sem hefur gert fyrirvara í samræmi við 3. mgr., er hvenær sem er heimilt að draga þann fyrirvara til baka með tilkynningu til vörsluaðila.

18. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í aðalstöðvum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í Vínarborg og í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 3. mars 1980 þar til hann öðlast gildi.
2. Samningur þessi er háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki þeirra ríkja sem undirrita hann.
3. Öllum ríkjum er heimilt að gerast aðilar að samningi þessum eftir að hann öðlast gildi.
4. a. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu alþjóðastofnana og svæðastofnana á sviði samlögunar eða á öðrum sviðum og þeim er heimilt að gerast aðili að honum, að því tilskildu að slíkar stofnanir séu lögskipaðar af fullvalda ríkjum og til þess bærar að vinna að undirbúningi, gerð og framkvæmd alþjóðasamninga um málefni sem samningur þessi fjallar um.
   b. Stofnanir þessar skulu, í málum sem eru á valdsviði þeirra og í eigin nafni, neyta þeirra réttinda sem samningur þessi veitir aðildarríkjum og uppfylla þær skyldur sem hann leggur þeim á herðar.
   c. Þegar slíkar stofnanir gerast aðilar að samningi þessum skulu þær senda vörsluaðila yfirlýsingu þar sem tilgreind eru þau ríki, sem eru aðilar að henni, og hvaða greinar samnings þessa gilda ekki um hana.
   d. Slík stofnun skal ekki fara með önnur atkvæði en atkvæði aðildarríkja sinna.
5. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skal afhenda vörsluaðila.

3. Each State Party may at the time of signature, ratification, acceptance or approval of this Convention or accession thereto declare that it does not consider itself bound by either or both of the dispute settlement procedures provided for in paragraph 2. The other States Parties shall not be bound by a dispute settlement procedure provided for in paragraph 2, with respect to a State Party which has made a reservation to that procedure.
4. Any State Party which has made a reservation in accordance with paragraph 3 may at any time withdraw that reservation by notification to the depositary.

Article 18

1. This Convention shall be open for signature by all States at the Headquarters of the International Atomic Energy Agency in Vienna and at the Headquarters of the United Nations in New York from 3 March 1980 until its entry into force.
2. This Convention is subject to ratification, acceptance or approval by the signatory States.
3. After its entry into force, this Convention will be open for accession by all States.
4. a. This Convention shall be open for signature or accession by international organizations and regional organizations of an integration or other nature, provided that any such organization is constituted by sovereign States and has competence in respect of the negotiation, conclusion and application of international agreements in matters covered by this Convention.
   b. In matters within their competence, such organizations shall, on their own behalf, exercise the rights and fulfil the responsibilities which this Convention attributes to States Parties.
   c. When becoming party to this Convention such an organization shall communicate to the depository a declaration indicating which States are members thereof and which articles of this Convention do not apply to it.
   d. Such an organization shall not hold any vote additional to those of its Member States.
5. Instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with depositary.

19. gr.

1. Samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi frá þeim degi þegar tuttugasta og fyrsta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er afhent vörsluaðila.
2. Samningurinn öðlast gildi gagnvart ríki, sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samninginn eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta og fyrsta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent, á þrítugasta degi frá því að ríkið afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

20. gr.

1. Aðildarríki er heimilt, með fyrirvara um 16. gr., að leggja fram tillögur að breytingum á samningi þessum. Breytingartillögu skal senda vörsluaðila sem skal dreifa henni án tafar til allra aðildarríkja. Óski meiri hluti aðildarríkja eftir því við vörsluaðila að hann boði til ráðstefnu til að fjalla um breytingartillögurnar skal vörsluaðili bjóða öllum aðildarríkjum að sækja slíka ráðstefnu sem skal halda eigi fyrr en þrjátíu dögum eftir að boðin eru send. Vörsluaðili skal dreifa öllum breytingum, sem eru samþykktar á ráðstefnunni með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra aðildarríkja, tafarlaust til allra aðildarríkja.

2. Breyting skal öðlast gildi gagnvart ríki, sem afhendir til vörslu skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, á þrítugasta degi frá þeim degi þegar tveir þriðju hlutar aðildarríkja hafa afhent vörsluaðila skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Eftir það skal breyting öðlast gildi gagnvart öðrum aðildarríkjum á þeim degi þegar þau afhenda til vörslu skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki breytingarinnar.

21. gr.

1. Hver samningsaðili getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.
2. Uppsögn kemur til framkvæmda eitt hundrað og áttatíu dögum eftir þann dag er vörsluaðili móttekur tilkynningu.

22. gr.

Vörsluaðili skal tafarlaust senda öllum ríkjum tilkynningu um:

Article 19

1. This Convention shall enter into force on the thirtieth day following the date of deposit of the twenty-first instrument of ratification, acceptance or approval with the depositary.
2. For each State ratifying, accepting, approving or acceding to the Convention after the date of deposit of the twenty-first instrument of ratification, acceptance or approval, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after the deposit by such State of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article 20

1. Without prejudice to article 16 a State Party may propose amendments to this Convention. The proposed amendment shall be submitted to the depositary who shall circulate it immediately to all States Parties. If a majority of States Parties request the depositary to convene a conference to consider the proposed amendments, the depositary shall invite all States Parties to attend such a conference to being not sooner than thirty days after the invitations are issued. Any amendment adopted at the conference by a two-thirds majority of all States Parties shall be promptly circulated by the depositary to all States Parties.
2. The amendment shall enter into force for each State Party that deposits its instrument of ratification, acceptance or approval of the amendment on the thirtieth day after the date on which two thirds of the States Parties have deposited their instruments of ratification, acceptance or approval with the depositary. Thereafter, the amendment shall enter into force for nay other State Party on the day on which that State Party deposits its instrument of ratification, acceptance or approval of the amendment.

Article 21

1. Any State Party any denounce this Convention by written notification to the depositary.
2. Denunciation shall take effect one hundred and eighty days following the date on which notification is received by the depositary.

Article 22

The depositary shall promptly notify all States of:

a. hverja undirritun samnings þessa;
b. hverja afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu;
c. fyrirvara og afturköllun í samræmi við ákvæði 17. gr.;
d. orðsendingar frá stofnun í samræmi við c-lið 4. mgr. 18. gr.;

e. gildistöku þessa samnings;
f. gildistöku hverrar breytingar við samning þennan; og
g. hverja uppsögn samkvæmt 21. gr.

23. gr.

Frumrit samnings þessa, en textar hans á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal afhent aðalframkvæmdastjóra Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar til vörslu sem sendir öllum ríkjum staðfest endurrit þess.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan sem lagður er fram til undirritunar í Vínarborg og New York 3. mars 1980.

a. each signature of this Convention;
b. each deposit of an instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
c. any reservation or withdrawal in accordance with article 17;
d. any communication made by an organization in accordance with paragraph 4(c) of article 18;
e. the entry into force of this Convention;
f. the entry into force of any amendment to this Convention; and
g. any denunciation made under article 21.

Article 23

The original of this Convention, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Director General of the International Atomic Energy Agency who shall send certified copies thereof to all States.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized, have signed this Convention, opened for signature at Vienna and at New York on 3 March 1980.

I. Viðauki.
Vörslustig sem ber að nota við flutning kjarnakleyfra efna milli landa samanber flokkun í II. viðauka.

1. Vörslustig, sem gilda fyrir kjarnakleyf efni meðan á geymslu þeirra stendur sem tengist flutningi milli landa, fela í sér eftirfarandi:
   a. fyrir efni í III. flokki, geymslu innan svæðis þar sem aðgangi er stýrt;
   b. fyrir efni í II. flokki, geymslu innan svæðis, sem er undir stöðugu eftirliti varða eða rafeindabúnaðar, umlukt áþreifanlegum hindrunum með takmörkuðum fjölda hliða þar sem viðeigandi eftirlit fer fram eða annars svæðis þar sem varsla er á sambærilegu stigi;
   c. fyrir efni í I. flokki, geymslu innan varins svæðis, samanber skilgreiningu fyrir II. flokk hér að framan, þar sem aðgangur er auk þess takmarkaður við einstaklinga, sem hafa verið metnir með tilliti til trúverðugleika, og er undir eftirliti varða á vakt sem eru í nánu sambandi við viðeigandi viðbragðsliðsafla. Með sértækum ráðstöfunum, sem eru gerðar í þessu sambandi, skal stefnt að því að koma upp um

Annex I
Levels of Physical Protection to be Applied in International Transport of Nuclear Materials as Categorized in Annex II

1. Levels of physical protection for nuclear material during storage incidental to international nuclear transport include:
   a. For Category III materials, storage within an area to which access is controlled;
   b. For Category II materials, storage within an area under constant surveillance by guards or electronic devices, surrounded by a physical barrier with a limited number of points of entry under appropriate control or any area with an equivalent level of physical protection;
   c. For Category I material, storage within a protected area as defined for Category II above, to which, in addition, access is restricted to persons whose trustworthiness has been determined, and which is under surveillance by guards who are in close communication with appropriate responses forces. Specific measures taken in this context should have as their object the detection and prevention of any

og í veg fyrir árásir, aðgang í leyfisleysi eða brottflutning efnis í leyfisleysi.

2. Vörslustig, sem gilda fyrir kjarnakleyf efni meðan á flutningi þeirra stendur milli landa, fela í sér eftirfarandi:
   a. að því er varðar efni í II. og III. flokki skal gera sérstakar varúðarráðstafanir þegar flutningur þeirra fer fram, meðal annars skulu sendandi, móttakandi og farmflytjandi gera sameiginlegar ráðstafanir fyrirfram og einstaklingar eða lögpersónur, sem eru háðir lögsögu eða stjórnvaldsfyrirmælum útflutnings- eða innflutningsríkis, skulu semja fyrirfram sín á milli um hvenær, hvar og með hvaða hætti skuli framselja ábyrgð á flutningum;
   b. að því er varðar efni í I. flokki skal gera sérstakar varúðarráðstafanir, sem eru tilgreindar hér að framan fyrir flutning efna í II. og III. flokki, þegar flutningur þeirra fer fram og auk þess skal hann fara fram undir stöðugu eftirliti fylgdarliðs og við skilyrði sem tryggja náið samband við viðeigandi viðbragðsliðsafla;
   c. að því er varðar náttúrlegt úran, annað en í formi málmgrýtis eða málmgrýtisleifar, skal varsla meðan á flutningi stendur, það er ef magnið er meira en 500 kílógrömm af úrani, felast í því að tilkynna fyrirfram um sendingu, það er tilgreina flutningsmáta og áætlaðan komutíma, og staðfesta viðtöku sendingar.

assault, unauthorized access or unauthorized removal of material.

2. Levels of physical protection for nuclear material during international transport include:

   a. For Category II and III materials, transportation shall take place under special precautions including prior arrangements among sender, receiver, and carrier, and prior agreement between natural or legal persons subject to the jurisdiction and regulation of exporting and importing States, specifying time, place and procedures for transferring transport responsibility;

   b. For Category I materials, transportation shall take place under special precautions identified above for transportation of Category II and III materials, and in addition, under constant surveillance by escorts and under conditions which assure close communication with appropriate response forces;
   c. For natural uranium other than in the form of ore or ore-residue; transportation protection for quantities exceeding 500 kilograms uranium shall include advance notification of shipment specifying mode of transport, expected time of arrival and confirmation of receipt of shipment.

II. viðauki.

Tafla: Flokkun kjarnakleyfra efna

Efni	*Form*	*Flokkur*		
		I	*II*	*III*[c]
1. Plúton[a]	Ógeislað[b]	2 kg eða meira	Minna en 2 kg en meira en 500 g	500 g eða minna en meira en 15 g
2. Úran 235	Ógeislað[b] – úran auðgað að 20% U^{235} eða þar yfir	5 kg eða meira	Minna en 5 kg en meira en 1 kg	1 kg eða minna en meira en 15 g
	– úran auðgað að 10% U^{235} en minna en en 20%		10 kg eða meira	Minna en 10 kg en meira en 1 kg
	– úran auðgað fram yfir náttúrlegt ástand en minna en 10% U^{235}			10 kg eða meira
3. Úran 233	Ógeislað[b]	2 kg eða meira	Minna en 2 kg en meira en 500 g	500 g eða minna en meira en 15 g
4. Geislað eldsneyti			Rýrt eða náttúrlegt úran, þórín eða smáauðgað eldsneyti (undir 10% kjarnakleyft innihald)[d/e]	

a Allt plúton, að því undanskildu sem hefur yfir 80% samsætustyrk í plútoni 238.

b Efni sem er ekki geislað í kjarnaofni eða efni geislað í kjarnaofni en með geislunarmark sem jafngildir eða er lægra en 100 rad/klst í eins metra fjarlægð óvarið.

c Gæta ber magns sem fellur ekki undir III. flokk og náttúrlegs úrans í samræmi við stjórnunarhætti þar sem varfærni er höfð að leiðarljósi.

d Þrátt fyrir að þetta vörslustig sé ráðlagt er ríkjum samt sem áður heimilt, að fengnu mati á þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja, að tiltaka annan vörsluflokk.

e Heimilt er að lækka annað eldsneyti, sem vegna upprunalegs innihalds kjarnakleyfra efna er sett í I. eða II. flokk fyrir geislun, um einn flokk ef geislunarmark eldsneytisins er yfir 100 rad/klst í eins metra fjarlægð óvarið.

Annex II

Table: Categorization of Nuclear Material

Material	*Form*	*Category*		
		I	*II*	*III*[c/]
1. Plutonium[a/]	Unirradiated[b/]	2 kg or more	Less than 2 kg but more than 500 g	500 g or less but more than 15 g
2. Uranium-235	Unirradiated[b/] – uranium enriched to 20% ^{235}U or more	5 kg or more	Less than 5 kg but more than 1 kg	1 kg or less but more than 15 g
	– uranium enriched to 10% ^{235}U but less than 20%		10 kg or more	Less than 10 kg but more than 1 kg
	– uranium enriched above natural, but less than 10% ^{235}U			10 kg or more
3. Uranium-233	Unirradiated[b/]	2 kg or more	Less than 2 kg but more than 500 g	500 g or less but more than 15 g
4. Irradiated fuel			Depleted or natural uranium, thorium or lowenriched fuel (less than 10% fossile content)[d/e/]	

a/ All plutonium except that with isotopic concentration exceeding 80% in plutonium-238.

b/ Material not irradiated in a reactor or material irradiated in a reactor but with a radiation level equal to or less than 100 rads/hour at one meter unshielded.

c/ Quantities not falling in Category III and natural uranium should be protected in accordance with prudent management practice.

d/ Although this level of protection is recommended, it would be open to States, upon evaluation of the specific circumstances, to assign a different category of physical protection.

e/ Other fuel which by virtue of its original fissile material content is classified as Category I and II before irradiation may be reduced one category level while the radiation level from the fuel exceeds 100 rads/hour at one metre unshielded.

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Jórdaníu.

Hinn 30. apríl 2002 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Jórdaníu sem gerður var í Vaduz 21. júní 2001. Samningurinn öðlaðist gildi 1. september 2002.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. september 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

6. september 2002 Nr. 39

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Króatíu.

Hinn 3. maí 2002 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu sem gerður var í Vaduz 21. júní 2001. Samningurinn öðlaðist gildi 1. september 2002.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. september 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

4. nóvember 2002 Nr. 40

AUGLÝSING

um viðbót við fyrirvara við e-lið 10. mgr. fylgiskjals með alþjóðasamningi um stjórnun hvalveiða.

Hinn 10. október 2002 var bandaríska utanríkisráðuneytinu afhent viðbót við fyrirvara Íslands við e-lið 10. mgr. fylgiskjals með alþjóðasamningi um stjórnun hvalveiða frá 2. desember 1946, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/2001, þar sem samningurinn er birtur, og 27/2002. Í viðbótinni felst að auk þeirra skuldbindinga sem fram koma í fyrri viðbót við fyrirvarann, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 27/2002, skuldbinda íslensk stjórnvöld sig til að heimila ekki íslenskum skipum að stunda hvalveiðar í atvinnuskyni fyrir 2006.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. nóvember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um alþjóðasamning um verndun túnfiska í Atlantshafi.

Hinn 30. október 2002 var aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna afhent aðildarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um verndun túnfiska í Atlantshafi sem gerður var í Ríó de Janeiró 14. maí 1966. Alþingi hafði með ályktun 29. október 2002 heimilað að Ísland gerðist aðili að samningnum. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 30. október 2002.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. nóvember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMNINGUR um verndun túnfiska í Atlantshafi.

Inngangsorð.

Ríkisstjórnirnar, en fulltrúar þeirra með fullt umboð hafa undirritað samning þennan, sem hafa hliðsjón af sameiginlegum hagsmunum sínum af túnfiskstofnum og stofnum áþekkra fisktegunda í Atlantshafi og vilja vinna sameiginlega að því að viðhalda ástandi þessara fiskstofna þannig að unnt sé að stunda sjálfbærar hámarksveiðar til fæðuöflunar og annarra nota, ásetja sér að gera samning um verndun túnfisks og áþekkra fisktegunda í Atlantshafi og eru í því skyni ásáttar um eftirfarandi:

I. gr.

Svæðið, sem samningur þessi tekur til, hér á eftir nefnt „samningssvæðið“, skal ná yfir allt Atlantshaf, þar með talin aðliggjandi innhöf.

II. gr.

Ekkert í samningi þessum skal túlka með þeim hætti að hafi áhrif á réttindi, kröfur eða sjónarmið hvaða samningsaðila sem er með tilliti til landhelgismarka eða víðfeðmi fiskveiðilögsögu samkvæmt þjóðarétti.

III. gr.

1. Samningsaðilar samþykkja hér með að koma á fót og starfrækja ráð undir heitinu Alþjóða-

INTERNATIONAL CONVENTION for the Conservation of Atlantic Tunas

Preamble

The Governments whose duly authorized representatives have subscribed hereto, considering their mutual interest in the populations of tuna and tuna-like fishes found in the Atlantic Ocean, and desiring to co-operate in maintaining the populations of these fishes at levels which will permit the maximum sustainable catch for food and other purposes, resolve to conclude a Convention for the conservation of the resources of tuna and tuna-like fishes of the Atlantic Ocean, and to that end agree as follows:

Article I

The area to which this Convention shall apply, hereinafter referred to as the "Convention area", shall be all waters of the Atlantic Ocean, including the adjacent Seas.

Article II

Nothing in this Convention shall be considered as affecting the rights, claims or views of any Contracting Party in regard to the limits of territorial waters or the extent of jurisdiction over fisheries under international law.

Article III

1. The Contracting Parties hereby agree to establish and maintain a Commission to be

ráð um verndun túnfiska í Atlantshafi, hér á eftir nefnt „ráðið“, sem skal vinna að markmiðum þeim sem sett eru fram í samningi þessum.

2. Hver samningsaðili skal eiga allt að þrjá fulltrúa í ráðinu. Fulltrúar þessir mega njóta aðstoðar sérfræðinga og ráðgjafa.

3. Ákvarðanir í ráðinu skal taka með atkvæðum meiri hluta samningsaðila þar sem hver samningsaðili hefur eitt atkvæði nema kveðið sé á um annað í samningi þessum. Ráðið telst ályktunarbært ef tveir þriðju hlutar samningsaðila eru viðstaddir.
4. Halda ber reglulegan fund í ráðinu einu sinni á tveggja ára fresti. Heimilt er að boða til aukafundar hvenær sem er að ósk meiri hluta samningsaðila eða með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar eins og heimilað er í V. gr.
5. Á fyrsta fundi sínum, og síðan á hverjum reglulegum fundi, kýs ráðið sér formann, fyrsta varaformann og annan varaformann úr röðum samningsaðila og er heimilt að endurkjósa þá einu sinni.

6. Fundi ráðsins og undirstofnana þess skal halda fyrir opnum tjöldum nema ráðið ákveði annað.
7. Opinber tungumál ráðsins eru enska, franska og spænska.
8. Ráðinu skal heimilt að setja sér nauðsynlegar starfsreglur og fjárhagsreglugerðir til þess að gegna hlutverki sínu.

9. Ráðið skilar skýrslu til samningsaðila um starfsemi sína og niðurstöður á tveggja ára fresti og veitir enn fremur öllum samningsaðilum upplýsingar um hvert það málefni sem tengist markmiðum samningsins þegar þess er óskað.

IV. gr.

1. Ráðið skal, í því skyni að ná markmiðum samnings þessa, annast athuganir á túnfiskstofnum og stofnum áþekkra fisktegunda (*Scombriformes* að undanskildum ættunum *Trichiuridae* og *Gempylidae* og ættkvíslinni *Scomber*) og öðrum fisktegundum sem eru nýttar samhliða túnfiskveiðum á samningssvæðinu og aðrar alþjóðlegar fiskveiðistjórnarstofnanir stunda ekki rannsóknir á. Í slíkum

known as the International Commission for the Conservation of Atlantic Tunas, hereinafter referred to as "the Commission", which shall carry out the objectives set forth in this Convention.
2. Each of the Contracting Parties shall be represented on the Commission by not more than three Delegates. Such Delegates may be assisted by experts and advisors.
3. Except as may otherwise be provided in this Convention, decisions of the Commission shall be taken by a majority of the Contracting Parties, each Contracting Party having one vote. Two-thirds of the Contracting Parties shall constitute a quorum.
4. The Commission shall hold a regular meeting once every two years. A special meeting may be called at any time at the request of a majority of the Contracting Parties or by decision of the Council as constituted in Article V.
5. At its first meeting, and thereafter at each regular meeting, the Commission shall elect from among its Members a Chairman, a first Vice-Chairman and a second Vice-Chairman who shall not be reelected for more than one term.
6. The meetings of the Commission and its subsidiary bodies shall be public unless the Commission otherwise decides.
7. The official languages of the Commission shall be English, French and Spanish.
8. The Commission shall have authority to adopt such rules of procedure and financial regulations as are necessary to carry out its functions.
9. The Commission shall submit a report to the Contracting Parties every two years on its work and findings and shall also inform any Contracting Party, whenever requested, on any matter relating to the objectives of the Convention.

Article IV

1. In order to carry out the objectives of this Convention the Commission shall be responsible for the study of the populations of tuna and tuna-like fishes (the Scombriformes with the exception of the families Trichiuridae and Gempylidae and the genus Scomber) and such other species of fishes exploited in tuna fishing in the Convention area as are not under investigation by another international

athugunum skulu felast rannsóknir á stofnstærð, líffræðilegri tölvísi og vistfræði fiskanna, haffræðilegar rannsóknir á umhverfi þeirra og rannsóknir á áhrifum þátta í náttúrunni og þátta, sem má rekja til mannlegra athafna, á stofnstærð þeirra. Ráðið skal, í því skyni að sinna þessum skyldum sínum og eins og frekast er unnt, nýta sér tæknilega og vísindalega þjónustu opinberra stofnana samningsaðilanna og stjórnardeilda þeirra og upplýsingar frá þeim og því er heimilt, eftir því sem æskilegt er, að nýta sér fáanlega þjónustu og upplýsingar frá opinberum eða einkareknum stofnunum, samtökum eða einstaklingum og enn fremur, innan marka fjárhagsáætlunar sinnar, að ráðast í sjálfstæðar rannsóknir til viðbótar þeim rannsóknum sem ríkisstjórnir, innlendar stofnanir eða aðrar alþjóðastofnanir stunda.

2. Í því að beita ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar felst meðal annars:
   a) að safna og greina talnagögn um núverandi skilyrði og þróun þeirra auðlinda á samningssvæðinu sem túnfiskveiðar eru byggðar á;
   b) að kanna og leggja mat á upplýsingar um ráðstafanir og aðferðir til að tryggja að túnfiskstofnum og stofnum áþekkra fisktegunda á samningssvæðinu sé haldið við í þeim mæli sem gerir sjálfbærar hámarksveiðar mögulegar og tryggir skilvirka nýtingu þessara fisktegunda á þann hátt sem samræmist slíkum veiðum;
   c) að leggja tillögur fyrir samningsaðila um athuganir og rannsóknir;
   d) að gefa út og dreifa með öðrum hætti skýrslum um niðurstöður ráðsins og talnagögnum, ásamt líffræðilegum upplýsingum og öðrum vísindalegum upplýsingum er lúta að túnfiskveiðum á samningssvæðinu.

fishery organization. Such study shall include research on the abundance, biometry and ecology of the fishes; the oceanography of their environment; and the effects of natural and human factors upon their abundance. The Commission, in carrying out these responsibilities shall, insofar as feasible, utilise the technical and scientific services of, and information from, official agencies of the Contracting Parties and their political sub-divisions and may, when desirable, utilise the available services and information of any public or private institution, organization or individual, and may undertake within the limits of its budget independent research to supplement the research work being done by governments, national institutions or other international organizations.

2. The carrying out of the provisions in paragraph 1 of this Article shall include:
   a) collecting and analysing statistical information relating to the current conditions and trends of the tuna fishery resources of the Convention area;
   b) studying and appraising information concerning measures and methods to ensure maintenance of the populations of tuna and tuna-like fishes in the Convention area at levels which will permit the maximum sustainable catch and which will ensure the effective exploitation of these fishes in a manner consistent with this catch;
   c) recommending studies and investigations to the Contracting Parties;
   d) publishing and otherwise disseminating reports of its findings and statistical, biological and other scientific information relative to the tuna fisheries of the Convention area.

V. gr.

1. Innan ráðsins skal mynda framkvæmdastjórn sem í eiga sæti formaður og varaformenn ráðsins, ásamt fulltrúum frá að minnsta kosti fjórum og allt að átta samningsaðilum. Kjósa skal um það, á hverjum reglulegum fundi ráðsins, hvaða samningsaðilar skuli eiga fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Fari fjöldi samningsaðila yfir fjörutíu er ráðinu þó heimilt að kjósa tvo samningsaðila til viðbótar sem skulu eiga fulltrúa í framkvæmdastjórninni.

Article V

1. There is established within the Commission a Council which shall consist of the Chairman and the Vice-Chairmen of the Commission together with the representatives of not less than four and not more than eight Contracting Parties. The Contracting Parties represented on the Council shall be elected at each regular meeting of the Commission. However, if at any time the number of the Contracting Parties exceeds forty, the Com-

Fulltrúa þeirra samningsaðila, sem formaðurinn og varaformennirnir koma frá, skal ekki kjósa í framkvæmdastjórnina. Þegar kosið er til framkvæmdastjórnar skal ráðið taka tilhlýðilegt tillit til hagsmuna einstakra samningsaðila að því er varðar landfræðilega legu þeirra og túnfiskveiðar og -vinnslu og til jafns réttar samningsaðila til setu í framkvæmdastjórninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal vinna þau verk sem henni eru falin með samningi þessum eða ráðið tilnefnir hana til að vinna og skal koma saman að minnsta kosti einu sinni á tímabilinu milli reglulegra funda ráðsins. Framkvæmdastjórnin skal, milli funda ráðsins, taka nauðsynlegar ákvarðanir um skyldustörf starfsmanna og gefa framkvæmdastjóranum nauðsynleg fyrirmæli. Framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir í samræmi við reglur sem ráðið setur.

VI. gr.

Ráðinu er heimilt, í því skyni að ná markmiðum samnings þessa, að skipa nefndir sem hafa fisktegundir, tegundaflokka eða hafsvæði að viðfangsefni. Hver slík nefnd

a) skal annast eftirlit með þeirri fisktegund, þeim tegundaflokki eða því hafsvæði sem er á hennar sviði og söfnun vísindalegra og annarra upplýsinga þar um;
b) hefur heimild til að beina til ráðsins tilmælum sem eru byggð á vísindarannsóknum og fjalla um sameiginlegar aðgerðir samningsaðilanna;
c) getur mælt með því við ráðið að fram fari nauðsynlegar athuganir og rannsóknir til að afla upplýsinga um þá fisktegund, þann tegundaflokk eða það hafsvæði sem er á verksviði hennar og að rannsóknaráætlanir samningsaðila séu samræmdar.

VII. gr.

Ráðið skal tilnefna framkvæmdastjóra sem skal starfa samkvæmt ákvörðunum ráðsins. Framkvæmdastjórinn hefur umboð til þess að ráða og stýra starfsliði ráðsins samkvæmt þeim reglum og því verklagi sem ráðið kann að ákveða. Eftirfarandi þættir falla meðal annars undir verksvið hans, eftir því sem ráðið kann að mæla fyrir um:

mission may elect an additional two Contracting Parties to be represented on the Council. The Contracting Parties of which the Chairman and Vice-Chairmen are nationals shall not be elected to the Council. In elections to the Council the Commission shall give due consideration to the geographic, tuna fishing and tuna processing interests of the Contracting Parties, as well as to the equal right of the Contracting Parties to be represented on the Council.

2. The Council shall perform such functions as are assigned to it by this Convention or are designated by the Commission, and shall meet at least once in the interim between regular meetings of the Commission. Between meetings of the Commission the Council shall make necessary decisions on the duties to be carried out by the staff and shall issue necessary instructions to the Executive Secretary. Decisions of the Council shall be made in accordance with rules to be established by the Commission.

Article VI

To carry out the objectives of this Convention the Commission may establish Panels on the basis of species, group of species, or of geographic areas. Each Panel in such case:

a) shall be responsible for keeping under review the species, group of species, or geographic area under its purview, and for collecting scientific and other information relating thereto;
b) may propose to the Commission, upon the basis of scientific investigations, recommendations for joint action by the Contracting Parties;
c) may recommend to the Commission studies and investigations necessary for obtaining information relating to its species, group of species, or geographic area, as well as the coordination of programmes of investigation by the Contracting Parties.

Article VII

The Commission shall appoint an Executive Secretary who shall serve at the pleasure of the Commission. The Executive Secretary, subject to such rules and procedures as may be determined by the Commission, shall have authority with respect to the selection and administration of the staff of the Commission. He shall also perform, inter alia, the following functions as the Commission may prescribe:

a) að samræma rannsóknaráætlanir samningsaðila;
b) að undirbúa fjárhagsáætlanir til umfjöllunar í ráðinu;
c) að veita greiðsluheimildir í samræmi við fjárhagsáætlun ráðsins;
d) að annast reikningshald sjóða ráðsins;
e) að undirbúa samvinnu við þær stofnanir sem um getur í XI. gr. samnings þessa;

f) að undirbúa söfnun og vinnslu nauðsynlegra gagna til að ná markmiðum samningsins, einkum gagna um yfirstandandi veiðar úr túnfiskstofnum og sjálfbærar hámarksveiðar úr sömu stofnum;
g) að ganga frá og leggja fyrir ráðið til samþykktar skýrslur frá ráðinu eða undirstofnunum þess um vísindarannsóknir, stjórnsýslu og annað.

a) co-ordinating the programmes of investigation by the Contracting Parties;
b) preparing budget estimates for review by the Commission;
c) authorising the disbursement of funds in accordance with the Commission's budget;
d) accounting for the funds of the Commission;
e) arranging for co-operation with the organizations referred to in Article XI of this Convention;
f) preparing the collection and analysis of data necessary to accomplish the purposes of the Convention particularly those data relating to the current and maximum sustainable catch of tuna stocks;
g) preparing for approval by the Commission scientific, administrative and other reports of the Commission and its subsidiary bodies.

VIII. gr.

1. a) Ráðið getur, á grundvelli vísindagagna, lagt fram tilmæli sem miða að því að viðhalda ástandi túnfiskstofna og álíkra fiskstofna, sem er heimilt að veiða úr á samningssvæðinu, þannig að unnt sé að stunda sjálfbærar hámarksveiðar. Fyrrnefnd tilmæli skulu gilda gagnvart samningsaðilum með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

b) Tilmælin, sem um getur hér að framan, skulu lögð fram:
i) að frumkvæði ráðsins, hafi viðkomandi nefnd ekki verið skipuð, eða með samþykki að minnsta kosti tveggja þriðju hluta allra samningsaðila, hafi viðkomandi nefnd verið skipuð;

ii) að tillögu viðkomandi nefndar, hafi slík nefnd verið skipuð;

iii) að tillögu viðkomandi nefnda, fjalli viðkomandi tilmæli um fleiri en eitt hafsvæði, eina fisktegund eða einn tegundaflokk.

2. Tilmæli skv. 1. mgr. þessarar greinar skulu taka gildi gagnvart öllum samningsaðilum sex mánuðum eftir þann dag er ráðið tilkynnir samningsaðilum um tilmælin, með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. þessarar greinar.

Article VIII

1. a) The Commission may, on the basis of scientific evidence, make recommendations designed to maintain the populations of tuna and tuna-like fishes that may be taken in the Convention area at levels which will permit the maximum sustainable catch. These recommendations shall be applicable to the Contracting Parties under the conditions laid down in paragraphs 2 and 3 of this Article.
b) The recommendations referred to above shall be made:
i) at the initiative of the Commission if an appropriate Panel has not been established or with the approval of at least two-thirds of all the Contracting Parties if an appropriate Panel has been established;
ii) on the proposal of an appropriate Panel if such a Panel has been established;
iii) on the proposal of the appropriate Panels if the recommendation in question relates to more than one geographic area, species or group of species.
2. Each recommendation made under paragraph 1 of this Article shall become effective for all Contracting Parties six months after the date of the notification from the Commission transmitting the recommendation to the Contracting Parties, except as provided in paragraph 3 of this Article.

3. a) Komi samningsaðili, þegar um ræðir tilmæli skv. i-lið b-liðar 1. mgr. hér að framan, eða samningsaðili, sem á sæti í hlutaðeigandi nefnd, og þegar um ræðir tilmæli skv. ii- eða iii-lið b-liðar 1. mgr. hér að framan, á framfæri við ráðið mótmælum gegn slíkum tilmælum innan sex mánaða tímabilsins sem kveðið er á um í 2. mgr. hér að framan skulu tilmælin ekki taka gildi næstu 60 daga eftir það.

b) Að svo búnu getur hver annar samningsaðili komið á framfæri mótmælum áður en 60 daga viðbótartímabilinu lýkur eða innan 45 daga frá þeim degi er tilkynnt er um mótmæli sem annar samningsaðili ber fram á slíku 60 daga viðbótartímabili og skal miða við þá dagsetningu sem er síðar.

c) Tilmælin skulu taka gildi í lok viðbótartímabilsins eða -tímabilanna þegar heimilt er að bera fram mótmæli nema gagnvart þeim samningsaðilum sem hafa komið mótmælum á framfæri.

d) Hafi aðeins einn samningsaðili eða færri en fjórði hver samningsaðili komið mótmælum á framfæri gegn tilmælum, í samræmi við a- og b-liði hér að framan, skal ráðið þó án tafar tilkynna samningsaðilanum eða -aðilunum, sem komu slíkum mótmælum á framfæri, að þau séu ekki tekin gild.

e) Í því tilviki sem um getur í d-lið hér að framan skal hlutaðeigandi samningsaðili eða -aðilar fá 60 daga til viðbótar frá dagsetningu umræddrar tilkynningar til að ítreka mótmæli sín. Að þeim tíma liðnum skulu tilmælin taka gildi nema gagnvart þeim samningsaðilum sem hafa borið fram mótmæli og ítrekað þau innan tilgreinds frests.

f) Hafi fleiri en fjórði hver samningsaðili, en þó ekki meiri hluti þeirra, borið fram mótmæli gegn tilmælum, í samræmi við ákvæði a- og b-liða hér að framan, skulu tilmælin taka gildi gagnvart þeim samningsaðilum sem hafa ekki komið mótmælum á framfæri.

g) Hafi meiri hluti samningsaðila komið

3. a) If any Contracting Party in the case of a recommendation made under paragraph 1 (b) (i) above, or any Contracting Party member of a Panel concerned in the case of a recommendation made under paragraph 1 (b) (ii) or (iii) above, presents to the Commission an objection to such recommendation within the six months period provided for in paragraph 2 above, the recommendation shall not be come effective for an additional sixty days.

b) Thereupon any other Contracting Party may present an objection prior to the expiration of the additional sixty days period, or within forty-five days of the date of the notification of an objection made by another Contracting Party within such additional sixty days, whichever date shall be the later.

c) The recommendation shall become effective at the end of the extended period or periods for objection, except for those Contracting Parties that have presented an objection.

d) However, if a recommendation has met with an objection presented by only one or less than one-fourth of the Contracting Parties, in accordance with sub-paragraphs (a) and (b) above, the Commission shall immediately notify the Contracting Party or Parties having presented such objection that it is to be considered as having no effect.

e) In the case referred to in sub-paragraph (d) above the Contracting Party or Parties concerned shall have an additional period of sixty days from the date of said notification in which to reaffirm their objection. On the expiry of this period the recommendation shall become effective, except with respect to any Contracting Party having presented an objection and reaffirmed it within the delay provided for.

f) If a recommendation has met with objection from more than one-fourth but less than the majority of the Contracting Parties, in accordance with sub-paragraphs (a) and (b) above, the recommendation shall become effective for the Contracting Parties that have not presented an objection thereto.

g) If objections have been presented by a

mótmælum á framfæri skulu tilmælin ekki taka gildi.

4. Hverjum samningsaðila, sem hefur mótmælt tilmælum, er hvenær sem er heimilt að draga mótmæli sín til baka og skulu tilmælin þá þegar í stað taka gildi gagnvart þeim samningsaðila, séu þau þegar í gildi, eða jafnskjótt og þau kunna að taka gildi samkvæmt skilmálum þessarar greinar.

5. Ráðið skal tilkynna öllum samningsaðilum án tafar um sérhver mótmæli sem því berast og um það þegar mótmæli eru dregin til baka og tilmæli taka gildi.

IX. gr.

1. Samningsaðilar eru ásáttir um að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til þess að tryggja að samningi þessum sé framfylgt. Hver samningsaðili skal senda ráðinu, á tveggja ára fresti eða þegar ráðið kann að telja slíkt nauðsynlegt, yfirlýsingu um þær aðgerðir sem hann hefur gripið til í þeim tilgangi.
2. Samningsaðilar eru ásáttir um:
   a) að láta í té, að beiðni ráðsins, öll fyrirliggjandi talnagögn, ásamt líffræðilegum upplýsingum og öðrum vísindalegum upplýsingum sem ráðið kann að þarfnast í því skyni að ná fram markmiðum samnings þessa;
   b) að heimila ráðinu að afla fyrrnefndra upplýsinga, fyrir atbeina samningsaðila og að eigin ákvörðun, beint frá fyrirtækjum og einstökum fiskimönnum, geti opinberar stofnanir þeirra ekki aflað þeirra og látið þær í té.
3. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að vinna saman að því að koma á viðeigandi og skilvirkum ráðstöfunum til að tryggja að ákvæði samnings þessa komi til framkvæmda og einkum til að koma á fót alþjóðlegu framkvæmdarkerfi á samningssvæðinu, þó ekki innan landhelgi og á öðrum hafsvæðum, ef um þau er að ræða, þar sem ríki hefur fiskveiðilögsögu að þjóðarétti.

X. gr.

1. Ráðið skal, að loknum hverjum reglulegum fundi, samþykkja fjárhagsáætlun til tveggja næstu ára vegna sameiginlegs kostnaðar þess.

majority of the Contracting Parties the recommendation shall not become effective.

4. Any Contracting Party objecting to a recommendation may at any time withdraw that objection, and the recommendation shall become effective with respect to such Contracting Party immediately if the recommendation is already in effect, or at such time as it may become effective under the terms of this Article.
5. The Commission shall notify each Contracting Party immediately upon receipt of each objection and of each withdrawal of an objection, and of the entry into force of any recommendation.

Article IX

1. The Contracting Parties agree to take all action necessary to ensure the enforcement of this Convention. Each Contracting Party shall transmit to the Commission, biennially or at such other times as may be required by the Commission, a statement of the action taken by it for these purposes.
2. The Contracting Parties agree:
   a) to furnish, on the request of the Commission, any available statistical, biological and other scientific information the Commission may need for the purposes of this Convention;
   b) when their official agencies are unable to obtain and furnish the said information, to allow the Commission, through the Contracting Parties, to obtain it on a voluntary basis direct from companies and individual fishermen.
3. The Contracting Parties undertake to collaborate with each other with a view to the adoption of suitable effective measures to ensure the application of the provisions of this Convention and in particular to set up a system of international enforcement to be applied to the Convention area except the territorial sea and other waters, if any, in which a state is entitled under international law to exercise jurisdiction over fisheries.

Article X

1. The Commission shall adopt a budget for the joint expenses of the Commission for the biennium following each regular meeting.

2. Hverjum samningsaðila ber að leggja árlega fram til reksturs ráðsins fjárhæð sem nemur:
   a) 1.000 (eitt þúsund) bandaríkjadölum vegna aðildar að ráðinu;
   b) 1.000 (eitt þúsund) bandaríkjadölum vegna setu í hverri nefnd;
   c) Fari framlögð fjárhagsáætlun um sameiginlegan kostnað á hvaða tveggja ára tímabili sem er fram úr heildarframlögum samningsaðila skv. a- og b-liðum þessarar málsgreinar skulu samningsaðilar leggja fram einn þriðja hluta umframkostnaðar í hlutfalli við framlög sín skv. a- og b-liðum þessarar málsgreinar. Vegna þeirra tveggja þriðju hluta sem eftir standa skal ráðið ákveða, á grundvelli nýjustu fyrirliggjandi upplýsinga:

      i) heildarþyngd túnfiskafla og afla áþekkra fisktegunda í Atlantshafi sem er nærri lagi og nettóþyngd niðursuðuvara úr þessum fiskum fyrir hvern samningsaðila fyrir sig;
      ii) samanlagðan heildarafla allra samningsaðila eins og hann er reiknaður skv. i-lið.

      Hverjum samningsaðila ber að leggja fram sinn skerf til þeirra tveggja þriðju hluta sem eftir standa eins og hlutfallið milli heildarafla hans skv. i-lið og samtölunnar í ii-lið segir til um. Ákveða ber þann hluta fjárhagsáætlunar, sem um getur í þessum lið, með samþykki allra samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.
3. Framkvæmdastjórnin skal taka síðari áfanga tveggja ára fjárhagsáætlunarinnar til endurskoðunar á reglulegum fundi sínum milli funda ráðsins og getur, á grundvelli yfirstandandi og fyrirsjáanlegrar þróunar, heimilað tilfærslur fjárhæða í fjárhagsáætlun ráðsins fyrir seinna árið innan ramma þeirrar heildarfjárhagsáætlunar sem ráðið hefur samþykkt.
4. Framkvæmdastjóri ráðsins tilkynnir hverjum samningsaðila um árgjald hans. Gjalddagi framlaga er 1. janúar á því ári sem árgjaldið er kræft. Hafi framlög ekki borist fyrir 1. janúar árið á eftir teljast þau í vanskilum.

5. Ráðið ákveður í hvaða gjaldmiðli skuli greiða framlög vegna tveggja ára fjárhagsáætlunar.

2. Each Contracting Party shall contribute annually to the budget of the Commission an amount equal to:
   a) U.S. $ 1,000 (one thousand United States dollars) for Commission membership.
   b) U.S. $ 1,000 (one thousand United States dollars) for each Panel membership.
   c) If the proposed budget for joint expenses for any biennium should exceed the whole amount of contributions to be made by the Contracting Parties under (a) and (b) of this paragraph, one-third of the amount of such excess shall be contributed by the Contracting Parties in proportion to their contributions made under (a) and (b) of this paragraph. For the remaining two-thirds the Commission shall determine on the basis of the latest available information:
      i) the total of the round weight of catch of Atlantic tuna and tuna-like fishes and the net weight of canned products of such fishes for each Contracting Party;
      ii) the total of (i) for all Contracting Parties.

      Each Contracting Party shall contribute its share of the remaining two thirds in the same ratio that its total in (i) bears to the total in (ii). That part of the budget referred to in this subparagraph shall be set by agreement of all the Contracting Parties present and voting.

3. The Council shall review the second half of the biennial budget at its regular meeting between Commission meetings and, on the basis of current and anticipated developments, may authorise reapportionment of amounts in the Commission budget for the second year within the total budget approved by the Commission.
4. The Executive Secretary of the Commission shall notify each Contracting Party of its yearly assessment. The contributions shall be payable on January first of the year for which the assessment was levied. Contributions not received before January first of the succeeding year shall be considered as in arrears.
5. Contributions to the biennial budget shall be payable in such currencies as the Commission may decide.

6. Ráðið skal samþykkja, á fyrsta fundi sínum, fjárhagsáætlun sem miðar að því að ná fram reikningsjöfnuði fyrir fyrsta starfsár ráðsins og fyrir næstu tvö ár þar á eftir. Það skal senda samningsaðilum án tafar afrit af fyrrnefndum fjárhagsáætlunum og tilkynningar um árgjald hvers og eins þeirra fyrsta árið.

7. Þaðan í frá skal framkvæmdastjórinn leggja fyrir hvern samningsaðila, á tímabili sem er eigi skemmra en 60 dagar fyrir reglulegan fund ráðsins sem er haldinn áður en hvert tveggja ára tímabil hefst, drög að fjárhagsáætlun fyrir komandi tveggja ára tímabil, ásamt yfirliti yfir væntanleg árgjöld.
8. Ráðið getur svipt samningsaðila atkvæðisrétti tímabundið ef vanskil hans á framlögum eru jöfn eða hærri en sú fjárhæð sem honum bar að greiða fyrir tvö undangengin ár.

9. Ráðið skal stofna rekstrarfjársjóð í því skyni að fjármagna starfsemi sína þar til árleg framlög berast og í öðrum þeim tilgangi sem ráðið kann að ákveða. Ráðið skal ákveða hversu gildur sjóðurinn skal vera, ákveða nauðsynleg lán til að unnt sé að stofnsetja hann og setja reglur um notkun sjóðsins.

10. Ráðið skal gera ráðstafanir til þess að óháður aðili endurskoði reikningshald þess á hverju ári. Ráðið skal, eða framkvæmdastjórnin þau ár sem ráðið heldur ekki reglulegan fund, yfirfara og samþykkja skýrslur um slíka endurskoðun.
11. Ráðinu er heimilt að taka við framlögum, öðrum en þeim sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, til styrktar starfsemi þess.

XI. gr.

1. Samningsaðilar eru ásáttir um að koma beri á samstarfi milli ráðsins og Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Í þessu augnamiði skal ráðið hefja samningaviðræður við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna í því skyni að gera samning skv. XIII. gr. stofnskrár stofnunarinnar. Í slíkum samningi skal meðal annars kveðið á um að aðalframkvæmdastjóri Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna tilnefni fulltrúa sem taki þátt í öllum fundum ráðsins og undirstofnana þess, en án atkvæðisréttar.

6. At its first meeting the Commission shall approve a budget for the balance of the first year the Commission functions and for the following biennium. It shall immediately transmit to the Contracting Parties copies of these budgets together with notices of the respective assessments for the first annual contribution.
7. Thereafter, within a period not less than sixty days before the regular meeting of the Commission which precedes the biennium, the Executive Secretary shall submit to each Contracting Party a draft biennial budget together with a schedule of proposed assessments.
8. The Commission may suspend the voting rights of any Contracting Party when its arrears of contributions equal or exceed the amount due from it for the two preceding years.
9. The Commission shall establish a Working Capital fund to finance operations of the Commission prior to receiving annual contributions, and for such other purposes as the Commission may determine. The Commission shall determine the level of the Fund, assess advances necessary for its establishment, and adopt regulations governing the use of the Fund.
10. The Commission shall arrange an annual independent audit of the Commission's accounts. The reports of such audits shall be reviewed and approved by the Commission, or by the Council in years when there is no regular Commission meeting.
11. The Commission may accept contributions, other than provided for in paragraph 2 of this Article, for the prosecution of its work.

Article XI

1. The Contracting Parties agree that there should be a working relationship between the Commission and the Food and Agriculture Organization of the United Nations. To this end the Commission shall enter into negotiations with the Food and Agriculture Organization of the United Nations with a view to concluding an agreement pursuant to Article XIII of the Organization's Constitution. Such agreement should provide, inter alia, for the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations to appoint a Representative who would partici-

2. Samningsaðilar eru ásáttir um að koma beri á samstarfi milli ráðsins og annarra alþjóðlegra fiskveiðiráða og vísindastofnana sem gætu lagt sitt af mörkum til starfsemi ráðsins. Ráðinu er heimilt að gera samninga við slík ráð og stofnanir.

3. Ráðinu er heimilt að bjóða alþjóðastofnunum, eftir því sem við á, og sérhverri ríkisstjórn, sem á aðild að Sameinuðu þjóðunum eða einhverri sérstofnun Sameinuðu þjóðanna og ekki á setu í ráðinu, að senda áheyrnarfulltrúa á fundi ráðsins og undirstofnana þess.

XII. gr.

1. Samningur þessi skal gilda í tíu ár og eftir það þar til meiri hluti samningsaðila samþykkir að fella hann úr gildi.
2. Hver samningsaðili getur hvenær sem er, að liðnum tíu árum frá þeim degi er samningur þessi öðlast gildi, sagt samningnum upp 31. desember hvaða ár sem vera skal, þar með talið tíunda árið, með skriflegri tilkynningu um uppsögn sem er afhent aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna 31. desember árið þar á undan eða fyrir þá dagsetningu.

3. Sérhver annar samningsaðili getur í kjölfar slíkrar uppsagnar sagt samningi þessum upp frá og með sama degi, 31. desember, með því að tilkynna skriflega um uppsögn sína til aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna eigi síðar en einum mánuði eftir að honum bárust upplýsingar um uppsögn frá aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, þó eigi síðar en 1. apríl á því ári.

XIII. gr.

1. Sérhver samningsaðili eða ráðið getur gert tillögu um breytingar á samningi þessum. Aðalframkvæmdastjóri Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum samningsaðilum staðfest eintak af texta breytingartillögu. Breyting, sem felur ekki í sér nýjar skuldbindingar, öðlast gildi að því

pate in all meetings of the Commission and its subsidiary bodies, but without the right to vote.

2. The Contracting Parties agree that there should be co-operation between the Commission and other international fisheries commissions and scientific organizations which might contribute to the work of the Commission. The Commission may enter into agreements with such commissions and organizations.
3. The Commission may invite any appropriate international organization and any Government which is a member of the United Nations or of any Specialized Agency of the United Nations and which is not a member of the Commission, to send observers to meetings of the Commission and its subsidiary bodies.

Article XII

1. This Convention shall remain in force for ten years and thereafter until a majority of the Contracting Parties agree to terminate it.
2. At any time after ten years from the date of entry into force of this Convention, any Contracting Party may withdraw from the Convention on December thirty-first of any year including the tenth year by written notification of withdrawal given on or before December thirty-first of the preceding year to the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations.
3. Any other Contracting Party may thereupon withdraw from this Convention with effect from the same December thirty-first by giving written notification of withdrawal to the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations not later than one month from the date of receipt of information from the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations concerning any withdrawal, but not later than April first of that year.

Article XIII

1. Any Contracting Party or the Commission may propose amendments to this Convention. The Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations shall transmit a certified copy of the text of any proposed amendment to all the Contracting Parties. Any amendment not

er alla samningsaðila varðar á þrítugasta degi eftir að þrír fjórðu hlutar samningsaðila hafa staðfest hana. Breyting, sem felur í sér nýjar skuldbindingar, öðlast gildi að því er varðar hvern samningsaðila, sem staðfestir hana, á nítugasta degi eftir að þrír fjórðu hlutar samningsaðila hafa staðfest hana og eftir það öðlast hún gildi að því er alla aðra samningsaðila varðar við staðfestingu þeirra. Álíti einn samningsaðili eða fleiri að breyting feli í sér nýjar skuldbindingar telst breytingin fela í sér nýjar skuldbindingar og öðlast gildi samkvæmt því. Ríkisstjórn, sem gerist aðili að samningnum eftir að staðfestingarferli breytingar er hafið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal bundin af ákvæðum samningsins með áorðinni breytingu þegar fyrrnefnd breyting öðlast gildi.

2. Afhenda skal aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna breytingartillögur til vörslu. Tilkynningar um staðfestingu breytinga skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

XIV. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkisstjórna sem eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum eða einhverri sérstofnun Sameinuðu þjóðanna. Fyrrnefndum ríkisstjórnum, sem undirrita ekki samning þennan, er hvenær sem er heimilt að gerast aðilar að honum.
2. Samningur þessi er háður fullgildingu eða samþykki undirritunarríkja í samræmi við stjórnskipan þeirra. Skjöl um fullgildingu, samþykki eða aðild skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna til vörslu.
3. Samningur þessi öðlast gildi þegar sjö ríkisstjórnir hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, samþykki eða aðild til vörslu og öðlast gildi að því er varðar hverja ríkisstjórn, sem afhendir síðar skjal sitt um fullgildingu, samþykki eða aðild til vörslu, sama dag og slík afhending fer fram.

XV. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna

involving new obligations shall take effect for all Contracting Parties on the thirtieth day after its acceptance by three-fourths of the Contracting Parties. Any amendment involving new obligations shall take effect for each Contracting Party accepting the amendment on the ninetieth day after its acceptance by three-fourths of the Contracting Parties and thereafter for each remaining Contracting Party upon acceptance by it. Any amendment considered by one or more Contracting Parties to involve new obligations shall be deemed to involve new obligations and shall take effect accordingly. A government which becomes a Contracting Party after an amendment to this Convention has been opened for acceptance pursuant to the provisions of this Article shall be bound by the Convention as amended when the said amendment comes into force.

2. Proposed amendments shall be deposited with the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations. Notifications of acceptance of amendments shall be deposited with the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations.

Article XIV

1. This Convention shall be open for signature by any Government which is a Member of the United Nations or of any Specialized Agency of the United Nations. Any such Government which does not sign this Convention may adhere to it at any time.

2. This Convention shall be subject to ratification or approval by signatory countries in accordance with their constitutions. Instruments of ratification, approval, or adherence shall be deposited with the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations.
3. This Convention shall enter into force upon the deposit of instruments of ratification, approval, or adherence by seven Governments and shall enter into force with respect to each Government which subsequently deposits an instrument of ratification, approval or adherence on the date of such deposit.

Article XVI

The Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations

öllum ríkisstjórnum, sem um getur í 1. mgr. XIV. gr., um afhendingu skjala um fullgildingu, samþykki eða aðild að samningnum, um gildistöku samnings þessa, breytingartillögur, tilkynningar um staðfestingu breytinga, gildistöku breytinga og tilkynningar um uppsögn samningsins.

XVI. gr.

Frumrit samnings þessa skal falið aðalframkvæmdastjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna til vörslu sem sendir staðfest afrit af honum til þeirra ríkisstjórna sem um getur í 1. mgr. XIV. gr.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð frá ríkisstjórnum sínum, undirritað samning þennan. Gjört í Ríó de Janeiró hinn 14. maí 1966 í einu eintaki á ensku, frönsku og spænsku og eru allir þessir textar jafngildir.

shall inform all Governments referred to in paragraph 1 of Article XIV of deposits of instruments of ratification, approval or adherence, the entry into force of this Convention, proposals for amendments, notifications of acceptance of amendments, entry into force of amendments, and notifications of withdrawal.

Article XVI

The original of this Convention shall be deposited with the Director-General of the Food and Agriculture Organization of the United Nations who shall send certified copies to the Governments referred to in paragraph 1 of Article XIV.

IN WITNESS WHEREOF the representatives duly authorized by their respective Governments have signed the present Convention. Done at Rio de Janeiro this fourteenth day of May 1966 in a single copy in the English, French and Spanish languages, each version being equally authoritative.

AUGLÝSING

um gildistöku samkomulags milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð frá 6. febrúar 1931, sem gert var í Stokkhólmi 6. febrúar 2001, öðlaðist gildi 1. nóvember 2002, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 39 og 40, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1969, 26/1973, 3/1974, 13/2001 og nr. 33/2001 þar sem samkomulagið er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. nóvember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Nr. 43 29. nóvember 2002

AUGLÝSING

um gildistöku breytinga á samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina.

Breytingar á samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina frá 6. mars 1948, sem gerðar voru í Lundúnum 4. nóvember 1993, öðluðust gildi 7. nóvember 2002, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 67 og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 20/1969, 3/1979, 9/1982, 2/1988 og nr. 4/1998 þar sem breytingarnar eru birtar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Nr. 44 29. nóvember 2002

AUGLÝSING

um gildistöku bókunar við samþykkt um alþjóðaflugmál.

Bókun um breytingu á samþykkt um alþjóðaflugmál frá 7. desember 1944, sem gerð var í Montreal 26. október 1990, öðlaðist gildi 28. nóvember 2002, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 49 og 50, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1979, 1/1981, 1/1988, 10/1990, 21/1992 og 5/2002.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 29. nóvember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

AUGLÝSING

um samning milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi um Menningarsjóð Norðurlanda.

Hinn 23. desember 2002 var danska sendiráðinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi um Menningarsjóð Norðurlanda frá 12. júní 1975 sem gerður var í Kaupmannahöfn 31. október 2001, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 16/1976, þar sem samningurinn um Menningarsjóð Norðurlanda er birtur, og 23/1976. Samningurinn öðlast gildi 22. janúar 2003.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi um Menningarsjóð Norðurlanda frá 12. júní 1975.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem óska að styrkja hlutdeild Færeyja, Grænlands og Álandseyja í stjórn Menningarsjóðs Norðurlanda, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

7. og 8. gr. samningsins frá 12. júní 1975, með breytingum með samningi, dags. 3. desember 1990, skulu hljóða eins og hér segir:

7.gr.: „Sjóðsstjórn annast umsýslu sjóðsins, úthlutar fé hans og stjórnar starfsemi hans að öðru leyti. Stjórnin ákveður einnig um viðtöku gjafa eða arfleiðsluskrár, svo og hversu ávaxta skuli fé sjóðsins. Sjóðsstjórn er skipuð þrettán stjórnarmönnum. Fimm þeirra eru skipaðir af Norðurlandaráði, einn frá hverju landi. Ráðherranefnd Norðulanda skipar einnig fimm fulltrúa, einn frá hverju landi. Á sama hátt er skipaður persónulegur varamaður fyrir hvern stjórnarmann. Þá eru skipaðir þrír fulltrúar frá Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum hverju fyrir sig.

Norðurlandaráð velur fulltrúa og persónulegan varamann frá Færeyjum fyrir annað hvert skipunartímabil og ráðherranefnd Norðurlanda fyrir skipunartímabilin þar á milli.

Ráðherranefnd Norðurlanda velur fulltrúa og persónulega varamenn Grænlands og Álandseyja hvors um sig fyrir annað hvert skipunartímabil og Norðurlandaráð fyrir skipunartímabilin þar á milli.

Stjórnarmenn og varamenn þeirra eru skipaðir til tveggja almanaksára í senn. Láti stjórnarmaður eða varamaður af starfi áður en skipunartímabili lýkur skal skipa eftirmann hans til loka tímabilsins. Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann til eins almanaksárs í senn. Sjórnarformaður skal vera frá sama landi í tvö ár samfleytt."

8. gr.: „Sjóðsstjórn er ályktunarbær þegar formaður eða varaformaður og eigi færri en sjö aðrir stjórnarmenn eru viðstaddir. Stjórnin tekur ákvarðanir með einföldum meirihluta atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns."

2. gr.

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í danska utanríkisráðuneytinu sem skal senda öðrum aðilum staðfest afrit af því.

3. gr.

Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag sem allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi staðfest samninginn. Vörsluaðili tilkynnir öðrum aðilum um dagsetningu móttöku þessara tilkynninga.

Samningur þessi skal vera í gildi á meðan samningurinn frá 12. júní 1975, með áorðnum breytingum með samningi dags. 3. desember 1990, er í gildi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Kaupmannahöfn hinn 31. október 2001 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og skulu allir textar jafngildir.

Nr. 46 31. desember 2002

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Singapúr.

